Alþingi 1970

Þingsetning.

A.
Í sameinuðu þingi.

Árið 1970, laugardaginn 10. október, var nítugasta og fyrsta löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það sjötugasta og þriðja aðalþing í röðinni, en hundraðasta og sjötta samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni.

Séra Friðrik A. Friðriksson sté í stólinn.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Auður Auðuns, 1. þm. Reykv.
2. Axel Jónsson, 4. þm. Reykn.
3. Ágúst Þorvaldsson, 2. þm. Sunnl.
4. Ásberg Sigurðsson, 4. þm. Vestf.
5. Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl.
6. Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl.
7. Birgir Finnsson, 5. þm. Vestf.
8. Birgir Kjaran, 5. þm. Reykv.
9. Bjarni Guðbjörnsson, 3. þm. Vestf.
10. Bjartmar Guðmundsson, 11. landsk. þm.
11. Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl.
12. Björn Jónsson, 4. þm. Norðurl. e.
13. Björn Pálsson, 3. þm. Norðurl. v.
14. Bragi Sigurjónsson, 9. landsk. þm.
15. Eðvarð Sigurðsson, 2. landsk. þm.
16. Eggert G. Þorsteinsson, 8. þm. Reykv.
17. Einar Ágústsson, 11. þm. Reykv.
18. Emil Jónsson, 3. þm. Reykn.
19. Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf.
20. Friðjón Þórðarson, 4. þm. Vesturl.
21. Geir Gunnarsson, 6. landsk. þm.
22. Geir Hallgrímsson, 12. þm. Reykv.
23. Gils Guðmundsson, 5. þm. Reykn.
24. Gísli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. e.
25. Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Sunnl.
26. Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v.
27. Gylfi Þ. Gíslason, 3. þm. Reykv.
28. Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl.
29. Hannibal Valdimarsson, 9. þm. Reykv.
30. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Sunnl.
31. Ingvar Gíslason, 3. þm. Norðurl. e.
32. Jóhann Hafstein, 2. þm. Reykv.
33. Jón Árnason, 2. þm. Vesturl.
34. Jón Árm. Héðinsson, 5. landsk. þm.
35. Jón Kjartansson, 5. þm. Norðurl. v.
36. Jón Skaftason, 2. þm. Reykn.
37. Jón Þorsteinsson, 3. landsk. þm.
38. Jónas Árnason, 4. landsk. þm.
39. Jónas Pétursson, 3. þm. Austf.
40. Jónas G. Rafnar, 2. þm. Norðurl. e.
41. Karl Guðjónsson, 6. þm. Sunnl.
42. Lúðvík Jósefsson, 4. þm. Austf.
43. Magnús Jónsson, 6. þm. Norðurl. e.
44. Magnús Kjartansson, 6. þm. Reykv.
45. Matthías Bjarnason, 2. þm. Vestf.
46. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
47. Ólafur Björnsson, 10. þm. Reykv.
48. Ólafur Jóhannesson, 1. þm. Norðurl. v.
49. Páll Þorsteinsson, 2. þm. Austf.
50. Pálmi Jónsson, 4. þm. Norðurl. v.
51. Pétur Sigurðsson, 7. þm. Reykv.
52. Sigurður Ingimundarson, 1. landsk. þm.
53. Sigurvin Einarsson, 1. þm. Vestf.
54. Stefán Valgeirsson, 5. þm. Norðurl. e.
55. Steingrímur Pálsson, 8. landsk. þm.
56. Steinþór Gestsson, 5. þm. Sunnl.
57. Sveinn Guðmundsson, 7. landsk. þm.

58. Sverrir Júlíusson, 10. landsk. þm.
59. Vilhjálmur Hjálmarsson, 5. þm. Austf.
60. Þórarinn Þórarinsson, 4. þm. Reykv.

Ókominn til þings var Pálmi Jónsson, 4. þm. Norðurl. v., en í stað hans var á fundinum Óskar E. Levy.

Forseti Íslands setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, kom forseti Íslands, Kristján Eldjárn, inn í salinn og gekk til ræðustóls.

Forseti Íslands (Kristján Eldjárn): Hinn 23. september 1970 var gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið, samkv. tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar laugardaginn 10. október 1970.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gert að Bessastöðum, 23. september 1970.

Kristján Eldjárn.

Jóhann Hafstein.

Forsetabréf um, að Alþingi skuli koma saman til fundar laugardaginn 10. október 1970."

Samkv. bréfi því, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því, að Alþingi Íslendinga er sett.

Árið 1845 kom endurreist Alþingi saman hér í Reykjavík, og voru þá liðnir nokkrir áratugir síðan niður féll hið forna alþing þjóðarinnar á Þingvöllum við Öxará. Má því segja, að nú sé merkisár í sögu hins endurreista Alþingis. Meðal stofnana þjóðarinnar er Alþingi gömul stofnun, þótt eigi sé lengra aftur seilzt en til ársins 1845. Alla tíma síðan hafa margir af beztu sonum þjóðarinnar átt sæti á bekkjum Alþingis. Minning þeirra lifir innan vébanda þessarar stofnunar. Í dag mun verða minnzt óvenjulega margra manna, sem setu hafa átt á Alþingi lengri eða skemmri tíma og látizt hafa síðan síðasta þing kom saman fyrir einu ári. Þjóðin vill vissulega votta þeim virðingu sína.

Í þeim hópi, sem nú verður minnzt, er forsætisráðherra landsins, sem féll frá með sviplegum hætti, *eins og öllum er í fersku minni.* Sá sorgaratburður snart alla Íslendinga djúpt og vakti samúðaröldu víða um lönd. Með dr. Bjarna Benediktssyni hvarf af sjónarsviðinu og af vettvangi íslenzkra þjóðmála maður, sem um langt skeið hafði verið mikill áhrifamaður hér á Alþingi, í ríkisstjórn og í öllu opinberu lífi, maður, sem naut trausts og virðingar bæði hér heima og með erlendum mönnum, sem samskipti eiga við þjóð vora. Við setningu Alþingis nú vil ég með einlægri virðingu minnast hins látna forsætisráðherra, er féll í valinn í miðri önn síns ábyrgðarmikla starfs. Ég veit, að þing og þjóð munu vilja taka undir þau orð mín.

Aðeins einu sinni hefur það áður gerzt, að íslenzkur forsætisráðherra hafi fallið frá í starfi sínu. Það var, þegar Jón Magnússon forsætisráðherra andaðist árið 1925. Einnig það gerðist með skyndilegum hætti. Slík snögg umskipti færa vanda að höndum. Fyrirvaralaust verður nýr maður að taka sér á herðar óvæntar byrðar. Hvernig þeim málum hefur nú verið skipað, mun ég ekki ræða, þar sem þess er að vænta, að forsætisráðherra muni hér á eftir gera grein fyrir því. Ég óska nýskipuðum forsætisráðherra og nýjum dóms- og kirkjumálaráðherra blessunar í störfum sínum svo og ríkisstjórninni allri með þeim breytingum, sem nú eru á orðnar.

Íslenzka þjóðin fylgist jafnan með því með athygli, þegar Alþingi kemur saman á ári hverju. Hún veit, að þess bíða á hverjum tíma úrlausnarefni, sem aðkallandi eru og mikið veltur á, að giftusamlega leysist. Hún vonar, að úrræðin og lausnin komi frá þeim fulltrúum, sem hún hefur kjörið til að fara með mál sín á Alþingi. Og hvert annað skyldi hún líta en til Alþingis og ríkisstjórnar um heilladrjúga lausn landsmálanna? Ábyrgð Alþingis er því mikil, bæði einstakra þingmanna og þingsins í heild. Þeim öflum, sem að verki eru í þjóðfélaginu, félagslegum hreyfingum þess, þörfum og kröfum og úrlausnarefnum hvers konar og á öllum sviðum má líkja við fjölþætt og flókið kerfi stórra og smárra vatna, sem koma langt og víða að, en hníga þó öll að lokum að einum miklum farvegi. Alþingi er slíkur farvegur, farvegur landsmálanna. Í þeim farvegi hljóta að verða straumköst, en traustur farvegur á að hemja þau öfl, sem innan hans byltast, og skila öllu að ósi farsællega án þess að bresta. Sú er ætíð ósk og von þjóðarinnar í hvert sinn, sem Alþingi kemur saman.

Menn veita því athygli, að býsna oft er kvartað undan því á vorum dögum, að það sé að vísu ekki sparað að gera kröfur á hendur Alþingi um úrræði og ákvarðanir í málefnum landsmanna, en sú virðing, sem við það sé lögð, sé ekki að sama skapi. Ætla má þó, að þetta, sem svo einkennilega oft ber á góma, sé meira en lítið orðum aukið. Það er víst ekki nýjung, að Alþingi og alþingismenn fái orð í eyra. Á hinn bóginn er það svo einkenni vorra tíma, að nú er ekki tekið eins djúpt ofan eins og eitt sinn var. Slíkt er ástæðulaust að harma, því að það er ekki af illum rótum runnið. Meðan Alþingi sjálft *skilur og skynjar veg sinn ekki síður en vanda,* mun landsfólkið einnig gera það.

Í þessu sambandi er oft minnzt á starfsskilyrði Alþingis og þau talin lítt fallin til að auka veg þess. Ég hygg þó, að þetta góða, gamla hús sé vegleg umgerð um veglega stofnun, sögurík bygging, sem enn muni eiga langa sögu í sínu gamla formi og með sínu gamla hlutverki. En hitt er jafnframt öldungis ljóst, að það býður ekki lengur upp á þau vinnuskilyrði, sem eðlilegt er, að Alþingi hafi í nútímaþjóðfélagi voru. Það þarf aukið olnbogarými,

ekki fyrst og fremst til þess að auka veg sinn og virðingu, því að slíkt gerist ekki nema að litlu leyti fyrir ytri aðstæður og hefðartákn, heldur einfaldlega til þess að auðvelda þingmönnum að vinna sín daglegu störf. Alþingi er að vísu ekki eitt um það meðal íslenzkra stofnana og embætta að þarfnast betri aðbúnaðar. Því fer mjög fjarri. Þar þarf víða um að bæta. En engum ætti að þykja það ósanngjarnt, að þessi elzta og virðulegasta stofnun landsins gengi fyrir öðrum um bætta aðstöðu til starfa sinna.

Fyrir þessu þingi liggja mikil viðfangsefni, sem takast þarf á við, vandamál, sem úr þarf að greiða, og fleiri geta komið til, þegar á líður. Það er gömul venja og mannlegur breyskleiki að mikla þau vandamál mest, sem fyrir liggja hverju sinni. Nú eru viðfangsefni að vísu misjafnlega erfið úrlausnar og áraskipti að öllu. En þau verkefni, sem nú eru fram undan, hafa þó einkum sérstöðu að því leyti, að þau eru vandamál líðandi stundar og knýja á. Þau eru væntanlega hvorki meiri né minni en margsinnis áður, en vissulega eru þau hvorki saga né ófyrirsjáanleg framtíð, heldur hluti þess lífs, sem við lifum á þessari stund. Þau gera til vor kröfur einmitt nú, og það er þeirra sérkenni.

Þjóðin lítur réttilega til Alþingis og ríkisstjórnar um forustu og úrræði í málefnum sínum. Hún hefur kvatt þessa aðila til ábyrgðarmikilla ákvarðana og varðstöðu um hag sinn, bæði inn á við og út á við. Á Alþingi sitja menn með mikla reynslu í stjórnmálastörfum, og um góðan vilja þarf ekki að efast, þótt oft sé deilt um leiðir að því marki, sem er sameiginlegt öllum, heill og heiður íslenzku þjóðarinnar. Á þessu 125. samkomuári hins endurreista Alþingis óska ég Alþingi alls velfarnaðar í störfum sínum og bið alþingismenn að rísa úr sætum og minnast ættjarðarinnar.

[Þingmenn risu úr sætum, og **forsætisráðherra, Jóhann Hafstein,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi.“ Tóku þm. undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta að stjórna fundi, þar til kosning forseta sameinaðs Alþingis hefur farið fram, og bið ég aldursforseta, Sigurvin Einarsson, 1. þm. Vestf., að ganga til forsetastóls.

Minning látinna manna.

Aldursforseti (Sigurvin Einarsson): Í dag, er Alþingi kemur saman að rúmum 5 mánuðum liðnum frá lokum síðasta þings, eru mönnum ofarlega í huga þau sorglegu tíðindi, er spurðust frá Þingvöllum að morgni hins 10. júlí s. l., að Bjarni Benediktsson forsrh. hefði þá um nóttina látið lífið ásamt konu sinni og dóttursyni í bruna ráðherrabústaðarins þar. Á þeirri nóttu var þjóðin svipt forustumanni sínum og við alþm. sáum á bak mikilhæfum þingskörungi, sem vegna stöðu sinnar og hæfileika hefur öðrum fremur mótað störf Alþingis mörg undanfarin ár.

Bjarni Benediktsson var 62 ára, er hann lézt. Hann var fæddur 30. apríl 1908 í Reykjavík. Foreldrar hans voru Benedikt alþingismaður Sveinsson Vikings gestgjafa á Húsavík við Skjálfanda Magnússonar og kona hans Guðrún Pétursdóttir bónda í Engey Kristinssonar. Hann stundaði nám í Menntaskólanum í Reykjavík og lauk stúdentsprófi vorið 1926 og árið 1930 lauk hann lögfræðiprófi við Háskóla Íslands. Á árunum 1930—1932 stundaði hann erlendis framhaldsnám í stjórnlagafræði, aðallega í Berlín. Haustið 1932 varð hann prófessor í lögum við Háskóla Íslands og gegndi því starfi til hausts 1940, er hann varð borgarstjóri í Reykjavík. Hinn 4. febr. 1947 var hann skipaður utanríkis- og dómsmálaráðherra og lét þá af borgarstjórastörfum. Hann átti síðan sæti í ríkisstj. til æviloka að undanskildu tímabilinu frá 24. júlí 1956 til 20. nóv. 1959, en þann tíma var hann ritstjóri Morgunblaðsins. Hann var utanríkis-, dómsmála- og menntamálaráðherra 1949—1950, utanrrh. og dómsmrh. 1950—1953, dómsmrh. og menntmrh. 1953—1956, dómsmrh., kirkjumrh., heilbrmrh. og iðnmrh. 1959—1961 og 1962—1963, forsrh. um skeið á árinu 1961 og frá 14. nóv. 1963 til dauðadags.

Bjarni Benediktsson tók fyrst sæti á Alþingi sumarið 1942 og átti hér sæti síðan og sat á 31 þingi alls. Forseti sameinaðs Alþingis var hann á sumarþinginu 1959. Hann var fulltrúi í Norðurlandaráði á árunum 1956—1959. Hann átti sæti í stjórn Happdrættis Háskóla Íslands 1933—1940, var bæjarfulltrúi í Reykjavík 1934—1940 og 1946—1949, átti sæti í útvarpsráði 1934—1935, var skipaður 1939 í nefnd til að endurskoða framfærslulögin, formaður nýbyggingarsjóðsnefndar 1941—1944, átti sæti í mþn. í stjórnarskrármálinu 1942—1945 og var formaður nýrrar stjórnarskrárnefndar frá 1947, var í sendinefnd á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1946. Hann var í stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur 1952—1965, í stjórn Eimskipafélags Íslands 1954—1964, í stjórn hlutafélagsins Árvakurs frá 1955 og formaður stjórnar Almenna bókafélagsins frá stofnun þess 1955. Í miðstjórn Sjálfstfl. var hann frá 1936 og formaður flokksins frá 1961. Hann varð félagi í Vísindafélagi Íslendinga 1935 og doktor í lögum í heiðursskyni við Háskóla Íslands haustið 1961.

Bjarni Benediktsson hlaut í vöggugjöf miklar gáfur, viljastyrk og starfsorku. Námsferill hans var glæsilegur og frami hans að námi loknu eigi síður. Hann varð háskólakennari 24 ára gamall, síðan borgarstjóri, ráðherra, forustumaður fjölmennasta stjórnmálaflokks þjóðarinnar og að lokum forsrh. Í föðurhúsum gafst honum kostur á að hlýða á rökræður um sjálfstæðismál Íslendinga og stjórnmál. Í háskólanum kenndi hann m. a. stjórnlagafræði og samdi innan þrítugsaldurs mikið rit um deildir Alþingis, störf þeirra og meðferð þingmála. Hann var því vel búinn til starfa, er hann settist á þing, og jafnan kvað mikið að honum við þingstörf. Í skilnaðarmáli Íslands og Danmerkur var hann

málsvari þeirra, sem stefndu að stofnun lýðveldis á Íslandi á árinu 1944. Í ráðherradómi kom það oft í hlut hans sem utanrrh. og síðar forsrh. að hafa forustu um aðild Íslands að alþjóðasamtökum og ýmsum samtökum öðrum þjóða í milli. Síðustu árin varð það nokkrum sinnum hlutskipti hans að hafa af hálfu ríkisstj. milligöngu um sættir í torleystum vinnudeilum. Að öllum störfum gekk hann af heilum hug og fékk miklu áorkað.

Þess er ekki að dyljast, að miklar deilur hafa staðið um störf Bjarna Benediktssonar á vettvangi stjórnmála. Slíkt er eðli þeirra mála, og stjórnmálaforingi getur ekki vænzt þess að sitja á friðarstóli. Bjarni Benediktsson var mikill stjórnmálamaður. Að dómi flokksbræðra sinna var hann stjórnsamur flokksforingi og ráðhollur leiðtogi. Hann var víðfróður, langminnugur, mælskur og rökvís, skapmikill og sóknharður andstæðingur. Traustur var hann og hreinskilinn í skiptum við andstæðinga jafnt sem samherja, eljusamur og ósérhlífinn. Hann hafði gott vald á íslenzku máli í ræðu og riti og lögfræðirit hans bera honum vitni sem glöggskyggnum og traustum fræðimanni. Hann lét sér stundum um munn fara í þessum sal, að mannaverk væru ófullkomin. Með stefnufestu, viljaþreki og óvenjulegri starfshæfni vann hann að málum á þann veg, sem hann taldi fyrir beztu. Sagnfræðingar eiga eftir að vega og meta gildi verka hans, en saga Íslendinga um miðbik 20. aldar verður ekki sögð án þess að láta hans víða getið.

Alþingi verður svipminna við fráfall slíks forustumanns og svipleg ævilok hans eru þjóðinni allri harmsefni. Þingheimur og þjóðin öll mun lengi minnast Bjarna Benediktssonar og ástvina hans, sem létu með honum líf sitt 10. júlí s. l.

Sjö fyrrv. alþm. hafa andazt frá því er síðasta Alþingi lauk störfum. Þau eru Katrín Thoroddsen læknir, sem andaðist í sjúkrahúsi hér í borg 11. maí, 73 ára að aldri; Bjarni Bjarnason fyrrv. skólastjóri, sem lézt í sjúkrahúsi hér í borg 2. ágúst, áttræður; Bjarni Snæbjörnsson læknir, sem andaðist á heimili sínu í Hafnarfirði 24. ágúst, 81 árs; Magnús Gíslason fyrrv. skrifstofustjóri, sem lézt í sjúkrahúsi hér í borg 21. sept., 85 ára; Karl Einarsson fyrrv. sýslumaður, sem andaðist í sjúkrahúsi hér í borg 24. sept., 98 ára; Þóroddur Guðmundsson framkvæmdastjóri, sem varð bráðkvaddur í gistihúsi hér í borg 3. okt., 67 ára að aldri, og Gísli Jónsson forstjóri, sem lézt í sjúkrahúsi hér í borg 7. okt., 81 árs að aldri.

Katrín Thoroddsen var fædd 7. júlí 1896 á Ísafirði. Foreldrar hennar voru Skúli ritstjóri og alþm. Thoroddsen, sonur Jóns sýslumanns og skálds Thoroddsens, og kona hans Theodóra Thoroddsen, dóttir Guðmundar prófasts og alþm. á Kvennabrekku Einarssonar. Hún lauk stúdentsprófi við Menntaskólann í Reykjavík árið 1915 og læknisprófi við Háskóla Íslands 1921. Við framhaldsnám í sjúkrahúsum í Noregi og Þýzkalandi var hún á árunum 1921—1923 og fór síðar margar námsferðir til útlanda, einkum til þess að kynna sér heilsugæzlu og heilsuvernd barna. Árin 1924—1926 var hún héraðslæknir í Flateyjarhéraði, síðan starfandi læknir í Reykjavík, viðurkenndur sérfræðingur í barnasjúkdómum 1927, læknir ungbarnaverndar Líknar, síðan Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur 1927—1940, yfirlæknir þar 1940—1955 og loks yfirlæknir barnadeildar Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur 1955—1961.

Katrín Thoroddsen tók sæti varaþm. á Alþingi um skeið haustið 1945, en var síðan landsk. alþm. á árunum 1946—1949. Hún átti sæti á fimm þingum alls. Í undirbúningsnefnd Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur var hún frá 1946 og í undirbúningsnefnd Bæjarspítala Reykjavíkur frá 1949, en lagði niður störf í þeirri nefnd. Hún var í bæjarstjórn Reykjavíkur 1950—1954 og átti sæti í barnaverndarnefnd um skeið.

Katrín Thoroddsen helgaði ævistarf sitt fyrst og fremst lækningum og líknarmálum. Hún hóf læknisstörf sín í erfiðu læknishéraði og reyndist þeim vanda vaxin. Síðan varð hún fyrst kvenna til þess að stunda almenn læknisstörf hér í Reykjavík. Hún var vinsæll læknir, fórnfús og ósérhlífin, umhyggjusöm börnum og öllum smælingjum og ótrauð í baráttu fyrir umbótum í heilbrigðis- og mannúðarmálum. Á Alþingi átti hún sæti í heilbr.- og félmn. og sinnti hér mest þeim málaflokkum, sem þar er fjallað um. Hún hafði fastmótaðar skoðanir um sjálfstæði þjóðar sinnar og samstarf við aðrar þjóðir og lét að sér kveða, ef henni þótti þar vikið af réttri braut. Hún átti það til að vera hrjúf og hvassyrt, er hún varði málstað sinn, var kröfuhörð við sjálfa sig og aðra, heilsteypt og einlæg í baráttu fyrir hugsjónamálum sínum.

Bjarni Bjarnason var fæddur 23. okt. 1889 á Búðarhóli í Austur-Landeyjum. Foreldrar hans voru Bjarni bóndi í Búðarhólshjáleigu Guðmundsson bónda þar Sigurðssonar og kona hans Vigdís Bergsteinsdóttir bónda á Torfastöðum í Fljótshlíð Vigfússonar. Hann stundaði nám í Flensborgarskóla 1907—1909, lauk kennaraprófi í Reykjavík 1912 og íþróttakennaraprófi í Kaupmannahöfn 1914. Hann var kennari við barnaskólann í Hafnarfirði 1912—1915, skólastjóri þess skóla 1915—1929 og skólastjóri héraðsskólans að Laugarvatni 1929—1959.

Bjarni Bjarnason kenndi leikfimi í Flensborgarskóla þann tíma, sem hann stundaði kennslu í Hafnarfirði, og leiðbeindi um íþróttir ýmsum íþróttafélögum þar. Hann rak bú í Straumi í Garðahreppi 1918—1930, stjórnaði búi héraðsskólans að Laugarvatni 1935—1953, en rak þar eigið bú eftir það. Formaður Sambands ísl. barnakennara var hann frá stofnun þess 1921 til 1927 og í stjórn þess til 1931. Á Alþingi átti hann sæti á árunum 1934—1942, sat á 13 þingum alls. Hann var gæzlustjóri Búnaðarbankans 1938, átti sæti á Búnaðarþingi 1946—1966, var í stjórn Stéttarsambands bænda 1953—1963 og jafnframt í framleiðsluráði landbúnaðarins, og hann átti sæti í tryggingaráði frá 1959—1967. Ýmis trúnaðarstörf,

sem hér verða eigi talin, voru honum falin í sveit hans og héraði í skólamálum, búnaðarmálum og félagsskap samvinnumanna.

Bjarni Bjarnason ólst upp við landbúnaðarstörf og sjósókn. Hann hóf ungur þátttöku í íþróttum, varð sigursæll glímumaður, kennari ungra íþróttamanna og hvatamaður um líkamsrækt. Hann valdi sér kennslu að ævistarfi og var um fertugsaldur falin forstaða nýrrar menntastofnunar. Skólastjórn Bjarna á Laugarvatni var í föstum skorðum. Hann lét sér annt um nemendur sína, hvatti þá til dáða og gerði til þeirra kröfur um ástundun og reglusemi. Héraðsskólinn að Laugarvatni var vísir mikils menntaseturs á þeim stað. Þar reis íþróttakennaraskóli, húsmæðraskóli og loks menntaskóli. Bjarni á Laugarvatni átti mikinn þátt í stofnun þessara skóla allra. Stofnun menntaskóla þar átti harðri andspyrnu að mæta og þurfti mikla bjartsýni og harðfylgi til að leiða það mál til lykta.

Bjarni Bjarnason var athafna- og framfaramaður og áhugamál hans voru mörg. Hann var búmaður, stjórnaði lengi stórbúi jafnframt skólastjórn. Hann beitti sér fyrir því, að bændur landsins stofnuðu stéttarsamtök, og bændur völdu hann um langt skeið til margvíslegra trúnaðarstarfa. Hann sat á Alþingi tæpan áratug og beitti sér þar m. a. fyrir umbótum í skólamálum og landbúnaðarmálum. Hann var raunsær hugsjónamaður og laginn málafylgjumaður. Ævistarfs hans sér víða stað, þótt hæst beri farsæla stjórn hans á menntasetrinu á Laugarvatni. Síðustu æviár vann hann ötullega að útgáfu mikils rits til menningar- og framfarasögu Suðurlandsundirlendis.

Bjarni Snæbjörnsson var fæddur 8. marz 1889 í Reykjavík. Foreldrar hans voru Snæbjörn múrari þar Jakobsson útvegsbónda í Litla-Seli í Reykjavík Steingrímssonar og kona hans Málfríður Júlía Bjarnadóttir útvegsbónda í Bakkakoti á Seltjarnarnesi Kolbeinssonar. Hann lauk stúdentsprófi við Menntaskólann í Reykjavík árið 1909 og læknisprófi við Háskóla Íslands 1914. Hann var settur héraðslæknir á Vatneyri við Patreksfjörð 1914—1915, stundaði framhaldsnám í Danmörku 1915—1917, en var alla tíð síðan starfandi læknir í Hafnarfirði. Hann var jafnframt yfirlæknir St. Jósefsspítala í Hafnarfirði 1933—1956 og settur héraðslæknir í Hafnarfirði um skeið á árunum 1941—1942 og 1947.

Bjarni Snæbjörnsson var kjörinn til ýmissa trúnaðarstarfa. Hann átti sæti í bæjarstjórn Hafnarfjarðar á árunum 1923—1926, 1931—1938 og 1942—1947. Hann var í stjórn Raftækjaverksmiðjunnar h. f. í Hafnarfirði 1936—1969, formaður Rauðakrossdeildar Hafnarfjarðar 1941—1948, formaður Krabbameinsfélags Hafnarfjarðar 1949—1965, í stjórn Krabbameinsfélags Íslands 1951—1968 og í stjórn Sparisjóðs Hafnarfjarðar 1951—1968, formaður hennar var hann 1958—1968. Hann átti sæti á Alþingi 1931—1934 og 1937—1942, sat á 12 þingum alls. Í Landsbankanefnd átti hann sæti árin 1943—1957.

Bjarni Snæbjörnsson helgaði ævistarf sitt fyrst og fremst lækninga- og líknarmálum. Á öndverðum læknisárum hans í Hafnarfirði reyndi mjög á dug hans og drengskap, er hin mannskæða spánska veiki geisaði á þeim slóðum. Er í minnum haft, hve vel hann reyndist þá sjúkum og sorgmæddum. Hann hélt áfram læknisstörfum við miklar vinsældir fram á elliár. Árið 1968 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar einróma að gera hann að heiðursborgara Hafnarfjarðar og votta honum með því virðingu og þakklæti fyrir 50 ára læknisstörf í Hafnarfirði.

Bjarni Snæbjörnsson var áhugasamur og skoðanafastur í stjórnmálum, félagslyndur og skyldurækinn, góðmenni og drengskaparmaður. Eftir honum var sótzt til trúnaðarstarfa í flokki hans, bæjarfélagi og félagssamtökum, og hann reyndist í hvívetna verðugur þess trausts, sem honum var sýnt.

Magnús Gíslason var fæddur 1. nóv. 1884 í Eydölum í Breiðdal. Foreldrar hans voru Gísli síðast bóndi og póstafgreiðslumaður á Búðum við Fáskrúðsfjörð Högnason bónda á Skriðu í Breiðdal Gunnlaugssonar og kona hans Þorbjörg Magnúsdóttir síðast prests í Eydölum Bergssonar. Hann lauk stúdentsprófi við Menntaskólann í Reykjavík árið 1906 og lögfræðiprófi frá háskólanum í Kaupmannahöfn árið 1912. Hann stundaði málaflutningsstörf í Reykjavík 1913—1916, var settur sýslumaður í Suður-Múlasýslu 1917—1918 og í Árnessýslu 1919. Aðstoðarmaður í fjmrn. varð hann 1918 og fulltrúi þar 1920. Á árunum 1920—1921 var hann fulltrúi hjá bæjarfógetanum í Reykjavík. Hann var skipaður sýslumaður í Suður-Múlasýslu á árinu 1921 og gegndi því embætti til miðs árs 1939, er hann var skipaður skrifstofustjóri í fjmrn. Því embætti gegndi hann fram á árið 1952, þegar honum var veitt lausn sökum aldurs.

Magnúsi Gíslasyni voru jafnframt aðalstarfi falin ýmis trúnaðarstörf. Hann átti sæti á Alþingi á árunum 1939—1942, sat á sex þingum alls. Í yfirfasteignamatsnefnd var hann frá 1919 til 1921. Hann var skipaður formaður mþn. í launamálum 1943, formaður nefndar samkv. 46. gr. launalaganna 1946, skipaður í n. til að endurskoða launalög 1949 og í n. til að endurskoða lög um tollskrá 1953. Hann var í yfirskattanefnd Reykjavíkur 1940—1962 og í happdrættisráði Háskóla Íslands 1945—1962. Hann var meðal stofnenda togarafélagsins Kára 1918 og í stjórn þess til 1931 og einn af stofnendum Skógræktarfélags Austurlands 1935 og í stjórn þess til 1939.

Magnús Gíslason var farsæll og dugmikill embættismaður. Hann var réttsýnn dómari og friðsamur valdsmaður, leysti fúslega vanda þeirra, sem til hans leituðu, og naut vinsælda í sýslu sinni. Hann gegndi erilsömum störfum skrifstofustjóra fjmrn. á miklum umbrotatímum, árum heimsstyrjaldar og óstöðugleika í fjármálum. Þau störf leysti hann vel af hendi sem önnur, var gætinn og

samvizkusamur, starfsfús og ráðhollur. Hann var sanngjarn og nærgætinn við það starfsfólk, sem hann átti yfir að ráða, og því fannst gott að starfa undir stjórn hans. Síðustu árin var hann orðinn sjóndapur og átti við vanheilsu að stríða.

Karl Einarsson var fæddur 18. jan. 1872 í Miðhúsum í Eiðaþinghá. Foreldrar hans voru Einar bóndi þar Hinriksson bónda að Hafursá í Eiðaþinghá Hinrikssonar og kona hans Pálína Vigfúsdóttir bónda á Hárekstöðum á Jökuldal Péturssonar. Hann lauk stúdentsprófi úr Lærða skólanum í Reykjavík árið 1895 og lögfræðiprófi við háskólann í Kaupmannahöfn 1903. Árið 1904 var hann um skeið settur sýslumaður í Rangárvallasýslu og 1904—1905 settur sýslumaður í Skaftafellssýslu. Á árinu 1906 hóf hann málflutningsstörf við landsyfirréttinn í Reykjavík. Hann var settur aðstoðarmaður í stjórnarráðinu 1906. Árið 1909 var hann skipaður í n. til að rannsaka hag Landsbankans og var hann formaður þeirrar nefndar. Sama ár var hann skipaður sýslumaður í Vestmannaeyjum og gegndi hann því embætti fram á árið 1924. Fluttist hann þá til Reykjavíkur og starfaði lengi við endurskoðun í fjmrn.

Karl Einarsson var alþm. Vestmanneyinga á árunum 1914—1923, og sat á 11 þingum alls.

Karl Einarsson var hátt á tíræðisaldri, þegar hann andaðist, hefur náð hæstum aldri þeirra manna, sem setið hafa á Alþ. Nær hálf öld er liðin síðan hann hvarf af þingi. Á þingsetuárum hans var sjálfstæðisbarátta Íslendinga ofarlega á baugi og fullveldi landsins náð, og hann tók þátt í þeirri baráttu og þeim sigri af heilum hug. Á Alþingi var hann fulltrúi þess hluta landsins, þar sem sjósókn og aflabrögð ráða mestu um afkomu manna. Hann barðist fyrir hafnargerð í Vestmannaeyjum af þrautseigju og varð ágengt um síðir. Hann var meðal stofnenda Björgunarfélags Vestmannaeyja og beitti sér fyrir framlagi til þess frá bæjarfélagi og úr ríkissjóði. Hann hreyfði fyrstur manna á Alþingi þeirri hugmynd að nota sama skip til björgunarstarfa og landhelgisgæzlu. Eftir brottför sína frá Vestmannaeyjum lifði Karl Einarsson kyrrlátu lífi, en hélt heilsu og starfsorku fram á tíræðisaldur.

Þóroddur Guðmundsson var fæddur 21. júlí 1903 á Siglufirði. Foreldrar hans voru Guðmundur síðar útvegsbóndi á Þönglabakka Jörundsson útvegsbónda á Syðstabæ í Hrísey Jónssonar og kona hans Sigríður Sigurðardóttir bónda í Skarðsdal í Siglufirði Gunnlaugssonar. Hann var sjómaður nokkurt skeið, en rak síðar síldarsöltun og útgerð á Siglufirði. Bæjarfulltrúi á Siglufirði var hann 1934—1962 og átti sæti í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins frá árinu 1943 til dauðadags. Hann sat sem varaþingmaður á Alþingi 1942—1946 í veikindaforföllum aðalmanns. Átti hann sæti á fjórum þingum alls.

Þóroddur Guðmundsson er kunnastur fyrir þátttöku sína í íslenzkri verkalýðshreyfingu. Hann var einn af helztu forustumönnum verkalýðsins á Norðurlandi, var um skeið forseti Verkalýðssambands Norðurlands og stóð tíðum fremstur í flokki í kjarabaráttu verkalýðsins, þegar hún var sem hörðust. Hann var hugdjarfur verkalýðsforingi, einbeittur stjórnmálamaður, óhvikull í baráttu og harðskeyttur ræðumaður. Vettvangur ævistarfs hans var á Siglufirði. Þar átti hann í bæjarstjórn frumkvæði að mörgum framfaramálum eða veitti þeim stuðning sinn. Hann átti um aldarfjórðung sæti í stjórn stærsta atvinnufyrirtækisins í bænum og á fundi þeirrar stjórnar var hann hér syðra, þegar hann féll frá.

Gísli Jónsson var fæddur 17. ágúst 1889 að Litlabæ á Álftanesi. Foreldrar hans voru Jón bóndi þar, síðar kaupfélagsstjóri og kaupmaður á Bakka í Arnarfirði og víðar, Hallgrímsson bónda að Smiðjuhóli á Mýrum Jónssonar og kona hans Guðný Jónsdóttir bónda í Grashúsum á Álftanesi Pálssonar. Hann stundaði sjómennsku og sveitarstörf fram undir tvítugt, var við járnsmíðanám á Ísafirði 1908—1909, var kyndari 1910—1911 og vélstjóri á togurum 1911—1913. Veturinn 1913—1914 var hann í vélfræðideild Stýrimannaskólans í Reykjavík, 1915—1916 í Vélstjóraskóla Íslands og brautskráðist fyrstur manna úr þeim skóla vorið 1916. Á árunum 1914—1924 var hann vélstjóri, fyrst á strandferðaskipum, síðan á skipum Eimskipafélags Íslands. Á árinu 1924 gerðist hann umsjónarmaður skipa og véla og gegndi því starfi síðan fram á árið 1968. Annaðist hann teikningar, verklýsingar og samninga við smiði skipa fyrir einstaklinga og ríkissjóð, m. a. allra togaranna, sem smíðaðir voru á vegum ríkissjóðs á árunum 1945—1950. Hann stofnaði og rak hér í Reykjavík, á Bíldudal og víðar um land mörg fyrirtæki til útgerðar, fiskvinnslu og verzlunar, og var sá atvinnurekstur hans mjög stór í sniðum um skeið.

Gísli Jónsson gegndi ýmsum trúnaðarstörfum öðrum en þeim, sem talin hafa verið hér að framan. Hann var formaður Vélstjórafélags Íslands 1912—1924 og formaður stjórnar Sparisjóðs vélstjóra 1960—1963. Hann átti sæti í sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur 1933—1937. Hann var skipaður í skipulagsnefnd skipaviðgerða 1942, í mþn. um skipasmíðastöð í Reykjavík og skipulagningu strandferða, í mþn. um póstmál og í Reykhólanefnd árið 1943 og var formaður hennar. Formaður stjórnar vistheimilisins í Breiðuvík var hann 1946—1953 og sat í mþn. um vernd barna og unglinga á glapstigum 1947—1948. Hann var formaður Þingvallanefndar 1950—1957, átti sæti í mþn. um rannsókn á afkomu útvegsins 1953—1956, í byggðajafnvægisnefnd 1953—1956 og í mþn. í skattamálum 1953. Í kosningalaganefnd var hann kosinn 1954, í mþn. í sjávarútvegsmálum 1956 og í skattalaganefnd 1960. Í stjórn landshafnar í Rifi átti hann sæti frá 1951. Á Alþingi sat hann á árunum 1942—1956 og 1959—1963, sat á 21 þingi alls. Hann var forseti efri deildar Alþingis 1953—1956. Í Norðurlandaráði átti hann sæti 1952—1956 og 1959—1963 og var á síðara tímabilinu formaður Íslandsdeildar ráðsins.

Gísli Jónsson var mikill athafnamaður, viljasterkur og afkastamikill. Öll þau störf, sem honum var til trúað, vann hann af alúð, var skyldurækinn og ósérhlífinn. Hann lagði á sig mikla vinnu við þingstörfin og sótti þingfundi manna bezt og mest. Kynnti sér hvert þingmál vandlega, var sjálfstæður í skoðunum og tók oft þátt í umr. Hann var formaður fjvn. á árunum 1945—1953. Sýndi hann í því annasama starfi mikla stjórnsemi og mikinn röskleika. Hann lét sér mjög umhugað um opinberar framkvæmdir í kjördæmi sínu og kom þar miklu til leiðar. Heilbrigðis- og félagsmál voru honum hugleikin. Hann var áhugasamur um eflingu almannatrygginga í þágu aldraðs fólks og öryrkja. Sambandi ísl. berklasjúklinga veitti hann mikinn stuðning í víðkunnum framkvæmdum þess og var kjörinn heiðursfélagi þeirra samtaka. Hann fékkst nokkuð við ritstörf, samdi minningabækur og fékkst síðustu árin af mikilli elju við skáldsagnagerð.

Ég vil biðja þingheim að minnast Bjarna Benediktssonar og ástvina hans og hinna sjö fyrrv. alþm., sem látizt hafa á þessu sumri, með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum].

Varamenn taka þingsæti.

Aldursforseti (Sigurvin Einarsson): Vegna frá falls Bjarna Benediktssonar, 1. þm. Reykv., tekur nú sæti á Alþ. í hans stað Geir Hallgrímsson borgarstjóri sem 12. þm. Reykv. Kjörbréf hans hefur áður verið rannsakað og samþykkt. Tekur hann þá sæti á þingi, ef enginn mælir því í gegn. Ég vil leyfa mér að bjóða hinn nýja þm. velkominn.

Svo hljóðandi bréf hefur borizt frá Þorvaldi Garðari Kristjánssyni, framkvæmdastjóra Sjálfstfl.:

„Reykjavík, 8. okt. 1970.

Samkvæmt beiðni Pálma Jónssonar, 4. þm. Norðurl. v., sem ekki kemst að heiman vegna anna, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. að óska þess, að 2. varamaður hans, Óskar Levy bóndi, taki á meðan sæti hans á Alþ., þar sem 1. varamaður, Eyjólfur Konráð Jónsson ritstjóri, er erlendis og verður þar næstu vikur.

Virðingarfyllst,
Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Til forseta Nd. Alþ."

Óskar Levy bóndi, 2. varamaður Sjálfstfl. í Norðurl. v., hefur áður tekið sæti á Alþ., og kjörbréf hans hefur verið rannsakað og samþ. Tekur hann því sæti á Alþ., ef enginn mælir því í gegn. Býð ég hann velkominn til þingstarfa.

Myndun nýs ráðuneytis.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Í morgun var haldinn fundur í ríkisráði og þar borin upp svofelld till.:

„Samkvæmt forsetaúrskurði frá 10. júlí s. l. var mér falið að gegna störfum forsætisráðherra. Jafnframt hef ég áfram farið með iðnaðarráðuneytið og dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins hefur nýlega einróma gert samþykkt um, að mér verði falið að taka við skipun í embætti forsætisráðherra og að Auði Auðuns alþm. verði jafnframt falið að taka við embætti dóms- og kirkjumálaráðherra af mér. Leyfi ég mér allra virðingarfyllst að leggja til, að ég verði skipaður forsætisráðherra í ríkisstjórn Íslands og að Auður Auðuns verði skipuð dóms- og kirkjumálaráðherra í ríkisstjórn Íslands. Í trausti þess, að fallizt verði á tillöguna leyfi ég mér allra virðingarfyllst að leggja fyrir yður, herra forseti, til undirskriftar skipunarbréf handa mér til þess að verða forsætisráðherra í ríkisstjórn Íslands og skipunarbréf handa Auði Auðuns til að vera dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands.

Í forsætisráðuneytinu 10. október 1970.
Allra virðingarfyllst,
Jóhann Hafstein.

Guðmundur Benediktsson."

Á þessa till. hefur forseti Íslands ritað:
„Fellst á tillöguna.
Reykjavík, 10. október 1970.
Kristján Eldjárn."

Í samræmi við það hefur forsetinn undirritað skipunarbréf handa mér til þess að vera forsrh. í ríkisstjórn Íslands og skipunarbréf handa Auði Auðuns til að vera dóms- og kirkjumálaráðh. í ríkisstjórn Íslands.

Þá var þar borin upp önnur till. til forseta Íslands um skiptingu starfa ráðherra:

„Þar sem þér, herra forseti, hafið fallizt á að skipa mig forsætisráðherra í ríkisstjórn Íslands og Auði Auðuns dóms- og kirkjumálaráðherra í ríkisstjórn Íslands leyfi ég mér allra virðingarfyllst að leggja til, að gefinn verði út nýr úrskurður um skipting starfa ráðherra.

Í trausti þess, að fallizt verði á tillöguna, leyfi ég mér allra virðingarfyllst að leggja fyrir yður, herra forseti, til undirskriftar úrskurð um skipting starfa ráðherra.

Í forsætisráðuneytinu 10. október 1970.
Allra virðingarfyllst,
Jóhann Hafstein.

Guðmundur Benediktsson."

Á þessa till. hefur forseti Íslands einnig ritað:
„Fellst á tillöguna.
Reykjavík, 10. október 1970.
Kristján Eldjárn."

Jafnframt undirritaði hann forsetaúrskurð um skiptingu starfa ráðherra og hljóðar hann svo:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga nr. 73 1969, um Stjórnarráð Íslands, og reglugerðar samkvæmt þeim frá 31. des. 1969, er störfum þannig skipt með ráðherrum:

Jóhann Hafstein fer með forsætisráðuneytið og iðnaðarráðuneytið.

Auður Auðuns fer með dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Eggert G. Þorsteinsson fer með sjávarútvegsráðuneytið og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

Emil Jónsson fer með utanríkisráðuneytið og félagsmálaráðuneytið.

Gylfi Þ. Gíslason fer með menntamálaráðuneytið og viðskiptaráðuneytið.

Ingólfur Jónsson fer með landbúnaðarráðuneytið og samgönguráðuneytið.

Magnús Jónsson fer með fjármálaráðuneytið og Hagstofu Íslands.

Með úrskurði þessum falla úr gildi eldri ákvæði um skipting starfa ráðherra.

Gert í Reykjavík, 10. október 1970.

Kristján Eldjárn.

Jóhann Hafstein."

Herra forseti. Minnzt hefur verið sviplegs andláts forsrh. Bjarna Benediktssonar, er hann lézt í brunanum á Þingvöllum örlaganóttina 10. júlí ásamt eiginkonu sinni, frú Sigríði Björnsdóttur, og barnungum dóttursyni. Að morgni þess dags kom ríkisstjórn Íslands saman til fundar og ákvað að leggja til við forseta Íslands, að mér yrði falin meðferð forsætisráðuneytisins fyrst um sinn, og var samdægurs staðfest sú skipan. Innan ríkisstj. þótti ekki rétt, að við svo búið stæði áfram, eftir að Alþ. kæmi saman. Varð því að ráði, að ég myndaði formlega nýtt ráðuneyti. Það hefur nú verið gert með þeim hætti, sem ég hef nú skýrt frá.

Ég leyfi mér sérstaklega að bjóða velkominn til starfa hinn nýja dóms- og kirkjumálaráðherra, frú Auði Auðuns, en það er sögulegur atburður, er kona sezt í fyrsta sinn í ráðherrastól á Alþ.

Ég þakka forseta Íslands árnaðaróskir í garð hins nýja ráðuneytis og ríkisstjórnarinnar í heild.

Til þess að firra misskilningi vil ég taka fram, að hér er raunar ekki um myndun nýrrar ríkisstjórnar að ræða, heldur framhald þess stjórnarsamstarfs milli Sjálfstfl. og Alþfl., sem hófst með myndun ríkisstj. Ólafs Thors hinn 20. nóv. að afloknum alþingiskosningum haustið 1959 og fram hélt við myndun ráðuneytis Bjarna Benediktssonar hinn 14. nóv. 1963, er Ólafur Thors hafði beðizt lausnar sem forsrh. af heilsufarsástæðum. Engu að síður eru þetta mikilvæg stjórnmálaleg tímamót, er við eigum á bak að sjá einum mikilhæfasta forustumanni íslenzkra stjórnmálamanna um langan aldur, er gegnt hafði ráðherraembætti um tvo áratugi og verið í fararbroddi.

Herra forseti. Ég mun við fyrstu hentugleika gera hv. Alþ. grein fyrir þeim helztu viðfangsefnum, sem ríkisstjórnin hefur nú til úrlausnar og stefnir að í flutningi frv. til l. á þessu þingi.

Fundi frestað.

Mánudaginn 12. okt. var fundinum fram haldið.

Kosning forseta.

Aldursforseti lét nú fram fara kosningu forseta sameinaðs Alþingis.

Kosningu hlaut

Birgir Finnsson, 5. þm. Vestf.,

með 31 atkv. — Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf., hlaut 16 atkv. — 9 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti gekk nú til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Lét hann fyrst fram fara kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Ólafur Björnsson, 10. þm. Reykv.,

með 31 atkv., en 27 seðlar voru auðir.

Þá fór fram kosning annars varaforseta.

Kosinn var

Sigurður Ingimundarson, 1. landsk. þm.,

með 30 atkv. — Stefán Valgeirsson, 5. þm. Norðurl. e., hlaut 1 atkv., en 26 seðlar voru auðir.

Kosning skrifara.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var BGuðm, en á B-lista PÞ.

Þar sem ekki voru fleiri menn tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Bjartmar Guðmundsson, 11. landsk. þm., og
Páll Þorsteinsson, 2. þm. Austf.

Kjörbréfanefnd.

Loks fór fram kosning kjörbréfanefndar, að viðhafðri hlutfallskosningu.

Fram komu þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Matthías Á. Mathiesen (A),
Ólafur Jóhannesson (B),
Pálmi Jónsson (A),
Geir Hallgrímsson (A),
Björn Fr. Björnsson (B),
Jón Þorsteinsson (A),
Karl Guðjónsson (C).

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi í Sþ., 13. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals hverju sinni og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárveitinganefnd.

Jón Árnason (A),
Halldór E. Sigurðsson (B),
Matthías Bjarnason (A),

Gunnar Gíslason (A),
Ingvar Gíslason (B),
Sverrir Júlíusson (A),
Geir Gunnarsson (C),
Birgir Finnsson (A),
Ágúst Þorvaldsson (B).

2. Utanríkismálanefnd.

Aðalmenn:
Birgir Kjaran (A),
Eysteinn Jónsson (B),
Matthías Á. Mathiesen (A),
Friðjón Þórðarson (A),
Þórarinn Þórarinsson (B),
Gils Guðmundsson (C),
Gylfi Þ. Gíslason (A).

Varamenn:
Gunnar Gíslason (A),
Ólafur Jóhannesson (B),
Guðlaugur Gíslason (A),
Pétur Sigurðsson (A),
Jón Skaftason (B),
Magnús Kjartansson (C),
Benedikt Gröndal (A).

3. Allsherjarnefnd.

Matthías Bjarnason (A),
Gísli Guðmundsson (B),
Friðjón Þórðarson (A),
Jónas Pétursson (A),
Vilhjálmur Hjálmarsson (B),
Bragi Sigurjónsson (A),
Jónas Árnason (C).

Þingfararkaupsnefnd.

Á sama fundi fór fram kosning þingfararkaupsnefndar.

Fram komu þrír listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Jónas Pétursson (A),
Halldór E. Sigurðsson (B),
Jónas G. Rafnar (A),
Gunnar Gíslason (A),
Bjarni Guðbjörnsson (B),
Jón Þorsteinsson (A),
Björn Jónsson (C).

B.
Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi, 12. okt., var fyrsti fundur efri deildar settur af aldursforseta, Jóni Árnasyni, 2. þm. Vesturl. Deildina skipuðu þessir menn:

1. Auður Auðuns, 1. þm. Reykv.
2. Axel Jónsson, 4. þm. Reykn.
3. Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl.
4. Bjarni Guðbjörnsson, 3. þm. Vestf.
5. Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl.
6. Björn Jónsson, 4. þm. Norðurl. e.
7. Eggert G. Þorsteinsson, 8. þm. Reykv.
8. Einar Ágústsson, 11. þm. Reykv.
9. Gils Guðmundsson, 5. þm. Reykn.
10. Jón Árnason, 2. þm. Vesturl.
11. Jón Árm. Héðinsson, 5. landsk. þm.
12. Jón Þorsteinsson, 3. landsk. þm.
13. Jónas G. Rafnar, 2. þm. Norðurl. e.
14. Karl Guðjónsson, 6. þm. Sunnl.
15. Magnús Jónsson, 6. þm. Norðurl. e.
16. Ólafur Björnsson, 10. þm. Reykv.
17. Ólafur Jóhannesson, 1. þm. Norðurl. v.
18. Páll Þorsteinsson, 2. þm. Austf.
19. Steinþór Gestsson, 5. þm. Sunnl.
20. Sveinn Guðmundsson, 7. landsk. þm.

Kosning forseta og skrifara.

Þá var gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Jónas G. Rafnar, 2. þm. Norðurl. e.,

með 12 atkv. — Ásgeir Bjarnason hlaut 5 atkv., en 3 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti gekk nú til forsetastóls og tók við fundarstjórn.

Lét hann fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Jón Þorsteinsson, 3. landsk. þm.,

með 11 atkv., en auðir seðlar voru 9.

Annar varaforseti var kosinn

Jón Árnason, 2. þm. Vesturl.,

með 10 atkv., en 1 seðill var auður.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu.

Fram komu tveir listar. Á A-lista var StG, á B-lista BGuðbj. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Steinþór Gestsson, 5. þm. Sunnl., og
Bjarni Guðbjörnsson, 3. þm. Vestf.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

7.	sæti	hlaut	Karl Guðjónsson.
8.	—	—	Jón Þorsteinsson.
9.	—	—	Gils Guðmundsson.
10.	—	—	Ólafur Jóhannesson.
11.	—	—	Ásgeir Bjarnason.
12.	—	—	Ólafur Björnsson.
13.	—	—	Björn Fr. Björnsson.
14.	—	—	Jón Árnason.
15.	—	—	Björn Jónsson.
16.	—	—	Axel Jónsson.
17.	—	—	Jón Árm. Héðinsson.
18.	—	—	Einar Ágústsson.
19.	—	—	Páll Þorsteinsson.
20.	—	—	Sveinn Guðmundsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi í Ed., 13. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa hverju sinni. Kosningar fóru því fram án atkvgr. og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.

Ólafur Björnsson (A),
Einar Ágústsson (B),
Axel Jónsson (A),
Sveinn Guðmundsson (A),
Bjarni Guðbjörnsson (B),
Jón Árm. Héðinsson (A),
Björn Jónsson (C).

2. Samgöngumálanefnd.
Jónas G. Rafnar (A),
Ásgeir Bjarnason (B),
Jón Árnason (A),
Steinþór Gestsson (A),
Páll Þorsteinsson (B),
Jón Þorsteinsson (A),
Karl Guðjónsson (C).

3. Landbúnaðarnefnd.
Steinþór Gestsson (A),
Ásgeir Bjarnason (B),
Jónas G. Rafnar (A),
Jón Árnason (A),
Páll Þorsteinsson (B),
Jón Þorsteinsson (A),
Karl Guðjónsson (C).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Jón Árnason (A),
Ólafur Jóhannesson (B),
Axel Jónsson (A),
Sveinn Guðmundsson (A),
Bjarni Guðbjörnsson (B),
Jón Árm. Héðinsson (A),
Gils Guðmundsson (C).

5. Iðnaðarnefnd.
Jónas G. Rafnar (A),
Björn Fr. Björnsson (B),
Axel Jónsson (A),
Sveinn Guðmundsson (A),
Einar Ágústsson (B),
Jón Árm. Héðinsson (A),
Gils Guðmundsson (C).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Ólafur Björnsson (A),
Ásgeir Bjarnason (B),
Steinþór Gestsson (A),
Axel Jónsson (A),
Björn Fr. Björnsson (B),
Jón Árm. Héðinsson (A),
Björn Jónsson (C).

7. Menntamálanefnd.
Ólafur Björnsson (A),
Einar Ágústsson (B),
Sveinn Guðmundsson (A),
Steinþór Gestsson (A),
Páll Þorsteinsson (B),
Jón Þorsteinsson (A),
Gils Guðmundsson (C).

8. Allsherjarnefnd.
Ólafur Björnsson (A),
Björn Fr. Björnsson (B),
Steinþór Gestsson (A),
Sveinn Guðmundsson (A),
Einar Ágústsson (B),
Jón Þorsteinsson (A),
Karl Guðjónsson (C).

C.
Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur af aldursforseta, Sigurvin Einarssyni, 1. þm. Vestf., að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi, 12. okt.

Deildina skipuðu þessir menn:

1. Ágúst Þorvaldsson, 2. þm. Sunnl.
2. Ásberg Sigurðsson, 4. þm. Vestf.
3. Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl.
4. Birgir Finnsson, 5. þm. Vestf.
5. Birgir Kjaran, 5. þm. Reykv.
6. Bjartmar Guðmundsson, 11. landsk. þm.
7. Björn Pálsson, 3. þm. Norðurl. v.
8. Bragi Sigurjónsson, 9. landsk. þm.
9. Eðvarð Sigurðsson, 2. landsk. þm.
10. Emil Jónsson, 3. þm. Reykn.
11. Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf.
12. Friðjón Þórðarson, 4. þm. Vesturl.
13. Geir Gunnarsson, 6. landsk. þm.
14. Geir Hallgrímsson, 12. þm. Reykv.
15. Gísli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. e.
16. Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Sunnl.
17. Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v.
18. Gylfi Þ. Gíslason, 3. þm. Reykv.
19. Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl.
20. Hannibal Valdimarsson, 9. þm. Reykv.
21. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Sunnl.
22. Ingvar Gíslason, 3. þm. Norðurl. e.
23. Jóhann Hafstein, 2. þm. Reykv.
24. Jón Kjartansson, 5. þm. Norðurl. v.
25. Jón Skaftason, 2. þm. Reykn.
26. Jónas Árnason, 4. landsk. þm.
27. Jónas Pétursson, 3. þm. Austf.
28. Lúðvík Jósefsson, 4. þm. Austf.
29. Magnús Kjartansson, 6. þm. Reykv.
30. Matthías Bjarnason, 3. þm. Vestf.
31. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
32. Pálmi Jónsson, 4. þm. Norðurl. v.
33. Pétur Sigurðsson, 7. þm. Reykv.
34. Sigurður Ingimundarson, 1. landsk. þm.
35. Sigurvin Einarsson, 1. þm. Vestf.
36. Stefán Valgeirsson, 5. þm. Norðurl. e.
37. Steingrímur Pálsson, 8. landsk. þm.
38. Sverrir Júlíusson, 10. landsk. þm.
39. Vilhjálmur Hjálmarsson, 5. þm. Austf.
40. Þórarinn Þórarinsson, 4. þm. Reykv.

Allir þdm. voru til þings komnir og sátu fundinn nema Pálmi Jónsson, 4. þm. Norðurl. v., en í hans stað var á fundinum Óskar E. Levy.

Kosning forseta og skrifara.

Var nú gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.,

með 20 atkv. — Ágúst Þorvaldsson, 2. þm. Sunnl., hlaut 11 atkv., en 6 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti gekk nú til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Lét hann fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosinn var

Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl.,

með 20 atkv., en 15 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v.,

með 19 atkv. — Stefán Valgeirsson, 5. þm. Norðurl. e., hlaut 1 atkv., en 16 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var FÞ, á B-lista IG. Þar sem ekki voru fleiri menn tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Friðjón Þórðarson, 4. þm. Vesturl., og
Ingvar Gíslason, 3. þm. Norðurl. e.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna, og fór sætahlutunin á þessa leið:

8.	sæti	hlaut	Steingrímur Pálsson.
9.	—	—	Benedikt Gröndal.
10.	—	—	Vilhjálmur Hjálmarsson.
11.	—	—	Sigurður Ingimundarson.
12.	—	—	Jónas Pétursson.
13.	—	—	Sigurvin Einarsson.
14.	—	—	Ágúst Þorvaldsson.
15.	—	—	Þórarinn Þórarinsson.
16.	—	—	Ásberg Sigurðsson.
17.	—	—	Geir Gunnarsson.
18.	—	—	Björn Pálsson.
19.	—	—	Jónas Árnason.
20.	—	—	Birgir Kjaran.
21.	—	—	Halldór E. Sigurðsson.
22.	—	—	Jón Kjartansson.
23.	—	—	Magnús Kjartansson.
24.	—	—	Gunnar Gíslason.
25.	—	—	Birgir Finnsson.
26.	—	—	Stefán Valgeirsson.
27.	—	—	Eysteinn Jónsson.

28. sæti hlaut Eðvarð Sigurðsson.
29. — — Guðlaugur Gíslason.
30. — — Lúðvík Jósefsson.
31. — — Bjartmar Guðmundsson.
32. — — Pálmi Jónsson.
33. — — Pétur Sigurðsson.
34. — — Bragi Sigurjónsson.
35. — — Gísli Guðmundsson.
36. — — Jón Skaftason.
37. — — Hannibal Valdimarsson.
38. — — Sverrir Júlíusson.
39. — — Geir Hallgrímsson.
40. — — Matthías Bjarnason.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 13. okt., var tekin á dagskrá kosning fastanefnda samkv. 16. gr. þingskapa.

1. Fjárhagsnefnd.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Matthías Á. Mathiesen (A),
Vilhjálmur Hjálmarsson (B),
Pálmi Jónsson (A),
Geir Hallgrímsson (A),
Þórarinn Þórarinsson (B),
Lúðvík Jósefsson (C),
Sigurður Ingimundarson (A).

2. Samgöngumálanefnd.

Fram komu fjórir listar. Á A-lista voru ÁS, GuðlG, FÞ, BGr; á B-lista SE, BP; á C-lista var SP og á D-lista HV. — A-listi hlaut 20 atkv., B-listi 11 atkv., C-listi 6 atkv. og D-listi 1 atkv., en einn seðill var ógildur. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Ásberg Sigurðsson (A),
Sigurvin Einarsson (B),
Guðlaugur Gíslason (A),
Friðjón Þórðarson (A),
Steingrímur Pálsson (C),
Björn Pálsson (B),
Benedikt Gröndal (A).

3. Landbúnaðarnefnd.

Fram komu fjórir listar. Á A-lista voru JP, BGuðm, PJ, BGr; á B-lista SV, VH; á C-lista var EðS og á D-lista HV. — A-listi hlaut 21 atkv., B-listi 11 atkv., C-listi 6 atkv., D-listi 1 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Jónas Pétursson (A),
Stefán Valgeirsson (B),
Bjartmar Guðmundsson (A),
Pálmi Jónsson (A),
Eðvarð Sigurðsson (C),
Vilhjálmur Hjálmarsson (B),
Benedikt Gröndal (A).

4. Sjávarútvegsnefnd.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Sverrir Júlíusson (A),
Jón Skaftason (B),
Pétur Sigurðsson (A),
Guðlaugur Gíslason (A),
Lúðvík Jósefsson (C),
Björn Pálsson (B),
Birgir Finnsson (A).

5. Iðnaðarnefnd.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Ásberg Sigurðsson (A),
Gísli Guðmundsson (B),
Pétur Sigurðsson (A),
Pálmi Jónsson (A),
Þórarinn Þórarinsson (B),
Eðvarð Sigurðsson (C),
Sigurður Ingimundarson (A).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Fram komu fjórir listar. Á A-lista voru GuðlG, MB, GeirH, BrS; á B-lista JK, SV; á C-lista var JÁ og á D-lista HV. — A-listi hlaut 21 atkv., B-listi 11 atkv., C-listi 6 atkv., D-listi 1 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Guðlaugur Gíslason (A),
Jón Kjartansson (B),
Matthías Bjarnason (A),
Geir Hallgrímsson (A),
Jónas Árnason (C),
Stefán Valgeirsson (B),
Bragi Sigurjónsson (A).

7. Menntamálanefnd.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Gunnar Gíslason (A),
Sigurvin Einarsson (B),
Bjartmar Guðmundsson (A),
Birgir Kjaran (A),
Magnús Kjartansson (C),
Eysteinn Jónsson (B),
Benedikt Gröndal (A).

8. Allsherjarnefnd.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Matthías Bjarnason (A),
Gísli Guðmundsson (B),
Pétur Sigurðsson (A),
Jónas Pétursson (A),
Stefán Valgeirsson (B),
Steingrímur Pálsson (C),
Bragi Sigurjónsson (A).

Lagafrumvörp samþykkt.

1. Kjarasamningar opinberra starfsmanna.

Á 6. fundi í Sþ., 28. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna [74. mál] (stjfrv., A. 76).

Á 7. fundi í Ed., 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Svo sem öllum hv. þdm. mun kunnugt, hafa um alllangt skeið staðið yfir kjarasamningar milli ríkisins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Það var gerð sú breyting á kjarasamningalögunum um síðustu áramót, að veittur var framhaldsfrestur til samninganna allt til næstu áramóta, en samkv. hinum almennu ákvæðum l. átti nýtt samningstímabil að enda um síðustu áramót. Ástæðan til þess, að þetta hefur dregizt þannig og báðir aðilar óskað eftir fresti, er sú, að nú er samið eftir nýju kerfi eða reynt að gera tilraun til þess að semja eftir algerlega nýju kerfi, þar sem byggt er á svokölluðu starfsmati. Nú standa sakir þannig, að samningum er ekki lokið, en hins vegar eru horfur á því, að samningar geti tekizt án þess að málið þurfi að fara til kjaradóms, og vitanlega væri það æskilegast, að svo gæti orðið. Aftur á móti er gert ráð fyrir því í l., að málið verði að fara fyrir kjaradóm nú 1. nóv., ef ekki eru framlengdir frestir.

Efni þess máls, sem hér liggur fyrir, er að fara þess á leit við hið háa Alþ., að veittur verði viðbótarfrestur til tveggja mánaða, svo að ekki þurfi að vísa málinu til kjaradóms fyrr en í árslok, og kjaradómur hafi þá einn mánuð til umráða, svo sem lög gera ráð fyrir. Það liggur í augum uppi, að það mundi, þó að vísu væri hægt að taka málið aftur frá kjaradómi, áður en hann lyki störfum, geta spillt mjög öllum samkomulagshorfum, og í rauninni lítt mögulegt fyrir samningsaðila að þurfa að hafa uppi nú málatilbúnað til kjaradóms, ef slíkur frestur fengist ekki, sem hér er beðið um. Ég skal taka það skýrt fram, að þó að beðið sé um þennan frest, þá mun það ekki seinka málinu á einn né neinn hátt. Það verður haldið áfram af fullum krafti að vinna að því, en það er enn þá eftir allmikil vinna til þess að ljúka málinu.

Þar sem hér er eingöngu um formsatriði að ræða varðandi meðferð málsins og báðir samningsaðilar eru sammála um að óska eftir þessum vinnubrögðum og þeirri heimild, sem hér er farið fram á, þá vonast ég til þess, að hv. d. geti fyrir sitt leyti fallizt á að samþykkja þessa breytingu á l. En þar sem komið er nú að mánaðamótum og ekki þótti rétt að óska eftir þessari heimild fyrr en séð væri örugglega, hvort ekki tækist að semja fyrir mánaðamót, þá neyðist ég til þess að fara þess á leit við hv. d., að hún sjái sér fært að afgreiða þetta mál án n., enda sé ég ekki beint ástæðu til þess, að það fari í n., þar sem það er svo einfalt í sniðum, og n. gæti fallizt á að afgreiða það hér við þrjár umr. í dag.

Ég legg því ekki til, herra forseti, að málið fari til n., en legg til, að því verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr.

Björn Jónsson: Herra forseti. Í aths. við þetta frv. segir, að samkomulag hafi nú þegar tekizt um nokkur höfuðatriði í væntanlegum kjarasamningum milli Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og ríkisstj. Af þessu þykir mér mega ráða það, að nú þegar liggi fyrir sameiginleg meginstefna bæði Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og hæstv. ríkisstj. í kjaramálum opinberra starfsmanna. Og þar sem hér er um svo veigamikið atriði að ræða, bæði varðandi fjármál ríkisins og almenn viðhorf í kjaramálum launastéttanna í landinu, þá er full ástæða til þess að spyrja nú, þegar það liggur fyrir, að búið er að mynda þessa sameiginlegu stefnu beggja þessara samningsaðila, hver séu þau höfuðatriði, sem samkomulag liggur nú fyrir um í þessum samningum.

Er það t. d. rétt, sem eitt af málgögnum hæstv. ríkisstj. hefur fullyrt nú nýverið, að meðaltalshækkun á launum embættismanna sé þegar ákveðin 30—40%? Mér finnst nauðsynlegt að spyrja um það í sambandi við þetta mál, ekki sízt með tilliti til annarra ástæðna, sem nú eru ríkjandi í okkar þjóðfélagi. Það liggur í loftinu, að fyrir

dyrum standa mjög víðtækar ráðstafanir í verðlags- og launamálum almennt, e. t. v. með því að kjarasamningar, sem gerðir voru á s. l. vori, verði ógiltir að meira eða minna leyti á þeirri forsendu, að láglaunafólk í landinu hafi hrifsað til sín of miklar kauphækkanir á s. l. vori, hækkanir, sem atvinnuvegirnir fái ekki risið undir, og því verði að taka þær til baka að meira eða minna leyti með einhverjum hætti. Mér finnst því, að það sé alveg sérstök ástæða til þess að fá nú um það alveg glöggar upplýsingar, hver sé stefna ríkisstj. í launamálum embættismanna, þar sem hún kemur fram sem atvinnurekandi og mótar viðhorf sem slíkur. Er þessi stefna e. t. v. einhver allt önnur stefna en ríkisstj. hefur gagnvart verkafólki í landinu og öðrum launamönnum? Stefnir hún t. d. að því að breikka mjög mikið og varanlega launabilið á milli verkafólks og embættismannastéttarinnar? Er það svo, að það eigi með þeim samningum, sem nú standa yfir, ekki aðeins að tryggja embættismönnum að sjálfsögðu þau 15%, sem þeir fengu á miðju s. l. ári til jafns við verkafólk eða því sem næst, heldur einnig 30—40% þar til viðbótar, og síðan eigi gamla „automatið" að vera í gildi, að allar hækkanir, sem verði hjá verkafólki umfram þau laun, sem það hefur nú, eigi að koma sjálfkrafa inn í kerfið. Ég get auðvitað ekkert fullyrt um þetta, ég hlýt aðeins að spyrja að svo komnu máli.

En ef þetta væri svo, sem ýmsir gizka á, að þessir samningar séu, þá hlýtur það auðvitað að hafa sín áhrif á stefnu verkalýðshreyfingarinnar í kjaramálum, bæði nú í bráð og einnig síðar, þegar samningar eru lausir, og einnig að hafa sín áhrif á öll viðhorf í efnahagsmálunum. Og ég held, að í þessu sambandi sé alveg full ástæða fyrir menn að minnast þeirrar reynslu, sem við fengum á árinu 1963, þegar ríkisstj. hafði forgöngu um það að hækka laun hæst launuðu embættismannanna um allt að 100%, og þeirrar kollsteypu, sem öll launamálin tóku í kjölfar þess.

Ég verð að segja það, að mér þykja rökin fyrir þessu frv. um framlengingu á frestum, eftir að gefinn hefur verið eins árs frestur í málinu, ekki fullkomlega ljós, nema upplýst sé nú, á hvaða vegi samningarnir eru staddir. Ég tel, að hér sé ekki um neitt einkamál hæstv. fjmrh. og forustu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja að ræða, og minni á það, að hv. Alþ. verður að taka öllum afleiðingum af þeim kjarasamningum, sem nú standa yfir, bæði hvað áhrærir fjármál ríkisins og áhrif þessara samninga á launamálin almennt, og því er hæstv. fjmrh. að mínu viti skylt að gefa hv. Alþ. í sambandi við þetta frv. greið svör við þeim spurningum, sem ég hef hér borið fram, bæði um stefnu ríkisstj. og hvar þessir samningar eru á vegi staddir. Og ég tel líka nauðsynlegt, ef allt er með felldu, fyrir hæstv. ríkisstj. að gera grein fyrir þessu nú, m. a. til þess að hún sé firrt þeim grunsemdum, ef þær eru ástæðulausar, að sá frestur, sem hér er farið fram á, sé fyrst og fremst eða jafnvel einungis af þeim rótum runninn, að fyrirætlanir hennar um meðferð kjarasamninga opinberra starfsmanna þoli ekki dagsljósið á sama tíma og hún er að glíma við það, sem kallað er að leysa eitthvað af verðbólguvandanum með beinni eða óbeinni skerðingu á kaupi og kjörum lægst launuðu stétta þjóðfélagsins.

Ég vil svo aðeins að lokum minna á það, að það eykur auðvitað á þessar grunsemdir meðal almennings, að ekki hefur verið farið að réttum lögum í sambandi við meðferð þessa máls, m. a. að því leyti, að sáttasemjari hefur ekki verið til kvaddur í deiluna, eins og lög standa til um og fram hefur komið á opinberum vettvangi. En það fer svo að sjálfsögðu eftir því, í samræmi við það, sem ég hef sagt, hve fjmrh. gefur skýr svör við þessum spurningum, sem ég hef borið hér fram, hvort ég fyrir mitt leyti t. d. get fallizt á það, að þetta mál verði afgr. hér úr hv. þd. án þess að hljóta eðlilega meðferð og fara til n., því að ef það er svo, að hæstv. ráðh. treysti sér ekki til þess að leysa úr þessum spurningum frammi fyrir hv. þd., þá ætti þó að vera hægurinn hjá að gera það fyrir þeirri n., sem hlyti þá að fá réttar upplýsingar í málinu.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Þar sem þessi málaleitun um fresti á samningum, sem hér liggur fyrir í þessu frv., byggist á samkomulagi samningsaðilanna eða fyrirsvarsaðila þeirra, mun ég gjalda þessu frv. jáatkv. og mun fyrir mitt leyti stuðla að því, að þetta frv. komist í gegnum þingið í tæka tíð. Þessi málaleitan er vafalaust á því byggð og kemur það raunar fram í grg. með frv., að samningsaðilar gera sér von um, að kjarasamningar takist án þess að vísa þurfi þessu máli til kjaradóms. Ég tel það mjög mikilsvert og mun þess vegna, eins og ég sagði, greiða fyrir því, að þetta mál fái skjóta afgreiðslu hér í þingi.

En um leið vil ég lýsa þeirri skoðun minni, að ég tel mjög erfitt að vinna að afgreiðslu fjárlaga, á meðan ekki liggur fyrir vitneskja um þann útgjaldalið, sem hér er um að tefla. Og ég tel raunar óforsvaranlegt að afgreiða fjárlög, án þess að fyrir liggi vitneskja um það, hver verði launakjör ríkisstarfsmanna á næsta ári og hverju sá útgjaldaliður fjárlaga muni nema, en allir vita, að hér er um mjög verulegan lið í fjárlögum að ræða. Ég veit að sjálfsögðu ekkert, hvað er verið að semja um í þessum samningum. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. fjmrh. hafi um það gleggri vitneskju. Ég býst hins vegar við, að þessar samningaviðræður séu trúnaðarmál og hann eigi ekki auðvelt með að skýra frá því hér, hvað þar hefur gerzt eða hvað þar er að gerast. Hins vegar er það svo rétt, eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að það liggur í loftinu, að búast megi við nokkrum og e. t. v. verulegum hækkunum á launum þessara ríkisstarfsmanna. Og þess vegna er það náttúrlega mjög óheppilegt, að það liggi ekki fyrir, áður en fjárlög eru afgreidd eða í sambandi við fjárlagaafgreiðslu, hverju þessi hækkun muni nema.

Auðvitað er það líka svo, að hér er í raun og veru

ekki aðeins um að ræða ríkisstarfsmenn, af því að á eftir munu fara og við sama borð sitja starfsmenn sveitarfélaga. Út frá því hygg ég, að sé alveg gengið, þannig að hér getur vissulega orðið um verulegar hækkanir að tefla, þó að ég hafi ekki neina möguleika til þess hér að fullyrða neitt um það.

Það er mikið verið að tala um verðstöðvun um þessar mundir eða einhverjar slíkar ráðstafanir til lausnar eða einhverrar lækningar á verðbólguvandanum. Ég fyrir mitt leyti held, að það hefði verið nauðsynlegt, að það lægi fyrir, áður en fundinn væri sá grundvöllur, sem verður að vera fyrir hendi, ef einhvers konar verðstöðvun á að vera raunhæf, hvernig fer um þennan lið. Ég held, að það sé óhjákvæmilegt, eins og reyndar hv. síðasti ræðumaður vék að, að það spili á ýmsan hátt inn í þau mál. Og þess vegna er það, þó að ég hafi lýst fylgi við þetta mál, þá verð ég að lýsa nokkurri undrun minni á því, hve seint þessi mál eru á ferðinni. Tímamarkanir í lögum um kjarasamninga ríkisstarfsmanna eru þó vissulega upphaflega settar í því skyni einmitt að tryggja það, að vitneskja um þessi atriði liggi fyrir svo tímanlega, að hægt sé að taka tillit til þeirra við samningu fjárlaga. En hér hefur þetta dregizt allmikið og mun lengur heldur en lögin gera ráð fyrir, og hefur þó vissulega verið mjög rúmur tími til þess að fjalla um þessi mál, þar sem frestur var framlengdur einmitt eins og hér hefur verið gerð grein fyrir. En það má vel vera, að það liggi eðlilegar og skiljanlegar ástæður til þess, að þetta hefur nú dregizt eitthvað á langinn í þetta sinn, eins og hæstv. fjmrh. reyndar vék að, þar eð verið sé að taka upp að einhverju leyti einhverjar nýjar starfsaðferðir í sambandi við þessi mál.

En ég vil að lokum leggja áherzlu á það, að ég tel það mjög mikilvægt, að þessi mál geti orðið leyst með samkomulagi á milli aðila, og þess vegna vil ég greiða fyrir því að veita þennan frest, enda þótt ég hafi talið um leið rétt að benda á þá agnúa, sem mér sýnast vera á þessu máli, og vil undirstrika það, að þetta má ekki að mínu áliti verða að neinu fordæmi í þessum efnum. Það á að binda sig við lagaákvæðin í þessu og sjá til þess, að ákvörðun um þessi efni geti legið fyrir nægilega tímanlega.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hv. 1. þm. Norðurl. v. fyrir jákvæðar undirtektir hans um afgreiðslu þessa máls. Það er út af fyrir sig ekkert að undra, þó að fram komi vissar aths., vegna þess að þegar breytt er frá föstum reglum, sem settar hafa verið í lög, er það skiljanlegt, að menn vilji gjarnan fá á því nokkrar skýringar. Varðandi það, að óeðlilegt sé að breyta frá þessum frestum, svo sem hv. þm. sagði síðast í ræðu sinni, þá vil ég aðeins geta þess, að þessum frestum hefur oft áður verið breytt. Ég er ekki að segja, að það sé til fyrirmyndar, en það hefur verið gert.

Varðandi það, sem kom fram hjá bæði hv. 1. þm. Norðurl. v. og einnig hv. 4. þm. Norðurl. e., að það væri undarlegt seinlæti á þessum málum, svo sem hv. 1. þm. Norðurl. v. orðaði það, en hinn hv. þm. gaf í skyn, að þetta væri gert, vegna þess að það þyldi ekki dagsins ljós, eins og ég held, að hann hafi orðað það í sambandi við þær ráðstafanir, sem fyrirhugað væri að gera, vil ég taka það fram, að hér er um algjöran misskilning að ræða, að það sé um nokkurt samspil milli ríkisstj. og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja að ræða í þessu máli. Ég held, að hv. þdm. viti gerla, að forusta Bandalags starfsmanna ríkis og bæja er þannig skipuð, að ég held, að hún mundi ekki sérstaklega leggja sig fram um það að gera ríkisstj. það til geðs að haga samningum eftir því, sem henni hentaði. Það held ég, að sé nokkuð langsótt skýring.

Varðandi hitt atriðið, sem er eðlilegt, að fram komi, að þetta þyki vera nokkuð langur tími, þar sem áður er búið að veita langan frest, þá vil ég aðeins segja það, að þetta stafar á engan hátt af því, að ekki hafi verið ötullega að þessu máli unnið, heldur er hér um miklu flóknara og vandasamara mál að ræða en nokkru sinni hefur verið við að fást í þessum samningum, vegna þess að samningar þessir eru byggðir á alveg nýju kerfi, sem ekki er þekkt í íslenzkum samningamálum milli vinnuveitenda og stéttarfélaga. Og það hefur komið í ljós, að vinnan við þetta þrátt fyrir þrotlaust starf er svo mikil, að það hefur ekki tekizt að ljúka málinu á æskilegum tíma, — ég skal fúslega undir það taka, og það eitt er ástæðan fyrir því, að beðið er um þennan frest, en ekki það, að ríkisstj. sé á einhvern hátt að dylja það, hvað hér á að gera, enda er ekkert að dylja.

Ég tek undir það með hv. 1. þm. Norðurl. v., að það er talin brýn nauðsyn, að þetta mál liggi ljóst fyrir, áður en fjárlög verða afgreidd. Þau er í raun inni ekki hægt að afgreiða nema það liggi ljóst fyrir. Hvort starfsmenn sveitarfélaga fylgja hér á eftir, skal ég ekkert um segja, þeir hafa þegar samið, en það liggur nokkuð í loftinu, að þeir munu óska eftir breytingum á sínum kjörum, ef verulegar breytingar verða á kjörum ríkisstarfsmanna.

Ég undraðist nokkuð ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e., sem er þekktur verkalýðsleiðtogi og hefur tekið þátt í ótal kjarasamningum verkalýðsfélaga, ef hann getur látið sér til hugar koma, að ég fari hér sem annar aðili að þessum samningum að gefa yfirlýsingar um það í einstökum atriðum, hvernig þessir samningar standa. Það held ég ekki, að hv. þm. meini í alvöru, því að það er auðvitað gersamlega útilokað, að ég geri það, og það gæti eyðilagt alla möguleika til samninga. Enda þótt hér sé talað um, að það séu samningar um veigamikil atriði eða samkomulag, þá er það samkomulag að öllu leyti því háð, að endanlegir samningar takist.

Ég vil svo leiðrétta það algerlega, að sáttasemjari hafi ekki verið kvaddur til, það er líka rangt. Hitt er annað mál, að sáttasemjari hefur ekki unnið mjög mikið í málinu, vegna þess að aðilar sjálfir hafa verið að vinna að því sín í milli að kanna leiðir til sátta, og ég veit ekki betur en það sé í samræmi við alla sáttameðferð, að það sé ekki nauðsynlegt, að

sáttasemjari sitji alla slíka fundi, en hann veit gjörla, hvað gerist í þessum efnum. Aðalatriðið er auðvitað það, að sættir takist, en ekki það nákvæmlega, hvað sáttasemjari situr marga fundi með aðilum. Ég get því ekki orðið við þeirri ósk hv. þm. og það mundi ekki leiða til neins góðs í málinu að fara að skýra frá þeim atriðum, sem um hefur verið rætt, eða hvaða líkur geta orðið þar til sátta. Að hve miklu leyti lagður verður trúnaður á blaðafréttir í því efni, það verða menn að ráða við sjálfa sig. Þær fréttir eru ekki komnar frá neinum aðilum, sem þetta mál varða, og eru meira og minna ágizkanir út í hött.

Varðandi það hins vegar, hver sé meginstefna ríkisstj. í þessu máli, þá er alveg auðvelt að svara því. Hún er að fylgja lögum, vegna þess að í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna segir ótvírætt, að það beri að miða laun opinberra starfsmanna við þau laun, sem sambærilegir starfshópar í þjóðfélaginu þegar hafa, og þetta er sú leiðarstjarna, sem farið verður eftir í þeim samningum, og það er samkomulag um það milli beggja samningsaðila, að að sjálfsögðu verði byggt á þessum fyrirmælum laganna.

Ég sé svo ekki ástæðu til, herra forseti, að orðlengja frekar um málið, en leyfi mér að ítreka þá von mína, að hv. þd. geti fallizt á að veita aðilum málsins þann frest, sem hér um ræðir.

Björn Jónsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. undrast mjög, að ég skuli spyrja svo fávíslega, sem hann telur raun bera vitni um, og ég sem reyndur samningamaður skuli spyrja um það, hvernig samningar eru á vegi staddir og telur það vera algert launungarmál, sem, ef ljóstrað yrði upp, gæti spillt öllum samningum. Ég verð nú að segja það, að mín reynsla af þessu er önnur, því að oft og tíðum hefur það verið og oftast nær svo, þegar almenn verkalýðsfélög hafa átt í samningum, að gangur samninganna hefur verið opinbert mál, sem hefur verið skýrt frá í blöðum og fjölmiðlum nokkurn veginn jafnharðan og þar var eitthvað að gerast. Ég veit ekki betur en þessir samningar séu nú þegar á dagskrá hjá ýmsum félögum innan B.S.R.B. t. d., og var núna síðast t. d. í hádeginu verið að auglýsa fundi um einstök atriði samninganna fyrir vissa hópa, þannig að málið er auðvitað að verða þessa dagana meira eða minna opinbert mál, og ég verð þá gagnkvæmt að undrast þau svör hæstv. ráðh., að hv. þd. komi þetta ekkert við og hann neiti einnig að gefa upplýsingar um þetta í n. Ég held, að þessi svör séu ráðh. ekki á nokkurn hátt sæmandi. Hver stefnan sé, þá segir hann hins vegar, að því sé auðsvarað. Hún sé sú, að það beri að miða við sambærilega starfshópa aðra í þjóðfélaginu og fara eftir því. En mér sýnist þetta nú stangast nokkuð mikið á við það, að á hinn bóginn er upplýst, að nú verði laun opinberra starfsmanna metin eftir einhverju vísindalegu starfsmati. Er það nú svo hjá okkur, að einkafyrirtækin í landinu fari eftir einhverjum vísindalegum reglum um það, hvaða kaup þau greiða sínu starfsfólki? Ég held ekki. Mér sýnist, að þessi svör stangist því algerlega á og gefi engar upplýsingar um það, hvað hér sé raunverulega að gerast. Ég skal svo ekki þrátta um það.

Það kann vel að vera, að það sé ekki unnt og ekki heppilegt að gera nákvæma grein fyrir því hér frammi fyrir hv. þd., hvar samningar eru nákvæmlega á vegi staddir, þó að ég hefði nú álitið í minni fávizku, að það væri ekki nein goðgá, þó að frá því væri skýrt, um hvað samkomulag er orðið. Ég var ekki að biðja um annað. Ég var ekki að biðja um neina nákvæma útlistun á því, hvaða kröfur væru uppi um þau atriði, sem eru óútkljáð enn þá, heldur eingöngu um þau atriði, sem fullt samkomulag er orðið um. Og út frá því hefði sennilega mátt marka, hver stefna ríkisstj. raunverulega væri í þessum málum. En það verður ekki gert með þessari einföldu, og ég vil segja allt of einföldu, uppsetningu hæstv. ráðh.

Það er auðvitað vitað, að opinberir starfsmenn hafa í aðalatriðum fengið sams konar hækkanir og aðrir launamenn í landinu á undanförnum árum, og hafa þar alls ekki farið neitt varhluta af. Og það er þess vegna alger fásinna að ætla sér að halda því fram, a. m. k. ef það er rétt, að hér sé um 30—40% kauphækkanir að ræða, að það sé eitthvað, sem taki algerlega mið af annarri launaþróun í landinu. Hér er algerlega um nýja hluti að ræða og einhvers konar framúrstefnu, sem ég fæ ekki með nokkrum hætti skilið, eins og nú stendur á í okkar efnahagsmálum.

En fyrst svo er, að hæstv. ráðh. neitar að gefa hér upplýsingar, sem ég tel sjálfsagt, að hann hefði gefið góðfúslega, þá hlýt ég að gera till. um það, að málið fari til n. og hún kanni þá, hvaða upplýsingar eru fáanlegar, annaðhvort frá hv. ráðh. eða þá öðrum aðilum varðandi þessi mál. Ég legg til, að málinu verði vísað til hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.
Till. um að vísa frv. til fjhn. felld með 12:1 atkv.

Á 8. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 7. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 8. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Um alllangt skeið hefur verið unnið að kjarasamningum milli opinberra starfsmanna og ríkisins. Þetta mál eða þessir samningar hafa tekið langan tíma, og var gert upphaflega ráð fyrir því, að þeim yrði lokið fyrir síðustu áramót, en þá var samkv. sameiginlegri ósk beggja málsaðila óskað eftir því, að Alþ. veitti heimild til þess að fresta samningunum um eitt ár, til þess að auðið yrði að vinna að þeim á þann hátt, sem aðilar gerðu ráð fyrir, að gert yrði. En það mun hv. þdm. einnig kunnugt, að gert er ráð fyrir því að vinna að þessum samningum með nýjum hætti, þ. e. a. s. leggja til grundvallar svokallað kerfisbundið starfsmat. Það mat hefur tekið mjög langan tíma og hefur reynzt miklum mun erfiðara en menn í rauninni í upphafi gerðu ráð fyrir, en engu að síður eru aðilar sammála um það, að þarna hafi verið unnið mjög þarft og gott verk. Það hefur síðustu mánuðina verið þrotlaust að því stefnt að geta lokið samningum svo snemma, að hægt væri að hafa eðlilegan málatilbúnað í sambandi við samningsgerðina, en því miður hefur það ekki reynzt auðið að ljúka samningum nú fyrir 1. nóv., enda þótt að því hafi verið unnið af kappi af báðum aðilum. Það er hins vegar svo, eins og hv. þdm. er kunnugt, að samkv. kjarasamningalögunum ber að vísa málinu til kjaradóms hinn 1. nóv., hafi samningar ekki tekizt fyrir þann tíma. Það eru hins vegar svo góðar horfur á því, að samningar muni takast, að báðir aðilar eru sammála um, að það væri mjög óæskilegt og gæti í rauninni eyðilagt samningshorfur að fara nú að vísa málinu til kjaradóms, enda þótt að vísu væri framkvæmanlegt formlega séð að afturkalla málið frá dómnum. Af þessari ástæðu eru samningsaðilar sammála um það að óska eftir því við hið háa Alþ., að frv. það, sem hér liggur fyrir, verði samþ., en í því felst, að l. er breytt á þann hátt, að frestað er um tvo mánuði skyldu til þess að leggja málið til kjaradóms, og í stað þess, að það verði nú 1. nóv. verði veittur framhaldsfrestur til ársloka. Ég vil taka það skýrt fram, að þó að þessi frestur verði veittur til ársloka, þá mun það ekki draga úr áhuga málsaðila að ljúka málinu með öllum hraða, þannig að það á neinn hátt verði til að seinka málsmeðferðinni, en það þykir hins vegar varlegra að miða við þetta tímamark, og um það er algert samkomulag.

Hv. Ed. féllst á það að afgreiða málið við þrjár umr. nú áðan, og ég leyfi mér að fara fram á það við hv. Nd., að hún sýni einnig þá tillitssemi, þar sem hér er aðeins um formlegt atriði að ræða og hefur ekki neina efnislega þýðingu og báðir málsaðilar eru um það sammála að afgreiða málið nú, til þess að ekki þurfi að halda aukafund á morgun, en nú nálgast 1. nóv., þannig að málið yrði að afgerast fyrir helgi. Ástæðan til þess, að frv. var ekki fyrr lagt fyrir hið háa Alþ. er sú, að það þótti rétt að gera það ekki fyrr en á síðustu stundu og reyna að ljúka málinu fyrir 1. nóv., en þegar ljóst var, að það reyndist ekki auðið, þá var þessi leið farin.

Ég leyfi mér því að vænta þess, herra forseti, að hv. þd. geti fallizt á að afgreiða þetta mál eins og hv. Ed., án þess að það fari til n., og geri ég því ekki till. um n., en legg til, að málinu að lokinni þessari umr. verði vísað til 2. umr.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Frv. þetta er efnislega um það að lengja fresti, sem eru í l. um meðferð kjarasamninga opinberra starfsmanna. Út af fyrir sig er ég ekki andvígur því, að það sé gert, og er ekki kominn hér til þess að halda uppi neinu málþófi og sjálfsagt að athuga það, að málsmeðferð geti orðið á þann veg, sem hæstv. ráðh. hefur óskað eftir. En í sambandi við þetta mál hefði ég gjarnan viljað, að nánar væri skýrt frá stöðu þessara mála en gert er í aths. við frv. Þar segir m. a., með leyfi forseta:

„Þar sem samkomulag hefur þegar orðið um nokkur höfuðatriði í væntanlegum kjarasamningi, standa vonir til, að samningar takist, en tími mun ekki vinnast til að ljúka samningaviðræðum fyrir 1. nóv. n. k.“

Hér er gefið í skyn, að samkomulag sé komið um sjálfsagt veigamikil atriði, og í blöðum hefur mátt lesa það, að samkomulag væri um, að laun opinberra starfsmanna kæmu til með að hækka að meðaltali um 33% og þetta hefði í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð, sem næmu um 600 millj. kr. á ári. Þessu hefur hvorki verið játað né neitað, og ég út af fyrir sig vil ekki fullyrða neitt um, hvort það er rétt eða ekki, sem þetta blað hefur skýrt frá, en það er náttúrlega augljóst, að hvort tveggja er, að hér er um efnisatriði að ræða, sem varðar náttúrlega mjög afkomu ríkissjóðs og einnig almennt stöðu launamála í landinu. Því er ég nú að óska eftir, ef ástæður stæðu þannig, að það væri eitthvað frekar hægt að skýra frá, hvernig staða málanna nú er.

Í þessu sambandi vil ég taka það fram, sem kannske er óþarfi að gera, að undanfarið og um alllangan tíma hafa farið fram viðræður milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisstj., fulltrúa ríkisstj., um dýrtíðarvandamálin, verðbólguvandamálin, þó að mínu viti hafi nú verið gert allt of mikið úr þeim viðræðum og í raun og veru almenningi gefið í skyn, að þar væru hlutir að fara fram, sem að mínu viti hafa verið málaðir allt of sterkum litum. Það hefur ekki svo mikið gerzt í þessum viðræðum. En því hefur jafnframt verið lýst yfir nú síðustu daga, að ríkisstj. væri farin að nálgast að taka ákvarðanir í þessum efnum og a. m. k. þingflokkum stjórnarflokkanna sent málið mjög bráðlega og málið yrði lagt fyrir Alþ. og helzt afgreitt fyrir eða um miðjan

nóv. að sögn hæstv. viðskmrh. hér í d. einmitt nú fyrir nokkrum dögum. Það þarf náttúrlega ekki að fara í neinar grafgötur með það, að þessar fyrirhuguðu aðgerðir feli í sér bættan hlut, hvað laun snertir, þess fólks, sem í sumar samdi um 15—18% kauphækkun. Það er þess vegna býsna fróðlegt að fá að vita, einmitt þegar mál öll standa eins og ég hef nú skýrt frá, hvernig önnur launamál standa. Það er fjarri mér að telja eftir, að opinberir starfsmenn fái bót sinna kjara. Þar eru sjálfsagt á mörgum sviðum umbætur nauðsynlegar eins og annars staðar í launamálum. Það ber engan veginn að skilja það svo. En ef fréttir viðkomandi blaðs, sem er dagblaðið Vísir, fyrir ekki löngu síðan, þær fréttir, sem ég gat um hér í upphafi máls míns, um u. þ. b. 33% hækkun á launum opinberra starfsmanna til viðbótar þeim 15%, sem þeir fengu jafnt verkfallsmönnum í vor, eru réttar, þá er náttúrlega alveg augljóst, að afgreiðsla launamála opinberra starfsmanna verður ekkert einangrað fyrirbæri og varðar því fleiri aðila en aðeins ríkisstj. og viðkomandi opinbera starfsmenn.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Hv. 2. landsk. þm. beindi til mín, að því er mér skildist, fsp. um það, hvort ég gæti gefið nánari upplýsingar um það, hvernig kjarasamningar opinberra starfsmanna og ríkisins stæðu. Ég veit nú, að hann er margreyndur verkalýðsleiðtogi og þekkir mætavel, hvernig kjarasamningar ganga fyrir sig, og þó að sagt sé í grg. frv., að samkomulag sé orðið um ýmis veigamikil atriði, þá er það samkomulag bundið því skilyrði, að það takist samkomulag um önnur veigamikil atriði, sem ekki er enn orðið endanlegt samkomulag um. Og málið stendur á því stigi nú, að báðir samningsaðilar hafa orðið sammála um það, að það væri mjög óheppilegt, ef væri farið að ræða einstök atriði þessa máls. Að vísu hafa opinberir starfsmenn eða kjararáðið ekki komizt hjá því í trúnaði að ræða það við sína nánustu samstarfsmenn, en það hefur verið um það algert samkomulag, að það gæti teflt málinu öllu í hættu, ef farið yrði að ræða einstök atriði þess. Og ég get ekki hér þess vegna sagt frá neinum einstökum þætti, sem orðið hafi samkomulag um, né hvað rætt hafi verið á fundum nú að undanförnu varðandi málið, enda vona ég, að hv. þm. í rauninni skilji, að það er ekki mögulegt.

Varðandi hitt atriðið, hvaða áhrif samningar opinberra starfsmanna og ríkisins kunni að hafa á kjarabaráttu annarra starfsstétta í þjóðfélaginu, þá skal ég ekki um það segja, en aðeins vekja athygli á þeirri meginstaðreynd, að það er gert ráð fyrir því í l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna, að það beri að miða laun þeirra við laun sambærilegra stétta í þjóðfélaginu, sem þegar eru í gildi, þegar samið verður, og hvort sem launahækkanir opinberra starfsmanna verða hærri eða lægri, þá verður það byggt á þeirri grundvallarforsendu, að aðrar sambærilegar stéttir hafi þegar fengið þessi laun, og það finnst mér vera kjarni málsins. Það er sú meginlína, sem farið er eftir í þessum samningum. Að vísu kann í einstaka tilfellum að verða erfitt að meta þetta, því að það eru til starfshópar, þar sem ekki eru til sambærilegir hópar á hinum frjálsa vinnumarkaði, en þó er hægt að fá samanburð í langflestum tilfellum. Það skal einnig jafnframt tekið fram, að þar sem hér er um ákveðið starfsmat að ræða, þá kann svo að fara, að einhverjar breytingar verði þarna, því að á hinum frjálsa vinnumarkaði hefur það verið harla tilviljanakennt, hvernig menn flokkast í launaflokka, þar sem einstök stéttarfélög hafa sótt málið hvert fyrir sig, þannig að hér kann að einhverju leyti af þessari ástæðu að verða brotið út af þessari reglu, en meginreglan er sú og sú regla, sem heimilt er að fara eftir og sem ég, sem ber ábyrgð fyrir hönd ríkisstj. á þessum samningum, hef lagt áherzlu á í samninganefnd ríkisins, að fara bæri eftir, væri að gera samanburð á þeim kjörum, sem þegar eru fengin af hálfu annarra stétta á hinum frjálsa launamarkaði í þjóðfélaginu.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Ja, sem margreyndur verkalýðsforingi get ég út af fyrir sig skilið það, að það sé ekki hægt að skýra nákvæmlega frá stöðu samninga. Ekki bað ég heldur um það nákvæmlega. En ég benti á, að fram hefðu komið opinberlega fregnir af þessum samningum og nefndi þar tölur til hækkunar. Hæstv. ráðh. hvorki játaði né neitaði, að þær væru réttar, sniðgekk það með öllu.

Hann kom hins vegar mjög inn á samanburðinn í launum, sem samkv. l. á að viðhafa við ákvörðun launa opinberra starfsmanna. Ég veit ekki, hvort slíkar hækkanir teljast vera fyrir hendi á hinum almenna vinnumarkaði, síðan laun opinberra starfsmanna voru leiðrétt bæði 1969 og eins nú á miðju þessu ári. Ég skal ekkert um það fullyrða og sjálfsagt er hægt að finna einhver einstök dæmi þess, en tæplega, að um sé að ræða almenna meðaltalshækkun upp á 33%. En það væri kannske annað, sem hæstv. ráðh. ætti hægara með að svara og mér láðist nú í raun og veru að spyrja um áðan, og það er, hver sé stefna ríkisstj. sjálfrar þá í þessum málum. Er það bara að ná samkomulagi, eða hvert er ríkisstj. sjálf að fara í þessum efnum á sama tíma, þegar verið er nú að ræða við aðra aðila um hluti, sem óhjákvæmilega hljóta að snerta opinbera starfsmenn einnig, þ. e. a. s. varðandi vísitölumál og meðferð þeirra?

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Varðandi ráðstafanir, sem gerðar yrðu með löggjöf eða öðrum hætti, sem hv. þm. vék hér að, á næstunni, þá get ég nú ekki rætt þær í einstökum atriðum, því að þær liggja ekki fyrir, en ég get aðeins sagt það, að að svo miklu leyti, ef það kemur til, sem ég heldur ekki veit, hvort um verður að ræða einhverja skerðingu á launum í einhverju formi, þá nær það jafnt til opinberra starfsmanna og annarra og hefur ekki áhrif á þetta mál út af fyrir sig. En ég get

fullvissað hv. þm. um það, að ríkisstj. hefur ekki nokkra minnstu löngun til þess að greiða opinberum starfsmönnum hærri laun en eðlilegt er og markað hefur verið á hinu háa Alþ., og það er ágreiningslaust, að ég held, að það eigi að vera meginstefnumiðið, að opinberir starfsmenn beri svipað úr býtum og aðrar starfsstéttir í þjóðfélaginu.

Það má segja, að ríkisstj. getur haft það á sínu valdi að neita að semja og láta málið fara fyrir kjaradóm, en kjaradómur er hins vegar bundinn af vissum viðmiðunum, sem hann er skyldugur að taka tillit til og hafa hliðsjón af, og ég segi það eitt sem mína skoðun, að að öðru jöfnu vil ég heldur semja en láta málið fara til kjaradóms, nema því aðeins að það væri skoðun mín, að með því móti að láta málið fara til kjaradóms, þá færi ríkið sem vinnuveitandi miklu betur út úr niðurstöðu málsins. Það getur verið álitamál hvort á að halda þannig á spilunum. Ég lít svo á, að svo sé ekki, og ég mundi ekki verða reiðubúinn til að semja, ef ég teldi, að verið væri að semja um kauphækkanir, sem útilokað væri, að kjaradómur mundi fallast á. Það dytti mér ekki í hug að semja um. Þetta er hið eina, sem ég í rauninni get sagt.

Ég er heldur ekki reiðubúinn og ég held, að ríkisstj. sé það ekki, og ég efast um, að hv. þm. væri það sjálfur, t. d. til þess að afnema þetta ákvæði samningsréttarlaganna, þannig að það yrðu núna fest kjör opinberra starfsmanna með einhverjum sérstökum hætti, sem aðrar stéttir í þjóðfélaginu væru ekki bundnar við, ekki sízt, þegar þess ber nú að gæta, að opinberir starfsmenn hafa ekki verkfallsrétt. Ég hygg nú, að það þætti æðihart aðgöngu.

Ég er ekkert að segja, að útkoman úr þessu máli verði kannske þannig, að það út af fyrir sig verði mér sem fjmrh. neitt gleðiefni, það er annað mál. En ég fullyrði það, að það verður lögð áherzla á að framfylgja því ákvæði l., að opinberum starfsmönnum verði ekki greidd óeðlilega há laun miðað við aðrar stéttir í þjóðfélaginu og það verði ekki svo að með þessum samningum fáist grundvöllur, er réttlæti kröfugerð af hálfu annarra aðila, sem eru nú notaðir sem viðmiðunarstarfshópar.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. 2. landsk. þm., að það er sjálfsagt mál, að Alþ. fallist á þá ósk samningsaðila, að sú breyt. verði gerð á l., sem farið er fram á í þessu frv. En ég er einnig á sömu skoðun og þessi hv. þm. um það, að mér hefði fundizt, að hæstv. ráðh. hefði getað gert dálítið betri grein fyrir því, hvernig málin standa. Ég hygg, að hæstv. ráðh. viti það fullt eins vel og allir aðrir, að æðimikil vitneskja um þessar samningaviðræður er nú meðal almennings. Við erum nú þegar æðimargir, sem teljum okkur vita í nokkuð stórum dráttum, hvernig þessi mál standa, og ég held, að það sé verið að stinga höfðinu í sandinn, þegar staðið er hér í þessum virðulega ræðustól og sagt, að þarna sé ekki óhætt að segja neitt til þess að spilla ekki samningsstöðunni. Þetta er ekki raunsætt, og þetta er ekki rétt. Hitt vil ég segja hæstv. ráðh., að þær efasemdir eru uppi hjá æðimörgum, að það séu ekki aðeins erfiðleikar í sambandi við efni samninganna, sem valdi því, hversu lengi þeir hafa dregizt, heldur að hæstv. ríkisstj. hafi haft hug á því að draga þessa samninga fram yfir tiltekna atburði aðra, og þar á ég við þær efnahagsaðgerðir, sem búið er að tilkynna, að gripið verði til af hálfu hæstv. ríkisstj. núna eftir hálfan mánuð eða svo, og sem tvímælalaust fela í sér skerðingu á umsömdum kjörum, sem gengið var frá í vor.

Samningar við opinbera starfsmenn eru ákaflega veigamikið atriði. Þeir eru veigamikið atriði fyrir starfsmennina sjálfa, sem á ýmsan hátt búa nú við launakerfi, sem er gjörsamlega úrelt og óþolandi, en þetta er einnig mjög veigamikið atriði í sambandi við alla fjárhagsþróun íslenzka ríkisins. Eins og Vísir gat um þá jafngildir sú prósentutala, sem talað hefur verið um, að stefnt sé nú að, um 600 millj. kr. á fjárlögum. Í kjölfarið koma ýmsir aðrir hjá bæjarfélögum, hjá bönkum, og hjá ýmsum aðilum öðrum, sem nota kjör opinberra starfsmanna til viðmiðunar. Ég held, að það væri algerlega ótækt, ef Alþ. ætti að fjalla um efnahagsmálin, um þessi svokölluðu bjargráð, án þess að hafa þá fengið vitneskju um það, hvernig þessi mál standa.

Og ég er eiginlega hingað kominn til þess að spyrja hæstv. ráðh., hvort hann muni ekki vilja meta það við alþm., sem afgreiða þetta frv. jafngreiðlega og dæmin munu sanna, meta það með því að heita alþm. því, að það verði ekki teknar neinar ákvarðanir hér á þingi um efnahagsmálin almennt, fyrr en vitað er, hvernig þessum málum lyktar.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Mér finnst ég nú eiginlega vera kominn hér í svolítið óvenjulega aðstöðu. Það sækja hér að mér úr ýmsum áttum aðilar, sem hingað til hafa haft nokkuð önnur viðhorf í sambandi við kjaragerð og hafa frekar deilt á stjórnvöld fyrir það að vera dragbítar á launakröfur en hið gagnstæða, sem mér finnst vera andinn hér að þessu sinni, en sleppum því. Allt er nú breytingum háð í tilverunni og einnig þetta. Ég skil það út af fyrir sig mætavel og lasta það á engan hátt, að þessir tveir hv. þm. eða þm. almennt hafi mikinn áhuga á því að gera sér grein fyrir því, hver verði niðurstaðan af þessum samningum, burtséð frá því, hvort þeir eru sammála um það, að opinberir starfsmenn eigi að fá kjarabætur eða ekki, því að það er hárrétt, sem hv. síðasti ræðumaður sagði og reyndar báðir hv. ræðumenn, að kjaramál opinberra starfsmanna hafa auðvitað mjög víðtæka þýðingu og víðtæk áhrif, í fyrsta lagi á fjárhag ríkissjóðs og í öðru lagi á fjárhag sveitarfélaga. Að vísu hafa nú sveitarfélagastarfsmenn samið og sömdu um síðustu áramót, en það má gera ráð fyrir því, að verði verulegar breytingar á kjörum ríkisstarfsmanna, þá muni naumast vera stætt á öðru en að sveitarfélögin endurskoði þá samninga. Það er

annað mál. Og ég skil það jafnframt, að hv. þm. telji eins og raunar var vikið að í Ed., af hv. formanni Framsóknarflokksins, sem annars tók málinu vel, að það sé ógerlegt að afgreiða fjárlög, áður en þetta liggi fyrir. Ég er nákvæmlega sammála um það, og mér hugkvæmist ekki, að auðið sé að gera það, enda er að því stefnt, að samningum geti orðið lokið fyrir þann tíma.

Varðandi aftur hitt atriðið, sem hv. 6. þm. Reykv. gat um, hvort ég vildi gefa hér um það bindandi yfirlýsingu, að þessum samningum yrði endanlega lokið, áður en hér yrði gengið frá efnahagsaðgerðum, sem boðaðar hafa verið, að gætu komið til kasta þingsins á næstunni, þá get ég enga yfirlýsingu um það gefið. Ég er ekki nema annar aðili þessa máls.

Því var varpað fram af einum hv. þm. Ed. líka, dálítið svipað og kom hér fram hjá hv. 6. þm. Reykv., að þetta væri einhver refsháttur hjá ríkisstj. að draga þessa samninga, en hér er um algjöran misskilning að ræða. Ríkisstj. hefur ekki né samninganefnd ríkisins á nokkurn hátt dregið þessa samninga, og ég held nú sannast sagna, að menn hljóti hér í þessari hv. d. að hafa einhverja hugmynd um það, hvernig stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja er skipuð, og ég held, að sú stjórn hafi ekki hingað til, — og er ég þar ekki á nokkurn hátt að gera lítið úr henni, — fengið sérstakt orð fyrir það að ganga einhverra erinda ríkisstj. og gera henni þægilegt um vik. Og ég held þess vegna, að ég í rauninni þurfi ekki að svara þessu — það mundi áreiðanlega hafa komið fram, ef það hefði sýnt sig, að ríkisstj. eða ég væri vísvitandi að draga þessa samninga og að B.S.R.B. léti þannig teyma sig til þess að gera ríkisstj. eitthvað sérstakt til þægðar. Því mótmæli ég alveg í nafni B.S.R.B. og held, að mér sé alveg óhætt að gera það. Þetta hefur eingöngu gerzt, vegna þess að hér er um verk að ræða, sem er miklu flóknara og umfangsmeira en var reiknað með, og menn hafa setið í þessu vikum og mánuðum saman við að reyna að ná hér saman endum, ekki vegna deilna heldur vegna þess, að málið er geysilega flókið.

Ég vil taka það skýrt fram varðandi fréttir Vísis og annarra blaða, að ég hef ekkert um þær að segja. Þær eru gripnar, — ég veit nú ekki, að hve miklu leyti, — úr lausu lofti, ég skal heldur ekkert um það segja, en þær eru ekki komnar frá samningsaðilum, hvorki frá rn. né B.S.R.B. og þar er um ýmsar veigamiklar missagnir að ræða. En að öðru leyti get ég því miður ekki upplýst hér um einstök atriði þessara samninga, og ég endurtek það, að þó að sagt sé, að það sé samkomulag orðið um veigamikil atriði, þá er það samkomulag allt því háð, að samningar takist um önnur atriði. Og ég held, að allir hv. þdm. hljóti að skilja það, hversu ógerlegt það er að fara að ræða þetta mál hér á hinu háa Alþ. og hvernig það gæti leitt til þess, að gersamlega yrði vonlaust að semja. Ef ég vildi eyðileggja samningana hér í dag, þá mundi ég bezt gera það með því að verða við þessum óskum, og ég er ekki reiðubúinn a. m. k. ekki á þessu stigi til þess að gera það.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Mér urðu það nokkur vonbrigði, að hæstv. ráðh. skyldi ekki telja sér fært að heita því, að greint yrði frá þessum málum hér, áður en ráðizt yrði í þær efnahagsráðstafanir, sem allir vita, að nú eru fram undan.

Hæstv. ráðh. viðurkenndi hér sjálfur, að það yrði að afgreiða þetta mál svo tímanlega, að hægt yrði að breyta fjárlögum í samræmi við það. Það tekur ærið langan tíma að breyta fjárlögum, eins og allir vita, ef það á að vinna að því af einhverri skynsemi, þannig að það, sem ég er að fara fram á hér, er enginn raunverulegur tímafrestur, heldur aðeins, að það sé höfð eðlileg röð á hlutunum.

Ef menn ætla að ná einhverjum tökum hér á efnahagsþróuninni á Íslandi, þá verður að leysa málin í samhengi, ekki hvern þátt einangraðan út af fyrir sig. Það er algjörlega fráleitt að ætlast til þess, að Alþ. fari að fjalla um svokallaðar efnahagsráðstafanir, sem mér skilst, að muni eiga að fela í sér raunverulega skerðingu á vísitölukerfinu frá því í vor, án þess að vita um það, um hvað verður samið á þessu veigamikla sviði. Og ég held, að það væri ákaflega vel fært fyrir ríkisstj. að heita þessu, og vilji hún ekki gera það, þá hljóta það að vera einhverjar annarlegar hvatir, sem þar eru að baki.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég skal ekki verða til þess að lengja þessar umr., enda er ég samþykkur því frv., sem hér liggur fyrir, tel sjálfsagt að fallast þá ósk, sem farið er þar fram á.

Ég geri mér það ljóst af þeim fréttum, sem ég hef haft af þessum málum, að þeir samningar, sem hér er um að ræða, eru mjög veigamiklir og að því mér skilst að sumu leyti ítarlegri en fyrri samningar um þessi mál, vegna þess að nú mun vera til athugunar að breyta að einhverju leyti grundvellinum frá því, sem áður var. En í sambandi við þann samanburð, sem hér hefur verið gerður á launakjörum opinberra starfsmanna og annarra stétta, þá finnst mér rétt að vekja athygli á því, að þó að opinberir starfsmenn hafi fengið 15% kauppuppbót í sumar í samræmi við þær grunnkaupshækkanir, sem aðrar stéttir fengu þá, þá hefur þessum málum verið þannig háttað á undanförnum árum, að þegar aðrar stéttir hafa fengið nokkrar kauphækkanir, þá hafa opinberir starfsmenn ekki fengið þær, og á þann hátt hafa þeir dregizt aftur úr. Mér finnst ekki óeðlilegt, að við þá samningagerð, sem fer fram á milli opinberra starfsmanna og hæstv. ríkisstj., verði tillit tekið til þessa atriðis. Annars verð ég nú að segja það, þó að ég beri nú takmarkað traust til ríkisstj., að þá held ég, að menn þurfi ekki að óttast það, að hún gangi of langt í kauphækkunum, hvað þessa samninga snertir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 76).

---

2. Atvinnuöryggi.

Á 8. fundi í Sþ., 6. nóv., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis [101. mál] (stjfrv., A. 106).

Á 14. fundi í Nd., 9. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það er mitt fyrir hönd ríkisstj. að fylgja úr hlaði frv. þessu til l. um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis, sem nú er á dagskrá. Blöð stjórnarandstöðunnar yfir helgina gefa ekki til kynna, að stjórnarandstaðan komi til móts við okkur í tilraunum til lausnar vanda almennings. Þó vil ég ekki að óreyndu hér í þingsölum útiloka þann möguleika, að stjórnarandstaðan styðji þjóðþrifamál svipað og gerzt hefur í nágrannalöndum okkar. Væri það til of mikils mælzt, að metnar væru að nokkru í þingsölum heiðarlegar og einlægar tilraunir til lagfæringar á kerfi, sem allir viðurkenna í viðtölum manna í milli, að óviðunandi sé? Sjálfir forkólfar stjórnarandstöðunnar hafa í sjónvarpi og hljóðvarpi kallað á aðgerðir ríkisstj. og Alþ. Þeir fundu lausnarorðið, verðstöðvun. „Hví kemur ekki verðstöðvun?“ var feimnislaust spurt. Verðstöðvun er komin, en fleira þurfti til.

Ég mun fyrst í stað rekja forsögu þessa máls nokkuð, síðan aðdraganda þess og afstöðu ríkisstj. Ég minni á hin miklu erfiðleikaár, 1967 og 1968, þegar tekjur af útflutningi þjóðarinnar minnkuðu fast að helmingi. Þá hefði orðið alvarlega þröngt í búi hjá mörgum, ef viðreisnarárin hefðu ekki áður verið búin að skila geysilegri eignaaukningu í vélum og tækjum, skipum og búnaði í hvers konar mynd og gjaldeyrisvarasjóði, sem þá var upp á 3000 millj. kr. Á þessari miklu eignamyndun og gjaldeyrissjóði lifði þjóðin áföllin með miklu minni erfiðleikum en ella. Gjaldeyrisforði okkar var hins vegar þrotinn síðari hluta árs 1968. Síðan fóru að segja til sín margháttaðar ráðstafanir stjórnvalda samfara batnandi árferði og viðskiptakjörum.

Árin 1969 og 1970 hafa reynzt hagstæð, og speglast það í nýjum gjaldeyrisforða og aukinni sparifjármyndun m. a. Réttilega var það látið uppi á öndverðu ári 1970, að launþegum bæri bættur hlutur úr þjóðarbúi. Það ber að viðurkenna afdráttarlaust og láta ekki fyrnast, að samtök launþega, heildarsamtök eins og Alþýðusamband Íslands, höfðu sýnt fyllsta skilning á erfiðum tímum með hófsemi í kröfum, vilja til samstarfs gegn atvinnuleysi og tillögugerð að öðru leyti.

Nú blasti sá vandi við í vor, hvert skyldi þá vera hlutskipti launþega í auknum afrakstri. Um það var að lokum samið milli aðila vinnumarkaðarins, án þess að tillögugerð ríkisins þætti umtalsverð. Ég minni á þetta, þar sem ríkisstj. hafði engin afskipti af þessum samningum önnur en þau að benda á þann möguleika, að hóflegar kauphækkanir samfara nokkurri hækkun á gengi íslenzku krónunnar kynnu að reynast affarasælastar fyrir alla aðila og viðhalda jafnvægi í þjóðarbúsakp. Nú fór sem fór, og hef ég hvorki fyrr né síðar talið það mitt hlutverk að fella dóm um samningagerðir, sem urðu að verkföllum loknum. En má ég spyrja: Datt nokkrum einasta manni í hug, konu eða karli, sem að þessum samningagerðum stóðu, að þær mundu ekki leiða til verulegra verðhækkana og vaxandi verðbólgu? Var ekki eitt megininntak þeirra, að víxlhækkanir verðlags og kaupgjalds skyldu gilda sjálfkrafa? Ég viðurkenni að kauphækkanir hinna lægst launuðu ber öllum að reyna að varðveita. Að því hefur viðleitni mín og ríkisstj. í heild stefnt í stjórnaraðgerðum. Það er mistúlkun, að í frv. ríkisstj. felist ögrun við láglaunafólkið. Ég veit, að formaður Dagsbrúnar, hv. 2. landsk. þm., skilur þetta öðrum betur, en ég áfellist hann ekki fyrir það, sem blöð eins og Þjóðviljinn hafa eftir honum haft, ég veit ekki einu sinni, hvort rétt er eftir haft, — en báðir vitum við, að þegar formaður Dagsbrúnar vill réttilega bæta hag láglaunafólksins, þá á hann ekki um það í glímu við mig eða mína líka. Hann situr sjálfur í stjórn Alþýðusambands Íslands með þeim fulltrúum annarra faglærðra launastétta, sem í þessari baráttu hans, sem ég vil, að skili meiri árangri, eru honum þyngstir í skauti.

Nú spyr ég enn: Hefur öllum kauphækkunum verið velt inn í verðlagið, eins og svo margir hafa staðhæft, og látum þá liggja á milli hluta, hvort það sé ríkisstj. að kenna eða ekki? Hvernig velta útflutningsatvinnuvegirnir kaupgjaldshækkunum út í verðlag á Íslandi? „Nei,“ segja allir, „þeir gera það ekki og geta það ekki.“ En er ekki þarna undirstaðan, sem allt hvílir á? Hverju veltir hinn nýi útflutningsiðnaður á Íslandi inn í verðhækkanir hér, þótt gífurlegar kauphækkanir dynji á honum? Og enn spyr ég: Er ekki framleiðsla hins veika, en vaxandi iðnaðar fyrir innlendan markað undir

nægjanlegu sterku verðlagseftirliti og að öðru leyti ströngum aga? Ef einhver þm. segir„nei", þá á hann að koma hér í ræðustól og gefa sig fram.

Ríkisstj. uggði að hverju stefndi eftir nýju kjarasamningana í vor. Hinn 1. júlí ritaði hún aðilum vinnumarkaðarins það bréf til samráðs um ráðstafanir til mótspyrnu, sem vitnað er til í grg. þessa frv., svo sem alkunnugt er. Aldrei var það í huga neins okkar, að upp yrði staðið með samningagerð, sem innsigla mætti með hátíðlegum tilburðum. Við skulum bara segja það í sem einföldustum orðum: Við töldum allir, að það gæti ekki skaðað að talast við. Það töldu fulltrúar bænda einnig og óskuðu að fá að vera með, og þeir urðu með. Nú er það oft svo, að þegar til slíkra viðræðna er stofnað, þá kunna þær að enda með ósköpum. Þá á ég við, að menn fari að brigzla hver öðrum um, að slíkir eftirleikar eigi sér stað. Ég tel, að við stöndum allir upp sáttir hver við annan að þessu leyti. Ég leyfi mér fyrir hönd ríkisstj. að þakka öllum aðilum þeirra viðræðna, sem ég hef nú vísað til, fyrir sanngirni og hófsemi í hvívetna, og a.m. k. fyrir mig voru þetta mjög lærdómsríkar viðræður. Þar segi ég ekki, að nokkur sé bundinn af einu eða öðru, sem innan vébanda slíkra viðræðna kann að felast eða teljast. Ég vil láta í ljós ósk um, að ríkisstj. megi njóta þess síðar að eiga viðræður við aðila vinnumarkaðarins, þ. e. Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands, um þann síðari þátt viðræðuefnis bréfs ríkisstj. frá 1. júlí, er sneri að nýjum leikreglum við gerð kjarasamninga, sem ekki hefur enn gefizt tóm til að ræða.

Um verðhækkanir í sumar og síðar vil ég segja þetta: Engar breytingar voru gerðar á ströngum verðlagshömlum, er giltu á vöruflokkum og þjónustu, sem ákvarðanir verðlagsnefndar náðu til. Hækkanir á verzlunarálagningu, sem samþykktar voru í júnílok, gerðu aðeins ráð fyrir beinni hækkun verzlunarkostnaðar, sem leiddi af kjarasamningum við verzlunarfólk. Hámarksverð eða hámarksálagning gilti um allflestar vörutegundir, sem verðlagsnefnd hefur vald til að fjalla um. Helzta undanþágan frá þessu er varðandi innlendar iðnaðarvörur, sem seldar eru í samkeppni við innfluttar iðnaðarvörur. Verðlagsnefnd hafði ákveðið með samhljóða atkv. snemma árs 1968, að verðlagning þeirra vara hjá framleiðendum skyldi undanþegin verðlagsákvæðum. En hins vegar skyldu þær áfram vera háðar hámarksákvæðum í smásölu, og skyldu framleiðendur tilkynna verðlagsskrifstofunni allar verðbreytingar. Sérstaklega var hlutazt til um, að hækkun kaupgjalds samkv. vísitölu hinn 1. sept., 4.2%, kæmi hvergi fram í leyfðar verðhækkanir. Að öðru leyti var legið á umbeðnum verðhækkunum í okt. og þær að lokum allar eða flestar takmarkaðar, en sumum hafnað. Að öðru leyti tel ég rétt, að sú n., sem fær mál þetta til meðferðar, kynni sér hjá verðlagsnefnd og öðrum aðilum aðdraganda verðstöðvunar og annarra ráðstafana í því sambandi nú.

Vegna till. hv. 6. þm. Reykv., Magnúsar Kjartanssonar, og annarra þeirra, sem enn dingla aftan í honum, um kosningu rannsóknarnefndar til þess að finna út úr því, hvort rétt væri að stefna mér fyrir landsdóm eða ákæra mig samkv. l. um ráðherraábyrgð vegna ummæla í sjónvarpsviðtali um væntanlega verðstöðvun, hef ég þetta eitt að segja, en þessi sýndarmennska í tillöguflutningi tengist þessu máli: Í l. um landsdóm, nr. 3 19. febr. 1963, segir svo í l. gr.:

„Landsdómur fer með og dæmir mál, þegar Alþ. ákveður að höfða mál gegn ráðh. út af embættisrekstri þeirra."

Síðan segir í 13. gr. — „Ákvörðun Alþ. um málshöfðun gegn ráðh. skal gerð með þál. í Sþ., og skulu kæruatriði nákvæmlega tiltekin í þáltill., enda sé sókn málsins bundin við þau."

Hér er skýrt á kveðið og engin tvímæli. Ef þessir herrar, sem flytja umgetnar þáltill. í Nd., telja mig sekan sem ráðh. vegna ummæla í sjónvarpi, þá eiga þeir l. samkv. að flytja þáltill. um málshöfðun í Sþ. og tiltaka kæruatriði nákvæmlega, eins og þar segir. Yrði þá tekin afstaða til slíkrar till. um ákæru á þinglegan hátt. Að öðrum kosti tel ég ekki mark á þessum hv. þm. takandi í slíku máli.

Á undanförnum áratugum hefur hvað eftir annað orðið að grípa til hliðstæðra ráðstafana og nú til þess að stöðva örar verðhækkanir og tryggja atvinnuöryggi. Því hefur þá verið haldið fram, og svo mun sjálfsagt enn verða gert að þessu sinni, að með slíkum ráðstöfunum sé verið að leggja byrðar á þjóðina, og deilur hafa spunnizt um það, hvort þeim byrðum sé réttlátlega skipt milli þjóðfélagsþegnanna. Þetta er þó hið mesta öfugmæli. Með þessum ráðstöfunum er ekki verið að leggja byrðar á þjóðina, heldur er þvert á móti verið að koma í veg fyrir, að hún þurfi að bera þær byrðar, sem minnkandi framleiðsla og samdráttur atvinnu að öðrum kosti mundi leggja henni á herðar. Framkvæmd þessara ráðstafana mun stuðla að því, að raunverulegar tekjur og neyzla allra þjóðfélagsþegna verði meiri á árinu 1971 en á árinu 1970. Á hinn bóginn má til sanns vegs færa, að með ráðstöfunum sem þessum sé verið að lækka tekjur einstakra aðila og ráðstöfun þeirra tekna til neyzlu og fjárfestingar frá því, sem þessir sömu aðilar höfðu gert sér í hugarlund. Þegar þjóðartekjur fara vaxandi, einkum ört vaxandi, eins og verið hefur að undanförnu, ætlar hver og einn sér mikinn hlut þeirrar aukningar. Launþegar vilja bæta kjör sín fljótt, atvinnurekendur vilja styrkja fjárhag fyrirtækja sinna og ráðast í nýjar framkvæmdir til atvinnuuppbyggingar, og það opinbera, Alþ., rn. og sveitarstjórnir vilja auka mikilvæga þjónustu, sem veitt er almenningi og atvinnulífi. En hver og einn þessara aðila ætlar sér of mikið með tilliti til fyrirætlana hinna. Vöxtur þjóðarframleiðslu og breytingar verðlags útflutningsafurða setja þau mörk, sem ekki verða yfirstigin. Dæmið getur ekki gengið upp, nema til komi samræming á fyrirætlunum allra þessara aðila og til þessarar samræmingar verður hver og einn þeirra að leggja sinn skerf.

Reynsla bæði hér á landi og erlendis sýnir glögglega, að samræming af þessu tagi næst ekki nema fyrir atbeina ríkisvaldsins. Auk þeirra tækja á sviði fjármála og peningamála, sem ríkisvaldið hefur yfir að ráða, getur það orðið óhjákvæmilegt að beita beinum afskiptum af verðlags- og kaupgjaldsmálum um lengri eða skemmri tíma. Bregðist ríkisvaldið forustuhlutverki sínu, þegar þannig stendur á, verður afleiðingin minni hagvöxtur og lakari lífskjör en ella hefði verið kleift að ná og jafnvel, þegar verst gegnir, kreppa og atvinnuleysi. Miklu skiptir við slíkar aðstæður, að almennur skilningur ríki á þeim vanda, sem við er að glíma, og hófsemi og réttsýni gæti af hálfu ríkisvaldsins við ákvörðun þeirra aðgerða, sem nauðsynlegar reynast.

Að þessu hefur ríkisstj. stefnt í þetta sinn, eins og hún hefur áður gert, þegar staðið er frammi fyrir svipuðum vanda. Mikil áherzla hefur verið lögð á það að kynna fulltrúum launþega, atvinnuveitenda og bænda þróun og horfur efnahagsmála. Í þeim viðræðum, sem farið hafa fram á milli ríkisstj. og annarra aðila að undanförnu, hafa þeir fengið í hendur allar þær upplýsingar um þessi mál, sem ríkisstj. hafði yfir að ráða. Á hinn bóginn hefur ríkisstj. ekki ætlazt til, að þessir aðilar tækju á sig þá ábyrgð á lausn vandamálanna, sem aðeins Alþ. og ríkisstj. geta borið, þegar allt kemur til alls.

Ríkisstj. hefur í undirbúningi þeirra ráðstafana, sem hér eru lagðar fram, stefnt að því, að sérhver þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli, legði sinn skerf til lausnar vandans. Skerfur atvinnurekenda er 1.5% launaskattur, sem þeir verða að taka á sig án þess að hækka verð á framleiðslu sinni eða þjónustu. Verður tekjum af þessum skatti varið til að greiða niður verðlag sem svarar 2%-stigum í vísitölunni. Til viðbótar kemur, að fyrirtæki hafa ekki fengið og munu ekki fá að hækka verðlag vegna þeirra launahækkana, er áttu sér stað 1. sept. s. l. Skerfur launþega er frestur á greiðslu 2% launauppbóta, samkv. vísitölu, frá 1. des. 1970 til 1. sept. 1971. Launþegar munu eins og allir hagnast á því, að verðlag hækki ekki frekar. Eins og vísitölukerfið er nú, fá launþegar aldrei fullar bætur í miklum verðbólguvexti. Áætlað hefur verið, eins og fram kemur í grg., að hið svokallaða tafatap launþegans, þegar vísitalan er reiknuð á þriggja mánaða fresti, mundi nema svipuðu og þeim 2% launauppbótum, sem lagt er til að fresta. Um þátt bænda vísast til grg. á bls. 8, en hann er vissulega verulegur. Skerfur ríkissjóðs er um 340 millj. kr., sem ella hefði verið unnt að ráðstafa til annarra þarfa, en nú er honum ráðstafað til aukningar fjölskyldubóta og lækkunar verðlags, sem samtals nemur um 2%-stigum vísitölunnar. Loks koma svo tekjur af hækkun á verði áfengis og tóbaks, sem nægja munu til þess að greiða niður rúmlega 1%-stig í vísitölunni.

Það er skoðun ríkisstj. og stuðningsflokka hennar, að hér sé eins vægilega í sakirnar farið og frekast sé kostur. Samt sem áður megi á þennan hátt ná þeim megintilgangi að stöðva frekari verðbólgu og tryggja atvinnuöryggi í landinu. Skal nú vikið að atvinnuörygginu, sem í ráðstöfunum samkv. frv. felast.

Almennt verður að telja ljóst og óumdeilanlegt, að stöðugt verðlag samfara stöðugu kaupgjaldi sé atvinnulífinu til styrktar. En blómlegt atvinnulíf með vaxandi eftirspurn vinnuafls er að sjálfsögðu hagsmunamál launþega ekki síður en atvinnurekenda, hvort sem þeir eru einstaklingar, félög eða opinberir aðilar. Það er ekki óskynsamlegt að gera þessi sjónarmið lífrænni með vitnun í tiltekin atriði. Íslendingar þurfa að endurnýja togaraflota sinn með smíði nýtízku skuttogara um 1000 tonn eða þar yfir. Verið er að byggja skuttogara fyrir Íslendinga í Póllandi og á Spáni. Síðustu samningar við Spánverja eru á föstu verði. Ríkisstj. vildi stuðla að smíði tveggja stórra skuttogara á Akureyri. Kaupendur ráða ekki við verðmismun, eins og er, sérstaklega vegna þess, að innlendur kostnaður, sem er um 40%, er háður verðbreytingum launa m. a. Við erum að glíma við þennan vanda. Við viljum, að innlenda skipasmíðin fái sitt tækifæri. Full nýting aðstöðunnar í Slippstöðinni á Akureyri gæti falið í sér beinlínis vinnu fyrir um 500 manns auk hliðarverkana. Þessi atvinnugrein á Norðurlandi verður að ná fótfestu. Ráðstafanir samkv. þessu frv. stuðla að því. Hinn nýi skipasmíðaiðnaður á Íslandi er allur í sjálfheldu, ef verðbólgan leikur lausum hala.

Útflutningsiðnaðurinn er í nýsköpun. Sett voru á s. l. þingi lög um útflutningslán, samkeppnislán til styrktar iðnaði. Iðnþrónarsjóðurinn er þegar tekinn að veita nýju lífi í íslenzkan iðnað: Ný keramikverksmiðja í stórum stíl er í uppsiglingu, stækkun veiðarfæragerðar í framkvæmd. Efling nýs fiskiðnaðar er fram undan, stórkostleg virkjunaráform á prjónunum með hugsanlegri stóriðju og nýjum efnaiðnaði í kjölfarið. Þungavatnsframleiðsla, þaravinnsla, perlusteinsvinnsla, sjóefnavinnsla og olíuhreinsun, tengd öðrum efnaiðnaði, eru einnig dagskrármál okkar, enda þótt rannsóknir á framkvæmd taki tíma og margt sé í óvissu. Ný tækniþróun, stálbræðsla, málmvinnsla og margt fleira af sama tagi er á næsta leiti. Í margþættri iðnaðarþróun, smárri og stórri, er atvinnuöryggi framtíðar fólgið. Jafnvægi og stöðugleiki í verðlagi eru undirstöður, sem tryggja framtíð. Með ráðstöfunum þessa frv. er frá engum tekið, þegar á reynir. Þær eiga og munu stuðla að bættum hag og meira öryggi í framtíðinni.

Ég get búizt við því, að einhver kynni að spyrja: „Hvað tekur við eftir gildistíma frv., ef að lögum verður?“ Danir hafa ákveðið verðstöðvun hjá sér til 1. marz 1971. Á fundi með forsrh. Norðurlanda fyrir skömmu spurði ég forsrh. Dana, hvað við tæki hjá þeim. Hann horfði á mig spyrjandi augnaráði. Mér er ljóst, að ég get ekki heldur svarað nema að vissu leyti. Þó eru nokkur atriði, sem ég vildi nefna:

Við verðum reynslunni ríkari, aðgerðarleysi mundi leiða í strand. Árferði og viðskiptakjör á næsta ári segja til um aðgerðir þá. Hér er ekki um kosningaaðgerðir að ræða, því að án kosninga væru þær jafnnauðsynlegar. Síðari þáttur bréfs ríkisstj. um nýjar leikreglur í gerð kjarasamninga hafa þá væntanlega á næsta ári verið teknar til meðferðar og úrlausnar. Nýir kjarasamningar mundu þá taka við í ljósi þessara staðreynda.

Ég vil vekja athygli á því, að eftir verðstöðvun hér í árslok 1966 komu áfallaárin 1967 og 1968. Ef við megum vænta okkur betra hlutskiptis en þá, er augljóst, að hverjum sem er, launþegum, atvinnurekendum, ríkisstj., — hver sem hún kynni að vera á næsta ári, — og Alþ. er búin betri staða haustið 1971 til þess að bregðast við vandamálum, sem þá kunna að steðja að, eftir gildistíma löggjafar, sem hér er óskað eftir, en án hennar.

Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að leggja til, að þessu frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns leggja áherzlu á þessi atriði:

1. Framsfl. hefur vakið athygli á og varað við þeirri hættu, sem heilbrigðu atvinnulífi stafar af mikilli verðbólgu. Hann hefur barizt gegn henni með meiri festu og árangri en aðrir stjórnmálaflokkar. Minni ég á í því sambandi, að á áratugnum 1950—1960, er Framsfl. átti aðild að ríkisstj., hækkaði verðlag um 123% en á valdatímum núverandi valdhafa frá 1960—1970 um 250%.

2. Framsfl. er eini stjórnmálaflokkur landsins, sem hefur látið af völdum, af því að honum tókst ekki að ná samstöðu um leið til baráttu gegn verðbólgu, sem hann taldi nauðsyn bera til

3. Framsfl. hefur í stjórnarandstöðu varað við þeirri verðbólgu, er leiddi af stefnu ríkisstj., svo sem álögum á launþega og atvinnuvegina. Hann hefur flutt frv. og till., sem stefnt hafa að því að draga úr vexti verðbólgunnar svo sem með afnámi söluskatts af mestu nauðsynjum, hækkun á persónufrádrætti til skatts og auknum tryggingabótum.

Formaður Framsfl. lýsti yfir í upphafi þessa þings fylgi flokksins við verðstöðvun, en lagði jafnframt áherzlu á það, að hún yrði að vera raunhæf barátta gegn verðbólgu. Framsfl. lýsir sök á hendur hæstv. ríkisstj. fyrir það, hvernig að þessu máli er staðið. Í fyrsta lagi vegna þess, að ekki var gripið til aðgerða þegar í sumar með auknum niðurgreiðslum og fjölskyldubótum og öðrum þeim ráðum, sem dregið gátu úr vexti verðbólgunnar. Í öðru lagi er það að hafa boðað aðgerðir um verðstöðvun nokkrum vikum fyrir framkvæmd hennar, svo að allir þeir, sem áhuga höfðu, hafa fullnægt lyst sinni um hækkun á vöru og þjónustu, þ. á m. ríkisstofnanirnar. Valdið hafði ríkisstj. í sumar til þess að lýsa yfir verðstöðvun, eins og hún gerði hinn 1. nóv. s. l.

Framsfl. er ljóst, að ef á að ná árangri í baráttunni gegn verðbólgu, þarf markvissa stefnu og þrotlaust starf. Sýndarmennska og uppþot rétt fyrir kosningar gagna lítið, eins og ljóst er af fyrri vinnubrögðum núverandi valdhafa, svo sem ég mun víkja að síðar.

Áður en ég vík að samskiptum hæstv. ríkisstj. og verðbólgunnar og verðstöðvunarþáttum hæstv. ríkisstj., vil ég víkja að frv. því, sem hér liggur fyrir til 1. umr. Um 1. gr. frv. er það að segja, að hún er óþörf. Hæstv. ríkisstj. hefur í lögum heimild til þeirrar verðstöðvunar, sem þar er, enda lýsti hún yfir því 1. nóv., að verðlag í landinu mætti ekki hækka, án þess að samþykkt verðlagsyfirvalda kæmi til, eins og lýst er í þessu frv. Frv. breytir því engu um það, að verðstöðvun gat átt sér stað, án þess að hún væri lögleidd, þar sem lagaheimildin er fyrir. Heimild til aukinna niðurgreiðslna og framkvæmd á því atriði er fjárlagamál. Hæstv. ríkisstj. þurfti þess vegna ekki að koma með það atriði í þessu frv., heldur er það einn þáttur af fjárlagaafgreiðslunni, þegar hún fer fram. Um fjölskyldubætur er það að segja, að það er líka fjárlagamál, en þó þannig, að breytingar á lögum um almennar tryggingar þarf til, og það er annað mál en þetta. Sá þáttur, sem snýr að sveitarfélögunum, um bann við því, að þau megi hækka tekjur sínar, er nýr. Hann var ekki fyrir í lögum, en er svipað atriði og var í verðstöðvunarlögunum 1967.

Þegar þetta er athugað, þá er ástæða til að spyrja: Hver er þá ástæðan fyrir þessu lagafrv., sem hér liggur fyrir til 1. umr.? Hæstv. ríkisstj. hefur stundað þá sýndarmennsku nú í þriðja sinn í sambandi við kosningar að gefa út lög um verðstöðvun. Það var gert í upphafi samstarfs þessara stjórnmálaflokka 1959, og það var endurtekið 1967. Þess vegna var það ekki að undra, þótt ríkisstj. legði ekki út í kosningar í haust, þar sem hún átti þennan þátt eftir til undirbúnings að alþingiskosningum.

En það eru þrjú atriði, sem skipta meginmáli í þessu lagafrv. Það er í fyrsta lagi nýr skattur, launaskatturinn, sem á að leggja á atvinnuvegina. Það hefði verið eðlilegt, þegar till. að þessum skatti var lögð hér fram á hv. Alþ., að hæstv. ríkisstj. hefði gert grein fyrir stöðu atvinnuveganna og því, hvort mál atvinnuveganna væru með þeim hætti, að engra afskipta væri að vænta af hálfu ríkisvaldsins í sambandi við þá á þessu þingi. Nú liggur það fyrir, að kaupgjaldssamningar eru lausir í sambandi við útveginn og verða til meðferðar í kringum áramótin. Það liggur líka fyrir, að mjög hefur hækkað allur tilkostnaður, bæði olía og viðhaldskostnaður í sambandi við útgerðina. Hins vegar er það svo, að verðlag á sjávarafurðum er nú hærra en nokkru sinni fyrr, og þess vegna má gera ráð fyrir því, að staða útvegsins verði þar af leiðandi betri en áður hefur verið. En það er engin grein gerð fyrir því af hálfu hæstv. ríkisstj., hvort staða atvinnuveganna er með þeim hætti, að ástæða sé til að leggja á þá nýjan skatt.

Hinu er heldur ekki að leyna í sambandi við þennan skatt, að hann er í raun og veru borgaður af

launþegum, því að hér er um að ræða álíka fjárhæð og atvinnuvegirnir hefðu orðið að greiða, ef þeir hefðu greitt þessi tvö vísitölustig, sem talað er um að fella niður. Þess vegna er þessi skattur annars eðlis, en eins og ég kem að síðar, er ekki öll sagan sögð með þessu. Það hefði verið eðlilegt, jafnframt því að ríkisstj. gerði grein fyrir stöðu atvinnuveganna, að þetta mál hefði, eins og ég áðan sagði, verið tengt fjárlagaafgreiðslunni, og það væri hægt að sjá, hver þörf ríkissjóðs væri á slíkum tekjustofni.

Í sambandi við þetta mál sem fjárlagamál leyfi ég mér, með leyfi hæstv. forseta, að vitna hér í grg. þessa frv., en þar segir svo á bls. 6:

„En aftur á móti mun auðið að ná drýgri tekjum en reiknað er með í fjárlagafrv. út úr vissum tekjustofnum, án þess að auka skattbyrðar og jafnvel þótt þær séu ákveðnar léttari en nú er."

Hvað segir þetta? Þetta segir það, að tekjuáætlun fjárlagafrv., eins og hún liggur fyrir, sýnir ekki rétta mynd af hugsanlegum tekjum ríkissjóðs af þeim tekjustofnum, sem fyrir hendi eru. Það hefði því verið eðlilegt, að í sambandi við það, þegar á að fara að leggja á nýjan skatt, hefði verið gerð grein fyrir þessum þætti með öðru lagi en hér er gert, því að hér er verið að gefa til kynna, að á tekjuáætlun fjárlagafrv. sé lítið að byggja, því að það muni reynast svo, að hún reynist miklu drýgri en þar er reiknað með. Það er því augljóst mál, að þessi þáttur á ekkert erindi inn í þetta frv., heldur er hér um að ræða einn þátt af fjárlagaafgreiðslunni, og ef á að taka inn í fjárlögin heimild til niðurgreiðslna og tryggingabóta, á að gera það við afgreiðslu fjárlaga, en ekki hér.

En hvað segir svo reynslan okkur af fyrri ákvörðunum hæstv. ríkisstj. í sambandi við verðstöðvun? Hver er reynslan frá 1967? Hún er sú, að þegar kosningarnar voru liðnar og ríkisstj. hafði tekizt að halda fylgi sínu áfram og meiri hl. á Alþ., þá var farið að gefa út tilkynningar um annað en gert var fyrir kosningar. Þá voru ekki gefin fyrirheit um það, að verðstöðvunin væri gildandi áfram og mundi verða varanleg. Þá kom spurningin, eins og hæstv. forsrh. kom með áðan: Hvað tekur við, þegar þessu tímabili lýkur? Og ef við miðum nú við reynsluna, eins og hæstv. forsrh. sagði, „við verðum reynslunni ríkari" eftir þessa aðgerð. Við erum líka með ríka reynslu frá aðgerðunum 1967. Við skulum gera okkur grein fyrir, hvernig þá var staðið að málum, því að þá getum við einnig gert okkur grein fyrir því, hvernig að þessu yrði staðið, ef núv. valdhafar færu með þau mál, eftir að þessu tímabili lýkur. Ég minni á það, að það voru felldar niður niðurgreiðslurnar, sem voru ákveðnar í sambandi við verðstöðvunina. Ef svo færi nú, að það yrði gert, eftir 1. sept., hvernig liti dæmið þá út? Það er gert ráð fyrir því, að launaskatturinn gefi 357 millj. kr. í tekjur og þá verður maður að gera ráð fyrir því einnig, að hann sé varlega áætlaður, svo sem eins og gefið er til kynna um tekjustofna ríkissjóðs samkv. fjárlagafrv. Þetta er nettó umfram það, sem ríkið sjálft verður að greiða í skattinn. Það er gert ráð fyrir því, að af þessum skatti gangi 245 millj. kr. til niðurgreiðslnanna eða til verðstöðvunarráðstafananna til 1. sept. Þá eru eftir miðað við heilt ár 82 millj. kr.

Þá er gert ráð fyrir því, að hækkun á áfengi og tóbaki gefi ríkissjóði í tekjur miðað við heilt ár 190 millj. kr., og þá áætlun verður eins og þær fyrri að taka með fyrirvara um það, að það sé reiknað með, að það gefi eitthvað meira. Á tímabilinu til 1. sept. eiga að ganga af þessum tekjustofni 143 millj. kr. til verðstöðvunarinnar. Þá er gert ráð fyrir því að spara miðað við það, að vísitalan hefði vaxið, eins og gert er ráð fyrir, að þær 150 millj. kr., sem voru áætlaðar til þeirrar greiðslu á fjárlagafrv., þurfi ekki að nota. Nú skulum við gera ráð fyrir því, að að verði farið eins og að var farið 1967, og þá yrði hætt að greiða niður og þær uppbætur héldust eða verðstöðvunarframkvæmdir, sem nú eru ákveðnar, og þess vegna yrði ríkissjóður að nota 1/3 af þessari upphæð, eða 50 millj. kr., til þess að greiða verðlagsuppbætur á 4 síðustu mánuðum ársins, svo að það væri 100 millj. kr., sem færi í raun og veru í sambandi við þessa verðstöðvun. Þá er gert ráð fyrir því, að spöruð verði útgjöld vegna minni útflutnings af landbúnaðarafurðum, sem nemi 130 millj. kr.

Þegar þessir mismunir eru lagðir saman, þ. e. það, sem ríkissjóður hefur í tekjur umfram það, sem fer til verðstöðvunarinnar 1. sept. og sparar sér á þessu tímabili, þá eru það 359 millj. kr. En ríkisstj. gerir ráð fyrir því, að kostnaður við niðurgreiðslur, sem verða að greiðast beint úr ríkissjóði, umfram það, sem tekjustofnar beint ætlazt til, og sparnaður, sem ég hef þegar greint, séu 256 millj. kr. og ef ríkisstj. réði þessum málum eftir 1. sept. og við byggðum á reynslunni, sem hæstv. forsrh. talaði um, að væri svo dýrmæt, þá hefði ríkissjóður 100 millj. í afgang vegna þessara tekjustofna, þegar upp væri staðið. Þá yrði þróunin sú, ef núv. ríkisstj. ræður áfram, að fram kæmi rökstuðningur fyrir því, að ríkissjóður mætti ekki missa þessa tekjustofna, það yrði að halda þeim óbreyttum, þó að niðurgreiðslur og aðrar dýrtíðarráðstafanir yrðu lagðar til hliðar. Ríkissjóður hefði þörf fyrir þær vegna annarra þarfa. Þannig er hægt að gera þetta dæmi upp, ef við byggjum á fyrri reynslu og framkvæmdum hæstv. ríkisstj. í sambandi við verðstöðvun.

Nú veit ég, að ríkisstj.-menn halda því fram, að það detti engum í hug, að launaskatturinn gildi, eftir að verðstöðvuninni sé hætt. En hver er reynslan? Hver er reynslan af sérsköttunum, sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt á til þess að koma tímabundnum málum í framkvæmd? Á ekki á árinu 1971 að greiða skattinn af hægri umferðinni, sem var ákveðinn vegna umferðarbreytingarinnar árið 1969, m. a. vegna þess, að ríkissjóður hirti þennan tekjustofn eitt ár? Og dettur hv. þm. í hug, ef þessir valdhafar færu með málin áfram, að viðhorf þeirra

væru breytt frá því, sem margföld reynsla hefur sannað þm. og þjóðinni um framkvæmd þeirra í efnahagsmálum? Þess vegna er það svo, þegar við lítum á þetta mál í heild, að þá er hæstv. ríkisstj. búin í leiðinni að ná í tekjustofn handa ríkissjóði, en er ekki með verðstöðvunarmálið í huga.

Þá vil ég einnig minna á það í sambandi við launaskattinn, að hann var á sínum tíma lagður á sem sérstakur tekjustofn handa byggingarsjóði ríkisins. Nú er hins vegar komið með hann sem almennan tekjustofn, því að þótt hæstv. ríkisstj. tali fyrir því nú, að hann sé bundinn þessu einstæða verkefni, sem hér er til úrlausnar, þá dettur engum hv. þm. í hug, sem vill hugsa þessi mál raunhæft, að hann verði felldur niður, þegar þetta tímabil er liðið.

Þessu skulum við gera okkur grein fyrir, og þannig er þetta mál uppbyggt af hendi hæstv. ríkisstj. sem einn þáttur í skattheimtukerfi hennar, sem er orðið flókið og margslungið. Það er því á engan hátt ástæða til að afgreiða þennan þátt málsins í sambandi við þetta frv. Hér er ekki um neitt annað að ræða en fjárlagaafgreiðslu og á að tengjast henni, en ekki þessu máli. Kostnaður við niðurgreiðslur og fjölskyldubætur er, eins og önnur útgjöld ríkissjóðs, útgjöld, sem eiga að ákvarðast í sambandi við fjárlagaafgreiðslu og þar munum við framsóknarmenn vinna að því máli eins og öðrum fjárlagamálum, en við munum ekki standa að því að samþykkja þennan skatt handa hæstv. ríkisstj. Hér er um sérmál að ræða, og þetta tækifæri er notað til þess að ná í þennan skatt, en ekki hugsað út frá þessu máli, sem hér á að vera til meðferðar. Þess vegna á að taka þetta mál í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna, en ekki í sambandi við stöðvun á verðlagi, og þarf ég ekki fleiri orðum að því að eyða, því að reynslan sannar okkur það, hvernig hæstv. ríkisstj. stendur að slíkum málum.

Annað atriði þessa frv. er að fella niður 3 vísitölustig hjá launþegum án bóta. Það er kunnara en frá þurfi að segja og kom fram í ræðu hæstv. forsrh. hér áðan, að það var almennt talið, að launþegum í landinu væri nauðsyn á því að fá réttan hag sinn á árinu 1969, þar sem hér væri orðið sérstakt láglaunasvæði. Þetta gerðist með þeim hætti, að launþegarnir í verkalýðsfélögunum urðu að heyja þriggja vikna verkfall. Eitt aðalatriðið í þessum kjarasamningum var að setja vísitöluna í samband aftur til þess að tryggja launþegana gagnvart verðhækkunum, sem þeir höfðu ill kynni af.

Og hvað gerist svo? Það er einu sinni búið að nota vísitöluna sem mælikvarða, og þá tekur hæstv. ríkisstj. sig til og ætlar að setja lög til þess að brjóta þessa samninga. Það er aðeins einu sinni búið að nota vísitöluna sem mælikvarða og þá er byrjað að brjóta samningana. Er hægt að hugsa sér slík vinnubrögð? Er hægt að hugsa sér það, þegar launþegarnir eru búnir að heyja þriggja vikna verkfall til þess að tryggja kjör sín, að þá skuli ríkisvaldið koma eftir nokkrar vikur og breyta kjarasamningunum með löggjöf? Getur hv. Alþ. sýnt samningagerð svona mikið virðingarleysi? Er hægt að taka svona á málinu? Þetta er annað atriði þessa frv. og meginefni þess.

Hið sama endurtók sig að vísu árið 1968. Þá var búið að gera samninga eftir verkfall um það, að vísitalan kæmi inn í launakerfið á vissu tímabili og færi vaxandi. En áður en þeir komu til fullra framkvæmda, var hæstv. ríkisstj. búin að breyta samningunum með löggjöf í sambandi við gengisbreytinguna 1968. Nú er verið að endurtaka þetta og það aðeins nokkrum vikum eftir að samningarnir voru gerðir. Hér er um stórt mál að ræða, það hvort Alþ. á að viðhafa slík vinnubrögð að ganga á gerða samninga sem einskis virði væru. Hér er um mikið atriði að ræða, sem hv. þm. verða að gera sér grein fyrir. Og ég get lýst því yfir af hálfu Framsfl., að hann mun berjast gegn þessu atriði frv. Hann tekur ekki þátt í því að fara að eyðileggja nýgerða kjarasamninga eða virða samningsréttinn ekki meira en hér er gert.

Þriðja atriði þessa frv. snýr að bændum. Það er smjattað á því í grg. frv., að verðhækkanir þær, sem verða á fóðurbætinum, eigi ekki að fullu að koma inn í verðlagið, eins og lög standa þó til. Það er gert ráð fyrir því, að eftir að bændur landsins eru búnir að lifa eitt mesta grasleysissumar og verða að nota meira af erlendum fóðurbæti en áður hefur verið, og hann er að hækka í verði, þá eigi að svipta þá lagalegum rétti til þess að fá hann inn í verðlagið, eins og gert er ráð fyrir í frv.

Þetta eru þrjú höfuðatriði frv. Ekkert af þessum þremur atriðum mun Framsfl. samþykkja, enda væri það fráleitt í alla staði, ef svo væri gert. Ég vil endurtaka það og undirstrika, að allt, sem lýtur að stöðvun verðbólgu, er fyrir hendi í löggjöf, enda hefur ríkisstj. lýst yfir stöðvun frá 1. nóv. og engin ný löggjöf hefur verið sett. Einn þátturinn er, eins og ég sagði áðan, fjárlagaþáttur, sem á að taka með fjárlagaafgreiðslu, en ekki að fara að reyna að nota þetta til að næla sér í nýja skatta. En það er svo sem í samræmi við fyrri vinnubrögð hæstv. ríkisstj.

Annað atriði, sem ég vildi gera hér að umtalsefni, er meðferð málsins. Í raun og veru hefur hún verið með þeim hætti, að hæstv. ríkisstj. hefur auglýst eftir verðhækkunum. Það er búið að liggja í loftinu í nokkurn tíma, að verðstöðvun væri á næsta leiti, og hæstv. forsrh. gaf það raunverulega upp í sjónvarpsviðtali, að hún mundi verða framkvæmd kringum miðjan nóv. enda hefur það verið svo, að verðhækkanir hafa streymt að svo að segja daglega, og allir þeir, sem hafa haft með sölu á vöru og þjónustu að gera og haft sinnu á, hafa fengið verðhækkanir upp á síðkastið, svo sem lyst þeirra hefur staðið til, og ríkisstofnanirnar hafa ekki verið þar neinir eftirbátar. Hæstv. ríkisstj. var búin að gefa út raunverulega tilkynningu um, að svona mundi fara.

Margir hugsa: Er þetta nú ekki einsdæmi? Er hægt að viðhafa slík vinnubrögð? Það er rétt, það er

ekki hægt að viðhafa slík vinnubrögð. En þetta er ekki einsdæmi. Hæstv. ríkisstj. hefur viðhaft slík vinnubrögð áður. Hvernig var það haustið 1968? Þá var í raun og veru gefið upp í ágúst eða sept., að gengisbreyting yrði gerð á haustinu. Og hver varð afleiðingin? Hún varð sú, að spariféð streymdi út úr bönkunum, það varð algert kaupæði og gjaldeyrissjóðirnir voru allir uppétnir, vegna þess að þegar ríkisstj. setti 20% skattinn á allan innflutning til landsins, þá var gefin út tilkynning um það, hvað í vændum væri. Þannig er þetta ekki einsdæmi, sem hér er að gerast, heldur sömu vinnubrögð hæstv. ríkisstj. og verið hafa í sambandi við afgreiðslu hennar á efnahagsmálum, enda ekki kannske undarlegt, að hún kunni orðið þar til verka, sem sýnir sig, að er orðið nokkuð á víxl, þegar slíkar ráðstafanir eru í vændum.

Það er rétt í sambandi við þetta mál, sem er nú til umr., að minna á, hvernig hæstv. ríkisstj. hefur dyggilega fylgt verðbólgustefnu frá upphafi svo að segja, þó að hún gæfi út sínar yfirlýsingar um það, að ef ekki tækist að stöðva verðbólguna, væri allt annað unnið fyrir gýg. Það hefur nú komið í ljós, hvernig hæstv. ríkisstj. hefur tekizt til. Þróunin hefur verið sú, að verðlagið hækkaði um 250% á ártugnum 1960—1970, sem er tvöfalt meira en næsta áratug á undan, enda hefur kerfi og framkvæmd hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum einkennzt af þessu. Það hefur sífellt verið aukin skattheimta, bæði á launþega og atvinnuvegina, sem þeir hafa svo orðið að sækja aftur í gegnum verðhækkanir. Það er búið að gera fjórar gengisbreytingar á þessum síðasta áratug og hinar síðustu með 11 mánaða millibili. Söluskatturinn er, eins og oft hefur verið á bent, bæði nú og áður fyrr, einn mesti verðbólgugjafi, sem hægt er að hugsa sér, þar sem hann leggst á almennar neyzluvörur og er nú orðinn 11%, og það hefði verið hyggilegra fyrir hæstv. ríkisstj., ef hún hefði raunverulega viljað aðgerðir gegn verðbólgu, að hverfa að því ráði, sem við lögðum til á síðasta þingi í sambandi við söluskattinn, í stað hækkana, sem gerðar voru.

Stefna hæstv. ríkisstj. í landbúnaðarmálum einkennist af verðbólguþróun hennar. Þar hefur stefnan verið sú, að það skipti engu máli, þótt framleiðslukostnaðurinn ykist, því að það kæmi aftur í verðlagið. Við höfum oft bent á það, framsóknarmenn hér á hv. Alþ., hve fráleit þessi stefna væri. Það bæri nauðsyn til að vinna að því að draga úr kostnaði við landbúnaðarframleiðsluna eins og auðið væri. En það er ekki gert með því að leggja sérstakan skatt á bændur. Það er ekki gert með því að gera stofnlánin bæði óhagkvæmari, hvað lánstíma snertir, og dýrari. Það er ekki gert með því, að allir kostnaðarliðir við framleiðsluna aukist eins og frekast er hægt, eins og hefur verið stefna síðustu ára. Þess vegna hefur svo farið, að landbúnaðarframleiðslan er orðin svo dýr, að það hefur dregið úr sölunni innanlands. Þessi stefna er alröng, eins og efnahagsstefna hæstv. ríkisstj. í heild.

Sama er að segja um stjórnleysið í fjárfestingunni. Ekki hefur það orðið til þess að draga úr verðbólgu, nema síður sé. Hér hafa verið byggð hús og það stórhýsi, en síðar hefur þurft að leita að verkefnum handa húsunum, eins og gerðist hér við stórhýsi inn við Suðurlandsbraut og fleiri. Þau hafa verið byggð alveg án þess að vitað væri raunverulega um tilganginn, og síðan er farið að leita að verkefnunum. Þetta er ekki lítill þáttur í verðbólgustefnu hæstv. ríkisstj. og hefur ekki verkað lítið á verðbólguna á síðari árum.

Eins og ég vék að í upphafi máls míns, hefur hæstv. ríkisstj. haft uppi tilburði um verðstöðvun. Skyldi það vera tilviljun ein, að slíkir tilburðir eru alltaf tengdir við kosningar? Hæstv. forsrh. vék að því áðan, að slíkt mætti ekki vera, það yrði að hugsa um verðbólguna oftar en í sambandi við kosningar, en hvernig stendur á því, að hæstv. núv. stjórnarflokkar hafa gleymt verðbólgu nema rétt fyrir kosningar? Það er engin tilviljun, að þannig er að farið. Hæstv. ríkisstj. hefur nefnilega sýnt það, að hún hefur ekki áhuga á því að draga úr verðbólgu. Öll stefna hennar er verðbólgustefna. Hins vegar er hún hrædd við verðbólguna, þegar líður að kosningum, og þess vegna er hlaupið til og sett lög, sem eru skírð verðstöðvunarlög. Og eitt af því er það lagafrv., sem hér er nú til umr.

Hver voru tildrögin til verðstöðvunar 1966 eða aðdragandinn? Muna ekki hv. þm. eftir því, að á fyrri hluta ársins 1966 var verið að keppast við það af hálfu ríkisstj. að fella niður niðurgreiðslur af ýmsum vörum, sem áður höfðu verið niðurgreiddar? Það var talið, að þetta sakaði ekki, vegna þess að það kæmi fram í vísitölunni og launþegarnir fengju það bætt, þótt hækkanir yrðu. Þess vegna voru felldar niður niðurgreiðslur, svo að nokkrum tugum millj. nam. En seinni hluta ársins 1966 var blaðinu snúið við. Þá var ákveðið að auka niðurgreiðslurnar að miklum mun, og þá taldi hæstv. ríkisstj. hagkvæmt að fara að tala um verðstöðvun, og þá hafði ríkissjóður til peninga til þess að borga það, þó að hann fyrri hluta ársins yrði að draga allt til sín, því að hann hafði ekki efni á niðurgreiðslum.

Þannig var farið út í kosningarnar 1967 með yfirlýsingum um það, að þetta yrði varanleg verðstöðvun. Það var sögð svartsýni hjá Framsfl. að halda því fram, að hér væri um víxla að ræða, sem framtíðin yrði að borga. En þetta var fásinna ein, enda var verðfall á afurðum erlendis og minnkandi afli. Og svo voru ótugtar framsóknarmenn að reyna að sverta þetta og tala um, að þetta væri ekki raunhæft eða þetta væri bundið við kosningarnar, en hæstv. ríkisstj. sagði, að þetta væri allt af einlægni og heiðarleika og upp á eitthvað fleira, sem hæstv. forsrh. talaði hér um áðan. Það var verið að vinna að þessum málum þannig af þeirra hálfu, en vondu mennirnir í Framsókn hugsuðu nú öðruvísi.

En hvað gerðist svo? Kosningunum var lokið í júlí og í ágúst kom svo hæstv. viðskmrh. í sjónvarpið og sagði frá erfiðleikunum. Þetta hefði

nefnilega reynzt miklu verra en þeir höfðu ætlað, jafnsnjallir og vissir og þeir voru, með vottorð frá seðlabankastjóra og allt þess háttar upp á framtíðina. Það var eitt, sem hæstv. viðskmrh. sagði og aðeins eitt: Gengisbreyting er ekki rétta leiðin. Gengisbreyting er ekki sú leið, sem farin verður, hún er ekki rétta leiðin. Það eitt fékk þjóðin út úr þessu samtali, að gengisbreyting væri ekki rétta leiðin, og þess vegna yrði hún ekki farin, en vandinn væri mikill.

Svo kom framhaldið. Í nóv. var yfirlýsingin frá í ágúst gleymd. Þá var gengisbreyting eina rétta leiðin, og ef hv. þm. færu nú að halda öðru fram, t. d. að það væri til önnur stefna eða önnur leið, þá væru það skrýtnir menn, því ríkisstj. hefði ákveðið, að þetta væri rétta leiðin, og þannig yrði það að vera. Þótt hún hefði tveim mánuðum áður gefið út yfirlýsingu um, að þetta kæmi aldrei til greina. Það skipti ekki máli, því að það er rétt, sem þeir segja í dag, þótt þeir hafi sagt annað í gær.

En hvað tekur við, eftir að verðstöðvunartímabilinu lýkur? Þá er rétt að rifja upp fyrir hæstv. ráðh. og öðrum hv. þm., hvað tók við, eftir að verðstöðvunartímabilinu lauk árið 1967. Það var gengisbreytingin í nóv. það ár og fjárlagaafgreiðslan í des. Þar var gefið út fyrirheit um það, að tollar yrðu lækkaðir um 250 millj. kr. Þetta væri hægt að gera vegna gengisbreytingarinnar. Ríkissjóður hefði svo miklu hærri tekjur af þessum nýju tekjustofnum, að þetta yrði gert, en það yrði gert eftir áramótin. Svo komu áramótin og þá kom janúar, en hvað gerðist þá? Það var tekið upp uppbótakerfi. Það var ákveðið að greiða atvinnuvegunum til viðbótar við gengisbreytinguna 320 millj. kr. Það var tekið sérstaklega fram við gengisbreytinguna 1967, að hún væri óvenjulega vel undirbúin og allt athugað langt fram í tímann. En þetta „langt fram í tímann“ náði ekki fram yfir áramót, því að til þess að hægt væri að koma flotanum af stað þurfti að ákveða þetta í janúar. Svo kom febrúarmánuður, og hvað gerðist þá? Þá kom frv. um tollalækkunina, það voru ekki 250 millj., eins og heitið hafði verið, heldur 160, eða 150—160. Þá hafði ríkissjóður þörf fyrir meira fjármagn en reiknað var með í des. og þess vegna varð að breyta þessu. Svo kom marzmánuður 1968. Þá var ákveðið að hækka verð á áfengi og tóbaki vegna þarfa ríkissjóðs. Það var ekki hægt að hugsa sér, að tekjur ríkissjóðs stæðu undir útgjöldum, nema þessar aðgerðir væru gerðar.

En það var gert meira í marzmánuði. Þá kom frv. um frestun á útgjöldum og sparnað. M. a. átti að spara í risnu hjá ríkisstj. um 200 þús., en raunin varð nú sú, að hún varð aldrei hærri en þetta ár, þegar reikningurinn kom. Það er nú önnur saga. En það var ákveðið að fresta því að greiða til ýmissa framkvæmda eins og byggingar Landsspítalans, menntaskólanna, Kennaraskólans og fleiri slíkra stofnana og taka lán til þess að mæta þessu, því að framkvæmdunum var nú ekki hægt að fresta. Þannig var til viðbótar þessari tekjuöflun ákveðið að fella niður og fresta ýmsum útgjöldum, vegna þess að ríkissjóður þurfti sitt.

Og svo kom aprílmánuður, og hvað gerðist þá? Þá var ákveðið að hækka skatta um 190 millj. Þetta voru skattar, sem áttu að ganga í vegasjóð, og enginn gat verið á móti því að fara að hækka þá eða fá aukið fé í vegasjóð, enda var það nú svo, að gengislækkunin hafði komið illa við þann sjóð. Það voru hins vegar skrýtnir menn, sem voru að tala um það, að það hefði gleymzt að láta ríkissjóð greiða þessar 47 millj., sem heitið var, þegar vegalög voru afgr. og hæstv. samgmrh. gaf út sérstaka yfirlýsingu um, að það yrði aldrei minna en það. En þá var ákveðið, að auka skyldi þennan tekjustofn um 190 millj. kr.

Og svo kom maí og júní, og hvað gerðist þá? Þá var síldveiðiflotinn stopp, og þá skrifaði bara sjútvmrh. upp á víxil um það að greiða kostnaðinn. Hann var óútfylltur víxillinn, en við borgum hann með haustinu. Það varð að gera þetta, til þess að síldveiðiflotinn kæmist í gang eða athafnaði sig á eðlilegan hátt þrátt fyrir gengisbreytinguna og verðstöðvunina, sem gilti árið áður.

En það var ekki liðið þetta ár. Svo kom júlí og ágúst, og hvað gerðist þá? Þá sögðu forsvarsmenn frystihúsa í landinu, að þau mundu stöðvast, nema þau fengju aukna aðstoð, og þá ákvað ríkisstj. að bæta nú við, það voru nú ekki nema 20 millj. í það skiptið, til þess að ekki yrði stöðvun hjá öllum frystihúsum landsins. Málið yrði svo síðar tekið til alvarlegrar framtíðarathugunar.

Svo kom september, og þá var nú liðið ár, frá því hæstv. viðskmrh. gaf út yfirlýsinguna um erfiðleikana, sem ekki yrði mætt með gengisbreytingu, og hvað gerðist þá? Þá var ákveðinn 20% innflutningstollur af öllum vörum til landsins og ferðagjaldeyri. Það var gert ráð fyrir, að þetta væri um 600 millj. kr. biti, sem þarna væri fenginn, og það var ekki hægt að bíða einn dag, því að allt var að fara úr böndunum. Þetta var í framhaldi af verðstöðvuninni, aðeins ári eftir að hún var leyfð.

Svo kom október og þá var lagt fram fjárlagafrv. Á því var sá galli, að botninn var ekki einu sinni finnanlegur í Borgarfirði. Hann var hvergi finnanlegur, og það var sagt frá því í grg. frv., að það yrði að bíða seinni tíma, hvernig ætti að finna botninn.

Og svo kom nóvembermánuður. Og þá var tekið til hendinni, því að þá var gerð gengisbreyting, stórfelldari en jafnvel nokkru sinni fyrr. Þá var ekki liðið fullt ár, frá því hæstv. ríkisstj. hafði gert gengisbreytinguna, sem hún var búin að sverja fyrir, og allt voru þetta afleiðingar framhalds verðstöðvunarinnar 1967, sem var varanleg að dómi ríkisstj.

Og hver varð svo afleiðingin af þessu öllu saman? Afleiðingin varð sú, að hér var atvinnuleysi, sem ekki hafði þekkzt hér um langt árabil, og það verulegt atvinnuleysi. Það var landflótti. Fólk fór úr landi í atvinnuleit, sem var algerlega óþekkt, og það

hefur ekki allt komið aftur enn. Þá var því lýst yfir af stjórnarherrum og fleirum, sem hafa rætt þessi mál, að Ísland tilheyrði láglaunasvæði, enda var í sambandi við gengisbreytinguna 1968 lækkað kaup og gerðar þær ráðstafanir, að fólk hafði lægri tekjur en það hafði áður haft. Ofan á þetta bættist svo það, að ríkissjóður hefur verið rekinn með halla þrjú síðustu ár. Þegar hæstv. forsrh. spyr, hvað taki við, þegar verðstöðvuninni lýkur, og svarið er ekki ljóst, þá geta menn gert sér grein fyrir því, hvað taki við, þegar þessari verðstöðvun lýkur, ef sömu stefnu verður haldið. Það þarf enginn að fara í grafgötur með það, að sagan muni þar endurtaka sig.

Og það er fleira, sem kemur til greina í sambandi við þessi mál, en ég hef hér lýst. Hver hefur orðið þróun verðlagsmála, síðan verðstöðvuninni lauk? Þróun verðlagsmála, síðan verðstöðvun var ákveðin 1966, er sú, að hækkunin er um 67 stig á þessu tímabili, enda hefur vel verið að unnið með allar verðhækkanir, og sýnir sig nú, hvert komið er um þessi mál, því að þetta frv., sem að vísu er endurtekning á fyrri sýndarmennsku, er þó fram komið, vegna þess að hæstv. ríkisstj. er hrædd við sína stefnu, sín eigin verk og hvert hún stefnir.

Eins og ég gat um hér fyrr í ræðu minni, þá var verðstöðvunin svokallaða 1967 rökstudd með því, að verðlag á erlendum mörkuðum hefði lækkað. Ekki er hægt að nota þessa röksemd núna, því að nú er verðlag hærra en nokkru sinni fyrr. Þrátt fyrir það er nú svo komið, að hér ber nauðsyn til að gera ráðstafanir, og átti að vera búið að því fyrr, eins og ég hef áður sagt. Því er svo við að bæta, að hér á landi hafa launakjör verið lélegri en annars staðar, þangað til nú á þessu sumri, að það var lagað.

Ástæðan til þess, að við þurfum alltaf að vera að gera þessar ráðstafanir í efnahagsmálum, sem viðreisnin ætlaði sér að gera í eitt skipti fyrir öll í upphafi valdatímabilsins, er röng stjórnarstefna. Ástæðan er engin önnur en röng stjórnarstefna. Og þessi sýndarmennska og þetta auglýsingaskrum, sem sett eru upp við hverjar kosningar, staðfesta þessa röngu stjórnarstefnu, sem hæstv. ríkisstj. hefur stuðzt við og framkvæmt. Það er verið að fá sér tíma til þess að fresta aðgerðum og leyna ástandi fram yfir kosningar. Það er framhald af því, sem gert var 1959 og 1967.

Eins og ég tók fram í upphafi máls míns, þá styður Framsfl. verðstöðvun, enda hefur það alltaf verið stefna hans, að gæta yrði hófs og halda ætti uppi þrotlausri baráttu við verðbólgu. Hann hefur náð þar meiri árangri en aðrir flokkar, eins og ég sýndi fram á í upphafi máls míns. En hann styður ekki nýja skattaálagningu. Hann tekur ekki þátt í því að brjóta nýgerða vinnusamninga, og hann tekur heldur ekki þátt í því að svipta bændur því, sem þeim er tryggt samkv. lögum. Framsfl. mun hins vegar við afgreiðslu fjárl. meta fjárþörf ríkissjóðs í heild, þegar hún er fyrir, enda verði það gert með þeim hætti, að hægt sé að meta hana, en ekki með óljósu orðalagi og tilkynningum um það, að skatttekjustofnarnir gefi miklu meira en ráð er fyrir gert í áætluninni, eins og kemur fram í grg. þessa frv.

Það er aðeins eitt, sem getur komið að gagni gagnvart verðbólgu. Það er breytt stefna í efnahagsmálum. Aðeins hún getur komið að liði gagnvart verðbólgu. Þar þýðir ekki nein sýndarmennska eða skrum í sambandi við kosningaundirbúning, eins og hæstv. ríkisstj. hefur stundað. Þar þýðir ekki annað en það að taka á verkefnunum með raunhæfum hætti. Að því vill Framsfl. vinna og gifta þjóðarinnar í efnahagsmálum er undir því komin, að aðrir fari með mál þjóðarinnar, þegar þessu tímabili lýkur, sem hér er gert ráð fyrir og hæstv. ríkisstj. kallar verðstöðvunartímabil.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Mér sýnist frv. það, sem hér er nú til umr. um stöðugt verðlag, eins og það heitir að þessu sinni, bera augljóst vitni um úrræðaleysi og fálm hæstv. ríkisstj. í þeim vanda, sem *hún er nú í stödd í sambandi við efnahagsmál* þjóðarinnar. Það hlýtur öllum mönnum að vera ljóst, sem skoða þetta frv. og hafa í huga þann vanda, sem við er að fást í íslenzkum efnahagsmálum nú, að þetta frv. leysir í rauninni engan vanda. Það er spurning, hvort það skapar ekki stórkostleg ný vandamál í efnahagslífinu, sem erfitt getur orðið að leysa. Það meginverkefni, sem ríkisstj. segist hafa verið að glíma við í sambandi við þetta frv., er það að finna leiðir til þess að eyða, eins og það er nú kallað, 6.2 vísitölustigum úr kaupgjaldsvísitölunni, en gert var ráð fyrir því, að kaupgjaldsvísitalan hefði átt að hækka eftir réttum leikreglum um 6.2 vísitölustig miðað við verðlagið í nóv., og hefði það átt að koma til greiðslu í kaupgjaldi 1. des. n. k.

Það er svo býsna fróðlegt að sjá, hvernig hæstv. ríkisstj. ber sig að því að eyða þessum vísitölustigum, þ. e. a. s. að láta vísitölustigin hverfa með einhverjum hætti. Till. hennar eru þær, að í fyrsta lagi skuli strika út af þessum 6.2 vísitölustigum 2 stig úr kaupgjaldsvísitölunni og launafólk allt í landinu skuli ekki fá þessi vísitölustig reiknuð með í kaupuppbótum sínum samkv. gerðum samningum. Þetta er nú býsna einföld aðferð að eyða hlutum eða láta þá hverfa. Það er bara að strika yfir þá, það er farið að neita staðreyndum, neita gerðum samningum.

Önnur leið, sem hæstv. ríkisstj. hefur fundið, er það, að hún ákveður að leggja á sérstakan launaskatt, sem nemur 1.5% af greiddum launum. Það er í rauninni afskaplega einkennilegt að finna upp á þessu, ef menn virða fyrir sér, hvernig þessir hlutir ganga raunverulega fyrir sig. Ef vísitalan hefði verið látin mæla verðlagið, eins og um hafði verið samið, þá *áttu náttúrlega* allir atvinnurekendur að borga hækkunina. Nú er sagt við nákvæmlega sömu aðila: Við ætlum að leggja á ykkur skatt, sem miðast líka við kaupið, sem þið greiðið, sem nemur 1.5%. Atvinnurekendur eiga m. ö. o. að greiða nákvæmlega sömu töluna. Nú á bara greiðslan að fara til ríkisins, en í hinu tilfellinu átti samkv. samn-

ingum þessi greiðsla atvinnurekenda að fara til launafólksins sjálfs. Það er náttúrlega ekki sjáanlegur nokkur sparnaður fyrir atvinnureksturinn í landinu á þessari krókaleið. En af hverju eru menn þá að gera þetta? Hæstv. forsrh. upplýsti það, að þessi aðferð hefði það í för með sér, að greiðslan gangi í ríkissjóð og ríkissjóður taki svo upphæðina og noti hana til niðurgreiðslna með sérstökum hætti, en þá lækkar þetta vísitöluna um 2 stig. Á þennan hátt tókst þó að falsa gerða samninga um vísitöluuppbætur á laun um 0.5 stig, og til þess var þessi leikur gerður. Ef við reiknum nú með því, að það sé í rauninni búið að eyða á þennan sérstaka hátt 2 stigum, sem eru hreinlega strikuð út, gagnvart launafólki, og síðan eru atvinnurekendur látnir borga 1.5 stig raunverulega með þessari krókaleið, þá hefði átt að vera búið að eyða að réttu lagi 3.5 vísitölustigum af 6.2, og þá hefðu átt að vera eftir 2.7 stig. En þau verða líka 2.7 stig af því að það er m. a. búið að vinna þarna í kringum 0.5 vísitölustig með því að fara þessa krókaleið, sem ég var að lýsa. Nú er það ekki svo, að ríkissjóður ætli sjálfur að standa undir einhverri lækkun á verðlaginu, sem næmi t. d. þessum 2.7 vísitölustigum, heldur er farin sú leið, að ríkið ákveður að afla sérstakra tekna til þess að standa undir niðurgreiðslum, og þegar kemur til þess að afla teknanna, þá átti vitanlega vísitalan að hækka, samkv. því, sem þá hafði verið um samið um gerð vísitölunnar. Og þar kom eitt vísitölustig til vegna afleiðinganna af nýju tekjuöfluninni hjá ríkissjóði. En þá fara menn þannig að, að það vísitölustig er ekki reiknað með, þótt um það hafi verið samið í vísitölugrundvellinum, að til þess ætti að taka fullt tillit. En peningarnir eru teknir og notaðir í niðurgreiðslu. Á þennan hátt er einnig verið að falsa vísitöluna um eitt vísitölustig.

Það kemur svo í ljós í grg. frv., að raunverulega er ekki ætlazt til þess, að ríkissjóður, sem vinnur nú að þessari miklu eyðingu á vísitölustigunum 6.2, leggi frá sér umtalsvert fé til þess að losna við þessi vísitölustig. Samkv. grg. frv. er gert ráð fyrir því, að það geti fallið á ríkissjóð, ef áætlanir reynast réttar, í kringum 61 millj. kr. Það er allt og sumt. Hér er því á ferðinni till. um stórkostlega fölsun á vísitölugrundvellinum og þeim samningum, sem launastéttirnar í landinu hafa gert við vinnuveitendur. Það er kjarni þeirra till., sem hér liggja fyrir.

Það er alveg augljóst mál, að till., sem hafa þetta að meginefni, leysa engan vanda. Það er ótrúlegt, að það fái staðizt lengi, að ríkisstj. geti viðhaft þau vinnubrögð að beita sér fyrst fyrir því við verkalýðssamtökin í landinu, að þau fallist á tiltekinn vísitölugrundvöll, — það gerði ríkisstj. Hún beitti sér fyrir því, að nýr vísitölugrundvöllur var tekinn upp og það skyldi miða við hann í sambandi við útreikninga á framfærslukostnaði og síðan á kaupgjaldsvísitölu, — og að sú sama ríkisstj. skuli svo koma rétt á eftir með till. um það að svíkja þennan grundvöll og breyta honum. En það er gert í þessu frv. og það meira en í einu tilviki.

Það er ekki aðeins um það að ræða, að í frv. er lagt til, að tilteknar verðlagshækkanir, sem nú eiga að verða, skuli ekki reiknast inn í kaupgjaldsvísitöluna, þó út frá því hafi verið gengið í því samkomulagi, sem gert var áður um nýjan vísitölugrundvöll, heldur koma hér einnig fram till. um það, að ríkisstj. megi skjótast inn með ákveðnar niðurgreiðslur á vöruverði eftir öðrum reglum, og það skuli mælt eftir öðrum reglum en áður var um samið í vísitölugrundvellinum, en þar var alveg skýrt tekið fram, að það væri það verðlag, sem gildandi var 1. nóv., sem átti að miða við, og síðan átti kaupgjaldið að ákvarðast einum mánuði síðar miðað við það verðlag. En nú kemur hér inn till. í frv. um það, að ríkisstj. geti skotizt inn með niðurgreiðslur á verðlagi daginn fyrir 1. des., daginn áður en nýtt kaupgjald á að taka við, og þá skuli sú niðurgreiðsla gilda, en ekki það verðlag, sem raunverulega var 1. nóv., eða mánuði áður en hin eiginlega kaupgjaldsvísitala tekur gildi. Þarna er á ferðinni önnur mjög mikilvæg breyting á þeim grundvelli, sem ríkisstj. sjálf hafði staðið að að gera samkomulag um við launasamtökin í landinu. En það var vísitölugrundvöllurinn.

Það er auðvitað mjög alvarlegt mál, að ríkisstj. skuli standa á þennan hátt að því samkomulagi, sem hún hefur sjálf gert, að hún skuli hlaupa frá því, strax og á það reynir eitthvað. Skilur ekki hæstv. ríkisstj. það, að þeir aðilar, sem svona eru leiknir við samningaborðið, verða tregir að setjast að samningaborði með henni og gera yfirleitt samninga við hana um nokkurn skapaðan hlut. Og dettur henni ekki í hug, að af því kunni að geta skapazt ýmiss konar erfiðleikar í landinu. Ríkisstj. veit það einnig, að þeir samningar, sem gerðir voru um launakjör 19. júní í sumar á milli verkalýðssamtakanna og atvinnurekenda, voru alvörusamningar, það voru samningar, sem áttu að gilda. Þeir samningar voru undirritaðir á hátíðlegan hátt, og ríkisstj. vissi mætavel um það, að til þess var ætlazt, að við samningana yrði staðið. Og það fer auðvitað ekkert á milli mála, að ríkisstj. fylgdist greinilega með allri þessari samningagerð, því að það hefur ekki farið fram hjá neinum, að á undanförnum árum hafa atvinnurekendasamtökin í landinu haft samstarf við ríkisstj. í sambandi við gerð kjarasamninga. Ríkisstj. veit því mætavel, að þegar hún nú nokkrum mánuðum síðar kemur með till. um það, að vikið skuli frá þessum kjarasamningum á þann hátt að fella skuli niður 2 vísitölustig af þeim launum, sem um hafði verið samið, þá er hún að svíkja þá samninga, sem þarna voru gerðir, og það er mjög alvarlegt mál. Getur hæstv. ríkisstj. ekki búizt við því, að sá aðili, sem stendur frammi fyrir því, að þeir samningar, sem hann hefur gert, eru sviknir, að þessi aðili kunni að segja: „Þá tel ég mig heldur ekki skuldbundinn við þennan samning.“ Og þá er hætt við því, að þá kæmi upp nýr vandi, kannske öllu stærri en sá vandi, sem við er að glíma í efnahagsmálunum og blasir við nú. Ríkisstj. hafði, áður en hún lagði fram þetta frv., staðið í

alllöngum samningaviðræðum við fulltrúa frá verkalýðshreyfingunni, og hún vissi því mætavel um afstöðu þeirra til þessara mála. Ríkisstj. hafði ekki komizt að neinu samkomulagi þar í þessa átt. En samt flytur hún till. í þá átt, sem greinir í þessu frv., sem miðar að því að rifta samningunum.

Þegar þessi mál eru skoðuð nánar og menn reyna að gera sér grein fyrir því, hvernig stendur á þeim vanda í efnahagsmálum okkar, sem við er að glíma nú, þá kemur auðvitað fljótlega að því, að menn verða að meta það, hvort sú kauphækkun, sem um var samið á s. l. sumri, hafi í rauninni verið of mikil, hvort efnahagskerfið hafi ekki þolað þá samninga, hvort það hafi raunverulega verið þessir samningar, sem leitt hafi til þess vanda, sem nú er við að fást, eða hvort það hafi verið eitthvað annað, sem valdið hafi þessum vanda. Við vitum, að á s. l. sumri var samið um kauphækkun, sem almennt var talið, að væri um 15—18%. Hjá flestum mun kauphækkunin hafa verið í kringum 15%, en í nokkrum greinum nokkru meiri, og má því segja, að kauphækkunin hafi verið á milli 15—18%. Það er enginn vafi á því, að þessi kauphækkun var ekki meiri en svo, að hún rétt aðeins nam því, hafi hún þá gert það að fullu, að jafna upp þá kauplækkun, sem yfir hafði gengið á árunum 1967—1968 og fram á árið 1969. Hér var því um það að ræða, að á miðju þessu ári var kaupið aftur fært upp nálega til sama kaupmáttar eins og kaupið hafði verið í, áður en til lækkunartímabilsins kom. Nú er spurningin: Var ekki aðstaða til þess í íslenzkum þjóðarbúskap að veita þessa kauphækkun til þeirra, sem höfðu orðið fyrir kauplækkun, á meðan erfiðleikarnir gengu yfir í okkar þjóðarbúskap? Það fór auðvitað ekkert á milli mála, að þegar samningarnir voru gerðir á s. l. sumri, voru allar aðstæður í okkar efnahagskerfi gerbreyttar frá því, sem verið hafði. Árið 1969 hafði reynzt gott ár. Þá fóru þjóðartekjur allverulega vaxandi. Talið var, að þjóðartekjurnar hefðu vaxið í kringum 3%. Útflutningurinn hækkaði allverulega í verði og viðskiptakjör voru hagstæð. Fyrri hluti ársins 1970 eða fram að samningatímabilinu hafði þó verið miklum mun betri en meðaltalið á árinu 1969. Verð á útflutningsvörum þjóðarinnar hafði enn farið stórlega hækkandi og framleiðslan fór einnig vaxandi. Það var alveg ljóst mál, að þjóðartekjurnar mundu vaxa miklum mun meira á árinu 1970 en þær gerðu á hinu tiltölulega góða ári 1969, enda telur Efnahagsstofnunin nú, að þjóðartekjur muni vaxa á þessu ári um rúmlega 10%. Það er gífurlega mikill vöxtur á þjóðartekjum, en ein meginástæðan fyrir þessum mikla vexti liggur í því, að allar aðalútflutningsvörur landsmanna hafa hækkað gífurlega í verði á erlendum mörkuðum. Það er enginn vafi á því, að allar ytri aðstæður voru hagstæðar til þess að veita kauphækkun, þegar samið var um kauphækkunina í júní s. l. Og það hafa enn ekki verið færð fram nein rök fyrir því, að sú kauphækkun, sem þá var samið um, hafi verið of mikil fyrir efnahagskerfið, og því var ekki haldið fram af stjórnarvöldum um það leyti, sem samningarnir voru gerðir.

Nú er það svo, að efnahagsástandið hefur í rauninni, þegar litið er á þjóðarbúið sem heild, farið batnandi frá miðju ári. Verðhækkanirnar á okkar útflutningsafurðum hafa enn haldið áfram, og framleiðslan hefur enn farið vaxandi. Það eru því vitanlega enn þá minni rök fyrir því að halda því fram nú í byrjun nóv., að það séu ekki aðstæður til þess að standa undir þeirri almennu kauphækkun, sem samið var um í júlí s. l. Nei, vandann er ekki að rekja til kauphækkananna. Vandann er að rekja til þess, að síðan samið var um þessar kauphækkanir í júní, hafa gengið yfir allt of miklar almennar verðlagshækkanir, sem stjórnarvöld hafa lagt blessun sína yfir. Og það, sem verra er, það virðist eftir því, sem gerð er grein fyrir í grg. þessa frv., beinlínis hafa verið stefna ríkisstj. að miða að því, að allar þessar verðhækkanir skyldu koma fram. Þar var ekki gengið neitt hikandi að hlutunum. Ég vek t. d. athygli hv. þm. á því, sem segir í grg. frv. hér á bls. 3. Þar er ein mgr., sem fjallar sérstaklega um þennan þátt málsins. Að vísu er þessi mgr. örlítið torskilin. Hún er ekki á neinu alþýðumáli, eins og kemur stundum fyrir hjá mjög sprenglærðum hagfræðingum. Þeir eiga heldur erfitt með að koma sér niður á venjulegt mannamál. En eigi að síður má nú skilja þetta með því að lesa þetta nokkrum sinnum yfir og velta því fyrir sér, hvaða meining muni þarna liggja á bak við orðin. En þessi mgr. lýsir því samt sem áður mjög vel, hvernig ríkisstj. hefur metið þetta ástand. Nú skal ég lesa þessa mgr., með leyfi hæstv. forseta, en þar stendur, þegar búið er áður að víkja nokkuð að því, að það hafi ekki verið ástæða til þess að stöðva verðlagið, fyrr en gert var, og verðlagshækkanirnar hafi nú þurft að ganga yfir:

„Af þessu er augljóst, að ekki var hægt að koma í veg fyrir verðlagshækkanir með beitingu verðlagsákvæða, áður en aðlögun verðlags að hækkun launakostnaðar í öndverðu var komin fram. Rök þau, sem færð voru fram fyrir nauðsyn þessara hækkana, voru svo sterk, að þeim varð ekki andmælt.“ — Það var ekki einu sinni hægt að andmæla þeim. — „Hækkanirnar hafa dreifzt mjög almennt á allar tegundir vöru og þjónustu og tiltölulega jafnt eftir því, sem tilefni hafa gefizt til. Hafa hlutaðeigandi yfirvöld fylgzt rækilega með verðlagsaðlöguninni með stuðningi sundurliðaðra vísitöluyfirlita og áætlana og unnið að samræmdu mati hækkunartilefna, svo að sem fastast yrði á móti spornað.“

Þessa grein þurfa menn eflaust að lesa oftar en einu sinni, ef þeir eiga að skilja hana, eða svo fór fyrir mér. En það er rétt að lesa hana hér aftur, en þessi setning er svona:

„Hafa hlutaðeigandi yfirvöld fylgzt rækilega með verðlagsaðlöguninni með stuðningi sundurliðaðra vísitöluyfirlita og áætlana.“

Það fer sem sagt ekkert á milli mála, hvað

verðlagsyfirvöldin hafa haft sér til gagns í sambandi við það að tryggja það, að verðhækkanirnar aðlöguðu sig hinu breytta ástandi. Þau hafa haft sér til fulltingis í þessum efnum nákvæm vísitöluyfirlit og áætlanir til þess að sjá um það, að verðhækkanirnar yrðu allar eftir áætlun. Og svo segir hér áfram:

„Hefur jafnframt verið unnið að því að ljúka þeirri verðlagsaðlögun, sem óhjákvæmileg reyndist, meðan athuganir hafa farið fram til undirbúnings almennum aðgerðum til verðstöðvunar."

Það var reynt að ljúka þessum aðlögunum. Verðhækkunin var þá að ganga yfir, og bezt sem fyrst, og komast upp á ákveðið stig, þá fyrst mátti grípa til verðstöðvunar. Allt var þetta nákvæmlega reiknað út. Sá vandi, sem við er að glíma, eru verðhækkanirnar. Það eru þær verðhækkanir, sem hafa verið að ganga yfir og landsmenn allir hafa verið að kvarta undan. Þær hafa leitt til þess, að framfærsluvísitalan hefur hækkað, að kaupgjaldsvísitalan átti að hækka samkv. samningi, en ríkisstj. hefur samkv. nákvæmu yfirliti sínu unnið að því, að þessar verðhækkanir næðu allar fram að ganga og með þeim hætti, sem raun hefur á orðið. (Gripið fram í.) Já, verðlagsyfirvöldin eru nú sennilega ekki ýkjalangt frá ríkisstj. Ríkisstj. a. m. k. hefur með þessi mál að gera. Ég vil nú vænta þess, að a. m. k. hæstv. viðskmrh. telji sér nú ekki alveg óskylt mál, hvað verðlagsyfirvöldin hafa verið að gera. (Gripið fram í.) En annars væri það mjög fróðlegt, ef hæstv. viðskmrh. ætlaði að neita ábyrgð sinni á því, sem gerzt hefur í verðlagsnefndinni og í sambandi við þessa verðlagsþróun alla. En ég hef leyft mér að draga þá ályktun af því, þar sem talað er um verðlagsyfirvöld, að þar kæmi nú ríkisstj., a. m. k. viðskmrn., inn í myndina. En samkv. þessu hafa þessi verðlagsyfirvöld stjórnað allri hækkuninni samkv. nákvæmri áætlun.

Ég tel, að sá vandi, sem við er að glíma í okkar efnahagsmálum, liggi þarna. Ég hafði fyrst haldið það, að ríkisstj. hefði ekki verið að framkvæma þetta svona alveg að yfirlögðu ráði. Ég hafði haldið, að hún hefði sveigzt og beygzt undan þrýstingi, hún hefði látið undan hækkunarkröfum ýmissa aðila um margvíslegar verðhækkanir, og þannig hefðu verðhækkanirnar náð fram að ganga og skapað þann vanda, sem við er að glíma. En það eru þessar verðhækkanir, sem vandanum valda. Það, sem gera þurfti því að mínum dómi, var ekki það að gera hér sérstakar ráðstafanir til þess að lækka kaup, það var ekki það að gera hér ráðstafanir til þess að hlaupa frá gerðum samningum um launakjör, ekki heldur til þess að hlaupa frá gerðu samkomulagi um grundvöll þess mælikvarða, sem lagður er á verðlag og laun í landinu í sambandi við vísitölugrundvöll, heldur væri það hitt að finna ráð til þess að lækka verðlagið og halda verðlaginu í skefjum.

Við Alþb.-menn höfum bent á það hér með sérstökum tillöguflutningi fyrir alllöngu, að það ætti að stöðva verðlagið strax. Við lögðum til strax hér í þingbyrjun, að það yrði gert og síðan yrðu jafnhliða gerðar ráðstafanir til þess að lækka verðlag til þess að standa gegn kröfum um verðlagshækkanir á ýmsum sviðum. Það er t. d. enginn vafi á því, að afkoma ríkissjóðs er nú með þeim hætti, að ríkissjóður getur lagt fram nokkurt fé til verðlækkunar. Og því hefðum við álitið, að réttast væri að lækka t. d. söluskattinn á brýnustu lífsnauðsynjum og að lækka tolla á miklum nauðsynjavörum. Það hefði einnig mátt afnema eða lækka nokkuð af nefsköttum, sem nú hvíla á mjög ósanngjarnan hátt á almenningi í landinu. Þetta hefði getað gerzt með þeim hætti, að ríkið hefði í sumum tilfellum kannske hlaupið undir bagga og tekið á sig að greiða þeim aðilum, sem nú fá tekjur af nefsköttunum, eða þá á þann hátt, að ríkið hefði staðið betur að því að innheimta þau gjöld, sem það á að fá samkv. réttum lögum, en nú er skotið undan með skattsvikum. Við höfum einnig lagt til, að allt verðlag í landinu, sem nú er í gildi, væri tekið til nákvæmrar athugunar og unnið að því að færa verðlagið niður í öllum þeim greinum, sem unnt reynist. Við teljum, að það sé enginn vafi á því, að það væri hægt að lækka verðlag, ef unnið væri af fullri alvöru að því að framkvæma slíka verðlækkun. Það hafa komizt í gegn ýmsar verðhækkanir á undanförnum árum, sem ekki eiga rétt á sér. Þá teljum við einnig, að það væri hægt að standa gegn verðhækkunum með því að gera verðlagseftirlitið í landinu miklu öflugra og virkara en það er nú. Það vita allir, að verðlagseftirlitið hefur verið stórlega lamað á undanförnum árum, og það vinnur ekki sitt verk sem skyldi. Það veitir ekki það aðhald í sambandi við verðmyndun í landinu og verðlagningu yfirleitt, sem það á að gera. En ríkisstj. hefur ekki séð ástæðu til þess að gera neitt í þessa átt. Það er eins og fyrri daginn. Hún telur aðalvandann vera þann, að kauphækkun verkafólks hafi orðið of mikil, kaup hinna lægst launuðu sé orðið of hátt, og því miðast hennar till. við það að víkja frá gerðum samningum til lækkunar.

Grg. þessa frv. eða hinn almenni rökstuðningur, sem látinn er fylgja með þessu frv., er í rauninni alveg stórfurðulegur. Ég hef nokkuð vikið að þeirri röksemd, að verðstöðvun hafi ekki mátt koma fyrr en 1. nóv. Ég held, að það sé í rauninni alveg óþarft að eyða fleiri orðum að þeirri röksemd. Ég efast ekki um það, að allir þeir, sem hafa fylgzt eitthvað með verðlagsþróuninni undanfarnar vikur, hafa gert sér grein fyrir því, að þá hafa gengið yfir margvíslegar verðhækkanir, sem ekki áttu rót að rekja til kaupgjaldshækkananna í sumar, og þar sem svo stóð á, að viðkomandi aðilar gátu tekið á sig nokkuð aukin útgjöld, vegna þess að rekstur þeirra var hagstæður. Þeir höfðu búið við tiltölulega lágar launagreiðslur um langan tíma, og þeir áttu því að taka á sig nokkuð aukin útgjöld, en ekki að velta af sér öllum vanda í sífellu út í verðlagið, eins og þeir hafa komizt upp með að gera.

En það eru fleiri röksemdir í þessari grg., sem eru

næsta furðulegar. Ein er sú, að hér er gerð upptalning á því, hvað ríkisstj. eða stjórnarvöld hafi komið í veg fyrir mikla hækkun á vísitölu með því að hamla gegn ýmsum beiðnum, sem borizt hafa um verðhækkanir. Þannig segir t. d. í grg. á þessa leið:

„Eftir því sem næst verður komizt, munu verðhækkanir opinberra aðila valda minni hækkun vísitölunnar, sem svarar um 0.4 %-stigum, (m. v. maí-grunn) en samkv. almennri áætlun um hækkunartilefni."

Það virðist sem sagt vera í þessu tilfelli eins og í hinum fyrri, að þá var ríkisstj. búin að gera sér áætlun um það, hvað hækkunartilefnin áttu að vera mikil. En ríkisstj. hefur nú samt staðið gegn ýmsum óskum opinberra aðila um verðlagshækkanir, og þetta nemur 0.4 vísitölustigum, og ríkisstj. vill fá ákveðið þakklæti út á það, að hún hafi nú komið í veg fyrir þessar hækkanir. Og þetta á að vera almennur rökstuðningur fyrir þeim till., sem hér eru á ferðinni. Enn fremur segir þarna í grg.:

„Fyrirstaða verðlagsyfirvalda gegn áhrifum septemberhækkunar launa mun að öllum líkindum valda svipuðum eða meiri mun, svo að alls hafi þegar verið hamlað gegn u. þ. b. 1%-stigs hækkun með ofangreindum ráðstöfunum."

Þetta kemur nú málinu eitthvað við, að fara að breyta því í vísitölustig, hve miklu hafi verið neitað af alls konar kröfum, sem borizt hafa til verðlagsyfirvalda, og þá að telja sér það eitthvað til tekna að hafa ekki samþykkt allar hækkanir, sem borizt hafa. Þetta er auðvitað furðulegur málflutningur og hefur auðvitað harla lítið að gera inn í grg. með þessu frv.

Þá er hér í röksemdunum sett fram fullyrðing um það, að launafólk í landinu tapi alveg tilteknum prósentustigum í launum á því, að það fær launabætur samkv. vísitölu á þriggja mánaða fresti, þannig að það er auðvitað æðioft þannig, að verðhækkun, sem orðið hefur, er ekki greidd út í launum, um leið og verðhækkunin verður í reynd. Og í grg. frv. er því beinlínis haldið fram, að miðað við árstímabil mundu launamenn tapa 2.75%-stigum að meðaltali vegna þessa dráttar á því að fá sínar vísitölubætur á laun. Og síðan er látið að því liggja, að þar sem verðlagið sé nú stöðvað, verði launamenn ekki lengur fyrir þessari skerðingu. Það hefur auðvitað legið alveg skýrt fyrir, að kjarasamningarnir hafa verið með þeim hætti, að launþegarnir hafa ekki fengið bætur í kaupi út á verðhækkanir fyrr en nokkuð eftir á. En í rauninni er það alveg óútreiknanlegt, hve þetta nemur miklu, því að það fer auðvitað alveg eftir því, hvenær á þessu þriggja mánaða tímabili verðhækkunin sjálf verður. Og það veit auðvitað enginn um það nákvæmlega fyrirfram, þegar menn reikna ár fram í tímann, eins og hér er gert, hvort verðhækkunin verður á fyrsta mánuði af þessum þremur eða á síðasta mánuði eða á síðustu dögum, rétt áður en kaupgjaldsvísitalan er ákveðin. En þá munar nú ekki mikið um það, sem standa að þessari grg., að reikna það fyrirfram upp á ákveðið brot úr %-stigi, hve þetta muni miklu eitt ár fram í tímann. Ef menn gengju nú út frá því, að þessar verðhækkanir kæmu að meðaltali fram á miðju þessu þriggja mánaða tímabili, — sumar hækkanirnar koma á fyrri hlutanum og aðrar aftur á seinni hlutanum. Það væri hægt að segja, að það væri kannske ekki óeðlilegt að reikna með því, að þessar verðhækkanir gengju þannig yfir, að þær kæmu að meðaltali fram á miðju tímabilinu, — þá fullyrði ég það, að þessir útreikningar, sem hér eru birtir, eru einber staðleysa. Þeir eru eintóm vitleysa. Þeir fá ekki staðizt. En hér er sem sagt verið með talnaleik að reyna að rökstyðja það, að launþegar hafi nú orðið hér að gefa nokkuð eftir af umsaminni vísitölu, vegna þess að þarna sé um vinning að ræða.

Í grg. frv. er nokkuð vikið að því, hver kaupmáttaraukning hafi orðið hjá verkafólki frá maímánuði 1969 og allt fram á þennan dag, og það vekur auðvitað nokkra athygli, að því er haldið fram, að um kaupmáttaraukningu hafi verið að ræða frá því í maímánuði 1969 og fram að síðustu kjarasamningum, eða í júní 1970, sem nemur 6.6%. Ég skal ekki alveg fullyrða um það fyrir mitt leyti, hve miklu kann að skakka á þessari tölu, en hitt sé ég strax, að hér er verið að villa um fyrir mönnum, þegar þau vísitölustig, sem samið hafði verið um í fyrri kaupgjaldssamningum, að geymd skyldu og skyldu koma inn síðar á kjörtímabilinu, og var einn liður í þeirri kaupeftirgjöf, sem fór fram með samningum hér áður, þá má auðvitað segja, að þegar þessi vísitölustig, sem höfðu verið gefin eftir á tilteknu tímabili, komu inn aftur, hafi verið um kaupmáttaraukningu þá að ræða frá því, sem áður var. En hér var aðeins um það að ræða, að það hafði verið fallizt á það í samningunum að lækka laun á tilteknu tímabili, en þó þannig, að nokkuð af því kæmi aftur inn síðar. En þá er sem sagt þetta tekið á þann hátt í þessari grg., að hér hafi verið um einthvað hliðstæða kaupmáttaraukningu að ræða og þá, sem aftur á móti var samið um í kaupgjaldssamningunum á s. l. sumri. Meginatriðið er auðvitað það, að eftir kaupgjaldssamningana á s. l. sumri mátti segja, að kaupmáttur launa væri svipaður því og hann var, áður en kauplækkunin kom til.

Það er svo alveg sérstakur kafli í þessu máli að gera sér grein fyrir þeim vinnubrögðum, sem ríkisstj. hefur viðhaft í sambandi við málið. Hæstv. forsrh. vék nokkuð hér að því í sinni ræðu, að við þm. Alþb. hér í þessari d. hefðum flutt till. um það, að rannsakað yrði, hvort staðið hefði verið eðlilega að þeirri verðstöðvun, sem nú er ákveðin, og þar vildum við alveg sérstaklega láta taka til athugunar þá tilkynningu, sem hann gaf um verðstöðvun 13. okt. í sjónvarpsviðtali. Hæstv. forsrh. finnst það kannske enn þá svo, að það sé ekkert athugavert af hans hálfu að tilkynna það frammi fyrir landslýð, að það standi til að ákveða verðstöðvun. En ég hygg nú, að hann eigi eftir að reka sig á það, að þó að

hann líti þannig á málið, þá lítur öll þjóðin öðruvísi á þetta mál en hann. Það er auðvitað enginn vafi á því, að slík tilkynning frá hans hálfu hefur komið fram sem hrein viðvörun til ýmissa aðila í landinu, sem höfðu aðstöðu til þess að hækka sitt verðlag, höfðu ýmist beinlínis leyfi til þess sjálfir að ákveða verðlagið á sinni vöru eða þjónustu eða höfðu auðvelda aðstöðu til þess að koma sínum hækkunum í gegn. Því hefur verið haldið hér fram á Alþ. fram til þessa, að verðstöðvun, sem ákveðin er af Alþ., sé slík aðgerð, að það sé nauðsynlegt að standa að henni þannig, að hún gangi nokkuð jafnt yfir, þar standi allir nokkuð jafnt að vígi. Því er það, að frv. um verðstöðvun, sem lögð hafa verið fram, hafa gjarnan verið með ákvæðum um það, að verðstöðvunin skyldi gilda frá þeim degi, að frv. var sýnt, en ekki frá þeim degi, þegar frv. yrði að lögum. Það er auðvitað enginn vafi á því, að það er ekki eðlilegt að standa þannig að framkvæmd verðstöðvunar, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert að þessu sinni. Ég verð að segja, að einu hugsanlegu skýringuna á slíku viðtali er að finna í þessari einkennilegu grg., sem kemur hér með þessu frv., að ríkisstj. hafi verið að vinna að því að flýta fyrir því, að þær verðhækkanir, sem fram áttu að ganga, gengju yfir, þær skiluðu sér. Og þetta hafi því beinlínis verið þannig, að hann hafi raunverulega verið að kalla eftir ýmsum verðhækkunum, sem hafi dregizt eitthvað að koma á framfæri. Þá fer ég að skilja það, að það þyki eðlilegt, að hæstv. forsrh. fari að tilkynna í sjónvarpi slíkt sem þetta.

Það hefur verið staðið þannig að þessu máli af hálfu hæstv. ríkisstj., að það er síður en svo traustvekjandi. Ég held, að ríkisstj. verði að gera sér grein fyrir því, að hún þarf að taka á efnahagsmálum okkar á allt annan hátt en hún hefur gert á undanförnum árum. Og ráðh. verða beinlínis að hugsa á annan veg en þeir hafa gert. Spurningin er sú auðvitað, hvort þeir geta hugsað á annan veg. Ég skal ekkert um það segja. En á meðan ráðh. hugsa þannig, að það sé óhjákvæmilegt, ef samið er um *tiltekna launahækkun*, að sú *launahækkun* verði að koma fram í hækkuðu verðlagi, þá hlýtur ríkisstj. að standa í þessum vanda allan þann tíma, sem hún situr. Ég vil t. d. spyrja hæstv. viðskmrh., sem ég efast nú ekkert um, að eigi eftir að tala hér á eftir í þessu máli, hvenær hann telji t. d., að það sé hægt að fallast á það að borga hærra kaup, að hækka kaup. Hvaða skilyrði þurfa að vera, svo að hægt sé að hækka kaup? Telur hann t. d., að þær aðstæður, sem eru í okkar efnahagskerfi nú, leyfi ekki 15% launahækkun hjá verkafólki, sem samið var um á s. l. sumri? Ég held, að það verði ekki auðvelt að finna dæmi um það, að önnur og hagstæðari sveifla eigi sér stað en átt hefur sér stað nú á þessu ári. Hækkunin á okkar aðalútflutningsafurðum er slík og framleiðsluaukningin er líka þannig og vöxtur okkar þjóðartekna er þannig, að ég skil það ekki, að það geti þá nokkurn tíma verið tök á því að hækka kaup hinna lægst launuðu, t. d. um 15%, ef það er ekki hægt nú. En auðvitað er það ekki hægt í sjálfu sér, ef menn álíta það, að afleiðingin af 15% kauphækkun eigi að þýða það óhjákvæmilega, að allt annað verðlag í landinu þjóti upp á tiltölulega stuttum tíma yfir 30%.

Ríkisstj. verður að venja sig við þá hugsun, að það verður að halda þannig á málum, að atvinnureksturinn í landinu og hinir ýmsu aðilar, sem laun þurfa að greiða, verða að taka á sig nokkurn vanda af auknum útgjöldum í formi launa, þegar vel gengur. En þeir eiga ekki að komast upp með það, að þeir geti bara velt af sér launahækkuninni og haldið alltaf öllu því, sem þeir höfðu haldið áður. Það er t. d. enginn vafi á því, að okkar aðalútflutningsatvinnuvegur, sjávarútvegurinn, verður að gera þetta. Hann gerir þetta. Það er auðvitað heldur enginn vafi á því, að ríkisstj. hefur verið á þeirri skoðun og er væntanlega á þeirri skoðun enn, að sjávarútvegurinn þoli allar þessar hækkanir, vegna þess að hún heldur enn þá í gangi lögum, sem gera ráð fyrir því að taka t. d. af frystiiðnaðinum í landinu helminginn af allri verðhækkuninni, sem verður vegna útflutnings á frystum sjávarafurðum. Sá skattur, sem þannig er tekinn af útflutningsframleiðslunni, bara af frystum sjávarafurðum, mun fara nokkuð yfir 300 millj. kr. á þessu ári. Ef álögurnar t. d. á fiskiðnaðinn væru orðnar of miklar að dómi ríkisstj., þá mundi hún að sjálfsögðu gefa þarna eftir, draga úr þessari skattlagningu, leyfa framleiðslunni að fá sinn pening, en stafla þessu ekki upp í Seðlabankanum eins og nú er gert. Ég held, að hæstv. ríkisstj. þurfi að huga að verðmynduninni í landinu á allt annan hátt en hún hefur gert.

Það var í fyrravetur samþ. á Alþ. að lækka innflutningstolla allverulega. Talið var, að sú lækkun mundi þýða um 400 millj. kr. skertar tekjur fyrir ríkissjóð. Jafnhliða var hins vegar hækkaður söluskattur, og þá gert ráð fyrir því, að ríkissjóður fengi tekjuauka af honum, sem næmi a. m. k. jafnhárri upphæð. Við Alþb.-menn fluttum hér till. um það, að sú skylda yrði lögð á verðlagsyfirvöldin, að þau gættu nú að því, að tollalækkunin, sem samþ. var á Alþ., kæmi fram í útsöluverði á vörum, en milliliðirnir tækju ekki tollalækkunina beint til sín í framkvæmd. Ríkisstj. stóð auðvitað þannig að afgreiðslu þessarar till., að hún lét fella till., hélt því m. ö. o. fram, að þetta væri óþörf till., þetta mundi allt saman jafna sig sjálft. En nú er það viðurkennt af öllum þeim, sem fylgzt hafa með þessum málum, og þeim, sem m. a. hafa bezt fylgzt með útreikningi vísitölunnar, að tollalækkunin kom aldrei fram í vöruverðinu. Milliliðirnir tóku alla tollalækkunina til sín, en hins vegar komu fram í vöruverðinu afleiðingarnar af hækkun söluskattsins. Það skilaði sér fyllilega miðað við það, sem áætlanir höfðu verið gerðar um.

Ríkisstj. þarf að huga að verðlagsmálunum á allt annan hátt en hún hefur gert. Hún þarf að fylgjast með verðmynduninni í landinu miklu betur en hún hefur gert og gera sér grein fyrir því, að verðbólguvandinn er m. a. fólginn í því, að ýmsir aðilar í

þjóðfélaginu komast upp með það að hækka verðlag of mikið. Vandinn er ekki sá, sem ríkisstj. hefur haldið, þ. e. of hátt kaup hjá verkafólki.

Við Alþb.-menn munum greiða atkv. gegn þessu frv., eins og það liggur fyrir. Við munum gera tilraunir til þess að fá ákveðnum gr. frv. breytt. Við getum stutt verðstöðvun út af fyrir sig. Það hefur greinilega komið fram í frv., sem við höfum flutt um það mál. En við ætlumst til þess, að verðstöðvunartímabilið sé notað til þess að snúa sér að því að finna haldbær ráð við verðbólguvandamálinu. En verðstöðvun af því tagi, sem hér er um rætt, leysir ekki vandann. Ég óttast það, að hún leiði af sér nýtt, stórfellt vandamál, árekstra á vinnumarkaði, nýjar og harðari deilur en áður. Ég hefði því viljað vænta þess, að hæstv. ríkisstj. athugaði þetta mál betur, hugsaði sig betur um, áður en hún færi að efna til þess ófriðar á vinnumarkaði, sem mjög er hætt við, að samþykkt þessa frv. mundi leiða til.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég hygg, að það hafi verið laugardaginn 31. okt. s. l., áður en þetta frv. kom fram, að haldinn var fundur í verðlagsnefnd og þar gerð ályktun um að banna verðhækkanir og hvers konar hækkun á álagningu á vörur frá og með 1. nóv., sem sagt 1. þ. m., nema leyfi verðlagsnefndarinnar kæmi til. Þessi samþykkt verðlagsnefndar var sett, áður en þetta frv., sem svo fagurlega heitir — ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis — kom fram, og löngu áður en það verður að lögum. En þessi ákvörðun verðlagsnefndarinnar sýnir, að það er með öllu þarflaust að setja lagaákvæði eins og þau, sem felast í 1. gr. þessa frv. Það er bara upptugga á lagaákvæðum, sem í gildi eru og sem í gildi hafa verið s. l. áratug, því að þessar gerðir verðlagsnefndarinnar eru studdar tilvitnun í l. nr. 54 frá 14. júní 1960. Og samkv. þeim sé lagt bann við verðhækkunum á vörum og allri hækkun á álagningu á vörur. Lagaheimildir til þess skortir ekki, og er því 1. gr. þessa frv. alger endurtekning á gildandi lagaákvæðum. Þetta þykir mér rétt að taka fram, og að því hefur nú raunar verið vikið í þessum umr.

Það fer ekkert á milli mála, að 1. gr. þessa frv. er óþörf með öllu. Það er ljóst, að meiri hluti verðlagsnefndar hefur vald til að stöðva verðhækkanir og hækkun álagningar og hefur haft þær heimildir s. l. áratug. Og hver fer með úrslitaráðin í þessari voldugu verðlagsnefnd? Þar fer með valdið sérlegur fulltrúi hæstv. viðskmrh. og fer auðvitað eftir hans vilja og fyrirmælum, að því er varðar afstöðu til slíkra mála. Það hefði því ekki þurft að bíða eftir setningu nýrra l. til þess að beita þessu valdi fyrir mörgum vikum, fyrir mánuðum síðan, ef vilji hefði verið fyrir hendi til þess. En svo mikið er víst, að þörfin var fyrir hendi.

Það var vitanlega sjálfsagt, að ef ríkisstj. ætlaði ekki að reynast stjórnlaust rekald í verðlagsmálunum, þá átti hún að beita þessum lagaheimildum, sem hún hafði, á s. l. vori til þess að koma í veg fyrir, að launahækkanir færu út í verðlagið, skömmu eftir að nýir kjarasamningar voru gerðir, ef það var ætlun stjórnvalda, að þeir samningar væru ekki að engu gerðir, kauphækkunum velt af þeim, sem höfðu þó við samningaborðið tekið kauphækkanirnar á sig, og allir álitu, að væru ekki meiri en svo, þótt þær væru nokkrar, að atvinnuvegirnir gætu í því góðæri, sem þeir höfðu notið að undanförnu, risið undir þessum kauphækkunum. Enda hefur líka þróunin síðan orðið sú, að þeim hefði orðið þetta léttbært, því að engir urðu fyrir vonbrigðum með sölumöguleika íslenzkra afurða eða verðlag á þeim á heimsmarkaði, heldur þvert á móti. Þar fór allt umfram vonir hinna bjartsýnustu, eins og ég mun síðar víkja að með stuðningi opinberra talna.

En þessar lagaheimildir voru ekki notaðar. Allt var látið reka á reiðanum í verðlagsmálunum stjórnlaust, eða kannske eins og hér var vikið að áðan, bara samkv. velþóknun ríkisvaldsins, bara fylgzt með að skrásetja það eftir hendinni, hvernig verðhækkanirnar skiluðu sér, og síðan í lok verðhækkunarskriðunnar, þegar hún er fallin, þá er fyrst farið að setja lög, sem er gefið það nafn, að þau eigi að stöðva verðbólguskriðuna. Slík lagasetning kemur í ótíma. Hún hefði átt að koma fyrir mörgum vikum, ef lagasetningar þótti á annað borð þörf.

Aðdragandinn að þessari lagasetningu hefur réttilega verið gagnrýndur og víttur. Það er liðinn langur tími, síðan boðað var verðstöðvunarfrv., en slíkar ráðstafanir verður auðvitað að gera, ef engum er ætlað bókstaflega að mata krókinn á þeim, án fyrirvara. Slíkar ráðstafanir verða að koma, ef þær eiga að koma að haldi, eins og þjófur á nóttu. En það var nú ekki aldeilis látið koma sem nein skrugga yfir kaupsýslulýðinn í landinu. Það var sannarlega látið gera boð á undan sér. Og það var enginn ómerkingur, sem boðskapinn flutti. Það var sjálfur hæstv. forsrh. Hann sagði, hvað í vændum væri og sagði það alþjóð í sjónvarpi, að ég hygg, fremur en útvarpi. Og þá vissu menn, hvers var von. (Gripið fram í.) Það var ekkert að marka hann í þessu sambandi. Hann hafði ekki valdið til þess að setja slíka löggjöf. Enda þurfti ekki að bæta um tilkynningu hæstv. forsrh. Eftir að hann hafði talað, vissu þetta allir.

Og til hvers flutti hann þennan boðskap? Einhver nefndi áðan auglýsingu. Ég skal ekki segja um það, hvort þetta var reiknað sem auglýsing í sjónvarpinu, en auglýsingargildi hafði þessi boðskapur. Og ég get ekki séð, að hann hafi verið fluttur í neinum öðrum tilgangi en þeim, að það væri boðið upp á það, að þeir, sem við kaupsýslu fengjust, fengju aðstöðu til að rýmka sinn hag. Það gat varla verið annar tilgangur með boðskapnum. En hafi kaupsýslustéttunum verið ætlað að rýmka sinn hag í sambandi við verðstöðvunarmál, þá er öðrum stéttum ætlað nokkuð annað hlutskipti eins og fram kemur í þessu frv. gagnvart láglaunastéttunum í landinu, því að þar er sannarlega ekki verið að rýmka hag þeirra, heldur skerða hann með

lagaboði, svo að það er munur á barninu, sem er á hægra brjóstinu á hæstv. ríkisstj., eða hinu, sem aðeins er á því vinstra. Það er eftirlætisbarnið annars vegar og olnbogabarnið hins vegar.

Í allt sumar og haust hafa verðlagsmálin fengið að þróast stjórnlaust, og alltaf hafa borizt tíðindin um hækkandi verðlag. En fjörkipp tók verðlagsþróunin auðvitað, eftir að boðskapur forsrh. var kunnur, og það hlaut svo að fara. Ég hygg, að það verði ekki vandasamt að skrásetja þær verðhækkanir og sjá það t. d. með línuriti, hvernig þær birtust frá degi til dags í stærri og hærri tröppum heldur en framan af sumrinu, eftir að menn fóru að búa sig undir, að verðstöðvunarfrv. væri væntanlegt. Það var vitanlegt öllum, að ef og þegar verðstöðvunarfrv. yrði lögfest, þá yrði ekki hægt að skrúfa til baka þær verðhækkanir, sem orðnar væru, og þeir mundu því njóta þeirra, sem væru búnir að koma því í framkvæmd.

Sama dag og frv. var lagt fram, var auglýst hækkun á frögtum hér í landi, og daginn áður en frv. var lagt fram, var ein ríkisstofnun svo á síðustu stundu með að koma verðhækkununum á framfæri, að það lá við, að hún missti af strætisvagninum. Póst- og símagjöld voru hækkuð daginn áður, að ég hygg, og svona var þetta, að jafnvel þó að fresturinn, sem gefinn var, væri allrúmur og góður, þá stóðu nú sumar ríkisstofnanirnar sig ekki betur en það til þess að nota frestinn, að þær voru rétt á síðustu stundu þar, en það skilaði sér samt, eins og kannske hefur verið ætlunin.

Það er höfuðsök hæstv. ríkisstj., að hún skyldi ekki gera ráðstafanir strax á s. l. vori eða fyrri hluta sumarsins til þess að hefta hina æðisgengnu verðlagsþróun, sem ekki gat leitt til annars en þess, að ókyrrð myndaðist aftur fljótlega á vinnumarkaðinum við það, að verið væri að mala niður kaupmátt þeirra launa, sem samið var um í einu mesta góðæri, sem yfir land og þjóð hefur komið, og allir væntu því þess, að það yrði staðfest þannig, að kaupmátturinn yrði látinn haldast og ráðstafanir allar af ríkisvaldsins hendi til þess gerðar. Það voru vonir manna á s. l. vori. En það að láta verðlagsþróunina geysast áfram stjórnlaust, gat ekki stefnt að öðru en fram á hengiflug nýrrar gengislækkunar fyrr eða síðar, og það hefði maður haldið, að hæstv. ríkisstj. væri búin að gera sér ljóst, að það hefur þó ekki verið gæfuvegur eða heillabraut fyrir þjóðfélagið að verða að grípa til fjögurra gengislækkana á örfáum árum.

En þegar verðhækkunarskriðan er fallin og ætla mætti, að verðhækkunarþróunin væri eiginlega að lokum komin, þá er gripið til lagasetningar til þess að skerða launakjör lægst launuðu stéttanna í landinu. Það fer ekkert á milli mála, að það eru tekin 2 vísitölustig og felld niður a. m. k. til 1. sept. 1971, og ég hef enga tryggingu fyrir því, að þau 2 vísitölustig skili sér þá. Það er sagt, að þau séu geymd. Kannske er geymslustaðurinn öruggur, en það gæti líka verið, að hann væri það ekki. Enn fremur er svo farið að fikta við grundvöll vísitölunnar og einu vísitölustigi fyrir komið á þann hátt að hækka ákveðnar vörur, það er sagt lúxusvörur, áfengi og tóbak, en fyrir eitt og sama kemur. Það er tekið vísitölustig með verðhækkunum á þessum vörum, breytt vísitölugrundvellinum frá því, sem um hann var samið. Og í þessu er líka hækkun á greiðslum til almannatrygginga. Þetta er tekið út úr umsömdum vísitölugrundvelli, og þar með er farið að fikta við að rifta þeim samningum, sem gerðir voru á frjálsum vinnumarkaði af réttum aðilum á s. l. vori og voru engir nauðungarsamningar. Svo er 3.2 vísitölustigum komið fyrir með niðurgreiðslum. Látum það vera, ef það er gert á heiðarlegan hátt. Þetta er skerðingin, þetta er árásin, sem lægst launuðu stéttirnar hafa orðið fyrir af ríkisvaldsins hendi í sambandi við þetta frv.

Það má vel vera, að einhver hæstv. ráðh. komi hér á eftir og segi: „Þetta er svo fjarskalega lítil skerðing, það er ástæðulaust að kvarta yfir þessu.“ En mikil eða lítil, þá er þarna árás á hinn frjálsa samningarétt, og það er aðalatriðið. Og ef hún er lítil, hví munar þá ríkisvaldið í að fara að ráðast í annað eins og það að rifta samningagrundvelli aðilanna á vinnumarkaðinum og skapa með því kannske óró, sem gæti leitt til alvarlegra atburða í þjóðfélaginu fyrir ein 2—3 vísitölustig? Mundi vera hægt að færa rök að því, að það hafi verið svo óumflýjanleg nauðsyn að ráðast á samningaréttinn til þess að næla sér í 3 vísitölustig eða svo? Þó að við tölum um 2—3 vísitölustig, þá er þarna um mörg hundruð millj. kr. að ræða, sem tekin eru af launþegunum í landinu, þeim lægst launuðu. Út af fyrir sig er það ekkert hégómamál. En hitt er aðalatriðið, að við erum ekki lengur örugg um það, að frjálsir samningar standist á Íslandi, þeir séu ekki gerðir að engu af ríkisvaldinu. Lítið í þetta skipti, kannske margfalt meira næst eða öfugt. Það er bara hróflað við þessu og þá vitum við ekkert, hve stórt verður höggvið. Það var um að ræða 15—17% launahækkun hjá því fólki, sem tekið hafði á sig mikla kjaraskerðingu, vegna þess að það var viðurkennt, að þjóðin hafði lent í efnahagslegum örðugleikum og þessi 15—17% voru vegna árferðisins, sem við bjuggum við, og því óþarfi að skerða launin.

Grundvallaratriðum samningagerðarinnar í vor hefur verið raskað. Það er gerð tilraun til þess með þessu frv. Frá því óráði ætti hæstv. ríkisstj. að hverfa, einkanlega ef hún telur þetta svo lítið atriði fjárhagslega, en það er kannske þannig, að um lítið munar vesælan mann, það er sagt, og það kann að eiga við hér. Ég lít svo á, að þessi árás á samningafrelsið í landinu sé svo stórt grundvallaratriði, að það sé mjög vafasamt, að ekki yrði þannig litið á af dómstólum, að þar með sé samningunum riftað, og að við getum litið þannig á í dag, að verkalýðshreyfingin hafi lausa samninga, og það sé hæstv. ríkisstj., sem hafi losað samningana, leyst aðilana báða frá skuldbindingum þeirra og allt sé laust á vinnumarkaðinum þess vegna, þegar búið er að hrófla við grundvallaratriðum þeirra með lagaboði. Ég man ekki betur en þegar hæstv. ríkisstj. fyrir

nokkru síðan rifti á líkan hátt sjómannasamningum, þá viðurkenndu gagnaðilar þeirra samninga, að þeir teldu samningana lausa, þeir féllust á þá skoðun sjómannasamtakanna, að samningarnir væru lausir, og a. m. k. þetta var svo lögfest, að samningarnir væru lausir. Það var viðurkennt með lagasetningunni, að það væri réttmætt, að samningar væru lausir, þegar þeim væri breytt með afskiptum ríkisvaldsins.

Ég held, að það sé auðvelt að sanna það, að það liggja ekki efnahagsleg rök fyrir því, að þjóðfélaginu sé nauðsyn að skerða þá samninga, sem verkalýðshreyfingin gerði á liðnu vori við samtök atvinnurekenda. Það fólst ekkert það í samningunum í vor, sem gerði þá verðbólguskriðu, sem yfir okkur hefur dunið á þessu sumri, nauðsynlega eða óumflýjanlega. Með þeim samningum gerði verkalýðshreyfingin ekki betur en að endurheimta þann kaupmátt, sem verið hafði fyrir kjaraskerðingu síðustu ára. Og það var almannarómur, að með þessum samningum væri greiðslugetu atvinnuveganna alls ekki ofboðið, heldur væri kjarabótunum, sem um var samið, haldið innan ramma hins mögulega. Og reynslan er sú, að á s. l. ári, árinu 1969, skiluðu hér um bil öll vel rekin fyrirtæki álitlegum hagnaði, og ekki hefur það síður orðið reyndin á þessu ári, að því er virðist.

Opinberar tölur skýra frá því, að á fyrra helmingi þessa árs hafi útflutningsverðmæti sjávarafurða aukizt um 40%. Á grundvelli þeirra talna spáðu sérfræðingar ríkisstj. 10% aukningu þjóðartekna á þessu ári. Nú er lengra liðið á árið, og nú sýna nýjustu tölur, að það varð ekki aðeins 40%, heldur mun það vera um 49%, og það þýðir, að nú eru horfur á, að aukning þjóðarteknanna nemi meiru en 10% á árinu í heild. Verðlagið hefur haldið áfram allt til þessa að hækka á erlendum mörkuðum á okkar framleiðsluvörum, og sjávarafurðirnar hafa selzt eftir hendinni. Þetta sýnir okkur það, að verðbólguskriðan er engin afleiðing af óumbreytanlegum náttúrulögmálum eða af erfiðu árferði, heldur er þetta heimabakstur, þetta er heimabakstur hæstv. ríkisstj. Hún hefur búið sér til sjálfvirka verðbólguvél, og þetta er framleiðsla hennar.

Með þessu frv. er í raun og veru ekki gripið á meinsemdinni sjálfri, verðbólgunni, heldur reynt að fela vandann. Þetta frv. er ekki skurðaðgerð gagnvart meinsemdinni, verðbólgunni. Þetta er gríma, þetta er til þess að fela vandann. Og við lögfestingu þessa frv. er ég alveg sannfærður um, að verðbólguvandinn verður ekki leystur. En það getur skapað mikinn annan vanda.

Í gærkvöldi lauk stjórnarfundi í Samtökum frjálslyndra og vinstri manna, og þar var þetta frv. hæstv. ríkisstj. að sjálfsögðu til umr., og um það var gerð ályktun og þannig tekin afstaða til þess. Sú ályktun er örstutt og er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Flokksstjórnin mótmælir eindregið því meginefni frv. ríkisstj. um ráðstafanir í efnahagsmálum, að samningar verkalýðsfélaganna frá s. l. sumri eru að engu gerðir í veigamestu atriðum og launakjör samkv. þeim skert til mikilla muna. Flokksstjórnin telur slíkar aðgerðir ekki aðeins rökleysu miðað við efnahagsafkomu þjóðarinnar, heldur fyrst og fremst slíka árás á samningafrelsi verkalýðshreyfingarinnar, að ekki verði umflúið, að henni verði mætt með mótaðgerðum af hálfu hennar, sem dugi til þess, að árás þessi verði brotin á bak aftur. Verði það ekki gert, er vandséð, hvert stefnir um rétt launþegasamtakanna til að vera ákvörðunaraðili um laun og lífskjör."

Í þessari ályktun er tvennt, sem talin eru meginatriði, árásin á samningafrelsið og að það er ekkert rökrétt samhengi milli efnahagsafkomu þjóðarinnar nú um þessar mundir og slíkra aðgerða, að ráðast á launakjör hinna lægst launuðu. Í slíku árferði er það tilefnislaus aðför.

Ég skil nú ekki það fikt í þessu frv., að það á að skerða hin umsömdu launakjör verkafólksins og létta þar með byrðum, sjálfsagt af einhverri brýnni nauðsyn, af atvinnurekendum, en svo á að leggja 1.5% skatt á atvinnurekendur á móti, sem nokkurn veginn svari til þeirra launahækkana, sem þeir annars hefðu orðið að greiða. Er þetta kannske ekki nokkuð svipað því, eins og þegar sagt er af vissum stofnunum, þar sem menn bera sama sandinn í poka, hella honum í rennu, og taka svo við honum aftur og bera hann á ný. Það má vel vera, að þetta þjóni einhverjum tilgangi, en hann dylst mér svona við fyrstu sýn.

Það má segja, að einasti ljósi díllinn á þessu frv. sé kannske ákvæðið um hækkun fjölskyldubótanna, og skal ég sízt draga fjöður yfir það, að ég hef komið auga á þennan litla hvíta díl. En að öðru leyti sé ég ekkert annað en það, sem til verra horfir, með þessu frv.

Ég skal ljúka máli mínu með því að draga það saman, sem ég hef við þetta frv. að athuga. Það er í fyrsta lagi árás á frjálsan samningarétt, og það tel ég alvarlegt atriði. Í öðru lagi er þetta frv. rökleysa miðað við efnahagsafkomu þjóðarinnar, og í þriðja lagi tel ég það ranglætisverk að skerða umsamin launakjör hinna lægst launuðu í landinu á sama tíma og stjórnvöldin standa að því, að launakjör embættiskerfisins verði hækkuð miklu meir og þó vafalaust mest í toppinn. Þetta fæ ég ekki til að samrýmast. Ég skal þá ljúka mínu máli í þetta sinn, við 1. umr. um málið, með því að lýsa yfir því, að Samtök frjálslyndra og vinstri manna eru andvíg þessu frv., og ég mun greiða atkv. gegn meginatriðum þess.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Málsvarar stjórnarandstöðuflokkanna þriggja hafa lokið ræðum sínum um þetta mál. Ekki fer á milli mála, að hér er um mikilvægt frv. að ræða, hér er um stórmál að ræða, og þess vegna kemst ég ekki hjá því að láta í ljós þá skoðun mína í upphafi þessara orða minna, að ég undrast, hversu linlegur málflutningur stjórnarandstöðunnar hefur verið.

Satt að segja ætti ég e. t. v. ekki að láta í ljós neina undrun á því, því að málavextir eru þeir, að í sannleika sagt er ekki hægt að láta mikinn þunga fylgja gagnrýni á því máli, sem hér er um að ræða. Samt sem áður hefur maður vanizt því af hálfu stjórnarandstæðinga, að þeir hafa gert mikið úr litlu, að þeir hafa viðhaft stór orð af mjög litlu tilefni, og þess vegna hefði það ekki komið mér á óvart, þó þeir hefðu nú virkilega tekið upp í sig í ræðum sínum í eftirmiðdag, en það gerðu þeir nú raunar ekki. Kannske ber þetta vitni um, að þeir séu batnandi menn, og batnandi mönnum er bezt að lifa, eins og allir vita. Ég vona a. m. k., að það sé ástæðan til þess. Ég skil þessi linlegu andmæli þannig, að þrátt fyrir allt þá sé nú þessum hv. þm. ekki svo mikils varnað, að þeir skilji það ekki, að hér er í fyrsta lagi um bráðnauðsynlegar aðgerðir að ræða og í öðru lagi aðgerðir, sem hafa verið mjög vandlega undirbúnar og skynsamlega frá efnahagslegu sjónarmiði, og auk þess mjög sanngjarnar og réttlátar frá félagslegu sjónarmiði, og að því mun ég víkja svolítið nánar hér á eftir.

Við hæstv. utanrrh. munum vera einu tveir þm., sem höfum unnið í ríkisstj. með öllum þingflokkunum, og ég mun vera sá eini af núverandi ráðh., sem hefur haft þá ánægju að vinna með þeim flokki, sem ég nú vinn með, í 10 ár, en einnig með þeim flokkum, sem nú eru í stjórnarandstöðu, og það er eðlilegt, að þetta sé nokkur reynsla. Það er sannarlega nokkur lífsreynsla að hafa unnið með öllum aðalflokkum þingsins í ríkisstj. Ég hef ágætar minningar um samstarfið í stjórn Hermanns Jónassonar við Framsfl. og Alþb. Eins og hverjum manni ber skylda til, sem er falið það að gegna ráðh.-embætti fyrir flokk sinn, þá lagði ég mig fram í þeirri stjórn um það að ná sem skynsamlegustu samstarfi um þau vandamál, sem við var að etja hverju sinni, og barðist svo fyrir þeirri niðurstöðu, sem fékkst, af því viti, sem mér er léð, alveg eins og ég starfa í þessari ríkisstj., sem ég sit í núna. Þegar lausn er fundin á vandamáli og maður leggur sig fram um, að sú lausn sé eins lík sjónarmiðum síns flokks og mögulegt er, þá leggur maður sig allan fram um að skýra og auka skilning á þeirri lausn, sem fundin er.

En þannig vill til, að þegar vinstri stjórnin, stjórn Hermanns Jónassonar, tók við völdum í júlí 1956, var við vanda að etja í efnahagsmálum, sem að ýmsu leyti var ekki ósvipaður þeim vanda, sem er nú við að etja. Ég man það, að við einmitt, þeir sömu menn, sem talað hafa hér í dag, hv. þm. Hannibal Valdimarsson, sem þá var félmrh., hv. þm. Lúðvík Jósefsson, sem þá var sjútvmrh., og ekki hvað sízt hæstv. fjmrh. Eysteinn Jónsson, sem ekki hefur nú talað enn þá, lögðum okkur mikið fram um það í margar vikur sumarið 1956, að finna sameiginlega og skynsamlega lausn á þeim vanda, sem þá blasti við og við var að etja. En hann var í mjög einföldum og fáum orðum sagt sá, að það lá fyrir, að kaupgjaldsvísitala átti 1. sept. 1956 að hækka úr 178 stigum í 184 stig. Hún átti að hækka 1. sept. um 6 stig eða um rúmlega 3%, og við komumst að þeirri sameiginlegu niðurstöðu, við hv. þm. Hannibal Valdimarsson og Lúðvík Jósefsson og ríkisstj. öll raunar, að útflutningsatvinnuvegunum alveg sérstaklega og atvinnuvegunum yfirleitt mundi verða ofboðið með þessari 6 stiga kauphækkun. Þá yrði ekki hjá því komizt að grípa til ráðstafana til að hjálpa sérstaklega útflutningsatvinnuvegunum, og það töldum við ranga leið, svo að niðurstaðan varð sú, að hv. þm. Hannibal Valdimarsson, páv. félmrh., gaf út brbl. 28. ágúst 1956 um það, að greiðsla þessara vísitölustiga skyldi falla niður. M. ö. o., að það skyldi engin kauphækkun verða 1. sept. 1956 þrátt fyrir skýlaus ákvæði samninga stéttarfélaganna um það, að þau ættu þessa kauphækkun, þessa 3% kauphækkun, 6 stiga kauphækkun, 1. sept. 1956.

Við rökstuddum þetta með því, og ég tel fyrir mína hluta algerlega réttlega, að jafnvel þótt þessi kauphækkun kæmi til framkvæmda, þá yrði að því mjög skammgóður vermir fyrir launþegana sjálfa, vegna þess að verðleggja átti landbúnaðarvörur í sept. og vitað var, að þær mundu einnig hækka mjög verulega, þannig að kauphækkunin 1. sept. mundi verða að engu orðin um miðjan sept., þegar landbúnaðarverðið kæmi. Að vísu, samkv. gildandi samningum, átti kaupverðið aftur að hækka 1. des. 1956, og þá væri vísitöluskrúfan í fullum gangi, og við vorum hjartanlega sammála um, að þessa þróun yrðum við að hindra og hún var hindruð ofur einfaldlega með því að greiðsla þessara 6 vísitölustiga var felld niður, launþegar voru með löggjöf látnir afsala sér þessari kauphækkun. Hið sama var látið gilda um bændur, en engar byrðar voru lagðar á atvinnurekendur í þessu sambandi. Sú aukna niðurgreiðsla, sem átti sér stað, var greidd úr ríkissjóði og það auðvitað með auknum álögum á borgarana á næsta ári, þegar næstu fjárlög voru afgreidd. Það voru engar hliðarráðstafanir með þessari 6 stiga vísitöluskerðingu, engin hækkun á tryggingabótum t. d.

Við í Alþfl. gerðum okkur algerlega ljóst, að á þessum tíma var fjárhagsástand bæði atvinnuvega og ríkisins svo erfitt, að ekki var hægt, ef maður vildi halda réttlæti í heiðri, að leggja til, að atvinnurekendur legðu fram verulegar fúlgur til þess að létta á þessum vanda, og fjárhagur ríkissjóðs var líka þannig, að við gátum ekki lagt til, að t. d. tryggingabætur yrðu verulega auknar. Það, sem gert var í ágústlok 1956, var það, að það var lögð einhliða byrði á launþega og bændur til þess að leysa þann vanda, sem fyrir hendi var.

Hitt er svo alveg rétt, að það hefði orðið þyngri byrði að gera þetta ekki, því að þá hefði verðbólguhjólið farið að snúast og snúizt með vaxandi hraða, og það getur enga skynsama menn greint á um það, að þegar verðbólguhjólið snýst, og snýst með vaxandi hraða, þá tapa allir launþegar líka. Þess vegna var þessi bráðabirgðafórn, sem færð var 28. okt., eins og við sögðum, ekki fórn, ef yfir lengri tíma er litið. Hún var réttmæt, ef horft var fram í

tímann og það skoðað, hvað mundi gerast, ef þetta ætti sér ekki stað. Þess vegna var ég þá og er enn, sannfærður um, að þær ráðstafanir voru réttar.

En við stöndum núna frammi fyrir mjög svipuðum vanda. Að vísu vissum við 1. sept. s. l., hvað var að gerast. Þá hækkaði kaup um 4.2% vegna hækkaðs framfærslukostnaðar. Við tókum þá ákvörðun, að þessi kauphækkun skyldi borin af atvinnurekendum, og það hefur verið. Engin samþykkt verðlagsnefndar hefur leyft að reikna þessa 4.2% kauphækkun 1. sept. inn í verðlag nokkurrar vöru, er vald verðlagsnefndar tekur til. En við gerðum okkur auðvitað ljóst, að þetta var hægt 1. sept. en þetta er ekki hægt áfram. Við höfum séð fram á það undanfarið, að fram til 1. febr. n. k. þá mun verðlag hækka og þar með kaupið í kjölfar verðlagsins um 7.5%. Og við teljum núna í ríkisstj., alveg eins og við töldum í stjórn Hermanns Jónassonar, að þetta sé meiri kauphækkun en atvinnuvegirnir mundu geta þolað, án þess að nauðsynlegt væri að hefja styrki, stefnu, sem við ekki viljum taka upp. Þegar það er haft í huga, að kaupgjald er nú 26.5% hærra en það var í maí s. l. þá þarf engum getum að því að leiða, að það væri þeim algerlega um megn að bera 7.5% kauphækkun til viðbótar fram til 1. febr. n. k.

En hvað á þá að taka til bragðs? Ef við í ríkisstj. núna hefðum farið eins að og ríkisstj. Hermanns Jónassonar, þá hefðum við átt að koma í veg fyrir alla þessa kauphækkun. Ef við teljum kaupið ekki geta hækkað frá deginum í dag, af því að búið var að hækka það um 26.5%, þá hefðum við átt að láta þessi vísitölustig hverfa. Það var það, sem stjórn Hermanns Jónassonar raunverulega gerði. (Gripið fram í.) Ég ætla einmitt að koma að því. Auðvitað tel ég það sjálfsagt, að það sé tekið skýrt fram, að allar aðstæður til þess að hafa ráðstafanir sanngjarnar og réttlátar núna eru miklu betri en þær voru sumarið 1956. Árferði nú er miklu betra en það var á árinu 1956. Þess vegna urðu aðgerðirnar 1956 eins og þær raunverulega urðu, en nú eru betri skilyrði til þess að láta aðgerðirnar ekki verða byrði á almenningi og þau skilyrði eru notuð, það er einmitt það, sem verið er að gera núna. Það er verið að nota góðar efnahagsaðstæður til þess að láta ráðstafanir ekki verða byrði fyrir hinn almenna launamann.

Ég skal ekki rekja það, sem hæstv. forsrh. sagði. Efni frv. sjálfs er öllum hv. þm. kunnugt eftir þær umr., sem fram hafa farið. En mergurinn málsins er sá, að sú leið, sem við í ríkisstj. eða stjórnarflokkunum ákváðum að fara, var það, að svipta launþegana ekki þeirri kaupuppbót, sem þeir eiga að fá, raska ekki vísitölukerfinu, raska í engu þeim umsamda rétti launþegans að fá kauphækkun, ef verðlagið hækkar, heldur að greiða niður íslenzkar landbúnaðarvörur og auka fjölskyldubætur, sem því svarar, sem við vitum, að vísitalan kemur til með að hækka um. Til viðbótar þessu er síðan 2% kauphækkun frestað til 1. sept., ekki felld niður, henni er frestað. Að því skal ég víkja nánar á eftir.

Þessar ráðstafanir hafa verið miðaðar við það, að sú kaupmáttaraukning, sem launþegasamtökin sömdu um í sumar, haldist. Ég endurtek og ég undirstrika sérstaklega, að það er kjarni þessara ráðstafana, það er grundvöllur þeirra, það er meginforsenda þeirra. Það er innsti kjarni þeirra, að kaupmáttaraukningin, sem um var samið í júní, haldist. Allir vita, að það var samið um u. þ. b. 18% meðaltalshækkun á grunnkaupi, og auk þess kom til framkvæmda vísitöluhækkunin frá því í maí, þannig að kaup hækkaði við samningana um u. þ. b. 21%. Eftir samningana var útborgað kaup í krónum 21% hærra en það var að meðaltali fyrir samningana.

Nú vita auðvitað allir, að kaupmáttur launa er ekki í réttu hlutfalli við hækkun krónutölu kaupsins, fyrst og fremst vegna þess, að það hefur verið um langt skeið ákvæði í öllum kjarasamningum, að kaupgjald skuli ekki hækka vegna þeirrar hækkunar á landbúnaðarvörum, sem á rót sína að rekja til þeirrar kauphækkunar bóndans, sem siglir í kjölfar umsaminnar kauphækkunar við sjávarsíðuna. Í samningum stéttarfélaga um áratugabil, held ég að megi segja, hefur því verið samningsákvæði, sem beinlínis gerir ráð fyrir því, að hækkuð krónutala jafngildi ekki auknum kaupmætti.

Það var reiknað út af sérfræðingum, og þeir útreikningar liggja fyrir, — ég man ekki betur en að þeir hafi verið kynntir fulltrúum vinnumarkaðarins í þeim viðræðum, sem fram fóru, — alveg óvefengjanlega, að það, sem launþeginn hefði haldið eftir af 21% kauphækkuninni, væru 17%. M. ö. o. kauphækkun í krónum um 21% skilar launþeganum 17% kjarabót. Það, sem við höfum verið að vinna að, allar götur síðan þetta gerðist, var með hverjum hætti við gætum tryggt launþeganum, að hann héldi 16—17% kjarabótum, m. ö. o. að kjör hans rýrnuðu ekki miðað við það, sem um hafði samizt í júní s. l. Þegar þær ráðstafanir, sem ráðgerðar eru í þessu frv., eru komnar til fullra framkvæmda, þ. e. a. s. þegar allar niðurgreiðslur eru komnar til framkvæmda, og þegar fjölskyldubæturnar hafa verið hækkaðar upp í það, sem ráðgert er, þá kemur einmitt í ljós, að eftir sem áður hefur launþeginn 17% meiri kaupmátt en hann hafði í maí s. l. (**Gripið fram í:** Þegar búið er að hækka tryggingagjöldin.) Já, það er rétt, þau hækka frá 1. nóv. Það verkar aftur fyrir sig. Það er þegar ákveðið. M. ö. o. er hugsunin í ráðstöfuninni einmitt þessi. Upphæð niðurgreiðslnanna og hækkun fjölskyldubótanna var beinlínis við það miðuð, að eftir yrði 17% kaupmáttaraukning frá því um miðjan maí s. l. Ef einhver tortryggir þá útreikninga, sem sérfræðingar hafa gert um þetta efni, þá er það þeirra að svara, en ég hef enga trú á því, því að hér er alls ekki um mjög torreiknað dæmi að ræða, og ekki nokkur minnsta ástæða til þess að vefengja þær tölur, sem sérfræðingar hafa afhent ríkisstj. og öðrum þeim aðilum, sem á þessu hafa áhuga.

Það, sem við höfum viljað gera og létum í ljós

strax í sumar, að við vildum vinna að, þó við hefðum ekki getað lofað því, fyrr en við vorum raunverulega búin að semja um málið og kanna alla hugsanlega möguleika, var að varðveita umsamda kaupmáttaraukningu frá því í júní. Og ég leyfi mér að staðhæfa og fullyrða og það er ómótmælanlegt, að það hefur tekizt, þegar þessar ráðstafanir hafa komið til fullra framkvæmda. Í þessu dæmi er ekki reiknað með þeirri 2% kauphækkun, sem fresta skyldi til 1. sept. n. k. Að öllu öðru óbreyttu mundi sú kauphækkun verða aukning á kaupmætti frá því, sem nú á sér stað, og frá því, sem var í maí s. l. Ég segi að öllu óbreyttu. Ef mönnum tekst ekki að halda þessu gangandi með þeim hætti, sem ráðgert er, þá verður kauphækkunin, sem bíður til 1. sept., nettóviðbót við kaupmátt launanna.

Ég vona, að hv. stjórnarandstaða hafi gert sér ljóst í aðalatriðum, að málið er þannig vaxið. Og þegar málavextir eru svona, þá er ekki, og það met ég við hv. stjórnarandstæðinga, mikið tilefni til að hrópa sérstaklega hátt, sem betur fer.

Einn hv. þm. Alþb. sagði hér í þessari hv. d. fyrir nokkrum dögum, að hann teldi sig vita, að ríkisstj. væri að undirbúa það að láta ekki koma til framkvæmda kauphækkun, sem svaraði 5, 6 til 7 stigum. Þarna var þessi ágæti þm. óvenjulega hreinskilinn, og ég minnist enn, hversu glaður ég var í sæti mínu, þegar ég heyrði þm. segja þetta, vegna þess að þá vissi ég, að ekkert slíkt stóð til, og engin hætta var á því, að til neins slíks þyrfti að koma. En þetta sýndi, við hverju þessi hv. þm. bjóst. Því var þetta prentað í blaði hans daginn eftir, þannig að ekkert fór á milli mála. Þetta var það, sem hann bjóst við, og ég er raunar ekkert hissa á því, að ýmsir fleiri hafi búizt við því, að eitthvað þvíumlíkt mundi gerast. Ekki af því að við værum illviljaðir, sem að þessu öllu saman stóðum, heldur af því, að málið væri svo torleyst og vandasamt, að við mundum ekki geta annað en látið ráðstafanirnar hafa í för með sér verulega kjaraskerðingu fyrir launamenn.

Það hefur verið sagt, að við værum þeirrar skoðunar, að kauphækkunin í sumar hafi verið allt of há. Það er rangt. Ég veit ekki til þess, að nokkur þm. stjórnarflokkanna hafi nokkurn tíma sagt eitt einasta orð, sem hafi mátt túlka þannig, að kauphækkunin í sumar hafi verið of há. Það getur verið, að ef þróun mála hefði orðið erfiðari en hún hefur reynzt, þá gæti verið, að svo hefði farið, að hún hefði reynzt of há, en þróun mála hefur verið þannig, að atvinnuvegirnir geta staðið undir henni, og þá viljum við láta þá gera það. Þeir geta staðið undir þeirri 26% hækkun, sem orðin er, og þá eiga þeir að gera það. Afkoma þeirra er svo góð, að við höfum treyst okkur til þess að láta atvinnuvegina leggja fram 1.5% launaskatt, sem gefur um 327 millj. króna, og afkoma ríkissjóðs er líka sem betur fer þannig, að hann hefur getað tekið á sig mjög verulegar byrðar í þessu sambandi.

Ég vona, að engum finnist það óréttlátt, þó að þeir, sem neyta áfengis og tóbaks, séu látnir greiða 15% hærra verð fyrir þessar vörur, þegar kaupgjald hefur hækkað um 30%, síðan verðinu var breytt síðast, svo að ég skil ekki í því, að nokkrum manni geti fundizt annað en þær fjáröflunarleiðir, sem farnar hafa verið, launaskatturinn, hækkun á áfengi og tóbaki og hagnýting á góðri afkomu ríkissjóðs, hafi verið réttlátar og skynsamlegar lausnir til þess að auka niðurgreiðslu, til þess að lækka verð á brýnustu nauðsynjum og hækka fjölskyldubætur, til þess að vega upp á móti þeirri óhjákvæmilegu hækkun á öðrum sviðum, sem hlýtur að eiga sér stað.

Þetta er það, sem ég tel vera merg málsins og vildi fyrst og fremst leggja áherzlu á nú þegar við þessa 1. umr. Það hefur tekizt að varðveita umsamda kaupmáttaraukningu í sumar. Það hvarflar ekki að mér að segja það, að þetta hafi tekizt vegna þess að þessi ríkisstj. sé betri en allar aðrar ríkisstj., sem setið hafa, eða við séum eitthvað sérstaklega klókir, úrræðagóðir eða hyggnir menn. Við erum bara venjulegir menn, sem gegnum þessum störfum, en við erum góðviljaðir, held ég, og viljum gjarnan leita að þeirri lausn, sem er sanngjörn og skynsamleg, og það hefur tekizt.

En það hvarflar ekki að mér að bera á móti því, að það, sem hefur gert okkur þetta kleift, er gott árferði ársins í ár. Og gott árferði ársins í ár og ársins í fyrra hefur hagnýtzt mjög vel, vegna þess að við höfum fylgt réttri efnahagsstefnu á undanförnum árum. Við höfðum kjark til þess, þegar við urðum fyrir mestu áföllum á öldinni í efnahagsmálum okkar á árunum 1966, 1967 og 1968, til þess að grípa til erfiðra og um skeið óvinsælla ráðstafana. Við breyttum genginu í stað þess að taka upp nýtt kerfi uppbóta og hafta. Við þurftum kjark, og þann kjark höfðum við, sem betur fer. Ef við hefðum farið hina leiðina, ef við hefðum farið gömlu leiðina, sem ég vil nú gjarnan kenna við Framsfl., leið útflutningsbóta og innflutningshafta, þá er það alveg áreiðanlegt, að sá bati, sem hefur orðið í árferði og verðlagi erlendis, hefði ekki nýtzt með jafngóðum hætti og hann hefur nýtzt. Það er einmitt sú stefna, sem fylgt hefur verið, sem er skýringin á því, hversu tiltölulega fljótt batinn kom fram af hinu góða árferði og af hinu hagstæða verðlagi. Og þegar þetta á sér stað, er sjálfsagt að láta fyrst og fremst launafólkið njóta þess og það hefur fengið að njóta þess. Það fékk réttmæta, nauðsynlega og sjálfsagða kjarabót í sumar. Það má e.t.v. segja, að teflt hafi verið á tæpt vað í von um áframhaldandi bata, en sá bati hefur haldið áfram, og þess vegna er kaupmáttaraukningin tryggð og verður tryggð áfram, nema eitthvað algerlega óvænt gerist.

Hv. síðasti ræðumaður sagði, að í þessu frv. fælist árás á samningsréttinn. Þetta er eina atriðið, sem ég sé ástæðu til þess að nefna af einstökum atriðum úr ræðum ræðumannanna. Hér er nefnilega um mjög mikilvægt atriði að ræða, sem ég vil ekki láta ósvarað. Og það skal vera síðasta atriðið, sem ég vík að í þessari ræðu. Ég tel tal um árás á samningsrétt í lagasetningu Alþ. í raun og veru vera orðaleik í

þetta skipti eins og í svo mörg önnur skipti áður. Nákvæmlega sama var haft uppi um brbl. hæstv. þáv. félmrh., Hannibals Valdimarssonar, haustið 1956. Þá var mikið um þetta talað líka. Mér fannst það vera í raun og veru orðaleikur. Samningar milli aðila vinnumarkaðarins eru eitt, og ráðstafanir Alþ. sem fulltrúa þjóðarheildarinnar eru annað. Alþ. þarf oft að setja lög, sem snerta samningsfrelsi manna, snerta samninga manna og ýmsar ráðstafanir og aðgerðir. Alþ. þarf að gæta hagsmuna þjóðarheildarinnar við sínar ráðstafanir. Ég skal fúslega játa, að að forminu til má segja, að það ákvæði frv. að taka ekki tillit til hækkunar áfengis og tóbaks í vísitölunni sé röskun á samningsrétti, þar sem það, sem samið var um í sumar, er ákveðin vísitala, ákveðinn vísitölugrundvöllur. Það má auðvitað líka segja, að það að taka ekki tillit til almannatryggingagjaldsins sé breyting á samningsréttinum, vegna þess að þetta breytir þeim grundvelli, sem kaupgjaldssamningar hafa hingað til verið miðaðir við. Enn fremur má segja um frestunina á 2%, að þetta er annað en orðið hefði, ef engin lög hefðu verið sett og samningarnir hefðu verið framkvæmdir, eins og þeir voru undirskrifaðir í júní s. l. En hér verður að hafa í huga, hvað á móti kemur. Það eru önnur atriði í þessum heildarráðstöfunum, sem breyta líka samningunum. Í samningunum stendur t. d. og er búið að standa mjög lengi, eins og allir vita, að verðhækkanir bætast aðeins á á þriggja mánaða fresti. En verðlagið getur haldið áfram að hækka með jöfnu millibili á þessum þrem mánuðum, þannig að þetta samningsákvæði er beinlínis um það, að menn skuli ekki fá fullar verðlagsuppbætur, þegar á langan tíma er litið. Það er alveg augljóst, að ef verðlag hækkar smám saman á 12 mánuðum, en kaupgjald hækkar bara 4 sinnum á þessum 12 mánuðum, þá tapar launþeginn. Um það hefur verkalýðshreyfingin samið, að þetta skuli vera svona. Þarna er m. ö. o. alveg skýrt ákvæði um það, að 100% vísitöluuppbót fær launþegi ekki með frjálsum samningum. Nákvæmlega sama gildir um þennan svokallaða búvörufrádrátt, sem verkalýðshreyfingin hefur samið um nú í marga áratugi. Þetta er ákvæði, sem skerðir 100% uppbót launþegans.

En hvað er nú verið að gera, ef þessar ráðstafanir eru skoðaðar sem heild? Það er verið að tryggja stöðugt verðlag til sept. 1971. M. ö. o. er verið að forða launþeganum frá því, að verðlagið hækki smám saman, en kaupið ekki nema á þriggja mánaða fresti. Það er verið að forða launþeganum frá tapi, sem hann hefur samið um og viðurkennt í sínum samningum. Mér dettur ekki í hug í raun og veru að túlka þetta. Það eru útvegaðar 800 millj. kr. til þess að koma í veg fyrir verðhækkun, sem annars mundi verða og launþeginn hefði tapað á. Hagfræðingar hafa reiknað það út, að bara fram til 1. febr. n. k. mundi, ef ekkert hefði verið að gert, launþeginn hafa tapað 2% á því, að verðhækkanirnar hefðu komið á undan kauphækkuninni. Á ársgrundvelli er þetta tap, miðað við að ekkert viðnám hefði verið veitt, einhvers staðar á milli 2—3%. Ekki dettur mér í hug að fara að segja, að þessar ráðstafanir raski samningsgrundvelli launþegum í hag. Það hvarflar ekki að mér að beita þeirri röksemdafærslu. En það er sams konar röksemdafærsla, sem verið er að beita, þegar verið er að tala um það, að áfengi og tóbak komi ekki inn í grundvöllinn og almannatryggingarnar og frestun um nokkra mánuði á 2% sé röskun á samningsgrundvellinum. Ef menn segja þetta, þá má eins segja hitt. Og það er ekkert undarlegt við það, þó að jafnvíðtæk löggjöf og hér er um að ræða, hafi einhver heildaráhrif á kaupmátt launanna. Og það er kaupmáttur launanna, sem er kjarninn í samningunum. Samningarnir eru ekki um það, hvað krónan skuli hækka mikið eða hvernig vísitalan skuli reiknuð út. Það er ekki kjarni samninganna. Kjarni samninganna er kaupmáttaraukningin, sem samningarnir færa launþeganum, og þessum kjarna samninganna er ekki raskað með þessum heildarframkvæmdum. Þvert á móti er þessi kjarni samninganna staðfestur með þeim. Hefði þetta ekki verið gert, þá hefði verðbólguhjólið haldið áfram að snúast með vaxandi hraða, og á því hefði launþeginn sannarlega stórskaðazt. M. ö. o. er með 800 millj. kr. framlagi frá atvinnurekendum, frá ríkissjóði og frá neytendum áfengis og tóbaks launþeganum forðað frá snúningi verðbólguhjólsins. Honum er forðað frá því að verða að bíða eftir kauphækkunum. Honum er forðað frá sannanlegu tjóni, sem hann ella hefði orðið fyrir. En með þessum ráðstöfunum er honum tryggð sú kaupmáttaraukning, sem hann samdi um í sumar og auðvitað mátti ekki og átti ekki að taka af honum.

Herra forseti. Auðvitað væri hægt að víkja að mörgum einstökum atriðum, sem komið hafa fram í ræðum þeirra þriggja stjórnarandstæðinga, sem talað hafa. En ég sé ekki ástæðu til þess á þessu stigi málsins. Ég tel hitt vera miklu, miklu mikilvægara að undirstrika það, sem ég og við í ríkisstj. teljum kjarna málsins. Það er tilgangurinn með þessum ráðstöfunum að varðveita þá samninga, sem gerðir voru á milli launþega og vinnuveitenda í sumar, varðveita þá kjarabót, sem var réttmæt og þá samdist um, og það tekst með þessum ráðstöfunum að varðveita hana. Þess vegna hafa engir aðilar í þjóðfélaginu jafnmikla hagsmuni af því, að þær nái fram að ganga, sem ég efast ekki um, að þær geri, og einmitt launþegastéttirnar á Íslandi.

Umr. frestað.

Á 15. fundi í Nd., 10. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

Tómas Árnason: Herra forseti. Hæstv. viðskmrh. undraðist það í umr. í gær, að málflutningur stjórnarandstæðinga, eins og hann orðaði það, hafi verið linlegur, ekki nægjanlega harður. Hann hafi átt von á því, að hann yrði miklu harðari en raun bar vitni um. Á þessu gaf hann svo sínar skýringar. Ég er ekki alveg viss um, að ástæðan fyrir

því, að hæstv. viðskmrh. átti von á harðari umræðum, þegar rætt er um stöðvun verðlags, hafi verið þær skýringar, sem hann gaf, heldur hafi ástæðan verið miklu fremur sú, að hann hafi búizt við því, að í þessum umr. um stöðvun verðlagsins yrðu rifjaðir upp atburðir seinustu alþingiskosninga um verðlagsmálin og um það, að ríkisstj. markaði þá stefnu, sem hún kallaði verðstöðvunarstefnuna og lýsti því yfir við hvert tækifæri, sem hún fékk fyrir kosningarnar, að ef hún héldi velli í kosningunum, ætlaði hún sér að framkvæma verðstöðvunarstefnu í landinu. Ef þetta er borið saman við þróunina, sem orðið hefur á þessu kjörtímabili, þá finnst mér, a. m. k. ekki nema vonlegt, að hæstv. viðskmrh. hafi átt von á því, að umr. um þetta mál yrðu harðari en honum fannst þær vera hér í gær.

Frv. þetta um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis, eins og það heitir, virðist varla standa undir nafni, ef betur er að gætt. Öðru hverju gefst tækifæri til þess að ræða um efnahagsmálastjórn hæstv. ríkisstj., þ. e. þegar gengislækkanir skella á, þ. e. þegar verðstöðvunarfrv. eru til umræðna hér á hv. Alþ. fyrir kosningar. Það mætti margt segja um þróun íslenzkra efnahagsmála í valdatíð viðreisnarstjórnarinnar. Afleiðingar efnahagsmálastjórnarinnar eru staðreynd, sem ekki þarf að deila um. Það er óðaverðbólga í landinu og ört fallandi króna, sem nálgast gengishrun. Flóðmælska breytir í engu þessum staðreyndum. E. t. v. er bezti mælikvarðinn í þessum efnum að miða við gengislækkanir ríkisstjórnarinnar.

Í febr. 1960 varð gengisfall hið fyrsta, þegar krónunni var breytt úr 16.32 kr. í 38 kr. gagnvart dollar. Það er alveg rétt hjá hæstv. forsrh., það er rétt að viðurkenna það út af fyrir sig, að í raun og veru var gengið svolítið lægra, en eigi að síður var þetta fyrsta gengisfellingin. Næsta gengisfellingin var í ágúst 1961, þegar krónan var felld úr 38 kr. í 43 kr. gagnvart Bandaríkjadollar. Þriðja gengisfellingin var 1967, þegar krónunni var breytt úr 43 kr. í 57 kr. gagnvart Bandaríkjadollar, og fjórða gengisfellingin var í nóv. 1968, þegar krónan var lækkuð úr 57 kr. í 88.10 kr. gagnvart Bandaríkjadollar. Og hvað hefur gerzt síðan í nóv. 1968? Vísitala vöru og þjónustu hefur hækkað á þessu tímabili úr 122 stigum, þegar miðað er við 100 í ágúst 1967, upp í 167 stig, ef miðað er við 1. sept. s. l., eða um 37%. Síðan 1. sept. hefur svo hver stórhækkunin rekið aðra. Hrunadans verðbólgunnar hefur sjaldan verið hrikalegri en undanfarnar vikur og mánuði.

Uppgjöf ríkisstjórnarflokkanna við meginstefnuskráratriðið, að stöðva verðbólguna, er svo algert, að auðvitað ættu þeir að efna til kosninga nú þegar í stað þess að sjóða saman þetta frumvarpsörverpi í þeim tilgangi að leyna hinu raunverulega ástandi og þróun fram yfir kosningar.

Hinn 31. okt. samþykkti verðlagsnefnd samkv. heimild í l. nr. 54 frá 1960, að frá og með 1. nóv. s. l. skuli óheimilt að hækka verð eða álagningu á hvers konar vörum og þjónustu nema með leyfi verðlagsnefndar. Og í dag, 10. nóv., er verið að ræða um hér á hv. Alþ. verðstöðvun með lögum, verðstöðvun, sem þegar hefur verið fyrirskipuð í öllum aðalatriðum. En munurinn á þessari verðstöðvun, sem verið er að ræða um hér á Alþ., og þeirri, sem verðlagsnefnd setti á, er eingöngu sá, að verðlagsnefnd getur breytt sínum ráðstöfunum, en þessi lög halda gildi sínu fram yfir alþingiskosningarnar.

Það þarf í raun og veru ekki nema að lesa grg. fyrir frv. til þess að sjá hina háskalegu þróun efnahagsmálanna um þessar mundir. Ríkisstj. hefur fram til þessa horft á þessa þróun aðgerðarlítil og ráðalaus. Hún finnur vanmátt sinn til að hafa stjórn á þessum málum, enda vildi Sjálfstfl. láta ganga til haustkosninga, eins og kunnugt er. Honum leizt ekki á að setja á veturinn með Alþfl. Í stað þess að breyta um stefnu og starfsaðferðir á nú að endurtaka leikinn frá 1967 um málamyndaverðstöðvun fram yfir kosningar og freista þess að vinna fylgi almennings við óraunhæfa og ímyndaða stöðvun verðbólgunnar. Súrefnistjald á að setja yfir ríkisstj. hæstv., til þess að hún tóri fram yfir kosningar. Mergurinn málsins er auðvitað sá, að stefnan, sem ríkisstj. hefur fylgt í efnahagsmálum, er röng. Hún hefur leitt þjóðina út á enn háskalegri verðbólgubrautir en nokkru sinni fyrr. Það er staðreynd, sem enginn getur neitað. Af þeim ástæðum þarf að breyta um stefnu og starfsaðferðir. Stefna viðreisnarinnar er fullreynd, og árangurinn blasir við þjóðinni. Úrræðaleysi ríkisstj. speglast raunar í þessu frv., sem hefur í raun og veru þann eina tilgang að fleyta málefnum þjóðarinnar með einhverju móti fram yfir kosningar. En hvernig verður ástandið 31. ágúst 1971, þegar lögin falla úr gildi? Hæstv. forsrh. vildi vísa þessu til forsrh. Dana, en það er liðin tíð að vísa okkar málefnum til Dana og láta þá svara til. Hins vegar var hann svo heiðarlegur í sínum málflutningi, að hann viðurkenndi, að ný ríkisstj. mundi standa betur að vígi í ágúst heldur en ella, ef löggjöfin eða frv. væri ekki lögfest. Auðvitað á ríkisstj. að gera grein fyrir því, hvernig líklegt er að þróunin verði, til þess að rökstyðja nauðsyn á setningu þessa frv. Það er ástæða til að ætla, að ef haldið verður áfram sömu stefnu og 1967, eftir kosningar, megi vænta sömu þróunar og við höfum orðið vitni að á þessu kjörtímabili, sem nú er að ljúka. Ég lýsti áður hinni hrikalegu verðbólguþróun síðasta áratugs, sem gengisfellingarnar bera gleggst vitni um. Að vísu létu stjórnmálaflokkarnir kjósa um verðstöðvunarstefnuna fyrir alþingiskosningarnar 1967. Þetta hljómar nú eins og hrein og klár skröksaga, þegar haft er í huga, að vísitala vöru og þjónustu hefur hækkað um 70% á þessu tímabili miðað við 1. sept. s. l. Þannig hefur verðstöðvunarstefna ríkisstjórnarinnar verið í framkvæmdinni. Það er alveg rétt, sem margir segja, það verður fátt gott sagt um þessa óðaverðbólguþróun. Samfélagið býður margs konar tjón af verðbólgunni, en ríkisstjórnin, sem á að stjórna efnahagsmálum þjóðarinnar, hlýtur að bera höfuðábyrgðina.

Fyrrv. forsrh. sagði á gamlárskvöld 1960, þegar hann ávarpaði þjóðina, að fram undan væri tímabil stöðugs verðlags. Og um áramótin 1962 og 1963 sagði hann:

„Takist ekki að sigrast á verðbólgunni, gleypir hún fyrr eða síðar ávexti þess, sem bezt hefur tekizt. Er þá unnið fyrir gýg og beinn voði fyrir höndum."

Í raun og veru skyldi aldrei hætta að útskýra skaðsemi verðbólgunnar fyrir almenningi í landinu, því að skuggahliðar hennar eru svo margar og margvíslegar. Ég vil nefna hér aðeins nokkrar. Framleiðendurnir, sem starfa við mikla verðbólguþróun, hugsa um of um það á verðbólgutímum að leggja peninga í ýmiss konar fjárfestingar, sem verðbólgan gerir verðmeiri, og hugsa meira um það en að fjárfesta í vélum og tækjabúnaði fyrirtækja sinna. Verðbólgan beinir því fjármagni þjóðarinnar og atvinnuveganna inn á verðbólgubrautir. Neytendur í landinu treysta ekki krónunni. Þess vegna vilja þeir ekki eiga hana. Þeir kaupa ýmislegt, sem þeir mundu kaupa seinna, ef þeir treystu krónunni, og þeir kaupa meira en þeir mundu kaupa, ef þeir treystu því, að krónan héldi verðgildi sínu. Eftirspurn eftir ýmsum vörum fer því vaxandi, og neytendurnir hugsa ekki um eins haganleg innkaup og þeir mundu gera, ef stöðugt verðlag væri í landinu. Verðbólgan ýtir þannig undir eyðslu meðal neytenda. Sparifjáreigendurnir, í stað þess að leggja inn peninga, sem þeir ekki þurfa að nota í svipinn, eyða þeim í alls konar kaup, bæði þörf og óþörf. Þegar hinar ýmsu verkanir verðbólgunnar renna saman, verður útkoman sú, að sparifé minnkar í lánastofnunum, atvinnuvegirnir verða fjárvana, fjárfestingin verður allt of mikil og skapar gífurlega þenslu.

En verðbólgan er ekki aðeins skaðsamleg á sviði efnahagsmála, heldur bíður samfélagið margs konar tjón af henni. Eyðsla og óráðsía fer vaxandi. Mat ungmenna og annarra á gildi peninga verður óraunsætt. Alls konar spákaupmennska helríður þjóðfélaginu, að ekki sé talað um óeðlilegar eignatilfærslur, sem eiga sér stað og skapa mikið misrétti og óréttlæti í þjóðfélaginu. En kannske er þessi langvarandi þróun óðaverðbólgunnar alvarlegust, þegar horft er til atvinnuveganna, vegna þess að atvinnuvegirnir eiga auðvitað allt undir því að geta notið fjármagns til þess að byggja sig upp, til þess að kaupa þekkingu, til þess að kaupa nýja tækni, tæknibúnað, vélar og annað það, sem þarf fyrir atvinnuvegina til þess að fylgjast með í nútíma tækniþjóðfélagi. Niðurstaðan verður svo sú, að ef mikil verðbólga helríður þjóðfélaginu lengi, þá dragast atvinnuvegirnir aftur úr. Þjóðarframleiðslan fer minnkandi, arðsemi atvinnustarfseminnar fer minnkandi, og niðurstaðan verður sú, að atvinnuvegirnir verða ófærir um að borga hliðstætt kaupgjald og atvinnuvegir þeirra þjóða, sem við höfum mest samskipti við. Hætt er við, að voði steðji að, þegar til lengdar lætur.

Ég er þeirrar skoðunar, að sterkustu öflin í þjóðfélaginu verði að gæta þess að gera sitt til að stemma stigu við óðaverðbólgu. En mestar skyldur hljóta að hvíla á þeim, sem með ríkisvaldið fara hverju sinni, því að þeir ráða þó alltaf löggjafarvaldinu, sem á að vera og er úrslitavald í málefnum þjóðarinnar. Almannaheill og hagur alþjóðar hljóta að eiga að sitja í fyrirrúmi. Og það er hagur allra, að í stað þess að flytja nú frv., sem frestar ástandinu, sé ráðizt gegn vandanum á allt annan veg en gert hefur verið. Vil ég minna á það í þessu sambandi, að Sjálfstfl., stærsti flokkur þjóðarinnar, vildi láta ganga til haustkosninga, sjálfsagt af þessum ástæðum, sem ég hef verið að lýsa. En er það nú svo, að hagur alþjóðar hafi setið í fyrirrúmi, og þörfin á því að breyta um stefnu nú þegar? Eins og ég sagði, þá hefur Sjálfstfl. lýst því yfir, að það hefði verið í þágu þjóðarhagsmuna, að kosningar til Alþ. færu fram í haust. Og hann lýsti þessu auðvitað yfir af þeim ástæðum, sem ég var rétt í þessu að lýsa. Það er auðvitað í verkahring sjálfstæðismanna að gefa þjóðinni svar við þeirri spurningu, hvers vegna hann vildi láta kjósa og hvers vegna hann taldi það vera í samræmi við þjóðarhagsmuni.

En hvað sagði Alþfl. um þetta mál, Alþfl., sem einu sinni var jafnaðarmannaflokkur? Það er alkunna, að Alþfl. á í hinum mestu heimiliserfiðleikum og þarf bæði að vera í stjórn með Sjálfstfl. og reyna að tryggja það, að stjórnin sitji sem lengst og það verði kosið sem seinast, til þess að hann geti setið sem lengst í ríkisstj. fyrir kosningar, og jafnframt þarf hann að nota tímann fram að kosningum til þess að semja við aðra flokka um vinstri stjórn, til þess að hann geti í öllu falli tryggt stjórnaraðstöðu sína eftir kosningar. Þetta eru stóru hagsmunir pínulitla flokksins. Þegar rakin eru viðbrögð stjórnarflokkanna, liggur það fyrir, að annars vegar eru það hagsmunir Alþfl. að tryggja sér stjórnarsetu, bæði fyrir kosningar og eftir þær. Á hinn bóginn eru það hagsmunir þjóðarinnar, sem allir flokkar á Alþ. nema Alþfl. eru sammála um, að láta fara fram kosningar í haust og söðla um, marka nýja stefnu í efnahagsmálum þjóðarinnar, stefnu sem sé líklegri til þess að ráða bót á verðbólguþróuninni á annan veg en verið hefur s. l. áratug. Það er í raun og veru sorgarsaga að horfa upp á það, að hagsmunir minnsta flokksins skuli sitja í fyrirrúmi fyrir þjóðarhagsmunum. Það er vissulega hið alvarlegasta mál, að ríkisstj. skuli hafa brugðið á það ráð að reyna nú að leika sama leikinn og hún gerði við alþingiskosningarnar 1967. Auðvitað verður verðstöðvun að vera annað og meira en til nokkurra mánaða og verður að byggjast á traustum grunni nýrrar stefnu. Hér er verið að hlaða stíflugarð og safna uppistöðum skuldbindinga fyrir ríkissjóð, stíflu, sem hlýtur að bresta fram með verðbólguflóði, ekkert síður en varð 1967, ef fylgt verður sömu stefnu áfram.

Í raun og veru liggur ekki fyrir nein heildarmynd af stöðunni, þótt því sé haldið fram af hæstv. ríkisstj., að endar nái saman. Ætli niðurstaðan verði ekki eitthvað svipuð því, sem varð árið 1967, þegar upp verður staðið eftir kosningar. Ríkisstj. er raun-

verulega hrædd. Hún óttast afleiðingar sinna eigin verka og sinnar eigin stefnu. Hún lofaði verðstöðvun eftir kosningar 1967, og nú er hún að bera fram frv. um verðstöðvun, nokkrum mánuðum fyrir kosningar. Henni er ljóst, að þróunin er háskaleg, hve háskaleg, virðist hún ekki gjörla vita, sbr. það, sem fram kom hjá hæstv. forsrh. í ræðu hans hér í gær. Þótt þessi málamyndaverðstöðvun verði sett á um nokkurra mánaða skeið, má öllum vera ljóst, að verði haldið óbreyttri stjórn efnahagsmála og óbreyttri stefnu, heldur hin háskalega verðbólguþróun áfram, eins og hún hefur gert á undanförnum árum.

Ég vil taka undir það, sem einhver hv. þm. sagði hér í gær, að eini ljósi punkturinn í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er 3. gr. um fjölskyldubæturnar. Þó vildi ég segja örfáar setningar um það atriði. Í raun og veru eru fjölskyldubætur og eiga að vera skattamál, en ekki tryggingamál. Þannig er hagað málum á öllum Norðurlöndum. Þær eru hreint skattamál. Það er litið á fjölskyldubætur þar hreinlega sem framlag til fólks úr ríkissjóði, en það er greitt beint úr ríkissjóði hér einnig, framlag, sem ekki er þar skattskylt. Danir, Norðmenn og Svíar einnig hafa ekki ákvæði í sínum skattalögum um persónufrádrátt fyrir börn, heldur greiða þeir eingöngu barnapeninga beint úr ríkissjóði, sem ekki eru skattskyldir. Persónufrádráttur á börn kemur hátekjumönnum til góða. Hins vegar ekki þeim, sem eru skattlausir fyrir og hafa lágar tekjur. Fróður maður hefur sagt mér, að ef þessi háttur yrði tekinn upp hjá okkur, þá mundi það leiða til þess, að lágtekjumennirnir mundu hagnast á því. Þannig er það í raun og veru ekki rétt stefna að líta á fjölskyldubæturnar sem tryggingamál, heldur sem hreint skattamál, þannig að barnapeningar séu borgaðir beint úr ríkissjóði, séu ekki skattskyldir og heldur ekki metnir til frádráttar í skatti. En eigi að síður lýsi ég fylgi mínu við þetta ákvæði frv.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Með frv. því, sem hér er nú til umr., er raskað grundvelli kjarasamninga verkalýðsfélaganna við vinnuveitendur, sem gerðir voru í sumar. Við gerð þessara samninga var að öllu leyti farið að þeim lögum og reglum, sem um slíka samningagerð gilda. Það frv., sem hér liggur fyrir, felur í sér ákvæði, sem er bein árás á slíkan frjálsan samningarétt. Helztu efnisatriði frv., sem að verkafólki og að verkalýðshreyfingunni snúa, eru í fyrsta lagi það, að hækkanir á vöruverði, sem eiga að skila sér í framfærsluvísitölunni, eiga síðan ekki að koma fram í kaupgreiðsluvísitölunni, eins og samningar þó segja til um. Í öðru lagi á að fella niður 2%-stig af þeim dýrtíðaruppbótum, sem launþegum ber samningslegur réttur til núna 1. des. Það er að vísu látið heita svo, að þessi 2% séu geymd til 1. sept. næsta ár, en ég held, að mjög sé varasamt að treysta um of á þá geymslu, sem þau eiga að vera í, og ekki víst, að þau finnist, þegar að þessum tímamörkum kemur.

Ég hef látið hafa eftir mér í blaðaviðtali, að þetta frv. væri ögrun við láglaunafólkið, og ég get fullvissað hæstv. forsrh. um, að þar var ekki um neitt mismæli blaðamannsins að ræða. Það er sjálfsagt að rökstyðja þessa fullyrðingu. Ég get gert það í stuttu máli. Skerðingin á kaupi láglaunafólks, sem átti sér stað á árunum 1967—1969, var gerð með þeim rökum, að mikill aflabrestur hefði orðið og gífurlegt verðfall á útfluttum sjávarafurðum. Hvort tveggja þetta var að vísu fyrir hendi. Hins vegar höfðum við ýmislegt um það mál sérstaklega að segja og ég rifja upp hér nú. Þessi skerðing nam í marzmánuði s. l. miðað við sept. 1967 u. þ. b. 16% á kaupi Dagsbrúnarmannsins. Hvernig er nú umhorfs? Við höfum haft á s. l. ári og á þessu ári, sem nú er að líða, má segja, metaflabrögð, og útflutningsverðmæti hafa orðið meiri en nokkru sinni áður. Verðlag á útflutningsvörum okkar hefur hækkað miklu meir en það var komið í fyrir verðfallið, mjög miklu meira. Kauphækkunin í vor nam aðeins því að jafna þá skerðingu, sem orðin var á launum, ekkert umfram það. Og nú vildi ég spyrja og ítreka spurningu, sem hér kom fram í gær: Hvers konar árferði í aflabrögðum og viðskiptakjörum þurfa að vera í þessu landi, til þess að kauphækkun sé möguleg, að ekki þurfi beinlínis að skerða kjörin? Þótt ekki sé tekið til neins annars en þessa í frv., þá er það ögrun við láglaunafólk.

Hæstv. viðskmrh. — slæmt að hann skuli ekki vera viðstaddur, — hélt hér mikla ræðu, fjálglega ræðu í gær um frv. Það læddist að manni sá grunur, þegar maður hlustaði á þá ræðu, að hann hafi lært ýmislegt meira en til doktorsgráðu í hagfræði í Þýzkalandi á tímum Hitlers, ef ég man rétt. Ég held, að hann hafi lært einnig ákaflega mikið í þeirri áróðurstækni að vera ekki allt of vandur að sínum málflutningi. Hæstv. viðskmrh. sagði, að það væri alls ekki ætlunin með þessu frv. að raska kaupi launþega, þvert á móti þá ætti að varðveita gerða samninga og grundvöllurinn, sem allt byggðist á í frv., væri sá, að kaupmáttaraukningin, sem samið var um í sumar, haldi sér. Það er ekkert smáræði, sem sagt er, og þá kunnum við illa að lesa, ef þetta er mergurinn málsins í því frv., sem hér liggur fyrir. Við skulum athuga þetta ofurlítið nánar.

Það er sagt í grg. frv., að kaupmáttaraukningin frá í maí í vor sé um 21.5%. Nú vil ég taka það skýrt fram, að það er röng viðmiðun, þegar talað er um samningsgerðina í vor, að hafa maímánuð sem viðmiðun, einvörðungu vegna þess og einfaldlega vegna þess, að af þeirri kauphækkun, sem samið var um, þegar samningarnir voru gerðir 19. júní í vor, þá er það kaup, sem þar var gert að grunnkaupi og sett 100, engan veginn sú kauphækkun, sem við sömdum um, heldur annað og meira. Þegar við fórum í verkfallið í vor, þá áttum við rétt á kauphækkun, sem nam 4.48% á 10 000 kr. mánaðarkaup. Þetta var sú hækkun, sem vísitalan sýndi, að orðið hefði á verðlaginu frá því 1. febr. og til aprílloka og kom fram í vísitölunni 1. maí, sem síðar átti að koma á kaupið samkv. gildandi samningum 1. júní.

Sem sagt 4.48%, eða 448 kr. á 10 000 kr. mánaðarlaun og lægri, var jöfnun á þeirri hækkun, sem orðið hafði á verðlaginu, en ekki nein umsamin kauphækkun. Kauphækkunin, sem við sömdum um, var hins vegar í almennu verkalýðsfélögunum, eins og hér er margbúið að taka fram, 15—18%. Og það er kaupmáttur þessarar kauphækkunar, sem samningarnir frá í vor um vísitöluna áttu að tryggja, einvörðungu þetta. Við þekkjum hins vegar mjög vel, forystumenn í verkalýðsfélögunum, sem að þessum samningum stóðu, takmörkun þeirra. Við vitum vel, að við fáum verðbæturnar 3 mánuðum eftir á, þetta höfum við samið um og vitum, hvað er. Við vitum einnig, að hinn svokallaði búvörufrádráttur, eða kaup bóndans í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvaranna, skilar sér ekki aftur í kaupgjaldsvísitölunni. Þetta vitum við um, þetta höfum við samið um og vitum, hvað er.

En hvernig er nú gert ráð fyrir í frv. þessu að tryggja kaupmáttinn? Í grg. segir, að kaupgreiðsluvísitalan 1. nóv. muni hækka um 6.2% frá 1. sept. eða 1. ágúst. Við skulum ganga út frá, að þetta sé rétt. Um þetta liggja þó engar endanlegar tölur fyrir enn, en við skulum ganga út frá því, að þetta sé rétt. Nú vil ég biðja menn að taka eftir, að þegar þessi 6.2 stig eru nefnd, þá er búið að draga frá hinn svokallaða búvörufrádrátt, sem talinn er nema 1.4 stigum á þessu tímabili. Væri ekki búvörufrádrátturinn, væri kaupgreiðsluvísitalan þess vegna þeim mun hærri eða 7.6 stig. Þarna er komin fram sú skerðing á kaupgreiðsluvísitölunni miðað við framleiðsluvísitölu, sem við höfum samið um og vitum hver er. Þessum 6.2 stigum á síðan að eyða, þannig að kaupgreiðsluvísitalan verði óbreytt eða 4.21% hinn 1. des., og þetta er gert með því, að niður á að greiða samkv. þessu 4.2 stig. Fjár á að afla til þessara niðurgreiðslna aðallega á þrennan hátt. Í fyrsta lagi með hækkun á verði tiltekinna vara, áfengis og tóbaks, og hækkun verðs á þessum vörum, sem á að nota til niðurgreiðslna, á síðan ekki að skila sér aftur í kaupgreiðsluvísitölunni, og þar með er grundvöllur kaupgreiðsluvísitölunnar falsaður. Í öðru lagi er lagður á launaskattur, sem atvinnurekendur eiga að greiða, sem síðan á að standa undir niðurgreiðslunum, og í þriðja lagi á svo fjármagn ríkissjóðs að koma til. En það sem á vantar, þ. e. a. s. 2 stigin, á hins vegar að fella niður, og kaupmátturinn skerðist bókstaflega og beinlínis um þau. Ég nenni ekki að endurtaka um geymslu þeirra.

Það er ennfremur gert ráð fyrir því, að í framtíðinni og það eftir 1. sept. 1971 verði kaupgreiðsluvísitalan a. m. k. 1 stigi lægri en framfærsluvísitalan sýnir, að hún ætti að vera, vegna hækkunar á þessum tilteknu vörum, og hækkun á tryggingagjöldum almannatrygginga, sem einnig er samið um, að eigi að koma inn í kaupgreiðsluvísitöluna, á nú ekki að koma inn. Varanleg skerðing, sem launþegar verða fyrir, þótt við reiknum með, að þessum 2 stigum yrði skilað aftur að ári liðnu, er þó aldrei minni en 1%-stig í kaupgreiðsluvísitölunni.

Það var helzt að skilja á þeim hæstv. ráðh., sem hér töluðu í gær, að í stað 2 vísitölustiga, sem niður eiga að falla, kæmi lækkun á vöruverði og hækkun á fjölskyldubótum, og málgagn þeirra, Morgunblaðið, fullyrðir þetta í ritstjórnargrein í dag. Hér er auðvitað farið með örgustu blekkingar. Lækkun vöruverðs og hækkun fjölskyldubóta er til þess gerð að mæta þessum 4.2 stigum, sem á að eyða. 2 stigin eru hrein skerðing, og það er aldeilis furðulegt að sjá svona málflutning í víðlesnasta blaði landsins.

Út af fyrir sig vil ég hér sem minnst segja um fjölskyldubætur. Þær eru góðar á sínum stað, sem tryggingamál eða sem skattamál, eins og hér var minnzt á áðan, sem einnig gæti komið til greina, en þeim á ekki að rugla saman við kaupgjaldsmál. Verkalýðshreyfingunni hefur aldrei til hugar komið að semja um mismunandi kaup vegna fjölskyldustærðar fyrirvinnunnar eða þess, sem vinnur, en það er í raun og veru það, sem verið er að gera, með því að blanda fjölskyldubótum á þennan hátt saman við kaupgjaldið. Það er auðvitað sjáanlegt og blasir við hverjum manni, að þegar fjölskyldubætur eiga að koma í stað kaupgjaldshækkunar, þá koma þær auðvitað ákaflega mismunandi niður. Hæstv. viðskmrh. ætti að reyna að hitta fjölskylduföður, við skulum segja, að hann eigi 3 börn, sem eru orðin 16 ára, en eru í framhaldsskólum. Ef ég man rétt í frv., þá fær þessi maður eitthvað hálft níunda þús. krónur miðað við ár, ef börnin eru undir 16 ára. En hvað fær hinn? Hann fær engar fjölskyldubætur, en hann fær á sitt bak hækkun almannatryggingagjaldanna vegna þessara unglinga. Hvað skyldi kaupmátturinn aukast mikið hjá slíkum fjölskylduföður?

Hæstv. ráðh. gætu einnig reynt að tala við einhleypinga, sem verða að kaupa fæði sitt á matsölustöðum. Það mætti að vísu halda langa ræðu um, hvernig sífellt er farið með einhleypingana í þjóðfélaginu, en ég ætla ekki að gera það að þessu sinni. En trúa ráðherrarnir því, að matarkaup slíks manns lækki, sem nemur þeirri lækkun, sem verður nú á landbúnaðarvörum. Ætla þeir kannske að sjá til þess. Á matsöluhúsunum hefur verð farið hækkandi alveg fram á síðasta augnablik, sem löglegt var vegna verðstöðvunarinnar.

Vandinn, sem við er að etja, er ekki kauphækkanirnar í vor.

Til þess að þær gætu staðizt og orðið að veruleika og kaupmátturinn haldizt voru allar ytri aðstæður. Vandinn eru þær verðhækkanir, sem látnar hafa verið fylgja í kjölfarið. Að vísu skal ég ekki neita því, að kauphækkanir hljóti ekki í einstaka tilfellum að hafa í för með sér hækkun á vissum þjónustuliðum t. d., það er óhjákvæmilegt. En virðingarleysi hæstv. ríkisstj. fyrir gerðum samningum verkalýðshreyfingarinnar eða aðilanna á vinnumarkaðinum kemur einkum fram á tvennan hátt. Í fyrsta lagi á þann veg, að atvinnurekendur eru ekki látnir standa við gerða samninga og taka á sig þær kauphækkanir, sem þeir hafa sjálfir samið um. Þeim er leyft að hleypa þeim út í verðlagið svo til algerlega

óheftum, þannig að atvinnurekendur þurfi ekkert á sig að leggja vegna samninganna. Slíkir hlutir hljóta að sjálfsögðu að draga dilk á eftir sér. Í öðru lagi kemur virðingarleysi hæstv. ríkisstj. gagnvart gerðum samningum fram í efni þessa frv., þar sem gerðum samningum beinlínis er breytt, grundvelli þeirra raskað og samningsfrelsið að engu gert. Og trúa nú hæstv. ráðh., að verkalýðshreyfingin geti virt kaupgjaldsákvæði samninga, sem búið er að leika á þennan hátt, svo grátt sem það gert er?

Eitt af afrekum hæstv. viðskmrh. hér í gær var að líkja saman þessum gerningi, sem í frv. felst, og því, sem gerðist í sept. eða ágúst 1956, þegar vinstri stjórnin svonefnda hafði nýlega tekið við völdum. Ég ætla ekki að eyða miklum tíma í að rekja það mál, en kemst þó ekki hjá aðeins að minnast á það. Ég hefði óskað eftir því, þegar hæstv. ráðh. var að flytja mál sitt hér í gær, að hann skýrði, á hvern hátt þessi 6 vísitölustig þá hurfu, en hann bara gerði það ekki. Vinstri stjórnin tók við mjög illa leiknu þjóðarbúi og var margs konar vandi á höndum. Verkalýðshreyfingin hafði trú á því, að þessi ríkisstj. ætlaði verulega að beita öðrum vinnubrögðum, taka á annan veg á efnahagsmálum og atvinnumálum þjóðarinnar en gert hafði verið í tíð næstu stjórnar á undan. Á margan hátt gerði vinstri stjórnin það, og við höfðum mikla trú á þessu í ágúst 1956. Það er svo önnur saga, að endalokin urðu ekki sem glæsilegust. Vísitalan átti að hækka um 6 stig 1. sept. 1956. Nú vil ég minna á, að vísitala þess tíma var öll önnur en vísitalan, sem við búum við nú, grundvöllur hennar allur annar. Þá voru landbúnaðarvörurnar afar veigamikill þáttur vísitölugrundvallarins og miklu þyngri á metunum en hann er nú. Við bjuggum þá við hið margfræga ákvæði um, að hækkun á kaupi bóndans, sem orsakaðist vegna hækkunar, sem orðið hafði á kaupi verkamannsins, skyldi ekki koma fram í kaupgreiðsluvísitölu. Þetta ákvæði var sett inn í gengislækkunarlögin 1950 og hefur verið í gildi síðan, þegar vísitala hefur á annað borð verið í gildi. Þá bjuggum við við þetta ákvæði. Það var vitað, að nokkrum dögum eftir 1. sept. átti verð á búvöru að hækka verulega mikið. Ég man ekki nákvæmlega prósentuna, ég held, að það hafi verið um 10—12%. Það lá alveg á borðinu, að vegna ákvæða gengisfellingarlaganna fengjum við ekki til baka í kaupið nema lítinn hluta af þessari hækkun, og þessi 6 vísitölustig, sem við áttum að fá 1. sept., hurfu svo að segja alveg, vegna þess hve landbúnaðarvörurnar voru þungvægar. Þá var gert samkomulag um, að landbúnaðarvörur hækkuðu ekki í útsölu og verðstöðvun yrði til áramóta. Um þetta gerði verkalýðshreyfingin samkomulag við vinstri stjórnina. Allir helztu forystumenn samtakanna um allt land voru aðspurðir og málið fyrir þá lagt og lagt undir þeirra dóm. Miðstjórn Alþýðusambandsins fjallaði um málið og samþykkti það. Stjórn fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík gerði það einnig. Síðan var haldinn sameiginlegur stjórnarfundur allra verkalýðsfélaga í Reykjavík og þar var málið samþ. með yfirgnæfandi atkv. Að þessu loknu gaf síðan vinstri stjórnin út sín brbl. Þetta er sannleikurinn um atburðina 1956, og það þarf brjóstheilindi til þess að jafna þeim saman við það, sem nú á að gera.

Ég ætla aðeins að ræða hér tvö atriði, sem æði mikið hafa borið á góma og blandazt í umræður um þessi mál, bæði fyrr og síðar. Hið fyrra er hið svokallaða tilboð um gengishækkun, sem samningamönnum verkalýðshreyfingarinnar var gert í vor, og hið síðara varðar þær viðræður, sem fram hafa farið að undanförnu við aðila vinnumarkaðarins af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Hæstv. forsrh. sagði hér í ræðu sinni í gær, að að hans mati hefði hófleg kauphækkun og nokkur hækkun gengis verið farsælasta lausnin, sem hefði verið á boðstólum í vor. Ég held, að það sé alveg óhjákvæmilegt að koma aðeins nánar inn á þetta atriði. Við höfum aldrei gert það sérstaklega áberandi opinberlega, samningamenn verkalýðshreyfingarinnar frá því í vor. En það var svo laugardaginn fyrir hvítasunnu, að við vorum boðaðir á fund ráðh. og sérfræðinga ríkisstj. um efnahagsmál, og við áttum kannske erfitt með að trúa okkar eigin eyrum, en erindið var það, að þessir ráðh., sem staðið hafa fyrst og fremst að gengisfellingum og þeim fjórum á síðasta áratug, ræddu nú í alvöru, að því er virtist, um að hækka nú gengi íslenzku krónunnar. Sumum flaug í hug, — það var nú á hvítasunnunni, sem þetta gerðist, — að það varð hér í eina tíð, að heilagur andi kom yfir postula, og þeir töluðu tungum. Það var eitthvað svona svipað að hlusta á ráðh. Við eiginlega naumast trúðum þessu. En eitthvað var þetta ekki allt of þaulhugsað, því að þegar við fórum að spyrja sérfræðingana, fengum þá á okkar fund og spurðum þá út um ýmis mjög veigamikil atriði, grundvallaratriði varðandi málið, þá fengum við bókstaflega engin svör, sem svör væri hægt að kalla. En boðskapur ríkisstj. var í stuttu máli sá, að gengið yrði hækkað um u. þ. b. 10%, var nú sagt. Það var hins vegar líka sagt, að þessi 10% hækkun gengisins mundi skila sér með u. þ. b. 3% lækkun á almennu vöruverði í landinu. Þessi 3% voru þess vegna sú kjarabót, sem launþegarnir áttu að fá út úr gengishækkuninni. Til viðbótar var svo sagt, að til mála kæmi svipuð kauphækkun. Hvort hins vegar það hefði átt að verða 10% kauphækkun eða 3%, það fengum við aldrei að vita. Og vitum ekki enn í dag. Afstaða okkar var sú, að mæla ekki með þessari aðferð.

Tíu dögum eftir að þetta boð barst okkur, barst okkur einnig í hendur rekstraráætlun fiskvinnslu í landinu fyrir árið 1970, framreiknuð frá árinu 1969. Þegar við fórum að skoða það plagg, þá leizt okkur nú ekki á, að tilboðið um gengishækkun hefði verið á traustum grunni reist. Ef við nú gerum ráð fyrir, — og því gerir nú þetta plagg ráð fyrir, og það vissum við nú raunar kannske áður, — að útflutningsverðmæti sjávarafurðanna væru 5 milljarðar króna, þá hefði 10% hækkun gengisins haft í för með sér 500 millj. kr. lægra verð í íslenzkum krón-

um til útflytjendanna. Við töldum, að kaup verkafólks við þessa framleiðslu væri hátt reiknað 20% af útflutningsverðmætum. Þá er af þessum 5 milljörðum 1 milljarður kaup verkafólksins. Niðurstaða þessa plaggs, sem við fengum, var allt önnur. Ég nenni nú ekki að fara nákvæmlega í það, en niðurstaðan varð sú, að hagnaður í skattlagningu miðað við endurmetnar afskriftir væri röskar 300 millj. króna miðað við ársgrundvöll, þ. e. a. s. það vantaði 200 millj. kr. upp á samkv. þessu, að sjávarútvegurinn hefði átt fyrir þessari gengishækkun, sem boðuð var. Þegar við fórum að ræða þetta plagg við sérfræðingana, þá varð svarafátt, og ég held nú, að þeir hafi ekki farið með neinum glæsibrag út úr þessu dæmi öllu saman. Þetta eru nú staðreyndirnar um tilboðið frá í vor, um gengishækkun, sem við vildum ekki mæla með. En við sögðum hins vegar, að auðvitað hefði ríkisstj. það í hendi sinni, hvort hún gerði það eða ekki, og að svo miklu leyti, sem það hefði áhrif á vöruverð, þá kæmi það fram í vísitölunni og kaupgjaldið yrði þá þeim mun lægra, sem vöruverðið væri lægra. En það var aldrei lagt út á þær brautir.

Hitt, sem ég ætlaði aðeins að minnast á, — ég skal vera stuttorður — eru viðræðurnar svokölluðu. Ég skal ekkert um það fullyrða, hver hafi raunverulega verið hugmyndin eða viljinn að baki þess tilboðs, sem okkur barst 1. júlí um viðræður við ríkisstj. ásamt með samtökum atvinnurekenda. Ég vil aðeins segja það, að slíkar viðræður geta verið gagnlegar. Menn skiptast á skoðunum, það þarf enginn að láta af sínum hlut fyrir það. Á þessu tímabili hefur margt fróðlegt komið fram í viðræðum við ríkisstj., en ég vil alveg sérstaklega undirstrika, að í þessum viðræðum hefur ekkert komið fram, sem rennir stoðum undir það, að kjör láglaunafólks skuli nú skert, ekki einn einasti stafur. En það er annað varðandi þessar viðræður, sem ekki hefur verið jafn viðfelldið og þau orðaskipti, sem þar hafa farið fram, og það er, hvernig þessar viðræður hafa verið notaðar út á við. Mér er það minnistætt, ég held, að það hafi verið annaðhvort sama daginn eða daginn áður, að hæstv. ráðh. komu fram í sjónvarpi og útvarpi og tilkynntu, að það yrði ekkert af haustkosningum, það væri nú ákveðið. Og ein af höfuðröksemdunum, sem fram voru færðar, eða sárabætur eða hvað það nú var, var það, að nú hefði ríkisstj. snúið sér í alvöru að þessum málum og tekið upp viðræður við Alþýðusambandið og Vinnuveitendasambandið um þessi mjög svo erfiðu mál, sem fyrir lægju. Þetta var eins og nokkurs konar kóróna á það að hafa nú ekki haustkosningar. Þetta var nú byrjunin, síðan má segja, að eiginlega við öll tækifæri, möguleg og ómöguleg, hafi þessar viðræður mjög svo verið útbásúnaðar af hálfu stjórnarvaldanna, ráðherranna sérstaklega, og eiginlega gefið í skyn, að von væri mikilla átaka. Ég tel, að slíkar viðræður geti verið gagnlegar, og ég er alveg ófeiminn við það og tel mig ekki neitt þurfa að láta af mínum skoðunum eða sveigja mína afstöðu sérstaklega með tilliti til slíkra viðræðna, en ég vara mjög við þeirri sýndarmennsku, sem fram hefur komið í öllum áróðri hæstv. ráðh. í sambandi við þessar viðræður.

Að lokum, herra forseti, óska ég leyfis til þess að lesa hér örstutta samþykkt, sem stjórn verkamannafélagsins Dagsbrúnar gerði á fundi sínum s. l. sunnudag og varðar efnisatriði þessa frv. Hún er þannig:

„Stjórn verkamannafélagsins Dagsbrúnar mótmælir harðlega þeirri skerðingu á umsömdum kjörum verkafólks, sem stefnt er að með frv. ríkisstj. um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis, er nú hefur verið lagt fyrir Alþ. Með frv. þessu er m. a. gert ráð fyrir að breyta, verkafólki í óhag, grundvelli kaupgreiðsluvísitölunnar, er samið var um í sumar og einnig, að ekki komi til útborgunar á kaupi 2%-stig, sem verkafólk á samningsbundinn rétt til. Stjórnin átelur harðlega það virðingarleysi æðstu stjórnvalda fyrir nýgerðum samningum, er fram kemur í frv. þessu, og skorar á Alþ. að fella það.“

Afstaða mín til þessa máls er hin sama og fram kemur í þessari ályktun.

Jón Skaftason: Herra forseti. Það er nú búið að ræða allmikið um þetta frv. um verðstöðvun, sem hér er á dagskrá, og skal ég ekki lengja umr. með því að víkja mjög mikið að efnisatriðum þess. Ég lít á frv.-flutning þennan sem lið í þeim kosningaundirbúningi, sem er nú hafinn fyrir alþingiskosningar á næsta ári. Þetta er tafl, eins og teflt var fyrir seinustu kosningar, þegar verðstöðvunarfrv. var flutt þá af hálfu hæstv. ríkisstj. nokkrum mánuðum fyrir kosningar.

Það hefur verið vikið að því hér áður, að tilgangurinn með frv.-flutningnum sé sá, að dylja enn þá um sinn, hvernig komið er í landinu í verðlagsmálum og kaupgjaldsmálum, dylja það fram yfir kosningarnar, og það hefur ennfremur verið bent á, að með þessu frv. séu engin af þeim grundvallarvandamálum, sem til staðar séu í þjóðfélagi okkar, leyst. Ég hygg, að öllum, sem þetta athuga, sé þetta ljóst og sé í reyndinni ekki um það deilt, að með frv. um verðstöðvunina þá sé ekkert af þeim grundvallarvandamálum, sem við Íslendingar höfum átt við að stríða í efnahagsmálum marga áratugi, leyst. En í leiðinni, vilja þeir, sem að frv. standa, líka ná þeim árangri, að þeir geti í kosningabaráttunni á næsta ári slegið á þá strengi, að þeir séu einhverjir sérstakir baráttumenn þess að halda verðbólgunni í skefjum, en við, sem stjórnarandstöðuna skipum, höfum ekki eins mikinn áhuga á því, og gerum raunar margt til þess að kynda undir þá verðbólguelda, sem logað hafa í þjóðfélagi okkar undanfarandi ár.

Til samhengis þá vil ég í örfáum orðum rekja þann tilgang, sem frv. á að tryggja. Með því á að eyða, eins og sagt hefur verið, 6.2 vísitölustigum, sem ættu að öllu óbreyttu að koma fram í kaupgjaldi 1. des. n. k. Þetta á að gerast með því að fresta

tveggja stiga hækkun allt til 1. sept. 1971. Í öðru lagi með því, að eins stigs hækkun vísitölunnar, sem verður vegna hækkunar á áfengi og tóbaki og vegna hækkunar á iðgjöldum til almannatrygginganna, er ekki tekin inn í vísitölugrundvöllinn, eins og þó er um samið. Og í þriðja lagi á að greiða niður 3.2 stig af vísitöluhækkuninni, og undir þeim kostnaði eiga atvinnurekendur, ríkissjóður, launþegar og bændur að standa.

Ég sagði áðan í upphafi ræðu minnar, að ég liti á það sem annan megintilgang þessa frv. að leggja grundvöllinn að þeirri kosningabaráttu, sem núverandi stjórnarflokkar hyggjast heyja á næsta ári fyrir kosningarnar. Mér finnst því ekki óeðlilegt og raunar nauðsynlegt, til þess að nokkurt samhengi eða skilningur fáist á því, hvað hefur verið að gerast í verðlagsmálum og í verðbólgumálum að undanförnu, að víkja nokkrum orðum að sjálfri stjórnarstefnunni, sem óumdeilanlega ræður mestu um, hvernig til tekst í þessum mikilvægu málum í þjóðarbúskap okkar.

Hæstv. forsrh. sagði hér í gær í umr., að jafnvægi í verðlagi væri undirstaða atvinnuöryggis landsmanna, og er ég hæstv. forsrh. algerlega sammála um þetta atriði, að jafnvægi í verðlagsmálum innanlands er forsenda atvinnuöryggis landsmanna. Hæstv. viðskmrh. sagði líka í umr. í gær, að ríkisstj. hefði fylgt réttri efnahagsstefnu.

Mig langar nú í framhaldi af því, sem ég sagði hér í upphafi, og með hliðsjón af yfirlýsingum þessara tveggja hæstv. ráðh. að víkja nokkuð að þeirri reynslu, sem er óumdeilanleg og hefur fengizt á 10 árum, af þeirri stjórnarstefnu, sem hér hefur verið ráðandi á þeim tíma. Stefnan var, eins og hv. alþm. muna, mörkuð í ársbyrjun 1960 og birtist m. a. í bæklingi, sem þá var gefinn út og nefndur var „Viðreisn", sem nú í dag er ekki í allra manna höndum og er ekki mikið hampað. En í þessum bæklingi segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í stefnuyfirlýsingu þeirri, sem ríkisstj. birti, þegar hún tók við völdum í nóv., taldi hún það höfuðverkefni sitt að koma atvinnulífi þjóðarinnar á traustan og heilbrigðan grundvöll. Hefur síðan verið unnið að athugun á þessu máli. Þótt ekki séu nema rúmir tveir mánuðir, síðan ríkisstj. hóf störf sín, er nú lokið þeim rannsóknum, sem taldar voru nauðsynlegar. Þegar stjórnin og stuðningsflokkar hennar höfðu kynnt sér þessar athuganir og niðurstöður þeirra, var ákvörðun tekin um, að ríkisstj. skyldi beita sér fyrir gagngerðri stefnubreytingu í efnahagsmálum þjóðarinnar og nauðsynleg frv. samin, þar sem hin nýja stefna er mörkuð. Hér er ekki um að ræða ráðstafanir sama eðlis og þær efnahagsráðstafanir, sem tíðkazt hafa svo að segja árlega nú um skeið og snert hafa fyrst og fremst breytingar á bótakerfi útflutningsins og nauðsynlega fjáröflun í því sambandi, heldur algera kerfisbreytingu samfara víðtækum ráðstöfunum í félagsmálum, skattamálum og viðskiptamálum."

Síðar segir, þar sem talað er um heilbrigðan grundvöll, sem stefnan eigi að tryggja:

„Það hefur verið augljóst einkenni allra þeirra efnahagsráðstafana, sem gripið hefur verið til árlega undanfarið, að þær hafa verið gerðar til bráðabirgða, enda ekki staðið nema stuttan tíma í senn. Að vísu verður aldrei tekið upp efnahagskerfi, sem ætla megi, að standi óbreytt um langt árabil. Hitt er þó víst, að árlegar breytingar á aðstöðu atvinnuveganna og hin mikla óvissa, sem svo tíðum breytingum hlýtur að fylgja, draga verulega úr afköstum þjóðarbúsins og tefja þar með, að lífskjörin batni eins ört og yrði að öðrum kosti. Af þessum sökum er það megintilgangur þeirrar stefnubreytingar, sem ríkisstjórnin leggur til, að framleiðslustörfum og viðskiptalífi landsmanna sé skapaður traustari, varanlegri og heilbrigðari grundvöllur en atvinnuvegirnir hafa átt við að búa undanfarandi ár."

Hér kemur fram sú meginstefna, sem mótuð var af hæstv. ríkisstj. í ársbyrjun 1960. Til þess að tryggja þá stefnu í framkvæmd ákvað hæstv. ríkisstj. að afnema vísitöluna. Um það atriði segir svo í þessum sama bæklingi:

„Til þess að koma í veg fyrir, að aftur hefjist það kapphlaup milli verðlags og kaupgjalds, sem tókst að stöðva á s. l. ári, leggur ríkisstjórnin til, að óheimilt sé að miða kaupgjald við breytingar á vísitölu. Reynslan hefur sýnt, að það vísitölukerfi, sem hér hefur verið í gildi síðan í byrjun heimsstyrjaldarinnar síðari, hefur ekki verið launþegum til neinna varanlegra hagsbóta. Þess vegna leggur ríkisstjórnin til, að það verði afnumið. Hins vegar eru ekki í tillögum stjórnarinnar nein ákvæði um grunnkaup. Það er stefna ríkisstjórnarinnar, að það sé og eigi að vera verkefni samtaka launþega og atvinnurekenda að semja um kaup og kjör. Þegar afkoma atvinnuveganna leyfir hækkun kaupgjalds, telur ríkisstjórnin hana eðlilega og sjálfsagða, en hún mun beita sér gegn því, að kaup verði hækkað og kostnaðinum við þá hækkun síðan velt yfir á herðar almennings í landinu með hækkun vöruverðs eða á annan hátt."

Þetta er sú stefna, sem hæstv. ríkisstj. markaði sér í upphafi. Og fyrir nokkrum mánuðum var það ítrekað og því lýst yfir af hæstv. núv. forsrh., að hið nýja ráðuneyti hans mundi fylgja í öllum aðalatriðum sömu stefnu og þarna var mörkuð.

En hvað hefur reynsla okkar sýnt um afleiðingar þessarar stefnu í þjóðarbúskap okkar á áratugnum 1960 til 1970? Hefur hún tryggt það, að ekki hafi þurft að grípa til árlegra aðgerða til þess að halda atvinnuvegunum gangandi og koma í veg fyrir víðtækt atvinnuleysi? Lítum lítillega á það, sem gerðist á þessu yfirstandandi kjörtímabili. Þá má sjá, að á árinu 1966 var framkvæmd verðstöðvun á mjög svipaðan hátt og nú er fyrirhuguð. Á árinu 1967 var gripið til margvíslegra ráðstafana, þeirra stærstu, gengisfellingarinnar, auk margháttaðra uppbóta og annarra aðgerða til þess að koma í veg fyrir, að atvinnulíf landsmanna stöðvaðist. Á árinu 1968 var gripið til gengisfellingar, og nú í ár, árið 1970, á enn á ný að grípa til verðstöðvunar til þess

að tryggja atvinnuvegina, að þeir verði í gangi a. m. k. fram yfir næstu kosningar. Þetta er þá reynslan af hinni nýju stefnu, að á síðasta kjörtímabili hefur orðið á hverju ári að grípa til aðgerða til þess að forða frá meiri háttar óhöppum í þjóðarbúskap okkar. Og hvernig hefur hin nýja stefna tryggt grundvöll atvinnuveganna? Hvernig hefur hún reynzt t. d. að því leyti að tryggja stöðugt verðlag í landinu? Ég hef hér fyrir framan mig tölur, sem Hagstofan hefur reiknað út um hreyfingu á vísitölu vöru og þjónustu á grundvelli verðlagsins 1914, og ef við lítum á þær hækkanir, sem orðið hafa á tímabilinu frá 1930 til 1970 og tökum hver 10 ár fyrir sig, þá sjáum við, að vísitala vöru og þjónustu hefur á áratugnum 1930—1940 hækkað um 35%. Á árunum 1940—1950 hækkar þessi vísitala um 263%, en ég bið hv. alþm. að hafa það í huga, þegar ég nefni þessa háu tölu, að þetta eru einmitt styrjaldarárin, sem að sjálfsögðu höfðu mjög verulega áhrif á allt verðlag í landinu, og er því ekki óeðlilegt þegar af þeirri ástæðu, að hækkun vísitölu vöru og þjónustu sé há á þeim áratugnum. En svo kemur áratugurinn 1950—1960, sem sýnir, að hækkun vísitölu vöru og þjónustu er 123 stig, eins og hér hefur áður verið nefnt, en hækkun vísitölu vöru og þjónustu á síðasta áratug, frá 1960—1970, er 250 stig, þ. e. a. s. að hækkun vísitölunnar á síðasta viðreisnaráratugnum hefur verið meiri en tvöfalt hærri en á áratugnum á undan. Þessi staðreynd segir talsvert mikla sögu um það, hvernig til hefur tekizt um stjórn þjóðarbúsins á þessum tíma.

Ég hef líka fleiri tölur, sem segja mikið mál. Ég hef hér tölur frá Hagstofunni um hækkun á nokkrum algengum neyzluvörum almennings frá 1958 til 1970, miðað við verðlag eins og það var þessi árin í ágústmánuði. Þar sést m. a., að magn af súpukjöti, sem kostaði 100 krónur 1958, kostar 1970 um 505 kr. Magn af kartöflum, sem kostaði 100 kr. 1958, kostar árið 1970 1421 kr. Magn af nýjum fiski, sem kostaði 100 kr. 1958, kostar 1970 775 kr., og hrísgrjón hafa hækkað á þessu tímabili úr 100 kr. upp í 1004 kr.

Ég nefni ekki fleiri dæmi um þær verðlagshækkanir, sem hafa orðið á nauðsynjavörum almennings, en einnig þessar tölur segja nokkuð mikla sögu um þau rassaköst, sem hér hafa verið í sambandi við verðlagsmálin í þjóðfélagi okkar á undanförnum áratugum.

Þá tekur ekki betra við, ef við reynum að bera þróun þessara mála í okkar þjóðfélagi síðasta áratuginn saman við það, sem hefur verið meðal annarra þjóða, sem nálægt okkur eru og við getum fyllilega borið okkur saman við. Ég hef hér tölur um þróun vísitölu verðlags á Norðurlöndum á tveim tímabilum, þ. e. a. s. í fyrsta lagi á árunum 1954—1958, sem segir, að á þeim tíma hafi meðaltalshækkun á hverju þessara ára verið þessi: 4% hækkun í Danmörku, 7% hækkun í Finnlandi, 6% hækkun á Íslandi, 3% hækkun í Noregi og 4% hækkun í Svíþjóð.

En hins vegar á árunum 1958—1967 eru tölurnar þessar: Danmörk 4%, Finnland 4.5%, Ísland 10%, Noregur 3% og Svíþjóð 3.5%. Síðan hef ég tölur um hækkunina á Íslandi á árunum 1967—1970, en þar er meðaltalshækkunin 20%, en ég hef ekki sambærilegar tölur frá hinum Norðurlöndunum.

Og þær upplýsingar fékk ég í gær hjá Efnahagsstofnuninni, að samkv. skýrslum frá O. E. C. D., Efnahags- og framfarastofnuninni, þá hafi meðaltalshækkun verðlags í löndum þeirrar stofnunar á tímabilinu 1963—1969 numið 4%, en á Íslandi hafi þessi hækkun numið um 12.8%, eða rúmlega þrisvar sinnum hærri en meðaltalshækkun verðlagsins í öðrum löndum O. E. C. D.

Ef hv. alþm. minnast orða, sem mikilsvirtur, látinn stjórnmálaforingi íslenzkur sagði fyrir nokkrum árum, að flest eða allt væri unnið fyrir gýg í efnahagsmálum okkar, ef ekki tækist að ráða við eða hamla gegn verðbólgunni, þá held ég, að ekki geti leikið á því nokkur vafi, að í meginatriðum hefur stjórnarstefnan, sem hér hefur ríkt undanfarandi áratug, mistekizt svo hrapallega, að slíks eru engin eða a. m. k. fá dæmi úr sögu okkar, síðan við fluttum valdið í eigin málum inn í landið. Það er mikið sagt með þessu, mér er það fyllilega ljóst, en ef menn hafa þessar staðreyndir, sem ég var að nefna, í huga og rifja svo upp fyrir sér, hvað hæstv. viðskmrh. lét sér um munn fara hér í gær, er hann sagði, „við höfum fylgt réttri efnahagsstefnu“, þá sjá menn, hversu lítt grundvallaður málflutningur það er af hálfu hæstv. ráðh., þegar hann heldur fram slíkum staðhæfingum sem þessari, enda er það svo sannast sagna, að hjá flestum, sem fylgzt hafa með þróun þessara mála hér á landi undanfarin ár, þá hljóta yfirlýsingar sem þær, sem hæstv. viðskmrh. viðhafði í gær og ég var hér að endurtaka, að verka sem hreinasta öfugmæli.

Ég held líka, að það sé hægt að renna verulega gildum stoðum undir þær staðhæfingar, að sjálf stjórnarstefnan eigi mikla sök, ef ekki meginorsök þess, hvernig hér hefur farið í sambandi við verðlagsþróunina í landinu. Það er staðreynd, að ríkið eða ríkissjóður hefur á undanförnum árum beitt stórtækari skattheimtu en þekkzt hefur áður. Það er rétt, að menn rifji það upp fyrir sér, að fjárlög spegla mjög vel þá stefnu, sem fylgt hefur verið af hálfu ríkissjóðs í þessum málum. Fjárlög 1960 sýndu niðurstöður upp á 1.5 milljarð, en samkv. fjárlagafrv. fyrir árið 1971, sem hefur verið dreift fyrir nokkrum vikum á borð hv. alþm., er gert ráð fyrir því, að niðurstöður fjárlaga þess árs muni nema um 10 milljörðum og 6 millj. kr., eða hafi að minnsta kosti sjöfaldazt frá því sem var á árinu 1960. Að sjálfsögðu er mér ljóst, að krónurnar eru ekki sambærilegar á næsta ári við þær, sem voru á árinu 1960. En þó er það öllum ljóst, að hér er um svo gífurlega mikla hækkun að ræða, í krónum, að hin óhóflega skattheimta, sem beitt hefur verið undanfarin ár, er öllum augljós.

Þá er það breyting í sjálfri skattastefnunni, sem ég tel, að eigi verulega mikla sök á þeirri verðlags-

þróun innanlands, sem orðið hefur undanfarandi ár og ég hef vikið að. Það er sú breyting, sem verið hefur að gerast á undanförnum árum, að óbeinir skattar og þá fyrst og fremst söluskattur hafa verið stórlega hækkaðir, en að sama skapi hafa beinir skattar minnkað og að söluskattur hefur nú verið lagður í æ stærra mæli á nauðþurftir landsmanna, en eins og menn vita, þá var þeirri stefnu fylgt áður að reyna að hlífa nauðþurftum landsmanna við álagningu söluskatts.

Þriðja atriðið, sem er á valdi hæstv. ríkisstj. og hefur átt mjög mikinn þátt í þeirri verðlagsþróun, sem verið hefur í landinu, er sú stefna að gefa þeim, sem í þjónustustarfsemi starfa, mjög aukið álagningarfrelsi, sem hefur verið notað í mörgum tilfellum ákaflega gáleysislega.

Ég held því, að þótt þetta frv. verði samþykkt, þá sé ekki á nokkurn hátt brotið blað í baráttunni gegn verðbólgunni. Verstu afleiðingum stjórnarstefnunnar verður að vísu frestað um sinn og væntanlega fram yfir kosningar, en með því er alls ekki á nokkurn hátt ráðizt að rótum þess vanda, sem við er að stríða og ég hef verið að reyna að lýsa, hver er. Ég hef t. d. aldrei skilið það, af hverju er ekki alveg eins hægt að semja um verðlag bæði vöru og þjónustu til einhvers ákveðins tíma, eins og við höfum hér í landinu haft um margra ára skeið samkomulag, eða jafnvel lög, um það, að kaup skuli hækka eftir vissum reglum, hvernig eigi að ákveða fiskverð í landinu og hvernig eigi að verðleggja landbúnaðarvörur og þar fram eftir götunum. Ég fæ ekki skilið, af hverju megi ekki t. d. semja um verðlag til þriggja mánaða í senn, svo að maður nefni einhvern tíma.

Þá er það skoðun mín, að verðlagseftirlitið, eins og það er framkvæmt núna, sé ekki í nógu góðu lagi. Ég held, að það eigi ekki að vera að fylgjast svo mjög með verðlagi einstakrar vöru í einstaka verzlunum, heldur ætti að taka ákveðna vöruflokka út úr og reyna almennt að fylgjast með þróun verðlagsins í þessum vöruflokkum. Ég held, að slíkt verðlagseftirlit yrði áhrifaríkara en það, sem nú er. Vel getur verið, að mér missjáist í því, en þó finnst mér, að sú reynsla, sem við höfum haft í sambandi við verðlagsþróunina hér innanlands undanfarin ár, hljóti að neyða okkur til þess að fara að skoða þessi mál í nýju ljósi, því að allar þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið á undanförnum árum til þess að halda verðlagi niðri í landinu, hafa brugðizt að meira eða minna leyti, eins og þær tölur, sem ég nefndi hér áðan, bera vitni um.

Því hefur verið haldið fram, m. a. af mér, að það frv., sem hér er til meðferðar, gæti ekki leyst úr þeim grundvallarvandamálum, sem við eigum við að stríða. Mér sýnist, að allur undirbúningur að þessu frv. og efni þess reyndar líka, hljóti að gefa vísbendingu um, að reynslan af því verði ákaflega lík því, sem við reyndum árið 1966 og 1967. Það hefur komið fram hér í umr., að verðlag hefur hækkað frá því að verðstöðvuninni lauk 1967 og til þessa dags um 67 stig. Ég fæ ekki séð annað en að nákvæmlega sama muni gerast að öllu óbreyttu eftir 1. sept. n. k. og mánuðina þar á eftir.

Hér hefur verið talað um, hvort frv. þetta feli í sér árásir á samningsrétt verkalýðsfélaganna. Hæstv. viðskmrh. vildi neita því í þeirri ræðu, sem hann flutti í gær og var að reyna að finna því stað. Ég verð þó að segja, að þau rök, sem hann flutti fyrir því, að svo væri ekki með þessu frv., sannfærðu mig ekki. Ég verð að segja, að ég tek fullt eins mikið tillit til álits þeirra tveggja ræðumanna úr verkalýðshreyfingunni, sem talað hafa um þetta, og báðir hafa haldið því sama fram. Annar talaði í gær, hv. þm. Hannibal Valdimarsson, og hinn í dag, hv. þm. Eðvarð Sigurðsson. Ég tel það ótvírætt, að sú ákvörðun stjórnar Alþýðusambandsins að slíta þeim viðræðum, sem í gangi hafa verið undanfarið á milli ríkisstj. og aðila vinnumarkaðarins, undirstriki þá skoðun stjórnar A. S. Í., að með frv. þessu sé einmitt ráðizt á samningsrétt verkalýðsfélaganna. Ég hef líka, eftir því sem ég hef aðstöðu til að kynna mér, ákaflega ríka tilhneigingu til að trúa því, að bæði afkoma ríkissjóðs á næsta ári, eins og hún verður bezt séð nú, og eins afkoma atvinnuveganna í landinu, sem nú er að mörgu leyti óvenjulega góð, sé slík, að ekki hafi þurft þeirra vegna að grípa til þess óyndisúrræðis, sem í frv. felst, að ráðast á samningsrétt verkalýðsfélaganna. Það er staðreynd, að hækkun á verðmæti útflutningsins á fyrri helmingi þessa árs, muni nema um 40%, og sennilega verður hækkunin á síðari helmingi ársins nokkru meiri, eða allt að 49%, að því er sumir telja, þannig að líkur benda til þess, að aukning þjóðartekna á þessu ári verði einhvers staðar á milli 10% og 11% miðað við árið í fyrra.

Hæstv. forsrh. sagði í gær, að stjórnarandstæðingar hér á hv. Alþ. ættu að styðja þjóðþrifamál eins og þetta, eins og gerzt hefði með öðrum þjóðum. Sennilega hefur hann átt við það, sem gerðist í Danmörku og Svíþjóð nú fyrir nokkru, en þar hafa verið samþykkt lög um verðstöðvun. En á lagasetningu þar og hér er einn mjög veigamikill munur, eftir því sem ég bezt veit. Það munu ekki finnast í verðstöðvunarlögunum dönsku eða sænsku nein ákvæði, er hrófla við samningsbundnu kaupi launþega í þessum löndum. En eins og ég hef áður vikið að, þá eru ákvæði um þetta veigamikla atriði í því frv., sem hér er verið að ræða, og raunar standa þær deilur, sem um þetta hafa orðið á hv. Alþ., fyrst og fremst um þetta atriði, því að ég þori að fullyrða, að engum hv. þm. dettur í rauninni í hug að vera á móti aðgerðum, sem í reyndinni væru í alvöru lagaðar til þess að stöðva þá verðbólguskriðu, sem hér hefur ætt fram undanfarin ár. Ég held, að enginn hugsi þannig.

Það kom einnig fram í umr. hér í gær hjá hæstv. viðskmrh., og hann lagði á það mjög mikla áherzlu, að þrátt fyrir samþykkt þessa frv., þá yrði sá kaupmáttur, sem fékkst í samningunum frá 19. júní s. l., ekki skertur að neinu leyti. Hann sagði, að 19. júní hefði verið samið um 21% kauphækkun, sem í reynd hefði þýtt 17% aukningu kaupmáttar launa.

Og hann margsagði, að þetta hefði verið réttlát kauphækkun til launþega, sem þjóðfélagið hefði getað borið.

Þær reikningskúnstir, sem hæstv. ráðh. notaði í gær til þess að rökstyðja, að kaupmáttur þessara kauphækkana væri í engu skertur með frv., voru ekki mjög sannfærandi að mínu viti. Að sumu leyti minntu þær á reikningskúnstir Sölva Helgasonar. Við höfum heyrt á hv. þingi og raunar annars staðar líka álit forystumanna launþegasamtakanna í landinu um þessa staðhæfingu ráðh. Báðir þeir þm., sem ég minntist á hér áðan, hafa mótmælt þessu sem röngu, og ég fæ ekki skilið þau rök, sem mér skildist, að lægju helzt á bak við þessa staðhæfingu hæstv. ráðh., er hann sagði, að vegna þess að kauphækkun, sem yrði vegna vísitölunnar, kæmi alltaf á eftir verðlagshækkunum, að þá yrði frestun á því, að 2 stig vísitölunnar kæmu fram í heilt ár, í stað þess að koma venjulega á þriggja mánaða fresti, mikil réttarbót.

Herra forseti. Ég skal nú ekki orðlengja þetta öllu meira, en ég vil undirstrika, að með þessu frv. er að mínu viti verið fyrst og fremst að undirbúa þá kosningabaráttu, sem háð verður á næsta ári. Það á að gera það á svipaðan hátt og var gert í kosningunum 1967, sem gaf nokkuð góða raun fyrir stjórnarflokkana. Ég held, að það sé óyggjandi og raunar óumdeilanlegt, að með frv. er ekki höggvið að rótum þeirra meinsemda, sem orsakað hafa verðbólguna í landinu. Hún mun halda áfram með auknum krafti, þegar verðstöðvunartímabilinu lýkur, og gera ýmis þau vandamál, sem fyrir eru, jafnvel enn erfiðari viðureignar en þau eru þó nú. Það hlýtur því að vera ályktun mín miðað við það, sem ég hef áður sagt, að fyrst hv. stjórnarflokkar eða forystumenn þeirra eru ekki til viðtals um að breyta sjálfri stjórnarstefnunni, sem er meginorsök þeirra ófara, sem hér hafa orðið, þá sé ekki nema eitt ráð til og það sé að fella þann meiri hl. stjórnarflokkanna í næstu þingkosningum og freista þess á þann hátt að fá fram þær breytingar á stjórn landsmála, er tryggi betri og hagkvæmari lífskjör í landinu en þessi stjórnarstefna hefur verið fær um að gera.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Þegar hæstv. viðskmrh. var kominn þar í ræðu sinni í gær, að hann var farinn að reyna að sannfæra hv. þm. um það, að það væri mikill hagnaður fyrir launþega að gefa eftir 3 vísitölustig af launum sínum, eins og gert er ráð fyrir með þessu frv., þá datt mér í hug saga af séra Árna Þórarinssyni prófasti, en samherji hans í prestastétt var að segja honum frá öðrum presti, sem þótti snjall áróðursmaður, en var ekki eins sinnaður í trúmálum og þessir tveir. Og þegar hann hafði lýst vinnubrögðum þessa prests fyrir séra Árna, þá bætti sögumaður við, að hann yrði nú ekki lengi að afkristna söfnuð sinn, og spurði svo séra Árna í leiðinni: „Þekkir þú nokkurn annan jafnsnjallan?“ Þá sagði séra Árni: „Ég þekki annan, sem er miklu betri, því að hann getur afkristnað heil sólkerfi og verið fljótur að því.“ Málflutningur hæstv. viðskmrh. var með þeim hætti, að það var hægt að gera ráð fyrir því, að hann ætlaði sér að vera fljótur að afkristna heil sólkerfi.

Hæstv. viðskmrh. kvartaði yfir því, að við stjórnarandstöðuræðumenn hefðum verið linir í málflutningi okkar í gær, þegar við töluðum hér. Út af fyrir sig hef ég ekkert nema gott um það að segja, að það sé talið svo um minn málflutning, að ég noti ekki stóryrði, því að það tel ég mig ekki gera. En hversu linur ég var í þessum málflutningi, það verður ráðh. að meta. Ég hélt því fram, að hér væri um sýndarmennsku eina að ræða, það væri verið að undirbúa kosningarnar með þessari sýndarmennsku. Það segir hæstv. ráðh., að sé linlega að staðið. Af hverju? Af því að hæstv. ráðh. veit, að þetta er rétt.

Ég hélt því líka fram, að það hefði verið heimild í lögum til þess að koma á þeirri verðstöðvun, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, og því væri það óþarft, og reyndar væri hæstv. ríkisstj. búin að gera þetta með ákvörðun sinni 1. nóv. En hún hafði áður verið búin að auglýsa eftir verðhækkunum, til þess að þeir, sem vildu búa sig undir, gætu gert það. Þetta segir hæstv. ráðh., að sé linlega að staðið. Hér er rétt með farið, og það er að dómi hæstv. ráðh. linlega að staðið, þegar þannig er skýrt frá málunum.

Ég skýrði frá því hér í ræðu minni í gær, hvernig reynslan hefði verið af verðstöðvuninni 1967 og hvernig vinnubrögð hæstv. ríkisstj. hefðu verið. Um það nefndi ég mörg dæmi, en hæstv. ráðh. sagði hér linlega að staðið, því að það var aðeins sagt, sem rétt var. Út af fyrir sig, þá hef ég ekkert við það að athuga, þó að það sé að dómi hæstv. ráðh. linlega að staðið, þegar maður viðhefur réttan málflutning. Svo kom hæstv. ráðh. og sagði, að þetta frv. og þessi lausn væri sérstaklega vel undirbúið, alveg sérstaklega, óvenjulega vel undirbúið. En ef menn fara og leita í gögnum viðvíkjandi gengisbreytingunni, sem var gerð í nóv. 1967, þá finna þeir þessa setningu: „Engin gengisbreyting hefur verið jafn vel hugsuð og vel undirbúin,“ en hún dugði ekki í rúman mánuð. Þá var farið að lappa upp á hana, og það var verið að því í 10 mánuði, og á 11. mánuðinum var gengisbreytingunni kollvarpað og ný gengisbreyting gerð.

Ekki er að undra, þótt hv. þm. yrðu hrifnir af því, þegar hæstv. viðskmrh. gefur út yfirlýsingu um, hvað mál séu sérstaklega vel undirbúin, og svo kom framhaldið, að þessi lausn væri skynsamleg og réttlát, sérstaklega skynsamleg og réttlát. Nú má það vel vera, að þetta sé svo frá sjónarmiði ráðh., en hvenær er það, hæstv. viðskmrh., sem þínar till. í málum eru ekki skynsamlegar og réttlátar frá þínum bæjardyrum séð? Þetta er ekki í fyrsta skiptið, sem hæstv. viðskmrh. lýsir því yfir, að hann fari með það eitt, sem sé skynsamlegt og réttlátt. Ég minni á það, að þegar verðstöðvunin 1967 var að fjara út, þá fór þessi hæstv. viðskmrh. í útvarpið og sjónvarpið og sagði að kvöldi 25. ágúst, og frá því var skýrt í Alþýðublaðinu hinn 26.: „En ég fullyrði, að

rétta leiðin er ekki gengisbreyting, ég fullyrði, að rétta leiðin er ekki gengisbreyting.“ Hann var alveg sannfærður um það, hæstv. viðskmrh., að hann fór með rétt mál. Hann hafði aðstöðu til að meta þetta, og hann hafði gáfur og hæfileika til þess. Og rétta leiðin var ekki gengisbreyting, sem hann gerði þó í nóv., þ. e. þremur mánuðum seinna. En gengisbreytingin, sem þá var verið að gera, var þá eina rétta leiðin og allt annað var tóm vitleysa og ekkert nema til að glata fjárhagsgetu þjóðarinnar og sjálfstæði. Svona var þetta.

Hæstv. ráðh. talar um það, að þetta sé réttlátt. Einu sinni talaði hæstv. núv. viðskmrh. um rangláta skatta. Og það var í okt. 1953. Þá sagði hæstv. núv. viðskmrh., Gylfi Þ. Gíslason, þetta um söluskattinn, með leyfi hæstv. forseta:

„Við þetta allt saman bætist svo, að söluskatturinn er í eðli sínu ranglátur. Það er einhver ranglátasti skattur, sem lagður hefur verið á af íslenzka löggjafarvaldinu.“

En hvað er söluskatturinn nú? Hann er nú réttlátasti skattur, sem lagður hefur verið á af íslenzka löggjafanum að dómi hæstv. viðskmrh. Þannig túlkar þessi hæstv. viðskmrh. söluskattinn nú, þegar hann er hærri en nokkru sinni fyrr. Það er því ekki mikils virði, þó hæstv. viðskmrh. lýsi því yfir, að hér sé um réttláta og skynsamlega leið að ræða, því að á morgun getur þessi leið verið sú eina ranga og önnur komin í staðinn. Þetta er aðeins sýnishorn af því, hversu mikils virði slík yfirlýsing er af hendi hæstv. viðskmrh.

Hæstv. viðskmrh. vék að afgreiðslu efnahagsmálanna 1956. Hv. 2. landsk. þm. lýsti því í dag, svo að ég þarf þar litlu við að bæta. En það var nú annað viðhorf hæstv. viðskmrh. þá en nú, og það var líka öðruvísi staðið að því máli þá en nú. Í fyrsta lagi, eins og hann vék að í gær, þá var ástandið í efnahagsmálum þjóðarinnar 1956 ekkert sambærilegt við það, sem nú er. Í öðru lagi var svo að þessu máli unnið með þeim hætti, að það var ekki auglýst eftir verðhækkunum 1956, svo að það væri búið að gera þær, áður en að verðstöðvunin var ákveðin. Það kom einmitt fram í umr. hér á hv. Alþ. þá, að hæstv. ríkisstj. hefði ekki viljað auglýsa aðgerðir sínar af ótta við, að verðhækkanirnar yrðu gerðar. Hv. 2. landsk. þm. nefndi því líka í dag, að samstarf, sem haft var þá við verka- eða launþegastéttirnar og samtök þeirra, var með öðrum hætti en nú, þegar viðræður stóðu yfir við þessa aðila og upp úr þeim slitnaði, vegna þess að þeir vildu ekki samþykkja það, sem nú á að gera. Þess vegna er þetta ekki sambærilegt við það, sem hér er um að ræða.

Hæstv. viðskmrh. sagði í ræðu sinni í gær, að hér væri um mjög torleyst mál að ræða í þessum efnahagsvanda, sem hér væri verið að fást við. Ef litið er aftur til haustsins 1967, þá vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp úr upphafi að athugasemdum við lagafrv., sem hæstv. ríkisstj. flutti þá um aðgerðir í efnahagsmálum. Það frv. var flutt, á meðan hæstv. viðskmrh. og aðrir hans samstarfsmenn voru á því, að gengisbreyting væri ranga leiðin, hún væri ekki rétta leiðin:

„Eins og alkunna er, breyttust á árinu 1966 mjög til hins verra viðhorf í efnahagsmálum vegna verðfalls íslenzkra afurða á erlendum mörkuðum. Þessi viðhorf hafa enn versnað á árinu 1967. Verðfall, einkum á fiskimjöli og síldarlýsi, hefur orðið meira og staðið lengur en ástæða hafði í fyrstu verið talin til að ætla. Óvenjulegar ógæftir voru á vetrarvertíð og síldin hefur haldið sér langt burtu frá landinu í sumar.“

Þetta voru talin rökin fyrir því, að ástandið í efnahagsmálum væri mjög erfitt. Nú segir hæstv. viðskmrh., að efnahagsmálin séu mjög torleyst. Hver er ástæðan fyrir því? Er ástæðan sú sama og var vitnað til í grg. með frv. um efnahagsmálin 1967? Á þessu ári hafa verið óvenjugóð aflabrögð, óvenjugóðar gæftir og verð síhækkandi og það er nú hærra en nokkru sinni fyrr. Hvaða ástæða er þá til að halda því fram, að efnahagsmálin séu torleyst? Þar við bætist svo, að kaupgjald hér á landi fram á mitt ár 1970 og allt árið 1969, var að allra dómi talið svo lágt, að Ísland tilheyrði láglaunasvæði, eins og það var orðað, og að allra mati var talað um, að það þyrfti að breyta hér um. Hvaða ástæða er til þess, þegar kaupgjaldið er orðið með eðlilegum hætti, að hér séu torleyst efnahagsvandræði miðað við það ástand, sem nú er?

Það er eitt af því sem hæstv. ráðh. eru alltaf sannfærðir um, þegar þeir tala um efnahagsmál, að þeirra stefna sé sú eina rétta, og alltaf finna þeir réttu lausnina. Hvað gerði hæstv. ríkisstj., þegar hlé varð á, eftir að samið var um launakjör 1968, eða fyrri hluta ársins 1969, til þess að reyna að halda verðbólgunni niðri? Hver voru viðbrögð hennar til að reyna að forðast það, að ný verðbólguskriða skylli á? Mér þætti vænt um að fá upplýsingar um það, hvað hæstv. ríkisstj. gerði til þess.

Ég minnist þess hins vegar, að við Framsóknarflokksmenn fluttum í fyrra frv., eins og við höfum gert nú, um að afnema söluskatt af mestu nauðsynjum. Við héldum því fram, að þetta væri spor í þá átt að draga úr verðbólgu og það væri nauðsynlegt að nota nú tækifærið til þess að koma þessu á, áður en til nýrra átaka kæmi á vinnumarkaðinum. Hvað var sagt hér á hæstv. Alþ.? Það var talað um ábyrgðarleysi af okkar hendi, vegna þess að ríkissjóð mundi skorta þessa fjármuni í ríkiskerfið. Það var ekki hlustað á það, að þetta atriði væri nokkurs virði gagnvart verðbólgu.

Ég vil leyfa mér í þessu sambandi að koma með eitt vitni, sem hugsaði þessi mál svipað og við flm. frv. um að fella niður söluskatt af nauðsynjum yfirleitt. Þetta vitni er Haraldur Guðmundsson, fyrrv. ráðh. og sendiherra, merkur þingskörungur. En hann sagði um söluskattinn, og tók þar undir með flokksbróður sínum, hæstv. núv. viðskmrh., að hann væri ranglátur. Þetta er í Alþt. frá haustinu 1953, og með leyfi hæstv. forseta, vil ég vitna til þess. Þar segir hann, að söluskatturinn sé ranglátur og óskynsamlegur og í öðru lagi segir Haraldur

orðrétt: „Liggur í augum uppi, að söluskattur hlýtur að hækka verðlag í landinu og þar með dýrtíðina."

Þetta var okkar skoðun, og við vildum halda því fram, að það væri nauðsynlegt að nota árið í fyrra betur til þess að forðast það að hleypa slíkum verðbólgugjafa inn í verðlagið og söluskatti á mestu nauðsynjum. En viðbrögðin urðu þau, að í staðinn fyrir að fella niður söluskatt af mestu nauðsynjum, var hann hækkaður upp í 11%.

Við lögðum líka til, framsóknarmenn, að skattamálið yrði tekið með þeim hætti, að persónufrádráttur til skatts yrði hækkaður, til þess að launþegarnir m. a. þyrftu ekki að krefjast eins mikillar kauphækkunar og þeir yrðu að gera með þessum skattbyrðum. Á þetta var ekki hlustað. Ríkissjóður mátti ekki tapa tekjunum. Nú er það svo, að það mundi kosta ríkissjóð eitthvað hátt á fjórða hundrað millj. kr., ef söluskatturinn yrði felldur niður af þeim vörum, sem við lögðum til. En það mundi þýða aftur, að það mundi lækka vísitölustig, a. m. k. 1.8 til 2. Nú er hér á hv. Alþ. verið að fjalla um það að greiða niður vöruverð, og hér á að greiða niður landbúnaðarvörur um 3.6 vísitölustig. Það kostar 640 millj. kr. Eftir sömu reglum mundu á fjórða hundrað millj. kr. sparast aftur í þeim vísitölustigum, ef þessi skattur væri lagður niður.

Og hvað segir svo sjálft fjárlagafrv. um afleiðinguna af verðbólgustefnu hæstv. ríkisstjórnar? Grg. fjárlagafrv. segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Frv. gefur hins vegar eftirtektarverða mynd af áhrifum hinna miklu launa- og verðlagshækkana á hag ríkissjóðs." Fjárlagafrv. hækkar um 2000 millj. kr. vegna verðbólgunnar m. a., og að því er höfundarnir segja, fyrst og fremst vegna hennar. En að tala um það að fella niður söluskatt af nauðsynjum eða lagfæra persónufrádrátt til skatts, það var ábyrgðarleysi stjórnarandstæðinga og sýndi, hvað þeir voru óhæfir til að fást við slíkt mál.

Það var líka, þegar við stjórnarandstæðingar fluttum hér á Alþ. till. til breytinga í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna um að hækka fjölskyldubætur og aðrar bætur trygginganna í fyrra, sagt hið mesta ábyrgðarleysi. En þegar hæstv. ríkisstj. þurfti í sumar að laga til fyrir Alþfl., vegna þess hvernig hann fór út úr kosningunum í Reykjavík, og ákvað á miðju sumri að hækka ellilaun og slíkt, þá var það gert af ábyrgð. Þar voru menn að verki, sem tóku raunhæft á málefnum þjóðarinnar. Hitt var ábyrgðarleysi.

Nei, það er ekki sama, hvernig á þessi mál er litið og að þeim staðið. Og halda hv. alþm., að viðhorfin við kjarasamningana í sumar hefðu verið hin sömu, ef 11% söluskattur hefði ekki verið á mestu lífsnauðsynjum, eða halda þeir, að þau hefðu verið hin sömu, ef persónufrádráttur til skatts hefði verið réttlátari en nú er? Það getur enginn haldið því fram með rökum, að það hefðu verið sömu viðhorf, ef það hefði verið búið að undirbúa þau átök, sem þá urðu. Hvað hefur svo hæstv. ríkisstj. gert, síðan samið var á s. l. vori? Það, sem hún hefur gert, er að auglýsa eftir verðhækkunum, eins og bent hefur verið hér á, með því að tilkynna það, að hún ætlaði að stöðva verðlagið með svokallaðri verðstöðvun, eins og nú er talað um að gera.

Hver er þá ástæðan fyrir þessu ástandi, eins og hér er nú? Góðærið núna er eitt hið mesta, sem verið hefur. Þrátt fyrir þetta talar hæstv. viðskmrh. um torleyst verkefni í efnahagsmálum. Það skyldi þó aldrei vera, að það væri stefnan sjálf? Mér dettur ekki í hug að halda því fram, að hæstv. ráðh. fari að viðurkenna slíkt. Það væri óeðlilegt með öllu.

Það, sem hæstv. viðskmrh. taldi „mottóið" í sinni ræðu og sem allt byggðist á, var það, að kaupmáttur launa í landinu nú væri ekki verri en á verstu árum aldarinnar, eins og hann orðaði það, árunum 1956 og 1957. En kaupmáttur launanna, sem hann stærði sig af nú, er álíka og hann var á þeim árum, þessum árum, sem hæstv. ráðh. sagði sjálfur, að hefðu verið ein verstu ár aldarinnar. Það var út af fyrir sig einn skemmtilegur þáttur í þessari merkilegu ræðu, sem var nú öll í stíl, þetta, sem hann taldi svo vel að verið. Og þarf nokkurn að undra, þó að hæstv. ríkisstj. hefði ekki með aðgerðum sínum í efnahagsmálum verið búin að slátra kauphækkunum, sem launþegar urðu að vera í þriggja vikna verkfalli út af til að sækja í hendur atvinnurekenda, eftir 2—3 mánuði. Og þá værum við komnir aftur niður á það stig, sem við sjálfir sögðum, að væri láglaunasvæði, sem íslenzka þjóðin gæti ekki unað við.

Hæstv. viðskmrh. vék að hinni leiðinni. Það voru höft og þess háttar, sem hin leiðin boðaði. Ég hef oft undrað mig á því, þegar hæstv. stjórnarsinnar og ráðh. eru að reyna að kenna Framsfl. alltaf um höftin, þó að þeir hafi sjálfir átt viðskmrh. í þeim ríkisstj., sem hafa orðið að beita höftum, vegna þess að að mati þeirra samstarfsflokka, sem að þeim stóðu, voru ekki aðrar leiðir færar til þess að leysa málefni þjóðarinnar þá. Á árunum 1947—1950 átti Alþfl. forsrh. í þeirri ríkisstj., er þá sat að völdum. Samt vill nú hæstv. ráðh. álíta það, að höftin tilheyrðu Framsfl. En það, sem hæstv. ráðh. virðist ekki átta sig á, — hann gerir það að vísu, en vill ekki viðurkenna það, — er það, að stefna Framsfl. er m. a. sú, að það eigi að reyna að draga úr framleiðslukostnaði, það sé leiðin, sem eigi að fara. Það eigi að draga úr framleiðslukostnaðinum og á þann hátt komast fram hjá gegndarlausri verðbólgu, gengisbreytingum og öðru slíku, sem hafa verið óskabörn hæstv. núv. ríkisstj. Framsfl. hefur alltaf haldið því fram, að það væri leiðin, sem ætti að athuga, og reyna þannig að koma atvinnuvegunum á heilbrigðan og traustan grundvöll. Hins vegar hefur hann líka haldið því fram, eða hélt því fram árið 1968, að hann væri undir það búinn að athuga fleiri leiðir, þegar væri búið að leggja það niður fyrir sér, hvað hægt væri að komast eftir þeirri leið. Þess vegna held ég, að hæstv. viðskmrh. væri það hollt að fara að kynna sér hina leiðina, og e. t. v. fer það nú svo, að það verði ekki langt þangað til, að hann verði orðinn einn bezti talsmaður hennar.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Hér hafa nú þegar orðið alllangar umr. um þetta frv., og hefur ýmislegt komið hér fram í umr., sem vissulega gefur tilefni til þess, að vikið sé að því, en ég mun nú aðeins ræða hér örfá atriði til þess að lengja þessar umr. ekki um of. Það eru sérstaklega hér nokkur atriði, sem fram komu í ræðu hæstv. viðskmrh., sem mig langar til þess að víkja að.

Í fyrsta lagi er það það atriði í ræðu hans, þar sem hann fullyrti, að hér væri um að ræða svipaðar ráðstafanir varðandi kaupgjaldsmálin og gerðar hefðu verið í tíð vinstri stjórnarinnar haustið 1956. Það hefur að vísu hér fyrr í þessum umr. verið vikið að þessum ummælum hæstv. ráðh. og sýnt fram á það með allljósum dæmum, að það, sem ráðh. sagði í þessum efnum, er alrangt. Það fær ekki staðizt. Það er svo út af fyrir sig sérstakt mál, að hæstv. núv. viðskmrh. var í þeirri ríkisstj., sem lagði fram till. 1956, sem hann vitnar til, og þá stóð hann með þeim till. og taldi, að þær væru þá fluttar á þeim grundvelli, að eðlilegt væri að samþykkja þær, þar sem verkalýðshreyfingin í landinu hefði fallizt á meginmál þeirra. En nú flytur hann mál sitt þannig, að hann lætur að því liggja, að þær till. hafi raunverulega jafngilt 3% launalækkun fyrir launafólk í landinu. En hvað var það, sem gerðist í þessum málum haustið 1956? Það er rétt, að það voru gefin út brbl. 28. ágúst 1956 um það, að 6 vísitölustig skyldu ekki verða reiknuð í kaupgjaldsvísitöluna þá eftir örfáa daga, eða þann 1. sept. og þannig skyldu þessi mál vera fram til áramóta. En eins og skýrt kom fram í umr. á Alþ. um þetta mál á sínum tíma, þá lá það fyrir, þegar þetta samkomulag var gert á milli vinstri stjórnarinnar og verkalýðshreyfingarinnar í landinu, að þá eftir 15 daga eða þann 15. sept. átti landbúnaðarvöruverð í landinu að hækka um 11.8% og launþegar í landinu hefðu þurft að standa undir þessari verðhækkun á landbúnaðarvörum frá 15. sept. til 1. des. bótalaust. Þeir stóðu því frammi fyrir því, að þeir gátu að vísu samkv. sínum samningum haldið 6 vísitölustigum í kaupi frá 1. sept. til 1. des. eða á næsta vísitölutímabili, en þeir urðu að greiða næstum á öllu þessu tímabili, eða frá 15. sept. til 1. des., 11.8% hækkun á landbúnaðarvörum. Auk þess lágu svo fyrir nokkrar aðrar verðhækkanir, sem var alveg augljóst, að mundu ná fram að ganga, ef ekki yrði sett sérstök löggjöf til þess að koma í veg fyrir þá verðlagshækkun. Það, sem verkalýðshreyfingin í landinu gerði á þessum tíma, var það, að hún leit á þessi mál á raunhæfan hátt. Hún virti fyrir sér, hvernig dæmin mundu koma út kaupmáttarlega séð, og allir helztu forustumenn verkalýðshreyfingarinnar komust að þeirri niðurstöðu, að það væri, eins og málum þá var háttað, hagstætt að falla frá þessum 6 vísitölustigum gegn þeim skilyrðum, að engar vörur og þá ekki heldur landbúnaðarvörur hækkuðu á þessu tímabili, á þessum 4 mánuðum, og ríkissjóður tók að sér að greiða bændum sinn hluta beint úr ríkissjóði af þeirri kauphækkun, sem þeir áttu enn eftir að fá greidda. Síðan var haldið þannig á málinu, að ekki var um neina hækkun á landbúnaðarvörunni að ræða.

Það kom skýrt fram í umr. á Alþ., þegar þessi mál lágu fyrir, að áður en brbl. voru sett, hafði málið verið borið undir svo til alla formenn í verkalýðsfélögum í landinu, og þeir höfðu lýst yfir samþykki sínu við, að þannig yrði haldið á málum. Í Reykjavík var haldinn fundur með öllum stjórnarmeðlimum allra verkalýðsfélaganna hér í Reykjavík, og þar féllu atkv. þannig, að 94 á þessum fundi greiddu þessu samkomulagi atkv., að þessi vísitölustig skyldu niður falla á þessu tímabili með þeim skilyrðum, sem sett voru þar, 15 voru á móti og 17 sátu hjá. Þetta voru sjálfstæðismenn, sem stóðu með sínum mönnum hér á Alþ. og vildu gera allt erfitt fyrir stjórnina. Miðstjórn Alþýðusambandsins hafði fjallað um málið og lýst sig einróma samþykka þessu samkomulagi. Stjórn fulltrúaráðsins í Reykjavík hafði líka fallizt á málið. Og formenn allra fjórðungssambanda Alþýðusambandsins höfðu líka fjallað um málið og samþykkt það. Hér var því gert samkomulag milli stjórnarvalda og verkalýðshreyfingarinnar í landinu á þeim grundvelli, sem forsvarsmenn verkalýðshreyfingarinnar töldu sér hagstætt. En svo kemur hæstv. viðskmrh. nú og segir: — Það, sem var gert á þessum tíma, er bara alveg það sama, sem verið er að gera nú. — Hefur hann eitthvert samkomulag við verkalýðshreyfinguna í landinu um þessa aðgerð? Eða skyldi hann fá eitt einasta verkalýðsfélag eða einn einasta forustumann í verkalýðshreyfingunni til að lýsa yfir því, að efni þessa frv., sem hér liggur fyrir, sé hagstætt fyrir launþega í landinu? Skyldi hann fá nokkurn? Það verður fróðlegt að sjá.

Það er gamalt efni, að þeir sjálfstæðismenn, sem voru í stjórnarandstöðu haustið 1956, hafa verið að klifa á þessu ár eftir ár, að þarna hafi launþegar í landinu verið sviknir um þessi 6 vísitölustig og þeir börðust mjög fyrir því á eftir, að kaupgjaldssamningum yrði sagt upp í landinu á þessum grundvelli. En á þessum tíma stóð hæstv. núv. viðskmrh. gegn sjálfstæðismönnum, og taldi, að þeir færu þarna með rangt mál. En nú auðvitað snarsnýst hann og stendur með þeim, sjálfstæðismönnunum, og heldur því nú fram, að þarna hafi verið unnið eitthvert ódæðisverk á launþegum í landinu. (**Menntmrh.:** Það sagði ég aldrei.) Það má kannske segja, að sé mín túlkun, en ég lagði nú þessa merkingu í það, þegar hæstv. ráðh. talaði um 3% launalækkun, að það væri ódæði, og það er það, sem ég kalla ódæði fyrir mitt leyti. En svona voru þessi mál, svona lágu þessi mál fyrir haustið 1956 eða á allt annan hátt en nú er.

Það er svo annað atriði, sem mig langar til þess að víkja hér nokkuð að, af því, sem fram kom hér í ræðu hæstv. viðskmrh., en hann tók að sér hér í sinni ræðu að reyna að sanna mönnum það, að með þessu frv. væri ekki verið að hagga við launasamningum verkalýðsfélaganna í landinu. Hæstv. ráðh. sagði í sinni ræðu, — ég hef ritað það niður svona í aðalatriðum, ég vil ekki segja, að það sé algerlega

orðrétt, — að með þessu frv. væri ekki verið að svipta launþega kaupuppbót, sem þeir eiga að fá. Og hann sagði ennfremur, að með frv. væri ekki verið að raska vísitölukerfinu. Og hann sagði ennfremur, að með frv. væri ekki raskað í neinu þeim umsamda rétti launþega að fá kauphækkun, ef verðlag hækkar. Við skulum nú víkja svolítið nánar að þessum fullyrðingum hæstv. ráðh. hverri um sig.

Hann segir, að það sé ekki verið að svipta launþega kaupuppbót, sem þeir eiga að fá, þó að hann komi með frv., sem mælir svo fyrir, að það skuli strika út úr kaupgjaldsvísitölu 2 vísitölustig, og þau skuli ekki greidd, þau skuli falla niður bótalaust á meðan l. standa. Þótt þessi tvö stig eigi að falla niður bótalaust úr vísitölunni, þá segir hæstv. ráðh.: — Launþegar eiga að fá sína kaupuppbót eftir sem áður. — Það er hægt að fullyrða ýmsa hluti. Það er hægt að segja, að hvítt sé svart og svart sé hvítt. En það er bara alveg tilgangslaust, það er að berja höfðinu við steininn, það er að neita staðreyndum. Samningarnir af hálfu verkalýðsfélaganna um það, að það skuli vera vísitölutrygging á kaupinu, fólu það í sér, að vísitalan átti að tryggja það, að kaup hækkaði í hlutfalli við hækkað verðlag. Ef þessi regla er brotin, þannig að verðlagið er látið hækka, en kaupið fær ekki að hækka á móti jafnmikið, þá er vitanlega verið að skerða kaupið, þá er verið að minnka kaupmátt launanna. Það er því vitanlega alveg tilgangslaust fyrir hæstv. viðskmrh. að neita þessari staðreynd.

Þá segir hæstv. ráðh. í öðru lagi, að það sé ekki með frv. verið að raska vísitölukerfinu. Treystir hann sér nú virkilega til þess að endurtaka slíka fullyrðingu? Vísitölukerfið, sem um var samið, mælti svo fyrir, að ef tilteknar vörur hækkuðu eða þjónusta hækkaði í verði, skyldi vísitalan hreyfast eftir þar til settum reglum. Nú kemur hæstv. ráðh. hér með frv., sem segir alveg hið öfuga, þó að áfengi hækki í verði, þó að tóbak hækki í verði, þó að almannatryggingagjöld hækki, þá skal slík hækkun ekki reiknuð inn í vísitölukerfið, ekki inn í vísitölugrundvöllinn, þveröfugt við það, sem samið hafði verið um. En þó að hæstv. ráðh. flytji hér till. um að breyta á þennan hátt vísitölukerfinu, þá segir hann bara alveg hikstalaust: — Vísitölukerfinu er ekki breytt. — Það er hraustlega mælt. Auðvitað sjá það allir menn, að þessi fullyrðing hæstv. ráðh. fær ekki staðizt. Hér er hann að segja alveg rangt frá. Vísitölukerfinu er í þessum efnum breytt, og því er breytt á enn frekari hátt en þennan, sem ég nefndi. Því er líka breytt á þann hátt, að lengur á ekki að miða kaupgjaldsvísitöluna við það verðlag, sem fram kemur einum mánuði fyrr en kaupgjaldsvísitalan kemur í gildi, eins og var í fyrra samkomulagi. Nú er skotið hér inn ákvæði um það, að það skuli taka inn í útreikning vísitölunnar það verðlag, sem verður á þeim degi, þegar kaupgjaldsvísitalan á að ganga í gildi, eða mánuði síðar en áður var. Þarna er auðvitað einnig verið að breyta þessu vísitölukerfi, því, sem um var samið.

Og þriðja fullyrðing hæstv. ráðh. var sú, að það eigi í engu að raska þeim umsamda rétti launþega að fá kauphækkun, ef verðlag hækkar. En í fyrsta lagi á verðlagið nú að hækka, sem nemur 2 vísitölustigum, án þess að þeir fái bætur út á þá verðhækkun. Þar að auki á verðlag að hækka á tilteknum vörutegundum og tiltekinni þjónustu, án þess að bætur eigi að koma út á það. Ég veit, að hæstv. ráðh. hefur fyrir löngu gert sér grein fyrir því, að þessar fullyrðingar hans fái ekki staðizt. Þarna er um að ræða sams konar blekkingu frá hans hálfu og kemur fram í því, þegar hann heldur því fram, að þrátt fyrir þær aðgerðir, sem hér á að framkvæma samkv. þessu frv., muni kaupmáttur launa eftir sem áður vera jafnmikill og um var samið með kaupgjaldssamningunum s. l. sumar. En hæstv. ráðh. sagði í sinni ræðu, að þegar allt væri komið fram, sem framkvæma ætti samkv. þessu frv., yrði útkoman sú, að kaupmáttur launa hefði aukizt um 17% miðað við maímánuð. Þetta er ekki eins fjarri því og mönnum kynni að sýnast í fyrstu, ekki svo langt frá hinu rétta. En villan í þessu hjá hæstv. ráðh. eða blekkingin í þessu liggur í því, að það, sem verkalýðshreyfingin talar um varðandi kaupmáttaraukningu, er það, að hún ætlaðist til þess, að fá kaupmáttaraukningu, sem nam grunnkaupshækkuninni eða kauphækkuninni, sem um var samið 19. júní í sumar. Sú kauphækkun var 15—18%, eftir því við hvaða launastiga þar er miðað. Og það var gengið út frá því, að þessi 15—18% mundu skila í kaupmáttaraukningu nokkru lægri tölu en þessum 15—18% vegna ákveðinna samningsákvæða, sem hér hefur oft verið gerð grein fyrir í þessum umr., eða sem næst 14—17%. En hæstv. ráðh. tekur í fullyrðingu sinni, þegar hann segir, að hér verði kaupmáttaraukning miðað við maímánuð, sem nemur 17%, þann kaupmátt, sem enn var gildandi í maímánuði, þegar launþegarnir áttu eftir að fá reiknað á sitt kaup rúmlega 4% vegna þeirrar verðhækkunar, sem hafði orðið á fyrra tímabili. Auðvitað er enginn að tala um það, að hér hafi orðið kaupmáttaraukning hjá launþegunum fyrir það, að þeir hafa fengið ákveðnar vísitöluuppbætur á laun fyrir þá verðhækkun, sem átti sér stað frá því í febrúarmánuði og fram í maí, og heldur ekki vegna þeirrar kauphækkunar í krónum talið, sem orðið hefur núna á tímabilinu frá júní til sept., sem er 4.21%-stig. Það var ekki um að ræða neina kaupmáttaraukningu. Þar var um að ræða kauphækkun, sem kom á móti ákveðinni verðlagshækkun. Hið rétta er því það, að með því að framkvæma ákvæði þessa frv., sem fela í sér að strika út 2 vísitölustig og neita að taka gilt eitt vísitölustig vegna hækkandi verðlags, þá er verið að rýra kaupmátt launanna um um 3%. Sú kaupmáttaraukning, sem um var samið í júnímánuði og hefði átt að vera t. d. 15%, mundi því samkv. þessu rýrna niður í um 12% miðað við þetta frv. Á því er auðvitað enginn minnsti vafi. En ef menn leggja hins vegar við þetta vísitölubæturnar, sem komu inn í kaupið fyrir tímabilið frá febrúar til maí á þessu ári, þá fer ekki að verða ýkja langt frá því að

út komi 17%, eins og hæstv. ráðh. er að tala um. En í þessum efnum getur ekki talan 17 ein út af fyrir sig bjargað hæstv. ráðh. út úr þessari talnaflækju. Hann verður að viðurkenna það, ef hann vill viðurkenna staðreyndir, að frv. felur í sér ákveðna kaupmáttarskerðingu, miðað við þá kaupmáttaraukningu, sem var samið um í júnímánuði.

Ég hafði hér í minni fyrri ræðu drepið á það, sem ég taldi vera meginatriðin í þessu frv., og ég skal aðeins draga saman þessi meginatriði. Í fyrsta lagi segir þetta frv., að 2 vísitölustig skuli strikuð út á ákveðnu tímabili. Menn eiga heldur ekki, eins og hæstv. ráðh., að vera með nein látalæti eða einhverjar villukenningar um það, hvað sé verið að gera með þessum 2 vísitölustigum. Það er verið að tala um það, að þau falli nú ekki niður, þeim sé bara frestað. Þau eiga að falla niður úr kaupgjaldsvísitölunni, á meðan lögin standa. Það er það, sem gildir. Þeir, sem vinna og fá kaup sitt útborgað á þessu tímabili, tapa þessum 2 stigum. Kaupið út úr þessum 2 stigum verður ekki geymt. Það á ekki að skila því aftur. Þetta er eitt aðalatriðið í frv. Í öðru lagi er svo það, sem hér hefur verið rætt um, að grundvelli vísitölunnar er breytt. Það er vikið frá þeim grundvelli, sem búið var að semja um sem vísitölugrundvöll. Í þriðja lagi er svo það, að tiltekin verðhækkun, sem hefði átt að hækka vísitölu um 1 stig, verður ekki talin. Þetta þýðir í framkvæmd það, að launafólk í landinu tapar miðað við ársgrundvöll 3 vísitölustigum í kaupi, en það jafngildir 700 millj. kr. byggt á þeim grundvelli, sem frv. sjálft miðar við sem launagreiðslur í landinu. Þá er í fjórða lagi lagt til í þessu frv. að leggja á 1.5% launaskatt, en þessi launaskattur á síðan að notast til þess að borga niður verðlag á tilteknum vörum og á þann hátt á að skekkja vísitöluna um sem nemur hálfu stigi. Í fimmta lagi er svo það, að það kemur fram í grg. frv., að beint framlag ríkissjóðs til þess að eyða þessum umtöluðu vísitölustigum er næstum ekki neitt. Í sjötta lagi er svo það, að þær niðurgreiðslur á vöruverði, sem gert er ráð fyrir í frv., og hækkunina á fjölskyldubótum á að framkvæma á þann hátt, að raunverulega er launafólk í landinu látið borga þetta með því að það á að lækka kaupið í landinu, sem þessu nemur. Í sjöunda lagi er það svo, að það er alveg ljóst, að allt er í fullkominni óvissu með þennan þátt mála að kosningum loknum. Í áttunda lagi tel ég, að það hafi verið staðið þannig að þessu máli öllu af hálfu ríkisstj., að það sé í rauninni reginhneyksli. Þetta eru aðalatriðin varðandi þetta frv.

Ég skal svo ekki ræða það í lengra máli að þessu sinni, en ég verð að segja að lokum, að ég var farinn að halda, að Alþfl. væri búinn að fá nokkurn veginn nóg af þjónustu sinni við Sjálfstfl. í núv. ríkisstj. Ég hélt, að hann hefði fengið þannig áminningu hér í höfuðborginni í síðustu kosningum, að hann væri orðinn hræddur um sig. Og mér hefur satt að segja fundizt hann vera með nokkra tilburði í þá átt, og nokkrar samþykktir bentu til þess, að hann væri orðinn hræddur. En það er greinilegt á því, sem hér hefur komið fram í sambandi við þetta frv., að formaður flokksins hefur þó ekki orðið hræddari en svo, þó að hann hafi eflaust orðið hræddur í bili, að hann byrjar bara á nákvæmlega sömu vinnubrögðunum aftur, hann tekur að sér hér á Alþ. og frammi fyrir þjóðinni að reyna að verja þá íhaldsstefnu, sem felst í þessu frv., þar sem um er að ræða greinilega kjaraskerðingu hjá vinnandi fólki í landinu. Og hann heldur, að hann sleppi í gegnum þennan vanda, aðeins með því að segja, að hvítt sé svart og svart sé hvítt, með því bara að lemja höfðinu við steininn. En ég vil segja það við formann Alþfl., að haldi hann þessu áfram, þá lemur hann í sundur á sér kollinn í næstu kosningum.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég skal reyna að vera stuttorður. Aðalástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs aftur, voru þau furðulegu ummæli hæstv. viðskmrh. í gærkvöldi, að efnahagsmálaaðgerðirnar sumarið 1956 hjá vinstri stjórninni væru hliðstæðar við þessi ósköp, sem við erum hér að fjalla um. En það hefur verið vikið að þessum málum af tveimur ræðumönnum hér í dag og mjög rækilega af hv. seinasta ræðumanni, og skal ég þess vegna stytta mál mitt um þessar fjarstæður, þessa blekkingu, sem hæstv. ráðh. fór með, því að þar talaði hann gegn betri vitund, þar sem hann var þátttakandi í þeim aðgerðum sumarið 1956 sjálfur. Hann fór með blekkingar og rangt mál, og því miður verð ég að fullyrða, að hann gerði það vísvitandi. Það er kórónan á slíka framkomu. (Gripið fram í.) Kannske hefur hæstv. ráðh. verið að halda því fram, að það væru 2% kjarabætur, eins og hann hélt fram um þessar aðgerðir, kannske hann hafi meint það, og þá hefur þetta allt saman verið lof um aðgerðirnar 1956. Ekki gat ég nú samt skilið orð hans þannig. Málflutningur hans var sannarlega á þá lund, að það hefðu verið tekin af launþegunum 1956 3% án bóta, en nú væri verið að færa þeim á silfurdiski a. m. k. 2% sem kjarabót. Svona stillti hann því upp. Og ekki dró það úr rangfærslunum eða ósannindunum varðandi þetta atriði.

Það er búið að gera það mál nú ljóst, að sumarið 1956 voru þessi mál rædd við verkalýðshreyfinguna rækilega og ýtarlega, ekki bara leitað til stjórnar Alþýðusambands Íslands, heldur eins og hér var upplýst áðan, til fjöldamargra forustumanna verkalýðsfélaga og annarra samtaka eins og fulltrúaráðsins í Reykjavík, og að fengnum meðmælum þeirra með því, að ríkisstj. borgaði niður hina fyrirsjáanlegu hækkun á landbúnaðarvörum með haustinu, þá kæmi auðvitað afleiðingin af því ekki fram í hækkuðu kaupi. Það var búið að nema í burt orsökina, og þá sögðu verkalýðsfélögin já við því, að þau sættu sig við, að 6 stiga kauphækkunin, sem þau áttu að fá, ef engar aðgerðir voru gerðar, kæmi ekki til framkvæmda. Það er aðeins einn liður í þessu frv., sem fer líkar brautir eins og frv. frá 1956. Það er niðurfelling á vísitölustigum, sem eru borguð niður. En það er ekki meginatriði þessa máls,

heldur árásin á nýgerða samninga verkalýðshreyfingarinnar, sem felst í þessu án nokkurs samþykkis þeirra. Ef það væri sannleiksneisti í þessu hjali hæstv. ráðh. um það, að það væri verið að bjóða verkalýðshreyfingunni kjarabætur með þessu, þá hefði hann ekki átt að vera feiminn við það í sumar að bjóða henni þessa kjarabót, og ólíklegt þykir mér, að verkalýðshreyfingin hefði neitað því að fá 2% í viðbót við kjörin, sem samið var um í vor.

Ekki meira um þetta, en auðvitað sér hver heilvita maður það, að það væri fjarstæða að geta ímyndað sér það, að frv. til l., sem borið er fram vegna erfiðleika í efnahagsmálum til þess að reisa skorður við verðbólguflóði og dýrtíð, geti jafnframt verið kjarabótafrv. Hverjum getur dottið það í hug? Það er svo þykkt smurt hjá hæstv. ráðh., að það er gjörsamlega útilokað, að nokkur maður sé til svo fávís, að hann geti lagt trúnað á svona ýkjur, svona villukenningu. Það væri ekki frv. um sársaukafullar aðgerðir í efnahagsmálum, ef það væri hægt í leiðinni að bjóða einum eða neinum kjarabætur, enda er það svo, að hæstv. forsrh., sem skýrði þetta mál í upphafi umr., lét sér ekki til hugar koma að fara með slíkar gyllingar, þótt hann að vísu í öllum sínum málflutningi drægi, eins mikið og hann sá fært, úr þeim byrðum, sem á fólk væru lagðar með þessu frv., en að hann færi að halda því fram, að það væri verið að færa heilum stéttum kjarabætur, það datt honum ekki til hugar að segja. Hann sagði hins vegar, — ég tók það orðrétt eftir Morgunblaðinu, ég vona að það hafi prentað rétt hans ræðu, — með leyfi hæstv. forseta:

„Á hinn bóginn má til sanns vegar færa, að með ráðstöfunum sem þessum sé verið að lækka tekjur einstakra aðila og ráðstöfun þeirra tekna til neyzlu og fjárfestingar frá því, sem þessir sömu aðilar höfðu gert sér í hugarlund."

Þetta er hans játning um frv. Svo kemur bara hæstv. viðskmrh. og heldur því fram, að þetta sé nú eitthvað annað en það, að búið sé að raska vísitölugrundvelli gerðra samninga, skerða hana á nokkurn hátt. Það sé búið að auka kaupmátt launanna hjá verkafólkinu, ekki aðeins í bili, heldur og varanlega, meira núna heldur en á meðan lögin standi, því að svo verði þeim skilað 2% í viðbót, þegar þessu verðstöðvunartímabili ljúki, þá sé það bara tekið úr pokanum, líklega með vöxtum og vaxtavöxtum og með auknum kaupmætti. Nei, það fer oftast nær þannig, að þegar menn halda sér ekki nákvæmlega á brautum sannleikans, og fara síðan í vitnastúkuna og bera vitni, þá ber ljúgvitnum ekki saman, og það hefur farið þannig hér. Það fer ekkert á milli mála, að verðstöðvun er nafnið tómt og argasta blekking, nema tekið sé á meinsemdinni, sjálfri verðbólgunni, en hér er aðeins um það að ræða að fresta því að verðhækkanir komi fram, og hér er við ákveðinn tíma miðað. Það er ákveðið að fresta því, að verðhækkanirnar komi fram fyrr en eftir kosningar.

Það var ekki skýrt svar, sem hæstv. forsrh. gaf við því, hvað mundi gerast, eftir að verðstöðvunartímabilinu lýkur þann 31. ágúst 1971. Hann sagði frá orðaskiptum sínum og danska forsrh., og þegar sá danski var spurður, þá gaf hann heldur ekkert svar, en bara brosti framan í íslenzka forsrh., þeir skildust með bros á vörunum báðir tveir, vafalaust tvírætt bros. Þessu sagði hæstv. íslenzki forsrh. okkur frá og játaði þar með, að hann hefði ekki fengið svar við því, hvernig þetta yrði í Danmörku að loknu verðstöðvunartímabili, og eins væri líkt um það að segja hér. En þann 31. ágúst 1971 og á dögum og vikum þar á eftir, þá kemur alveg ótvírætt í ljós, hvernig skila sér þá hin geymdu vísitölustig launþeganna, eitthvað 350 millj. króna verðmæti. Koma þau þá með vöxtum og vaxtavöxtum og auknum kaupmætti? Þá kemur það í ljós, hvort verðbólguþróunin hefur verið stöðvuð varanlega í raun með þessu frv. eða aðeins frestað. Það er þetta, sem gerist, það getum við alveg fullyrt, eftir 31. ágúst 1971. Það kemur þá í ljós, hvort það hefur verið skorið til meinsins, hvort það hefur verið ráðizt að rótum verðbólguþróunarinnar eða öllum vandanum bægt frá sér, breitt yfir hann og honum frestað, verðhækkunum tímabilsins safnað saman í poka eða skjóðu og síðan hellt úr þessari skjóðu yfir landslýðinn á árinu 1971. Það er þetta, sem kemur í ljós þá, og ég er ekki í nokkrum vafa um það, að það verður hið síðara, og þá þætti mér líklegt, að það yrði eitthvað annað en tvíræð bros, sem forsrh. vor skiptist á við forsrh. nágrannalandanna. (**Gripið fram í:** Hver verður forsrh. þá?) Hver, sem hann verður, þegar verið væri að velta þessum afleiðingum fyrir sér.

Áður hefur verið bent á, að ákaflega litlir tilburðir hafi verið hafðir uppi hjá stjórnvöldum 1966 og við höfum horfzt í augu við afleiðingarnar 1967, og hverjar voru þær afleiðingar? Hvað kom eftir að verðstöðvunartímabilinu 1967 lauk? Það voru þrot hjá atvinnulífinu, það var nýtt dýrtíðarflóð, upp úr því atvinnuleysi, og svo komu aðgerðirnar, tvær gengislækkanir. Ekki ein gengislækkun, heldur tvær á 11 mánuðum. Ég vildi vona, að eitthvað yrðu nú afleiðingarnar af þessu tiltæki mildari, en þær gætu verið nógu sárar og viðkvæmar samt.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það fór þó aldrei svo, að þessar efnahagsumr. gætu ekki verið dálítið skemmtilegar og hughreystandi, og þakka ég alveg sérstaklega síðasta þm., hv. 9. þm. Reykv., Hannibal Valdimarssyni, því að hann sagðist ekki vera í nokkrum vafa um það, að núv. ríkisstj. mundi verða við völd 31. ágúst 1971. (Gripið fram í.) Jú, jú, eftir því að dæma eins og hann talaði. Hann sagði, að það yrði hellt úr skjóðunni, það erum við, sem áttum að hella úr skjóðunni, ekki mundi hann og hans líkar gera það, og ég þakka honum mjög fyrir. Það er hughreystandi fyrir okkur að geta búizt við slíkum kosningaúrslitum. Þetta voru nú meir gamanmál og eins hitt, viðræður okkar forsrh. Dana, um hvað tæki við eftir verðstöðvun. En ég leiddi ýmsum getum að

því í lok ræðu minnar og hirði ekki að fara fleiri orðum eða endurtaka það nú, það er ástæðulaust.

En út af því, sem hv. 9. þm. Reykv. vitnaði í ræðu mína áðan, þá stendur rétt á undan þessum setningum, og það vil ég, með leyfi hæstv. forseta, fá að taka upp:

„Á undanförnum áratugum hefur hvað eftir annað orðið að grípa til hliðstæðra ráðstafana og nú til þess að stöðva örar verðhækkanir og tryggja atvinnuöryggi. Því hefur þá verið haldið fram, og svo mun sjálfsagt enn verða gert að þessu sinni, að með slíkum ráðstöfunum sé verið að leggja byrðar á þjóðina, og deilur hafa spunnizt um það, hvort þeim byrðum sé réttlátlega skipt á milli þjóðfélagsþegnanna. Þetta er hið mesta öfugmæli. Með þessum ráðstöfunum er ekki verið að leggja byrðar á þjóðina, heldur er þvert á móti verið að koma í veg fyrir, að hún þurfi að bera þær byrðar, sem minnkandi framleiðsla og samdráttur atvinnu að öðrum kosti mundi leggja henni á herðar. Framkvæmd þessara ráðstafana mun stuðla að því, að raunverulegur tekjur og neyzla allra þjóðfélagsþegnanna verði meiri á árinu 1971 en á árinu 1970."

Þessi skoðun mín fer alveg saman við skoðun hæstv. viðskmrh., sem kom fram hér í gær og vitnað var til.

Það eru ekki ýkjamörg atriði í þessum umr., sem ég þarf að víkja að, en þó vil ég sérstaklega taka eitt fram. Hér hefur verið margendurtekið, að ég hafi auglýst eftir verðhækkunum í landinu. Það var á ósvífinn hátt gert í sjónvarpinu af fleiri aðilum þar og alveg sérstaklega hv. 3. þm. Vesturl., og hann hefur margendurtekið þessar ósvífnu staðhæfingar sínar hér í þingsölunum, og hann lætur prenta þær eftir sér á forsíðunni í Tímanum í dag, en aðrir þm. hafa því miður fallið fyrir þeirri freistingu að taka undir þetta og þ. á m. hv. 9. þm. Reykv. En það, sem ég átel hérna, er, að því er haldið fram, bæði hér í þingsölum og í sjónvarpi, að það hafi verið boðaðar aðgerðir af mér um verðstöðvun nokkrum vikum fyrir framkvæmd hennar, svo að allir, sem áhuga höfðu, gátu fullnægt löngun sinni um hækkun á vörum og þjónustu og þar með ríkisstofnanir. Hér er ekki aðeins verið að fara með rangt mál, hér er ekki aðeins verið að fara með blekkingar, heldur er hér verið að fara með vísvitandi blekkingar, því að ég ætla engum þeirra þm., sem viðhafa þessi orð, að þeir viti ekki, hvernig verðlagslögum og verðlagsákvæðum er háttað hér á Íslandi. Ég gerði grein fyrir því í minni ræðu og að því hefur hvergi verið vikið og enginn vefengdi það, að það væri rétt, sem ég sagði um það. Ég hef fengið umsögn formanns verðlagsnefndar um þetta atriði, sem er alveg nákvæmlega í samræmi við það, sem ég sagði í minni ræðu, en ég vil leyfa mér að lesa það upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Því hefur verið haldið fram, að umr. um verðstöðvun í okt. hefðu magnað verðbólguþróunina stórlega. Í slíkum fullyrðingum felst ókunnugleiki á ríkjandi verðlagningarkerfi í landinu. Nær allar vörur, sem fluttar eru til landsins, eru háðar verðlagsákvæðum, og hefur svo verið frá því í des. 1967. Sama er og að segja um ýmiss konar þjónustu. Hafa verzlunar- og þjónustufyrirtæki því ekki haft heimild til að hækka álagningu sína nema með samþykki verðlagsnefndar. Svo til einu vöruteg undirnar, sem eru óháðar verðlagsákvæðum, eru nokkrar íslenzkar iðnaðarvörur, þegar þær eru seldar frá verksmiðju, framleiðandanum, en í smásölu eru þær háðar verðlagsákvæðum. Lausleg athugun, sem gerð hefur verið á verðlagi þessara vara, bendir ekki til, að það hafi hækkað óeðlilega mikið undanfarnar vikur. Ef það kemur í ljós við nánari athugun, að óhóflegar verðhækkanir hafi átt sér stað, þá er það að sjálfsögðu á valdi verðlagsnefndar að ákveða verðlækkun."

Ég skil ekki hv. þm., af hverju þeir vilja fara að koma fram fyrir þjóðina bæði í útvarpi og sjónvarpi og í þingsölunum með blekkingar, eins og hér hafa átt sér stað.

En til viðbótar þessu hef ég einnig lista yfir ákvarðanir verðlagsnefndar um leyfðar verðhækkanir í okt., en eftir þennan tíma eru þær örfáar. En alveg sérstaklega eru það þó ákvarðanirnar 28. október, sem eru þrjár, og 30. október, sem eru fjórar, sem allar voru gamlar beiðnir, sem lágu hjá verðlagsnefnd, sem ákveðnar voru þannig, að ríkisstj. hafði hlutazt til um afgreiðslu þeirra með þeim hætti, að það var ekki leyfður nema hluti af þeim hækkunum, sem beðið var um, og sumar hækkanir, sem beðið var um, voru lagðar til hliðar í sambandi við þessar afgreiðslur. Allt er þetta þess vegna út í bláinn, og mig furðar á því, að það skuli margendurtekið hér. En hitt vil ég, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, fái nánari vitneskju um hið rétta hjá þeim verðlagsyfirvöldum, sem um þetta hafa fjallað. Það liggja fyrir listar, sem ég fer ekki nánar út í, um allar afgreiðslur verðlagsnefndarinnar frá því að verðhækkanirnar og kauphækkanirnar voru, og það er hægt líka að fá vitneskju um það, með hvaða hætti þær voru samþykktar, margar hverjar með shlj. atkv., sumar með engum mótatkv., sumar með nokkrum ágreiningi.

Svo eru menn að fjargviðrast yfir því, að ummæli mín í sjónvarpi 13. okt. hafi kallað á einhverja skriðu verðhækkana, og eins og orðað hefur verið, að flestir gátu fengið seðju sína í því að hækka einmitt vegna þessa ógætilega tals míns, og því hefur einnig verið haldið fram, að öðruvísi sé þetta nú í öðrum löndum og ráðh., sem gerist sekur um slíkt, ætti að hegna alvarlega í ákveðnum landsdómi, ef hann þá ekki sæi sóma sinn í því að segja af sér sjálfur. Hvað hefur gerzt í nágrannalöndum okkar að þessu leyti? Danska ríkisstj. boðaði til fundar í sumar með stjórnarandstöðunni og aðilum vinnumarkaðarins þar, fjölda manna, og byrjaði þá að ræða ráðagerðir sínar í svipuðum málum og við erum að tala um hérna. Öll blöð voru uppfull af skrifum um verðstöðvun í sept., og 22. sept. gaf forsrh. Dana skýrslu aðilum vinnumarkaðarins og stjórnarandstöðunni um fyrirhugaðar aðgerðir í

efnahagsmálunum. Og þar var beinlínis tekið fram, að einn þátturinn í þessum aðgerðum væri verðstöðvun, og frá henni yrðu engar undantekningar, nema um væri að ræða hækkun á hráefnum og hjálparefnum til framleiðslunnar. Þetta var 22. sept. Svo er lagt fram í danska þinginu 7. okt. frv. til verðstöðvunar. Það er afgreitt 9. okt. með gildistöku 15. okt. Eftir að þessi opinbera skýrsla forsrh. er gefin, þá líða 23 dagar, þangað til lögin taka gildi í Danmörku, 19 dagar frá ummælum mínum í sjónvarpinu, sem vitnað hefur verið til, og þangað til verðstöðvunin var tilkynnt og formlega gild. Samt koma menn hér skinheilagir hver á fætur öðrum og tala um einhvern ósóma, sem ég hafi gert af mér og sem þekkist ekki nokkurs staðar á neinu byggðu bóli eða með siðmenntuðum þjóðum. Ekki fleiri orð um það.

Þá skal ég aðeins fara nokkrum orðum um stigin 6 frá 1956. Hæstv. viðskmrh. gerði grein fyrir því í gær, hvernig þá var farið að. Þá var með brbl. tekinn af launþegunum réttur til kaupuppbótar, sem þá var réttilega metin miðuð við 6 stig um 3%. Það er svo að vísu satt, að það var gert í sambandi við samninga, og verð hækkaði ekki, og greitt var niður af landbúnaðarvörum. Það er nákvæmlega hið sama, sem við erum að gera núna. Við erum að lækka verðið á landbúnaðarvörunum, þegar við erum að fresta 2 stigum. Það er rétt, að það eru önnur vísitölustig. Við eigum ekki í raun og veru að þurfa að vera að deila um það hérna, hvort það séu endilega sömu vísitölustigin eða ekki, efnisatriði málsins er það sama. Og það er rétt hjá hæstv. viðskmrh.

Hv. 2. landsk., Eðvarð Sigurðsson, sagði, að þetta hefði verið gert með samþykki forustumanna verkalýðshreyfingarinnar, vegna þess að þeir hefðu haft þá barnalegu trú, að það væri góð stjórn á Íslandi. Nú verður auðvitað engin stjórnarathöfn betri eða verri, hvort sem Pétur eða Páll hafa meiri trú á því, sem gert er, eða ekki. Það hefur kannske komið einhver heilagur andi yfir forustumenn verkalýðshreyfingarinnar á þessu augnabliki, þegar þeir urðu uppvísir að að trúa á vinstri stjórnina. En það hvarf a. m. k. fljótt glansinn af þessari trú, eins og hv. þm. sagði sjálfur, því að það er svo annað mál, að endalokin urðu náttúrlega ekki glæsileg. (Gripið fram í.) Hins vegar sagði hv. 4. þm. Austf., Lúðvík Jósefsson, að þetta hefði verið samþ. þá á þeirri forsendu, hvernig málið kæmi út kaupmáttarlega séð. Þetta var viðhorfið árið 1956. Þetta er alveg nákvæmlega sama viðhorfið núna, sem við höfum haft í huga, hvernig kemur málið út kaupmáttarlega séð? Að því skal ég víkja betur síðar, og það er það, sem máli skiptir. Það er meginefni málsins, og áður en ég vík að því, ætla ég aðeins að fá að minnast svolítið hér á hetjudáð Framsfl.

Þeir hafa talað hér fyrir hönd flokksins, minni spámennirnir úr þingflokknum, og því var haldið fram hér með miklum fjálgleik, að Framsfl. sé eini stjórnmálaflokkur landsins, sem látið hefur af völdum í ríkisstj., af því að honum tókst ekki að ná samstöðu um þá leið, sem hann taldi nauðsyn bera til í baráttunni gegn verðbólgu. Þetta er glæsilegur flokkur, bara eini flokkurinn á landinu, sem baðst lausnar, af því að hann réð ekki við neitt. Forsrh. kom hingað til þingsins og sagði: Það er ekki samstaða um nein úrræði í ríkisstj., og þess vegna hef ég beðizt lausnar. Svo gerði hann reyndar frekari grein fyrir því. Hvað var það, sem hann vildi ná? Hvað var það, sem hann hafði beðið um og fékk ekki? Hann hafði farið til stórþingsins, þings Alþýðusambandsins, og beðið um að fá að koma inn á þingið og bað fulltrúana þar, hvort þeir vildu vera með sér í því að fresta 17 vísitölustigum, og ég held, að hann hafi haft eitthvað einn af tíu með sér. Allir hinir sögðu nei. Þó sagði forystumaður þessarar ríkisstj.: — Það er bara í mánuð, herrar mínir, því að þá ætla ég að vera búinn að finna úrræði. — Þeir höfðu bara enga trú á því, að það yrði búið að gera það eftir fjórar vikur. Það hafði vafizt fyrir vinstri stjórninni allan tímann, sem hún hafði setið að völdum.

Hitt er gott, og ég lasta það ekki, að háttv. þm. séu bóklærðir nokkuð í pólitíkinni og geti lesið upp úr eldri ritum um vísitölustig þá og þá og prósentuhækkun á dýrtíð o. s. frv., en það hefur aldrei þótt til sóma neinni ríkisstj., sem hefur þurft að biðjast lausnar, að hún hafi þá ekki sjálf gert grein fyrir því, að hún bæðist lausnar, vegna þess að hún næði ekki fram ákveðnum hlutum. Það gerði þessi ríkisstj. ekki. Alþ. fékk aldrei að vita um það, hvað viðkomandi ríkisstj. vildi, ekki neitt. En þessir menn segja, að það þurfi að breyta um stefnu, þá kannske að taka upp þessa stefnu frá 1956, að vita ekki neitt. Við sáum ríkisstj. í raun og veru sem stirnað lík í maí 1956 rísa aðeins upp við dogg þangað til í des. og leggjast þá aftur út af með þessum líka ummælum, sem ég hef vitnað til. Ég held, að þjóðin bjargist ekkert við að fá þessa menn til forystu.

Mig furðar stórlega á ummælum háttv. 2. landsk. þm., þegar hann segir, að kauphækkunum hafi verið hleypt svo til óhindrað inn í verðið. Þetta er auðvitað mikill misskilningur. Þeim hefur ekki verið hleypt svo til óhindrað inn í verðlagið. Og alveg sérstaklega hefur það verið tekið fram og gerð grein fyrir því í frv., að kauphækkanirnar, sem urðu 1. sept., 4.2%, hafa hvergi verið leyfðar í verðlagi. Svo mega menn ekki halda, að allir þeir, sem greiða kaup, fái það beint bætt í verðlagi. Þetta er auðvitað höfuðmisskilningur og þar skipta langmestu, eins og ég hef vakið athygli á, útflutningsatvinnuvegirnir. Ekki fá þeir bætt í hækkuðu verðlagi, sem hér er leyft eða ekki leyft, hvort sem það er bundið eða frjálst. Þeir verða að bera það og taka skakkaföllunum, og ef á alltaf að miða við verðhækkun á erlendum markaði, er það mál út af fyrir sig. Það ræddum við m. a. á sínum tíma og höfum minnzt á í viðræðunum í sumar, að kaupgjald hækkaði að einhverju leyti í sambandi við verð á útflutningsframleiðslu, en þá verða menn líka að gera sér grein fyrir því, að það verður að

lækka það, ef útflutningsverðmæti lækkar. Þetta eru kannske leiðir, ef við settumst niður og töluðum um, til betri lausnar á ýmsum vanda en við höfum fundið fram að þessu.

Það var aðeins annað atriði, sem skiptir að vísu litlu máli, en mér kom það mjög á óvart hjá háttv. 2. landsk. þm., þegar hann viðhafði þau ummæli um viðræðurnar í sumar að vara við þeirri sýndarmennsku, sem ráðh. hefðu viðhaft í þeim umræðum. Þetta á ég mjög erfitt með að skilja og ég furða mig mjög á þessu, og ég spyr: Er skoðun annarra, sem í umræðunum voru með okkur, hin sama? Þetta er mjög ólíkt þessum háttv. þm., sem er mjög grandvar maður og sanngjarn í einu og öllu, eftir því, sem ég veit, og mér kom þetta mjög á óvart, og ég kannast ekki við að hafa viðhaft sýndarmennsku á neinn hátt í tengslum við þessar viðræður.

Meginefni málsins, sem menn deila um með tölum og öðru, er, hvort aðstaða launþeganna skerðist frá því, sem þeir sömdu um 19. júní. Það gerir hún ekki. Þetta er hægt að sýna fram á tölulega, og fer betur á því að gera það í n. en að ég fari að bæta tölum ofan á tölur, sem hér hafa verið ræddar, en það er rétt, að kaupmáttur launanna minnkar ekki. Dæmið er mjög einfalt og þarf ekki allar þessar tölur í kringum það. Dæmið er þannig, að launin hafa hækkað um 26.5% núna, og með svipuðu áframhaldi og verið hefur, þá er áætlað, að það verði komin upp undir 40% launahækkun á næsta sumri. Við óttumst það, að slík launahækkun verði ofviða útflutningsframleiðslunni, bæði sjávarútvegi og sérstaklega hinum nýja unga útflutningsiðnaði, sem er að vaxa upp, því að það má vænta þess, að það verði ekki aðeins kauphækkanirnar, sem lendi sem aukinn tilkostnaður á atvinnuvegunum, heldur einnig verðhækkanir á aðfluttu hráefni, og á það ekki sízt við um iðnaðinn. En ef við höldum kaupinu niðri, eins og við gerum núna og gert er ráð fyrir með þessum verðstöðvunum, í 26.5%, þá eru líkur til þess, að atvinnuvegirnir geti borið það og kaupmáttur launanna verði hinn sami, en það, sem tryggist með því, er atvinnuöryggið, að fyrirtækin dragist ekki saman, að þau minnki ekki vegna óhóflegrar verðbólgu í landinu. Þess vegna er þetta mál mjög til hagsbóta öllum launþegum, og kaupmáttur launa minnkar ekki, það er ekki skerðing á samningsrétti þeirra. Launþegar í þessu landi geta ekki kvartað undan því, ef löggjafi breytir að einhverju leyti aðstöðu frá því, sem samningar eru, meðan sú aðstöðubreyting er þeim í hag. Því eru byggðar á röngum forsendum bæði ályktun Dagsbrúnar, sem birt var hér í ræðustólnum, og einnig ályktun stjórnar Hannibalistanna, — liggur við að ég segi, ég ruglast alltaf í þessu góða máli, — Frjálslyndra og vinstri manna, sem gerði sína flokkssamþykkt og háttv. 9. þm. las einnig upp hér í ræðustólnum.

Lúðvík Jósefsson, háttv. 4. þm. Austf., sagði, að það hefði verið gengið út frá því, að kaupmáttaraukningin yrði um 5%. Það mun reynast svo. Það er að vísu deilt um það, hvort eigi að miða við maí eða júní. Hún verður meiri, ef miðað er við maí. Hún verður kannske ívið minni, ef miðað er við júníkaupið, en það má deila um það, við hvað á að miða. En hún verður eitthvað í kringum þetta, það er mergurinn málsins. Þetta er kaupmáttaraukningin, eftir því sem bezt verður séð, ef ekki koma ný tilvik, sem enginn fær séð fyrir núna, sem við skulum vona, að verði ekki. En félli verðið á erlendum markaði t. d. og að öðru leyti yrði árferði lélegt hjá okkur, þá væri þeim mun meiri þörf á þeim aðgerðum, sem hér er verið að leggja til, að Alþ. samþykki, því að það er einlæg sannfæring mín, að án þeirra þá mundi reka að óbreyttu í strand í íslenzku atvinnulífi.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Það er gott fyrir okkur litlu spámennina að kynna okkur, hvernig stóru spámennirnir tala hér á hv. Alþ., og mig undrar ekki, þótt við værum taldir linir í málflutningi, ef það er borið saman við ræðu hæstv. forsrh., því að hafi komið fram ósvífni í málflutningi, þá var það þar.

Hæstv. forsrh. kvartaði undan því, að verðhækkanirnar í landinu hafi ekki orðið nógu miklar, og þetta væru öfgar hjá okkur að tala um, hvað þær hefðu bólgnað nú á síðustu vikunum. En af hverju þarf hæstv. ríkisstj. að safna saman á milli 800 og 900 millj. í eins árs tekjum til þess að reyna að halda verðlaginu í skefjum, eins og það var í maí í vor, samanber ummæli viðskmrh.? Er það ekki af því, að hæstv. ríkisstj. hefur látið verðhækkanir dynja yfir látlaust? Hæstv. forsrh. getur sagt, hvað sem honum sýnist um það, en þetta er staðreynd.

Hæstv. forsrh. talar um það, að vinstri stjórnin hefði ekki ráðið við neitt, af því að hæstv. páv. forsrh., Hermann Jónasson, lýsti því yfir hér á hv. Alþ., að það væri ekki samstaða um þá leið, sem hann taldi þörf á að koma fram, til þess að fylgja þeirri stefnu, sem hann hafði markað, og þá við síðustu alþingiskosningar, um að vinna gegn verðbólgunni. (Gripið fram í.) Það er þetta, sem um er að ræða, það veit hæstv. forsrh., Jóhann Hafstein, og þýðir ekkert að belgja sig um það. Hermann Jónasson gerði þá grein fyrir því, að hann hafði óskað eftir frestun á vísitölustigum í einn mánuð, meðan verið væri að kynna sér betur þær leiðir, sem fara ætti, að öðrum kosti yrðu þær greiddar. Hæstv. forsrh., Jóhann Hafstein, getur svo haldið því fram, að núv. valdhafar ráði við efnahagsmálin. Hann getur gert það hér úr þessum ræðustóli, en þjóðin veit það, að þeir ráða ekki við efnahagsmálin og hafa ekki gert, og þess vegna þurfa þeir að gera svona sýndarmennskuráðstafanir rétt fyrir kosningar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24:4 atkv. og til fjhn. með 27 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 106, n. 131, 132 og 134, 133, 135).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft til meðferðar frv. það, sem flutt er á þskj. 106 um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis. Eins og fram kemur hefur nefndin ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. hefur gefið út nál. á þskj. 134, en minni hl. tveir gefið út sitt nál. hvor. Fjhn. beggja þd. héldu sameiginlegan fund, og á þeim fundi mætti forstjóri Efnahagsstofnunarinnar, Bjarni Bragi Jónsson, og gerði þar grein fyrir sjónarmiðum, svaraði spurningum og gaf upplýsingar. Á fundinn bárust bréf frá Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands varðandi mál þetta, og eru þau bréf birt sem fskj. með nál. meiri hl.

Þá var einnig tekið til umr. samtímis frv. til l. um verðstöðvun á þskj. 30, þar sem því máli hafði áður verið vísað til n. og afgreiðsla þess máls, sem hér er á dagskrá, hafði að sjálfsögðu áhrif á afgreiðslu þess, þegar að því kæmi.

Það leikur ekki á tveimur tungum, að mjög hagstæð efnahagsþróun hefur verið í landi voru á s. l. ári og það, sem af er þessu ári. Við höfðum orðið fyrir miklum áföllum á árunum 1967 og 1968 og vorum þá í öldudal, en eins og öllum er kunnugt, þá hefur, sem betur fer, birt í lofti og öll þróun í efnahags- og atvinnumálum okkar verið mun hagstæðari núna síðustu mánuðina og síðasta hálft annað árið. Svo hagstæð efnahagsþróun leiddi m. a. til þess, að atvinnuvegirnir voru taldir geta bætt kjör launþega. Því voru gerðir nýir kjarasamningar, þar sem launþegar fengu að verulegu leyti bætt sín kjör s. l. vor. Við eigum hins vegar við tvo meginþætti að etja í sambandi við efnahagsþróun okkar, þ. e. annars vegar hin óvissu aflabrögð og verðlag á erlendum mörkuðum, svo og hitt, að við sjálfir sinnum og gerum þær ráðstafanir, sem gera þarf í efnahagsmálum til þess að tryggja, að sá bati, sem fengizt hefur, viðhaldist, svo framarlega sem utanaðkomandi aðstæður gera ekki þar truflun á. Það er hins vegar ljóst mál nú, að verði ekki brugðizt við, þá blasir við okkur hættuleg þróun víxlhækkunar kaupgjalds og verðlags, sem allir vita, að leiðir til aukinnar verðbólgu, og það er sá vandi, sem við hefur verið að glíma og verður sjálfsagt við að glíma um nokkurt skeið. Í sambandi við þá hluti verður ekki hægt að komast hjá því til þess að tryggja, að sú verðbólguþróun, sem gæti átt sér stað, ef ekkert yrði að gert, stöðvist, að við reynum að koma málum okkar þannig fyrir, að það raski ekki samkeppnisaðstöðu atvinnuveganna og að þær kjarabætur, sem launþegar hafa fengið, verði gerðar að engu með verðbólgu, sem ella mundi þá verða í vaxandi mæli. Í frv. því, sem ríkisstj. hefur lagt fyrir Alþ., felast till. til þess að sporna við því, að hér verði víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags, sem við má búast, ef ekkert verður að gert. Þessum till. hefur hæstv. forsrh. lýst í sinni framsögu, svo að ég sé ekki ástæðu til þess að endurtaka það hér, en vil leggja sérstaka áherzlu á, að þeim byrðum, sem á þarf að leggja, er dreift á landsmenn alla. Hér fær hver aðili sinn skerf og þannig reynt að láta þær aðgerðir koma sem jafnast niður og það verði sem minnst, sem hver verður að láta af sinni köku.

Það er skoðun meiri hl. fjhn., að með þessum till. megi takast að tryggja það, að sú þróun, sem ella mundi eiga sér stað, verði ekki, og með verðstöðvun og þeim hliðarráðstöfunun, sem hér eru lagðar til, megi takast að fyrirbyggja þær víxlhækkanir, sem ella mundu verða nú á næstu mánuðum og engum mundu verða til góðs og sem berlega mundu, eins og ég gat um áðan, raska mjög samkeppnisaðstöðu atvinnuveganna og gera þær kjarabætur, sem launþegar hafa fengið á þessu ári, jafnvel að engu.

Í bréfi Alþýðusambands Íslands er vikið að því á einum stað, að verði frv.-ákvæðin lögfest, séu samningar úr gildi fallnir. Ég held, að hér sé um að ræða hluti, sem ekki fái staðizt. Ég veit að vísu, að því hefur verið haldið fram hér af hluta af stjórnarandstöðunni. Ég hef hins vegar ekki heyrt þá hv. framsóknarmenn halda því fram, að svo mundi verða. Sé það misskilningur hjá mér og þetta skoðun þeirra hér í hv. þd., þá mundi ég hafa sérstakan áhuga á því, að formaður flokks þeirra, sem í Ed. situr, yrði spurður, hvort það væri skoðun hans, að slík lögfesting, sem hér er gert ráð fyrir, þýddi það, að samningar frá 19. júní milli launþega og atvinnurekenda væru úr gildi fallnir.

Sjálfsagt verðum við ekki sammála, ég og hv. þm., í sambandi við þetta atriði, en ég vildi vekja athygli á þessu og benda á, að hér er um að ræða sjónarmið, sem ég held, að fái ekki staðizt.

Í sambandi við afgreiðslu máls þessa í n. og vegna þeirra umr., sem hér fóru fram við 1. umr., þótti mér rétt að boða á fundinn til fjhn. þá Þórhall Ásgeirsson ráðuneytisstjóra, formann verðlagsnefndar, og verðgæzlustjóra, Kristján Gíslason, og ræða við þá um verðlagsþróunina, en því var haldið hér fram, að hún hefði verið með þeim hætti dagana og vikurnar fyrir framlagningu þessa frv., að nauðsyn bæri til, að það væri rannsakað. Ekki nóg með það, í till. á þskj. 105 er reynt að gera hæstv. forsrh. tortryggilegan vegna ummæla hans í sjónvarpi og þar í þeirri till. stefnt að því að stefna ráðh. fyrir landsdóm og fá hann dæmdan samkv. l. um ráðherraábyrgð. Mig langar til þess að vekja athygli hv. þdm. á þessari málsmeðferð, sem hér hefur átt sér stað, því að mér sýnist hún með algerum einsdæmum og hvernig verið er með blekkingum og fullyrðingum að reyna að villa um fyrir landsmönnum í sambandi við það mál, sem hér er á döfinni. Það var að kvöldi 13. okt., sem umrætt sjónvarpsviðtal var haft við forsrh. Hálfum öðrum sólarhring seinna þá sjáum við þm., að hér í þingsölum er útbýtt frv. til l. um verðstöðvun. Flm. eru Lúðvík Jósefsson, ásamt þeim þm. Alþb. Til þess að hér sé hægt að útbýta frv. á miðjum degi 15. okt.

þarf að hafa nokkuð snör handtök, en augljóslega hafa þeir þm., sem þetta frv. fluttu, verið snöggir aðfaranótt 14. og gripið úr bókaskáp sínum Alþt., hripað upp úr þeim verðstöðvunarfrv., sem lagt var fyrir Alþ. 1966, gripið þar tvær til þrjár gr. og lagt svo frv. inn á skrifstofu Alþ. og því útbýtt hér þann 15. okt., eða hálfum öðrum sólarhring eftir að þessar umr. áttu sér stað. Skyldi nú nokkur maður, sem áttar sig á þessum vinnubrögðum, láta sér detta í hug, að hér væru málefni látin ráða? Nei. Auðsjáanlega er verið að gera hérna einn ákveðinn hlut, og hann er sá, að það á að hagnýta sér umr., sem forsrh. átti í sjónvarpi, setja það á svið, enda stóð ekki á seinni hluta sviðsetningarinnar, því að sama dag og frv. ríkisstj. er lagt hér fram á Alþ., þá er borin fram till. í hv. Nd., þar sem lagt er til að kjósa þingn., sem rannsaki allan aðdraganda verðlagsfrv. og verðlagsþróunina og hvort rök séu til þess, að forsrh. verði kærður fyrir brot á lögum um ráðherraábyrgð. Það er að vísu ekki sami 1. flm., heldur hitt höfuðið notað, þ. e. hv. 6. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, en þeir tveir, hann og hv. 4. þm. Austf., hafa verið þau tvö höfuð, sem Alþb. hefur hér í þessari hv. þd. Það er hinn 15. okt., sem frv. þeirra er flutt, að sjálfsögðu til þess að reyna að koma af stað skriðu verðhækkana í landinu, til þess svo síðan að hægt væri að kenna hæstv. forsrh. um það, sem þá hefði gerzt.

Mér fannst útilokað annað en að vekja athygli á þessari málsmeðferð og gera mönnum grein fyrir því, hvernig staðið er að málunum af hálfu þessara flm. Ég er sannfærður um það, að þeir hv. framsóknarmenn, sem tóku til máls hér við 1. umr., hafa ekki gert sér grein fyrir því, hvaða skollaleikur hefur hér verið settur á svið. Ég trúi því ekki, að málflutningur þeirra hefði verið með þessum hætti, ef þeir hefðu áttað sig á því, hvað hér var um að vera.

Það var þess vegna ekki óeðlilegt, að við í fjhn. fengjum tækifæri til þess að ræða við verðlagsstjórann um þessi mál og sjá, hvort þessum hv. flm. frv. á þskj. 30 hefði með þeim áróðri, sem þeir viðhöfðu í þessu máli hér á þingi og í sínu málgagni, tekizt að fá þá skriðu af stað, sem þeir í upphafi höfðu ætlað sér. Sem betur fer hafði það ekki tekizt, því að á fundi fjhn. var verðlagsstjórinn sérstaklega spurður um þessa hluti, og hann sagði, að við athuganir verðlagsskrifstofunnar síðustu daga hefði ekki orðið vart neinna dæma um óeðlilega verðlagsþróun á þessum tíma. Þetta er prentað í nál. okkar meiri hl. Þar sem aðdragandi þessa frv. hefur m. a. spunnizt inn í þessar umr., þá töldum við eðlilegt og rétt, að þetta kæmi hérna fram, um leið og við vildum vekja athygli á þeim aðferðum, sem hv. flm. Alþb. viðhafa í sambandi við þessi mál. Vel má vera, að við deilum um efnisatriði, verðum ekki sammála um þau, en eitt erum við þó sammála um, að við óskum eftir því, að sú þróun verði í landi voru, að hún verði til hagsældar öllum landsmönnum. En ég segi, að fyrir þeim aðilum, sem standa að slíkum málflutningi, vakir eitthvað allt annað. Það er skoðun mín, eftir að ég hef athugað þetta mál, að ekkert það hafi komið fram, sem valdið geti því, að hæstv. forsrh. verði stefnt fyrir landsdóm, en þeir flm., sem standa að þessu máli, verða að ganga fyrir þjóðardóm, áður en langt um líður, og ég efast ekkert um, hvernig þau málalok verða.

Ég tel ekki ástæðu, herra forseti, til þess að fjölyrða meir um frv. Meiri hl., eins og fram kemur á nál. 134, mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. 1. minni hl. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. ræddi hér eiginlega öllu meira um annað mál en það, sem hér liggur fyrir, og skal ég ekki blanda mér mikið út í þær umr., en mér finnst þó rétt að láta koma fram, að ég skildi ummæli verðlagsstjórans ekki að öllu leyti eins og hann. Það er að vísu rétt, sem komið er fram hér í nál. meiri hl. og hv. frsm. sagði, að verðlagsstjóri komst þannig að orði, að enn hefðu við athugun þessara mála ekki komið fram neinar óeðlilegar verðhækkanir á umræddu tímabili, en hann tók það jafnframt fram, að þessum rannsóknum væri enn ekki að öllu leyti lokið og ennfremur, sem kannske skiptir mestu máli, að eftirlit verðlagseftirlitsins nær ekki nema til þeirra vara, sem eru undir verðlagseftirliti, það nær ekki til þeirra vara, sem eru óháðar verðlagseftirliti, en mér skilst, að það sé oft nokkurn veginn álíka mikið vörumagn, ef tekið er tillit til þeirra vara, sem ganga inn í vísitöluna og þeirra vara, sem eru undir verðlagseftirliti, þannig að þrátt fyrir þessi ummæli verðlagsstjóra, þá lít ég þannig á, að þetta mál sé hvergi nærri nægilega upplýst enn. Skal ég svo ekki frekar ræða um það.

Mér finnst rétt í upphafi að rifja upp í örstuttu máli afstöðu Framsfl. til þessa máls, sem kemur fram í nál. okkar, sem erum í 1. minni hl. fjhn. Það er í fyrsta lagi, að Framsfl. styður verðstöðvunarákvæði frv., enda þótt hann álíti verðstöðvun hreint bráðabirgðaúrræði.

Í öðru lagi styður Framsfl. einnig auknar fjölskyldubætur og niðurgreiðslur á vöruverði. Í þriðja lagi er Framsfl. andvígur þeim ákvæðum verðstöðvunarfrv., sem fela í sér breytingar á kjarasamningum verkalýðsfélaga og atvinnurekenda og telur það svo mikilvægt, að þau ákvæði séu felld úr frv., að hann mun greiða atkv. gegn því í heild, ef niðurfelling þeirra fæst ekki fram. Ríkisstj. hefur líka heimild til verðstöðvunar í gildandi l. og hefur þegar notfært sér hana. Í fjórða lagi er Framsfl. einnig andvígur ákvæðum frv. um sérstakan launaskatt, er sé greiddur af atvinnurekendum, þar sem hann telur óeðlilegt, að lagðir séu á nýir skattar, meðan óvíst er um afgreiðslu fjárlaga. Leiði afgreiðsla fjárlaga hins vegar í ljós, að þörf sé nýrra tekna vegna hinna auknu fjölskyldubóta og niðurborgana, er flokkurinn reiðubúinn að eiga þátt í öflun þeirra.

Þetta er í stuttu máli sú afstaða til þessa frv., sem felst í nál. okkar og þeim till., sem við berum fram og ég mun víkja að nánar síðar. En mér finnst rétt,

áður en ég geri það, að víkja örfáum orðum að tilefni þessa frv. Tilefnið er í stuttu máli það, að það er komið fullkomlega í ljós, að sú efnahagsstefna, viðreisnarstefnan svonefnda, sem verið hefur fylgt á undanförnum árum, er gjaldþrota, hún er komin í strand. Þetta er játað mjög greinilega í nál. meiri hl. fjhn., þar sem segir á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er ljóst mál, að verði ekkert aðhafzt nú, blasir við hættuleg þróun víxlhækkana kaupgjalds og verðlags, sem á skömmum tíma mundi raska mjög samkeppnisaðstöðu atvinnuveganna og leiða til óhagstæðra viðskipta þjóðarinnar út á við og stöðva áframhaldandi hagvöxt."

Í stuttu máli sagt er fullkomið strand efnahagsmálanna framundan, ef ekkert er að gert. Þessi skilningur kom líka fram hjá forystu Sjálfstfl. á s. l. sumri, þegar hún lagði til, að efnt væri til þingkosninga, vegna þess að efnahagsmálin væru komin í strand, og það mundi verða mjög erfitt að koma fram raunhæfum aðgerðum á seinasta þingi fyrir kosningar. Eins og kunnugt er þá strandaði það á hinum stjórnarflokknum, að efnt væri til þingkosninga, en það er hins vegar komið fram, sem Sjálfstfl. réttilega hélt fram á s. l. sumri, að á seinasta þingi fyrir kosningar geta stjórnarflokkarnir ekki komið sér saman um raunhæfar aðgerðir í efnahagsmálum. Þess vegna er gripið til þeirra hreinu bráðabirgðaráðstafana, sem felast í þessu frv. og eiga ekki að gilda nema fram á næsta sumar, vegna þess að öllum er ljóst, að þá verða þær ekki nothæfar lengur og grípa þarf til annarra meiri háttar ráðstafana heldur en þeirra, sem hér liggja fyrir, vegna þess að efnahagslífið er raunverulega strandað, þó reynt sé að fleyta því í nokkra mánuði með þeim bráðabirgðaúrræðum, sem felast í þessu frv. Þjóðin verður þess vegna að gera sér það fullkomlega ljóst, að þótt sé hægt með þessum bráðabirgðaráðum að fleyta atvinnulífinu um stundarsakir, þá eru efnahagsmálin raunverulega komin í strand, og það verður að gera stórfelldar, nýjar og aðrar efnahagsráðstafanir strax að kosningum loknum. Það, sem flokkarnir standa að sjálfsögðu frammi fyrir í næstu kosningum, er það að gera sér grein fyrir því, hverjar þessar ráðstafanir eiga að vera. Að vísu þarf ekki að spyrja neitt um það, hverjar ráðstafanirnar verða, ef núv. stjórnarflokkar halda velli og þeirra samstarf heldur áfram. Þá verður gripið til sömu aðgerðanna og eftir verðstöðvunina 1967. Þá verður það gengisfelling og aðrar slíkar ráðstafanir, sem af henni leiða. Fyrir því er örugg reynsla.

Þessi mál eru hins vegar þannig vaxin, að ég ætla ekki að eyða lengri tíma til þess að ræða um þau að sinni, en mér finnst rétt eigi að síður að vekja athygli á því, að þetta frv. er ný sönnun þess, að viðreisnarstefnan er strönduð, það er reynt að fleyta sér áfram með hreinum bráðabirgðaráðstöfunum um stutta stund, en innan tíðar verður óhjákvæmilegt að grípa til annarra víðtækari og raunhæfari ráðstafana en þeirra, sem felast í þessu frv., eins og líka Sjálfstfl. taldi réttilega á s. l. sumri, að það væri nauðsynlegt að láta kosningar fara fram, svo að það væri hægt að gera raunhæfar ráðstafanir á þessum vetri. Kosningarnar urðu ekki, og þess vegna er þessi bráðabirgðaleið valin fram yfir kosningar. Ég segi þetta m. a. vegna þess, að þegar búið er að ganga frá þessu máli hér á Alþ., þá má búast við, að það hefjist sami söngurinn hjá stjórnarflokkunum og fyrir seinustu kosningar, þegar verðstöðvunin var samþ. þá, að nú sé í raun og veru búið að leysa allan vanda, og kjósendur þurfi ekki annað að gera en að kjósa stjórnarflokkana til að tryggja áframhaldandi velmegun, eins og var slagorð Sjálfstfl. í þeim kosningum.

Ég ætla þá að víkja að afstöðu okkar minni hl. manna til þess frv., sem hér liggur fyrir, og þeirra brtt., sem við flytjum. 1. gr. frv. fjallar um verðstöðvun. Eins og ég hef þegar lýst, þá erum við þeirri gr. fylgjandi. Við teljum, að fyrst meiri hl. er ekki fyrir hendi á Alþ. til að gera raunhæfar dýrtíðar- eða efnahagsráðstafanir, þá sé þó betra að gera þessa tilraun en að það sé ekki neitt gert. Hins vegar er það skoðun okkar, að hér sé um hreint neyðarúrræði að ræða, sem margir gallar séu á og útilokað sé, að geti staðið til langframa.

Varðandi 2. gr. frv., sem fjallar um sérstakan launaskatt, sem atvinnurekendur eigi að greiða næstu mánuði, þá er afstaða okkar sú, eins og ég hef áður rakið, að ekki sé rétt á þessu stigi að samþykkja nýjan skatt, þar sem enn er ekki vitað, hver afgreiðsla fjárl.-frv. verður. Það kemur í ljós í grg. þess frv., sem hér er til umr., að áætla megi tekjubálk fjárl. verulega hærri en gert er í fjárl.-frv., og meðan þeir útreikningar liggja ekki fyrir, þá er að sjálfsögðu óeðlilegt, að gerðar séu ráðstafanir til þess að leggja á nýjan skatt. Hitt er svo annað mál, að ef fjárlagaafgreiðslan leiðir það í ljós, að þörf sé nýrra tekna vegna þessara ráðstafana, vegna aukinna fjölskyldubóta og aukinna niðurborgana, þá erum við að sjálfsögðu til viðræðu um það að eiga þátt í slíkri tekjuöflun. En fyrr en það liggur ljóslega fyrir, þá getum við ekki fallizt á, að lagðir séu á nýir skattar.

3. gr. frv., sem fjallar um auknar fjölskyldubætur, erum við fylgjandi, enda er hún í fullu samræmi við þær till., sem við fluttum um þetta efni á seinasta þingi.

Ég kem þá að 4. og 5. gr. frv., sem við leggjum til, að felldar séu niður. Ástæðan er sú, að þessar gr. hafa að okkar dómi ekki aðeins verulega kjaraskerðingu í för með sér fyrir launþega, — það má deila um það, hversu mikil hún sé, og ég skal ekkert fara út í þær deilur, — en frá okkar sjónarmiði er það jafnvel enn þá mikilvægara atriði, að í þessum gr. felst veruleg breyting á gildandi kjarasamningum milli verkalýðsfélaga og atvinnurekenda. Ég held, að þótt menn séu ósammála um það, hvað mikil kjaraskerðing fylgi þessum breytingum, þá hljóti þó allir að vera sammála um það, að þeir breyti að verulegu leyti grundvelli þeirra kjarasamninga, sem nú eru í gildi milli verkalýðsfélaga

og launþega og gerðir voru á s. l. sumri. Þessar breytingar eru þrenns konar.

Í fyrsta lagi er breytt útreikningi kaupgjaldsvísitölunnar. Þær dýrtíðarbætur, sem launþegar áttu að fá 1. des. n. k., ættu að miðast við framfærsluvísitölu, sem reiknuð er út 1. nóv. Ef hækka ætti fjölskyldubætur eða framkvæma niðurgreiðslur, sem eiga að hafa áhrif á kaupgjaldsvísitöluna 1. des. í ár, þá þyrftu þær að vera komnar til framkvæmda fyrir 1. nóv. til þess að geta haft áhrif á vísitöluna þá. En nú er þessu breytt þannig, að þessar niðurgreiðslur þurfa ekki að vera komnar til framkvæmda fyrr en einhvern tíma fyrir 1. des., þannig að með þessum hætti getur ríkisvaldið á hverjum tíma frestað í a. m. k. einn mánuð að framkvæma niðurgreiðsluna á þann hátt, að það hafi áhrif á kaupgreiðslur. Þetta þýðir t. d. það, að niðurgreiðslur, sem koma ekki til framkvæmda fyrr en síðari hluta þessa mánaðar, hefðu ekki haft áhrif á kaupgjaldsvísitöluna samkv. gildandi reglum. Þær hefðu þurft að vera hafnar fyrir 1. nóv. s. l., þegar framfærsluvísitalan var reiknuð út. Hér getur sem sagt munað einum mánuði á grundvelli kaupgjaldsvísitölunnar í sambandi við niðurborganir og aðrar breytingar á verðlagsgrundvellinum. Mér skilst, að með því að beita þessari aðferð þá muni ríkissjóður spara sér í niðurgreiðslum nokkra tugi milljóna í þessum mánuði.

Önnur breytingin, sem er gerð á grundvelli kaupgreiðsluvísitölunnar, er sú, að það á að fella niður verðhækkanir á útsöluverði áfengis og tóbaks og hækkun á iðgjöldum almannatrygginga, sem samkv. gildandi samningum og gildandi vísitölugrundvelli eiga að ganga inn í vísitöluna, en eiga nú samkv. frv. að hverfa alveg. Þetta er breyting, sem við núv. aðstæður samsvarar hvorki meira né minna en einu vísitölustigi.

Þá er í þriðja lagi, að greiðslu tveggja vísitölustiga skuli a. m. k. frestað í nokkra mánuði, en samkv. venju má nú alveg eins reikna með, að sú frestun verði endanleg.

Það má kannske segja, að þessar breytingar, eins og nú standa sakir, hafi ekki neina stórvægilega kjaraskerðingu í för með sér fyrir launþega, en frá mínu sjónarmiði er það ekki höfuðatriðið. Höfuðatriðið er það, að Alþ. blandar sér hér inn í samninga verkalýðsfélaga og atvinnurekenda og gerir verulega röskun á þeim. Og þegar einu sinni er búið að skapa slíkt fordæmi, þá má búast við, að áframhald verði á þessu, eða a. m. k. geta launþegar hæglega gert ráð fyrir því, og alveg eins gætu atvinnurekendur gert ráð fyrir því, að það væru gerðar breytingar á gildandi samningum þeim í óhag. Ég held, að það sé höfuðatriði, að ef kjarasamningar eiga að geta haft tiltrú þeirra aðila, sem að þeim standa, hvort heldur það eru launþegar eða atvinnurekendur, þá verði þeir að geta treyst því, að þeim verði ekki breytt á Alþ. Og ég er alveg viss um það, að ef það verður framkvæmt, sem lagt er til í þessu frv., þá muni það verða fast ákvæði í öllum kjarasamningum eftirleiðis, að þeir skuli falla úr gildi, ef Alþ. raskar að einhverju leyti þeim grundvelli, sem kjarasamningarnir eru byggðir á. Hér er tvímælalaust farið út á mjög hættulega braut. Hvað sem kjaraskerðingunni líður, þá er hitt ljóst, og um það er ekki hægt að deila, að með þessum ákvæðum er verið að breyta grundvelli kjarasamninga og rjúfa þá tiltrú og traust, sem viðkomandi aðilar þurfa að bera til þeirra. Alþ. hefur líka viðurkennt þetta áður við setningu laga. Þegar gerð var röskun á gildandi samningum á milli sjómanna og útgerðarmanna fyrir nokkrum misserum hér á Alþ., þá man ég ekki betur en það væri sett í lög, að þessi breyting hefði þau áhrif, að gildandi samningar væru niður fallnir og sjómenn hefðu þess vegna rétt til þess að taka samninga upp að nýju. Ég lít þannig á, að það standi alveg eins á hér og í það skipti. Að vísu má segja, að kjaraskerðingin, sem þessi lög höfðu í för með sér fyrir sjómenn, var tiltölulega meiri en sú kjaraskerðing, sem þessi breyting felur í sér, en verknaðurinn var eigi að síður sá sami. Og þess vegna væri það eðlilegt, ef ríkisstj. vildi halda þessum ákvæðum til streitu, að hún beitti sér fyrir því, að það yrðu sett inn í frv. sams konar ákvæði og í lögin um sjómannakjörin um það, að með þeim væru samningar á milli launþega og atvinnurekenda úr gildi fallnir.

Ég vil benda á það í þessu sambandi, að við seinustu samningagerð náðist sá ávinningur, sem ég tel til hags fyrir báða aðila, að samið var til lengri tíma en venja hefur verið, eða til eins og hálfs árs, en áður hefur verið samið í mesta lagi til eins árs. Það var að sjálfsögðu gert í fullu trausti þess, að þessum samningum yrði ekki breytt. Ég er alveg viss um það, að ef þessi breyting á samningunum, sem frv. felur í sér, nær fram að ganga, þá verða í framtíðinni ekki gerðir samningar milli vinnuveitenda og launþega til lengri tíma. Það mætti segja mér, að slíkir samningar yrðu ekki gerðir nema til hálfs árs, í stað þess að þeir hafa venjulega verið gerðir til eins árs, og náðist þó fram við seinustu samninga, að þeir yrðu til eins og hálfs árs. Þetta m. a. veldur því, að ég held, að hæstv. ríkisstj. ætti að hugsa sig betur um, áður en hún gerir alvöru úr því að koma þeim ákvæðum fram, sem felast í 4. og 5. gr. frv.

Ég vil líta þannig á, að hæstv. ríkisstj. hafi alls ekki gert sér grein fyrir því, hvað hún var að gera, þegar hún setti þessi ákvæði inn í frv. Hún hafi alls ekki gert sér grein fyrir því, að með því að setja þessi ákvæði inn í frv. var verið að breyta þeim kjarasamningum, sem voru gerðir milli launþega og atvinnurekenda á s. l. sumri og stofna þannig til nýrra átaka um þessi mál. Jafnvel þó að verkalýðssamtökin slepptu því að líta á þá kjaraskerðingu, sem í þessum ákvæðum felast, þá eru þau samt þannig vaxin, að þau geta ekki sætt sig við þau nema með þeim hætti að beita einhverjum mótaðgerðum. Þau geta ekki fallizt á það „prinsip“, að Alþ. geti, hvenær sem er, skorizt í leikinn og breytt gildandi samningum, sem aðilar vinnumarkaðarins hafa gert. Það hljóta allir að sjá, að þegar þeir eru einu sinni

komnir inn á þá braut, þá hafa kjarasamningar ekki lengur neitt gildi, þá vita atvinnurekendur og launþegar ekki lengur, hvað þeir eru að semja um, því að þessu getur verið breytt, hvenær sem er, kannske innan fárra vikna, á Alþ. Og ég álít, að hér sé um mál að ræða, sem alls ekki snertir launamenn eina, þótt það geri það í þessu tilfelli. Þetta getur alveg eins snert atvinnurekendur. Það getur alveg eins komið ríkisstj., sem breytir samningum þeim í óhag, eins og það er nú ríkisstj., sem breytir samningum launþegum í óhag. Ég held, að ríkisstj. við nánari athugun hljóti að sjá, að þetta er miklu alvarlegra mál en hún hefur gert sér grein fyrir í upphafi, og sennilega hefur hún ekkert hugsað málið frá þessu sjónarmiði í upphafi, því að hér er í raun og veru farið inn á þá braut að raska grundvelli undir öllum samningum í landinu. Ef Alþ. getur leyft sér það að breyta grundvelli kjarasamninga, þá getur það alveg eins leyft sér að breyta grundvelli annarra samninga. Hér er þess vegna ekki um þau 2 eða 3 vísitölustig að ræða, sem felast í þessum gr. Hér er um það að ræða, hversu menn meta samningsréttinn og samningahelgi í þjóðfélaginu. Ég vildi þess vegna vænta þess, að hæstv. ríkisstj. hugsaði þetta mál betur og gerði sér grein fyrir því, að inn á alvarlegar brautir er stefnt. Það getur haft mikla þýðingu fyrir alla samninga í landinu, ef Alþ. leyfir sér, þótt kannske ekki sé um mjög stórfellda breytingu að ræða, að breyta einu sinni grundvelli kjarasamninganna. Að sjálfsögðu væri þetta allt annað, ef í þessu frv. fælust sams konar ákvæði og í sjómannalögunum, sem ég minntist á hér áðan, að samningar væru frjálsir. En ég held, að út frá því sjónarmiði og út frá því fordæmi, sem sett var, einmitt í sambandi við þessi áðurnefndu sjómannalög, þá hljóti menn að líta þannig á, að ef þessar tvær gr., 4. gr. og 5. gr. frv., verði samþ., þá hafi verkalýðssamtökin rétt til þess að gera mótráðstafanir á þann hátt, sem hafa næga þýðingu til að koma í veg fyrir það, að út á þessa braut verði farið framvegis. Það er að sjálfsögðu rétt að virða lög, og með lögum skal land byggja. En það er líka til annar málsháttur, sem er alveg eins réttur: Nauðsyn brýtur lög. Það getur komið þannig fyrir, þegar löggjafinn beitir sérstökum rangindum, er að skapa mjög hættuleg fordæmi, að þá verði stundum að fara aðrar leiðir en þær, sem æskilegar væru. Og ég er þess vegna hræddur um, ef það verður samþ., sem felst í þessum gr., að þá eigum við eftir að standa frammi fyrir því með einhverjum hætti, að verkalýðshreyfingin telji sig tilneydda að brjóta þessi ákvæði niður. Ekki skyldi ég lá henni, þótt hún gerði það. Þótt það sé óhagstætt fyrir launþega að missa í kaupgreiðslu 2 eða 3 vísitölustig, þá er ég miklu hræddari við það fordæmi, sem felst í þessari lagasetningu, ef af henni verður. Ég tel, að það sé svo mikilvægt fyrir verkalýðshreyfinguna að tryggja það, að kjarasamningar séu virtir og haldnir, að það geti enginn láð henni, þótt hún grípi til harðra mótaðgerða, ef þessar gr. yrðu samþ.

Það er bezt fyrir okkur að gera okkur grein fyrir því, að siðmenntað þjóðfélag byggist á engu frekar en því, að samningar séu virtir og haldnir. Ef byrjað er á því að rjúfa samninga og breyta grundvelli þeirra, þótt í litlu sé, þá er ekki gott að gera sér grein fyrir því, hvert áframhaldið kann að verða. Það er áreiðanlegt, að þá verður haldið inn á mjög hættulega og varasama braut. Þess vegna tel ég þessi ákvæði frv. sérstaklega hættuleg. Ég álít hættuna, sem stafar af því, að menn virði ekki samninga, miklu alvarlegri en þá skerðingu, sem því kann að fylgja, að launþegar missi 2 eða 3 vísitölustig um nokkurn tíma. Það er af þessum ástæðum, sem við, sem stöndum að áliti 1. minni hl., leggjum það til, að þessar gr. séu felldar niður, og teljum svo mikilvægt, að það fáist gert, að við munum greiða atkv. gegn frv. í heild, ef það verður ekki. Það er líka rétt að benda á það í þessu sambandi, að verðstöðvun getur haldizt, þótt þetta frv. falli, vegna þess, að í gildandi lögum hefur ríkisstj. heimild til verðstöðvunar og hefur þegar hagnýtt sér þau ákvæði. Ef hins vegar þessar gr. verða felldar úr frv. og brtt. okkar teknar til greina, þá munum við að sjálfsögðu veita því fylgi, þótt við, eins og ég sagði áðan, teljum verðstöðvun hreint neyðarúrræði, en þó sé betra að fara inn á þá braut en að gera ekki neitt.

Ég vil svo enn að lokum beina þeim orðum til hæstv. ríkisstj., að hún endurskoði afstöðu sína til umræddra gr. í frv. Mér finnst mjög líklegt, eins og ég hef áður sagt, að ríkisstj. hafi alls ekki gert sér grein fyrir því, hve alvarleg árás felst í þeim gr. á samningsréttinn í landinu og hve hættuleg áhrif þær geta haft á vinnufriðinn í landinu. Ég mundi álíta ríkisstj. meiri, ef hún, eftir að hafa athugað þessi mál betur, féllist á það að taka þessi ákvæði út úr frv., enda í sannleika sagt skiptir það engu höfuðmáli fyrir efnahagslífið í landinu eða afkomu ríkissjóðs, hvar þessi 2—3 vísitölustig eru látin liggja. Það er ekki slík upphæð t. d. fyrir ríkissjóð að borga þau, þótt þá þyrfti að afla nýrra skatta, að það sé ekki þess virði, ef þar með verði tryggð áframvirðing fyrir samningsréttinum og haldið óbreyttum þeim kjarasamningi, sem nú gildir milli verkalýðsfélaganna og atvinnurekenda, og þannig tryggður vinnufriður a. m. k. fram á næsta haust.

Frsm. 2. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. fjhn., sem hér hefur talað fyrir áliti meiri hl. og mælt með samþykkt frv., vék nokkuð sérstaklega að þeim umr., sem hér höfðu farið fram á Alþ. varðandi aðdraganda þessa máls, og m. a. það, hvaða afleiðingar yfirlýsing forsrh. í sjónvarpi 13. okt. kynni að hafa haft varðandi verðlagsþróunina í landinu. Í því sambandi minntist hv. frsm. meiri hl. á ummæli verðlagsstjóra um þetta atriði, sem fram hefði komið á fundi með fjhn. Ég vil nú segja svipað og hv. síðasti ræðumaður, sem einnig á sæti í fjhn. og hlustaði á það, sem þar fór fram, að mér finnst nú, að formaður fjhn., frsm. meiri hl. fjhn., hafi ekki túlkað alls kostar á réttan hátt það, sem verðlagsstjóri

sagði um þessi mál, og það kemur þá kannske nokkuð betur fram, hvað hann raunverulega sagði um þessi atriði og hvað raunverulega hefur verið athugað í þessum efnum, þegar nokkuð nánar er sagt frá þessum viðræðum við verðlagsstjóra úr n., en það skal ég gera. Verðlagsstjórinn var um það spurður af mér, hvort fram hefði farið sérstök athugun á verðlagi í landinu, áður en þessi tilkynning forsrh. kom fram, og einnig hvort þar hefði farið fram sérstök athugun á verðlaginu almennt, eftir að frv. kom fram eða eftir 1. nóv. Svar verðlagsstjórans var alveg skýrt og greinilegt: Engin sérstök athugun hefur farið fram af hálfu verðlagsskrifstofunnar varðandi þessi verðlagsmál. Það, sem verðlagsskrifstofan hefur gert, er aðeins það að halda uppi því almenna eftirliti með verðlagi, sem hún hefur alla jafnan gert eða átt að gera, og sú athugun, sem ekki er að fullu lokið enn varðandi þetta tímabil, hefur ekki enn leitt í ljós neinar sérstakar hækkanir á verði, eða óeðlilegar, eins og hv. frsm. fjhn. orðaði það hér. En það hefur svo komið hér fram í þessum umr. öllum, að menn líta sýnilega mjög misjöfnum augum á það, hvað séu eðlilegar verðhækkanir og hvað óeðlilegar. Ég fyrir mitt leyti lít þannig á málið, að allar verðhækkanir, sem urðu, eftir að það var boðað á þennan hátt af forsrh., að til stæði að stöðva verðlagið, hafi verið óeðlilegar. Það hafi átt að koma í veg fyrir þær. Það kom einnig fram í viðtölum við verðlagsstjóra, að eftirlit verðlagsskrifstofunnar nær í rauninni eingöngu til þeirra vörutegunda, sem falla undir verðlagsákvörðun n. En hins vegar vita menn, að hér er um heila vöruflokka að ræða, sem ekki falla undir þetta eftirlit n. Og þegar verðlagsstjóri var um það spurður, hvort skrifstofa hans hefði sæmilegt yfirlit um það, hvernig verðbreytingum væri háttað á þeim vörutegundum, sem falla ekki sérstaklega undir eftirlit n., þá svaraði hann því, að skýrslur verðlagsnefndarinnar um það væru mjög ófullkomnar. Ég tel því, að því fari alls fjarri, að nú liggi fyrir einhverjar sannanir um það, að sú tilkynning, sem hæstv. forsrh. gaf í sjónvarpsviðtali sínu 13. okt. um það, að til stæði að framkvæma verðstöðvun, hafi ekki haft sín áhrif til þess að ýta á eftir ýmsum verðlagshækkunum í landinu. Það á enn eftir að fara fram athugun á því, hver hafa raunverulega orðið áhrif þessarar tilkynningar. Það liggur alveg ljóst fyrir, að á þessu tímabili, frá 13. okt. og til mánaðamóta, hafa orðið ýmsar verðlagshækkanir í landinu. En það liggur hins vegar ekki ljóst fyrir, hversu margar verðhækkanir hafa átt sér stað og hversu miklar. Verð á innlendum iðnvarningi er yfirleitt frjálst, þ. e. a. s. aðilarnir geta ákveðið það sjálfir, eftir því sem þeir telja sér fært, miðað við samkeppnisaðstöðu við innfluttar vörur. Það er einnig upplýst, að margs konar þjónusta er frjáls í verðlagningu. Aðilarnir ráða því sjálfir, hve þeir ákveða þjónustugjöldin há. Það liggur einnig fyrir, að þær vörur, sem eru undir verðlagsákvæðum, eru á mjög misjöfnu verði í verzlunum í landinu, vegna þess að þær eru fluttar inn á misjöfnum tíma, innkaupin eru gerð á misjafnlega hagstæðum grundvelli, og því er verð á sams konar varningi mjög mismunandi. Ég hygg, að það sé dómur þeirra, sem hafa gengið í verzlanir og hafa þurft að kaupa vörur á þessu tímabili, að þeir hafi sannarlega orðið þess varir, að einmitt á þessum tíma áttu sér stað margar og miklar verðhækkanir í verzlunum í landinu.

Um aðstöðu verðlagseftirlitsins svo að öðru leyti til þess að geta sagt eitthvað um það, hvernig verðlaginu er háttað, eru svo dæmi eins og það, að verðlagseftirlitið hefur í sinni þjónustu utan Reykjavíkur fjóra til fimm fastráðna starfsmenn samkv. því, sem verðlagsstjóri upplýsti á þessum fundi með fjhn., en tæki stundum nokkra aukamenn til vinnu, eftir því sem aðstæður væru til. Trúir því nú nokkur maður, að eftirlit þessara manna um alla landsbyggðina sé eitthvert öryggi fyrir því, að verðlagsreglum sé fylgt eftir?

Það er auðvitað enginn vafi á því, að þegar um er að ræða ráðstöfun eins og verðstöðvun með lögum, þá ber að standa þannig að því máli, að það sé lagt þannig fyrir, að hinir ýmsu aðilar, sem hafa með verðlagsmál að gera, geti ekki notfært sér tilkynningar um málið sér í hag. Það ber að standa þannig að afgreiðslu málsins á Alþ., að verðstöðvunin verði a. m. k. miðuð við þann tíma, sem frv. um málið er lagt fyrir Alþ. En að tilkynna sérstaklega um það, að verðstöðvun sé í aðsigi með meira en hálfs mánaðar fyrirvara, hlýtur eðli málsins samkvæmt að leiða til þess, að þeir, sem hafa aðstöðu til, reyni að nota sér slíka tilkynningu. Þetta álítum við Alþb.-menn, að hafi verið algerlega óforsvaranlegt í vinnubrögðum ríkisstj. í sambandi við þetta mál.

Hv. formaður fjhn., talsmaður meiri hl. n., eyddi hér löngu máli í það að lýsa því, hvernig frv. okkar Alþb.-manna um verðstöðvun hefði borið hér að á Alþ., og hann hélt því hér fram, að við hefðum flutt þetta verðstöðvunarfrv. okkar til þess að reyna að koma af stað verðhækkunarskriðu í landinu. Hann virðist álíta það, að það sé tekið mikið tillit til till. frá okkur, og því rjúki allir til að hækka verð, en þó forsrh. segi það sama, að þetta standi til, þá taki nú enginn mark á því, og þá bregðist enginn við til þess að hækka verðlag.

Því fer víðs fjarri, að við höfum lagt okkar frv. fram um verðstöðvun, sem hér var útbýtt á Alþ. þann 15. okt. sem afleiðingu af viðtali hæstv. forsrh. í sjónvarpi. Því fer víðs fjarri. Strax í upphafi þings á þessu hausti, þegar hæstv. forsrh. gerði hér nokkra grein fyrir stefnumálum ríkisstj. og þeim vandamálum, sem við var að glíma, þá lýsti ég yfir því fyrir hönd okkar þingflokks, að við teldum, að það, sem nú þyrfti brýnast að gera í verðlagsmálum í landinu, væri að ákveða verðstöðvun hið allra fyrsta. Við höfðum síðan, bæði áður en þing kom saman og eins eftir, margsinnis undirstrikað þessa skoðun okkar í Þjóðviljanum og gert kröfu um það, að þannig yrði tekið á þessum málum, að ekki yrðu leyfðar frekari verðlagshækkanir en þá voru orðnar. Afstaða okkar til þessara mála lá því skýrt og

greinilega fyrir öllum. Við þurftum auðvitað eins og aðrir menn nokkurn tíma til þess að ræða flutning á slíku máli, sem verðstöðvunarfrv. er, í okkar þingflokki, og eftir að við höfðum samþ. að flytja málið í þingflokknum og lögðum það fram, þá tók það þá eins og venjulega einnig nokkurn tíma að fá frv. prentað og því útbýtt á Alþ., eins og hv. formaður fjhn. hefur nú sannarlega reynt hér á þessum fundi, að þótt þingskjöl hafi verið lögð fram í því máli, sem hér er til umr., þá er ekki enn búið að prenta þau. Það hefur þurft að vélrita þau á sérstakan hátt, af því að þetta tekur allt saman sinn tíma.

Það er vitanlega sagt gegn betri vitund, að það hafi verið tilgangur okkar með okkar verðstöðvunarfrv., þar sem miðað var við það, að verðstöðvun skyldi gilda frá þeim degi, að frv. var lagt fram á Alþ., að koma á óróa í verðlaginu í landinu. Við vorum hreinlega á þeirri skoðun, að verðhækkanirnar væru þegar orðnar allt of miklar og þarna yrði að nema staðar og snúa síðan að því að gera varanlegri ráðstafanir gegn verðbólguvandamálinu.

Við þm. Alþb. áfellumst ekki ríkisstj. fyrir það, að koma fram með frv. um verðstöðvun. Og ég áfellist hæstv. forsrh. ekki heldur fyrir það að hafa lýst yfir þeirri skoðun sinni, að rétt væri að grípa til verðstöðvunar, í viðtali sínu við sjónvarpsmenn 13. okt. En ég álít, að það hefði verið siðferðileg skylda ríkisstj. að miða frv. sitt um verðstöðvun við 13. okt., við þann dag, þegar hæstv. forsrh. skýrði frá því, að ætlunin væri að grípa til verðstöðvunar, en ekki, eins og gert er í þessu frv., að miða verðstöðvunina við 1. nóv., en vera þó búinn að tilkynna um þessa aðgerð með 18 daga fyrirvara. Það er að þessum vinnubrögðum, sem við erum að finna.

Það fer ekkert á milli mála, að verðhækkanir hafa orðið miklar og margvíslegar á undanförnum mánuðum. Og þær hafa í ýmsum greinum farið langt fram úr því, sem t. d. sú kauphækkun, sem samið var um um miðjan júnímánuð, gaf tilefni til, þótt menn vildu taka fullt tillit til þeirra auknu útgjalda, sem þeir samningar hlutu að leiða af sér. Ég skal nefna hér nokkrar verðlagshækkanir, sem mér er alveg kunnugt um úr skýrslum, en þó veit ég, að þar er um miklu fleiri verðhækkanir að ræða, sem hafa komið, eftir að þessi skýrsla var gefin, sem ég hef hér fyrir framan mig. En þessar verðhækkanir, sem ég nefni, eru allar dæmi um það, að það hafa verið í ýmsum tilfellum leyfðar verðhækkanir langt umfram það, sem hóflegt var. Verð á brauðum og brauðvöru hefur hækkað um 12.5%. Verð á smjörlíki hefur hækkað um 16.1%. Verð á ávöxtum hefur hækkað um 17.1%. Verð á hita og rafmagni almennt hefur hækkað um 11.5%. Almennir rafmagnstaxtar hafa hækkað um 19.1%, og dettur nokkrum manni í hug, að rafmagnið hafi þurft að hækka svona mikið í verði vegna launahækkunar, sem samið var um á s. l. sumri? Dísilolía til húsakyndingar hækkaði um 11.2% og hefur aftur verið hækkuð síðan, en ég veit ekki nákvæmlega, hve sú hækkun nam miklu. Nú er ráðgert að hækka iðgjöld til almannatrygginganna, sem flestir landsmenn verða að greiða, sem nemur 30%. Almenn verkstæðisvinna í sambandi við viðhald og viðgerðir bifreiða hefur hækkað um 27.4%. Fatahreinsun og fataþvottur um 15.3%. Iðgjöld til Sjúkrasamlags Reykjavíkur hafa hækkað um 19.2%. Allar þessar hækkanir eru þannig, að það fer ekkert á milli mála, að hér hafa verið heimilaðar miklu, miklu meiri hækkanir á verðlagi en ástæða var til, jafnvel þótt fullt tillit hefði verið tekið til þeirrar kauphækkunar, sem samið var um á s. l. sumri. En hitt er svo aftur annað mál, að ég álít, að í langflestum tilfellum þá átti að gera atvinnurekendum það að skyldu að taka á sig aukin útgjöld vegna kauphækkunarinnar, og það átti ekki að leyfa þeim að velta að fullu og öllu af sér þeim aukna kostnaði, sem fylgdi í kjölfar hækkandi kaups. Símagjöld hafa verið hækkuð um 15%. Það er auðvitað enginn vafi á því, að þar er um meiri hækkun að ræða en sem samsvarar hækkuðum útgjöldum þeirrar stofnunar vegna launahækkunarinnar, og auðvitað átti hún beinlínis að taka á sig verulegan hluta af hækkun kaupsins. Hún átti ekki að fá að velta þessu út í verðlagið, og þeir sem staðið hafa að því að heimila þessar hækkanir, verða að gera sér grein fyrir því, að þeir verða að glíma á eftir við þann vanda, sem af þessum hækkunum leiðir. Sá vandi kemur m. a. fram í því, að framfærsluvísitalan hækkar og kaupgjaldsvísitalan hækkar. Launþegar í landinu eiga rétt á því að fá hækkað kaup á móti þessu hækkaða verðlagi. Það er svo að mínum dómi ekki siðaðra manna háttur að fara þannig að, að þegar þeir eru búnir að leyfa þessar verðhækkanir og þegar þeir eru búnir að semja áður um það, að launafólk í landinu skuli fá hækkandi verðlag bætt í hækkandi kaupi, að koma þá á eftir og hlaupa frá gerðum samningum, láta verðhækkanirnar standa, en neita mönnum um launauppbætur á móti. En það er einmitt það, sem hæstv. ríkisstj. er að gera með því frv., sem hér liggur fyrir.

Ég vil nefna eina ákveðna verðlagshækkun, sem samþ. var af ríkisstj. sjálfri og sem hafði býsna miklar og víðtækar afleiðingar í för með sér, en það var að heimila að hækka alla verzlunarálagningu í landinu um 12.1%, skömmu eftir að samið var um launahækkunina til verkafólks í sumar. Það fer auðvitað ekkert á milli mála, að þessi hækkun á álagningunni, sem þá var heimiluð, var miklu meiri en sem samsvaraði auknum útgjöldum verzlunarinnar í sambandi við hækkað kaup. Þarna var beinlínis verið að færa milliliðunum í landinu aukinn hagnað frá því, sem áður var, þeir máttu taka meira. Auðvitað hefur þetta síðan sagt til sín í hinu almenna verðlagi.

Hér hafa farið fram allmiklar umr. um þetta frv., og hér hafa verið talsvert miklar deilur um ýmis atriði þess. Það hefur m. a. verið deilt um það, hver hafi orðið aðdragandi þessa máls, hvernig hafi verið staðið að málinu, og ég hef þegar vikið að því. Það

hefur einnig verið deilt um það hér í þessum umr., hvað ýmis ákvæði frv. þýði í raun og veru eða þegar allt kemur til alls fyrir launafólk. Ég held, að það geti ekki farið á milli mála, að í þessu frv. felst það, að launafólk á að fá á næstunni verðlagsuppbót á sín laun, sem verður reiknuð með þeim hætti, að úr verðlagsuppbótunum verða felld niður 3 vísitölustig miðað við það, sem launafólkið átti að fá. Hér verður raunverulega framkvæmd launalækkun, sem nemur rétt í kringum 3% miðað við gerða samninga. Það er auðvitað engin leið að ætla sér að standa á því til lengdar, eins og talsmenn hæstv. ríkisstj. hafa gert, að ætla að neita því, að afleiðingarnar af því að strika út 2 vísitölustig úr kaupgjaldsvísitölunni, greiða þau ekki á tilteknu tímabili, að þetta þýðir í reynd að minnka kaupgetuna, sem þessu nemur, frá því, sem um hafði verið samið. Og það er vitanlega á sama hátt algerlega þýðingarlaust að neita því, að með ákvæðum í þessu frv. er gert ráð fyrir því að fella út úr vísitölunni, sem nemur 1 vísitölustigi, á þann hátt að taka ekki tillit til tiltekinna verðlagshækkana, sem átti að taka tillit til samkv. vísitölugrundvellinum. Það er líka auðvitað alger blekking að halda því fram, að í staðinn fyrir þá skerðingu, sem fram kemur í sambandi við niðurfellingu þessara 2 vísitölustiga, og við það að taka ekki tillit til verðhækkana, sem nemur 1 vísitölustigi, þá fái launafólk hækkun á fjölskyldubótum og niðurgreiðslan á vöruverði eigi að jafnast á við önnur vísitölustig, sem líka eru felld niður. Launafólk er því í raun og veru látið borga hækkunina á fjölskyldubótunum og látið borga niðurgreiðsluna á vöruverði, af því að það átti samningsbundinn rétt á því að fá kauphækkun á móti þeim verðhækkunum, sem orðnar voru. Ég held líka, að það verði í raun og veru ekki um það deilt lengur, að þetta frv. ríkisstj. breytir þeim vísitölugrundvelli, sem ríkisstj. hafði gert samkomulag um við verkalýðshreyfinguna. Og það verður heldur ekki að mínum dómi deilt um það lengur, að þetta frv., ef að lögum verður, raskar þeim kaupgjaldssamningum, sem gerðir voru á s. l. sumri. Ég held líka, að þær umr., sem hér hafa farið fram, hafi leitt það alveg greinilega í ljós, að sá vandi, sem nú er við að glíma í efnahagsmálum, stafar ekki af of háu kaupi verkafólks í landinu eða þeim kaupgjaldssamningum, sem gerðir voru á s. l. sumri. Vandinn í efnahagsmálunum stafar af því, að stjórnarvöld landsins hafa heimilað allt of miklar almennar verðlagshækkanir í sumar og haust. Það hefur ekki verið staðið gegn verðlagshækkunum, eins og hefði átt að gera. Verðlagið hefur verið látið hækka of mikið, og afleiðingarnar eru svo sá vandi, sem við stöndum nú frammi fyrir. Það er því þessi gamla dýrtíðarstefna ríkisstj., sem vandanum veldur. Ég held, að t. d. hæstv. fjmrh., sem hér er nú staddur í deildinni, þurfi að átta sig á því, betur en mér finnst að hann hafi gert, að þegar hann stendur að því að láta hækka iðgjöld almannatrygginga til þess m. a. að afla þar fjár í tryggingakerfið, eða þegar hann stendur að því að heimila Pósti og síma að hækka sín gjöld, þá koma afleiðingarnar af slíkum verðhækkunum fram í hækkandi vísitölu og í hækkandi kaupgreiðslu í krónum talið í landinu. Og ég tel, að bæði hæstv. fjmrh. og aðrir ráðh. hafi ekki á undanförnum árum gætt að því nægilega vel, að það er nauðsynlegt að standa gegn verðlagshækkunum, því að annars kemur upp slíkur efnahagsvandi, eins og við erum jafnan að glíma hér við á hv. Alþ. Það dugir ekki að segja það með fögrum orðum hér á þingi, að það sé vilji til þess að standa gegn verðhækkunum, en heimila svo þessar verðhækkanir alltaf í hvert skipti, svo að segja, sem á reynir.

Frá því að þetta mál var hér til 1. umr., eru nú komin fram ummæli nokkurra þýðingarmikilla stofnana í landinu um frv., og ég tel, að umsagnir, sem nú liggja fyrir, t. d. frá verkalýðshreyfingunni í landinu, um málið, séu þess eðlis, að það sé ómögulegt annað en hæstv. ríkisstj. verði að endurskoða alla afstöðu sína til þessa máls með tilliti til þeirra umsagna. Nú liggur það fyrir, að stjórn Alþýðusambandsins hefur lýst því yfir, að hún telur, að samþykkt frv. jafngildi því, að kippt sé á brott þeim grundvelli, sem samningarnir um kaupgjald frá 19. júní í sumar voru byggðir á. Alþýðusambandsstjórnin hvetur með samþykkt sinni öll sambandsfélög sín, þ. e. a. s. öll verkalýðsfélög í landinu, til þess að tilkynna viðsemjendum sínum, að þau telji, að samningarnir, sem gerðir voru í júní í sumar, séu úr gildi, hvað kjaraákvæðum viðvíkur. Það er því alveg augljóst mál, að það hefur farið þannig strax og reyndi á í þessu máli, eins og við sögðum hér ýmsir við 1. umr. um þetta frv. hér á Alþ., að hér væri verið að stefna að því að rjúfa þá kjarasamninga, sem í gildi hefðu verið, og ég sagði þá, að ég teldi, að með samþykkt þessa frv. leystist miklu minna en líklegt væri, að upp kæmi af nýjum vandamálum, við samþykkt þess. Nú sýnist mér það alveg augljóst, að samþykkt frv. leiðir til þess, að öll stéttarfélög í landinu muni á næstu vikum og mánuðum tilkynna sínum viðsemjendum, að kaupgjaldssamningarnir séu fallnir úr gildi að þeirra dómi eða m. ö. o., komið fram nýtt tímabil samningaleysis, en það þýðir að sjálfsögðu, að verkalýðsfélögin í landinu geta boðað til vinnustöðvunar, hvenær sem þau telja sér henta, með viku fyrirvara. Ég tel það ástand, sem þarna er komið upp, enn þá hættulegra en það, sem yfirleitt skapast, þegar samningar renna út með eðlilegum hætti. Það er ljóst, að verkalýðsfélögin telja, að samningarnir falli úr gildi, en þeirra viðsemjendur, atvinnurekendurnir, ætla að standa á því, að samningarnir séu í gildi. Á meðan það ástand varir, eru ekki miklar líkur til þess, að þessir aðilar setjist að samningaborði og reyni að leysa málin. Þetta stefnir því að mínum dómi út í algert öngþveiti. Þetta stefnir út í vinnustöðvanir, sem torvelt er að sjá, hvernig muni leysast eða hvenær muni leysast. Nú vitum við það allir hér á Alþ., að fyrir dyrum standa allviðamiklir samningar um kjaramál

sjómannastéttarinnar í landinu, en kjör sjómanna hafa versnað stórlega að undanförnu í hlutfalli við aðra, þeir hafa verið að dragast aftur úr. Ekki þætti mér ólíklegt, að þetta færi á þann veg, að sá erfiði hnútur, sem upp kann að koma í sambandi við kjaramál sjómanna nú um áramótin, reyrðist enn þá fastar með því að hin almennu verkalýðsfélög og launþegafélög önnur í landinu kæmu inn í þessar deilur og hér yrði eitt allsherjarstopp á vinnumarkaði í kringum áramótin. Ætlar hæstv. ríkisstj. sér þá að standa þannig að þessum málum að lemja höfðinu raunverulega við steininn að mínum dómi og segja: „Samningar eru í gildi, við höfum ekki breytt samningum, þetta er allt í lagi?“ Ætlar hún að standa við bakið á atvinnurekendum og halda einhverju slíku fram, á meðan allt framleiðslulíf þjóðarinnar stöðvast? Ég held, að undir þessum kringumstæðum væri miklu nær, að hæstv. ríkisstj. setti inn í frv. sitt ákvæði um það, eins og hér hefur verið bent á fyrr í þessum umr., að með samþykkt frv. væru allir kjarasamningar niður fallnir, svo að það gæti þá legið alveg skýrt og glöggt fyrir báðum samningsaðilum, að þeir ættu að taka til við sína samningagerð að nýju og reyna að leysa þann vanda, sem upp er kominn.

Það má hæstv. ríkisstj. vita í þessum efnum, að það stoðar ekki til þess að leysa slíkan vanda að segja: „Við höfum félagsdóm og hann dæmir bara það, að þessir samningar séu í gildi.“ Það leysir engan vanda. Ef verkalýðshreyfingin í landinu almennt telur, að samningar hafi verið brotnir á þann hátt, að þeir séu úr gildi fallnir, þá verður að taka tillit til þeirrar skoðunar, og þá verður að reyna að finna nýja lausn á málinu, en þrjózkast ekki að ástæðulausu, því að það mun aðeins valda þjóðarbúinu sem heild auknum útgjöldum. Það liggja hér einnig fyrir umsagnir fleiri aðila en stjórnar Alþýðusambands Íslands.

Það liggja hér einnig fyrir mótmæli gegn þessu frv. frá Starfsmannafélagi ríkisstofnana. Þeir telja líka, að á sér séu brotnir samningar. Það liggur líka fyrir, að stjórn verkalýðsfélagsins Dagsbrúnar, stærsta verkalýðsfélagsins í landinu, hefur mótmælt þessu frv. harðlega, og það hafa miklu fleiri verkalýðsfélög þegar gert. Það liggur fyrir, að ýmsir kunnir stuðningsmenn ríkisstj., sem hafa á hendi trúnaðarstörf í verkalýðshreyfingunni, hafa opinberlega lýst yfir því, að þeir muni berjast gegn þessari lagasetningu, þeir standi með þeirri yfirlýsingu, sem miðstjórn Alþýðusambandsins hefur gert. Ætlar hæstv. ríkisstj. virkilega ekki að taka tillit til þessara aðvarana, sem hún hefur þegar fengið? Er meiningin að reyna að reka þetta mál í gegnum þingið með atkvæðamagni, eða ætlar hæstv. ríkisstj. að meta að nýju þá stöðu, sem nú er upp komin í þessu máli og breyta að einhverju leyti um afstöðu í málinu? Ég held, að ríkisstj. gerði hyggilegast að fresta nú þessu máli um sinn og endurskoða alla sína afstöðu til málsins.

Ég hef leyft mér að flytja tvær brtt. við frv. Þær eru fluttar á þskj. 133. Þær eru um það, að 4. og 5. gr. frv. falli niður. Í þessum gr. er að finna þau ákvæði, sem aðallega valda ágreiningi og sem verkalýðshreyfingin í landinu m. a. mótmælir harðast. Ég tel, að það megi samþykkja þetta frv., ef þessar tvær gr. væru felldar niður. Þá stæði eftir verðstöðvunin, og þá stæðu út af fyrir sig eftir ákvæðin um það að leggja á launaskatt. Þó að það sé mjög sérkennileg till. að leggja á þennan launaskatt og láta hann renna fyrst í ríkissjóð í staðinn fyrir það, að hann átti samkv. samningum að renna til launþega og ríkissjóður noti síðan þennan launaskatt til niðurgreiðslna, og jafnvel þó að það liggi fyrir, að ríkisstj. takist með þessum niðurgreiðslum að skekkja vísitöluna lítið í framkvæmd, þá tel ég út af fyrir sig ekki ástæðu til þess að standa hart gegn því, að þessi launaskattur sé lagður á og í staðinn fyrir hann komi hækkun á fjölskyldubótum og einhver lækkun á vöruverði. Það er skoðun mín, að ríkisstj. hafi haft fulla heimild til þess að greiða niður vöruverð. En auðvitað hefur verið til þess ætlazt, að slík niðurgreiðsla yrði ekki til þess að skekkja þann grundvöll, sem byggt var á. Ég tel fyrir mitt leyti, að það sé vel hægt að samþykkja það atriði ásamt verðstöðvuninni, þó að ég sé engan veginn hrifinn af þessu ákvæði, mér finnst það heldur ankannalegt. Ég tel einnig, að það sé sjálfsagt að hafa í frv. ákvæði um það, að gert sé ráð fyrir því, að vöruverð verði greitt niður. Þar kemur hvort tveggja til, að ríkisstj. getur notað þann tekjuafgang, sem nú mun verða hjá ríkissjóði til niðurgreiðslna, og einnig þær tekjur, sem gert er ráð fyrir að innheimta m. a. með launaskattinum í þessu skyni, en hitt er mér ljóst, að þó að frv. yrði samþ. í þessum búningi, þá leysir það ekki þann meginvanda, sem hér er við að glíma. Þar verður fyrst og fremst um frestun á vandamáli að ræða, og þar á eftir þarf vitanlega að nota frestunartímann til þess að reyna að koma sér saman um ráðstafanir, sem gætu verið haldbetri. En við Alþb.-menn höfum bent þar á nokkur ráð, sem við teljum, að sé auðvelt að grípa til í því skyni að vinna að lækkun á nauðsynjavörum og til þess að hamla gegn verðhækkunum á næstunni.

Ég skal svo ekki að sinni ræða frekar um þetta mál. Það eru þegar orðnar hér alllangar umr. um málið, en ég hef gert grein fyrir afstöðu okkar Alþb.-manna til málsins, en vil aðeins endurtaka það að lokum, að ég vænti þess, að með tilliti til nýrra upplýsinga, sem nú eru komnar fram í þessu máli, fallist ríkisstj. á það, að það sé rétt að fresta málinu a. m. k. um skeið og huga betur að því, hvað ráðlegast sé að gera miðað við þær aðstæður, sem nú eru komnar upp.

Björn Pálsson: Herra forseti. Mér var sagt það, — ég hef nú ekki sjónvarp — að hæstv. viðskmrh. hefði verið í sjónvarpinu og þar hefði verið talað um þessa verðstöðvun. Hann hefði verið spurður, hvort fólkið yrði ekki að borga þessar niðurgreiðslur, þessi 6 stig beint eða óbeint, sem um var talað. En hann hefði verið fljótur til svars, nei, nei, nei, það væri

ekki. Þann 10. þ. m. las ég í leiðara Morgunblaðsins, sem maður skyldi ætla, að væru mjög merkar ritsmíðar, svofellda klausu viðvíkjandi þessari verðstöðvun og viðvíkjandi þessum tveimur vísitölustigum:

„Þar er einungis lagt til, að launþegar fresti því að fá greidd tvö vísitölustig til 1. sept. 1971, en það er framlag þeirra til að hefta verðbólguna. Á móti þessari frestun fá launþegar stórhækkaðar fjölskyldubætur, lægra verð á brýnustu lífsnauðsynjum, svo sem mjólk og öðrum búvörum."

M. ö. o. er ekki hægt að skilja annað á þessu skrifi en það, að á móti þessari frestun á þessum 2 stigum fái þeir þessi fríðindi. En þessi fríðindi koma á móti 4 öðrum stigum og raunar meira, 5½ stigi, því að eftir því, sem grg. segir, á þetta að þurrka út 7½ vísitölustig. Þau koma ekki á móti þessum 2 stigum, svo að þarna er um algerlega villandi áróður að ræða. Nú er það mannlegt og eðlilegt, að hver reyni að tala máli fyrir sinn flokk o. s. frv., en það er bezt að ganga ekki lengra en satt og rétt er, því að hitt kemur manni venjulega í koll síðar.

Einkennilegt er það með þessar blessaðar verðstöðvanir, að það vill þannig til, að þær eru alltaf fyrir kosningar. Ég man það, og stjórnarliðar eru nú oft og mörgum sinnum búnir að ræða það, þegar vinstri stjórnin fór frá. Satt að segja var ég ekkert sérstaklega ánægður með það, en það var vitað, að ekki var þingmeirihluti orðinn fyrir hendi. Þeir voru búnir að semja, sjálfstæðismenn og kratar, og kratar undu ekki hjá Framsókn og Alþb.-mönnunum af því einfaldlega, að þeir voru ekki nógu vel fóðraðir. Hversu dýrir þeir verða á fóðrunum hjá sjálfstæðinu, skal ég engu spá um nú, en ég hygg, að það geti endað með því, að þeir verði þeim fulldýrir. En þetta var ekki fyrir hendi. Hitt er annað mál, að það má deila um það, hvort Hermann Jónasson og Framsfl. átti sem slíkur ekki að leggja fram ákveðnar till., hvað þeir vildu gera, og persónulega hefði ég heldur álitið það, að þeir hefðu átt að gera það og láta þá þingið fella þær. Þá vissi þjóðin, hvað þeir vildu, og það var hægt að kjósa um það. En það var ekki gert, og það þýðir ekki að tala um það. En það er bara einkennilegt með þessar verðstöðvanir, að þær koma alltaf fyrir kosningar. 1959 var sagt, að kratar væru búnir að stöðva verðbólguna. Þegar gerðar voru upp sakirnar fyrir það ár, hefur aldrei orðið lakari útkoma. Erlendar skuldir eða skuldir þjóðarinnar í heild út á við uxu á því eina ári um 1000 millj. kr., og það er miðað við núverandi verðgildi líklega eitthvað 4 milljarðar. Þetta er hægt að sjá í gömlum hagskýrslum. Þá var búið að stöðva verðbólguna með einu pennastriki.

1967 var búið að stöðva verðbólguna. Það voru sett eitthvað hliðstæð lög og þetta, dálítið öðruvísi raunar. Þá var vísitölunni haldið í skefjum með niðurgreiðslum, en sumarið eftir var allt komið í öngþveiti. Þá var vitanlega ekki meira fé fyrir hendi til niðurgreiðslna, og þá þurfti að fella gengið 1967 og svo aftur 1968 enn meira en 1967. Og hvað er gengislækkun? Það er að taka af sparifjáreigendunum, það er að eyðileggja traustið á peningunum í hverju þjóðfélagi. Það er stærsti þjófnaður, sem framkvæmdur er í nokkru þjóðfélagi. Ég hef tekið eftir því í lífinu, þegar unglingar eru að eigast við, eins og oft vill nú til, ef unglingur kankar í kinnina á félaga sínum, þá er hann viss með að hjóla í hann. En ef aflsmunur er mikill og annar er sleginn um koll, þá vanalega hreyfir hann sig ekki. Þetta kemur fram í öllu lífinu. Þetta kemur fram í viðskiptum milli landa, og þetta kemur fram í viðskiptum hér innan þessa salar, þegar þessi stóra gengislækkun er gerð 1968 og það er mesta kjaraskerðing, sem launþegar hafa nokkurn tíma orðið fyrir, og það dróst í 2 ár, að þeir fengju leiðréttingu, en við því steinþögðu þeir. En þegar farið er að fikta við kinnina á þeim eins og nú að næla 2 stigum af þeim, þá ætlar allt vitlaust að verða. Það er búið að tilkynna, að allir samningar séu lausir af Alþýðusambandinu. Ég er ekki að mæla því bót. Það má deila um það, hversu samningafrelsið á að vera mikið, og við getum gert okkur það alveg ljóst, lýðræðisþjóðirnar, að ef við kunnum okkur ekki hóf í kröfugerð, — ég á ekkert frekar við verkamenn en aðra, þeir eru sízt ósanngjarnari en aðrir, við getum alveg eins tekið bændur og embættismenn og yfirleitt allar stéttir, — þá getum við ekki verndað þetta frelsi, sem við búum við. Rússar viðurkenna eigi verkföll. Rússar senda þá í fangabúðir, sem reyna að gera verkföll. Það er ekki leyft. Það eru deilur í veröldinni. Þeir vilja færa út sitt valdsvið, kommúnistarnir, og við viljum vernda okkar þjóðskipulag, og ef við högum okkur ekki skynsamlega, þá getum við ekki verndað frelsið.

En við skulum gera okkur það ljóst, hvort fólkið verður raunverulega ekki að borga þetta, hvort það er ekki kjaraskerðing, þessi 7½ stig, sem nú á að fresta. Við skulum reyna að gera okkur það ljóst. Og við skulum líka reyna að gera okkur ljóst í örfáum orðum, — ég skal vera stuttorður —, hverjir það eru, sem raunverulega borga.

Í fyrsta lagi koma fjölskyldubæturnar. Það á að hækka þær. Það á að hækka þær með fjórum börnum um 11 048 kr., en alþýða manna á nú tæpast svo mörg börn, en með þremur börnum — við skulum segja, að það sé meðaltalið, — eru það 8580 kr. En nú eru sumir, sem ekki eiga börn, en þetta á að koma inn í vísitöluna. Þetta þýðir því kauplækkun, líklega um 8000 kr. hjá öllum þeim, sem ekki eiga börn og fá þess vegna engan barnalífeyri, þetta þýðir það. Ég er ekki að segja, að þetta sé vitleysa, og ég er heldur ekki að segja, að þetta sé ósanngjarnt, því að það á fyrst og fremst að borga þeim, sem eiga börnin, svo hátt kaup, að þeir geti lifað sómasamlegu lífi. En það hefur bara ekki verið gert undanfarin fjögur ár, og það er mál út af fyrir sig. Heimilin hafa getað komizt prýðilega af, hafi konan getað unnið líka úti, en þar sem mikið er af ungum börnum og maðurinn eina fyrirvinnan, þá vægast sagt hefur verið mjög þröngt í búi undanfarin tvö ár, og þar að auki eru slíkir menn beittir

ósanngjörnum skattaálögum, því að frádáttur til útsvars með börnum er langsamlega of lítill, en hins vegar hefur konan, ef hún vinnur úti, skattfríðindi, þannig að hún þarf ekki að telja til skatts hluta af launum sínum þannig að afkoma fjölskyldumannanna, þar sem konan hefur ekki getað unnið úti, fjölskyldumanna, sem hafa venjuleg laun, hefur verið of slæm s. l. tvö ár, og þeir menn hefðu sannarlega þörf fyrir kauphækkun. Þess vegna ætla ég ekki að deila út af þessum barnalífeyri, en við skulum gera okkur það ljóst, að þetta þýðir skerðingu á launum vissra manna í þjóðfélaginu. Þetta þýðir 6—8 þús. kr. lækkun hjá öllum, sem ekki fá barnalífeyri. Látum það vera. Þetta er hagsýni, og sannleikurinn er sá, að frv. er ekki illa samið og ekki heldur heimskulega samið, enda gert af mjög hæfum manni. Hins vegar gæti grg. verið stuttorðari, en skýrari.

Þetta er það fyrsta. Það á að lækka um 1½ vísitölustig. Þá eru 6 stigin eftir. 2 stigin á að taka með því að fresta greiðslu á þeim þangað til 1. sept. að ári, en „hvað tekur þá við?“ spurði okkar ágæti forsrh. danska forsrh., og báðir brostu. Ég veit ekki, sennilega á að kjósa í Danmörku í vor, en ætli standi betur á að greiða þessi stig þá? Vitanlega á aldrei að greiða það fram að þeim tíma, það verða gerðar einhverjar aðrar ráðstafanir, en þetta á að gera.

Ég verð að segja, að mér finnst varla taka því að vera að brjóta samninga við fólkið fyrir þessi 2 stig, og ég held, að það sé verst fyrir stjórnarliðana sjálfa. Við vitum, að þetta er kosningamál. Við þekkjum þennan skrípaleik, sem alltaf er fyrir kosningar. Það á alltaf að stöðva verðbólguna, og svo er komið til fólksins og sagt: „Við erum búnir að stöðva verðbólguna.“ Svo er kosið og svo er aldrei meiri skriður á verðbólgunni heldur en á eftir. Við þekkjum þetta. Ég talaði við ágætan vin minn í Sjálfstfl., — ég á nú marga kunningja þar, — í gærkvöld, og við vorum að tala um þetta. „Þetta tókst síðast,“ sagði hann. Það má vel vera, að þetta takist enn. En við vitum þetta, og stjórnarliðar vita þetta sjálfir. Við vitum, að þetta er skrípaleikur.

Þarna koma 2 stig. Þá eru komin 3½ stig. Og þá eru eftir 4 stigin. Hverjir borga þau? Það á að leggja 2% launaskatt á atvinnurekendur. Það á að gera 245 millj. á 9 mánuðum. Það er nú fyrir 1% launaskattur, sem var samið um, að atvinnurekendur borguðu, og það átti að byggja hús fyrir þann skatt, aðallega hér í Reykjavík. Ég taldi þetta heimskuflan, fyrst að leggja skatt á atvinnurekendurna, svo þegar þeir geta ekki risið undir allri skattbyrðinni, þá að fella gengið og svo að leggja á nýja skatta. Ég hef alltaf verið á móti gengislækkunum, ef hægt væri að komast hjá þeim. Ég réð stjórnarliðum heilræði 1960, þegar ég sagði þeim, að þeir skyldu ekki fara lengra með að fella gengið en eins og krónan stæði, og hún stóð þá í 30—32 kr. dollarinn. Það er sjálfsagt að viðurkenna það, sem rétt er, að það var rangt gengi, 16 kr. dollarinn, þegar þessi ágæta stjórn tók við. En það var nú ekki komið lengra niður en það. Og ég réð þeim frá því að hækka vextina, og sannleikurinn er sá, að vaxtahækkunin er það versta og vitlausasta verk, sem stjórnarliðar hafa nokkurn tíma gert. Í gegnum allt heila kerfið hefur þetta skapað vaxandi útgjöld. Þeir fóru upp í 12%, víxlavextirnir. Föstu lánin voru hækkuð um 2 og 2½%, þegar eftir gengislækkun, og víxlavextirnir eru núna um 10%, en voru ekki nema 7. Í gegnum allt heila kerfið gengur þetta. Hvað ætli þetta hafi íþyngt verzluninni mikið og þeim, sem byggja hús og annað slíkt? Og það er fáránlegt að fara að reikna þetta bara af útgerðarlánum. Þetta verða allir að borga. Þeir verða að fá hærra kaup fyrir það. Og þetta átti sinn þátt í að auka verðbólguskriðuna, meira en nokkuð annað og of mikil gengislækkun. Svo var Seðlabankinn látinn skapa rekstrarfjárskortinn, svo að við bjuggum í gegnum öll góðærin við rekstrarfjárskort og vaxandi verðbólgu. Sem sagt, rekstrarfjárskorturinn og verðbólgan eru að miklu leyti heimatilbúin hjá stjórnarliðinu. Þó að vafalaust mætti nú eitthvað að stjórninni finna milli 1950 og 1960, þá var skriðan ekki nærri eins hröð. Og þeim hefur tekizt að gera okkar ágæta foringja og stjórnmálamann, Eystein Jónsson, að miklum fjármálamanni. Það er þannig, að þegar menn athuga hans fjármálastjórn, þá verður það mjög glæsilegt tímabil, hvað vizku snertir, borið saman við þessa síðustu tíma. Hitt er annað mál, að það hafa verið betri veiðiár og betra árferði á ýmsan hátt þessi s. l. 10 ár.

Svo kemur einn liðurinn enn. Þarna eru komin 2%, sem atvinnurekendur eiga að borga. Mér virðist þetta hálfgerður skrípaleikur. Ég álít, að atvinnurekendur geti alveg eins borgað 2% hærra kaup. Þetta er ekkert nema skrípaleikur. Látum þá bara borga 2% hærra kaup, og leggjum engan launaskatt á þá. Ég vil alls ekki vera með þessum síauknu og fjölgandi sköttum á útgerðina, vegna þess að ég hef reynslu fyrir því, að þegar skattur er lagður á einhverja aðila, þá er honum aldrei breytt, þeir sitja með hann. Ég taldi hér upp fyrir tveimur árum 25 skatta á útgerðinni, það er mikið verk að tína þá saman. Ég hygg, að það sé varla nokkur maður í þjóðfélaginu, sem gæti þulið þá upp. Ég dreg það í efa. Og síðan er búið að bæta á 4—5, — þeir eru að nálgast 30, — stórum sköttum í viðbót. Ég ætla að tína þetta saman einhvern tíma í vetur og lofa ykkur svo að heyra þuluna. Ég ætla þess vegna ekkert að vera með þessu 1½%, vegna þess að það er engan veginn tryggt, að það verði nokkurn tíma afnumið. Ég er ekki farinn að sjá, að það verði gert. Þó að það sé sagt, að það eigi að falla úr gildi síðasta ágúst að sumri, þá verður vafalaust fundin einhver leið til þess að halda þessum skatti. Og svo þarf vafalaust að fella gengið eftir 1—2 ár vegna þess hvað útvegurinn þarf að borga mikil og margþætt gjöld.

Þarna eru 2%. Hvernig á svo að afla hinna teknanna? Hækkun á víni og tóbaki, 143 millj. og það um leið tekið út úr vísitölunni. Ég er ekki að segja,

að það sé nein þörf á því að neyta víns eða tóbaks, en menn gera þetta, og launþegar gera þetta alveg jafnt og aðrir menn. Það á að taka þennan lið út úr vísitölunni, en þetta nálgast það að vera heilt vísitölustig miðað við aðrar vörur, því að til að halda niðri heilu stigi þarf eitthvað um 180 millj. Þarna er gert ráð fyrir 143 millj., og má vera, að það verði meira. Það er vafalaust varlega áætlað. Þarna er vísitölunni breytt frá því, sem verið hefur, og það er vitanlega kjaraskerðing fyrir launþega. En látum vera með svona smábrellur, tiltölulega saklausar, eins og með vín og tóbak og barnalífeyrinn og þetta sé látið lækka vísitöluna. Ég hygg, að launþegar gerðu ekkert veður út af því. En ég held, að það taki því satt að segja ekki að vera að rífast um þessi 2%.

Þá er eftir það, sem ríkissjóður á að greiða, og svo er gert ráð fyrir lækkun á útflutningsuppbótum, 130 millj. En það þarf 135 millj. í 9 mánuði til að það nægi í vísitölustig, 130 millj., takið þið eftir, lækkun á útflutningsuppbótum. Og það er ekki hægt að neita því, að EFTA-aðildin, — það er líklega það mesta gagn, sem hún hefur gert okkur enn — hefur gert það auðveldara að selja kindaketið, þeir fengu tolla lækkaða eða afnumda á hluta af kindaketinu í Svíþjóð og jafnvel í Noregi líka, og mér er sagt, að þetta muni hafa aukið tekjur af kjötsölu um 40 millj. kr., og það létti þá á útflutningsuppbótunum eða bætti hag bænda, annaðhvort var. Í öðru lagi, með því að greiða smjörið niður sennilega eitthvað um 100 kr. í viðbót á kg, þá selst miklu meira af smjörinu, því að við vitum það, að fjöldi af fólki var hætt að borða smjör, vegna þess að það hafði ekki efni á því, en ef smjörið væri flutt út, þá fengist ekki meira fyrir það, uppbæturnar yrðu alveg jafnmiklar og niðurgreiðslunni nemur, þegar þessi viðbót er komin, þannig að ríkissjóður vinnur bæði beint og óbeint við að greiða niður smjörið allt að því, sem þessum útgjöldum nemur. Það eru þá eftir um 126 millj., sem ríkissjóður segist sjálfur verða að taka á sig, og hann mun vinna það að mestu leyti upp með því, að útflutningsuppbæturnar lækka, þannig að ég hygg, að þetta þrengi í raun og veru hér um bil ekkert hag ríkissjóðs. Og þá erum við komnir að því, sem ég sagði áðan, að frv. er engan veginn bjánalega samið fyrir hönd ríkissjóðs. Bein framlög ríkissjóðs, þegar búið er að taka tillit til þess, sem hann græðir óbeint á þessum ráðstöfunum, eins og ég er búinn að benda á, með því að greiða niður smjörið, verða sáralítil.

Svo komum við að þriðja aðilanum, og það eru bændurnir. Það kemur fram í grg., að það á ekki að taka tillit til hækkana á fóðurvörum. Á s. l. ári voru flutt inn 46 þús. tonn af fóðurvörum eða sem svarar 9 tonnum á bónda í landinu, og auk þess hafa verið notaðar innlendar fóðurvörur, talsvert magn af þeim. En tökum bara það erlenda. Það er gert ráð fyrir, að það hækki um 2 þús. kr. tonnið af fóðurvörum. Það þýðir 18 þús. kr. á bónda, sem bændurnir eiga að taka á sig, svo framarlega sem ekkert tillit er tekið til þessarar hækkunar, án þess að fá hækkaðar vörurnar. Nú má vel vera, að það verði einhver meðalvegur farinn þarna, því að þetta kemur ekki beint fram í l., þetta kemur fram í grg. En ef þetta verður framkvæmt, — ég hef heyrt, að það sé meira að segja búið að ræða um þetta í Stéttarsambandinu og jafnvel að það sé að einhverju leyti búið að fallast á þetta, ég skal ekki fullyrða neitt um það, ég hef heyrt svo lauslega um það, — þá taka bændurnir þessar byrðar á sig. Ég er ekki að segja, að það sé ekki eðlilegt, að þeir geri það, vegna þess að það er að mörgu leyti hyggilegt að draga úr fóðurvörunotkun, og í öðru lagi má vel vera, að þessi niðurgreiðsla greiði fyrir sölu á þeirra vörum, þannig að þeir að einhverju leyti vinni þetta upp. En þeir taka þetta samt sem áður á sig og þarna hygg ég, að komi það, sem eftir er, að ríkissjóður þurfi að borga, þannig að ríkissjóður taki í raun og veru engar byrðar á sig vegna þessara ráðstafana. En fólkið gerir það.

Mér finnst rétt, að þetta komi fram til þess að blekkingar hverfi, að það sé ekki fólkið, sem taki þetta í raun og veru á sig, því að auðvitað tekur það öll útgjöld á sig, beint eða óbeint. Afstaða mín til þessa frv. er þess vegna þessi: Ég vil ekki vera að leggja á þennan launaskatt, það er ekkert nema skrípaleikur. Ég vil ekki ganga inn á þessi gjöld, af því að ég er búinn að margreka mig á það um skatta, sem eru lagðir á aðila, hvort það eru atvinnurekendur eða aðrir, að það má heita ógerlegt að fá þeim aflétt, og það er alveg eins gott fyrir atvinnurekendur að borga þá 2 stigum meira í kaup.

Í öðru lagi vil ég ekki greiða atkv. með því að taka þessi 2 stig af launafólkinu, og það er ekki hægt að neita því. Þótt það séu ekki vinnuveitendur, sem breyta þessu, það er löggjafinn, sem gerir það, skal ég ekkert segja um, hvernig það færi í dómi, hvort þetta yrðu talin svik eða ekki. Það er ekki minnzt á það í samningum. En þetta er óbeint að standa ekki við samninga, og það tekur því ekki fyrir þessa smámuni. Við eigum að vera sanngjarnir í samningum, en við eigum að reyna að standa við þá samninga, sem við gerum, svo framarlega sem það er mögulegt. Og stjórnarliðar geta ekki ætlazt til þess, að við greiðum atkv. með því, geta ekki ætlazt til þess. Það er þeirra mál, hvort þeir knýja þetta fram og standa þar með ekki við þá samninga, sem þeir vildu samþykkja á s. l. vori. Það hefur ekkert sérstakt komið fyrir, það er ekkert verðfall á vörum, það er enginn aflabrestur. Það er þeirra mál, og þá hlýtur það að bitna á þeim. Þeir geta ekki búizt við, að við greiðum atkv. með því. Það eru þessir tveir liðir, sem ég get ekki greitt atkv. með. Ég get ekki greitt atkv. með frv. í heild, vegna þessara tveggja liða sérstaklega.

Nú vil ég taka það fram, að ég er með verðstöðvun, ég tel hana nauðsyn. Ég hef verið á móti þessum gengislækkunum, og ég skrifaði grein í Vísi, áður en gengið var fellt 1968, og þar spáði ég því, að skriðan kæmi öll á eftir þeim, og eftir visst tímabil mundu launþegar líklega ná sinni kauphækkun. Þá

stæðum við aðeins gagnvart því, að krónan væri orðin helmingi minni en hún var. Nú þarf t. d. helmingi fleiri krónur til þess að kaupa skip en var. Þetta eykur rekstrarfjárskort og erfiðleika, og svo er búið að eyðileggja traustið á krónunni, og ef karlmennska hefði verið til, þá þurfti enga gengislækkun að gera 1968, en það varð að lækka ríkisútgjöldin, og það var þá alveg eins gott að fara hreinlega til launþeganna, segja þeim sannleikann og lækka kaupið með lögum, það er betra en að lækka það með prettum, eins og gert er, þegar gengi er fellt. En núv. ríkisstj. er orðin svo vön gengislækkunum, að þetta er eins og höfrungahlaup fyrir henni, það er bara stokkið. Svo koma þeir niður á fæturna. Þetta er orðið eins og íþrótt. Æfingin er orðin svo mikil og allt er tilbúið, og allt á að vera í góðu lagi. En svo eftir dálítinn tíma er allt komið í sama öngþveitið.

Ég talaði við einhvern mesta íhaldsmanninn í Austur-Húnavatnssýslu, þegar kaupsamningarnir voru gerðir í vor, einhvern mesta sparsemdarmanninn, einhvern mesta peningamanninn. Hann sagði: „Það er ekki til neins annað en eyða peningunum. Það endurtekur sig bara sama sagan.“ Þetta þýðir, að traustið á peningunum er horfið.

Ég er með verðstöðvun, ef hún er framkvæmd skynsamlega, og það er hálfaumingjalegt í góðæri, eins og nú er, að vera í vandræðum að leysa hlutina. Það hlýtur að vera eitthvað að. Það vantar kjarkinn til að gera það, sem þarf að gera. En spurningin er: Ef við stöðvum án þess að taka þessi 2 vísitölustig, sem á að snuða launþegana um, hvað eigum við þá að gera? Ég vil hreinlega, að ríkissjóður borgi þessi 2 stig. Og ef eigi er nægilegt fé fyrir hendi í ríkissjóði til að gera það, þá á bara að lækka fjárl., þá á að lækka útgjöldin. Það þarf bara karlmennsku til þess. Það er hver stofnun full af launamönnum, og sumar stofnanirnar má leggja niður, og öðrum má fækka í. Það má reka þjóðarbúskapinn af meiri hagsýni en gert er. Vitanlega er þetta dálítið erfitt fyrir kosningar. Þó að þið létuð það þá dragast fram yfir kosningarnar og þrifuð þá almennilega til í flórnum, en fengjuð lán hjá Seðlabankanum á meðan. Ríkið á hann. Það eru alltaf nógir peningar, þegar stjórnin þarf á þeim að halda. En það á að reka ríkisbúskapinn af meiri hagsýni. Ég held, að þjóðfélagið mundi varla riða mikið til, þó að prófessorunum væri fækkað, sem hæstv. menntmrh. er búinn að fjölga ótrúlega eða allt þetta skólakerfisbákn. Ég las það einhvers staðar, að það ætti að fara að gera þær kröfur til Kennaraskólans, að stúdentspróf væri skilyrði fyrir inngöngu. Í sannleika sagt eru stúdentar ekkert betri barnakennarar en venjulegir menn. Við höfum haft í minni sveit barnakennara, sem hefur aldrei á kennaraskóla farið, bezti barnakennari, sem við höfum haft. Með þessum reglum og réttindum, sem þessar stéttir hafa, þá er hann rekinn úr starfi. Þannig er það í okkar þjóðfélagi. Það er ekki nóg að sitja í skólum í 10—20 ár og verða svo orðinn svo uppgefinn og latur að nenna ekkert að kenna, eins og er um marga kennara við skólana, nenna ekkert að kenna og nemendurnir læra lítið hjá þeim.

Það er ekki hægt að neita því, að ríkisstj. var þessum samningum samþykk s. l. vor, sem gerðir voru við launafólkið. Það á að standa við gerða samninga. Vilji stjórnin stöðva þetta verðlag í landinu, sem nauðsynlegt er, þá eiga þeir að greiða þessi 2 stig úr ríkissjóði í bili, og búa betur og skynsamlegar. Það var launaskerðing 1968, og það áttu allir að spara, en ríkissjóður mátti ekkert spara. Það mátti ekki þrífa til í neinu húsi. Ég er enn þá töluglöggur, þó að ég sé farinn að eldast og ekki eins fljótur að reikna og ég var, en það væri velkomið, að ég ynni kauplaust í 1 eða 2 mánuði fyrir hæstv. ríkisstj., og ég skyldi finna ótal liði, sem hún gæti lækkað fjárl. á, og ég skyldi gera þetta fyrir ekki neitt, ef hún bara þyrði að framkvæma það á eftir. En ég get ekki verið að leggja fram brtt. hér um lækkanir, sem ég veit fyrirfram að verða felldar. Það eru nógar leiðir til. Góðir búmenn geta alltaf búið, en búskussar geta aldrei lifað.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það stappar nú nærri, að það taki því varla að tala um stórmál, ef þm. ekki sjá ástæðu til þess að koma í þd., en hæstv. forseti hefur nú veitt mér orðið, og er líklega rétt að halda máli sínu áfram samt sem áður.

Hv. 3. þm. Norðurl. v., sem hér talaði síðast, lét orð að því liggja, að þetta frv., sem hér er til umr., væri ekki illa samið, það væri nokkuð gott, vel samið, en grg. þó fulltorskilin og langdregin, en frv. ágætt. Þó verð ég að játa það, til þess að rangfæra ekki hans orð, að hann var ekki samþykkur öllu efni frv., t. d. ekki því, að 3 vísitölustig væru með þessu frv. augljóslega tekin af launþegum, af verkafólki, sem hann játaði, að væri alls ekki ósanngjarnast í kröfum þeirra, sem kröfur gera í þjóðfélagi okkar. En samt fannst honum sem þetta frv. væri eiginlega frekar kákl heldur en nokkur verulegur snoppungur í garð verkalýðssamtakanna. Um það atriði er ég honum ekki sammála og heldur ekki hitt, hversu listilega þetta frv. sé samið. Það verður að teljast mikið ógæfuspor, þegar hæstv. ríkisstj. færist það í fang að semja frv. og leggja fram frv. á Alþ. um málefni eins og verðstöðvun í þjóðfélaginu, sem þjóðin öll viðurkennir, að hafi verið þörf á að setja löggjöf um, fyrir ekki aðeins dögum eða vikum, heldur mánuðum síðan, og það hefði verið skylda hæstv. ríkisstj. að gera það fyrir löngu síðan, að þá skuli svo til takast, að frv. veldur ógæfu, kallar á þjóðfélagsháska, sem er líklega öllu alvarlegri en meinsemdin, sem þetta frv. á að lækna. Ég held, að frv. sé líka misheppnað að því leyti, að það læknar ekki þá meinsemd, sem því er ætlað að lækna, og hef sagt það áður. En það er ég alveg viss um, að með ákvæðunum, þar sem raskað er grundvelli samninga verkalýðshreyfingarinnar við atvinnurekendur s. l. vor, þá er stigið mikið ógæfuspor, svo mikið ógæfuspor, að ég held, að þetta frv. sé líklegra, svo listilega sem það kann að vera samið, til

þess að valda ógæfu heldur en gæfu. (Gripið fram í.) Já, það má vel vera. En það er ekki aðalatriðið í mínum augum.

Þetta er sennilega afleiðing af því, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki gert sér það ljóst, hversu alvarlegum augum verkalýðshreyfingin mundi líta á það, ef gengið væri á hinn helga samningsrétt. En það mátti þó hæstv. ríkisstj. vita, að á það væri litið alvarlegum augum. Það virðist svo sem hæstv. ráðh. hafi, og alveg sérstaklega hæstv. viðskmrh., ímyndað sér, að það yrði litið bara þarna á peningalegu hliðina, krónutöluna, sem seilzt væri eftir ofan í vasa launþeganna. En það er alveg áreiðanlegt, að þó að þarna sé um eitthvað á sjötta hundrað millj. kr. að ræða, vafalaust á 9 mánuðum, — á þeim tíma, sem frv. er ætlað að vera í gildi sem lög og það er nokkurt fé, — þá er það þó algert aukaatriði í augum verkalýðshreyfingarinnar. Aðalatriðið er það, að með þessari árás á samningsréttinn er búið að skapa fordæmi, sem kannske yrði beitt síðar á margfalt alvarlegri hátt, að því er snertir fjárupphæðir. Það er verið að gera það að engu að ganga frá samningum. Menn vita ekkert eftir þetta, ef þetta verður gert að l., hvort þeir samningar eru pappírsins virði, sem þeir eru ritaðir á. Í síðustu samningagerð var lögð höfuðáherzla á það af hendi verkalýðssamtakanna, að tryggja verðlagsbætur á kaup, og til þess að ná samkomulagi um þetta, var gengið inn á tilslakanir um það að taka vissa hluti þar út úr til þess að draga úr gagnverkunum. Og það var gert meira. Það var teygt sig langt til þess að semja um lengri tíma en verkalýðshreyfingin hafði áður gert í fullu trausti þess, að þessir samningar gætu í því góða árferði, sem ríkti, haldið gildi sínu. Og það óraði engan fyrir því, að á ekki hálfnuðu samningstímabili yrði það ríkisvaldið, sem gripi inn í og rifti samningunum. Af þessum ástæðum, sem ég nú hef greint, er þetta mjög alvarlegt mál, einkum sem fordæmi í framtíðinni.

Menn tala um það og velta því fyrir sér, hvort þessi verknaður ríkisvaldsins kunni að standast, t. d. fyrir félagsdómi. Hvað sem um það er að segja, þá er það víst, að tveir aðilar, sem gera á milli sín samning og undirrita hann, teljast tvímælalaust lausir af þeirri samningagjörð, ef stafkrók, þótt ekki sé nema stafkrók, er breytt í samningnum, eftir að hann hefur verið undirritaður. Við getum tekið sem dæmi sölusamning um húseign, sem tilgreindi ákveðna fjárupphæð sem gjald fyrir húseignina, og slíkur samningur væri staðfestur af báðum aðilum. Væri tölunni breytt, kemur ekki til mála annað en báðir samningsaðilar teldu sig lausa af samningsgerðinni, hvort sem það væri mikil eða lítil breyting á hinni umsömdu tölu. Þetta er stórt atriði, og þetta er fordæmt sem glæpsamlegt athæfi af einstaklingunum, af borgurunum í lýðræðisþjóðfélagi. Það má vel vera, að löggjafinn geti í skjóli þess, að hann er æðsta vald þjóðfélagsins, löggjafarvaldið, gert það, sem talið er glæpsamlegt af einstaklingnum. Þó að það sé hægt að setja slík lög, þá er alveg víst, að lögfylgjum af þeim verknaði verður ríkisvaldið og löggjafinn sjálfur að taka, og þar mundi engin staðfesting dómstóls duga. Það fer jafnan svo, að ef löggjöf styðst ekki við siðferðilegan grundvöll, þá er slík löggjöf brotin niður, hún verður ekki framkvæmd og hún verður brotin niður fyrr eða síðar, því að löggjöf, sem ekki styðst við móralskan grundvöll, eru ólög. Ég spyr: Getur hæstv. ríkisstj. ekki fundið neinar leiðir til þess að ráða við verðbólguvandann á annan hátt en kalla yfir sig þann voða, að allir samningar í landinu verði lausir og barátta í algleymingi hefjist um launamálin öll í landinu? Ég trúi því ekki, að hæstv. ríkisstj. sjái ekki, hversu alvarlegt þetta er og hversu þessi 3 vísitölustig, sem við teljum samningana alveg sérstaklega brotna á okkur með að taka í burtu, sjá ekki, að þetta borgar sig ekki. Þetta er óskynsamlegt, auk þess sem það felur ekkert réttlæti í sér.

Hæstv. viðskmrh. komst í þeirri stemningarræðu, sem hann hélt hér við 1. umr., að þeirri niðurstöðu, að það væri síður en svo kjaraskerðing í þessu frv., það væru bara kjarabætur. Hann sagði, að hann væri svo lukkulegur yfir því að eiga hlut að flutningi þess, því að þetta væri svo réttlátt og sanngjarnt. Já, það hefur verið sagt: „Illt er þeirra ranglæti, en enn verra er þeirra réttlæti.“ Sanngirnin er svo ekki betri, ef þetta er réttlæti þeirra og sanngirni í garð launastéttanna og verkalýðssamtakanna. Ég heiti á hæstv. ríkisstj. að hugleiða betur, áður en hún knýr þetta frv. gegnum Alþ., hvort hún er ekki að leiða ógæfu yfir þjóðina með því að knýja þessi ákvæði fram, sem verkalýðshreyfingin metur sem samningsrof, og hvort hún getur ekki fundið neinar leiðir til þess, að tilgangi frv. geti verið náð án þessa. Ég trúi því ekki, að það sé ekki fært. Ég trúi því ekki, að þessi 3 vísitölustig valdi örlögum um það og sé einasta færa leiðin til þess að hemja verðbólgu og dýrtíð í landinu. En það að gera þetta, er allt of dýru verði keypt. Hæstv. ríkisstj. fékk aðvörun um þetta, löngu áður en frv. var lagt fram. Það var 11. okt. í haust, sem þær viðræður fóru, eftir því sem ég bezt veit, fram í kyrrð og ró og með röksemdum á báðar hliðar, og var í upphafi þeirrar ályktunar, sem Alþýðusambandið sendi þá frá sér, varað við því mjög eindregið að beita lögþvingunum í sambandi við lausn þessara mála. Þar með hefði hæstv. ríkisstj. mátt skilja það, að í þessu fólst ekki hótun, heldur aðvörun, alvarleg aðvörun. En það var farið fram á yfirlýsingu um það, að í aðgerðunum væntanlegu yrði ekki beitt lögþvingunum og samningar verkalýðshreyfingarinnar ekki skertir. En þá vaknaði strax uggur í röðum verkalýðshreyfingarinnar, því að hæstv. ríkisstj. fékkst ekki til að gefa yfirlýsingu um það í viðræðunum, að út á þessar brautir yrði ekki farið. Það hefði farið betur, að hún hefði séð sér fært að gefa slíka yfirlýsingu og reyna þannig að laða öfl þjóðfélagsins saman um lausn þeirra vandamála, sem við er hér að glíma og sem verkalýðshreyfingin mundi vilja ekki síður en önnur öfl þjóðfélagsins, þjóðholl öfl, eiga hlut að að leysa farsællega.

Það er fjarri því, að launþegasamtökin í landinu, og þá á ég ekki aðeins við verkalýðssamtökin, fallist á þá skoðun hæstv. viðskmrh., að hér sé um kjarabætur að ræða eða réttláta og sanngjarna lausn. Það dríía nú að samþykktir launþegasamtaka, sem eru mjög efnislega samhljóða þeim niðurstöðum, sem miðstjórn Alþýðusambands Íslands hefur komizt að. T. d. hefur Bandalag starfsmanna ríkis og bæja þann 12. þ. m., þ. e. í dag, gert ályktun um málið og lýsir algerri andstöðu við þetta frv. Það telur, að í því felist aðeins skammtímaráðstafanir, en þær auki á misrétti í þjóðfélaginu og viðhaldi jafnvægisleysi efnahagslífsins. Þar er sagt, að aðeins með samræmdum heildaraðgerðum sé nokkur von til þess að ráða niðurlögum verðbólgunnar, en hún sé þjóðarböl. Það fer ekkert á milli mála, að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja telur jafnvel, að rofin séu grið á þeim samtökum og réttur þeirra skertur. Önnur launþegasamtök, Starfsmannafélag ríkisstofnana, eru ekki myrk í máli í ályktun sinni, og þar er alveg, eins og að því er Alþýðusamband Íslands varðar, staðhæft, að brotnir séu á þeim samningar og loforð svikin, sem ríkisvaldið hafi gefið þeim samtökum. Þetta bréf er stutt og er því heillegast að lesa það frá upphafi til enda, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn Starfsmannafélags ríkisstofnana mótmælir harðlega því ákvæði í frv. til laga um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis, sem nú liggur fyrir Alþ., þar sem gert er ráð fyrir röskun á útreikningi vísitölu framfærslukostnaðar. Stjórnin bendir á, að samkv. samningi kjararáðs og fjmrh. frá 22. júní skuldbatt ráðh. sig fyrir hönd ríkissjóðs til þess að breyta launum í hlutfalli við hækkanir á vísitölu framfærslukostnaðar, eins og hún var þá reiknuð. Með þessu ákvæði frv. gengst ríkisstj. fyrir því, að veigamiklar breytingar verði gerðar á umræddum samningi. Stjórn Starfsmannafélags ríkisstofnana telur því, að verði ofangreint ákvæði umræddsfrv. að lögum, hafi ríkisstj. þar með brotið fyrrnefndan samning um laun ríkisstarfsmanna."

Síðan málið var hér til 1. umr., hefur miðstjórn Alþýðusambandsins einnig komið saman til fundar og rætt þetta frv. efnislega og tekið afstöðu til þess í allýtarlegri ályktun, sem þegar í stað var send hæstv. forsrh. og strax á eftir send fjhn. d. Þar er í einum 3—4 atriðum mótmælt efnisþáttum þessa frv. Það er í fyrsta lagi mótmælt þeim atriðum í frv., sem hagga vísitölugrundvelli og skerða grundvöllinn um 1—2 vísitölustig, þ. e. a. s. 3 vísitölustig, og færa tímamörkin fyrir því, að launafólkið fái verðlagsbætur, á mun óhagstæðari tíma en samningar kveða á um. Þetta er það fyrsta. Í öðru lagi telur miðstjórnin, að grundvelli samninganna frá 19. júní s. l. sé í brott kippt, og eigi þeir því að falla úr gildi, þ. e. a. s. öll kaupgjaldsákvæði þeirra, ef frv.-ákvæðin verða lögfest. Sem afleiðingu af þessu hvetur miðstjórnin öll sambandsfélög til að tilkynna viðsemjendum sínum, að þau muni krefjast nýrra kjarasamninga, þar sem þessir verði að teljast lausir, ef skerðingarákvæði frv. koma til framkvæmda. Þá er það í fjórða lagi álit miðstjórnarinnar, að það sé unnt eftir þeim leiðum, sem bent er á í samþykkt miðstjórnar frá 11. okt., að stöðva verðbólguþróunina, án þess að grípa þurfi til lögþvingunar eða breytinga á gerðum og gildum kjarasamningum verkalýðsfélaganna. Þeim leiðum, sem þar var bent á, hefur áður verið lýst hér, og skal ég ekki tímans vegna endurtaka það, en þar var á ýtarlegan hátt fjallað um, hvaða aðferðum verkalýðshreyfingin teldi, að bæri að beita til þess að hamla gegn dýrtíðarþróuninni án þess að beita lögþvingunum eða skerða samninga verkalýðsfélaganna í launamálum. Í niðurlagi ályktunarinnar er því slegið föstu, að frjáls samningsréttur verkalýðshreyfingarinnar sé þverbrotinn með framangreindum ákvæðum, ef frv. verður að lögum, og sé tvísýnt um framtíð samningsréttarins, ef slík aðför tekst í þetta sinn, á þann hátt, að ógilding lögmætra samninga nái fram að ganga. Afleiðingarnar af því, ef þetta gerist, telur miðstjórnin vera, að það verði ekki hægt að semja nema til fárra mánaða, til örskamms tíma, sem áreiðanlega er óhagkvæmt, bæði atvinnurekendum og verkafólki, ef annað er mögulegt, og síðast sömdu menn til 1½ árs í trausti þess, að hægt væri þá að fá samninga virta og gildi þeirra varðveitt og óskert það tímabil.

Ég held, að í þessari ályktun miðstjórnarinnar felist engar öfgar, aðeins er bent á það, hversu alvarlega verkalýðshreyfingin lítur á þá árás, sem í frv. felst, á samningsréttinn fyrst og fremst, ekki aðeins nú, heldur einnig að því er framtíðina varðar. Það er áreiðanlega eitt af því versta, sem gerzt getur í okkar þjóðfélagi nú, ef ný kaupgjaldsbaráttuskriða fer af stað, og þó er ekkert líklegra en það verði afleiðingin. Við skulum líta að öðru leyti á, hvernig sakirnar standa.

Á það var minnzt hér áðan, að það væru allar líkur til þess, að sjómenn eigi í kjarabaráttu, nú þegar líður á haustið, og sú barátta getur verið hörð og leiðir varla til annars en hækkaðs fiskverðs og breyttra hlutaskipta á ný eitthvað í líkingu við það, sem gilti, áður en gripið var inn í hlutaskiptasamninga sjómanna með löggjöf, löggjöf sem er þess eðlis, að sjómannastéttin fæst ekki til þess að una henni og er ráðin í því, að því er mér skilst, að hefja baráttu gegn og fá sinn fyrri rétt til baka. En annað kemur og til, sem mun gera það líklegt, að ef samningar verkafólksins verða lausir núna, t. d. 10. þessa mánaðar eða í byrjun næsta mánaðar, rétt í þann mund, sem það verður opinbert, að ríkisstj. stendur að samningum við embættismannakerfið í landinu, sem gefur ekki embættismönnunum minni kjarabætur í viðbót við það, sem embættismannastéttirnar hafa fengið síðan í vor, heldur en kannske 25—30% í launahækkun. Þegar það kemur til með að blasa við og samningar verða taldir lausir af verkalýðshreyfingunni, þá er enginn vafi á því, að þar verður þung launaskriða farin af stað, svo þung, að ég býst við, að hæstv. ríkisstj. fái að kenna illilega á því. En það er hún, sem hefur opnað flóðgáttirnar og hleypt þessu af stað, ef þetta

verður. Það er því ekki nema maklegt, að hún hitti sjálfa sig fyrir. En það getur kostað þjóðina mikið.

Ég held, að hæstv. ríkisstj. eigi að gefa sér nú tóm a. m. k. fram á helgina til þess að athuga það, hvort hún geti ekki fallizt á að nema í burtu það, sem ólgunni veldur hjá launþegasamtökunum, úr þessu frv., án þess að það missi af þeim tilgangi, sem hæstv. ríkisstj. ætlar frv. að ná. Annað er óskynsamlegt, að þvinga þetta frv. fram gegn öllum þeim mótmælum, sem fram eru komin, og þeim aðvörunum, sem ríkisstj. hafa borizt bæði fyrr og nú. Það er óskynsamlegt og háskalegt, og hæstv. ríkisstj. mundi ekki minnka í áliti þjóðarinnar fyrir það, þó hún sæi að sér núna, meðan Alþ. er með málið til meðferðar. Ég held, að þegar líkt stóð á eins og nú, og ríkisstj. Ólafs heitins Thors hafði staðið að stórfelldum launahækkunum hjá embættismannakerfinu, en á sama tíma átti að lögbinda, fjötra fast laun hinna lægst launuðu í verkalýðssamtökunum, þá var slík ólga og alda að rísa gegn þeirri lagasetningu, að ógæfan blasti við. Og það er síður en svo, að Ólafur heitinn Thors hafi minnkað við það, þegar hann gekk í það mál við síðustu umr. í seinni deild að kippa frv. til baka og leita samkomulags um lausn. En hann hafði stjórnhyggindi og sveigjanleik til þess að gera þetta og væri betur, að stjórnarherrarnir vitnuðu til síns gamla látna foringja, sem svo farsællega leysti mál á örlagastundu.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég þarf ekki mikið að lengja þessar umr., sem nú hafa farið fram. Ég vil aðeins segja það, að margur hefði getað sparað sér stóryrðin hér í ræðustólnum og ekki minnkað af. Það eru nokkuð stór orð að tala um glæpsamlegt athæfi ríkisstj. í þessu sambandi, og þetta hefði hv. 9. þm. Reykv. vel getað sparað sér. Ræða hv. 9. þm. Reykv. var hótun á hótun ofan. Þeir ráða því náttúrlega sjálfir, hvaða hátterni þeir temja sér og skal ég ekki víkja frekar að því.

Ég vil hins vegar segja það, að hann talar um það, að lögfylgjum verði ríkisstj. að taka. Lögfylgjum er ríkisstj. reiðubúin að taka af sínum gerðum, bæði í þessu máli og öllum öðrum, en um leið og hv. þm. segir, að lögfylgjum verði ríkisvaldið að taka, þá segir hann: „Staðfesting dómstóla gagnar hér ekki neitt." Ég hef heyrt talað um lögfylgjur í einhverri annarri merkingu og skilið þær í einhverri annarri merkingu en hv. þm.

Það er rétt, að það var talað í viðræðunefnd ríkisstj. við aðila vinnumarkaðarins, og þá út af fyrir sig fulltrúa launþeganna, um ályktun miðstjórnar Alþýðusambandsins frá 11. okt., þar sem farið var fram á yfirlýsingu um, að engum lögþvingunum yrði beitt. Við ræddum þetta efnislega þá og ég sagði: „Hvað eru lögþvinganir? — Hvað eru lögþvinganir? Ef lög eru sett af Alþ., sem óneitanlega bæta hag launþega miðað við þá samningsaðstöðu, sem þeir hafa sjálfir skapað sér fyrir nokkru, — og sleppum alveg, hvaða rök kynnu að liggja til þess, en það þyrfti þó að setja lög til þess, — tvímælalaust og með skilningi allra þannig að bæta hag þeirra, — er þetta þá lögþvingun?" Ég sagði við fulltrúana, að ég skildi ekki slíkt, að það væri lögþvingun, og við gátum því ekki af ýmsum ástæðum gefið þá yfirlýsingu fyrirfram, sem óskað var eftir, og skiptir ekki máli að rekja það frekar.

Hannibal Valdimarsson, hv. 9. þm. Reykv., minnti á kjarabaráttu sjómanna, sem framundan er. Ég vil aðeins af þessu gefna tilefni segja það, að ég tel, að sjómenn mundu standa ótvírætt betur að vígi í sinni kjarabaráttu, sem framundan er, einmitt að þeim ráðstöfunum lögfestum, sem hér er um að ræða, tvímælalaust. Það er alveg óyggjandi, að það styrkir og bætir aðstöðu útvegsins eins og annarra atvinnugreina, þær ráðstafanir, sem hér eru gerðar og munu leiða til atvinnuöryggis í landinu. Það er mergurinn málsins.

Vegna þess að hv. 9. þm. Reykv. var með í höndunum hér bréf Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og rýndi í það og vitnaði í sitthvað úr því, en fann ekki það, sem hann var að leita að, þá ætlaði ég að lesa bréfið upp í heild, því að hann sagði, að það kæmi fram í þessu bréfi, að þessir aðilar teldu rofin grið á sér. Það var það, sem hann vildi, að stæði í þessu bréfi, en það er bara ekki í bréfinu. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa þetta bréf, en það hljóðar svo:

„Á fundi stjórnar B.S.R.B. í gær var rætt um frv. til laga um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis, og að loknum umr. var samþ. eftirfarandi till.: Vegna frv. ríkisstj. um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis ályktar stjórn B.S.R.B.: Almenningur er löngu þreyttur á síendurteknum bráðabirgðaráðstöfunum í dýrtíðarmálum. Stjórn B.S.R.B. skorar því á Alþ. að grípa nú til nýrra úrræða til þess að stöðva verðbólguþróunina. Stjórnin telur þær aðgerðir, sem frv. gerir ráð fyrir, alls ófullnægjandi til þess að leysa sjálfan vandann, að stöðva verðbólguna. Aðgerðirnar eru með sama marki brenndar og allar dýrtíðarráðstafanir frá lokum síðari heimsstyrjaldar, þær eru bráðabirgðaúrræði. Þær eru algerlega á kostnað launþega, en árangurslausar sem frambúðarlausn. Stjórn B.S.R.B. gerir það að till. sinni, að allar peningalegar tilfærslur, skuldir og innistæður, laun og vextir, verði tengdar réttri vísitölu, en gengið gefið að mestu leyti frjálst. Takmarkaðar skammtímaráðstafanir auka aðeins á misréttið í þjóðfélaginu og viðhalda jafnvægisleysi efnahagslífsins. Aðeins með samræmdum heildaraðgerðum er von til að ráða niðurlögum verðbólgunnar, en hún er þjóðarböl. Í stað endurtekinna bráðabirgðaráðstafana verða að koma aðgerðir, sem koma á jafnvægi, jafnvel þótt þær skaði stundarhagsmuni einhverra."

Þannig lýkur þessu bréfi. Það, sem felst í þessu bréfi, er það, að B.S.R.B. vill, að nú þegar sé gripið til einhverra úrræða, varanlegra úrræða, en ekki bráðabirgðaúrræða eða skammtímaráðstafana, eins og þeir segja. Augljóst mál er, að það mundi taka sinn tíma. Hitt er svo annað mál, og það hafa

ýmsir vikið að því, að það væri eðlilegt, að sá verðstöðvunartími, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, eða 9 mánuðir, verði notaður bæði af stjórn og stjórnarandstöðu, aðilum vinnumarkaðarins og öðrum, sem hér eiga hlut að máli, til þess að finna varanlegri úrræði eða viðnám eða aðgerðir, þegar þessum tímabundnu ráðstöfunum lýkur. Stjórn B.S.R.B. gerir það að sinni till., eins og stendur í bréfinu, að allar peningalegar tilfærslur, skuldir og innstæður, laun og vextir, verði tengdar réttri vísitölu og gengið gefið að mestu leyti frjálst. Það er ábending um allveigamiklar aðgerðir, og það er auðvitað sjálfsagt að reyna að gera sér grein fyrir, hvað í þessu felst og hvað meint er með þessu og hvort hér kunni að vera fólgið eitthvert lausnarorð til varanlegra ráðstafana. Mér þykir ekki nema vænt um að fá ábendingar eins og þessar frá B.S.R.B., en ég sé ekki og finn hvergi, að þeir segi í þessu bréfi, að það hafi verið rofin nein grið á þeim, sem samsvari því, að það hafi verið skertur einhver samningsréttur þeirra, sem hér hefur aðallega verið talað um.

Þá kem ég að því, sem aðallega hefur verið rætt um og nær eingöngu var í ræðu hv. 9. þm. Reykv., að það væri í sjálfu sér ekki frv. efnislega, verðstöðvun eða hvernig hún væri, eða peningalegar ráðstafanir í sambandi við þetta, sem skipti máli, það væri allt saman aukaatriði, nema bara að hinn helgi samningsréttur væri skertur. Það væri kippt grundvellinum undan samningunum í vor með þessum ráðstöfunum. Þetta skil ég ekki, og ég hef þess vegna sagt hér áður, að ég telji mótmæli, sem á þessum forsendum eru reist, bæði af hálfu Alþýðusambandsstjórnarinnar og Dagsbrúnar, sem þá lágu fyrir, á misskilningi byggð. Ég tel ekki, að grundvellinum sé kippt undan samningunum, og ég tel ekki, að í þessum ráðstöfunum felist neinar árásir á launþega, láglaunamenn eða aðra. Skoðun mín er sú, að grundvöllurinn undir samningunum í vor hafi verið sá að tryggja kaupmátt launanna. Megináherzlan var lögð á, eins og hv. 9. þm. Reykv. sagði, að tryggja verðlagsbætur á kaup, en hvað er að tryggja verðlagsbætur á kaup, nema það að kaupmátturinn haldist, að kaupmáttur launanna skerðist ekki? Það var grundvöllur þessara launasamninga. Því hefur hv. 9. þm. Reykv. sjálfur lýst hér yfir, og það hefur komið fram í ræðum hv. 4. þm. Austf. og reyndar fleiri, að þetta sé meginkjarni málsins. Hv. 4. þm. Austf. sagði einmitt, að þegar 6 vísitölustigin, sem við höfum rætt hér um, sem ég ætla ekki að gera nú að neinu deiluefni, hurfu burt með brbl. 1956, þá hafi það verið aðalatriðið og ráðið afstöðu launafólksins, hvernig málið kæmi út kaupmáttarlega, og þarna erum við alveg á sama máli. Það er kjarni málsins, hvernig málið kemur kaupmáttarlega út. Við höfum lagt fram gögn í viðræðum við fulltrúa launþeganna, sem að beztu manna yfirsýn, — það hefur í raun og veru hvorki verið gagnrýnt né vefengt, að rétt væri, — hníga að því, að kaupmáttargildið minnki ekki, haldist með þeim ráðstöfunum, sem nú eru, miðað við það, sem ella hefði verið. Það var gert ráð fyrir, eins og hv. 4. þm. Austf. sagði, að kaupmáttaraukningin væri, eins og hann nefndi það, 14—17% og við teljum líka, að kaupmáttaraukningin með þessum ráðstöfunum verði 14—17%, eftir því hvort miðað er við maí eða júní, sem ég hef áður sagt, að menn geti kannske deilt um, frá hvaða tíma bæri að telja og sem ekki skiptir máli í þessu sambandi, en það munar atvinnuvegina anzi miklu, hvort þeir eiga að borga kauphækkun, sem er almennt talin núna 26.5%, eða eftir þeim útreikningum, sem fyrir lágu, mundi sennilega vera nálægt 40% og þó ekki með auknum kaupmætti á næsta sumri. M. ö. o. gefur næstum því 40% hækkun í kaupi að krónutali launþeganum ekki meiri kaupmátt en 26.5% gerir með þessum ráðstöfunum. En það lítur hins vegar allt öðru vísi út fyrir atvinnurekstrinum, sem á að borga í öðru tilfellinu 26.5% hækkun launa frá því, sem var í maí í vor, eða upp undir 40% og það er að þessu, sem þessar ráðstafanir stefna, að atvinnuörygginu, því að hitt rekur í strand. Útflutningsatvinnuvegirnir þola ekki þessa miklu kauphækkun, hvorki í sjávarútvegi eða iðnaði, sem er að færa sig þar upp á skaftið. Það er þess vegna ekki aðeins það, að kaupmáttargildið verður jafnmikið hjá launamönnum eftir þessar ráðstafanir, heldur kemur til viðbótar, sem launþeginn hafði ekki með samningunum í vor, atvinnuöryggið, sem hann fær með þessum ráðstöfunum. Það getur hann reiknað sér til tekna, og sumir launþegar, veit ég a. m. k., telja það ekki minna virði en krónutöluna í kaupinu, þegar verið er að semja um hana eða prósentuhækkunina.

Auðvitað þykir mér sárt, að slíkar samþykktir hafa verið gerðar, eins og vitnað hefur verið til hér og mér hafa borizt frá Alþýðusambandinu og öðrum starfsmannasamtökum, en ég get ekki sagt við þau annað en það, sem ég hef nú verið að túlka, að ég tel þessar ályktanir byggðar á misskilningi, og ég er að vona, að þessir aðilar, sem hér eiga hlut að máli, og allur almenningur í landinu átti sig á því, að þessar ályktanir eru ekki á réttum forsendum reistar. Komi til þess, að menn vilji rjúfa samninga og telji sér það heimilt vegna þessara aðgerða, þá vísa ég á bug ásökunum um það, að ríkisstj. eigi þar sök. Þar verða menn að horfa í eigið brjóst, þeir sem að því standa.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það eru sjálfsagt einhverjar töfraformúlur í þessu frv., sem hvorki hefur tekizt að skýra með texta frv. sjálfs né hinni óralöngu grg., sem því fylgir, en inntak þessarar töfraformúlu á, eftir því sem hæstv. forsrh. segir, að vera það, að tryggður er aukinn kaupmáttur með því að halda 26% hækkun launa í krónutölu móts við það, sem hefði orðið, ef launin hefðu hækkað um 40%. Þá hefði kaupmátturinn orðið minni, segir hæstv. forsrh., og það hlýtur að gerast við eitthvað af efnisatriðum frv. Hvernig gerist þetta? Er ekki hægt að fá það útskýrt, hvernig það gerist við efni þessa frv. að tryggja kaupmáttinn með 26% krónulegri launahækkun, peninga-

legri launahækkun, móts við 40% launahækkun, sem ella hefði orðið? Það er máttugur launaskatturinn og niðurgreiðslurnar, ef það skilar svona auknum kaupmætti. Þetta er það, sem við höfum ekki getað lesið út úr frv., og við höfum lesið frv. ofan í kjölinn, stjórn hvers verkalýðsfélags út af fyrir sig, stjórn Alþýðusambandsins út af fyrir sig, skipuð mönnum bæði úr stjórnarliði og stjórnarandstöðuliði og allir orðið sammála um, að þeim bæri að vega og meta innihald frv. öfgalaust lið fyrir lið. Og ég veit ekki annað heldur en það komi fram í okkar ályktunum, að við erum ekkert að afflytja efni frv. Við segjum nákvæmlega lið fyrir lið, hver við teljum efnisatriði frv. vera og lýsum afstöðu okkar til þeirra hvers og eins. Og þótt hæstv. ríkisstj. fáist ekki til þess að skilja það, þá er þetta einróma afstaða launþegasamtaka, innan Alþýðusambandsins og utan þess, eftir því sem vitnisburðir nú berast um. Og enginn þarna getur skilið þennan fagnaðarboðskap, sem hæstv. forsrh. og hæstv. viðskmrh. boða, anzi borubrattir, að þetta séu kjarabætur, en ekki skerðing kjara. Ég er afar hræddur um það, að það sé dálítið af misskilningi hjá þeim sjálfum.

Það er ekki auðvelt að koma fram með gyllingar í sambandi við þetta, ekki heldur með því að segja: „Svo kemur öryggi atvinnulífsins í viðbót, og það vilja a. m. k. einhverjir meta.“ Slíkt metur verkalýðsstéttin mikils, ef hún hefur einhverja tryggingu fyrir því, að það væri annað en gyllingar. Aukið atvinnuöryggi er okkur sannarlega mikils virði. En ég sé ekkert í þessu frv., sem tryggi atvinnuöryggi, þótt það heiti svo, það er í fyrirsögninni.

Ég lofaði að vera stuttorður, og það skal ég efna. Hæstv. ráðh. taldi, að ástæðan til þess, að ég las ekki allt bréf B. S. R. B., hafi verið sú, að ég fann þar ekki það, sem ég leitaði að, einhverja fordæmingu á frv. Nei, mér þótti bréfið nokkuð langt til þess að lesa það allt og vitnaði í nokkur atriði í niðurlagi þess, það, sem ég taldi vera meginefnið. En það, sem kom í ljós við lestur hæstv. forsrh. á bréfinu, eru andmæli gegn frv. Þar segir, að í frv. séu bráðabirgðaúrræði nær algerlega á kostnað launþega, nær algerlega á kostnað launþega. Það er alveg nákvæmlega hið sama og ég hef komizt að niðurstöðu um. Ég sagði, að eini ljósi díllinn á frv. væru fjölskyldubæturnar. Þessi samtök segja, að ákvæði frv. séu nær algerlega á kostnað launþega. Skilur hæstv. forsrh. þessa setningu sem kjarabætur, viðurkenningu á, að það séu kjarabætur? Nei, hann getur ekki gert það, hann getur ekki gert það. Flest öll ákvæði þessa frv. eru á kostnað launþega, segir B. S. R. B., það eru engar langtímaráðstafanir í þessu. Þetta er allt saman sama krukkið og við höfum þekkt áður, segir í næstu málsgrein, eykur aðeins á misréttið í þjóðfélaginu. Er þetta ekki nógu harður dómur um frv.? „Þetta frv. eykur á misréttið í þjóðfélaginu,“ segir þarna orðrétt, „og verður ekki til þess að afstýra verðbólgunni, sem er þjóðarböl.“ Ég held, að þetta falli nokkurn veginn í þráð við þær umr., sem hér hafa orðið, og það er ekki til neins fyrir hæstv. forsrh. að koma með þetta sem innlegg með sínum málstað eða málstað viðskmrh. Þetta er gagnstætt þeirra málstað.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. gat þess áðan og endurtók það, sem bæði hann og viðskmrh. hafa áður sagt, að það verði ekki skertur kaupmáttur launanna með þessum ráðstöfunum. Mér finnst þetta mjög merkileg tíðindi og ekkert hégómamál, ef þetta er svona í raun og veru, þó að þurrkuð verði út 3 vísitölustig kaupgjaldsvísitölunnar, bótalaust fyrir launþega, þá verði samt ekki skertur kaupmáttur launanna. Og ef svo er, þá þykir mér merkilegt, að hæstv. ríkisstj. í allri þessari verðbólgu á undanförnum 10 árum skuli aldrei hafa gripið til þessa „þjóðráðs“ fyrr. En ég vil spyrja hæstv. ráðh. og ætla ekki að lengja þessar umr. að öðru leyti: Verður þá sami kaupmáttur launanna 1. des. eins og hann var 1. sept.? Hér gagnar ekkert að miða við maí, því að þá var ekki búið að semja um kaup. Ég skal endurtaka spurninguna: Verður sami kaupmáttur launanna 1. des. eins og 1. sept.?

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Það er öllum kunnugt, að verkalýðshreyfingin hefur út af fyrir sig ekki keppt að því að fá svo og svo margar krónur í tímakaup, mánaðarkaup eða annað kaup fyrir sitt félagsfólk, ef þau verðmæti, sem við fengjum fyrir þetta kaup, verða ekki að sama skapi meiri. Kaupmátturinn er að sjálfsögðu höfuðatriðið. Það er aldeilis rétt, sem hæstv. forsrh. hér tók fram áðan. Um þetta getum við sjálfsagt verið sammála. En það er í rauninni aldeilis þýðingarlaust fyrir menn að vera að ræða saman, þegar annar segir, að með þessu frv. fylgi óbein kjarabót, en hinn segir, að það sé kjaraskerðing. Ég held, að það sé augljóst, að hér verður hvor að hafa sitt. Það þýða held ég ekki öllu meiri rökræður um málið. Sú spurning, sem borin var fram af hv. síðasta ræðumanni, er ákaflega eðlileg og fróðlegt verður að fá svar við henni, sannarlega fróðlegt.

Hæstv. forsrh. segir, að allar mótmælaályktanir gegn þessu frv. séu byggðar á misskilningi á efni frv. Ég held, að það sé engan veginn rétt, jafnvel þótt hæstv. ráðh. hafi þessa skoðun, að þeir menn, sem fjallað hafa um þetta frv. og staðið að mótmælasamþykktum, lesi frv. svona rangt. Þau efnisatriði, sem við höfum mótmælt, eru tekin upp svo til orðrétt úr frv., og það eru þau, sem við erum að mótmæla. Þar er málið ekki afflutt, ekki nokkurn hlut, og á grundvelli afstöðu til þessara efnisatriða eru mótmælin mörkuð. Og það liggur fyrir nú, að æðsta stjórn verkalýðssamtakanna á Íslandi hefur markað stefnu sína í þessum efnum og telur, að með samþykkt þessa frv. séu úr gildi forsendur þeirra samninga, sem síðast voru gerðir, og að verkalýðsfélögin séu ekki bundin af kaupgjaldsákvæðum þeirra. Menn geta velt vöngum yfir því, hvort þetta sé löglega hægt eða ekki. Menn geta hlaupið í hin og þessi skjól. En ef þetta verður almenn skoðun verkalýðshreyfingarinnar í landinu, þá duga slík

skjól ekki neitt, ekki nokkurn skapaðan hlut. Hér verður aldrei neitt að lögum í þessu landi, sem brýtur algerlega í bága við siðferðisvitund almennings í landinu. Það er það, sem úr sker.

Það er aldeilis rétt hjá hæstv. forsrh., að kaupmáttur launanna þarf ekki að verða meiri, þótt kaupið hækki frá 26.5 og upp í 40%, vegna þess að alveg eins í framhaldinu og hingað til er það verðlagið, sem er orsökin, það er verðlagið sjálft, sem er orsökin. Ef verðlagið verður látið fara þetta gönuskeið áfram, þá fáum við ekkert meira fyrir kaupið, sem við fáum í hendur, fáum ekki meira vörumagn. Út af fyrir sig eru allir sammála um það, að þessa óheillaþróun þurfi að stöðva. Um það höfum við Alþb.-menn a. m. k. flutt till. En spurningin er, hvernig eigi að gera það. Og um það erum við a. m. k. ekki sammála núna, og ef haldið verður áfram á þeirri braut, sem mörkuð er með þessu frv., þá þurfa menn ekki að halda, að málinu sé lokið. Ekki ætla ég að fara að nefna hér neinar dagsetningar, en það er áreiðanlega ekkert betra að vera í þeirri óvissu um öll samningamál í landinu varðandi kaupgjaldsatriðin, sem hlýtur að skapast, ef þetta frv. verður samþ. óbreytt, eins og það liggur nú fyrir, heldur en hitt.

Ég verð nú að taka undir orð hv. þm. hér í dag. Þessi 2 stig eru í raun og veru svo lítill hlutur til þess að koma slíkum ófriði af stað, en þetta er miklu meira, kannske prinsippmál, það er ekki neinum ósköpum, sem munar í fjármunum. En ef verkalýðshreyfingin lætur á þennan hátt troða ávallt á rétti sínum, þá geta menn ósköp vel séð, hvar það endar, og það ætlar hún ekki að gera. Þess vegna er það ekki hollt ástand fyrir efnahagslífið í landinu eða þróun efnahagsmálanna yfirleitt, að annar aðilinn á vinnumarkaðinum sitji um tækifæri, fullur hefndarhugar, að ná fram hefndum, það er ekki hollt ástand.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það er nú sérstaklega út af orðum hv. síðasta ræðumanns, að ég kveð mér hljóðs við þessa umr., kannske sérstaklega vegna þess, að mín er sérstök ánægjan, að siðferðisvitund hans hefur vaxið svo á 14 árum, sem kemur í ljós í orðum hans, þegar hann og reyndar fleiri hv. þm. telja, að með þessari löggjöf sé verið að ráðast þannig gagnvart verkalýðshreyfingunni, að ekki aðeins hafi aldrei slíkt áður verið gert, heldur sé það slíkt víti, að til varnaðar megi verða, og herör skuli upp skorin samkvæmt ósk þeirra, sem að þessum samþykktum hafa staðið, sem birtar hafa verið.

Það hefur nokkuð verið minnzt á árið 1956. Þessi hv. síðasti ræðumaður hefur m. a. gefið ákaflega glögga og rétta skýringu á því, sem þar fór fram, en hann auðvitað gleymdi því, sem auðvitað er grundvallaratriði, var grundvallaratriði þá og er nú, og það er, að samningsrétturinn er hjá hverju einu stéttarfélagi í þessu landi. Árið 1956 hafði skapazt pólitísk samstaða innan svokallaðs Alþb., meðal allra forystumanna verkalýðsins hér á landi. Það var kallað til þeirra, en ekki til stéttarfélaganna sjálfra eða almennra funda, sem hafa með samningsréttinn að gera, til þess að samþykkja það, sem vinstristjórnin lét gera í sambandi við frestun vísitölunnar og loforð um greiðslu síðar, sem reyndar var svikið. Og ég get vel skilið þá menn, sem studdu þá stjórn á sínum tíma, að þeir óttist það, að núv. ríkisstj. muni ekki standa við greiðslu þeirra 2 vísitölustiga, sem nú er talað um að fresta fram á næsta ár, að þau muni ekki verða greidd þá, vegna þess að þeir hafa fordæmi fyrir sér í þeim svikum, sem þá urðu í sambandi við vísitölustigin frá 1956.

Ég held, að það sé rétt, sem kom fram hjá síðasta ræðumanni og reyndar hefur verið margundirstrikað af hæstv. forsrh., að auðvitað er það kaupmátturinn, sem er aðalatriðið. Það er ekki nokkur vafi á því. Ef ríkisstj. og sérfræðingar hennar og um leið stuðningsflokkar ríkisstj. hér á Alþ. telja, að þetta sé rétta leiðin, þá auðvitað fylgja þeir þessu frv. eftir. Ég hefði hins vegar persónulega kosið, að það hefði tekizt samkomulag um það við þessi sterku og voldugu samtök, að mátt hefði fá einhverja lausn á þessu viðkvæma og vandasama máli, sem við á margan hátt höfum góð tækifæri til þess að ná í dag. En það var ekki ríkisstj., sem rauf þær viðræður nú fyrir skömmu, heldur voru það aðrir aðilar.

Það er eitt atriði, sem mér hefur ekki þótt koma nægilega fram í þessum umr., og það er tímabilið, sem fram undan er. Ég heyri ekki betur en að hæstv. ráðh. séu búnir að lýsa yfir því, að þeir muni, — hvað þeir geta, — reyna að tryggja þennan kaupmátt til launþeganna hér í landi þetta tímabil. Ég fæ ekki betur séð en ef verðhækkanir verða þá, t. d. á neyzluvörum á erlendum markaði, að ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar, meðan þeir fara með völdin í landinu, verði að gera svo vel og gera einhverjar ráðstafanir til þess að halda kaupmættinum þrátt fyrir verðhækkanir, a. m. k. eins og hægt er, halda þeim þannig í skefjum, að kaupmátturinn haldist. Þetta vil ég segja, að komi þarna þó töluvert á móti. Ég skal hins vegar viðurkenna það fúslega, eins og hér hefur verið bent á, að það eru bæði einstaklingar og þeir, sem eru með börn eldri en 16 ára og kannske í skóla, sem fara kannske ekki út úr þessu dæmi á sama hátt og vísitölufjölskyldan með börnum. Hitt tel ég alveg sjálfsagt þá, að þingheimur allur skoði það dæmi við endurskoðun skattalöggjafarinnar, sem fram undan er, og það er vel hægt að gera það þá.

En út af síðustu ræðu hv. 9. þm. Reykv. og reyndar ræðu hv. þm., Lúðvíks Jósefssonar, líka, þá datt mér í hug saga, sem ég heyrði, þegar ég var unglingur, og það var, á meðan hús nokkurt, sem Uppsalir nefndist, stóð hér úti á horni Aðalstrætis og Túngötu. Gamall hafnarverkamaður, sem átti heima á Grímsstaðaholti, hafði fengið sér reiðhjól til þess að flýta fyrir sér, þegar hann fór til vinnu. Hann var einu sinni að fara til vinnu að morgni og kom niður Suðurgötuna. Þá var sælgætisverzlun í kjallara Uppsala. Hann náði ekki beygjunni fyrir Herkastalann og lenti inn um gluggann í sælgætis-

verzluninni. Þegar hann var að bjástra í brjóstsykurkassanum, þá heyrðist uml frá honum, og hann sagði: „Ekki er ég vel góður enn.“ Ég held, að þessir tveir hv. þm. gætu tekið þetta hvort tveggja í sinn munn og munað sinn fífil fegri, þegar þeir voru ráðh. í vinstristjórninni, þegar hv. 9. þm. Reykv. margendurtekur í ræðum sínum hér, að hér sé aðeins verið að taka af láglaunafólki í sambandi við vísitölustigin. Hann er kannske búinn að gleyma því, að það er ekki aðeins láglaunafólk hér á landi, sem fær kaup sitt greitt með vísitöluálagi, heldur og hátekjumenn. Það er auðvitað hans reikningsdæmi að reikna út, af hvorum sé meira tekið í krónutölu, láglaunamanninum eða hátekjumanninum. Og það mætti þá kannske líka minna hv. þm. Austf., Lúðvík Jósefsson, á það, þegar hann var að berjast gegn verðbólgunni, þegar bæði yfirmenn á farskipum stóðu í verkfalli 1957 og Dagsbrún 1958, þá gaf hann heimild til þess á bak við, að viðsemjendur þessara stéttarfélaga fengju að hækka sína vöru og þjónustu.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það er í raun og veru engu, sem ég þarf, svo að nemur, við að bæta, en aðeins er það til áréttingar í sambandi við það, sem við nú höfum verið að fjalla um, um kaupmáttinn. Ég hef haldið því fram, að með ráðstöfunum þeim, sem hér eru gerðar, muni kaupmátturinn haldast hinn sami og ella hefði verið og jafnmikill með 26.5% hærra kaupi eins og jafnvel 40% hærra kaupi næsta ár, og þessa töfraformúlu, eins og hv. 9. þm. Reykv. sagði, skilur hann ekki. Hv. 2. landsk. þm. skýrði nú töfraformúluna, að það gagnar lítið að fá kaupið hækkað, ef vöruverðið hækkar. Í sambandi við þetta segir að vísu hv. 2. landsk. þm., að verðið sé auðvitað hægt að stöðva. Ég veit það. Það verður hans svar. En spurningin er nú, hvort það er rétt metið, og ég spyr: Hvernig á smákaupmaðurinn hér í verzlun sinni í Reykjavík að reka áfram verzlun sína, sem ekki hefur verið of vel haldin, ef hann fær ekki að hækka vöru sína vegna hækkaðs kaupgjalds vegna hækkaðrar kaupgreiðslu, sem hann á að inna af hendi, og hvernig á iðnrekandinn, smár og stór, að halda áfram atvinnurekstri sínum í þessu landi, ef hann fær ekki að taka inn í verðhækkanir, sem leiða bæði af kauphækkunum og hráefnisvöruhækkunum. Og ég held, að það sé ekki rangt hjá mér, að þeim, sem sömdu um kjörin í vor og sömdu um verðlagsuppbætur, hafi verið það ljóst þá og engin hula hafi verið yfir því, að með þessu hlutu að skapast meiri eða minni víxlhækkanir milli kaupgjalds og verðlags. Þegar hv. 9. þm. Reykv. segist ekkert sjá um atvinnuöryggi í frv., þá eru það einmitt þær ráðstafanir, sem stefna að atvinnuöryggi, sem miða að því að halda kaupgjaldinu og verðlaginu niðri, þ. e. stöðugu verðlagi og jafnvægi. Það er það, sem atvinnuöryggi grundvallast á.

Varðandi fsp. hv. 1. þm. Vestf., hvort kaupmátturinn verði sami 1. des. og 1. sept., þá hef ég ekki um það neina útreikninga hérna, en það er heldur ekki hægt að gera þá fyrr en fyrir liggur það verðlag, sem verður 1. des. nákvæmlega, en þær skýrslur og grg., sem við höfum gefið, hafa verið miðaðar við mismunandi tímabil á verðstöðvunartímanum eftir tiltekinni þróun, eins og við höfum gert þeim aðilum, sem við vorum að semja við, grein fyrir, ef þróunin væri með svipuðum hætti, eins og verið hefur, og jafnvel þó að reynt yrði að hafa einhvern hemil á verðlaginu. En þetta auðvitað kemur í ljós, og það kemur fyrst og fremst í ljós og er hægt að reikna þetta dæmi, þegar það liggur fyrir, hvert verðlagið er þann 1. des. nákvæmlega miðað við það, sem það var 1. sept., ef hann vill fá samanburð á ákveðnum tilteknum dögum. Ég hef hérna í fórum mínum samanburð á lengri tímabilum, sem mundu ekki svara hans spurningu beint, af því að hann spurði bara um mismun á tveimur dögum á árinu, 1. sept. eða 1. des.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svarið. Ég vænti þess, að hv. þm. hafi tekið eftir, hvernig það hljóðaði. Hann segist ekki vita þetta. Samt veit hæstv. ríkisstj., hvernig verðlagið á að verða 1. des. Þeir vita um kaupið, það á að verða það sama og 1. sept., en þeir vita ekki kaupmáttinn. M. ö. o. liggur þetta þá fyrir. Það er ekkert svar við því, hvort kaupmátturinn verður sá sami 1. des. og 1. sept.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 135,1 felld með 21:10 atkv.

2. gr. samþ. með 22:10 atkv.

3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Brtt. 133,1 felld með 21:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BP, EðS, EystJ, GeirG, GíslG, HS, HV, JJ, JK, JónasÁ, LJós, SE, SV, VH, ÞÞ, ÁÞ.

nei: PP, BF, BK, BGuðm, BrS, EmJ, ÁP, GeirH, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, MB, PJ, PS, US, SvJ, ÁS, MÁM.

3 þm. (JSk, MK, SP) fjarstaddir.

Brtt. 135,2 kom ekki til atkv.

4. gr. samþ. með 21:15 atkv.

Brtt. 133,2 felld með 22:15 atkv.

Brtt. 135,3 kom ekki til atkv.

5. gr. samþ. með 21:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MB, PJ, PS, US, SvJ, ÁS, PP, BF, BK, BGuðm, BrS, EmJ, ÁP, GeirH, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, MÁM.

nei: SE, SV, VH, ÞÞ, ÁÞ, BP, EðS, EystJ, GeirG, GíslG, HS, HV, JJ, JK, JónasÁ, LJós.

3 þm. (SP, JSk, MK) fjarstaddir.

6.—8. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvJ, ÁS, PP, BF, BK, BGuðm, BrS, EmJ,

ÁP, GeirH, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, MB, PJ, PS, US, MÁM.
nei: SV, VH, ÞÞ, ÁÞ, BP, EðS, EystJ, GeirG, GíslG, HS, HV, JJ, JK, JónasÁ, LJós, SE.
3 þm. (SP, JSk, MK) fjarstaddir.

Á 18. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 106, 142).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Brtt. þessi er flutt vegna ábendingar ríkisskattstjóra. Fram kom í fjhn. við athugun málsins, að hann teldi, að orðalag 2. gr. ætti að vera skýrara, og því væri rétt, að niður féllu orðin „af greiddum launum". Skattur sá, sem gert er ráð fyrir í 2. gr., að á verði lagður, þ. e. 1½% sérstakur launaskattur, á að leggjast á alla þá sömu aðila og lög nr. 14 1965 um launaskatt gera ráð fyrir, þ. e. a. s. á greidd laun, svo og á þá aðila, sem hafa eigin atvinnurekstur. En með orðunum „af greiddum launum" mætti misskilja, að aðeins ætti að leggja á greidd laun, en svo er ekki. Þess vegna er þessi brtt. flutt.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Við 2. umr. málsins og þá sérstaklega í síðari hluta umr. lögðu hv. stjórnarandstæðingar megináherzlu á það sjónarmið sitt, að þetta frv., ef að l. yrði, ryfi gerða samninga stéttarfélaga. Hér væri um svo alvarlegt atriði að ræða, að í raun og veru væru samningar stéttarfélaganna fallnir úr gildi, og stéttarfélögin hefðu rétt til þess að líta á þá sem óskrifað blað og fara sínu fram, eins og engir samningar væru í gildi. Þegar leið á 2. umr. bar meir og meir á þessari röksemdafærslu hv. stjórnarandstæðinga, að þetta frv., ef að l. yrði, felldi samningana, sem gerðir voru í júní s. l. úr gildi, og hefðu því báðir samningsaðilar, að því er manni skildist, frjálsar hendur um nýja samninga eða hverjar þær aðgerðir, sem samræmist því ástandi, er engir samningar séu í gildi á vinnumarkaðinum. Hér er um alvarlegan misskilning að ræða. Hér er um að ræða svo gersamlega staðhæfulausar fullyrðingar, að ómögulegt er annað en að andmæla þeim skýrlega, þannig að það komi ljóst fram, að það er skoðun ríkisstj. og þingmeirihlutans, að þessar staðhæfingar hafi ekki við minnstu rök að styðjast. Því aðeins gætu þessar staðhæfingar verið réttar, því aðeins gæti verið vottur af réttmæti eða sannindum í þeim, að sýna mætti fram á, að þessi löggjöf bryti í bága við stjórnarskrána, að einhver ákvæði þessa frv. brytu þau ákvæði stjskr., sem eiga að vernda samningsfrelsi og samningsrétt einkaaðila í þjóðfélaginu. Engum hefur dottið í hug að halda þessu fram. Þetta eru einu rökin, sem renna mætti undir þá staðhæfingu, sem nokkrir stjórnarandstæðingar, að ég held í hita umr., en ekki að yfirveguðu máli, hafa leyft sér að viðhafa í þessu sambandi. Slík lagasetning er auðvitað engan veginn brot á stjskr. Um þá staðreynd ber það gleggst vitni, að sams konar löggjöf hefur verið margsett á Íslandi og að ég held, í öllum nálægum löndum eða flestum nálægum löndum a. m. k. Í þeim umr. eða eftir slíka lagasetningu hefur því sjónarmiði vitanlega aldrei verið hreyft, að slík lagaákvæði, eins og dæmi eru um í þessu frv., væru brot á stjskr. Hliðstæð dæmi mætti finna í nálægum löndum, t. d. nú nýlega frá Danmörku og Svíþjóð, þar sem um hefur verið að ræða hliðstæð atriði og hér er flutt lagafrv. um, en því sjónarmiði hefur mér vitanlega aldrei verið hreyft, að ákvæði sem þessi væru brot á stjskr. En ef þau eru ekki brot á stjskr., þá eru þær fullyrðingar, sem settar hafa verið fram um þetta efni, algjör markleysa.

Auðvitað eru í þessum l. ýmis ákvæði, sem breyta fjölmörgum samningum, sem eru í gildi í þjóðfélaginu. Mér liggur við að segja, að önnur hver lagasetning, sem löggjafarsamkoman setur, breyti að einhverju leyti einhverjum samningsákvæðum eða einhverri réttarstöðu, sem í gildi hefur verið, áður en l. voru sett. Um þetta mætti nefna mýmörg dæmi frá Íslandi og frá nálægum löndum. Ég skal láta við það eitt sitja að nefna tvö atriði úr þessu frv. sjálfu, sem mætti segja með alveg sama rétti, að breyttu samningi eða breyttu réttarstöðu annarra aðila en þeirra, sem hv. stjórnarandstæðingar segjast hafa verið að tala fyrir.

Við skulum taka ákvæðin um launaskattinn. Um ákvæðin um nýjan 1½% launaskatt á atvinnurekendur gætu þeir sagt með alveg sama rétti: „Þetta hækkar launagreiðslu okkar um 1½% frá því, sem ákveðið var í samningunum í júní og þessa launahækkun er lögbannað að við fáum bætta." Ef samtök launþega kjósa að segja, að ákvæði frv. um það, að hækkun áfengis og tóbaks skuli ekki reiknuð í grundvöll vísitölu, að almannatryggingagjald sé ekki reiknað í vísitölu og að greiðslu 2% kauphækkunar skuli frestað í 9 mánuði, séu brot á þeim samningum, sem þeir gerðu fyrir sína hönd, þá gætu vinnuveitendur alveg eins sagt um launaskattinn: „Þetta er brot á þeim samningi, sem við gerðum fyrir okkar umburðarlyndi," sem auðvitað á ekki við rök að styðjast, en enginn hefur haldið því fram, að launaskattsákvæðið væri brot á samningum, hvað þá heldur á stjskr.

Ég skal í öðru lagi nefna ákvæði frv. um bann gegn álagningarhækkun. Kaupmenn mega, meðan l. eru í gildi, ef samþ. verða, ekki hækka sína álagningu. Það er ofurauðvelt að hugsa sér, að framleiðandi og kaupmaður hafi gert með sér formlegan viðskiptasamning, sem gilda skuli í 3 ár t. d., að framleiðandi skuli selja kaupmanni ákveðna vöru við verði, sem fari lækkandi með aukinni framleiðslu og meiri þekkingu á vörunni á markaðinum. Hins vegar skuli álagning kaupmannsins hækka, sem því svarar. Útsöluverðið skuli vera óbreytt í 3 ár. Svona hefði þetta verið, hefðu engin l. verið til, eins og hér er gert ráð fyrir. Verði þau hins vegar samþ., þýða þau tvímælalaust, að kaupmaðurinn má ekki hækka álagningu

sína þrátt fyrir samninginn við framleiðandann. M. ö. o. mundi varan þá lækka, sem svarar lækkuðu framleiðsluverði framleiðandans. Engum dettur væntanlega í hug að telja þetta bann við álagningarhækkuninni ógilt, af því að það breyti samningi af þessari gerð, og hliðstæð dæmi gæti ég nefnt fjöldamörg, ef mér þætti nokkur ástæða til, en þetta eina einfalda dæmi dugir alveg.

Ég skal taka dæmi úr lagasetningu alveg almenns eðlis, lagasetningu, sem við hér á hinu háa Alþ. þekkjum mætavel og öll önnur lönd þekkja mætavel, að sett séu lög, kannske tímabundin, um gjaldeyrishöft, þ. e. að menn skuli ekki eiga rétt til þess að kaupa gjaldeyri í bönkunum að vild, heldur verða að sækja um leyfi til þess að kaupa gjaldeyri og þola það, þó að beiðninni sé synjað. Ekki er nokkur vafi á því, að í þjóðfélagi, þar sem t. d. um nokkurra ára skeið hafa verið í gildi frjáls gjaldeyrisviðskipti að mestu, þá eru í gildi þúsund samningar íslenzkra innflytjenda við erlenda kaupendur, sem gera ráð fyrir ákveðnum greiðslum á ákveðnum tímum frá innlenda kaupandanum til erlenda seljandans. Dettur nokkrum í hug, að vegna slíkra samninga þá hafi löggjafarsamkoma þjóðar ekki rétt til þess að setja löggjöf, sem kveður á um það, að menn verði að sækja um leyfi til þess að fá gjaldeyri og lúta jafnvel synjun? Við höfum búið við slíka löggjöf í áratugi. Það hafa hlotizt málaferli af einstökum þáttum sem afleiðing af slíkri löggjöf, en innlendi aðilinn hefur, að því ég held, undantekningarlítið, nema aðeins sérstakar ástæður hafi verið fyrir hendi, ekki unnið mál af þessu tilefni. Ef röksemdafærsla stjórnarandstæðinga í þeirra máli væri rétt, þá væri í raun og veru líka öll gjaldeyrishaftalöggjöf ólögleg, af því að hún rifti þúsundum samninga, sem í gildi væru.

Ég skal taka fjórða dæmið, lagasetningu, sem er alþekkt erlendis, en hefur ekki verið alveg í sama formi í gildi hér á landi, að sett séu til bráðabirgða ákvæði, sem banna tilteknar framkvæmdir, t. d. byggingu verzlunarhúsnæðis. Slík lög hafa verið sett með tímabundnu gildi, að því er ég held, á öllum hinum Norðurlöndunum og í Bretlandi. Þetta eru dæmi, sem ég beinlínis man eftir. Engum hefur dottið í hug, að slík löggjöf um bann gegn tilteknum framkvæmdum, t. d. byggingu verzlunarhúsnæðis, væri ólögleg, af því að í gildi væru samningar á milli manna, sem vildu byggja, og manna, sem áttu að byggja fyrir þá, um það, að tiltekið hús skyldi byggja á tilteknum tímum fyrir tiltekið verð. Löggjöfin frestar þessum samningum, frestar framkvæmd þeirra að sjálfsögðu.

Og síðasta dæmið, sem ég skal nefna, er líka alveg almenns eðlis, en líka algerlega ljóst. Við skulum segja, að hér á Íslandi, en mörg dæmi um þetta eru líka til annars staðar, sé breytt hlutafélagalöggjöf, sem skyldi einstaklingsfyrirtæki af vissri stærð og jafnvel samvinnufyrirtæki af vissri gerð til að verða hlutafélög, sem um gilda miklu strangari reglur, eins og allir vita, en einstaklingsfyrirtæki og samvinnufélög. M. ö. o. er vissum fyrirtækjum sem félögum skylt með lögunum að breyta formi sínu og lúta miklu strangari aðhaldsreglum en áður var. Slík hlutafélagalöggjöf riftir bókstaflega samningum, sem í gildi eru á milli einstaklingsfyrirtækja eins og annarra aðila, innbyrðissamningi í sameignarfélagi og innbyrðissamningi í samvinnufélagi. Um það mætti nefna ótal dæmi, að slík löggjöf hefði verið sett, án þess að nokkrum manni dytti í hug, að slík lagasetning væri brot á nokkurri stjskr. eða væri ógild og að engu hafandi, vegna þess að hún rifti samningum, sem gerðir hefðu verið í þjóðfélaginu eða í gildi væru.

M. ö. o. gildir um allt, sem ég nefndi, það sama og með rétti má segja um þetta frv. Ég tók það alveg skýrt fram í þeirri ræðu, sem ég flutti í upphafi 2. umr., að ef menn vildu halda sig að formshlið málsins einvörðugu, þá mætti auðvitað segja, að þessi lagasetning breytti tilteknum ákvæðum gildandi samninga. Mér er þetta algerlega ljóst. En ég sagði hins vegar og skal koma nánar að því í lok máls míns, að þetta teldi ég ekki skipta máli. Það, sem skipti máli, væri það, hvort efni samninganna væri breytt eða ekki. Ef efni samninganna væri breytt mætti með réttu segja, að frv. væri árás á stéttarsamtökin, vegna þess að þá sviptu þau stéttarsamtökin vissum rétti, sem samningarnir hefðu fært, og það teldi ég vera aðalatriði málsins.

Ef það væri rétt, að þetta frv., ef að lögum verður, rjúfi svo mikilvæg ákvæði samninga, að það skapi samningsaðilum algerlega nýja réttarstöðu miðað við samningana og losi þá í raun og veru undan samningunum, þá hlaut það sama í ekki minna mæli að gilda um brbl. hv. þm. Hannibals Valdimarssonar, þáv. félmrh., haustið 1956. Með miklu sterkari rökum hefði mátt segja þá, sem þáv. stjórnarandstaða hafði vit á að gera ekki, að þar væri alveg skýlausum samningsákvæðum breytt með brbl., meira að segja með brbl. Um það er engin deila, að það, sem gert var með brbl., var það, að 6 vísitölustig, sem koma áttu til framkvæmda eftir 10 daga, voru felld úr gildi endanlega. Á móti komu að sjálfsögðu, — engum stendur nær að fallast á það eða rökstyðja það heldur en mér, sem var fylgjandi þessum brbl. á sínum tíma, — önnur fríðindi til launþeganna, sem ég þá og enn met svo mikils, að ég tel, að þessi lagasetning hafi verið launþegunum til hagsbóta, þegar yfir lengri tíma er litið. En hitt er jafnómótmælanlegt, að á þeim degi, sem l. voru gefin út, og um einhvern tíma fram á við skertu l. hag launþegans, af því að þau voru tvímælalaus rifting á skýlausum ákvæðum samninga. Svo kom annað hagræði á móti, sem vó þessa skerðingu upp að mínu viti, þannig að ég var ekki í nokkrum minnsta vafa um það, og er það ekki enn, að það var íslenzkum launþegum hagkvæmara, að l. voru gefin út, miðað við það ástand, sem hefði skapazt, ef þau hefðu ekki verið gefin út og hjólið hefði fengið að halda áfram að snúast.

Í grundvallaratriðum er skoðun mín hin sama á þessu frv. nú, og ekki er síður auðvelt að rökstyðja,

að skoðunin er rétt núna, eins og hún var rétt þá. Þetta hafði ég bent á í ræðu minni við 2. umr. Um þetta höfðu hv. stjórnarandstæðingar það að segja og sérstaklega þeir, sem þá voru félagar mínir í ríkisstj., og raunar einnig hv. þm. Eðvarð Sigurðsson, að sá meginmunur væri á þá og nú, að þá hefðu stéttarfélög eða formenn allra stéttarfélaga samþykkt setningu þessara brbl. Nú lægju engar slíkar samþykktir fyrir, en þvert á móti mótmæli. En hér verð ég að biðja menn um að hafa í huga, að þeir mega ekki blanda saman gersamlega óskyldum hlutum. Það hefur auðvitað engin áhrif á réttargildi lagasetningar frá Alþ., hvort lagasetning breytir samningum í þjóðfélaginu, og ekki skapar það samningsaðilum nýja réttarstöðu, hvort einhver fundur úti í bæ mælir með lagasetningunni eða ekki. Það dettur auðvitað engum manni í hug, að geti verið rétt.

Hitt er mér auðvitað algerlega ljóst, að auðvitað var það pólitískur styrkur fyrir þáv. ríkisstj. að hafa meðmæli stéttarfélaganna með þessari lagasetningu. En sú þýðing, sem meðmæli þeirra hafa, er eingöngu pólitísks eðlis. Hún styrkir aðstöðu þáv. ríkisstj. miðað við það, sem ella hefði verið, og þáv. ríkisstj. var auðvitað alveg bráðnauðsynlegt að hafa slíkt samþykki, vegna þess að hún hafði nokkrum mánuðum áður verið mynduð með því yfirlýsta markmiði að hafa fullkomið samráð við stéttarfélögin um allt, sem hún gerði. Stjórnin hefði orðið að fara frá, ef hún hefði ekki fengið, nokkrum mánuðum eftir að hún tók við völdum, samþykki verkalýðsfélaganna fyrir þessari ráðstöfun sinni. Og það var verkalýðsfélögunum ljóst, að stjórnin hefði farið frá eftir fárra mánaða setu, ef stéttarfélögin hefðu ekki veitt þetta samþykki. Það að neita um samþykki haustið 1956 var það sama fyrir stjórnina og að segja af sér, alveg eins og það Alþýðusambandsþing, sem lét stjórnina segja af sér haustið 1958 með því að neita að fallast á 17 vísitölustiga skerðingu þá. Það var sú samþykkt, sem lét stjórnina segja af sér, ekki af því að það væri lögformlega skylt fyrir hana að gera það, ekki af því að henni bæri nokkur stjórnarfarsleg skylda til þess að gera það, heldur af því að málefnasamningur hennar var þannig, að hún gat ekkert gert nema það, sem hún hafði stuðning stéttarfélaganna fyrir. Þess vegna hafa ályktanir úti í bæ, hversu virðulegar og mikilvægar stofnanir, sem þær gera, enga þýðingu fyrir réttargildi lagasetningar frá hinu háa Alþ., og þær skapa engum samningsaðila úti í bæ neitt frelsi frá þeim samningum, sem þeir þegar hafa gert.

Það er ástæða til þess að vara alvarlega við því sjónarmiði, að samtök utan Alþ. geti haft þau áhrif, að meiri hl. Alþ. verði að beygja sig fyrir þeim. Með því móti væri hið raunverulega löggjafarvald flutt út fyrir þessa sali, þar sem það á heima og þar sem það á einungis heima, til annarra aðila utan Alþ. Það er í raun og veru þetta, sem hér örlar á, því er nú verr og miður, og er alvarlegur hlutur, að það dugi, að mikilvæg samtök í landinu geri ályktanir um það, að viss lagasetning sé ógild, að þar með sé hún ógild, og menn muni fara sínu fram, eins og hún væri ógild. Þetta er stórkostlega alvarlegt sjónarmið, sem hér örlar á, og er rétt fyrst að undirstrika það, að það er algerlega rangt og ekki aðeins rangt, það er varhugavert, það er hættulegt.

Ég sagði áðan, að ástæða þess, að stjórn Hermanns Jónassonar hafi leitað eftir stuðningi stéttarfélaga eða formanna þeirra við brbl. frá því í ágúst 1956, hafi verið sú, að það hafi verið pólitísk nauðsyn, og það er rétt. Þessi stjórn hefur engar slíkar yfirlýsingar gefið um það, að hún muni haga gerðum sínum eða binda gerðir sínar við samþykki einna eða neinna samtaka utan Alþ., hvorki launþegasamtaka né vinnuveitendasamtaka né samvinnusamtaka eða nokkurra annarra samtaka. Hún hefur engar slíkar yfirlýsingar gefið. Þess vegna hefur það enga pólitíska eða siðferðilega þýðingu fyrir hana, hvað stéttarfélög, vinnuveitendasamtök, samvinnusamtök eða samtök opinberra starfsmanna segja um mál eins og þetta. Það, sem hún hugsar um að gera, stenzt lagalega séð, er lögformlega rétt og það, sem hún telur vera skyldu sína að gera í þágu alþjóðar.

Ég ætla að undirstrika enn frekar það, sem ég sagði við 2. umr., að frá okkar sjónarmiði, sem stöndum að þessu frv., er það meginatriði, að það er trú okkar og vissa, að með samþykkt frv. sé ekki verið að rýra efni samninganna frá júní s. l., að frv., ef að lögum verður, skerði í engu þau raunverulegu kjör, sem launþegar þá sömdu um, og í sannleika sagt er efni frv. nákvæmlega við það miðað, að svo verði ekki. Upphæð niðurgreiðslnanna er beinlínis við það miðuð, að sá kaupmáttur varðveitist, að frv. samþykktu, sem var raunverulegt innihald samninganna frá í júní. Og þetta tel ég vera aðalatriði málsins, en ekki formshliðina, þótt segja megi með réttu, að vissum samningsákvæðum sé breytt.

Það var að því fundið, að ég hefði sagt, að kaupmáttaraukning sú, sem samið hefði verið um í samningunum, hafi verið 17%, og sýna mætti fram á, að þegar þessi ákvæði í frv. væru komin til fullra framkvæmda, væri kaupmátturinn 17% meiri en í maí s. l., og það var fundið að þessu, vegna þess að þá taldi ég með auðvitað báðum megin þá vísitöluhækkun, sem varð í maí og kom til framkvæmda samtímis grunnkaupshækkuninni, sem um var samið. Mér er auðvitað algerlega ljóst, hvað þessar tölur mínar þýddu, og þetta er sá samanburðargrundvöllur, sem venjulegast er gerður. En það er enginn vandi að gera samanburð líka á grunnkaupshækkuninni í júní, sem var um 17—18% og þeirri kjarabót, sem hún út af fyrir sig átti að færa launþegum og hefði fært þeim, ef allt hefði orðið með eðlilegum hætti og þeirri launabót, sem eftir verður miðað við kaupið í júní, á vísitöluhækkunina í maí. Sá samanburður liggur líka fyrir útreiknaður. Niðurstaðan er sú, að grunnkaupshækkunin, sem samið var um, átti að skila og hefði skilað 14% kaupmáttaraukningu. M. ö. o. þegar búið er að fá þetta ofan á allt annað, sem var

samningsatriði, og þegar tekið er tillit til tímadráttarins, þá skilar sér þessi 17—18% grunnkaupshækkun sem 14% kaupmáttaraukning. Og ef athugað er, hvað er eftir af þessu grunnkaupi, nú þegar ákvæði l. eru komin til framkvæmda, þá verða þau 14%. Það er auðvitað ekki við því að búast, að nokkur mismunur yrði á niðurstöðunni, hvort sem miðað er við grunnkaup plús vísitölu í maí, júní, eða bara hvort miðað er við grunnkaupið eitt. Enda sýna útreikningar, sem n. geta átt aðgang að, að staðreyndin er þessi. Þetta er því eingöngu formsleg mótbára, sem kom aðallega, að því er ég hygg, frá hv. þm. Lúðvík Jósefssyni og einnig frá hv. þm. Eðvarð Sigurðssyni, ef sá reikningsmáti er tekinn, sem þeir óska eftir, þ. e. a. s. að athuga kaupmáttaraukningu grunnkaupshækkunarinnar og þá kaupmáttaraukningu, sem núna er eftir, sambærilega, þá er mér alveg sama. Þá á við 14%, í báðum tilfellum auðvitað, í stað 17%.

Þetta rennir enn stoðum undir þá grundvallarskoðun okkar, sem málinu fylgja, og það skulu verða síðustu orð mín, að samþykkt frv. tryggir framkvæmd samninganna frá því í júní s. l. Þess vegna mundi ég segja, að engum aðila í þjóðfélaginu sé samning þessa frv. jafnmikið hagsmunamál og einmitt launþegunum, sem gerðu mjög hagstæða samninga í júní s. l. Ef við hefðum ekkert gert, ekkert viljað gera í ríkisstj., þá hefði dýrtíðarhjólið haldið áfram að snúast og á því er ekki nokkur vafi, að á því hefðu engir tapað meir en launþegarnir í landinu. Aðgerðarleysi af okkar hálfu hefði verið það versta, sem gat gerzt, fyrir íslenzka launþega. Þetta gerðum við okkur ljóst, og þess vegna undirbjuggum við, eins vel og vandlega og við höfðum vit á, þessar ráðstafanir. Við erum heppnari að því leyti en stjórn Hermanns Jónassonar var haustið 1956, að við höfum búið við mjög gott árferði, mikinn og vaxandi afla, stórhækkandi verðlag erlendis og góðan hag ríkissjóðs. Þetta setur okkur í betri aðstöðu en stjórn Hermanns Jónassonar haustið 1956 og þetta gerir okkur kleift að hafa ráðstafanirnar þannig, að það á að vera alveg óumdeilanlegt meðal viti borinna manna, að í þessu frv. felst ekki kjaraskerðing hjá launþegum, ef á nokkurn tíma er litið, heldur þvert á móti tryggir það ekki aðeins hag launþeganna framvegis, heldur einnig heilbrigðan rekstur hjá atvinnuvegunum.

Frsm. 2. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Hæstv. viðskmrh. hefur haldið hér býsna athyglisverða ræðu. Það leynir sér auðvitað ekki, að hann er farinn að finna til einhvers samvizkubits. Það hefur einhver hróflað eitthvað við honum. Hann kemur nú hér og heldur því fram, að í umr. um þetta mál hafi því verið haldið hér fram af andstæðingum málsins, svona í hita umr. eins og hann sagði, að með samþykkt þessa frv. væri verið að brjóta stjskr. Og síðan var hann með ýmsa tilburði til þess að sanna það, að hér væri ekki um það að ræða, að það væri stefnt að því að brjóta stjskr. Ég held, að hæstv. viðskmrh. hafi fylgzt eitthvað afskaplega illa með þeim umr., sem hér hafa farið fram. Ég tel mig hafa fylgzt með umr. nokkurn veginn óslitið. Ég hef ekki heyrt á þetta minnzt hér í umr., að það væri sérstaklega verið að tala um það, að þetta frv. miðaði að því að brjóta stjskr. Það, sem hér hefur verið sagt, er það, sem hæstv. viðskmrh. varð að viðurkenna hér í sinni ræðu, að þetta frv. stefnir að því að breyta gerðum kjarasamningum á milli verkafólks í landinu og vinnuveitenda, að þetta frv. stefnir að því að raska grundvelli kjarasamninga, sem gerðir hafa verið. Þetta viðurkennir hæstv. ráðh., þetta er inntak frv.

Það er að okkar dómi býsna alvarlegur hlutur, þegar lagalega viðurkenndur réttur er tekinn af aðilum. Kjarasamningarnir, sem gerðir voru á s. l. sumri, voru gerðir samkv. lögum og reglum, og þar var um gildandi samninga að ræða. Auðvitað hefur okkur, sem deilum á þetta frv., ekki dottið í hug að halda því fram, að Alþ. geti ekki sett lög. Við vitum það, að það hafa margsinnis verið sett lög, m. a. sem hæstv. viðskmrh. hefur stutt hér áður, um það að afnema vísitöluuppbætur á laun, ekki taka aðeins 2 stig, heldur afnema þær með öllu. Það hafa líka verið sett hér lög um það að færa niður kaup, sem samið hefur verið um í kaupgjaldssamningum. Hann hefði meira að segja getað gengið svo langt hér að samþykkja lög um það, að kaupið skyldi bara fært niður í núll með öllu. Það þarf að setja lög um þetta. En það er eins og hæstv. viðskmrh. hafi enga tilfinningu fyrir því, hvaða siðareglur eiga að gilda, varðandi t. d. samningsfrelsi, sem er yfirlýst í þjóðfélaginu. Það er eins og hann telji það ekkert athugavert, þótt almennum launa- og kjarasamningum, sem gerðir hafa verið samkv. lögum milli aðila, sé gerbreytt, nokkru eftir að þeir hafa verið gerðir, með lögum frá Alþ. Það er eins og hæstv. viðskmrh. sé það nóg að geta sagt: „Við, sem höfum hér meiri hl. á Alþ., höfum leyfi til þess að setja lög, um hvað sem er, svo lengi sem það brýtur ekki beinlínis stjskr.“

Svo finnur hæstv. ráðh. sér það til í þessum röksemdafærslum að benda á það, að Alþ. hafi t. d. leyfi til þess að breyta launaskatti. Skyldu það nú vera sérstök rök í þessu, að Alþ. hafi leyfi til þess að breyta skattlagningu eða að Alþ. hafi tvímælalaust heimild til þess að banna tilteknar framkvæmdir í landinu? Engin deila hefur staðið um þessi atriði í sambandi við þetta mál. Það, sem deilan hefur snúizt um, er það, hvort það fái staðizt í reynd að raska þannig löglega gerðum kjarasamningum, að það, sem um er samið, fái ekki að gilda í reynd. Það er auðvitað enginn vafi á því, að hinn frjálsi samningsréttur er brotinn á þessum aðilum, sem hér er um að ræða. Það er ákaflega hætt við því, sbr. reynsluna, að það geti haft sín áhrif úti í þjóðfélaginu á eftir, að brjóta þennan frjálsa samningarétt. Spurningin er í rauninni um það, hvort menn vilja virða lög og löglega gerða samninga, eða hvort það á að grípa inn í og breyta löglega gerðum samningum einhliða öðrum aðilanum í óhag.

Ég held, að hæstv. viðskmrh. muni ekki geta

huggað sig lengi við þá kenningu, að samþykktir félagasamtaka úti í bæ hafi hér ekkert að segja og gildi hér ekkert. Ég er ósköp hræddur um það, að hann eigi eftir að reka sig á það, að það eru einmitt félagasamtökin, þ. e. fólkið í landinu, sem ráða, þegar til á að taka í tilfellum eins og þessu. Hæstv. ráðh. sagði, að í þessum efnum væri það sérstaklega hættulegt, ef alls konar fundir úti í bæ og félagasamtök ætluðu sér að gera samþykktir sem hefðu áhrif á störf Alþ., jafnvel til þess að Alþ. breytti fyrirætlunum sínum. Hvað er að heyra, telur þessi hæstv. ráðh. sig ekki einmitt boðbera lýðræðis og lýðræðislegra vinnubragða? Skyldi nú hæstv. ráðh. kannske vilja taka þetta til baka? Vill þá hæstv. ráðh. kannske endurtaka það? Ég bíð og hlusta á, hvað hann hefur að segja um þetta. (Gripið fram í.) Hæstv. ráðh. sagði meira en þetta. Hann sagði, að það væri sérstaklega hættulegt. Það gefst kannske tími til þess að lesa þetta upp, því að nú er þetta allt saman sett á band, og því má lesa þetta nákvæmlega upp. Hann sagði meira en þetta, að í því lægi sérstök og mikil hætta, ef slíkar samþykktir ættu að fara að hafa áhrif á gerðir Alþ., jafnvel þannig að Alþ. þyrfti að breyta fyrirætlunum sínum. En ég lít þannig á málið, að þetta séu aðeins venjuleg lýðræðisleg vinnubrögð. Fólkið í landinu og félagasamtökin eiga að láta til sín heyra. Þau eiga að láta Alþ. vita um sitt álit, sínar skoðanir og hafa sín áhrif eðlilega á Alþ. Hins vegar verða vitanlega alþm. að draga sínar ályktanir af því, sem er að gerast hjá þjóðinni, og haga sér samkv. því. En hæstv. ráðh. verður ekki bjargað við með því, að hann heyri ekki álit almennings í landinu, ef hann heyrir ekki álit hinna fjölmennu félagasamtaka. Það er enginn vafi á því, að hann verður látinn heyra álit þessara aðila, og hann fær að kenna á því áliti líka, ef hann tekur ekki tillit til þess. Það er svo allt of billegt hjá hæstv. ráðh. að segja það, að þetta hafi engin áhrif á núv. ríkisstj. Þetta breyti ekki afstöðu hennar í neinu, af því að hún hafi ekki gefið yfirlýsingu á hliðstæðan hátt og stjórn Hermanns Jónassonar um það, að hún ætlaði að hafa sérstakt samstarf við t. d. samtök launþega í landinu. Ég held, að engin ríkisstj. komist upp með það, þegar á reynir, að taka ekki tillit til þess, sem t. d. hin fjölmennu launþegasamtök í landinu segja.

Mergurinn málsins í þessum efnum er sá, sem hér hefur margsinnis verið bent á, að hér er um það að ræða, að fyrirhugað er að breyta með l. frá Alþ. nýlega gerðum og löglega gerðum kjarasamningum, sem varða flesta landsmenn. Og þegar búið er að grípa inn í gerða samninga á þann veg, að það er búið að raska samningagrundvellinum, þá er ofur eðlilegt, að sá aðilinn, sem hallað er á, segi um leið og búið er að raska grundvelli samninganna, að þá geti hann ekki lengur talið sig skuldbundinn til þess að standa við önnur ákvæði þeirra. Það, sem skiptir því máli í þessum efnum, er það, hvernig þessir samningaaðilar bregðist við þessum málum. Það var sagt í umr. um málið fyrr, að vel geti verið, að það sé hægt að deila nokkuð langan tíma um það, hvort þetta sjónarmið verkalýðssamtakanna sé rétt samkv. stífustu lagaákvæðum, að halda því fram, að samningarnir séu þar með niður felldir. Það er jafnvel hægt að varpa málinu fyrir félagsdóm, og félagsdómur getur kveðið upp einhvern úrskurð, á meðan stendur e. t. v. allt atvinnulíf í landinu stopp. Það er hægt að halda uppi deilum um þetta í alllangan tíma, en það er hitt atriðið sem gildir: Leiðir þessi samþykkt til stöðvunar á atvinnulífi landsmanna? Leiðir það til þess, að samningarnir falla niður í reynd, og hér verður ekki lengur vinnufriður? Það er það, sem gildir.

Hæstv. viðskmrh. vék svo hér að einu efnisatriði úr umr., en það var það, sem ég hafði bent á, að í ræðu hans hafði komið fram, að þegar búið væri að framkvæma öll ákvæði þess frv., sem hér liggur fyrir, þá mundi eftir sem áður kaupmáttur launa vera u. þ. b. 17% hærri en hann var í maí. Og nú segir hæstv. ráðh., að það skipti engu máli, hvort heldur sé miðað við kaupmáttinn í maí eða kaupmáttinn, eftir að samningar voru gerðir um miðjan júnímánuð. Nú veit hæstv. ráðh. það, að í maímánuði stóðu mál þannig, að verðlag hafði þá hækkað á undanförnum mánuðum svo mikið, eins og hér hefur komið fram í umr., að launþegar áttu þá að fá vegna þeirrar verðhækkunar, sem orðin var 1. maí, 4.48 stig í kaupgjaldsvísitölu til þess að bæta upp þessa verðhækkun. Síðan var samið um ákveðna grunnkaupshækkun, 15—18%. Nú kemur hæstv. viðskmrh. og heldur, að hann geti sveiflað sér út úr þessu með því að hringla til tölum og ætlar að segja mönnum það, að það sé nákvæmlega sama, hvort kaupmátturinn er tekinn í maímánuði, á meðan enn vantaði 4.48 stig í kaupgjaldsvísitöluna til að bæta upp þá verðhækkun, sem þá var orðin, eða hvort kaupmátturinn er tekinn um miðjan júnímánuð, þegar launþegar voru búnir að fá þessi 4.48 stig og einnig þá grunnkaupshækkun, sem þá var samið um. Auðvitað vita það allir, að kaupmáttur launanna í maímánuði var lægri þá en á eftir, eftir að þeir fengu þessa kaupuppbót. (Gripið fram í.) Já, en hæstv. ráðh. var búinn að miða áður kaupmáttaraukninguna við maí-grundvöll. (Gripið fram í.) Menn geta leikið sér að því að hlaupa svona fram og til baka, frá því sem þeir segja, en hæstv. ráðh. var að segja hér í áheyrn allra þeirra, sem hér eru inni, að það væri nákvæmlega sama, hvort miðað væri við kaupmáttinn í maí eða síðar. En ég hef sýnt fram á það með alveg augljósum dæmum, að kaupmátturinn í maí var allt annar en kaupmátturinn í júnímánuði. Því er sá kaupmáttur, sem samið var um í júní, þ. e. sá kaupmáttur, sem þá myndaðist, skertur með þessum fyrirhuguðu ráðstöfunum, sem nemur í kringum 3%. Undan því verður ekki flúið.

Eitt atriði vildi ég, að kæmi hér fram í sambandi við þessar umr., fyrst ég er kominn hér upp í ræðustólinn, til viðbótar því, sem áður hefur komið fram, en það eru upplýsingar, sem fjhn. hefur fengið um ýmsar verðbreytingar, m. a. eftir miðjan okt. og fram til 1. nóv. Þetta eru upplýsingar, sem

fjhn. hefur fengið frá verðlagsstjóra og eiga að réttu lagi að komast hér til allra hv. þm., enda tekið skýrt fram af okkur í fjhn., að við óskuðum þar ekki eftir neinum upplýsingum, sem við mættum ekki fara með hvert sem væri, enda er hér væntanlega ekki um nein launungarmál að ræða. En vegna þeirra umr., sem hér hafa farið fram um þessi verðlagsmál, þá tel ég rétt að lesa hér upp úr þessum upplýsingum frá verðlagsstjóra um þessar verðbreytingar. En í skýrslunni segir m. a. þetta:

15. okt. Hámarksverð á benzíni, gasolíu og fúelolíu. Beiðni: benzín 3.8%, gasolía 20.4%, fúelolía 10.7%. Heimiluð hækkun: benzín 2.3%, gasolía 19.6%, fúelolía 10.1%. Samþ. með 5 atkv. gegn 2. Tveir sátu hjá.

Þann 15. okt. voru einnig samþ. flutningsgjöld á olíu með skipum innanlands. Beiðni: 25%. Heimiluð hækkun: 20%. Samþ. með 5 atkv. gegn 4.

15. okt. var samþ. verðskrá málningarverksmiðja. Beiðni: 12—13%. Heimiluð hækkun: 10%. Samþ. með 5 atkv., 4 sátu hjá.

23. okt. Hámarksverð á brauðum, vínarbrauðum, tvíbökum og kringlum. Heimiluð hækkun: 2.2—5.7%. Samþ. með 9 shlj. atkv.

23. okt. Hámarksverð á öli og gosdrykkjum. Beiðni: 10—12%. Verksmiðjum heimiluð hækkun um 4.5—7.1%. Samþ. með 4:4 atkv., 1 sat hjá.

28. okt. Áskriftargjöld, lausasöluverð og auglýsingaverðskrá dagblaða. Beiðni: áskrift 18.2%, lausasala 50%, auglýsingar 25%. Heimiluð hækkun: áskrift 18.2%, lausasala 20%, auglýsingar 25%. Samþ. með 8:1 atkv.

28. okt. Fargjöld og flutningsgjöld með flugvélum innanlands. Beiðni: 15%. Heimiluð hækkun: 10%. Samþ. með 5:4 atkv.

28. okt. Flutningsgjöld á vörum frá útlöndum. Beiðni: 20—27%. Heimiluð hækkun: 10%. Samþ. með 5 atkv., 4 sátu hjá.

28. okt. Fargjöld með sérleyfisbifreiðum. Beiðni: 20%. Heimiluð hækkun: 15%. Samþ. með 5 atkv., 4 sátu hjá.

(*Gripið fram í.*) Ég er ekki ennþá farinn að ræða um afstöðu til þessara hækkana. Ég á eftir að koma að því, en afskaplega gerast ráðh. vorir nú ókyrrir. Þola þeir ekki að hlýða á þennan lestur? Þeir hafa sjálfir staðið að þessari hækkun. (Gripið fram í.) Já, ég var ekki búinn með allan lesturinn.

30. okt. Fargjöld Strætisvagna Reykjavíkur. Beiðni: 33%. Heimiluð hækkun: 15%. Samþ. með 5:4 atkv.

30. okt. Gjaldskrá leigubifreiða. Beiðni: 6.4%. Heimiluð hækkun: 4%. Samþ. með 7 atkv., 2 sátu hjá.

30. okt. Fargjöld Strætisvagna Kópavogs. Beiðni: 19%. Heimiluð hækkun: 15%. Samþ. með 5 atkv., 3 sátu hjá.

Og svo kemur hér neðanmáls: Sept.—okt., hækkunarbeiðnir, sem nefndin synjaði: Öllum beiðnum um verðhækkanir vegna launahækkana, 4.21%, 1. sept. 1970, þ. e. a. s. vísitöluhækkun var synjað, nema í sambandi við útselda vinnu í byggingarvinnu. Beiðni um 7.3% almenna hækkun verzlunarálagningar og sérstaka hækkun álagningar á skófatnaði og tilbúnum fatnaði var synjað. Út- og uppskipunargjöld í Reykjavík, viðbótarhækkunarbeiðni var synjað. Og verðskrá á hárgreiðslustofum, erindi hárgreiðslumeistara um viðbótarhækkun var synjað.

Auk þessa, sem ég hef lesið, fylgja svo hérna með í hverjum lið nokkrar skýringar á ástæðum, hvað teljist til vinnulaunahækkana og hvað vegna hækkana á innflutningsverði og ýmsu öðru, sem ég hef ekki lesið hér.

Ég tel, að það komi alveg greinilega fram í þessum upplýsingum, að á því tímabili, sem hér hefur verið nokkuð rætt um, þ. e. a. s. frá því að hæstv. *forsrh.* gaf yfirlýsingu sína í sjónvarpi um það, að til stæði að samþykkja verðstöðvun, þá hafa beinlínis verið samþykktar af verðlagsyfirvöldunum fjöldamargar hækkanir og sumar allríflegar. En það kalla ég ríflega hækkun, t. d. að taka, þegar samþ. er að heimila 10% hækkun á flutningsgjöld frá útlöndum, þegar þess er gætt, að búið var nokkru áður að hækka flutningsgjöld frá útlöndum um 16% frá öllum löndum nema Danmörku 28% og Bretlandi 34%, og svo komu 10% til viðbótar þessu öllu. Ég álít, að þessar upplýsingar sýni það alveg glöggt, að það var fullur skriður á verðhækkununum seinni hlutann í okt., eins og reyndar á tímabilinu þar á undan. Hér er vitanlega aðeins skýrt frá skriðunni, sem varðar beinlínis verðlagsyfirvöldin sjálf, þ. e. a. s. verðlagsskrifstofuna, og það, sem þurfti að sækja um heimildir fyrir. Hér er hins vegar ekki minnzt á þá skriðu, sem þeir settu á stað, sem réðu verðlaginu sjálfir. En það er í ýmsum greinum, að aðilarnir, sem selja vöruna, ráða verðinu sjálfir. Og með í þessu er heldur ekki upptalning á ýmsum hækkunum, sem ekki flokkast undir verðlagsskrifstofuna, en flokkast undir opinberar stofnanir, eins og t. d. hækkunin hjá Pósti og síma. Ég tel, að bæði þessar og aðrar upplýsingar, sem hér hafa komið fram í þessum umr. um verðlagshækkanir í sumar og haust, sýni það, svo að ekki verði um villzt, að vandinn, sem nú er við að glíma í íslenzku efnahagslífi, stafar frá allt of miklum verðlagshækkunum, sem hafa verið heimilaðar í sumar og haust. Hinir ýmsu aðilar hafa komizt upp með það, ekki aðeins að velta af sér út í verðlagið öllum þeim áhrifum kauphækkananna, — þeir tóku ekki á sig neitt af kauphækkuninni, — sem um var samið á miðju sumri, heldur hafa þeir einnig komizt upp með það að fá í sinn hlut í gegnum hækkandi verðlag verulegar hagsbætur frá því, sem áður var, og það, sem síðan hefur gerzt, er það, að í kjölfar hins hækkaða verðlags hefur síðan framfærsluvísitalan í landinu hækkað, og þar af leiðandi átti kaupgjaldsvísitalan einnig að hækka, og launafólk hafði gert samning um það í sumar að fá bætur í launum til þess að vega upp verðlagshækkanir af þessu tagi. En þegar komið er að því, að það eigi að greiða út bæturnar á launin vegna þessara verðlagshækkana, þá þarf að gera sérstakar efnahags-

ráðstafanir hér á Alþ. í þá átt að draga úr bótaréttí fólksins, sem samið hafði verið um í kaupgjaldssamningunum.

Það er skoðun mín, að hið almenna efnahagskerfi þjóðarinnar hafi verið þannig á þessu ári, að það hefði átt að vera hægt að tryggja launþegum raunhæfar kjarabætur, sem nam kaupgjaldshækkununum, sem samið var um 19. júní í sumar. Þjóðarframleiðslan fór stórkostlega vaxandi, verð á útflutningsvörum þjóðarinnar hækkaði nú meir en nokkru sinni áður, þjóðartekjurnar munu vaxa á þessu ári yfir 10%. Nú var aðstaða til þess að segja við atvinnurekendur: „Þið verðið að taka á ykkur stærsta hlutann af kauphækkuninni og bera hann," og það átti að standa gegn verðlagshækkunum í lengstu lög. Mér dettur þó ekki í hug að neita því, að í einstaka tilfellum hefði átt að samþykkja einhverjar verðlagshækkanir, m. a. þar sem um var að ræða hækkun á vörum erlendis, en ég held, að þær verðlagshækkanir hefðu ekki þurft að verða meiri en svo, að það hefði ekki þurft að ríða neinu á slig. En það er þetta, sem er alltaf að gerast hér hjá okkur, að stjórnarvöld landsins eru alltof viljug á það að heimila verðhækkanir, en þegar kemur að því að menn eigi að standa við verðhækkunina og sjá verðhækkunina í launakjörum, þá hrökkva þeir við, þá þarf að gera ráðstafanir.

En slíkar ráðstafanir duga skammt. Það getur verið, að það sé hægt að koma þeim fram í krafti meirihlutavalds á Alþ., og það getur verið, að slíkar ráðstafanir standi í nokkra mánuði, en svo verður þeim hrundið til baka, venjulega í gegnum vinnustöðvanir, framleiðslustöðvanir, tap fyrir þjóðarheildina. Svo koma nýir kjarasamningar, og ef leikurinn byrjar upp á nýtt, að stjórnarvöld gefa eftir, leyfa miskunnarlaust allar verðlagshækkanir, þá vitanlega kemur innan skamms að því, að það þarf að fara að fella gengið, og ný kollsteypa byrjar. Það er í þessum efnum, sem þarf að breyta um stefnu í þjóðfélaginu. En því fer víðs fjarri, að ríkisstj. leysi vandann á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., og jafnvel þó að hæstv. viðskmrh. finni það út, að l. út af fyrir sig fái staðizt, þá leysir þetta ekki vandann, en það er hætt við því, að þetta leiði til ennþá meiri vanda við að eiga en við höfum þurft að glíma við að undanförnu.

Frsm. 1. minni hl. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég hafði reiknað með því, að við þessa 3. umr. mundu engar umr. verða eða sáralitlar, sökum þess hve þrautrætt þetta mál var, bæði við 1. umr. og 2. umr. Þetta ætlar nú samt að fara á aðra leið. Hér virðast ætla að verða mjög miklar umr., og það er hæstv. viðskmrh., sem hefur riðið þar á vaðið. Það hefur komið í ljós, þrátt fyrir það að hann bæri sig allborginmannlega hér við 1. umr., að samvizkan er eitthvað óróleg, og þess vegna hefur hann talið sig létta eitthvað á henni með þeirri ræðu, sem hann hélt hér áðan. Og mig undrar það ekki neitt, þó að samvizka hæstv. viðskmrh. sé frekar óróleg um þessar mundir. Hæstv. ráðh. hefur t. d. byrjað á því fyrir nokkru, að því hann sjálfur hefur talið í sjónvarpinu, að láta fara fram eins konar könnun á því, hverjir séu sannir jafnaðarmenn á Íslandi. Þetta er að vísu nokkuð teygjanlegt, hverjir séu sannir jafnaðarmenn, en þegar talað er um sanna jafnaðarmenn, þá er ekki ólíklegt, að menn hafi í huga jafnaðarmenn á Norðurlöndum. (Gripið fram í.) Já, því að þar eru jafnaðarmannaflokkarnir einna sterkastir, og þess vegna ekki ófróðlegt að gera samanburð á því, sem jafnaðarmannaflokkarnir á Norðurlöndum eru að gera nú einmitt í sambandi við sams konar mál og hér liggur fyrir, og það, sem hæstv. ríkisstj. er að gera.

Jafnaðarmannastjórnin í Svíþjóð fyrirskipaði fyrir nokkru verðstöðvun um nokkurra mánaða skeið. Mér er ekki kunnugt um, að þeirri verðstöðvun hafi fylgt nokkur skerðing eða nein skerðing á kjarasamningum milli atvinnurekenda og verkamanna. Ég er þvert á móti sannfærður um, að sænska jafnaðarmannastjórnin hefði aldrei gripið til verðstöðvunar, ef henni hefðu þurft að fylgja einhver ákvæði um það að skerða kjarasamninga milli atvinnurekenda og verkamanna. Danska stjórnin, sem að vísu er ekki jafnaðarmannastjórn, hefur einnig gripið til verðstöðvunar um nokkurra mánaða skeið með fullu samþykki jafnaðarmannaflokksins þar, þó að þar sé um stjórn hægri flokka að ræða, án þess að framkvæma samhliða nokkra skerðingu á kjörum launafólks. Norski verkamannaflokkurinn hefur borið fram í þinginu till. um verðstöðvun, en án þess að henni fylgi nokkur skerðing á kjörum launafólks.

Ég held, að þessi dæmi frá Norðurlöndum sýni það nokkuð glöggt, hvaða munur er á sönnum jafnaðarmönnum og þeim jafnaðarmannaflokki, sem situr nú í ríkisstj. Íslands, og það er m. a. vegna þess, að hæstv. ráðh. er eins órólegur nú og raun ber vitni um. En mér fyndist ekki óeðlilegt í framhaldi af þessu, vegna þess að fulltrúar Samtaka frjálslyndra og vinstri manna og Alþb. taka nú þátt í þessari könnun með Alþfl., hvort þeir ættu ekki að óska eftir sérstökum fundi með Alþfl. og þm. hans til að ræða þetta mál nánar og sjá það svart á hvítu, hvort þeir í þeim viðræðum gætu ekki fengið það fram með því að reyna að hafa áhrif á hæstv. viðskmrh. og hans flokksbræður, að þeir tækju nú upp sömu stefnuna og jafnaðarmannaflokkarnir á Norðurlöndum í þessum efnum, þ. e. stæðu að verðstöðvun án þess, að því væri látin fylgja skerðing á kjörum verkamanna, eins og hér er stefnt að. Mér finnst, að fyrst þessir samningar standa á annað borð, eigi nú fulltrúar Alþb. og Samtaka frjálslyndra og vinstri manna að óska eftir sérstökum fundi með Alþfl. um það, hvort hann sé nú ekki fáanlegur til þess að fylgja á þessu sviði sömu stefnu og sannir jafnaðarmenn gera á Norðurlöndum og annars staðar. Mér finnst, að það sé eiginlega skylda þeirra, fyrst yfir stendur að láta fara fram könnun á þessu. (**Menntmrh.:** Er hv. þm. jafnaðarmaður?) Ég var ekkert að segja um það, enda hef

ég ekki verið beðinn um það eða minn flokkur að taka þátt í þessum viðræðum. En það vildi ég segja í framhaldi af þessu, að fyrst hæstv. viðskmrh. gat nú ekki talað hér eins og flokksbræður hans á Norðurlöndum eða jafnaðarmenn gera á Norðurlöndum, og ekki eins og sannur jafnaðarmaður, þá hefði hann ekki þurft að haga málflutningi sínum að verulegu leyti eins og varaforseti Bandaríkjanna væri kominn hér í ræðustól. En stór hluti af ræðu hæstv. viðskmrh. var á nákvæmlega sömu leið og þessi varaforseti hefur flutt mál sitt í Bandaríkjunum við kosningarnar þar undanfarið, því að allt það, sem hæstv. ráðh. sagði um lög og rétt, var næstum í sama anda og er í ræðum þessa ágæta manns. Hæstv. ráðh. endurtók það hvað eftir annað, að sú ríkisstj., sem nú færi með völd, væri ekki með neinar yfirlýsingar um það, að hún ætlaði að taka tillit til stéttarsamtaka og hana skipti ekki neinu máli, hvað almenningur vildi. Það, sem skipti máli hjá henni, eru lög og réttur, og eftir því bæri að fara. Þetta stingur nú að vísu talsvert í stúf við það, sem hæstv. forsrh. hefur sagt og fyrirrennari hans í því sæti, því að þeir hafa talað um það, að þeir vildu hafa sem bezta samvinnu við stéttarsamtökin. Nú kemur hins vegar hæstv. viðskmrh. og segir, að sig varði ekki neitt um þetta, sig varði bara um lög og rétt, og eftir því skuli hann fara. En þetta sýnir glöggt, hve gersamlega hæstv. viðskmrh. er búinn að gleyma sögu verkalýðshreyfingarinnar og jafnaðarmannaflokkanna. Við vitum það, hvar þessi hæstv. ráðh. hefði staðið hér í hásetaverkfalli 1916. Jónas frá Hriflu og Ólafur Friðriksson skipulögðu það verkfall algerlega í andstöðu við lög og rétt, sem þá var. Og þess var þá krafizt í svokölluðum borgarablöðum, að lög væru látin taka gildi og þetta verkfall væri kveðið niður. Við vitum af því, sem hæstv. viðskmrh. sagði hér áðan, hvar hann mundi hafa staðið í því verkfalli, og ef hann þekkir til sögu verkalýðshreyfingarinnar eða myndi eftir henni, þá væri honum það ljóst, að verkalýðshreyfingin varð um langt skeið að sækja rétt sinn í andstöðu við lög og rétt, þó að hún fengi hann að lokum lagalega viðurkenndan. Og það er alveg víst, að ef verkalýðshreyfingin er sönn verkalýðshreyfing, ef hún verður beitt órétti og ef samningar eru brotnir á henni, jafnvel þó að það megi segja, að það sé gert með löglegum hætti, þá hlýtur svo að fara, að hún sæki rétt sinn með hinum gömlu aðferðum, til þess að láta ekki ganga á hlut sinn umfram það, sem eðlilegt er. Þetta verðum við að gera okkur ljóst, því að ef hún er ekki jafnan á verði um að vernda rétt sinn á þennan hátt, þá má hún fljótlega búast við því, að með einum eða öðrum hætti verði á honum troðið. Ég er ekki að segja með þessu, að við eigum ekki að verja lög og rétt. En við verðum jafnframt að gera okkur grein fyrir því, að þær kringumstæður geta stundum skapazt í þjóðfélaginu, þegar lögum er ranglega beitt, að þá verði að grípa til svipaðra vinnubragða og verkamenn gerðu hér í hásetaverkfalli 1916 á sínum tíma og á næstu árum eftir það, en það var að tryggja rétt sinn, jafnvel þó að þeir gætu ekki beinlínis byggt það á þeim lagagrundvelli, sem fyrir hendi kann að vera. En mér finnst rétt að láta það koma fram hér, að hæstv. forsrh. ræddi um þessi mál hér í gær með allt öðrum og skaplegri hætti en hæstv. viðskmrh. Og mér þykir það sannarlega mjög leitt, af því að ég hef nú alltaf vissar taugar frá gamalli tíð til hæstv. viðskmrh., að hann skuli haga málflutningi sínum þ' úr ræðustólnum eins og hann gerði áðan, og nann minnir þar orðið meir á þann ameríska stjórnmálamann, sem ég nefndi áðan, heldur en jafnaðarmannaleiðtoga, sem hann telur sig þó vera.

Ég ætla þá að víkja nokkrum orðum að þeim gr. í þessu frv., sem mest hefur verið deilt um, þ. e. 4. og 5. gr., eða þeim gr., sem fjalla um vísitöluskerðinguna. Hæstv. viðskmrh. viðurkenndi nú, að í þessum gr. fælust breytingar á gildandi kjarasamningum. Hann reyndi bara að afsaka með því, að lög væru svo oft sett, sem breyttu samningum á einn eða annan hátt. En sem sagt, það liggur hér fyrir frá hans hendi, enda getur hann ekki annað, að þessar gr. breyti verulega grundvelli kjarasamninganna, sem gerðir voru á s. l. sumri. Hann vildi svo halda því fram, að raunverulega fælist ekki nein kjaraskerðing í þessum breytingum. Ég held, að fsp., sem hv. 1. þm. Vestf. lagði fyrir forsrh. í gær, leiði það alveg glögglega í ljós, hvaða kjaraskerðing felst í þessum tveimur gr. Hv. 1. þm. Vestf. spurði forsrh. að því, hvort kaupmáttur launa yrði ekki hinn sami 1. des. og hann var 1. sept. s. l. Forsrh. var það hygginn, að hann vékst undan að svara þessu og sagði, að það færi eftir þessu og þessu, sem hann vildi ekki gera nánari grein fyrir. Þetta liggur einfaldlega í því, að hinn 1. des. n. k., þegar kaupið verður greitt, verða felld niður 3 vísitölustig, sem launþegar verða alveg að taka á sig. Það er 1 vísitölustig, vegna þess að áfengi og iðgjöld trygginganna eru tekin út úr vísitölunni, 2 stigum er a. m. k. frestað til 1. sept. samkv. 5. gr. frv. Þannig eru látin vera óbætt 3 vísitölustig, sem launþegum mundu vera bætt, ef þessar gr. í frv. væru ekki samþ. Þetta held ég, að hæstv. viðskmrh. hljóti að viðurkenna, að nú 1. des. lækka launagreiðslur eða dýrtíðarbætur til launþega um sem svarar þessum 3 vísitölustigum vegna þessara tveggja gr. í frv., ef þær verða samþ., og kaupmátturinn minnkar, sem því svarar. Ég held, að það sé ekki hægt að mæla á móti þessu.

Hitt er svo algerlega út í hött, þegar hæstv. ráðh. koma upp með það, að launþegar kunni að vinna þetta upp síðar, vegna þess að það mundu verða verðhækkanir á tímabilinu, sem verði ekki ef verðstöðvunin nær tilgangi sínum. Nú veit enginn um það. En þess er líka að gæta, að þarna á móti kemur það, að samkv. gildandi reglum eða gildandi l. verður ríkið, ef það grípur til niðurborgana, að byrja þær a. m. k. einum mánuði áður en kaupgreiðsluvísitalan er reiknuð út, þannig að þetta getur haft verulega kjaraskerðingu í för með sér fyrir launþega. Ég nefni sem dæmi, að ef þær niðurgreiðslur, sem ríkisstj. fyrirhugar nú á smjöri

og fleiri landbúnaðarvörum, hefðu ekki verið komnar til sögunnar fyrir 1. nóv. s. l., þá hefðu þær engin áhrif haft á kaupgreiðsluvísitöluna 1. des., þ. e. a. s. til þess að hafa áhrif á kaupgreiðsluvísitöluna 1. des. þurfti hún að vera komin til framkvæmda fyrir 1. nóv., en nú þurfa þær ekki að verða komnar til framkvæmda fyrir 30. nóv. samkv. þeim reglum, sem felast í þessum lagagr. Þetta þýðir það, að launþegar verða þarna af niðurgreiðslunum í einn mánuð eða þeim hagnaði, sem þær veita. Og það sparar ríkissjóði, að því er talið er, nokkra tugi millj. í þessum mánuði. Það er óumdeilanlegt, hvað sem hæstv. ráðh. segja, að þessum breytingum á kjarasamningunum, sem felast í frv., fylgir strax kjaraskerðing, sem nemur 3 vísitölustigum, og það er ekki hægt að halda fram með neinu móti, að þetta vinnist upp aftur, þó að það sé hægt að sýna á pappírunum einhverja útreikninga um það.

En frá sjónarmiði verkalýðshreyfingarinnar hlýtur málið að liggja þannig fyrir, að þó að hér sé um nokkra kjaraskerðingu að ræða, þá sé það ekki aðalatriðið. Aðalatriðið sé fordæmið, sem hér er verið að skapa, það fordæmi, að ríkisvaldið geti í andstöðu við verkalýðshreyfinguna breytt kjarasamningum, annað hvort lækkað grunnkaup eða skert dýrtíðarbætur. Það er að vísu rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að þetta var gert 1956, en sá var munurinn á, að það var þá gert með samþykki allra helztu forustumanna verkalýðssamtakanna. Þó að segja megi, að formlega skipti það ekki verulegu máli, þá skiptir það öllu máli siðferðilega, og það, sem skiptir mestu máli í sambandi við alla lagasetningu, er það, að hún hafi siðferðilegan grundvöll til að byggjast á, því að ef lögin hafa ekki siðferðilegan grundvöll til að byggjast á, þá eru þau oft og tíðum miklu frekar ólög heldur en lög. Og það er þennan grundvöll, sem þessa lagasetningu vantar nú, að það vantar samþykki þess aðilans, sem á að skerða kjörin hjá, til þess að gera þessa breytingu. Það vantar þann siðferðilega grundvöll, sem lögin eiga að byggjast á. Ég held, að verkalýðshreyfingin hljóti að telja þetta fordæmi svo varhugavert, að hún geri þær gagnráðstafanir, sem að gagni koma, með hvaða hætti sem verður, til þess að brjóta niður þessi ákvæði l. og hvað sem hinum formlega rétti viðkemur, þá er það víst, að hún hefur hinn siðferðilega rétt til þess að gera það. Hún hefur þar hinn sama siðferðilega rétt og hún byggði á, þegar hún fyrr á árum var að tryggja sér þá viðurkenningu, sem hún hefur nú.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að lengja meir umr. um þetta mál. Ég vil á ný endurtaka það, að mér finnst, að þm. Samtaka frjálslyndra og vinstri manna og Alþb. eigi að óska eftir sérstökum fundi með Alþfl. til þess að ganga eftir því, hvort hann sé ekki tilleiðanlegur til þess að falla frá ákvæðum þessa frv., sem ganga jafnberlega í berhögg við verkalýðshreyfinguna og þeir hafa haldið fram, og ég verð nú satt að segja, að ég sé ákaflega illa, hvernig þeir geta haldið áfram viðræðum við Alþfl. eins og þar sé um sanna jafnaðarmenn að ræða, eftir að Alþfl. stendur að lagasetningu eins og þessari, sem gengur í berhögg við verkalýðshreyfinguna. Og mér finnst, að hér þurfi að reyna að byrgja brunninn, áður en barnið er dottið ofan í, þ. e. að þeir taki upp þessar viðræður við Alþfl., áður en þetta mál er endanlega afgreitt úr þinginu, en bíði ekki eftir því, að það verði afgreitt héðan. Það er helgi framundan, og sú helgi fyndist mér, að væri vel notuð, ef þeir óskuðu eftir sameiginlegum fundi þessara þingflokka til þess að ræða um þetta mál. Ef það færi nú svo, að Alþfl. væri nú tilleiðanlegur til þess að gerast sannur jafnaðarmannaflokkur og breyta afstöðu sinni, þá finnst mér nú líklegt, að hæstv. viðskmrh. hafi þau áhrif, að hann gæti fengið málinu frestað í svona 2—3 daga, meðan þessir þrír vinstri flokkar væru að ræða nánar um þetta mál.

En um málið í heild vil ég svo að endingu segja það, að mér finnst það vera fullkomin staðfesting á því, að Sjálfstfl. hafi rétt fyrir sér, þegar hann óskaði eftir þingkosningum á síðasta hausti. Sjálfstfl. byggði það á því, að það væru fram undan miklir erfiðleikar í efnahagsmálum þjóðarinnar og það væri ólíklegt, að stjórnarliðið væri fáanlegt til þess að gera raunhæfar ráðstafanir fyrir kosningar, og þess vegna væri heppilegast að hafa kosningar strax í haust. Þær ráðstafanir, sem felast í þessu frv., styðja alveg þetta mat Sjálfstfl., því að það liggur í augum uppi og það viðurkenna allir, að hér er um hreinar bráðabirgðaráðstafanir að ræða, bráðabirgðaráðstafanir, sem alls ekki geta staðizt lengur en fram yfir næstu kosningar, og þá verður að gera það, sem Sjálfstfl. taldi, að hefði þurft að gera í haust, ef kosningar hefðu farið fram.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 143) leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Að vanda hefur verið lögð dagskrá á borð þm. Á dagskrá Nd. í dag er eitt mál, „stöðugt verðlag og atvinnuöryggi". Ég gæti trúað því, að ef þessi dagskrá væri borin út um bæinn og menn litu á hana fljótlega, þá risi fagnaðaralda um allan bæ, því að þá héldu menn, að stjórnarliðið hefði nú, eftir þessa 11 eða 12 ára setu loksins tekið sig á og tekið það fyrir fyrst og eitt mála, sem átti að vera höfuðmálið í byrjun samstarfs þessara flokka. Það yrði áreiðanlega mikill léttir fyrir marga, ef þessu yrði komið á, t. d. fyrir þá, sem vinna við atvinnuvegina og hafa búið í stöðugri óvissu árum saman um langt árabil með allt verðlag á öllum rekstrargjöldum, fyrir neytendur, fyrir húsmæðurnar, sem fara út í búðir daglega hér í bænum og mega á hverjum degi búast við því að sjá nýja verðmiða á vörunum ellegar strikað yfir verðið á gamla miðanum og annað hærra sett í staðinn, þá líklega kæmi þetta sér betur fyrir sparifjáreigendur, og sjálfsagt mundi einhverjum létta, ef drægi úr því óskaplega annríki, sem verið hefur um langt skeið og aldrei meira en

nú á síðustu tímum, á viðreisnartímunum, hjá öllu því fólki, hundruðum og þúsundum manna, sem situr við það með sveittan skallann að reikna út sífelldar breytingar á kauptöxtum í hundruðum liða hjá hinum ýmsu starfsstéttum og verðlagi á þúsundum vöruflokka og einstakra vara. Það er víst ekki vafi á því, að það mundi létta á þessu fólki, ef það á nú loksins að verða að veruleika, sem þessir stjórnarflokkar lofuðu í byrjun síns samstarfs, að koma á stöðugu verðlagi og tryggja grundvöll atvinnuveganna, en því hefur þá fylgt, sem hér er kallað atvinnuöryggi og má líta á kannske á fleiri vegu. Og það mundi þá létta á víðar. Menn þyrftu kannske ekki að fara eins hratt í það að búa til nýja mynt, og þá kannske yrði þeirri hættu bægt frá, að dálkarnir í tölvunum og heilunum yrðu of fáir fyrir viðreisnarkrónurnar. Það væri því ekki furða, þó að mönnum létti, ef þeir þættust sjá fram á þetta og væru svo fljótfærir að taka þetta alvarlega.

Það er ómögulegt að skoða þetta frv. og þann málatilbúnað, sem nú er uppi hafður hér, án þess að líta aðeins til baka og meta hann í samhengi við það, sem á undan hefur gengið. Auðvitað skyggir það strax á, sem hér var rækilega upplýst áðan af hv. 4. þm. Austf. með upplestri hans úr gerðum verðlagsnefndar, að á undanförnum vikum hefur verðlag stöðugt þokazt upp og alveg eins og ekki síður á því tímabili eða þeim tíma, sem liðinn er frá því, að hæstv. ríkisstj. boðaði verðstöðvun. En hvað sem því líður, þá má, ef nokkuð er skyggnzt aftur í tímann, auðvitað öllum vera ljóst, að lítið er að byggja á verðstöðvunum, sem þessi hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkar beita sér fyrir á svipuðum tíma og nú, m. ö. o. þegar dregur að því, að enn á að ganga til kosninga, því að þessir tilburðir eru sem sagt ekkert nýir.

Samstarf þessara flokka byrjaði á því, að Sjálfstfl. studdi minnihlutastjórn Alþfl., sem mynduð var 1958. Þá hafði vinstri stjórnin farið frá völdum. Hún hafði beðizt lausnar, vegna þess að hún taldi sig ekki geta framkvæmt þá stefnu, sem hún hafði heitið að berjast fyrir og standa og falla með. Þá var mynduð minnihlutastjórn Alþfl., og Sjálfstfl. studdi þá stjórn, og það var byrjun á því samstarfi þessara tveggja flokka, sem staðið hefur síðan. Þá var gerð verðstöðvun, og Alþfl., sem aldrei hefur nú verið sérstaklega stór, kom þá fram fyrir þjóðina, fram fyrir hv. kjósendur og rétti upp hendurnar eins og lítið barn og sagði: „Ég er svona stór, ég get stöðvað verðið einn, gert það, sem ekki var hægt, þó að við værum þrír saman hérna fyrir nokkrum mánuðum. Ég get stöðvað verðið. Og auðvitað leið svo ekki langt fram yfir kosningar, áður en það kom í ljós, að hér var um hreina blekkingu að ræða. Stöðvunin var aðeins stundarfró, og skriðan fór af stað aftur af fullum krafti. Tvær gengisfellingar dundu þá yfir með stuttu millibili með öllum þeim afleiðingum, sem þeim fylgja og öllum eru kunnar.

Til þess að gera langa sögu stutta vil ég aðeins aftur víkja að því, að þegar síðast átti að kjósa, var alveg nákvæmlega sami leikur leikinn, og ég er ekki búinn að gleyma því, sem ég las þá í „blaði allra landsmanna“. Þá var minnkandi afli, og það hafði orðið verðfall á íslenzkum vörum erlendis. En í „blaði allra landsmanna“ mátti lesa það, að þeim ógnum, sem af slíkri þróun stöfuðu, hefði verið bægt frá, fullkomlega bægt frá, í krafti þeirrar ágætu stjórnarstefnu, sem hér hefði ráðið í landinu á undanförnum árum. Þetta var auðvitað fyrir kosningar. Síðan var kosið og blekkingin tókst þannig, að stjórnin hélt meiri hl. Síðan leið sumarið með sumarfríum og siglingum, en þegar þing kom saman að hausti, var það eitt fyrsta málið, sem kom fyrir þingið, að gera neyðarráðstafanir í efnahagsmálum. Og þær ráðstafanir voru fyrst og fremst fólgnar í því að seilast inn á matborð heimilanna og ná með þeim hætti nokkrum hundruðum millj. kr. inn í ríkissjóðinn með því að fella niður niðurgreiðslur af brýnustu matvælum og annað af því tagi. Þessi aðför mætti harðri andstöðu hér á Alþ., eins og hv. þm. muna, og það var kannske orðin nokkur tvísýna á því, hvort ríkisstj. þyrði að halda áfram með aðgerðir í þessari mynd, þegar það gerðist, að Bretar felldu gengi síns gjaldmiðils nokkuð. Ríkisstj. fór þá að dæmi þeirra og felldi gengi íslenzku krónunnar, en miklu meira en Bretar gengi pundsins. Ég ætla ekki að fara að eyða tíma í það að rekja þessa sögu neitt nákvæmlega. Hv. þm. og aðrir, sem fylgdust með þeim málum þá, muna hana og kunna hana, og þeir muna þær marghljóða yfirlýsingar, sem þá voru gefnar af hæstv. ríkisstj. og t. d. af hæstv. viðskmrh., fyrst um það, að gengislækkun kæmi ekki til greina, hún væri ekki lausnin, og síðan örfáum vikum seinna um það, að gengislækkun væri einmitt rétta leiðin og allra helzt sú gengislækkun, sem þarna var framkvæmd, vegna þess að hún hefði verið undirbúin svo vel og allir útreikningar væru í svo góðu lagi, að slík ágætis gengislækkun hafði aldrei áður komið til framkvæmda, a. m. k. ekki á þessu landi.

Þessi gengisfelling var gerð að hausti eins og oftar, og það var varla hægt að bíða með það þangað til þing kom saman aftur eftir þinghléið um jól og áramót að leggja fram ný frv. um nýjar vandræðaráðstafanir til viðbótar við þá aðgerð, sem í gengislækkuninni fólst. Svo vel stóðust þeir útreikningar, sem talsmenn hæstv. ríkisstj. höfðu fyrir fáum vikum sagt hv. þm. og þjóðinni, að væru með öllu óyggjandi og aldrei hefðu aðrir slíkir legið fyrir, þegar gengislækkun hefði verið gerð. Og það leið enginn mánuður svo á þeim vetri, vetrinum 1967—1968, að ekki kæmu fram mánaðarlega ný vandræðafrv. í ýmsum myndum til viðbótar við þá hina vel útreiknuðu gengislækkun.

Og við höfum séð meiri gengislækkanir og stærri, síðan þetta var. Og við síðustu gengislækkun, má segja, að það hafi verið náð merkum áfanga í þeirri sorgarsögu að lækka gengi íslenzkrar krónu, því að það er þá, sem það gerist við síðustu gengisfellingu, að sú króna, sem fyrir 40 árum jafngilti einni vinnustund, svona lauslega reiknað, var ekki lengur orðin einnar mínútu virði, heldur væri nær að segja

það, að nú þurfi 100 kr. á móti einni fyrir 40 árum, þegar metið er á móti vinnu.

Þessi saga, þó að hún sé ekki rakin hér nema í örfáum orðum, gerir að engu þær vonir, sem menn ella kynnu að binda við þetta stöðvunarfrv. í höndum núv. ríkisstj. Og vegna þess, að það eru ekki nema örfáir dagar síðan hæstv. forsrh. lýsti yfir því hér á Alþ., að stjórnarstefnan yrði óbreytt, þá er engin minnsta ástæða til þess að ætla, að annað fari á eftir heldur en það, sem hv. þm. og allir landsmenn þekkja allt of vel. Þó að þetta frv. verði samþ. og með bráðabirgðaráðstöfunum verði stöðvað verðlag þangað til í haust, þá er óvissan, a. m. k. við sömu forustu, alger um það, hvað við taki. Það eina, sem mælir með því nú að mínum dómi að gera bráðabirgðaverðstöðvun, líkt og hér er farið fram á, að slepptum þeim aðgerðum, sem snerta gerða samninga og gilda, það er, að það eru kosningar fram undan í vor, og þá er möguleiki til þess fyrir þjóðina að skipta um forustu og knýja fram breytta stefnu. Með því eina móti getur gagn orðið að því að stöðva verðlag til bráðabirgða, en annars alls ekki, því að eins og sýnt hefur sig áður við verðstöðvanir þessara hv. stjórnarflokka, sem nú fara með völd, þá hefur verðbólgan aukizt og magnazt margfaldlega að þeim loknum hverju sinni. Það hefur verið margsýnt fram á það hér, að aldrei að undanteknum hæsta toppnum á stríðsárunum hefur verðbólguþróunin orðið eins ör og á stjórnartíma þessarar stjórnar, sem settist á stjórnarstóla til þess að stöðva verðbólguna, til þess að koma á jafnvægi í peningamálunum.

Efni þessa frv. hefur áður verið margsinnis rakið hér í umr., og síðast áðan vék hv. 4. þm. Reykv. að því í einstökum atriðum. Frv., eins og það er nú, felur það í sér að ógilda viss atriði í þeim samningum, sem verkalýðssamtökin og atvinnurekendur hafa nýlega með sér gert. En það er álit margra, að unnt hefði verið að ná sama marki og þetta frv. stefnir að, þ. e. stöðvun til bráðabirgða, án þess að grípa til þessara ráðstafana, sem enginn getur sagt um nú, hvaða afleiðingar kunna að hafa og er ég þó með þeim orðum á engan hátt að gefa það í skyn, að stéttasamtökin taki til neinna ólöglegra aðgerða. Skyndistöðvun verðlags er því aðeins réttlætanleg, eins og ég sagði, ef nota á tímann til þess að undirbúa breytta stefnu, annars er hún gagnslaus. Þetta frv. er eins og hér hefur oft verið bent á, enn ein sönnunin og ekki sú sízta fyrir úrræðaleysi og uppgjöf þessarar ríkisstj., uppgjöf við málefnin, þó að ekki kenni neinnar uppgjafar við það að sitja í stjórnarstólunum. Nú er boðið upp á þetta, þessi bráðabirgðaúrræði, eftir þriggja kjörtímabila setu í ríkisstj. Þetta er í sjálfu sér aumkunarvert, og þetta áréttar það og undirstrikar, eins og fram kom hér áðan í ræðu hv. 4. þm. Reykv., að það var óforsvaranlegt annað en skjóta málinu undir dóm þjóðarinnar nú í haust. Þetta sáu ráðamenn Sjálfstfl., að því er virtist. Þeir létu það hins vegar ráða úrslitum að fá að sitja áfram kyrrir í stjórnarstólum þennan vetur, létu undan þrýstingi frá Alþfl., sem treysti sér ekki til þess að fara í kosningar þá. Og þetta, að Sjálfstfl. skyldi gera þetta vitandi vits, að hann var að gera rangt, er auðvitað stórlega vítavert. Það bar að kjósa í haust og raunar miklu, miklu fyrr, því að það má segja, að það hafi ekki örlað á því allan þann tíma, sem þessi meiri hl., sem nú fer með völd, hafi nálgazt það að koma í framkvæmd þeim meginstefnumálum, sem hann eða stjórnin setti fram í byrjun þessa samstarfstímabils, en þau voru, eins og allir muna, m. a. stöðvun dýrtíðarinnar, og ég hef áður vikið að, hvernig það hefur tekizt. Hækkun dýrtíðar nú er u. þ. b. 250 á móti 150, áður en þessir komu til valda. Allir vita, hvernig til hefur tekizt um það fyrirheit að draga úr skuldasöfnun erlendis, en hún hefur margfaldazt. Þá hef ég líka vikið að því, að á þessu tímabili hefur sá áfangi náðst, að krónan jafngildir orðið einseyringi miðað við um 1930.

Það er ekki hægt annað að segja en þetta eru ákaflega ömurlegar staðreyndir, og þessi þróun segir til sín í öllu þjóðlífinu. Það mætti spyrja, hvort hæstv. ríkisstj. búist við því, að það þurfi nokkuð sérstakt að gera fyrir atvinnuvegina svona undir áramótin, útflutningsatvinnuvegina, sjávarútveginn. Það má mikið vera, ef það telst ekki nauðsyn, og það veit alþjóð. Margar tölur liggja fyrir um það, að kaupmáttur launa er lítill, og það hefur ekki lengi verið jafnerfitt fyrir fjölskylduna að láta endana ná saman, þegar kaupa á í matinn og kaupa allra brýnustu nauðsynjar. Það atvinnuleysi, sem hér gaus upp eins og drepsótt á valdatíma þessa stjórnarmeirihluta rétt að loknu hinu mesta góðæri, sem yfir Ísland hefur gengið, hvað snertir útflutningsframleiðsluna, er enn þá ekki kveðið niður. Það er enn þá viðvarandi á svæðum. Atvinnuleysi var hér óþekkt í áratugi, og ég álít, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki snúizt við þeim málum af þeirri hörku, sem eðlilegt var, heldur láti sér þvert á móti fremur hægt um að kveða þá vofu niður, og ég álít það mjög vítavert, að hún skuli ekki hafa unnið að því af festu, að atvinnuleysi sé algerlega úr sögunni, því að auðvitað er það óskaplegasta verðmætasóunin, sem til er, þegar vinnandi hendur hafa ekki verk að vinna. Þetta og ótal margt fleira hlýtur að skoðast, þegar hæstv. ríkisstj. leggur nú fram enn eitt frv. um skyndistöðvun verðlags. Það er ekki hægt að líta fram hjá þessum hlutum.

Það kom fram hér við 2. umr. þessa máls, að stjórnarandstæðingar voru reiðubúnir til þess að taka þátt í skyndistöðvun verðlagsins, en þó ekki á þeim grundvelli að brjóta um leið niður gerða og gilda samninga. En ég legg áherzlu á það enn þá og aftur, að skyndistöðvun verður því aðeins gagnleg, að hléið sé notað til þess að undirbúa aðrar ráðstafanir, undirbúa breytta stefnu. Stjórnarandstöðuflokkarnir hafa báðir margsinnis lýst yfir því, hvernig þeir vildu taka á málunum, og ég ætla ekki að fara að fara út í það, t. d. varðandi Framsfl., heldur læt ég nægja að vísa til þeirra þingmála sem hafa verið lögð fram af hálfu flokksins og flokksmanna á þessu þingi og raunar áður.

Mér þótti eins og líklega fleiri þm. töluvert skrýtin ræða hæstv. viðskmrh. áðan, þegar hann í fundarbyrjun eiginlega vakti upp umr. um þetta mál nú að nýju við 3. umr. Hann talaði um stjórnarskrárbrot, en sennilega hefur hann nú bara meint það, sem hefur verið gagnrýnt, að setja hér lög, sem brytu í bága og gerðu ógilda nýlega gerða kjarasamninga. Og hann fór mörgum orðum um það, að raddir utan úr bæ ættu nú ekki að hafa áhrif hér á hv. Alþ. Mér þótti þetta nú koma úr hörðustu átt einmitt hjá þessum hæstv. ráðh. Ég man ekki betur en hann væri einn ráðh. í vinstri stjórninni, og eitt af því, sem henni hefur mest verið legið á hálsi fyrir, var það, að hún vildi hafa samband og samstarf við vinnustéttirnar um þær ráðstafanir, sem hún gerði. En ég veit ekki betur en þessi hæstv. ráðh. hafi þá verið í stjórn og þar með gerzt sekur um það, sem hann nú telur mjög vítavert, að hlusta eftir röddum utan úr bæ, en raddir utan úr bæ eru auðvitað ekki annað en raddir fólksins, og það er eðlilegt, að á það sé hlustað, þó að Alþ. að síðustu taki sínar ákvarðanir. Og ég man nú ekki betur en í fyrra hefði þessi hæstv. ráðh. einna sterkust orð um þá óhæfu, sem hann taldi, að átt hefði sér stað, þegar kom til uppþots með íslenzkum námsmönnum í Stokkhólmi. Íslenzkir námsmenn erlendis höfðu uppi mikla sókn í fyrra, og sums staðar gekk nú nokkuð langt að dómi hæstv. ráðh. og fleiri. Og það man ég alveg fyrir víst, að hæstv. ráðh. hafði þau orð hér, að þessar aðgerðir hlytu að spilla fyrir námsmönnum erlendis. Og jafn víst er hitt, að örfáum dögum seinna, áður en vikan var liðin, kom yfirlýsing frá þessum sama hæstv. ráðh. um það, að öll atriði varðandi kjör námsmanna í framhaldsnámi og sérstaklega námsmanna erlendis yrðu tekin til rækilegrar skoðunar. Og ég gat a. m. k. ekki varizt því, að þetta bæri keim af því, að hæstv. ráðh. hefði hlustað á „raddir utan úr bæ". En í sambandi við þetta mál í heild og þessa ræðu hæstv. ráðh., þá er bezt að rifja það upp, hvaða raddir það eru, sem hér er um að ræða, og ég vil láta þær koma hér fram og fá þær inn í þingtíðindin. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa punkta úr því bréfi, sem miðstjórn Alþýðusambands Íslands sendi ríkisstj. og sendi fjhn. þessarar d. afrit af. (**Gripið fram í:** Það er búið að lesa það.) Það lítur ekki út fyrir það, að hæstv. viðskmrh. hafi fylgzt vel með því. Það lítur ekki út fyrir það. Hvort honum kemur að gagni þessi lestur, get ég hins vegar ekki ábyrgzt, en hann hefur, eins og sumir hv. stjórnarliðar, og nú hefur nýlega komið fram, metið það meira að fara í símann heldur en vera við umr. um alvarlegt mál. En hér segir svo:

„Vegna fram komins frv. ríkisstj. um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis ályktar miðstjórn Alþýðusambands Íslands eftirfarandi:

1. Hún mótmælir eindregið þeim ákvæðum frv., sem fela í sér skerðingu á launum samkv. samningum verkalýðsfélaganna frá 19. júní s. l. og síðar með þeim hætti, að umsömdum vísitölugrundvelli er breytt til kaupskerðingar um 1 stig, 2 vísitölustig felld niður í sama tilgangi og verðlagsbætur miðaðar við tíma, sem launafólki er um sinn mun óhagstæðara en samningar kveða á um.

2. Hún telur, að með þessum hætti sé grundvelli samninganna frá 19. júní s. l. og síðar kippt brott og þeir því úr gildi fallnir, hvað öll kaupgjaldsákvæði áhrærir, verði þessi lög lögfest.

3. Hún hvetur því öll sambandsfélög til að tilkynna viðsemjendum sínum, að þau muni krefjast nýrra kjarasamninga, komi skerðingarákvæði frv. til framkvæmda.

4. Hún vísar til samþykktar sinnar frá 11. okt. s. l. og staðhæfir, að unnt sé eftir þeim leiðum, sem þar er bent á, að stöðva verðbólguþróunina, án þess að grípa þurfi til lögþvingaðra breytinga á gerðum og gildum kjarasamningum verkalýðsfélaganna.

5. Hún telur, að frjáls samningsréttur verkalýðshreyfingarinnar sé þverbrotinn með framangreindum ákvæðum, ef að lögum verða, og tvísýnt sé um framtíð hans, ef slíkri aðför að honum er ekki mætt með fyllstu samstöðu af hálfu verkalýðssamtakanna. Einnig telur miðstjórnin, að nái ógilding lögmætra samninga nú fram að ganga, leiði það óhjákvæmilega til þess, að ekki verði unnt að gera kjarasamninga nema til fárra mánaða í senn, til stöðugrar óvissu fyrir báða aðila vinnumarkaðarins."

Þetta var það bréf, sem sent var hæstv. forsrh. og þar með ríkisstj., og ég hygg, að það hafi fyrst og fremst verið þetta bréf, sem hæstv. viðskmrh. átti við áðan, þegar hann var að tala um raddir utan úr bæ og með augljósri fyrirlitningu eða a. m. k. vandlætingu. En hver skrifar þetta bréf? Það er ekki Alþb. eða Framsfl. eða einhver sérstök samtök stjórnarandstæðinga. Nei, það er miðstjórn Alþýðusambands Íslands, sem skrifar þetta bréf, og ég veit ekki betur en sú miðstjórn sé blönduð stjórn og þar sitji saman bæði stjórnarliðar og stjórnarandstæðingar. Og hvernig er orðið samræmið á stjórnarheimilinu, þegar annars vegar hæstv. ráðh. flytja mál sitt á þann hátt, sem hæstv. viðskmrh. gerði hér áðan í ræðustóli á hv. Alþ., og svo menn í trúnaðarstöðum úr sömu herbúðum senda inn erindi eins og það, sem ég hef nýlokið að lesa. Ég veit það vel, og það vitum við öll, að hæstv. ríkisstj. hefur hér öruggan þingmeirihluta, það er enginn að draga það í efa, og hennar er valdið. En ég held þó, að hæstv. ríkisstj. ætti að gera sér það ljóst, sem hún hlýtur raunar þegar að hafa gert, að hér eru ekki nein gamanmál á ferðum, og ég held, að hún ætti, hvort sem það er vegna þrýstings utan úr bæ eða af öðrum ástæðum, að endurskoða afstöðu sína í þessu máli og reyna til enn frekari þrautar að ná samstöðu um aðgerðir. Ég álít þetta skyldu hæstv. ríkisstj. Og ég álít það enn frekar skyldu hennar, þegar það er haft í huga, að hún lét undir höfuð leggjast í haust að vísa þessum málum og öðrum vandamálum til kjósenda, að leggja þau undir þeirra dóm, eftir að hún hefur, hvað snertir verðlagsmálin, árangurslaust allan þennan tíma reynt

að leysa þau, og hefur ekki samkv. yfirlýsingu hæstv. forsrh. komið auga á neinar leiðir til þess að gera það, aðrar en þær, sem hún er búin að reyna árangurslaust í þrjú kjörtímabil. Með allt þetta í huga held ég, að það væri fyllilega þess vert fyrir hæstv. ríkisstj. að íhuga betur afstöðu sína í þessu máli en hún nú þegar hefur gert og reyna á það alveg til þrautar, hvort ekki sé hægt að ná samstöðu um þetta mál.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hæstv. viðskmrh. hélt ræðu við 1. umr. þessa máls, af geysilegum sannfæringarkrafti, og komst þá að þeirri niðurstöðu, að hér væri ekki um kjaraskerðingarfrv. að ræða, heldur kjarabótarfrv. fyrir verkalýð landsins. Og um þetta reyndi hann að sannfæra þingheim. Í upphafi 3. umr. málsins hélt hæstv. sami ráðh. enn alvöruþrungnari ræðu og með enn meiri sannfæringarkrafti, ef mögulegt var, heldur en í fyrra skiptið. Og það var ein af þessum ræðum hans, þegar forskeytið verður alll-rangt og alll-veg satt, og það eru 3 l í forskeytinu al. Þá veit hæstv. ráðh., og það vitum við þm. líka af gamalli reynslu, að þá er ráðh. ljóst, að hann er að verja a. m. k. vafasöm sjónarmið, vafasaman málstað, og það skyldi nú ekki jafnvel hvarfla að honum, að hann vissi, að hann væri að verja rangan málstað þegar l-in verða 3? Ég var alveg sannfærður um það, að núna var hæstv. ráðh. það ljóst, að það dugðu ekki tvær ræður með öllum þessum sannfæringarhita til þess að sannfæra þingheim. Málstaðurinn var svo augljóslega rangur og málflutningurinn þrátt fyrir allan sannfæringarhitann.

Þessi eldfjallsræða hæstv. ráðh. í dag var um samningafrelsið í landinu, frá upphafi til enda um samningafrelsið í landinu, og stjskr. að vísu líka, sem enginn þm. hafði nú reyndar minnzt á í þessu sambandi. Samningafrelsið ætti bara að virða svona almennt, en Alþ. væri ekki bundið af því að virða það. Alþ. þyrfti ekki að gæta þeirra siðferðilögmála, sem gilda meðal íslenzkra borgara, að virða samningafrelsið. Það var grunntónninn í ræðu hæstv. ráðh. Ég vék einmitt að því í ræðu við 2. umr. um málið, að það væri talið glæpsamlegt, ef einstaklingur leyfði sér það að breyta stafkrók í gerðum og undirrituðum samningi, stafkrók eða tölu, og þá mundu hvorir tveggja samningsaðilar telja sig lausa af samningnum, ef slíkt væri gert. Þetta eru öllum augljós sannindi, engin opinberun, en ég álít, að siðferðilega séð sé Alþ. alveg nákvæmlega jafnóheimilt að ráðast á gerða samninga, og það geti haft hinar víðtæku afleiðingar, og beri að hugleiða fyrirfram, áður en í slíkt sé farið. Nú segir hæstv. ráðh. þrátt fyrir það, sem skrifað stendur í hans eigin frv. og hæstv. ríkisstj.: „Við höfum ekki breytt efni frv., og ég játa það, að ef efni frv. væri breytt, þá væri það árás á samningafrelsið í landinu.“ En staðhæfing okkar er sú, að hér sé ekki aðeins breyting á efni frv., heldur sé grundvallarbreyting gerð á samningum atvinnurekenda og verkalýðssamtaka frá s. l. vori, og þar með sé efni þeirra breytt. Ef það sannast, að efni sé breytt, þá játar ráðh., að það væri um árás að ræða á samningafrelsið varðandi kjarasamningana frá s. l. vori. Nú getum við út frá samningunum reynt að komast að niðurstöðu um það, hvort stjórnarandstæðingar eru að skrökva því, að samningunum hafi verið breytt eða hvort svo er í raun og veru. Fer þá nokkuð á milli mála, að umsömdum vísitölugrundvelli frá s. l. vori milli atvinnurekenda og verkalýðssamtakanna er breytt til kaupskerðingar um 1 stig? Er það ekki rétt? Hvernig er það gert? Við skulum líta á það, hvernig það er gert. Það er gert með því að taka áfengi og tóbak, sem hafa hækkað í verði, var það ekki um 15%, út úr vísitölugrundvellinum, sem samið var um í vor, og slá því föstu, að þessa verðhækkun skuli ekki meta með í vísitöluuppgjöri. Enn fremur er sagt: „Það hækka iðgjöld til tryggginga um næstu áramót, og þessi hækkun skal ekki metast í uppgjöri vísitölunnar.“ Þetta gerir hvort tveggja 1 vísitölustig. Þetta hefur ríkisstj. gert með ákvæði frv., ákveðið að hækka þarna vöru og ákveðið að hækka iðgjöld til tryggginganna, og hvorugt á að koma með í vísitölunni, en hvort tveggja var með í hinum umsamda grundvelli. Er nokkru verið að ljúga upp, að því er þetta varðar, er þetta ekki augljóst? Og nú skulum við leggja dóm á það, hvort þetta sé efnisbreyting, en þá játar ráðh. sökina á sig. Vitanlega er þetta efnisbreyting á sjálfum samningunum. Við segjum meira að segja, að þetta sé grundvallarbreyting, því að það var fyrst og fremst og umfram allt barizt um það og háð um það þriggja vikna verkfall að fá viðurkenndar fullar vísitölubætur á kaup, og formið á vísitölufyrirkomulaginu var síðan umsamið og ákveðið, að þessar vörur skyldu vera með í vísitöluuppgjörinu. Því breytir nú hæstv. ríkisstj. með þessu frv. Það er því sannað mál, að þarna er um efnisbreytingu að ræða, og við segjum, að að því er snertir vísitölugrundvöllinn, sem samningarnir byggðust síðan á, þá er þarna um grundvallarbreytingu að ræða. En þar að auki kemur svo það, að 2 vísitölustig, samkv. hinum umsamda grundvelli, eru niður felld í sama tilgangi, þ. e. þeim tilgangi að skerða kjör launþeganna. Hver getur nú haldið því fram, eftir að ég er búinn að útlista þetta svona eins og fyrir börn í 1. bekk barnaskóla, hvað í þessu frv. felst, að hér sé ekki um nokkra kjaraskerðingu að ræða? Samt koma ráðh. og neita því. Það sé ekki um efnisbreytingu að ræða, hvað þá grundvallarbreytingu. Og þetta sé bara heimilt, það sé ekkert við þetta að athuga.

Svo kemur tónninn til verkalýðshreyfingarinnar: „Okkur hérna í ríkisstj. varðar ekkert um, hvað fólk gerir samþykktir um úti í bæ.“ Hvaða fólk hefur það nú verið, sem hefur verið að leyfa sér það að láta í ljós álit sitt á þessu frv. auk okkar alþm.? Það eru stjórnir ýmissa launþegasamtaka, innan Alþýðusambandsins og utan, samtök, sem samanstanda af fólki úr öllum stjórnmálaflokkum og eru launþegasamtök og eiga að standa vörð um launa-

kjör þeirra, sem í þessum samtökum eru og byggja þau upp. Og hvernig er það, ber nú þessum vitnisburði forystumanna launþegasamtakanna saman, eða eru þeir sitt á hvað? Nei, vitnisburðirnir eru allir á einn veg, þann, að þetta frv. sé til kjaraskerðingar. Um það hefur verkamannafélagið Dagsbrún gert glögga og skýra, en öfgalausa samþykkt. Um það hefur Starfsmannafélag ríkisstofnana gert skýra samþykkt og telur sig verða fyrir brigðum af ráðh., ef þessi breyting, sem þarna sé um að ræða á vísitölugrundvelli, nái fram að ganga. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja segir, að nær algerlega sé þetta frv. á kostnað launþega og auki á misréttið í þjóðfélaginu. Ekki geta það heitið meðmæli með frv. Og Alþýðusamband Íslands hefur áður tjáð sig, og þar voru algerlega á einu máli bæði stjórnarandstæðingar og stjórnarstuðningsmenn. Flokksmenn hæstv. viðskmrh. hafa lýst yfir opinberlega í blaði, að þeir standi við samþykkt Alþýðusambandsins varðandi þetta frv., enda kom þar engum annað til hugar. En svo kemur ráðh. hér og segir: „Þetta varðar okkur ekkert um. Okkur varðar ekkert um, þó fólk úti í bæ sé að gera samþykktir um þetta.“ Ég minnist þess þó, að það er ekkert langt síðan Alþfl. hélt sitt flokksþing, og ég minnist þess líka, að það var haldinn á þessu hausti fjölmennur fundur á vegum Alþfl., þar sem rætt var um niðurstöður þær, sem urðu í borgarstjórnarkosningunum í Reykjavík, og þar kom hver ræðumaðurinn á fætur öðrum dapur í bragði í ræðustól og sagði: „Það er því miður orðin staðreynd, að fólkið í landinu, meiri hl. þess kann ekki lengur að gera greinarmun á Alþfl. og Sjálfstfl., jafnaðarmannaflokki og auðvaldsflokki.“ Hver gæti ímyndað sér, að það væri Alþfl.-ráðherra, sem segði með geysilegum sannfæringarkrafti: „Mig varðar ekkert um það, hvað fulltrúar Alþfl. í miðstjórn Alþýðusambandsins eru að gera samþykktir um úti í bæ.“ Ég veit þá ekki, hvað er að gefa snoppung, ef ekki slík ummæli. Fulltrúar Alþfl. á nefndum samkomum, sem ég vék að áðan, sögðu: „Það er höfuðskylda Alþfl., þm. hans og ráðh., að sjá um það, að á stjórnmálasviðinu sé framfylgt þeirri stefnu, sem Alþfl. aðhyllist í verkalýðs- og launamálum.“ Það er dálaglega staðið við þann tilgang flokksins hér í sölum Alþ. í meðferð þessa frv. Hér er gengið gegn hagsmunum verkalýðsins, eins og afstaða er tekin til þeirra mála í Alþýðusambandi Íslands og öllum öðrum stéttarfélögum, sem ég veit að hafa gert samþykktir um málið fram til þessa. Og að því stendur verkamannaflokkurinn, jafnaðarmannaflokkurinn, Alþýðuflokkur Íslands, og heldur uppi harðvítugri vörn fyrir þessum ósóma heldur en jafnvel fulltrúi auðvaldsflokksins, sjálfur forsrh. (**Gripið fram í:** Hvar er viðskmrh.?) Hann er í símanum, hann er að fá sér eitt símtal.

Nú sé ég, að ráðh. eru farnir að ókyrrast, en það er ekkert við því að segja. Við erum vanir því að horfa á tóma ráðherrastóla, einkanleg ef eitthvað hitnar hér í glóðunum. Helzt geta þeir tollað hér, ef geispa setur að öllum þingheimi af leiðindum og mollu. En ég er ekkert hissa á því, þó að þeir sitji ekki í stólunum núna. Þeir eru kannske of heitir neðan undir bossann á þeim? Hæstv. ráðh. fór svo, þegar hann var búinn að gera samningafrelsinu í landinu þessi skil, að þetta væri vel hægt, að fylgja þessu frv. fram, að það breytti ekki efni samninganna frá því í vor. Þó er það sannað mál, að það gerir frv. einmitt, og út af því er öll ólgan. Út af því er allur hitinn, líka sá hiti, sem leggur núna upp í gegnum ráðherrastólana. Úr því að svipaður ósómi hafði verið framinn 1956, þá gat ósóminn í ár verið ágætur, ef slíkt hefði bara verið framið áður, eitthvert ódæði þessu líkt. (**Gripið fram í:** Það er alltaf verið að tala illa um okkur.) Það er leiðinlegt að verða að baktala ráðh., en það er ekki hægt annað. Ég held, að ég fari nú ekki að endurtaka það, sem ég er búinn að baktala hæstv. ráðh. Hann verður að hafa fyrir því að lesa þetta í Alþt. (Gripið fram í.) Það er alveg auðheyrt, að hæstv. forsrh. lítur þessar viðræður um vinstra samstarf ekki hýru auga. Það örlar á afbrýðisemi, og hann heldur, að hæstv. ráðh. Alþfl. sé að halda fram hjá sér núna meira að segja. — Nú, nú, hann hefur sennilega bara verið að fá sér eitt símtal. Það er búið að draga atburðina frá því 1956 inn í umr. hér áður og gera því máli mjög rækileg skil, greina frá tildrögum, greina frá því, hvernig vinstri stjórnin þá stóð við stjórnarsáttmálann. Hún leitaði ekki aðeins til stjórnar Alþýðusambandsins, heldur einnig til fulltrúaráðsins í Reykjavík, 19 manna efnahagsmálanefndar, sem Alþýðusambandsþing kaus til þess að fylgjast með slíkum málum og til flestra forystumanna verklýðsfélaganna í landinu. Hún spurði verkalýðssamtökin þannig frá toppi og niður í rót: „Hvað viljið þið, að vinstri stjórnin geri gagnvart þeirri hækkun vísitölu, sem á að verða með haustinu? Viljið þið, að við gerum ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir hækkanirnar, eða viljið þið, að þær gangi fyrir sig og verkalýðssamtökin fái þær launabætur í krónutölu, sem lög standa til að öllu óbreyttu?“ Svörin, sem ríkisstj. fékk við þessari spurningu, voru þessi: „Við viljum að þið gerið ráðstafanirnar, sem þið hafið boðað. Við ekki aðeins ætlumst til þess, heldur krefjumst við þess af ykkur.“ Það var enginn minnsti ágreiningur við verkalýðshreyfinguna um þetta mál. En samkv. samtímaheimildum í Alþt. er atburðunum lýst á þennan hátt, með leyfi hæstv. forseta:

„Það fyrsta, sem gert var í efnahagsmálunum í samráði við forystumenn verkalýðssamtakanna og bændasamtakanna var að setja á algera verðlags- og kaupgjaldsstöðvun um 4 mánaða skeið, frá 1. sept. til áramóta, meðan afráðið yrði, til hvaða úrræða skyldi grípa í efnahagsmálum. Stjórnarandstaðan rak þegar í stað upp tryllingslegt öskur út af þessu og fullyrti, að með þeirri ráðstöfun væri verið að stela 6 vísitölustigum af kaupi fátækra verkamanna.“ (**Gripið fram í:** Reyndist þetta ekki rétt?) Það voru ekki verkalýðsfélögin, sem ráku upp þetta öskur, það var auðvaldsflokkurinn. (Gripið fram í.) „Reyndi Sjálfstfl. strax með öllu móti að æsa

verkalýð landsins upp gegn þessari ráðstöfun, en árangurinn varð harla rýr, nánast enginn. Almenningsálitið í landinu kvað Morgunblaðið og önnur málgögn íhaldsins strax í kútinn í þessu máli. Dýrtíðin hafði vaxið risaskrefum á árinu 1956. Vísitalan hafði hækkað um 13 stig á nokkrum mánuðum, áður en ríkisstj. Ólafs Thors veltist úr sessi. Stöðvunin var óumdeild þjóðarnauðsyn. Verkalýður landsins vildi ekki meira af svo góðu. Hann vissi vel, að hann átti að fá 6 vísitölustiga hækkun á kaup sitt þann 1. sept., en hann vissi jafn vel, að bændur áttu strax þann 15. sept., hálfum mánuði síðar, að fá hækkun á landbúnaðarafurðum, og var reiknað út, að strax, þegar sú hækkun væri komin til framkvæmda, hálfum mánuði síðar, væru að engu orðin 5 stig af þessum 6. Það eina stig, sem þá var eftir, sáu menn, að yrði ekki lengi að hverfa, ef fram næðu að ganga þær háværu kröfur um hvers konar verðhækkanir, sem þá voru uppi."

Þetta er saga þessa máls, eins og það bar þá að, og það var dómur verkalýðshreyfingarinnar sjálfrar, sem gekk um það, hvort það ætti að hafa þessi 6 vísitölustig af launafólkinu, ef niður væri felld verðhækkunin, sem átti að verða á landbúnaðarvörunum hálfum mánuði síðar, sem ríkissjóður borgaði niður að fullu og bætti bændum þannig það að fullu. Þá sagði verkafólkið: „Þegar orsökinni er kippt burtu, og það viljum við að sé gert, eigum við auðvitað ekki heimtingu á kauphækkun." Mér finnst það ekki hæfa forsrh. landsins að gera sér upp skilningsleysi og heimsku, því að hann er hvorugt, heimskur eða vitlaus.

Þetta er glæpurinn frá 1956, sem hæstv. viðskmrh. tók þá við, jafn sannfærður um, að hann væri að gera rétt eins og hann virtist vera hér í dag, að hann væri að gera rétt, en sem öllum er þó augljóst, að hann er að gera rangt. Það er merkilegur eiginleiki hjá hæstv. viðskmrh. að geta tekið afstöðu með málum og ráðast svo á þá afstöðu fyrr eða síðar. Hann er ekki búinn að gleyma því, sem gerðist 1956. Það er ekki af því, að það sé svo langt um liðið, að hann fordæmir það nú. (Gripið fram í.) Nei, það er ekki verið að segja, að hann hafi verið að vitna í þetta í dag til þess að fordæma það. Hann var að leita fordæmingar á því, sem hefði verið gert 1956. Það væri nú heldur æskilegt, að ráðh. gætu staðið við orð sín og gerðir svona nokkrar klukkustundir í einu. Það ætti nú ekki að vera of mikil krafa til þeirra. (Gripið fram í.)

Ég tók eftir því undir lok ræðu hæstv. ráðh., að þegar hann var að gera samanburð á því, hvernig við færum að varðveita kaupmátt launanna, þá varð öll viðmiðun hans við það, að þeir gerðu ekki neitt, að engar ráðstafanir væru gerðar. Það var öllum augljóst nema kannske hæstv. ríkisstj., að ef ekkert væri að gert, þá mundi kauphækkunin frá s. l. vori verða að engu gerð, af því að aðrir aðilar í þjóðfélaginu veltu henni af sér, og það voru ráðstafanir til þess að fyrirbyggja það, sem þurfti að gera á s. l. vori og sumri. En þær voru ekki gerðar. Og svo segja þeir núna: „Ef ekkert hefði verið gert og ef ekkert verður gert, þá færi ekki vel." Það er alveg rétt, en það ætlast bara enginn til þess í stjórnarandstöðunni, að þeir geri ekki neitt. Það hafa einmitt verið uppi kröfur um, að þeir gerðu ráðstafanir, sem að haldi kæmu, til þess að koma í veg fyrir áframhaldandi verðbólgu. Sú krafa hefur einnig verið til þeirra gerð, að þeir gerðu það án þess að skerða nýgerða samninga, án þess að beita lögþvingunum gegn frjálsum samningum í landinu. Þessi krafa var fram borin við þá í viðræðunum og lögð fram skjallega 11. okt. s. l. Hvers vegna gáfu þeir þá ekki yfirlýsingu um það, að þeir ætluðu ekki að skerða gerða samninga og engum lögþvingunum að beita? Þá hefði verkalýðshreyfingin verið til áframhaldandi viðræðu um raunhæfar aðgerðir til stöðvunar verðbólgudýrtíðar og gagnverkana. Hún gaf kost á því með þessu skilyrði og benti svo á ýmsar aðrar leiðir, sem þyrfti að fara, en yfirlýsing fékkst ekki um, að ekki yrðu gerðar ráðstafanir til þess að skerða gerða samninga. Af hverju fékkst hún ekki? Af því að hæstv. ráðh. gerðu sér það ljóst, hvað fyrir dyrum stæði, hvað þeir ætluðu. Þeir ætluðu sér bæði að skerða gerða samninga og beita lögþvingunum, og nú er það komið á daginn, við það hafa þeir staðið, það vantar ekki. Það var hreinskilnislega gert af þeim 11. okt. að neita að gefa þessa yfirlýsingu, úr því að þeir höfðu þetta í huga. En það kórónar hræsnina núna, þegar þetta liggur frammi fyrir öllum alþm. á borðinu, að þeir beita bæði skerðingarákvæðum og lögþvingunum, að þá skuli þeir segja: „Nei, nei, nei, nei. Það er hvorugu til að dreifa. Þetta eru bara kjarabætur, og það er undarlegt skilningsleysi af allri verkalýðshreyfingunni að þakka okkur ekki fyrir kjarabæturnar." Nei, ég kann betur við þá í gervinu, sem þeir voru í 11. okt., þegar þeir neituðu að gefa yfirlýsingu um það, að ráðstafanirnar skyldu hvorki skerða gerða samninga eða fela í sér lögþvinganir. Þá voru þeir að bera sannleikanum vitni.

Ég skal svo ljúka máli mínu svo að þessu sinni, þegar ég hef það sagt, að það er sannfæring verkalýðshreyfingarinnar, að það sé hægt að gera raunhæfar ráðstafanir til stöðvunar verðbólgu og dýrtíðar í landinu, án þess að ráðizt sé á þá samninga, sem gerðir voru á s. l. vori, án þess að skerða þá á nokkurn hátt. Hið eindæma góða árferði allt árið 1969 lagði grundvöllinn að því. Þá var atvinnulífið rekið með hagnaði, gróða, og allt, sem liðið er af árinu 1970 fram á þennan dag, hefur verið áframhaldandi góðæri, sem hefur aukið alla möguleika til þess að láta það, sem um var samið í kaupgjaldsmálum s. l. vor, halda sér óskert. Það er ekkert nema viljann, sem vantar, til þess að gera það. Og hér hafa komið fram aðvaranir um það, að samningar kynnu að vera taldir lausir og launþegasamtökin í landinu að haga sér samkv. því áliti sínu, ef seilzt verður eftir þessum 3 vísitölustigum. Yrði horfið frá því, þá mundi sennilega enn þá verða reynt á þann þátt aðgerðanna og séð til um, hvort kaupmáttur héldist nokkurn veginn óbreyttur. En vill ekki

hæstv. viðskmrh. a. m. k. viðurkenna það, að það getur verið ástæða til þess að gefa því gaum, hvort það að knýja þetta frv. óbreytt í gegn leiði til þess, að verkalýðssamtökin líti svo á, að þær breytingar hafi verið á samningum gerðar, að þau telji sig ekki bundna af þeim lengur? Hefur það engar þjóðfélagslegar afleiðingar, ef þessi skilningur verður ofan á og verður í framkvæmd? Varðar hæstv. ráðh. og ríkisstj. ekkert um það, hvort svo skipast málum, hvort samningar verði allir lausir, hvort nýjar kaupkröfur verða gerðar til þess að mæta þeirri skerðingu, sem frv. hefur í för með sér? Ég er hræddur um, að það varði bæði ríkisstj., Alþ. og þjóðina alla, og það sé langsamlega hollast þjóðinni, að hæstv. viðskmrh. breyti um afstöðu og játi, að það er ekki alveg sama hvað fólk er að samþykkja úti í bæ, þegar það er samhljóða í öllum launþegasamtökum landsins. Það minnkar engin ríkisstj. við það að taka tillit til slíkrar afstöðu launþegasamtakanna. Skal ég svo láta máli mínu lokið.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Ég hef hlustað með athygli á umr. þingheims í gær og dag um þetta frv., sem hér liggur fyrir. Því miður gat ég ekki hlustað á 1. umr., ég var ekki staddur þá í þinginu, en mig langaði aðeins að láta koma hér fram skilning minn á frv. og á umr., sem hér hafa farið fram.

Mér skilst, að enginn þm. sé á móti því, að reynt sé að stöðva víxlhækkanir verðlags og kaupgjalds. Um það eru allir sammála, sem hér hafa tekið til máls. Hitt er deilt um, hvernig að þessu skuli farið. Þó skilst mér, að það séu ekki verulega deildar skoðanir um það, að ríkissjóður skuli taka á sig nokkurn hluta, atvinnurekendur nokkurn hluta gegnum launaskattinn, en það er deilt um, hvað það sé mikið, sem af launþegum sé tekið. Sumir segja 3 stig, aðrir segja 2 stig. Nú þykist ég heyra á umr. þeirra verkalýðsforingja, sem hér hafa talað, að þeim sé fyrst og fremst sárt um, að ekki sé greidd full vísitala á kaup, eins og samið hafi verið um hér í vor. Þessa afstöðu þeirra skil ég vel, en þó finnst mér, að mestu máli skipti, hvað launþeginn fær út úr málinu, þegar að lokum er komið. Og þar er spurningin þessi: Er það rétt, sem ríkisstj. hefur haldið fram og þeir, sem reiknað hafa dæmið út fyrir hana? Er það rétt, að þau 2 vísitölustig, ég tek fyrst og fremst þau 2 vísitölustig, eins og það er orðað, held ég, í einu dagblaðinu, „deyi út“ á þessu verðstöðvunartímabili, verði þannig, að launþeginn í raun og veru, þegar allt kemur til alls, tapi ekki á málinu, en vinni við það meira atvinnuöryggi? Þetta er skilningur stjórnarflokkanna á þessu, og þess vegna fylgjum við málinu. Við teljum, að launþeginn hafi af þessu gagn, ekki tjón. Ég segi ekki, að hann hafi af þessu beinan hag, en hann hefur þó vissulega hag af því, að eitthvað sé gert til tryggingar kaupmætti launa, og það er verið að reyna með frv. En mestur hagurinn er þetta, að ef okkur tekst að stöðva eða draga a. m. k. verulega úr víxlhækkunum verðlags og kaupgjalds, þá er atvinnuöryggi meira í landinu en annars. Og nú vil ég spyrja hv. 2. landsk. þm. og hv. 9. þm. Reykv., af því að þeir eru valdamenn í verkalýðshreyfingunni og hafa vissulega sýnt það um mörg undanfarin ár, að þeir eru menn, sem treysta má á fyrir hag launþeganna að ýmsu leyti: Eruð þið ekki of kappsamir hér, þegar þið eruð að tala um það, að það megi ekki skerða þennan vísitölurétt? Eigum við ekki fyrst og fremst að líta á kaupmátt launa? Viljið þið taka á ykkur þá ábyrgð að etja verkalýðnum gegn þessu, sem hér er verið að reyna að gera? Viljið þið taka á ykkur þá ábyrgð og eiga kannske von á því, að þið berið þá nokkra ábyrgð á því, að kaupgjald og verðlag hækki meira en ella og verði til þess að skapa hér minna atvinnuöryggi? Hér var talað um það áðan, að frestun á 2 vísitölustigum þýddi það, að það væri verið að ógilda kjarasamningana frá í vor. Voru ekki kjarasamningarnir eitthvað annað og meira en eingöngu vísitölusamningar? Jú, þeir voru samningar um verulegar grunnkaupshækkanir. Það er ekki verið að ógilda neitt af þeim. Þess vegna finnst mér það ákaflega einkennileg fullyrðing, þegar það er verið að tala um að ógilda kjarasamningana. Það er kannske verið að breyta þeim að einhverju leyti, en í mínum augum er það að svo óverulegu leyti, að það, sem vinnst á móti, er mikilsverðara.

Hér var í fyrravetur oft verið að brýna okkur Alþfl.-menn á því, þegar við vorum að samþykkja hækkaðan söluskatt, að við vildum seilast inn á borð fátæku fjölskyldnanna, barnamannanna, því að söluskatturinn legðist á alla jafnt, en hví viðurkennið þið þá ekki nú, góðu herrar, sem voruð að deila á okkur í fyrra fyrir þetta, að með þessu, sem er verið að leggja til, þá er verið að rétta að þeim, sem eru með stóru fjölskyldurnar, bæði verulega hækkaðar fjölskyldubætur og með niðurgreiðslu búvörunnar, mjólkur og fleira, þá er einmitt verið að létta verulega undir með stóru fjölskyldunum, barnmörgu fjölskyldunum, og þetta er í mínum augum afar mikils virði? Ég hef talað við ýmsa einmitt úr þessum stéttum eða hópum þjóðfélagsins, og þeir segja: „Það er verið að rétta hag okkar með þessu, það er verið að bæta hag okkar, við höfum áreiðanlega betra upp úr þessu en ef allt væri óbreytt.“

Ég ætla hér ekki að taka upp hanzkann fyrir hæstv. forsrh., hann er maður til þess að gera það sjálfur, en það hefur verið talað um það, að hann hafi óvarlega talað áður en þetta frv. kom fram, og síðan hafi orðið ýmsar hækkanir, sem annars hefðu kannske ekki orðið, og einn hv. þm. las upp samþykktir frá verðlagsráði um ýmsar hækkanir undanfarið, rétt áður en frv. kom fram. Ég hjó einmitt eftir því, að ýmsar þær hækkanir voru samþ. ýmist með samhljóða atkv. eða þeir, sem greiddu ekki atkv. með, treystu sér ekki til að greiða atkv. gegn hækkununum mörgum hverjum, heldur sátu hjá. Þetta sagði sína sögu, fannst mér. Enginn þurfti að búast við því, eftir svo stórfelldar og skyndilegar kauphækkanir eins og voru í vor, að ekki hlytu að koma fram hækkanir á vöruverði, flutningsgjöld-

um, í iðnaðinum, í útveginum, hjá landbúnaðinum. Þetta vissu allir. Það þurfti enginn að undrast það, þó að verðhækkanir færu af stað. Það er alltaf háskalegt, þegar kaupgjald hækkar mjög skyndilega og í stórum þrepum. Það er áreiðanlega miklu hagfelldara, ef hægt væri að taka upp þau vinnubrögð að hækka kaup minna hverju sinni, en oftar, heldur en í stórum stökkum, eins og gert var í vor. Þar um hygg ég, að við getum verið alveg sammála hv. 2. landsk. þm. og 9. þm. Reykv., og að þessu álít ég, að allir þurfi að vinna.

En ég endurtek spurningu mína, sem mig langaði til þess að kæmi fram: Viljið þið, hv. 2. landsk. og 9. þm. Reykv., standa að því, að þetta frv. nái ekki fram að ganga? Teljið þið svo mikilsverð þessi 2 vísitölustig, að þið viljið hætta á það, að frv. nái ekki fram að ganga, að kaupmáttur launa haldist ekki líkur og nú er og að atvinnuöryggið haldist ekki betur en ella, en svo verður, ef þetta frv. nær ekki fram að ganga? Mér finnst, að ábyrgð ykkar hljóti að vera æði mikil, ef þið viljið standa gegn þessu og etja verkalýðshreyfingunni móti aðgerðunum. Þið hafið mikil völd, ég skal ekki neita því, en með vald þarf vel að fara.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Hæstv. viðskmrh. hefur tekizt mætavel að lífga hér við umr., og sennilega hefði nú 3. umr. orðið harla lítil, ef hann hefði ekki byrjað svo rösklega, sem hann gerði. Aðallega snerist ræða hans um samningsréttinn, og það er búið að segja svo mikið hér nú um það mál, að ég þarf ekki að fara að endurtaka það, sem ég einmitt sagði um það mál hér við 2. umr. málsins. En ég man nú ekki eftir að hafa séð hæstv. viðskmrh. mikið hér við þá umr., þótt hann væri nú alltaf að vitna í ræðu, sem hann hafði haldið við 2. umr. málsins. M. a. þá minntist hæstv. ráðh. á það, að það væri ekki álitið neitt samningsbrot eða stjórnarskrárbrot hliðstæðar aðgerðir, sem nú hefðu verið gerðar í Danmörku og Svíþjóð. Það er kannske alveg augljóst, vegna þess að það eru engar hliðstæðar ráðstafanir varðandi umsamin laun verkalýðsfélaganna í þeim ákvörðunum, sem teknar voru bæði í Danmörku og Svíþjóð nú um verðstöðvanir, engar ákvarðanir. Forsrh. Danmerkur kom að vísu inn á þau mál í sinni fyrstu ræðu í þinginu nú fyrir skömmu, þegar danska þingið var sett, að það þyrfti að athuga grundvöll vísitölunnar og það þyrfti að reyna að athuga að fá annað kerfi en vísitöluna, sem nú mælir kaup hjá verkafólki í Danmörku. En engum, held ég, að hafi dottið í hug að hnýta það saman við verðstöðvunarfrv. Sænskir alþýðuflokksmenn lýstu því hreinlega yfir, að ekki kæmi til mála að hrófla neitt við samningum verkalýðshreyfingarinnar í sambandi við málið. Hæstv. ráðh. er alltaf að leita að hliðstæðum. Þetta eru svona álíka hliðstæður, sem hann finnur þarna, eins og við gerninginn frá 1956.

Hann sagði ennfremur, að atvinnurekendur gætu alveg eins rekið upp ramakvein og talið, að samningar væru brotnir. Út af fyrir sig er að sjálfsögðu afar mikið atriði, hvort inntak samninganna, þ. e. a. s. það, sem það á að færa hvorum fyrir sig til tekna, er skert eða ekki. Það er alveg rétt hjá hæstv. viðskmrh. Það er að sjálfsögðu mikið atriði. En hvernig lítur þetta út frá sjónarmiði atvinnurekendanna? Ef ekkert væri að gert, og þessi 6.2 vísitölustig, sem grg. segir, að eigi að koma 1. des. á kaupið, kæmu fram og atvinnurekendur ættu að greiða kaup samkv. því, þótt vísitalan væri stöðvuð bara í því marki og alger verðstöðvun kæmi, þá mundu atvinnurekendur þurfa að greiða um 1000 millj. kr. í kaup, en þeir þurfa ekki að greiða nema 245 millj. kr. í launaskatt samkv. grg. frv. á gildistíma laganna. Það er augljóst, hverjum er verið að hygla þarna og af hverjum er verið að taka.

Hæstv. viðskmrh. sagði, að það væri grundvallaratriði málsins og endurtók nú það, sem hann hafði áður sagt, að kaupmátturinn skyldi haldast óbreyttur frá samningunum í vor, eða sá kaupmáttur, sem samningarnir hefðu gert ráð fyrir. Hann er nú hættur að reikna með maí-grundvellinum, og út af fyrir sig munar það ekki miklu, ef menn vita, hvað þeir eru að tala um. En hann kemst að þeirri niðurstöðu, að þetta frv., gengið út frá kauphækkuninni í júní, eigi að tryggja launamönnum 14% kauphækkun. Ég efast ekki um, að reikningsfærni hæstv. ráðh. er alveg á sínum stað, en hann gefur sér þá bara einkennilegar forsendur í þessu efni. Við skulum aðeins rifja upp, hvað það er, sem felst í frv. og ekki er í raun og veru neitt deilt um. Það er 1%, sem tryggingagjöldin hækka um og tóbak og áfengi, sem ekki á að skila sér aftur í kaupgreiðsluvísitölunni. Um þetta er ekki deilt. Það eru 2%, sem eiga að geymast, við skulum segja það. Þarna eru komin 3%. Síðan er búvörufrádrátturinn, sem er 1.4 samkv. því, sem gert er ráð fyrir í þessari grg. frv. Þarna eru komin sem sagt 4.4 stig, sem dragast frá kaupmættinum, eins og við sömdum um kaupið í júní í sumar. Hjá þeim, sem kauphækkunin var 18%, þá er kaupmátturinn kominn niður í 13.6. Af þessu reyndar sömdum við um og vissum það, að 1.4 eða um það mundu fara að vissu leyti. Hitt er hins vegar umfram farið. Ef kaupið er 17%, sem er sennilega meðaltalið hjá félagsmönnum almennu verkalýðsfélaganna, þá verður kaupmátturinn 12.6 á þennan hátt, og hjá þeim, sem hann var 15%, sem er mjög stór hluti og það vil ég biðja menn um að athuga, mjög stór hluti af almennu verkafólki, verzlunarfólki og ýmsu láglaunafólki, þá fer kaupmátturinn samkv. þessu niður í 10.6. Nú skulum við hins vegar líta ofurlítið nánar á þetta. Það er talið, að fjölskyldubæturnar lækki vísitöluna um 1.55%-stig. Hjá öllum þeim, sem ekki njóta fjölskyldubótanna, þá er kaupmátturinn þessum %-stigum lægri, og það er ekki lítill hluti af launþegunum í landinu, sem ekki nýtur fjölskyldubóta. Þá er kaupmátturinn hjá 18% manninum kominn niður í 12, úr 17 niður í 11, og hjá 15% manninum niður í 9%. Ég ætla ekki að þessu sinni að fara út í tafatöpin, en ég er alveg sannfærður um, að þar er um rangan hugsanagang

að ræða. Ég er alveg sannfærður um það, það stenzt ekki. Hæstv. ráðh. lagði á það mjög mikla áherzlu, að hér væri ekki um neina skerðingu að ræða. Við lítum öðruvísi á málin, og við teljum a. m. k., að það eitt að breyta grundvelli kaupgreiðsluvísitölunnar sé mjög alvarlegt atriði, og þar skipti ekki höfuðmáli aurarnir, hvorum megin þeir liggja, heldur sjálfir samningarnir. Það er a. m. k. ekki í mínu minni, að þetta hafi áður verið gert, þótt margt hafi nú verið gert varðandi samninga og samningsfrelsið.

Ráðh. varar mjög við því, að samtök utan Alþ. geri ályktanir og reyni að hafa áhrif á lagasetningu. Ég ætla ekkert að endurtaka af því, sem ég hef áður sagt um þetta við fyrri umr. þessa máls. En gæti nú ekki hæstv. viðskmrh. hugsað sér það, að einmitt svona gerningur, sem hér er nú í uppsiglingu, gæfi mjög loft undir báða vængi þeim öflum, sem gjarnan vilja stunda þessa iðju, sem hæstv. ráðh. er nú þarna að tala um? Það er ekki víst, að verkalýðshreyfingin geti í raun og veru staðið á sama hátt að málum, eins og hún gjarnan vildi gera, eftir sem áður.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er aðeins til að svara hæversklegri og eðlilegri spurningu frá hv. 9. landsk. þm., sem ég kem hér í ræðustól núna. Hann spurði um það, hvort ég og hv. 2. landsk. — fyrir hann svara ég ekki, — vildum taka þá ábyrgð á okkur að standa í vegi fyrir framgangi þessa frv., þó að það kynni svo að leiða til þess, að ekki varðveittist fullur kaupmáttur launa? Ég get lýst yfir því fyrir mína hönd, að ég vil stuðla að lagasetningu, sem miðast við raunhæfar aðgerðir til verðstöðvunar og varðveiti kaupmátt launa. En ég álít, að þessum markmiðum megi ná án þess að ráðizt sé á hinn frjálsa samningarétt, og ég tel það svo viðurhlutamikið fordæmi, að frv., sem fer út á þær brautir, get ég með engu móti samþ. Það er breyting, þar sem horfið er að því að ráðast á samningaréttinn, skerða hina gerðu samninga verkalýðshreyfingarinnar og beita lögþvingun gegn þeim. Það er það, sem ég beiti mér gegn í sambandi við þetta frv., og þar höfum við ekkert verið að gera úlfalda úr mýflugunni. Við höfum gert nákvæma grein fyrir því, í hverju þessi árás á samningaréttinn felst. En sé farið inn á raunhæfar brautir um stöðvun verðbólgu með það höfuðmarkmið að varðveita kaupmátt launanna, þá liggja leiðir okkar saman.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það eru örfá orð viðvíkjandi þessari brtt., sem ég hef leyft mér að flytja. Ég legg til, að 1. málsl. 1. málsgr. 2. gr. orðist þannig:

„Á tímabilinu 1. des. 1970 til 31. ágúst 1971 skal leggja á sérstakan launaskatt, er nemi 1½% af greiddum launum, þó aðeins af kauptryggingu sjómanna, en eigi hlut.“

Verði brtt., sem liggur frammi, um það, að „af greiddum launum“ *falli niður*, samþykkt, — það var ekki búið að samþykkja hana, þegar ég samdi þessa till., — þá kemur það á eftir þessu 1½%, þessi viðbót, „þó aðeins af kauptryggingu sjómanna, en eigi af hlut.“ Þetta er gert eftir tilmælum formanns L.Í.Ú., og landssambandið fer fram á þetta. Það má að sjálfsögðu deila um það, hvort hlutur er beint kaup, þegar sjómenn eru ráðnir upp á hlut, eins og nú er, þá eru þeir ráðnir einnig upp á fastakaup, sem er sennilega miðað við 8 dagstunda vinnu, að ég held, yfir mánuðinn, það er lágmarkskaup, en þeir taka þátt í útgerðinni með útgerðarmanninum. Aflist vel, þá fá þeir dálitla viðbót. Aflist illa, þá fá þeir ekki neitt, aðeins þessa tryggingu, sem þeir hafa. Ég hef heyrt því í samtali við menn aðeins slegið fram, að það sé erfitt að reikna þetta út, en það er þveröfugt. Það er miklu hægara að reikna þetta út, miðað við trygginguna heldur en hlutinn, því að það liggur alveg fyrir, hversu marga daga hver sjómaður er skráður. Í fyrsta lagi liggur það hjá fógeta eða þeim, sem skrásetur sjómennina. Í öðru lagi liggur það allt saman fyrir niðri í Fiskifélagi, og í gegnum þá fæðispeninga, sem eru greiddir á ákveðinn dagafjölda, svo meira að segja væri hægt að reikna þetta út niðri í Fiskifélagi, nákvæmlega hvað hver útgerðarmaður ætti að borga.

Að þetta sé sanngjarnt, held ég, að geti ekki verið mikill ágreiningur um. Ég hygg, að bátarnir hafi átt erfiðar uppdráttar s. l. ár en frystihúsin. Sannleikurinn er sá, að eftir gengislækkunina 1968 var hlutur frystihúsanna gerður miklu betri. Það var tiltölulega lítil hækkun á fiskverðinu, þannig að þeir, sem gerðu aðeins út báta, en höfðu ekki fiskvinnslu, hafa ekki staðið neitt sérstaklega vel að vígi og ýmsir tapað. Vafalaust getur þetta breytzt, en hvað sem því líður, þá er þetta ekki nema sanngirniskrafa. Ég hygg, að það gæti verið álitamál, ef þetta færi fyrir dóm, hvort eigi að telja hlut sem laun. Þetta er þóknun, sem þeir fá, ef vel aflast. Þeir neita sér um marga hluti sjómennirnir með því að vera úti á hafi og fara frá heimilum sínum að kvöldinu og vera ekki nema fáa daga heima á árinu. Ég veit, að útgerðarmenn eiga vini að, þar sem sjálfstæðismenn eru, og ég veit, að sú vinátta er varanleg og styrk og kemur oftar og víðar fram en þegar á að kjósa. Þess vegna treysti ég því nú, að þessari brtt. verði vel tekið, og ég efast ekki um, að hún verði samþ. Við, sem erum nú í stjórnarandstöðunni, skiljum þetta og styðjum flestir vonandi þessa till.

Vil ég svo ekki tefja tímann á því að halda langa ræðu um þetta, af því að ég veit, að stjórnarliðar ætla að fara að skemmta sér, og ég vil gjarnan stuðla að því, að þeir geti það.

ATKVGR.

Brtt. 143 felld með 19:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ, BP, EystJ, GíslG, HS, HV, JJ, JK, JSk, JónasÁ, LJós.

nei: ÁS, PP, BF, BK, BGuðm, BrS, EmJ, ÁP,

GeirH, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, PJ, PS, US, MÁM.

SvJ, EðS, GeirG, MB greiddu ekki atkv.

1 þm. (MK) fjarstaddur.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég geri mér grein fyrir því, að ef þessi brtt. yrði samþ., þá mundi það sjálfsagt greiða fyrir í væntanlegum sjómannasamningum, hafandi það í huga, að betra væri að eiga þá við útgerðarmenn í væntanlegum samningum sjómannasamtakanna, en hafandi það í huga, að það er þegar greiddur launaskattur af öllum launum og hlut hér í landinu, þá sé ég ekki, hvernig framkvæmanlegt ætti að vera að fara að samþykkja og lögfesta nýjan launaskatt, sem væri reiknaður út eftir öðrum reglum, og segi því nei.

Brtt. 142 samþ. með 20:3 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 21:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirH, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, MB, PJ, PS, US, SvJ, ÁS, PP, BF, BK, BGuðm, BrS, EmJ, ÁP, MÁM.

nei: GíslG, HS, HV, JJ, JK, JSk, JónasÁ, LJós, SE, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ, BP, EðS, EystJ, GeirG.

1 þm. (MK) fjarstaddur.

Frv. afgr. til Ed.

Á 16. fundi í Ed., 16. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 148).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég geri tæpast ráð fyrir því, að hv. þdm. telji, að ég þurfi að nota langt mál til þess að skýra einstök atriði þessa frv., svo mikið sem um það hefur verið rætt í Nd. og einnig almennt, síðan það var lagt fram í þinginu.

Meginatriði þessa máls eru tvenn, getum við sagt. Annars vegar eru ráðstafanir til þess að stuðla að stöðugu verðlagi og atvinnuöryggi. Við, sem höfum flutt þetta frv., ríkisstj., teljum, að þetta fari saman og stuðli hvað að öðru, stöðugt verðlag stuðli að atvinnuöryggi í landinu. En eins og endranær, þá hafa auðvitað spunnizt deilur um það, hvort rétt sé að farið af okkar hálfu við flutning þessa frv. Ég skal ekki fara út í mikinn meting um það, en meginefni málsins af okkar hálfu var að reyna að stuðla að því a. m. k., að sem jafnast væri skipt þeim byrðum, ef hægt væri að tala um byrðar, sem lagðar væru á einstaka aðila þessa máls og sem eiga mestan hlut að máli. Ég hef að vísu sjálfur sagt, að hér væri ekki verið að leggja byrðar á neinn aðila, heldur væri verið að forða frá því, að þyngri byrðar leggist á almenning en ella væri, ef hér væri ekki stofnað til þeirra ráðstafana, sem í frv. felast.

Fyrir utan efni málsins er kannske rétt að víkja aðeins að því, sem hefur orðið mikið deiluatriði, og það er spurningin um það, hvort með þessu frv. sé grundvellinum kippt undan samningagerð verkalýðsins og vinnuveitenda, sem gerð var á s. l. sumri. Um þetta hafa orðið nokkrar deilur, og sýnist sitt hverjum. Ég hef lagt áherzlu á það fyrir mitt leyti í þessu máli, að það hljóti að vera á misskilningi byggðar þær ályktanir, sem gerðar hafa verið, bæði af hálfu Dagsbrúnar, stærsta verkalýðsfélagsins hér í Reykjavík, einnig Alþýðusambandsins eða miðstjórnar þess, að slíku sé til að dreifa, og látið í ljósi þá von, að menn áttuðu sig á, að slíkt fengi ekki staðizt. Ég hef litið svo á, að samningarnir væru í aðalatriðum tvíþættir, í fyrsta lagi ákvarðanir um kaup og kjör, eins og þar stendur, sem er ástæðulaust að fara nánar út í, en í öðru lagi sú verðtrygging, sem í samningunum felist. Og fyrir utan samningana, sem gerðir voru um sjálfa upphæð kaupsins, hefði megináherzla verið lögð á það, sérstaklega af hálfu fulltrúa launþeganna, að þeir hefðu vissa tryggingu fyrir því, að ef verðlag breyttist í landinu, þá fengju þeir kaupið bætt í svokölluðum vísitöluuppbótum. Og af þessu leiddi, að meginefni málsins væri það, að kaupmáttur launanna varðveittist. Það er rétt, að það eru ákvæði í þessu frv., sem raska nokkuð ákvörðunum um útreikning vísitölu. En aftur á móti höfum við haft þá skoðun og gert grein fyrir henni í viðræðum okkar við fulltrúa launþega og fulltrúa atvinnurekenda, að kaupmátturinn mundi haldast nokkurn veginn óbreyttur, og a. m. k. miklu meira öryggi en ella með þeim ráðstöfunum, sem hér séu gerðar, og það sé meginefni málsins. Við höfum bent á það, að það, sem verið er að tala um, er, að það geti komið til þess að fresta að einhverju leyti kaupgjaldsvísitölu. Þó er það ekki sýnt, og verður nánar að því vikið hér síðar í umr., að þó að jafnvel sé gert ráð fyrir því að fresta að einhverju leyti greiðslu á vissum vísitölustigum, þá sé útreikningur þessara vísitölustiga eða kerfi það, sem við búum við, þannig, að það veiti í sjálfu sér ekki fulla verðtryggingu, eins og talað hefur verið um, m. a. vegna þess að það sé reiknuð út framfærsluvísitala og kaupgjaldsvísitala á þriggja mánaða fresti, og þar af leiðandi komi alltaf nokkrar kauphækkanir á nokkru tímabili, sem skapi hið svokallaða tap vegna útreikningsins og sem gerð er grein fyrir í grg. frv., að muni nema nálægt þeim 2 vísitölustigum, sem hugsanlegt væri, að frestaðist greiðsla á. Þetta er orðið allkunnugt af þeim umr., sem fram hafa farið um málið. Ég viðurkenni alveg, að það sé auðvitað mikilvægt, ef hin frjálsu samtök launþega eða vinnuveitenda gætu með rétti haldið því fram, að með löggjöf eins og þessari væri raskað grundvellinum undan þeirra frjálsu samningum, en það höfum við lagt mikla áherzlu á, og ég legg enn megináherzlu á það, að eftir okkar skilningi er svo ekki.

Þá hefur einnig verið talið til foráttu þessu frv., að hér sé ekki um varanlegar ráðstafanir að ræða til úrlausnar á hinu svokallaða verðbólguvandamáli.

Við höfum ekki dregið neina fjöður yfir það, að þær ráðstafanir, sem í frv. felast, eru tímabundnar til 9 mánaða, en með þeirri stöðvun, sem hér er um að ræða, og ráðstöfunum til þess að skapa stöðvun í verðlagi og öðru teljum við, að það muni vinnast, hvort heldur sem það er núv. ríkisstj. eða önnur ríkisstj. að loknum kosningum, að aðstaðan verði miklu betri og traustari en ella. Það er rétt, að það er spurt hér, hvað eigi að gera að verðstöðvunartímanum liðnum. Ég hef farið nokkrum orðum um það sjálfur og ekki dregið neina dul á það, að það eru óviss atriði, sem þar liggja fyrir, og þar koma auðvitað til álita og athugunar þau viðskiptakjör, sem þá eru, hvernig árferði hefur verið og viðskiptakjör að öðru leyti í sambandi við viðskipti okkar út á við, þegar þar að kemur. En alla vega sé þó, að það veigamikla atriði standi eftir, að með þeirri stöðvun, sem hér er stefnt að, stöndum við betur að vígi, hverjir sem eiga hlut að máli, að ráða við vandann með hliðsjón af þeim aðstæðum, sem verða á komandi sumri 1971.

Það, sem við leggjum mikla áherzlu á í sambandi við þetta, er atvinnuöryggið, sem ég hef heyrt talað um í hv. Nd., að sé aðeins í fyrirsögn frv., og það er rétt. En það er vegna þess eðlis, að það leiðir hvað af öðru að skapa stöðugra verðlag í landinu, það er vegna þeirra ráðstafana, sem að því stefna, sem atvinnuöryggið skapast. Eins og nú er komið málum, er gert ráð fyrir því í grg., að kaupgjaldið sé um 26.5%, en verði ekki að gert, mun það á mjög skömmum tíma með svipuðu áframhaldi og verið hefur, — auðvitað mætti hafa einhver áhrif á meiri verðstöðvanir en verið hafa. Við skulum láta það liggja á milli hluta, — þá yrði þetta kaupgjald komið upp undir 40% á miðju sumri 1971. Og atvinnuöryggið felst þá augsýnilega í því að halda kaupinu niðri, en engu að síður með jafnmiklum kaupmætti og verða mundi, enda þótt launþegarnir fengju þá tölulegu kauphækkun, 38.5% eða upp undir 40%, sem af þessu mundi leiða.

Ég held, að almenningur óski eftir því, að við reynum að stuðla að þeirri verðstöðvun, sem hér er verið að stuðla að í þessu frv., og enda þótt menn greini nokkuð á um hlutina, þá hafi kannske um það er lýkur verið meiri deilur um hitt, hvort við værum að trufla hér vinnu- eða samningsfrelsið í landinu, heldur en efni frv. Þannig var það a. m. k. í hv. Nd. Ekki veit ég, hvernig hv. þm. þessarar d. líta á málið, en ég vil leyfa mér að vænta þess, eins og ég sagði áðan, að bæði hv. þm. og almenningur í heild geti fallizt á, að hér sé ekki skert hið almenna samningsfrelsi í landinu, og með þeim ráðstöfunum, sem hér eru lagðar til, sé vægilega í hlutina farið, en þó nægjanlega öruggum höndum til þess að skapa stöðugt verðlag og aukið atvinnuöryggi fram á næsta sumar eða fram á haustið 1971, og vitaskuld mun þessi ríkisstj., einnig stjórnarandstaða og aðrir, sem hugleiða málin, reyna að finna meðöl til þess að gera þær ráðstafanir, sem þá kynnu að teljast nauðsynlegar í framhaldi af því frv., sem hér liggur fyrir.

Ég vil svo leyfa mér að vænta þess, herra forseti, að frv. geti fengið skjótan framgang hér. Það var unnið sameiginlega að athugun málsins af nm. í hv. fjhn. þessarar d. ásamt með fjhnm. í Nd., og embættismenn, sem hlut eiga að máli, skýrðu málið bæði fyrir nm. þessarar hv. d. og Nd., og vildi ég því mega vænta þess, að þar af leiðandi þyrfti málsmeðferðin ekki að taka svo langan tíma hjá þeirri n., sem hér fær málið til meðferðar. Ég leyfi mér svo að leggja til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. að þessari umr. lokinni og hv. fjhn.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki eyða mörgum orðum að því að skýra efni þessa frv., bæði vegna þess að hæstv. forsrh. hefur þegar gert það í framsöguræðu sinni hér og um það hafa farið fram svo miklar umr. í hv. Nd., sem hv. Ed.-mönnum eru áreiðanlega fullkunnar, að þess gerist ekki þörf. En það er einn þáttur málsins, sem í rauninni er þó veigamesti þáttur þess, sem ég vildi gera að sérstöku umtalsefni hér við þessa umr.

Svo sem segir í grg. frv., er gert ráð fyrir því, að kaupgjaldsvísitalan muni nú 1. des. hækka um 6.2 stig, og við það eru áætlanir frv. miðaðar, og í heild muni vísitöluhækkunin verða, þegar allt kemur til alls í febr. og apríl 7.5 stiga hækkun. Það er gert ráð fyrir því, sem ég þarf heldur ekki að orðlengja mikið um, að eyða þessari hækkun með samspili úr ýmsum áttum, þ. e. a. s. dreifa þeim byrðum, ef byrðar skyldi kalla, eftir atvikum á þrjá aðila og raunar fjóra, í fyrsta lagi á vinnuveitendur með sérstökum launaskatti, á verkalýðssamtök með því að heimila að skerða kaupgjaldsvísitöluna um allt að 2 stigum, sem sýnt hefur verið fram á í þessum umr. og ég skal ekki rekja nánar, að feli ekki í sér kjaraskerðingu vegna biðtíma og vegna hækkunar, sem verður á kaupi bóndans, sem ekki kemur til uppbóta, eftir því sem vísitala hækkar meir og kaupgjald hækkar meira af þeim sökum, og það er í þriðja lagi með sérstökum framlögum úr ríkissjóði, sem annaðhvort er beinlínis aflað fjár til, svo sem gert er ráð fyrir í frv., eða á þann hátt, að gert er ráð fyrir, að ríkissjóður muni leggja fram fé af sínum núverandi tekjustofnum, sem þá að sjálfsögðu er tekið frá öðrum þörfum. Í fjórða lagi er einnig gert ráð fyrir því, að bændur taki á sig nokkrar kvaðir, sem felast í því, að þeir fá ekki bætta að fullu verðhækkun, sem verða kann á fóðurbæti með hliðsjón af því, að þeir fá á móti hlunnindi af því, hvað niðurgreiðslur eru auknar, sem muni stuðla að aukinni sölu búvara innanlands. Með þessum hætti var ætlunin að jafna þetta dæmi.

Nú hefur það verið tekið fram, sem gaf auga leið, að allt væru þetta áætlunartölur. Menn hafa talað um það, að það hafi mikið gætt verðhækkana að undanförnu, og verið fundið að því, að ekki hafi verið nægilega stranglega gripið í taumana í því efni. Því hefur verið yfirlýst í hv. Nd. af verðlagsstjóra, að þær verðhækkanir hafi verið sáralitlar, sem hann hafi orðið var við í því efni. Alla vega liggur það dæmi nú nokkurn veginn ljóst fyrir,

þannig að Hagstofan hefur endanlega reiknað út, hver kaupvísitalan muni verða þann 1. des. Ég get að vísu ekki skýrt frá því endanlega, vegna þess að kauplagsnefnd hefur ekki enn þá fjallað um málið. Það var reiknað út þetta dæmi nú um helgina, en það kemur þó á daginn, að einmitt vegna aðhalds, sem beitt hefur verið í sambandi við óskir, sem fram hafa verið bornar að undanförnu um verðhækkanir, sem staðið hefur verið gegn, þær ýmist verulega skornar niður eða staðið gegn og það, sem ekki hefur komið inn í verðlagið, þ. e. 4.2% hækkun á kaupgjaldsvísitölu, sem varð, þegar síðasta hækkun kom til, þá hefur reyndin orðið sú, að hækkun vísitölunnar mun verða nokkru minni en gert var ráð fyrir. Og er ekki ólíklegt, að það geti numið rúmlega ½ kaupgjaldsvísitölustigi, sem hækkunin verði nú minni en áætlanir frv. byggjast á.

Það hefur frá upphafi verið áhugamál og meginstefna ríkisstj. að skerða kjör launþega sem allra minnst í sambandi við þær aðgerðir, sem hér er unnið að að koma í framkvæmd. Ég skal ekki rekja þær orðræður, sem um það hafa orðið, en þessi meginstefna, held ég, að hljóti að vera öllum ljós, sem málið skoða. Það er því í samræmi við þessa grundvallarstefnu, sem lýst hefur verið hér mjög rækilega bæði af hæstv. forsrh. og hæstv. viðskmrh. í Nd., að rétt þótti að taka til athugunar, hvort auðið væri að létta með einhverjum hætti á því, sem á launþega er lagt, að svo miklu leyti, sem beinlínis er hægt að segja, að á þá sé nokkuð lagt, miðað við það, sem í staðinn fæst með því atvinnuöryggi, sem skapast. En engu að síður hefur þótt rétt að skoða það dæmi nú enn einu sinni. Og það hefur verið gert nú um helgina og hefur leitt til þess, að ríkisstj. hefur ákveðið að gera nokkrar breytingar á fyrirhugaðri framkvæmd l., ekki þannig, að þau ákvæði breytist, sem þar er um að ræða, heldur að dregið sé enn mjög verulega úr því, sem talið er, að launþegar leggi fram til þess að fá þá mikilvægu verðstöðvun, sem hér er um að ræða. Í frv. er gert ráð fyrir, eins og áður hefur verið að vikið, að skert verði 2 kaupgjaldsvísitölustig. Þar segir hins vegar ekkert um það, hvenær þau vísitölustig verði skert og það er efni málsins. Nú er það, að miðað við það, sem ég áðan gat um, að ekki muni verða þörf á, ef ekki muni verða jafnmikil hækkun og gert var ráð fyrir á kaupgjaldsvísitölunni nú 1. des., þá er hugmyndin sú, að engin skerðing verði á kaupgjaldsvísitölunni 1. des., þannig að skerðing sú, sem kemur á herðar launþega í því sambandi, komi ekki, fyrr en eftir að ríkissjóður hefur tekið á sig allt það, sem gert er ráð fyrir í l., að á hann falli. Því verður málum hagað svo nú 1. des., að hækkun sú, sem verður á kaupgjaldsvísitölunni, verður greidd niður að fullu með auknum niðurgreiðslum á nauðsynjavörum, sem ég get ekki skýrt frá í dag, hverjar verða, enda ekki eðlilegt, að það liggi ljóst fyrir, og er þá það eitt eftir, að ekki er gert ráð fyrir, að komi, svo sem segir í frv., til framkvæmda til vísitölubóta sú hækkun, sem verður á tóbaki og áfengi, en það er í kringum 0.7 vísitölustig. Að öllu öðru leyti verður þetta bætt upp með niðurgreiðslum, og skerðingar þær, sem gert er ráð fyrir í frv. varðandi kaupgjaldsvísitöluna, sem snýr að launþegum, koma ekki til framkvæmda, fyrr en við þær verðhækkanir, sem koma til á næsta ári, aðallega þó í marz 1971, og eftir atvikum svo á næsta ársfjórðungi þar á eftir eða 1. maí. Sú skerðing verður aldrei meiri en 2 stig svo sem frv., væntanleg lög, skulum við vona, gerir ráð fyrir, en það kann vel að vera, að sú skerðing verði ekki einu sinni 2 stig, þótt maður geri ráð fyrir, að svo kunni að verða, miðað við það, að það er gert ráð fyrir og mun svo verða áfram, að iðgjald til almannatrygginga komi ekki til uppbóta, sem að sjálfsögðu er í rauninni fráleitt að hafa inni í vísitölu, þar sem þetta er aðeins iðgjald fyrir lífeyristryggingu, sem fólk er að kaupa sér og sem það fær frádregið á sínu skattaframtali, og því gersamlega ástæðulaust, að sé bætt upp í vísitölunni. Með þessum hætti tekur ríkissjóður á sig alla áhættuna um það eða tekur á sig að fullu þann bagga, sem nú þarf að rísa undir, og það kemur þá launþegum að fullu til góða, ef skerðingin verður innan við 2 stig, það, sem kemur til eftir áramótin, auk þess sem það liggur ljóst fyrir, að það er þá ekki nema um mjög skamman tíma sem um þá skerðingu er að ræða. Og miðað við þessa ákvörðun, þá horfir málið þannig við, að frv., ef að lögum verður, og þessar ráðstafanir munu beinlínis leiða nú og á næstu mánuðum til kaupmáttaraukningar frá því, sem hefði verið, ef ekkert hefði verið aðhafzt og kjarasamningarnir hefðu gengið sinn gang.

Það hefur verið reiknað út, að frá maíbyrjun leiði kjarasamningarnir af sér 17.4 stiga kaupmáttaraukningu miðað við þá stöðu, sem verður, eftir að desemberuppbæturnar hefðu komið til. En með þessum ráðstöfunum, sem nú verða gerðar, miðað við það að láta niðurgreiðslurnar koma nú strax til, verður kaupmáttaraukningin 19%, þannig að það er um beina kaupmáttaraukningu að ræða með þessum ráðstöfunum umfram það, sem hefði gerzt, ef ekkert hefði verið aðhafzt og þessi þróun verið látin ganga sína leið. Ég skal taka það fram strax, að það er töluvert erfitt að gizka á það, hver verði vísitöluhækkunin eftir næstu áramót, en það er rétt að geta þess, sem hv. þm. mun vafalaust ekki ókunnugt um, að það eru að verða alvarlegar hækkanir á ýmsum innfluttum vörum, sem eru meiri en við höfum áður átt að venjast hér á Íslandi, vegna stórfelldra hækkana, sem hafa orðið erlendis. Og það er gert ráð fyrir því í bráðabirgðaáætlun, sem um þetta hefur verið gerð, varðandi hækkanir nú eftir áramótin, að þessar erlendu verðhækkanir geti leitt af sér a. m. k. ½ kaupgjaldsvísitölustigs hækkun. Og það er þegar vitað um vissar vörutegundir, sem nú á næstunni muni hækka allverulega í verði, en að öðru leyti mun stærsti einstaki liðurinn, sem er rétt að nefna hér, stafa af fyrirhuguðum ráðstöfunum til þess að efla tekjur vegasjóðs, en það er alveg ljóst, að ef það á að vera með nokkru móti hægt að standa við vegáætlun, verður

að gera nýjar ráðstafanir til þess að afla vegasjóði tekna nú um áramótin, og þetta mun leiða af sér, ef til kemur, allverulega hækkun vísitölu. Þá á einnig eftir að koma inn í vísitöluna eftir áramótin og kemur í tvennu lagi húsnæðisliður, sem sennilega mun nema um fjórðungi úr kaupgjaldsvísitölustigi, og nokkur önnur gjöld, sem þegar er vitað um og ekki hafa enn þá komið inn í vísitöluna. Að öðru leyti hafa þau gjöld, sem varða opinbera aðila og reyndar annað, sem vitað er um, verið tekin inn í þetta dæmi, og þó að auðvitað kunni alltaf eitthvað að koma fram, sem ekki er fyrir séð, þá hygg ég þó, að þetta gefi nokkuð heillega mynd af þessu viðhorfi, svo sem það nú er. En það munar að sjálfsögðu allverulega um hvert hálft vísitölustig og það, að hækkunin hefur orðið minni en gert var ráð fyrir. Það bendir ótvírætt í þá átt, að það hafi verið spyrnt við fótum, eins og ég gat um áðan, varðandi verðhækkanir, vegna þess að áætlunin var gerð á sínum tíma út frá þeim forsendum, sem þá lágu fyrir um verðhækkanir, sem þótti nokkurn veginn augljóst, að hlytu að koma.

En kjarni málsins er sem sagt þessi, sem ég að lokum aðeins endurtek, til þess að það valdi engum misskilningi, að það er ekki gert ráð fyrir því á neinn hátt að breyta því frv., sem hér er til meðferðar. En hins vegar er dæminu að því leyti snúið við, að í stað þess, að launþegar taki nú á sig að fullu það, sem þeim var ætlað, þá taki þeir aftur á sig það, sem kemur eftir áramótin og verður að sjálfsögðu að leggja á það megináherzlu að sporna með öllum kröftum gegn verðhækkunum og jafnframt að athuga það, hvort kann að vera hægt að koma fram einhverjum verðlækkunum, það kann líka að vera til athugunar og sjálfsagt að íhuga það, og þá er ekki einu sinni víst, að sú skerðing verði þessi 2 stig, sem frv. gerir ráð fyrir, auk þess sem það að sjálfsögðu verður miklum mun léttara en ef það hefði komið til framkvæmda nú.

Helgi Bergs: Herra forseti. Þann 1. þ. m. var auglýst bann gegn verðhækkunum nema með sérstöku leyfi yfirvalda, eins og mönnum er minnisstætt, og þetta bann fól í sér sams konar atriði eins og 1. gr. þessa frv., sem hér liggur fyrir, gerir. Ég er ekki í neinum vafa um það, að almennt var þeirri ákvörðun, sem þessi auglýsing fól í sér, vel fagnað. Ríkisstj. hafði í fjóra mánuði tvístigið í málinu. Um mánaðamótin júní—júlí hafði ríkisstj. skrifað Alþýðusambandinu og vinnuveitendasamtökunum og óskað eftir viðræðum um ráðstafanir til þess að hafa hemil á víxlhækkunum kaupgjalds og verðlags, eins og það var orðað, og það verður að segjast, að það var ekki vonum fyrr, að þessir aðilar héldu svo fund með sér hinn 20. ágúst til þess að hefja þessar viðræður, en það var einmitt um það leyti, sem hæstv. ríkisstj. hætti við að gefa málið frá sér og láta ganga til haustkosninga. En síðan drógust þessar viðræður fram til októberloka, og því hefur síðar verið lýst yfir af hálfu sumra þeirra, sem þátt tóku í þeim, að þar hafi í rauninni ekkert gerzt. En á meðan þessu fór fram, gerðist sitt af hverju. Hver verðhækkunin rak aðra á flestum sviðum og ekki sízt hjá opinberum þjónustuaðilum. Það er enginn vafi á því og ég er sammála því, sem kom fram hjá hæstv. forsrh. hér áðan, að almenningur fagnaði hverri þeirri viðleitni, sem höfð var í frammi til þess að koma í veg fyrir, að þessar verðhækkanir héldu áfram. Hann fagnaði þess vegna þeirri verðstöðvun, sem auglýst var 1. nóv., þó að síðbúin væri og þó að menn hefðu heldur slæma reynslu af hliðstæðum ráðstöfunum hv. stjórnarflokka áður. Minnisstæð var verðstöðvunin 1959, í febrúar það ár, en þegar henni lauk, tóku, eins og kunnugt er, við ráðstafanir, sem fólu í sér mikla gengisfellingu. Hún var þó ekki svo ákaflega mikil miðað við það, sem við síðar höfum mátt kynnast, því að miðað við það raunverulega meðalgengi, sem ríkti fyrir þá gengisfellingu, hefur hún líklega numið 25% eða sem svarar fjórðungshækkun á erlendum kostnaði. Árið 1966 um haustið var aftur boðuð verðstöðvun, og áður en ár var liðið var enn komin gengisfelling, og áður en tvö ár voru liðin var komin önnur, en samtals námu þessar gengislækkanir um 50% eða tvöföldun erlends kostnaðar. Sannleikurinn var líka auðvitað sá, að þessar verðstöðvanir, sem svo voru kallaðar, voru fyrst og fremst kosningabrellur. Þær voru báðar gerðar á kosningaárum og voru gerðar og framkvæmdar með þeim hætti, að vandamálin hrönnuðust í raun og veru upp. Þessu hefur af orðhögum mönnum verið lýst bæði með því, að þetta væri eins og að stífla læk í gili án þess að veita vatninu fram hjá, þannig að það safnaðist upp, þangað til stíflan brysti, eða það væri eins og að festa lok á sjóðandi ketil yfir eldinum. Það heldur áfram að aukast þrýstingurinn, þangað til ketillinn springur. Reynslan af þessu vekur að sjálfsögðu ekki mikið traust, og menn taka að sjálfsögðu eftir því, að það virðist ekki hafa hvarflað að hæstv. ríkisstj. að gera verðstöðvunarráðstafanir á öðrum tíma en einmitt þegar kosningar standa fyrir dyrum.

En varðandi verðstöðvunarákvæðin með auglýsingu 1. nóv. s. l. þá er væntanlega af hálfu hæstv. ríkisstj. litið á þetta frv. sem fylgifisk hennar, en í því eru að mínum dómi ýmis algerlega óviðkomandi atriði, sem þar eiga ekki heima. Frv. felur í sér skerðingu á þeim kjarasamningum, sem í landinu gilda, og það felur í sér nýja skattlagningu. Frv. er eins og það liggur fyrir þess vegna óaðgengilegt. Eins og ég sagði, eru í frv. fólgin ýmis óskyld atriði, sem rétt er að gera að umræðuefni sérstaklega.

Í 1. gr. frv. eru staðfestar þær ráðstafanir, sem þegar hafa verið gerðar með auglýsingunni frá síðustu mánaðamótum. Og þó að þessi gr. feli ekki í sér nýjar heimildir í sjálfu sér, virðist mér það vera eðlilegt, að ákvæði af þessu tagi séu nú sett í þessi lög, því að í því kemur fram sá vilji Alþ. að stöðvun verðhækkana sé framkvæmd, þó að segja megi, að þessara ákvæða sé ekki beinlínis þörf, þar sem þegar eru nægilegar heimildir í l., en þó er ekkert að því að samþykkja þessa gr. og ákvæði hennar. Sama

máli gegnir um 6. gr., sem fjallar um húsaleigu og ég ætla ekki að gera frekar að umræðuefni.

Í 2. gr. eru svo ákvæði um 1.5% launaskatt, sem lagður skuli á atvinnurekstrinn. Þegar þess er gætt, að í grg. þessa frv. kemur það fram, sem raunar er vitað, að mjög er enn óljóst um, hvernig fer um afgreiðslu fjárl. á þessu ári, þá verður það að teljast algerlega óviðeigandi að samþykkja slíkan skatt sem þennan, nokkrum vikum áður en fjárl. koma til afgreiðslu. Þessi skattur orkar í sjálfu sér mjög tvímælis, og væri hægt að ræða um það langt mál, en ég skal ekki gera það, heldur vísa til þess, að það er skoðun mín, að þessi þáttur málsins eigi að takast upp í sambandi við fjárlagaafgreiðslu og eigi hér ekki heima.

3. gr. frv. er eftir atvikum hægt að fallast á. Hún fjallar um hækkun á fjölskyldubótum. Raunar fjallar hún ekki bara um hækkun á fjölskyldubótum, heldur einnig um breytingu á þeirri skiptingu fjölskyldubótanna, sem gilt hefur fram að þessu, skiptingu eftir fjölskyldustærð. Undanfarið hefur sú regla verið, að fjölskyldubætur vegna fyrsta bótaskylds barns hafa verið allmiklu lægri, eða 22% lægri en annars og síðari barna, en samkv. þessum l. á þetta nú að verða jafnt. Hér er í sjálfu sér um að ræða mjög veigamikið atriði frá tryggingalegu sjónarmiði séð, sem oft hefur komið til umr., hvernig þessi skipting skuli vera eftir fjölskyldustærð. Og það rifjar það m. a. upp fyrir mönnum, að það er ekki ýkja langt síðan uppi voru miklar deilur um þetta atriði, sem þá vöktu mikla athygli. Þann 9. maí s. l. birtist stór fyrirsögn í Alþýðublaðinu. Þar var sagt frá ræðum, sem einn af ungtyrkjum Alþfl. hafði haldið, og í þeirri ræðu taldi hann Sjálfstfl. vera mikinn dragbít í tryggingamálum. Fyrirsögnin var „Sjálfstæðismenn vildu lækka tryggingabætur", og það var þarna fullyrt, að sjálfstæðismenn hefðu sett fram till. um skerðingu tryggingabóta. Þann 14. maí birtist svo í Morgunblaðinu heilsíðuviðtal við þáv. hæstv. forsrh., Bjarna heitinn Benediktsson, þar sem hann neitaði þessum áburði Alþýðublaðsins, en gerði hins vegar grein fyrir því, að flokkarnir litu ekki með sama hætti á, hvernig haga skyldi fjölskyldubótum og orðaði það í þessu viðtali þannig, með leyfi forseta:

„Hins vegar höfum við lagt til, að athugað yrði, hvort betri árangri yrði náð með breytingu á fyrirkomulagi og þá einkum hvort hægt væri að jafna fjölskyldubótum niður á þann veg, að þeim verst stæðu, þ. e. a. s. þeim, sem stærsta fjölskyldu hafa, kæmi að mestu gagni".

Tveim dögum síðar, þann 16. maí, birti svo Alþýðublaðið heillar opnu viðtal við hæstv. utanrrh., Emil Jónsson, þar sem í fyrirsögn er látið að því liggja, að hæstv. utanrrh. sé að staðfesta ásakanir Björgvins Guðmundssonar, sem hafði þær flutt, — ég nefndi víst ekki með nafni áðan, — en í viðtalinu kemur í rauninni fram, að hæstv. utanrrh. staðfestir það, sem forsrh. hafði sagt í viðtalinu við Morgunblaðið, og það kemur mjög ljóslega fram í þessum viðtölum báðum og þó ekki síður í þeim greinum í ýmsum stjórnarblöðum, sem um þessar mundir birtust, að þarna er uppi deila um grundvallaratriði tryggingamála milli stjórnarflokkanna. Þessi deila vakti athygli, vegna þess að það hefur ekki í svo ákaflega mörgum tilvikum komið fram opinberlega grundvallarágreiningur milli stjórnarflokkanna um prinsipmál af þessu tagi. En það var alveg ljóst, um hvað þá greindi á. Sjálfstæðismenn töldu, að eðlilegt væri, að fjölskyldubætur væru litlar, jafnvel engar, á fyrsta barn og yrðu þá heldur meiri á síðari börn, en Alþfl. taldi óbreytt hlutföll vera áluhjálparatriði í þessu sambandi. Og það var vissulega ekki tekið létt á þessu máli, því að um þetta og fleiri atriði sem í kringum þetta spunnust, urðu talsverðar deilur milli stjórnarflokkanna, og það varð ljóst, að mönnum var mikið niðri fyrir. Það var ljóst bæði af því, hverjir þarna gengu fram á völlinn, og það má raunar einnig sjá það á orðalagi hæstv. utanrrh. í þessu viðtali, þar sem blaðamaður spyr hann um skrif hinna stjórnarblaðanna í garð Alþfl.-manna, en þá svarar hæstv. utanrrh. þannig, með leyfi forseta:

„Bæði Morgunblaðið og Vísir hafa stundað slíkar árásir á okkur samstarfsmenn Sjálfstfl. í ríkisstj. undanfarna mánuði. Þessi skrif eru bæði ódrengileg og ósanngjörn í fyllsta máta." Og ennfremur segir: „Morgunblaðið og Vísir hafa reynt að notfæra sér öll möguleg og ómöguleg tækifæri til árása á okkur. Hafa þau oft gengið feti framar en málgögn stjórnarandstöðunnar og sjást hvergi fyrir."

Hér var því ekki um neitt smámál að ræða og auðséð, að mikið var lagt upp úr þessum ágreiningi. Raunar hefur talsvert gengið á í sambúð stjórnarflokkanna undanfarna mánuði, eins og minnisstætt er. Sjálfstfl. taldi, að haustkosningar samrýmdust bezt þjóðarhagsmunum og vildi þær þar af leiðandi, en Alþfl. vildi ekki kosningar, og við það sat. Og nú er raunar komið á daginn, að það nægði ekki Alþfl. að sigra og beygja Sjálfstfl. í þessu efni, heldur skyldi honum líka storkað, því að ekki hafði Alþfl. fyrr beygt hann til áframhaldandi sambúðar en hann hóf samvinnuviðræður við Alþb. og aðra pólitíska lausamenn stjórnarandstöðunnar.

Nú kastar 3. gr. þessa frv. ljósi á deiluna frá í vor. Nú er eðlilegt, að menn spyrji: „Kemur nú hækkunin á fjölskyldubótum aðallega til þeirra, sem stærsta fjölskyldu hafa, eins og sjálfstæðismenn töldu réttmætt og eðlilegt, eða urðu sjónarmið Alþfl. um óbreytt hlutföll ofan á?" Og nú er það ljóst, að þau urðu ekki aðeins ofan á, — Alþfl. nægði ekki að beygja Sjálfstfl. undir sitt sjónarmið í þessu efni, — heldur voru bætur vegna fyrsta barns hækkaðar um 83.6%, þ. e. barnsins, sem Alþfl. bar fyrir brjósti, en til hinna um 44.6%. Þessi spaugilega viðleitni Alþfl.-manna til þess að storka samstarfsmönnum sínum virðist þess vegna takast þokkalega. A. m. k. virðist þeim fyllilega vera ljóst, hvað þeir geta boðið þeim samstarfsmönnum, sem í maí voru kallaðir bæði ódrengilegir og ósanngjarnir. En

nú veit ég, að ýmsir munu segja, að á bak við þessar breytingar á fjölskyldubótunum liggi hreint enginn prinsip-ágreiningur. Það muni engin prinsip ráða því, hvernig þarna er að verki staðið, heldur eingöngu vísitöluleikfimi. Það muni vera sú staðreynd, að með þeim 218 millj. kr., sem í þessu skyni skal verja, er hægt að ná 1.55%-stiga lækkun á vísitölunni með þessari aðferð, sem hér er gert ráð fyrir, en ef þetta hefði verið haft óbreytt eða eitthvað gengið til móts við þau sjónarmið, sem Sjálfstfl. hafði uppi í vor, þá hefði vísitölulækkunin fyrir sömu fjármuni ekki orðið nema líklega eitthvað í kringum 1%-stig. Vel má vera, að svo sé, að hér liggi engin prinsip-afstaða að baki. En þá liggur það líka ljóst fyrir, að þessi grundvallar-prinsip Sjálfstfl. í tryggingamálum eru talin minna en ½%-stigs virði.

Með 4. og 5. gr. er svo breytt þeim ákvæðum, sem í gildi hafa verið um áhrif verðlagsvísitölu á kaupgjald. Með 5. gr. er gefin heimild til þess að greiða ekki á því tímabili, sem lög þessi gilda, 2 af þeim stigum, sem gert er ráð fyrir, að vísitalan hækki um, þ. e. a. s. bæta launþegum þau ekki með neinum hætti. Nú hefur hæstv. fjmrh. að vísu lýst því yfir áðan, að þessi heimild muni ekki verða notuð nú strax, og skal ég aðeins koma örfáum orðum að því síðar, en auk þessa er með 3. mgr. 4. gr. klipið 1%-stig af kaupgjaldsvísitölunni með því að taka ekki tillit til hækkunar á útsöluverði áfengis og tóbaks og heldur ekki til hækkunar á iðgjaldi til almannatrygginga frá ársbyrjun 1971. Það getur vel verið, að það megi fallast á þau sjónarmið, sem fram komu hjá hæstv. fjmrh. hér áðan, að iðgjald af þessu tagi eigi alls ekkert erindi inn í vísitölugrunninn og það getur líka vel verið, og ég er raunar fyllilega á því, að áfengi og tóbak eigi heldur ekkert erindi inn í vísitölugrundvöllinn. En þegar þessar vörur og þessi gjöld eru í vísitölugrundvellinum, þá hefur það nákvæmlega sömu áhrif fyrir launþegana, hvort þeirra hlutur er skertur með því að taka 1 stig út á móti þessum hlutum eða 1 stig út á móti hvaða öðrum hlut, sem vera skal. En í 1. og 2. mgr. 4. gr. eru einnig ákvæði, sem mér virtist hæstv. ráðh. hér áðan reyna að fara heldur létt yfir, ákvæði, sem eru launþegum síður en svo hagstæð. En það eru þær breytingar, sem þar eru gerðar á útreikningsgrundvelli kaupgreiðsluvísitölunnar. Í rauninni er aðalbreytingin, sem í þessum mgr. er fólgin, sú, að það er verið að lengja þann verðhækkanahala, sem launþegar mega bíða eftir bótum fyrir, um einn mánuð. Það er vissulega rétt, að launþegar, jafnvel þótt þeir hafi fullar vísitölubætur, tapa á verðhækkunum, vegna þess að vísitalan er ekki reiknuð út nema á þriggja mánaða fresti, og á þeim þremur mánuðum, sem á milli líða, koma ýmsar hækkanir, sem þeir fá ekki bætur fyrir fyrr en að einhverjum tíma liðnum. En það hefur því verið þannig, að launþegar hafa fengið bætur fyrir þær verðlagshækkanir, sem orðnar eru, þegar vísitalan er reiknuð út. Nú er þessu breytt. Nú þarf ekki að greiða slíkar verðhækkanir niður þegar í stað, til þess að þær komi fram til lækkunar á kaupgreiðsluvísitölu, heldur nægir nú fyrirheit um, að það skuli greitt niður í næsta mánuði. Þetta þýðir það, að í stað þess, að nú hafa launþegar ekki þurft að bíða lengur en þrjá mánuði eftir að fá bættar þær verðhækkanir, sem þeir á annað borð fá bættar með vísitölunni, geta þeir nú þurft að bíða í fjóra. Verðhækkanir sem kynnu að reynast nauðsynlegar af einhverjum ástæðum og gert er ráð fyrir, að hægt sé að leyfa sbr. 1. mgr. 1. gr. t. d. í maí n. k., standa bótalaust út allt verðstöðvunartímabilið. Verðhækkun, sem kemur nú, rétt eftir að kaupgreiðsluvísitalan hefur verið ákveðin í þessum mánuði, kemur ekki fram í kaupgreiðsluvísitölu fyrr en í febr. og þá nægir hæstv. ríkisstj. að tilkynna það, að hún ætli að greiða þessa hækkun niður í marz, til þess að hún hafi ekki áhrif á kaupgreiðsluvísitöluna og þannig geta launþegar þurft að bera slíka hækkun bótalaust í fjóra mánuði. Það er þess vegna ekki hægt að fallast á það sem réttlætingu eða málsbætur fyrir 2%-stiga skerðingunni, að launþegar sleppi við allt tjón af því að þurfa að bíða eftir bótunum. Það er síður en svo.

Það er ljóst af því sem fram hefur komið frá Alþýðusambandi Íslands, að þessum breytingum, sem hér eru ótvírætt gerðar á þeim grundvelli, sem samið var á seinast, þegar samningar voru gerðir, er mótmælt af Alþýðusambandinu. Alþýðusambandið telur, að vegna þessara breytinga séu samningarnir ógiltir og burtu fallnir. Þeir telja að þessar lagabreytingar, sem hér er fyrirhugað að gera, séu óþörf ögrun við launþega og þær muni leiða af sér meiri vandræði en ávinning, og er ljóst að ábyrgð af því er þung á herðum hæstv. ríkisstj.

Í sambandi við það, sem áðan kom fram hjá hæstv. fjmrh., um það, að heimildin til 2% skerðingar á greiðslu verðuppbóta mundi ekki verða notuð að sinni, vil ég segja, að þeirri yfirlýsingu er vissulega ástæða til að fagna, og ég vil í framhaldi af því skora á hæstv. fjmrh. að fallast þá á að taka þessa heimild út úr þessu frv. Ef svo kynni að fara, að hæstv. ríkisstj. teldi þörf á því að hafa svona heimild síðar, þá gæti hæstv. ríkisstj. tekið upp það mál á öðrum tíma við Alþ.

En í ræðu hæstv. fjmrh. áðan komu fram fullyrðingar, sem mér skilst, að hafi nú líka heyrzt í hv. Nd., um það, að það væri í raun og veru verið að festa kaupmátt launa, sem væri svo og svo miklu hærri en hann hefði verið í maí s. l., og nefndi hæstv. fjmrh. tvær tölur í því sambandi. Hann sagði, að ef þetta frv., ef að lögum verður, yrði framkvæmt með þeim hætti, sem fyrirhugað var, áður en hann gaf yfirlýsingu sína hér áðan, þá hefði kaupmátturinn verið festur á 17.4 stiga hærra plani, — 17 stigum tók ég eftir, — en með þessari breytingu, sem nú hefur verið gerð, væri um að ræða 19% hækkun kaupmáttarins. Kannske hefur hæstv. fjmrh. þarna orðið mismæli og hann hafi átt við 19 kaupmáttarstig sambærileg við þessi 17, má vera, að svo hafi verið. En hvað sem um það er, þá eru báðar þessar tölur að mínu viti villandi. Ég hef

haft tækifæri til þess að skoða útreikninga af þessu tagi, sem álitið er, að séu þeir sömu og hæstv. ráðh. byggir sitt mál á, og þar er gert ráð fyrir því, að vísitala kaupmáttar launa sé nú í nóvembermánuði 133 stig, en hafi í maí s. l. verið 116 stig. Þessi mismunur er 17 stig, það er rétt, það er hægt að orða það þannig, að það séu kaupmáttarstig, en það er samt villandi að orða það svo nema gera grein fyrir þeim grundvelli, sem þar er um að ræða. Þetta eru ekki nema 15%, og mér virðist, að dálítið hafi borið á því, að prósentum og alls konar stigum sé ruglað saman í þessum umr. og raunar oftar. Hins vegar hef ég ekki haft nein skilyrði til þess að átta mig á því, hve réttir þessir útreikningar kunna að vera, en svo mikið er víst, að áður en fallizt verður á þau sjónarmið, sem hæstv. fjmrh. setti fram um þetta efni, verður að gera miklu betri grein fyrir því, hvers konar stig og hvers konar prósentur er um að ræða og hvers konar reikningsgrundvöllur hér er á ferðinni.

En í sambandi við yfirlýsingu hæstv. fjmrh. hér áðan, vil ég þó endurtaka það, að ég vil fyrst og fremst af því tilefni skora á hann að fallast þá á að fella heimildina, sem er í fyrri mgr. 5. gr., úr lögunum, fyrst hennar er ekki þörf að sinni. (**BJ**: Þetta er ekki heimild í lögunum, það er prinsip.) Það er vakin athygli á því hér, að hér sé kannske ekki bara um heimild að ræða, heldur jafnvel fyrirskipun, og þá geri ég nú ráð fyrir, að hæstv. fjmrh. hafi hug á að athuga það og sú n., sem þetta fær til athugunar, því að ég tel víst, að hæstv. fjmrh. hafi fullan hug á því að standa með einhverjum hætti við yfirlýsingu sína hér áðan.

Ég hef nú gert grein fyrir því, að á þau ákvæði, sem er að finna í 2., 4. og 5. gr. þessa frv., verður af minni hálfu ekki hægt að fallast.

Herra forseti. Það var um mánaðamótin júní og júlí, sem hæstv. ríkisstj. ritaði Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands bréf, þar sem stungið var upp á, að þessir aðilar hæfu viðræður, m. a. til þess að finna ráð til þess að stöðva hinar hættulegu víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags, en það orðalag var einmitt notað þar. Ég tók eftir því í ræðu hæstv. forsrh., þegar hann gerði grein fyrir stefnu hæstv. ríkisstj. í upphafi þessa þings, að þá var einmitt oft notað þetta orðalag líka og einnig í ræðum hans um þetta mál í hv. Nd. og hér áðan. Ég vil hins vegar vara menn mjög við því að fara að reyna að einfalda verðbólguvandamálin þannig að tala um þau bara eins og einhvern einfaldan vítahring, þar sem verðhækkanirnar og kauphækkanirnar drífa hvað annað áfram sitt á hvað. Það er vitað, að það koma ekki allar verðhækkanir fram í vísitölu og þar af leiðandi ekki í þeim verðlagsuppbótum, sem við vísitöluna eru miðaðar, og ef þetta væri svona, að það væri ekki annar vandi á ferðinni en þessar víxlhækkanir, þá mundi vítahringurinn smátt og smátt hægja á sér, þangað til hann stöðvaðist. Það hafa raunar líka oft verið gerðar tilraunir til þess að stöðva þessar víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags, sem verið er að tala um, ýmist með því að reyna að stöðva verðlagið um stuttan tíma eða þá með því að taka kaupgjaldið úr sambandi við verðlagið og stöðva það. En alltaf heldur verðbólgan áfram þrátt fyrir það, þó að þessar víxlhækkanir séu stöðvaðar um hríð eða þessi vítahringur stoppaður. Og mér virðist það þess vegna alveg ljóst, að í þessu vandamáli, sem nefnt er víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags, er ekki að finna frumorsök þess vanda, sem við er að fást, verðbólguþróunarinnar í landinu. Með því að ráðast á það vandamál eitt út af fyrir sig er ekki tekið á rótum þess vandamáls, sem um er að fjalla. Slíkar ráðstafanir eru aðeins bráðabirgðaráðstafanir. Þær eru ráðstafanir til þess að kaupa sér einhvern frest, eins og raunar kom fram hjá hæstv. forsrh. hér áðan, og ber að fagna því, að sá skilningur skuli vera fyrir hendi.

Stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja gerði ályktun í sambandi við þetta frv., sem fyrir liggur til umr., sem er með þeim hætti, að ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa hana hér. Hún er svo hljóðandi:

„Vegna frv. ríkisstj. um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis ályktar stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja: Almenningur er löngu þreyttur á síendurteknum bráðabirgðaráðstöfunum í dýrtíðarmálunum. Stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja skorar því á Alþ. að grípa nú til nýrra úrræða til þess að stöðva verðbólguþróunina. Stjórnin telur þær aðgerðir, sem frv. gerir ráð fyrir, alls ófullnægjandi til þess að leysa sjálfan vandann og stöðva verðbólguna. Aðgerðirnar eru með sama marki brenndar og allar dýrtíðarráðstafanir frá lokum heimsstyrjaldar. Þær eru bráðabirgðaúrræði nær algerlega á kostnað launþega, en árangurslausar sem framtíðarlausn. Stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja gerir það að till. sinni, að allar peningalegar tilfærslur, skuldir og innistæður, laun og vextir, verði tengdar réttri vísitölu og gengið gefið frjálst að mestu leyti. Takmarkaðar skammtímaráðstafanir auka aðeins á misréttið í þjóðfélaginu og viðhalda jafnvægisleysi efnahagslífsins. Aðeins með samræmdum heildaraðgerðum er von til að ráða niðurlögum verðbólgunnar, en hún er þjóðarböl. Í stað endurtekinna bráðabirgðaráðstafana verða að koma aðgerðir, sem koma á jafnvægi, jafnvel þótt þær skaði stundarhagsmuni einhverra."

Nú kann að vera, að mönnum sýnist sitt hvað um einstök atriði, sem fram koma í þeim hugmyndum, sem lýst er í þessari ályktun. Ég fyrir mitt leyti hef hvað eftir annað lýst áhuga mínum fyrir því, að fjárskuldbindingar yfirleitt væru í sem ríkustum mæli verðtryggðar til þess að forða frá því ranglæti og margvíslega órétti, sem verðbólgan hefur í för með sér í sambandi við fjárhagsviðskipti manna. Um það að gefa gengið að mestu leyti frjálst vil ég nú kannske áskilja mér frekari umhugsunarfrest, en eigi að síður á Bandalag starfsmanna ríkis og bæja þakkir skildar fyrir það að setja fram ályktun af þessu tagi. Það er með henni undirstrikaður vilji þeirra, sem að henni standa, til þess að það sé reynt

að taka á vandamálunum í fullri alvöru og ekki kaupa sér stundarfrið, þegar kosningar eru fáa mánuði undan.

Ég hef tekið svo eftir því, sem hæstv. forsrh. hefur sagt, að hann bæði hér í d. og einnig í því, sem ég hef í blöðum séð haft eftir honum úr hv. Nd., að hann telji það eðlilegt að nota verðstöðvunartímabilið til þess að finna önnur og varanlegri úrræði í verðbólguvandamálinu. Það er gott, að sá skilningur skuli vera fyrir hendi hjá hæstv. forsrh., þó að gallinn sé að vísu sá, að yfirlýsingar af þessu tagi voru líka gefnar haustið 1966, og hæstv. ríkisstj. hefur nú haft 11 ár til þess að finna leiðir til þess að fást við þetta vandamál. Það hefur á þeim áratug orðið meiri aukning á verðbólgunni en á nokkrum öðrum tíma að undanteknum ef til vill sjálfum stríðsárunum. Á þessum seinasta áratug, 1960—1970, hefur verðbólguaukningin numið 250%. En á árunum 1950—1960, sem þóttu nú ekki allt of góð, nam hún ekki nema 123%. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé engin tilviljun, að svona hefur farið. Ég álít, að til þess liggi mjög ljósar orsakir, sem ekki sé sérstökum erfiðleikum bundið að benda á. Og í stuttu máli er þær fyrst og fremst að finna í rangri stjórnarstefnu. Í því sambandi má nefna þætti stjórnarstefnunnar eins og þá oftrú, sem hæstv. ríkisstj. hefur á því, sem hún byrjaði fyrir 10 árum að kalla „rétta gengisskráningu“, „rétt gengi“. Það er alveg ljóst, að ef eitthvað er til, sem heitir „rétt gengi“ hjá þjóð eins og okkur Íslendingum, þá er það breytilegt frá mánuði til mánaðar, jafnvel frá viku til viku stundum, því að ef menn meina eitthvað með því, þegar þeir tala um „rétt gengi“, þá er það það gengi, sem gefur útflutningsatvinnuvegunum hæfilegar tekjur til þess að reka sinn rekstur miðað við erlent verð á hverjum tíma. En erlent verð á afurðum okkar Íslendinga er, eins og kunnugt er, mjög breytilegt. Þessi oftrú hæstv. ríkisstj. á því, sem hún kallar „rétt gengi“ og sem er auðvitað innflutt hugmynd frá þjóðum, sem búa við algerlega stöðugt verðlag á sínum útflutningsafurðum, hefur leitt til gengisbreytinga oftar en einu sinni á þessu tímabili, sem hafa verið byggðar á röngu mati, og reynzt óþarfar eða of miklar. Það er enginn vafi á því, að gengislækkunin 1961 var algerlega ástæðulaus, og ég held, að það hafi raunar ekki verið liðnir mjög margir mánuðir, þegar enginn maður reyndi af verulegri sannfæringu að mæla henni bót. Það er enginn vafi á því heldur, að gengislækkunin 1968 var miðuð við aðstæður á okkar mörkuðum, sem menn áttu að sjá, að voru ekki varanlegar, enda hefur tíminn leitt það í ljós, að þau vandamál, sem þá var við að etja, hefði mátt ráða við með öðrum hætti en þeim að fella gengið svo mikið sem gert var og skapa þar með óafturkallanlegar verðhækkanir, sem auðvitað eiga sinn þátt í verðbólguþróuninni.

En það er ekki bara oftrúin á „rétt gengi“, þetta orðalag, sem í rauninni hefur aldrei verið skilgreint, heldur einnig oftrúin á peningapólitíkina, sem er einn sá þáttur stjórnarstefnunnar, sem örlagaríkastur hefur verið í þessu sambandi. Þegar verðlagsþróunin er einna óhagstæðust, þá er hrópað á Seðlabankann að krefja nú viðskiptabankana um að takmarka nú útlánin. Nú megi útlánin ekki aukast, því að það sé verðbólgumyndandi. En peningapólitík af þessu tagi er tilgangslítil, nema henni fylgi rétt fjármálapólitík. Ég trúi því ekki, að menn haldi það í raun og veru, að peningapólitík, sem er fólgin í því að takmarka útlán, geti komið að gagni á sama tíma og ríkissjóður er með stórfelldum greiðsluhalla ár eftir ár, ef milljónahundruð eru tekin að láni erlendis til þess að koma áfram framkvæmdum hér heima fyrir og borga innlendan kostnað þeirra, þegar bruðlið í ríkissjóði er búið að gleypa allar tekjurnar frá nauðsynlegum framkvæmdum. En sú stefna, sem hófst hér með enska kosningaláninu, sem tekið var veturinn 1962—1963, og hefur síðan verið haldið áfram í sívaxandi mæli, er með þeim hætti, að það þarf enginn að halda og heldur væntanlega heldur enginn, að það þýði mikið að vera að heimta það, að smáviðskiptabankar hér innanlands takmarki útlán sín, á meðan þannig er stefnt af hálfu ríkissjóðs sjálfs. Þessi stefna er svo komin fram í því, að greiðslubyrði þjóðarinnar af vöxtum og afborgunum af erlendum lánum, sem árið 1959 var 8.4% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar, var á árinu 1969 samkv. upplýsingum, sem ég hef undir höndum frá Seðlabanka Íslands, 16.9%. Þar voru vextir og afborganir af lánum samtals 2697 millj. kr., en heildargjaldeyristekjurnar námu á því ári 15910 millj. kr. Af þessum 2697 millj. kr., sem vextir og afborganir af erlendum lánum námu, voru nærri 1500 af opinberum lánum og um 1200 rúm af einkalánum, þar með töldum öllum skipa- og bátalánum.

Ég ætla ekki að rekja þessi mál frekar, tel þetta raunar nægja til þess að slá því alveg föstu, að það getur ekkert afstýrt þeim voða, sem framundan er, ef verðbólgan leikur áfram lausum hala, eftir að þessari verðstöðvun, ef hún þá tekst, lýkur, nema gerbreytt stjórnarstefna. Það er ekki satt og það hefur aldrei verið satt, að það mætti leysa verðbólguvandann með einu pennastriki. Hann verður ekki leystur nema með langri og harðri baráttu á mörgum vígstöðvum, og þó að mér þyki leitt að sjá það, að hæstv. fjmrh. var einmitt fjarverandi, meðan ég var að tala um þá hluti, sem ég helzt hefði viljað tala við hann, þá er hann nú kominn hér inn aftur, og ég vil ljúka máli mínu með því að segja það, að sú barátta, sem hefja verður gegn verðbólgunni á mörgum vígstöðvum og af fullri alvöru og einurð, verður að hefjast með því að taka til í ríkissjóði sjálfum.

Björn Jónsson: Herra forseti. Þeir hlutir gerðust á s. l. vori eða snemma sumars, að verkalýðssamtökin á Íslandi gerðu nýja kjarasamninga, eftir að sú þróun hafði farið fram um tveggja ára skeið, að sókn bæði atvinnurekenda og ríkisvaldsins á hendur launakjörunum hafði borið þann árangur, að kjörin höfðu verið stórkostlega skert. Það hafði í

raun og veru verið tveggja ára undanhald af hálfu verkalýðshreyfingarinnar í sambandi við kjaramálin, og bæði árin 1968 og 1969 hafði verið samið um beinar kauplækkanir, sem fyrst og fremst urðu með niðurfellingu á hluta af verðlagsbótum. Raunveruleg launakjör verkamanna hafa varla rýrnað minna en um nálægt 20% á þessu tveggja ára tímabili, a. m. k. ef meðtalin er sú kjaraskerðing, sem fólst í samdrætti atvinnu og atvinnuleysi á þessu tímabili, en beinar og útreiknanlegar kauplækkanir eftir þeirri viðmiðun, sem menn gjarnan gera sér um vísitölu, urðu nálægt 14%. Það hafði gerzt einnig á þessu tímabili, að þjóðartekjur höfðu af ýmsum ástæðum, aflabresti og verðfalli, lækkað allverulega, en hitt var óumdeilt, að launakjör a. m. k. hinna lægst launuðu hafa rýrnað meir en þjóðartekjunum nam. Og það er hald mitt, að slíkt hefði raunverulega hvergi getað gerzt í velferðarríkjum Vestur-Evrópu nema hér á Íslandi, að byrðum af ytri áföllum væri svo gersamlega velt yfir á bök hinna lægst launuðu í þjóðfélaginu, því að það er reynslan, a. m. k. á Norðurlöndum, að þegar þjóðartekjur vaxa, hækka launatekjur almennings nokkru meira, og sé um samdrátt að ræða, þá er á sama hátt leitazt við af öllum mætti að firra hina lægst launuðu afleiðingunum af þeirri lækkun þjóðartekna og leggja það heldur á breiðari bökin.

Ég tel, að höfuðsök stjórnvalda á þessu tímabili hafi fyrst og fremst verið fólgin í þessu, að launakjör hinna lægst launuðu rýrnuðu meir en meðaltalslækkun þjóðartekna. Þegar þessa er gætt, hlaut það að verða höfuðtakmark verkalýðssamtakanna í sambandi við samningsgerðina á s. l. vori, þegar allar forsendur fyrir kjaraskerðingunum, sem höfðu orðið á undanförnum árum, voru brostnar, að full verðtrygging launa kæmi til framkvæmda og í öðru lagi grunnkaupshækkanir, sem skiluðu til fulls þeirri skerðingu, sem orðin var á launum.

Eins og ég sagði voru allar forsendur kaupskerðingarinnar, sem urðu 1968 og í ársbyrjun 1969, brostnar. Öll fyrirtæki í landinu og aðalatvinnuvegirnir högnuðust mjög mikið á árinu 1969 og komu ákaflega vel út, skiluðu stórfelldum gróða. Verðlag á sjávarafurðum og á okkar útflutningsvörum fór síhækkandi og var orðið um það leyti sem samningar fóru fram, nálægt því hæsta, sem verðlag hafði komizt á árinu 1966, sem var eitt mesta góðærisár, sem yfir þjóðina hefur gengið, og í sjávarútvegi voru aflabrögð góð. Það var vitanlegt, að forsendurnar fyrir því, að samningarnir á s. l. vori skiluðu því, sem þeir áttu að skila til launþeganna í varanlegum kjarabótum, án þess að það yrði útflutningsatvinnuvegunum ofraun, voru í fyrsta lagi, að ríkt aðhald yrði um verðmyndunina og í öðru lagi, að verðlag á útflutningi héldist hagstætt. Þ. e. a. s. þarna má skilja á milli, að annars vegar voru þeir hlutir, sem eru okkur að meira eða minna leyti sjálfráðir, og á ég þar við aðhaldið um verðmyndunina, og hins vegar hlutir, sem komu utan frá og eru okkur ekki eins sjálfráðir. En þegar þessir samningar voru gerðir, voru spár ráðunauta ríkisstj. og hagspekinga ákaflega misjafnar um það, hvernig útlitið væri í verðlagsmálum okkar útflutnings. Sumir héldu því fram, að verðlag mundi fara hækkandi, og öll teikn væru til þess á lofti, en aðrir töldu, að verðlagið væri þegar orðið svo hátt, að það væri valt að treysta á það, að það héldist og það mundi jafnvel geta lækkað. Reynslan síðan hefur svo skorið algerlega úr um það, að verðlagið hefur farið hækkandi og er nú orðið miklu hærra en nokkur þorði að vona, þegar samningarnir voru gerðir, þ. e. a. s. að því leyti, sem hlutirnir voru okkur ósjálfráðir, fór allt á hinn bezta veg. Í septembermánuði núna var áætlað, að meðaltalshækkun á sjávarafurðum væri nálægt 16% frá árinu 1969, en mun í reyndinni verða miklu meira vegna þess að verðlag hefur hækkað stórkostlega á sjávarafurðum frá því í septembermánuði og er nú orðið miklu hærra en það var, þegar það komst hæst 1966. Ég held t. d., að þegar samningar voru gerðir, hafi verðið á fiskblokk í Bandaríkjunum verið 26 eða 27 cent, en mun nú vera komið í 36 eða 37 cent pundið. Og þetta verð er eitt af því þýðingarmesta, þegar verðlag á okkar útflutningsafurðum er athugað. Á fyrra helmingi þessa árs var verðmætisauki vegna hækkaðs verðlags og vaxandi og ágætra aflabragða um 40%, og það er óhætt að fullyrða það, að síðari hluti ársins mun fara fram úr öllum áætlunum og skila okkur meiri afla á land og til útflutnings en nokkur dæmi eru áður um. Þessu samfara hefur verið hagstæð gjaldeyrisafkoma og góð afkoma ríkissjóðs, er víst óhætt að segja, því að stöðugt er að finnast þar nýtt fjármagn, eins og síðast kom fram hér í ræðu hæstv. fjmrh. En það er ekki lengra síðan en líklega tveir mánuðir eða nálægt því, kannske varla það, þegar við í Alþýðusambandinu vorum í viðræðum við ríkisstj., að þar var ekki til nokkur peningur til nokkurra nýrra niðurgreiðslna að sögn þessa hæstv. ráðh., en nú er ekki aðeins, að gert er ráð fyrir því, að úr ríkissjóði komi 341 millj. í niðurgreiðslur, án þess að nokkrum sköttum sé breytt, heldur hefur hann nú um helgina fundið nýjar lindir í ríkissjóði til þess að bæta á hann a. m. k. sem svarar 1.5 vísitölustigi eða eitthvað á þriðja hundrað millj., ef þar væri um ársútgjöld að ræða. En það er nú kannske ekki meiningin, að þær niðurgreiðslur standi nema skamman tíma, þótt það yrði ekki ljóst af ræðu hæstv. ráðh., en allar götur er þar um eitthvert, verulegt nýtt fjármagn að ræða, sem hann hefur komið auga á núna frá því á föstudaginn, og get ég ekki annað en óskað honum til hamingju og okkur öllum með það og vona, að frekari leit hans að fjármagni úr ríkissjóði beri sams konar árangur næstu daga og helzt sem lengst.

Sannleikurinn er sá, að það hefur verið viðurkennd staðreynd allt frá s. l. vori og hefur raunar enn verið staðfest af talsmönnum ríkisstj. í þessum umr., að það hafi aldrei verið önnur eins skilyrði til þess að bæta raunverulegan hag launþega, hvað allar ytri aðstæður áhrærir. Hitt er svo annað mál,

að kauphækkanir á s. l. vori voru vissulega miklar og snöggar og að því leyti ekki að öllu leyti æskilegar. Svo mikil kauphækkun í einu vetfangi hlaut að gera mjög verulegar kröfur til stjórnvalda og yfirleitt allra þeirra, sem hafa einhver áhrif á verðmyndun í landinu, ef það átti ekki að bjóða ýmsum hættum heim, m. a. vegna gagnverkana verðlags og launa, og sú hætta gat vissulega verið fyrir hendi, að þessar verkanir yrðu svo miklar, að atvinnuvegirnir og þá sérstaklega útflutningsatvinnuvegirnir, sem búa við verðlag, sem við fáum ekkert við ráðið, gætu vart staðið undir þeim með góðu móti. Og í þessu efni reið fyrst og fremst á stjórnvöldum.

Það, sem hér kom sérstaklega til greina að gera, var það, sem ég vil nefna fyrst, kerfisbreytingar, þannig að verðhækkunarautomatið, sem við höfum búið okkur til hér á mörgum árum, væri að einhverju leyti rofið, og þar gæti ekki allt gengið sjálfrátt eins og verið hafði, og þar hefði ég sérstaklega viljað nefna landbúnaðinn, sem hér í þessum efnum er þungur á metunum, og ég er sannfærður um, að það mætti mjög breyta þeim tengslum, sem eru á milli verðlags landbúnaðarafurða og kaupgjalds sameinaðs verkafólks með grundvallarkerfisbreytingum, sem fyrst og fremst væru fólgnar í því, að bændum væru greiddir beinir styrkir, en það væri ekki látið fara gegnum ótal milliliði, sem veldur því, að það mikla fé, sem lagt er til landbúnaðarins með beinum og óbeinum hætti, kemur illa eða ekki til skila til bændanna sjálfra. Þar hefði verið hægt að spara stórkostlegar upphæðir og lækka verð landbúnaðarafurða með fullu samkomulagi við bændastéttina, ef eftir því hefði verið leitað um kerfisbreytingar í þeim efnum. Það er svo ekki að spyrja að því, að automatið hafi verið í fullum gangi, hvað varðaði embættismannastéttina. Þeir fengu fyrirhafnarlaust á silfurdiski, eftir að verkalýðsfélögin höfðu gert sína samninga, um 15% kauphækkun eða svipað og verkamenn fengu almennt, kannske örlítið minna en meðaltalshækkuninni nam, en nú hefur síðan staðið yfir samfelldur undirbúningur undir það, að þeir stæðu ekki við það, sem verkamenn og aðrir láglaunamenn fengu í kauphækkanir, heldur jafnvel 30—40% meiri hækkanir. Þessum samningum er að vísu, eins og kom hér fram í umr. fyrir nokkrum dögum, haldið algerlega leyndum, og undrar mig það í sjálfu sér ekki, að það þyki henta á sama tíma og verið er að gera sérstakar ráðstafanir með l., sem hér eru til umr., til þess að lækka launin hjá þeim lægst launuðu.

Í öðru lagi hlaut það svo að verða eitt aðalatriðið í sambandi við verðlagsþróunina, að öflugar ráðstafanir væru gerðar af hendi verðlagsyfirvalda og verðlagseftirlits til þess að hindra það, að kauphækkanirnar rynnu algerlega út í verðlagið innanlands, og í þriðja lagi gát á þjónustu hins opinbera, að það svið verðmyndunarkerfisins, sem opinberir aðilar, ríki og bæir, ráða yfir, gengi a. m. k. ekki fram fyrir aðra í hækkunum og reyndi að hindra þær, eftir því sem frekast mátti verða. Og loks komu svo að sjálfsögðu til greina aðgerðir, sem að sumu leyti hefðu getað verið svipaðar og þær, sem nú eru fyrirhugaðar, þ. e. a. s. greiðslugetu ríkissjóðs yrði beint að því, eftir því sem frekast var unnt, að lækka verðlag á einstökum vörutegundum og hindra þannig hækkun framfærslukostnaðar.

En í raun og veru, þegar þessi fjögur atriði eru athuguð, kemur í ljós, að ekkert af þessu hefur verið gert. Það hafa engar kerfisbreytingar verið gerðar, sem væru til hindrunar því, að það, sem ég kalla automatið, væri í fullum gangi. Og það hefur m. a. leitt til þess, að nú að undanförnu hefur það orðið í stöðugt ríkara mæli allt frá síðari hluta sumars, að mikill hluti af landbúnaðarvörum, kjöt, rjómi og smjör hafa verið algerar munaðarvörur, a. m. k. á borðum venjulegs fólks. Og það hefur ekki aðeins reynzt neytendum þungt í skauti, heldur hefur það í raun og veru ógnað líka afkomu og efnahag bændastéttarinnar. Um breytingar á tengslum launa opinberra starfsmanna og verkafólks hefur ekki verið að ræða, nema síður væri. Eina breytingin, sem á því hefur verið gerð frá s. l. vori, var það, að nú eru vísitölubætur greiddar á öll laun, hversu há, sem þau eru. Áður hafði það verið miklum takmörkunum háð, og þeir hæst launuðu þess vegna ekki fengið nákvæmlega sömu kauphækkanir, en þessu var kippt í liðinn af hæstv. ríkisstj. strax eftir samninga almennu félaganna á s. l. vori.

Nú skal það játað, að upp á síðkastið hefur það verið fyrir áhrif ríkisstj., að 4.2%, sem komu til framkvæmda í kaupi 1. sept., hafa ekki verið látin ganga inn í verðlagið. Þetta er góðra gjalda vert, svo langt sem það hefur náð, en það sannar hins vegar í raun og veru, að ríkisstj. og verðlagsyfirvöldin hafa ekki staðið hér í ístaðinu, eins og möguleikar voru á á tímabilinu, þangað til þessi kauphækkun kom til framkvæmda, því að auðvitað er það svo, að hafi það verið mögulegt nú að undanförnu að leggja þessa 4.2% kauphækkun á atvinnurekendur, líka þá, sem framleiða fyrir innlendan markað, þá var það auðvitað ekki síður hægt, meðan kaupið var lægra, þ. e. a. s. strax eftir samningana. Ef það hefði verið gert strax, þótt ekki hefði verið nema að þessum hluta kauphækkunar, sem svaraði 4.2% eða milli þriðjungs og fjórðungs, við skulum segja fjórðungi af kauphækkun, þá væri við talsvert mikið annan vanda að etja, eða a. m. k. þegar gert er ráð fyrir gagnverkunum, þá væri nú við vanda að etja í sambandi við vísitöluna, sem væri 2—3 stigum minni en nú er að fást við, og mundi það gera hátt í það að svara til þess, sem ætlunin er með þessu frv. að skerða almenn launakjör um, þ. e. a. s. ef þetta atriði hefði strax komið til framkvæmda eftir samningana, þá væri raunverulega grundvöllurinn brostinn fyrir því, að kjarasamningunum þyrfti að rifta.

En í upphafi lifði ríkisstj. í þeirri kenningu, að ekkert mætti taka af gróðanum, og beitti sér fyrir því með oddaaðstöðu sinni í verðlagsnefnd að því

leyti, sem hún hefur vald á þessum málum, að t. d. olíufélögin, farmskipafélögin og verzlunin héldu ekki að fullu sínum stórfellda gróða frá árinu 1969, heldur væri beinlínis aukið við hann í mörgum tilfellum. Það er sannað mál, að olíuverðið, svo mikilsvert sem það er, bæði fyrir útveginn og líka fyrir mikinn hluta af launþegum beinlínis, gæti verið lægra. Olíufélögin hefðu getað komizt af með verulega lægra verð en þeim hefur verið ákveðið, ef gert hefði verið ráð fyrir því, að þau kæmu aðeins hallalaus út, en skiluðu ekki, eins og þau gerðu á s. l. ári, mjög stórfelldum gróða. Ég ætla ekki að fara að brjóta hér neinn trúnað um afkomu fyrirtækja, en ég hlýt þó að segja það, að þessi gróði var mjög stórfelldur á s. l. ári, og hygg ég, að enginn vefengi það. En allar verðlagsákvarðanir, sem hafa verið teknar varðandi olíufélögin, hafa verið byggðar á því, að afkoman yrði eins á þessu ári, þ. e. a. s. þau héldu áfram að taka sinn stórkostlega og algjörlega óþarfa gróða áfram. Og raunverulega er það sama að segja um farmskipafélögin. En það er kunnugt, að stærsta farmskipafélagið, sem er opinbert fyrirtæki og enga launung hefur á sínum reikningum, græddi nokkuð á annað hundrað millj. á s. l. ári, og önnur farmskipafélög hafa ekki farið frekar varhluta af hagnaðinum.

Eitt af þeim fyrstu málum, sem ríkisstj. og fulltrúar hennar urðu að taka afstöðu til eftir samninga, var verzlunin, hvort kaupsýslan ætti að bera það hækkaða kaupgjald að einhverju leyti eða ekki, sem um hafði verið samið, og þar var mönnum svo brátt, að þetta mál var tekið fyrir í verðlagsnefnd, áður en samningar höfðu verið undirritaðir, því að kaupsýslumenn heimtuðu tryggingu fyrir því, áður en þeir skrifuðu undir samningana, að þeir þyrftu ekki að borga einn einasta eyri af kauphækkununum, heldur yrði almenningur látinn borga þá sjálfur. Og það var látið undan þessu alveg fullkomlega með þeim afleiðingum, að hagur verzlunarinnar var í raun og veru ekki skertur um eitt einasta %-stig í sambandi við kaupið, heldur raunverulega hlutur hennar aukinn mjög verulega, því að eins og menn vita að undanförnu, þá hafa verðhækkanir orðið nokkrar á erlendum innflutningi, sömuleiðis mjög verulega miklar á farmgjöldum, og fleira hefur þar komið til, sem hefur hækkað álagningargrundvöll verzlunarinnar, þannig að aðeins með óbreyttri prósentuálagningu er hlutur hennar betri en áður, og síðan var það, eins og ég segi, fyrir forgöngu ríkisstj. afráðið, að það skyldi hækkuð álagning verzlunarinnar um 12.1% til þess að bera uppi hækkað kaup verzlunarfólksins.

Ég minnist hér á þessi þrjú atriði, vegna þess að ég tel þau vera höfuðatriðin í sambandi við alla afgreiðslu á verðlagsmálum af hálfu verðlagsnefndar á þessu tímabili, frá því að samningarnir voru gerðir. En ég legg þunga áherzlu á það, að með þeirri ákvörðun, að kaupgjaldið 1. sept. kæmi ekki inn í innanlandsverðlagið, þá er það fullkomlega viðurkennt, að það hafi verið illa haldið á málinu frá því, að samningarnir voru gerðir. Og við hefðum við miklu minni vanda og kannske engan vanda, að því leyti, að það hefði þurft að ráðast gegn launakjörum verkafólks, að stríða, ef þetta hefði verið gert strax, en í grg. með frv. er þetta útlistað með ákaflega dularfullum hætti, og ætla ég ekki að gera það að umtalsefni sérstaklega nú, þó að ástæða væri til, eins og reyndar ýmislegt fleira í þessari grg., þar sem ægir saman staðlausum stöfum og ónákvæmni, t. d. er reikningsleg ónákvæmni svo mikil, að 1 stig í launaskatti er áætlað þar 238 millj., en 1½ stig ekki nema 327, og annað og fleira er eftir þessu í þessari grg., og undrar mig sannarlega ekki, að einstakir ráðunautar ríkisstj. taki það gjarnan fyrst fram, þegar þeir ræða um þetta frv., að þeir hafi ekki samið þessa grg. Loks er svo þess að gæta í sambandi við meðferð verðlagsmálanna, að á ýmsum sviðum hafa opinberir aðilar beinlínis gengið fyrir um stórfelldar og miklar hækkanir á vöruverði og þjónustu, og mætti þar t. d. nefna Póst og síma, sjúkrasamlögin, strætisvagna og sitt hvað fleira.

Niðurstaðan af þeirri meðferð, sem viðhöfð hefur verið í sambandi við verðþróunina, frá því að samningarnir voru gerðir, verður sú, að þær áætlanir sem gerðar voru af hálfu stjórnvalda um það bil, sem samningarnir voru gerðir, voru byggðar á þeim grundvelli, að öll kauphækkunin rynni út í verðlagið að fullu og öllu, en þær hafa ekki staðizt. Hækkanirnar hafa orðið meiri en ráð var fyrir gert út frá þessari forsendu. Þetta frv. finnst mér færa heim sanninn um það, að þessa stefnu, að veita kauphækkunum viðstöðulaust og án eiginlega nokkurs eftirlits út í verðlagið, hefur rekið í strand. Jafnvel hæstv. ríkisstj. hefur orðið auðsætt, að þessi stefna hlaut að leiða til stöðvunar í atvinnulífinu, til atvinnuleysis og margvíslegs öngþveitis og vandræða, ef ekki væri með einhverjum hætti spyrnt við fótum. Og þessari niðurstöðu, sem flutningur þessa frv. gefur tilefni til, er ég vissulega alveg sammála.

En ríkisstj. eru ljósar fleiri hættur í þessum efnum. Henni er það ljóst, að við henni sjálfri blasir nokkur veruleg hætta, ef öllum lýðum verður þetta fullljóst núna fyrir kosningar. Og þess vegna er staðið að þessu frv. fyrst og fremst með þeim hætti, að vandanum er ýtt á undan sér um sinn. Engar kerfisbreytingar, sem duga til langframa, eru gerðar í verðmyndunarkerfinu. Hér er aðeins um að ræða stöðvun á skaðvænlegustu afleiðingum þess um stundar sakir. Í kerfinu sjálfu er allt á sínum stað, tilbúið til þess að fara í gang, þegar svokölluðu verðstöðvunartímabili lýkur, og þá jafnvel af meiri hraða og krafti en áður. Og vissulega fer ekki hjá því, að menn minnist nú reynslunnar frá fyrri verðstöðvunum þessarar hæstv. ríkisstj. eða þeirra flokka, sem að henni standa, bæði frá 1959 eða 1967, þegar endirinn á slíkum verðstöðvunartilraunum af hálfu hennar varð sá einn að hrófa upp uppbótakerfi, sem síðan endaði í stórfelldri gengisfellingu.

Það er kannske ekki alveg úr vegi í þessu sam-

bandi að minnast á svokallað verðgæzlufrv., sem sýnt var hér á Alþ. í fyrra, en náði þar að vísu ekki fram að ganga, vegna þess að einn af hæstv. ráðh. ríkisstj. snerist öndverður gegn því hér í þessari hv. d., en hæstv. forsrh. hefur látið það í ljós í sambandi við umr. um þetta frv., m. a. í sjónvarpsviðtali, sem ég hlýddi á og horfði á, að sennilegt væri, að verðgæzlufrv. yrði flutt aftur á þessu þingi og þá í tengslum við verðstöðvun. Ég átti nú eiginlega hálfpartinn von á því, að þegar þetta frv. um verðstöðvun kæmi fram, þá fylgdi þetta sem eins konar fylgifrv., verðgæzlufrv. frá því í fyrra. En það hefur nú ekki orðið. En margt þykir mér nú benda til þess, að engin hugarfarsbreyting hafi átt sér stað varðandi afstöðu til þessa frv. og að það liggi eiginlega í hlutarins eðli, að verði það ekki samþ. nú á þessu þingi, muni núv. stjórnarflokkar a. m. k. taka það upp, ef þeir hafa aðstöðu til eftir kosningar að koma því í framkvæmd, og kynni þá að vera, að það væri vel hægt að gera það bara með brbl. En um þetta vitnar t. d. nýgerð samþykkt kaupmannasamtakanna, að ég held, frekar en sambands heildsalanna, þar sem lögð er áherzla á það, að þegar þessu verðstöðvunartímabili ljúki, fái þeir að ráða öllu um verzlunarálagningu og verðmyndunina, sem tengd er verzluninni.

En svo að ég víki þá beint að efni þessa frv., þá er það helzt þar að segja, að eins og segir í grg. með frv., er tilgangurinn með því fyrst og fremst sá að eyða 7.5%-stigum verðlagsbóta, sem ýmist áttu að koma til framkvæmda núna 1. des. eða síðar á tímabilinu fram að 1. sept. Og þessu takmarki hyggjast þeir, sem að frv. standa, ná með ýmsum krókaleiðum, sem sýnilega er reynt að gera sem allra flóknastar og torskildastar, svo að kjarna aðgerðanna sé leynt, eftir því sem verða má, og almenningur geti sem minnst gert sér ljóst, hver hann raunverulega er. Í meginatriðum má þó segja, að um tvenns konar aðgerðir sé að ræða. Það er í fyrsta lagi bein skerðing á launakjörum, eins og þau voru ákveðin með samningunum 19. júní, og í öðru lagi að um er að ræða framlag úr ríkissjóði, sem samkv. frv. eru 341 millj. kr., sem verja á til aukinna fjölskyldubóta og niðurgreiðslna, og í þessu sambandi álagning sérstaks launaskatts, sem er 327 millj., og allar tölur eru hér miðaðar við ársinnheimtu, eða samtals 668 millj., sem verja eigi á ársgrundvelli til aukningar fjölskyldubóta og niðurgreiðslna. En hin beina skerðing á launakjörunum, eins og þau voru ákveðin með samningunum frá 19. júní, er í fyrsta lagi, að vísitölugrundvellinum, sem þar var gert ráð fyrir, er breytt um rösklega 1 stig vegna áfengis og tóbaks. Í grg. með frv. er gert ráð fyrir, að sú breyting að taka áfengi og tóbak út úr grundvellinum, þýði skerðingu upp á 0.6. Hæstv. fjmrh. lýsir nú yfir, að þetta séu 0.7, og er það aðeins í stíl við aðra nákvæmni, sem viðhöfð er í meðferð talna í sambandi við þetta frv. Og ennfremur kemur hér til hækkun tryggingabóta, sem fyrirsjáanleg er um 30%, á iðgjöldum til almannatrygginga, sem fyrirsjáanleg er um áramót um 0.4%. Hvorugt þetta skal koma inn í vísitölugrundvöllinn, sem samið var um á s. l. vori. Þetta atriði varðandi tóbakið og áfengið hefur nú þegar tekið breytingum, þannig að það er 0.7 stig, og varðandi það síðara er það að segja, að mér þykir vera miklar líkur á því, að iðgjöld muni hækka miklu meira en þarna er gert ráð fyrir. Hér er aðeins gert ráð fyrir hækkun í beinu samhengi við þær hækkanir, sem þegar hafa orðið á bótum tryggingaanna, ellilífeyri og örorkubótum, en a. m. k. annar stjórnarflokkurinn hefur lýst því yfir, að hann muni beita sér fyrir því, að bætur verði hækkaðar um 20—25% frá næstu áramótum, og ef það yrði gert, er hér auðvitað um næstum því helmingi meiri hækkun að ræða, þannig að bein skerðing vísitölugrundvallarins verður þá orðin nokkuð á annað stig, þegar þetta hvort tveggja er komið til framkvæmda.

Hér skiptir það auðvitað í þessu sambandi engu máli, hvaða skoðun menn hafi á því, hvort áfengi og tóbak eigi að vera inni í vísitölugrundvellinum. Það, sem skiptir máli í þessu sambandi, er það, eins og hv. þm. Helgi Bergs sagði hér áðan, að launamenn tapa nákvæmlega jafnmiklu á þessari breytingu eins og einhverri annarri breytingu. Það hefði ekki skipt neinu máli í þessu sambandi, hvort tekin væri út einhver nauðsynjavara, launþegar hefðu tapað jafnmiklu í launum sínum fyrir það, því að auðvitað fá þeir eins bæturnar, sem ekki neyta áfengis eða tóbaks og eiga kröfu á þeim samkv. gerðum samningum. Um þetta atriði er að öðru leyti að segja það, að verkalýðsfélögin og verkalýðssamtökin hafa aldrei skoðað þetta vísitölukerfi sem neina heilaga bók, sem ekki mætti breyta stafkrók í og hafa alltaf verið reiðubúin til þess að skoða það við samningsgerðir, hvernig vísitalan skyldi vera, og það er engan veginn þeirra skoðun, að þar sé allt eins og bezt verður á kosið. En þegar einu sinni er búið að semja um ákveðinn grundvöll, þá vill verkalýðshreyfingin hins vegar, að það standi alveg eins og önnur atriði, sem hún semur um, og sem hafa áhrif á kaupgjald og kjör hennar skjólstæðinga.

Varðandi þennan þátt frv., sem lýtur að beinum skerðingum á launum samkv. samningum, er svo í öðru lagi um það að ræða, að viðmiðunartíma verðlagsbótanna er breytt, þ. e. a. s. á þann veg, að þær vörur, sem niðurgreiddar eru úr ríkissjóði, ber að miða við 1. des., 1. marz o. s. frv., þ. e. a. s. daginn, sem breytingar geta komið til greina, en ekki 1. næsta mánaðar á undan. Og þetta er auðvitað gert í alveg ákveðnum tilgangi, sem sé þeim að firra launagreiðendur því að greiða umsamin laun núna 1. des. En það er augljóst, að þá ættu launþegar kröfu á samkv. samningunum rösklega 4% hækkun, og skiptir það í því efni engu máli, hvort einhverjar niðurgreiðslur verða auknar 1. des., eins og hæstv. fjmrh. var að boða. Eftir samningunum ber launþegum kaup samkv. verðlaginu eins og það var 1. nóv., og hvorki hæstv. fjmrh. né nokkur annar getur breytt því með nokkrum hætti

öðrum en þeim, sem að nokkru leyti er farið inn á í frv., að veita fjölskyldubætur yfir nóvembermánuð. Með þeim hætti er hægt að ná aftur fyrir sig í verðlagið og lækka kaupið, eins og það ákveðst eftir samningum 1. des. En auknar bætur, hvort sem þær eru 1½ stig eða 2 stig, skipta í þessu sambandi engu máli, þannig að það er alveg sama, hvaða tilfæringum er beitt í því efni, eftir samningum, eins og þeir voru undirritaðir 19. júní, þá eiga launþegar rétt á rösklega 4% kauphækkun núna 1. des. Í þessu sambandi verða menn auðvitað að gæta að því, að vísitalan getur verkað á tvo vegu. Hún er mælikvarði á kaupið, og sá mælikvarði getur bæði hækkað og lækkað eftir atvikum. Í því tilfelli, að við búum við stöðugt hækkandi verðlag, þá verða launþegar fyrir nokkrum skaða vegna þess biðtíma, sem þá skapast, eins og hér hefur verið bent á. En sé hins vegar um það að ræða, að verðlækkanir væru hugsanlegar, þá hafa þeir af þessu nokkurn hagnað og eiga að sjálfsögðu fullan rétt á að njóta hans, vegna þess að reynslan hefur nú yfirleitt verið sú, að við höfum búið við verðhækkanir, en ekki verðlækkanir. En komi það fyrir, virðist það vera nokkuð hart, að launþegar séu látnir gjalda þess, þegar við það er miðað, að þeir hafa venjulega orðið að bíða eftir bótunum.

Svo er loks gert ráð fyrir því í frv. og beinlínis tekið fram, að það sé skylt að fella niður með öllu 2 vísitölustig, að sjálfsögðu frá og með gildistöku l., en þau öðlast þegar gildi, eins og segir í 8. gr., en í 1. mgr. 5. gr. segir:

„Verðlagsuppbót, sem svarar til tveggja stiga hækkunar kaupgreiðsluvísitölu, skal þó eigi koma til framkvæmda fyrr en 1. sept. 1971."

Ég held, að það sé alveg ástæðulaust fyrir hæstv. fjmrh. að vera að gera ríkisstj. nokkuð upp um þetta efni og fullyrða það, að hér sé aðeins um heimild að ræða. Það er alveg augljóst hverjum, sem læs er, að hér er ekki um neitt heimildarákvæði að ræða, heldur algera ákvörðun. Nú ber að sjálfsögðu að fagna því, að hæstv. ríkisstj. hefur þegar hafið undanhald, eftir að henni eru ljós mótmæli verkalýðssamtakanna gegn þessu frv., og hún hyggst nú ekki láta þetta atriði skerðingarinnar koma til framkvæmda 1. des., heldur einhvern tíma síðar, sem ekki er þó að neinu leyti ljóst, hvenær á að verða, hvort það á að verða 1. marz eða 1. júní. Það er nú ekki beint sennilegt, að það verði 1. júní. Þá er skammt til kosninga, og ætli hún fari þá að lækka kaupið um 2 stig. Mér þykir það ekki beint trúlegt, þannig að líklegast er, að þetta ákvæði eigi að koma inn 1. marz. Þetta er nokkur bót, svo langt sem það nær, en ég held, að þeir, sem við lögin eiga að búa, geri þá kröfu að fá þetta alveg ákveðið fram, annaðhvort hvaða mánaðardag þetta á að koma inn, þannig að menn viti raunverulega, hvað þeir eru að samþykkja, eða þá, fallið sé að fullu og öllu frá því, og breytir það málinu að sjálfsögðu nokkuð, þó að ég telji, að það sé ekki nein grundvallarbreyting.

Varðandi síðari atriði, ef við sleppum í bili ræðum um skerðingarákvæði frv., þ. e. a. s. auknar greiðslur úr ríkissjóði og launaskatt, sem varið er til niðurgreiðslna, þá vil ég segja það um fjölskyldubæturnar og niðurgreiðslurnar, að ég tel þær á ýmsan hátt eðlilega, æskilega og sjálfsagða ráðstöfun, og þær mundu út fyrir sig einar ekki sæta andstöðu almennings eða verkalýðshreyfingarinnar. Þó vil ég taka það skýrt fram, að það er auðsætt, að ef launþegarnir eru skoðaðir sem ein heild, þá er hér um beinan skaða að ræða fyrir launþegastéttina sem heild, skaða, sem svarar a. m. k. eftir þeim útreikningum, sem gerðir eru í aths. við frv., um 1½ stigi, þó að það sé ekki skaði miðað við vísitölugrundvöll. Og þetta byggist á því, að varðandi niðurgreiðslurnar og fjölskyldubæturnar, eins og að þeim er staðið, þá hefur hvert stig í vísitölunni gildi upp á 167 millj., en raungildi þess, sem felst í launaskattinum, þ. e. a. s. það raunverulega gildi, sem vísitalan hefur í kaupi til launþeganna í heild, er 238 millj., þannig að miðað við ársgrundvöll lækka fjölskyldubætur og niðurgreiðslur, sem eru um 858 millj. samkv. útreikningi, sem gerður er í aths., um 5.1 stig, en ef gildi launaskattsins yrði sett inn í dæmið, sem er auðvitað það rétta, ef við skoðum launþegastéttina sem eina hagsmunaheild órjúfanlega, þá ætti það aðeins að lækka launin um 3.6 stig, og mismunurinn er, eins og ég sagði áðan, rétt nákvæmlega 1½ stig. En það breytir því ekki, að miðað við ástandið, eins og það er, hygg ég, að þetta hefði ekki sætt neinu ámæli eða neinni andstöðu nema kannske síður væri, jafnvel þó að launastéttin sem heild yrði að taka á sig þarna raunverulega nokkrar byrðar, þ. e. a. s. eins og frv. er að frátalinni þeirri breytingu, sem er á framkvæmdinni, sem hæstv. fjmrh. boðaði hér, þá er það auðsætt, að launafólkið ber a. m. k. raunverulega kaupskerðingu upp á 4.5% frá borði vegna ákvæða frv., eitthvað minna á fyrsta tímabilinu, samkv. þeirri breytingu, sem nú hefur verið boðuð, en að lokum yrði niðurstaðan þessi. Og hér er um það að ræða, þau 2 vísitölustig, sem eru felld niður, sem eiga að koma til framkvæmda einhvern tíma á tímabilinu fram að 1. sept., og ennfremur þá skerðingu grundvallarins, sem leiðir af breytingunum um áfengi og tóbak, sem er á annað stig, og svo sá óbeini skaði, sem felst fyrir launastéttirnar í niðurgreiðslunum.

Hæstv. ríkisstj. klifar mjög á því, og það var margendurtekið hér í stuttri framsöguræðu hæstv. fjmrh., að mikil vá væri fyrir dyrum, ef ekkert væri að gert, og í öllum viðmiðunum, sem gerðar eru, er þetta lagt til grundvallar, annars vegar engar aðgerðir, hins vegar þessar aðgerðir, þ. e. a. s. þetta nákvæmlega kemur til greina og ekkert annað. Það er kjörorðið, sem sífellt er endurtekið í sambandi við allar umr. um þetta frv. Mér finnst þetta svara til þess, að ríkisstj. hæstv. lýsti því yfir, að hún hafi engar skyldur gagnvart efnahags-, verðlags- eða kjaramálum, ef til grundvallar aðgerðunum er ekki lögð mjög tilfinnanleg kaupskerðing þeirra lægst launuðu og rifting frjálsra verkfallssamninga.

Um þetta frv. hefur verið fjallað að undanförnu,

bæði af atvinnurekendum og af verkalýðshreyfingunni, og afstaða atvinnurekenda er auðsæ. Ef hún er ekki beinlínis fagnandi, þá er hún a. m. k. mjög jákvæð, enda er það í raun og veru sízt að undra, því að byrði þeirra, ef byrði skyldi kalla í sambandi við eyðingu þessara 7.5 vísitölustiga, er vissulega ákaflega léttbær. Hins vegar liggur afstaða verkalýðshreyfingarinnar nú einnig ljós fyrir. Ályktanir um frv. hafa verið gerðar af miðstjórn Alþýðusambandsins, stjórn Dagsbrúnar, stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, stjórn Hlífar í Hafnarfirði, stjórn Einingar í Eyjafirði og sjálfsagt fleiri félögum, og allar ályktanirnar eru mjög á einn veg, þ. e. a. s. eindregið er mótmælt í fyrsta lagi launaskerðingunni, sem frv. hefur í för með sér, og hins vegar þeirri árás, sem í frv. felst, á samningsrétt verkalýðsfélaganna. Þessi afstaða hefur af talsmönnum ríkisstj. á opinberum vettvangi verið kölluð ábyrgðarleysi, sprottið af persónulegri og pólitískri valdastreitu einstakra forustumanna. Ég held, að í þessum fullyrðingum sé nú heldur grunnt kafað, og það megi ekki gleymast fyrir þeim, sem þannig tala, að ég held, að um þetta hafi engar pólitískar deilur verið innan þessara samtaka, a. m. k. er mér það vel kunnugt, að í miðstjórn Alþýðusambandsins var ályktunin gerð með öllum atkv., ekki aðeins shlj. atkv., heldur öllum atkv., og þar á meðal voru a. m. k. tveir fulltrúar úr miðstjórninni, sem eru ákveðnir fylgismenn og forustumenn í Alþfl. Ég minni líka á ummæli formanns Iðju í Reykjavík, sem er einn af foringjum sjálfstæðismanna hér í höfuðborginni, þar sem hann tekur ekki grynnra í árinni en aðrir um fordæmingu sína á meginatriðum þessa frv. Auðvitað eru meginástæður andstöðunnar gegn þessu frv. í fyrsta lagi kaupskerðingarákvæði mitt í mesta góðæri og velferðartíma þjóðarbúsins og í öðru lagi, og það jafnvel frekar en það fyrsta, er það skoðun þeirra, að með samþykkt frv. sé frjáls samningsréttur þverbrotinn og allri gerð gildra kjarasamninga raskað. Í þriðja lagi er það almenn skoðun í verkalýðshreyfingunni, að það sé unnt á grundvelli gerðra samninga að leysa þann vanda, sem nú blasir við, a. m. k. til bráðabirgða og jafnvel til nokkurrar frambúðar, án þess að þeir séu skertir. Og í fjórða lagi er ástæðan sú, að verkalýðshreyfingin telur, að riftun samninga með þessum hætti, sem hér er gert, leiði í öllu falli, hvað sem öllum kjaraskerðingum líði og deilum um tölur og talnaleiki, til óvissu og stöðugra deilna á vinnumarkaðinum. Ég held, að þessi afstaða geti ekki komið hæstv. ríkisstj. á óvart. Ég held, að henni sé jafnljóst og öllum öðrum, sem fylgdust með kjarasamningunum á s. l. vori, að þeir samningar hefðu aldrei verið gerðir í því formi, sem þeir voru, ef krafan um fulla vísitölu hefði ekki náð fram að ganga með þeim hætti, sem um var samið. Þetta var óumdeilanlega sjálfur grundvöllur samninganna, og mér er meira að segja ekki grunlaust um það, að hæstv. ríkisstj. hafi átt verulegan þátt í því á bak við tjöldin, að við þessari kröfu var orðið af atvinnurekendum, eftir að deilan hafði staðið heldur lengi, óþægilega lengi að hennar dómi. Var vinnuveitendum kannske sagt, að síðar kæmu ráð til þess að svíkja þennan höfuðgrundvöll samninganna? Ég hef alveg fulla ástæðu til þess að spyrja um það.

Í viðræðum fulltrúa Alþýðusambandsins og ríkisstj. var það alltaf skýrt tekið fram af okkur, sem í þeim viðræðum stóðum, að við teldum, að það kæmi ekki til nokkurra greina, að lögþvinganir um breytingar á samningunum yrðu þolaðar. Og í ályktun Alþýðusambandsins frá 11. okt. er það skýrt tekið fram, að það sé skilyrði fyrir áframhaldandi viðræðum, að yfirlýsing sé gefin um það, að engum slíkum lögþvingunum sé beitt. En þrátt fyrir þetta lætur hæstv. ríkisstj. nú og talsmenn hennar eins og hún hafi hvorki heyrt né séð viðvaranir, sem henni voru vissulega gefnar í tæka tíð um þetta efni, og lætur eins og sér kæmi mjög á óvart sú andstaða, sem meginefni frv. sætir af hálfu samtakanna. Um þetta vil ég aðeins segja, að verkalýðshreyfingin hefur alveg fullkomlega gegnt þeirri skyldu sinni að vara ríkisstj. við, og ekki veldur sá, er varar, heldur frekar sá, sem allar viðvaranir hefur að engu. Ég játa það, að fyrir mér er það í raun og veru miklu stærra atriði heldur en nokkur %-stig í beinum launum, hvort við búum hér í landi við frjálsan samningsrétt eða ekki, því að ég tel, að frjáls samningsréttur sé í raun og veru einn af hyrningarsteinunum undir lýðræði okkar og verði ekki frá því skilinn, enda er það svo, að fátt skilur í rauninni greinilegar á milli einræðisríkja, hvort sem þau eru rauð eða brún, og lýðfrjálsra ríkja heldur en meðferð þessa réttar. Annars vegar búa launamenn og almenningur við laun, sem eru ákveðin í hæstu stöðvum stjórnvalda, hins vegar við meira eða minna ófullkomið atvinnulýðræði, sem hefur það sem fyrsta boðorð, að launamenn séu sjálfir ákvörðunaraðilar um kaup sitt og kjör, og ég vil bæta því við, að í þjóðfélagi okkar er yfirleitt ríkjandi virðing fyrir öllum fjármálalegum gerðum, hvers konar samningum um fjármálaleg efni, og það er yfirleitt hafið yfir allan vafa, að slíkum gerðum verði ekki rift með lagasetningu, enda er hér komið nærri einmitt því grundvallaratriði mannréttinda samkv. stjskr. okkar, þar sem er verndun eignarréttarins, og ætti sá réttur vissulega einnig að ná til þeirrar eignar, sem venjulega er sú eina, sem vinnandi menn eiga að nokkru marki, og það er vinnuaflið. Og það er einkennilegt, kannske einkennileg örlög, að jafnvel í þessu frv., sem gengur svo mjög á þennan rétt, sem raun er á, þá örlar á þessari virðingu, þ. e. a. s. í ákvæðum 6. gr. frv. um húsaleigusamninga og í aths. um þá samninga á bls. 10 í aths. En þar segir, að þar sem það hafi verið og sé mikil og algeng venja, að húsaleiga sé reiknuð eftir vísitölu byggingarkostnaðar eða öðrum vísitöluútreikningi, þá þyki rétt að ákveða það, að húsaleiga megi hækka samkv. þessari vísitölu eins og hún er í nóvembermánuði, þ. e. a. s. til loka þess tíma, sem einhver hækkunartilefni eru í sambandi við þessa vísitölu. Í

raun og veru er þetta viðurkenning á því, að vísitöluákvæðin varðandi þessa samninga skuli standa, og eins og ég sagði kemur þarna auðvitað fram sú almenna virðing, sem menn hafa hér á landi fyrir gerðum samningum um fjármálaleg efni manna í milli.

Varðandi hins vegar samningsréttinn er allt afsakað hér með fordæmum, að þau séu svo og svo mörg, sem séu algerlega hliðstæð. Ég held nú raunar, að það séu engin fordæmi, sem séu alveg hliðstæð ákvæðum þessa frv. En séu einhver fordæmi fyrir þessari skerðingu á samningsréttinum, þá vil ég segja, að það eru vond fordæmi, sem okkur ber að forðast að líkja eftir. En hér kemur það til, að það er einnig fordæmi fyrir því gagnstæða, þ. e. a. s. fyrir því, að kjarasamningar séu úr gildi, ef grundvelli þeirra er raskað, og þessi fordæmi eru meira að segja til úr tíð núv. hæstv. ríkisstj., og það er hún, sem hefur staðið að því að gefa slík fordæmi. Í lögum um ráðstafanir vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu frá 19. des. 1968 var ákveðin veruleg röskun á samningum um hlutaskipti sjómanna, sem fólst í því, að 27% afla voru tekin af óskiptu til útgerðarinnar. Í þessum lögum segir í ákvæðum til bráðabirgða:

„Kjarasamningum milli útvegsmanna og sjómanna, sem samkv. ákvæðum þeirra var ætlað að gilda til ársloka 1969, er heimilt að segja upp án fyrirvara eftir gildistöku þessara laga.“

Hér í þessum lögum var það vissulega fullkomlega viðurkennt, að það væri eðlilegt og réttmætt, að að lögþvinguðum grundvallarbreytingum á kjarasamningum gerðum fengju þeir, sem breytingin tók til, tækifæri til þess að gera nýjan samning, að sjómenn í þessu tilviki væru óbundnir af samningi um kjör sín, samningi, sem hafði verið breytt með löggjöf. Þetta er í eðli sínu ákaflega líkt því, sem hér er að gerast. Hlutaskiptin eru grundvöllur undir kjarasamningum sjómanna, ekki með alveg óskyldum hætti og verðlagsbæturnar eru grundvöllur að samningum okkar, sem erum í Alþýðusambandi Íslands. Og þarna er sem sagt tekinn af allur vafi um það, að slík grundvallarbreyting, sem þarna átti sér stað á kjörum sjómanna, hlyti að leiða til þess, að samningar væru þá úr gildi, þ. e. a. s. það væri heimilt að segja þeim upp án nokkurs fyrirvara, þegar l. tóku gildi. Og ég hefði talið það, að það hefði verið algert lágmark venjulegs siðgæðis í skiptum við verkalýðshreyfinguna, að eitthvert slíkt ákvæði hefði verið í þessum l., eins og lögfest var í hliðstæðu tilfelli í des. 1968 með þessum l. um breytingar á gengi íslenzkrar krónu, hvað varðaði sjómannastéttina. Ég vil ekkert fullyrða um stjórnlagalegt gildi löggjafar eins og þeirrar, sem hér er á ferðinni, löggjafar um riftun fjármálalegrar gerðar, sem í alla staði var staðið löglega að, og ég ætla mér ekki hér að upphefja neina þrætu um það efni, enda er ég ekki til þess fallinn. En hitt er mér alveg ljóst, að venjulegt lagaskyn og réttlætiskennd, sem flestum er að meira eða minna leyti í blóð borin, segir óbreyttum og ólögfróðum manni, að enginn siðferðilegur réttur geti staðið að baki lögþvingunum, sem bindur þolendur slíkrar löggjafar, eftir að grundvöllurinn, sem samningar voru byggðir á, er farinn veg allrar veraldar fyrir tilverknað þriðja aðila. Og ef þann siðferðilega rétt skortir, sem með einhverjum hætti skírskotar til réttlætiskenndar, er næsta öruggt, að löggjöfin kemur fyrir ekki, hún verður bókstafurinn einber, þegar út í lífið er komið. Fyrir því er líka nokkuð mikil reynsla, að löggjöf um kjaramál stenzt illa hér á landi, og er það raunar auðskilið í landi, þar sem sú grundvallarhugsun er ríkjandi, að þau mál eigi að útkljá með frjálsri samningsgerð. Og dæmin um þetta eru deginum ljósari, svo að ég ætla ekki að fara að tefja mál mitt með því að rifja þau upp.

Svo aðeins vildi ég minnast hér á eitt atriði, sem er alveg nýtt af nálinni og snertir þetta. Það er varðandi brbl. í farmannadeilunni, sem sett voru á s. l. sumri. Með l. var skipaður gerðardómur, sem átti að kveða upp dóm um kaup og kjör yfirmanna á grundvelli þessara brbl. Og þessi dómur kvað upp sinn úrskurð og úrskurðaði yfirmönnum á farskipum mjög ríflega það, sem almennt verkafólk hafði fengið í launahækkunum. En farmenn undu ekki þeim málalokum og sögðu upp skipsrúmum sínum og hófu óformlegt verkfall hinn 1. okt. s. l. Treystust atvinnurekendur nú til þess að hunza þetta óformlega og í raun og veru ólöglega verkfall, eða gripu þeir til aðgerða eins og þeirra t. d. að siga lögreglunni á farmennina eða sækja þá að lögum? Nei, því fór víðs fjarri. Atvinnurekendur settust að samningaborðinu með farmönnum, eins og ekkert hefði í skorizt og eins og verkfallið hefði borið að fyllilega samkv. vinnulöggjöfinni, og endirinn varð sá, að það var samið um tvisvar til þrisvar sinnum meiri kauphækkun en almennu verkalýðsfélögin hlutu og miklu meiri kauphækkanir en fallizt hefði verið á af hendi farmannanna, þegar deilan var á sínu upphaflega stigi, áður en til nokkurrar lögþvingunar kom. Og það er næsta öruggt að þau mál hefðu skilað sér með þeim hætti, að farskipafélögin hefðu getað sloppið með miklu minni kauphækkun en þau í reyndinni gerðu, ef aldrei hefði verið beitt neinum lögþvingunum í sambandi við það mál. Ef þessi deila, sem er alveg ný af nálinni, sýnir það ekki og sannar, hversu vonlaust verk er að skipa kjaramálum hér á landi með lögum án samráðs og samvinnu við verkalýðssamtökin, þá veit ég ekki, hvað þarf til þess að sanna slíkt fyrir núv. hæstv. ríkisstj., sem hér stendur að verki. Er það ekki næsta líklegt, eins og málum er nú komið, að hér fari líkt um þessi lög, og mun þá vissulega flestum finnast, að verr sé af stað farið en heima setið?

Það atvik gerðist, þegar n. þessarar hv. d. og Nd. voru að ræða um þetta mál og athuga það lítillega saman nú fyrir helgina, þá sagði einn aðalráðunautur hæstv. ríkisstj., forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar, þegar skerðingarákvæði frv. bar á góma, að hér væri ekki fyrst og fremst um fjár-

hagsatriði að ræða, heldur, að mér skildist, a. m. k. þá almennu, sálfræðilegu nauðsyn, að allir tækju á sig eitthvað í sambandi við þessar aðgerðir. Ég held, að það sé alltaf að koma betur og betur í ljós, að af hálfu hæstv. ríkisstj. er ekki hér fyrst og fremst um fjárhagsatriði að ræða, að það sé rétt, sem Alþýðusambandið hefur haldið fram, að það væri engin fjármálaleg nauðsyn á því að leysa málið með þeim hætti, sem hér hefur verið gert, og það sé í raun og veru viðurkennt af ríkisstj. og ekki sízt þykir mér þetta líklegt, eftir að hæstv. fjmrh. hafði talað hér í dag og lýst þeirri alveg nýgerðri ætlan ríkisstj., að fresta a. m. k. aðalkaupskerðingunni um þrjá mánuði. Þetta verður líka nokkuð ljóst af því, að nú blasir við fjárlagagerð, þar sem tekjur og gjöld verða nálægt 11 milljarðar kr., og það sýnist mér vera auðsætt, að upphæðin, sem þarf til þess að ná saman endum, til þess að geta eytt þessum 7.5 vísitölustigum af verðlagsbótum án breytinga á samningum atvinnurekenda og verkalýðssamtaka, getur ekki ráðið neinum örlögum eða úrslitum. Þau 3—4 stig, eða hvað það nú er nákvæmlega, sem erfitt er að henda reiður á, sem tekin eru af launþegum, ef frv. verður að l., eru auðvitað ekkert verulegt fjárhagsatriði, eins og sérfræðingurinn viðurkenndi, heldur er þar fyrst og fremst um að ræða prófraun á það, hvort verkalýðshreyfingin skilur þessi kjaraskerðingaráform þeim rétta skilningi, sem hæstv. ríkisstj. örugglega hefur sjálf, þ. e. a. s. að hér sé ekki í raun og veru um fjárhagsatriði að ræða, heldur fyrst og fremst sé verið að prófa sig áfram með það að venja launafólk og þá sérstaklega verkamenn við þá aðferð að skipa launakjörum þeirra að meira eða minna leyti með harðri hendi löggjafarvalds og ríkisvalds og svipta þá sjálfsákvörðunarrétti í þeim málum, sem þeim eru mikilsverðust. Ég ætla ekki að spá hér miklu um það, hvort slík áform takast eða ekki, en ég segi það aðeins, að mjög er þá brugðið verkalýðshreyfingunni, ef hún sér ekki í sjónhendingu alla dýrð þess réttlætis gagnvart launamönnum í þessu landi, sem þetta frv. færði, þegar það á að bera upp á sama daginn, að því er ætlað er, að þeir eiga að láta af hendi um 4% af umsömdum launum og ríkisstj. færir öllu embættismannakerfinu og sjálfri sér um leið margfaldar launahækkanir við þær, sem verkafólk hlaut við samningsgerð sína við atvinnurekendur á s. l. sumri. Myndin af því, sem nú er fram undan í launamálum, er ekki að fullu dregin, nema þetta sé haft í huga, og þá líka það, að það er allur almenningur, sem er hinn raunverulegi launagreiðandi embættismannanna, sem taka sjálfir laun sín, en hann verður sjálfur að taka laun sín úr hendi atvinnurekendastéttarinnar.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Mig langar til að koma hér á framfæri nokkrum hugleiðingum, fyrst um efni þessa frv., en síðan um það, hvaða afleiðingar lögfesting vissra ákvæða þess kann að hafa. Ég get nú farið fljótt yfir sögu, því að þeir hv. alþm., sem hér hafa talað á undan mér núna í dag, hafa rakið efnið. En í stuttu máli er efni frv. það að gera ráðstafanir til þess, að kaupgreiðsluvísitalan geti til 31. ágúst 1971 verið hin sama og hún var 1. sept. s. l. eða 4.21%. Til þess þarf tvennt. Það er annars vegar að koma í veg fyrir verðhækkanir frá gildistökudegi l., 1. nóv. s. l., út tímabilið, og í öðru lagi þarf að eyða þeim hækkunum, sem orðið hafa frá því að kaupgreiðsluvísitalan var síðast reiknuð. Þessu takmarki skal samkv. frv. náð með eftirfarandi hætti: Í fyrsta lagi skal banna með l. hækkun verðs á hvers konar vöru frá því, sem það var 1. nóv. s. l., og það er 1. gr. frv., sem fjallar um þetta. Ennfremur er bannað að hækka selda þjónustu og framlag í hvaða formi, sem er, þar á meðal frá ríki, sveitarfélögum og stofnunum þeirra.

Um verðlagsmál gilda nú ákvæði l. nr. 54 frá 1960. Þar segir í 3. gr., að verðlagsnefnd geti ákveðið hámarksverð á vöru og verðmæti, þ. á m. hámark álagningar, umboðslauna og annarrar þjónustu, er máli skiptir um verðlag í landinu. Þessi heimild hefur þegar verið notuð. Hún var notuð óháð flutningi þessa frv. Öll hækkun á því, sem l. taka til, hefur verið bönnuð frá 1. nóv. s. l. Það er vissulega rétt, að hluti verðmyndunar í landinu fellur ekki undir verksvið verðlagsnefndar. Þar er aðallega um að ræða innlendan iðnaðarvarning, sem á í samkeppni við innfluttar vörur, og því má segja, að heimild vanti til þess að banna hækkanir á þessum vörum. Ástæðan til þess, að þær eru undanþegnar afskiptum verðlagsnefndar, er vafalaust sú, að samkeppninni erlendis frá er ætlað að veita þeim nauðsynlegt aðhald. En trú manna á æðri stöðum á þetta aðhald er ekki meiri en svo, að hér er farið fram á heimildir til að banna allar hækkanir, einnig á þessum vörum, og það er auðvitað rétt, að að svo miklu leyti vantar lagaákvæðin. En það eru undanþágur frá þessari verðstöðvun, sem talað er um í 1. gr. Í sömu gr. er hlutaðeigandi yfirvöldum gefin heimild til þess að fallast á hækkanir þrátt fyrir bannið, og í 7. gr. er það sett á vald ríkisstj. að veita sveitarfélögum leyfi til að hækka útsvör og aðstöðugjöld, svo og ýmisleg opinber gjöld önnur, þannig að í heild virðist þessi gr. ekki boða verulegar breytingar frá þeim verðhækkunarhömlum, sem unnt er að beita með stoð í gildandi l. og án þess að ný lagaákvæði þurfi til. Engu að síður hafa allir, sem hér hafa þessi mál rætt, tjáð sig sammála því, að þessi þáttur frv. sé a. m. k. skaðlaus og í smáatriðum jafnvel til bóta, og því er engin andstaða gegn honum hér á Alþingi.

Um það, hvernig eigi að koma í veg fyrir, að vísitöluhækkun, sem þegar er orðin, komi til útborgunar, er það að segja, að þetta er ráðgert með tvennu móti. Annars vegar á að hækka fjölskyldubætur með öllum börnum innan 16 ára aldurs upp í 8 þús. kr. og eyða þannig, eins og það heitir á máli frv., 1.55 %-stigum. Á næsta ári verða samkv. þeirri áætlun, sem útreikningar þessir byggjast á, 73 þús. börn undir 16 ára aldri, 32 þús. fyrstu börn og 41 þús. síðari börn og heildarbætur því 8 þús. sinnum 73 þús. eða 584 millj. kr. á ársgrundvelli, en sú

aukning, sem hér um ræðir, þ. e. hækkun fjölskyldubóta í 10 mánuði, 180 millj. kr.

Fjölskyldubætur eru nú greiddar samkvæmt ákvæðum 15. gr. l. nr. 40 frá 1963. Þar eru þær ákveðnar 3000 kr. á ári með hverju barni. Mér finnst rétt að vekja athygli á því og átta sig á því, sem ég hef ekki heyrt gert hér, að þetta ár, 1963, var vísitala vöru og þjónustu miðað við 100 árið 1945 496 stig. Þessi sama vísitala var í ágúst s. l. reiknuð með sama hætti 1237 stig. Þetta þýðir það, að til þess að halda sama hlutfalli milli fjölskyldubóta og vísitölu, ættu fjölskyldubætur að hækka frá því, sem þær voru 1963, um 160% bara til þess að halda í horfinu frá 1963. Þær ættu m. ö. o. að vera í ágúst s. l. miðað við þá vísitölu, sem ég áður nefndi, 7500 kr. með hverju barni til þess að standa í stað að verðgildi. Það má taka annan samanburð. Þegar viðreisnarstefnan hófst 1960, var ákveðið, að vísitölubætur með öllum börnum skyldu vera 2600 kr. á ári. Reiknað á sama hátt og ég var hér að gera miðað við vísitölu vöru og þjónustu, eins og ég hygg, að ég hafi miðað við, þá ættu þessar fjölskyldubætur nú án þess að taka nokkurn þátt í fyrirhugaðri verðstöðvun, bara einfaldlega til þess að halda í við verðlagið, að vera 9100 kr. Nú eiga fjölskyldubætur samkv. þessu frv. að fara í 8000 kr. Það er út af fyrir sig ágætt. Það eru allir sammála því, en það er engin bylting, sem þarna er á ferðinni. Það er alveg sanngjarnt, að menn átti sig á því. Hér er því í raun og veru ekki um annað að ræða en það að laga fjölskyldubæturnar að þeirri verðlagsþróun, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum. Þessi breyting gerir rúmlega að vega á móti þeirri breytingu, sem orðið hefur síðan 1963, en ekki á móti þeirri breytingu, sem orðið hefur á 10 ára tímabilinu frá 1960. Það neitar því enginn, að hækkun fjölskyldubóta út af fyrir sig sé góð hjálp til barnmargra fjölskyldna, og það er ráðstöfun, sem dregur örlítið úr því misrétti, sem hinn hái söluskattur skapar, en hann verða þeir að greiða hæstan, sem flesta munna hafa að metta. Ég hygg því, að allir hv. alþm. séu sammála þeirri ráðstöfun að hækka fjölskyldubæturnar og það beri að gera alveg án tillits til annarra ákvæða þess frv., sem hér um ræðir, þar sem það sé sanngirnismál.

Þetta var önnur leiðin til að eyða þessum vísitölustigum. Hin leiðin er að eyða áhrifum orðinna verðhækkana með því að auka niðurgreiðslur. Með því að verja 480 millj. kr. á gildistíma l. á að lækka vísitöluna um 3.55 %-stig. Um þetta atriði, aukningu niðurgreiðslna, fjalla engin ákvæði í frv., menn athugi það, enda er það raunar óþarfi, þar sem í 28. gr. l. um efnahagsmál nr. 4 frá 1960 er heimild fyrir hendi til þess að halda niðri verði á vöru og þjónustu. Það þarf því ekki ný lagaákvæði til þess að auka niðurgreiðslur vöruverðs. Það er alveg ljóst. Þessi heimild hefur verið notuð að einhverju leyti allan gildistíma þessara l., en það er athyglisvert, að þrátt fyrir þá miklu kosti, sem samkv. aths. frv. eru nú fylgjandi þessari leið, er það þó fyrst og fremst á tímum verðstöðvananna 1959 og 1966—1967, sem þessi ríkisstj. hefur farið hana að marki, eða undanfarandi ríkisstj., sem fylgt hafa sömu stefnu, væri kannske réttara að segja. En það á vafalaust alltaf við, þetta, sem segir á bls. 7 í aths. Niðurgreiðsla búvara verkar þegar í stað til að koma hagsbótum á framfæri við launþega og aðra neytendur. Neyzla þessara vara mun aukast við niðurgreiðslur þeirra, og hafa nýlegar rannsóknir varpað ljósi á sambandið milli verðstöðvana og neyzlumagns. Þetta á vafalaust alltaf við, og samkv. þessum rökstuðningi væri vafalaust alltaf rétt að greiða niður þessar búvörur. Á hinn bóginn segir í aths., að draga muni úr útflutningi og sparast útflutningsuppbætur, og annars staðar í aths. er þessi sparnaður áætlaður, og þar kemur það fram, að af þessum 480 millj. kr., sem auknar niðurgreiðslur eru taldar kosta ríkissjóð, koma hvorki meira né minna en um 100 millj. kr. aldrei til útborgunar. Þær sparast ríkissjóði sem sé í útflutningsuppbótum á tímabilinu. Þeim mun einkennilegra er, að þetta þjóðráð skuli aldrei notað, nema þegar gripið er til svonefndrar verðstöðvunar á fjögurra ára fresti og þá ævinlega í sambandi við það, að fólkið í landinu á að velja þjóðarskútunni nýja yfirmenn mjög bráðlega. Síðast þegar þetta var gert 1966—1967, heppnaðist þessi leikur í skákinni ágætlega. Stjórnin hélt meiri hl., og almenningur borgaði brúsann. Síðan svokallaðri verðstöðvun lauk 1967, hefur verðbólgan vaxið um 67% miðað við vísitölu vöru og þjónustu. Það þurfti m. a. hvorki meira né minna en tvær gengisfellingar til þess að jafna metin. Verð erlends gjaldeyris hækkaði yfir 100% á einu ári. Nú er umboð það, sem svokölluð verðstöðvun 1967 veitti ríkisstj., að renna út. Nú á að reyna sömu brögðin aftur. Ætli það hljóti ekki að vera, að allir sjái, hvað hér er að gerast? Ég trúi því. En niðurfærsluleiðin er líklega samt sem áður það, sem helzt kemur til greina til þess að fikra sig út úr þeim ógöngum, sem Íslendingar eru komnir í fyrir slælega ríkisforustu. Framsóknarmenn hafa þegar bent á ýmis atriði, sem til greina komi, svo sem niðurfellingu á söluskatti á brýnustu nauðsynjavörum, en því aðeins getur niðurfærsluleið heppnazt, að þar sé raunverulega ráðizt að rótum meinsemdarinnar. Yfirborðskennt kák og sjónhverfingar, eins og hér var sett á svið 1967 og aftur er reynt núna, gera aðeins illt verra, og sannast sagna ættum við Íslendingar að vera orðnir reynslunni ríkari í þessum efnum. Þessar niðurgreiðslur á vöruverði hafa aðeins að óverulegum hluta með afgreiðslu þessa frv. að gera. Það er aðeins að því takmarkaða leyti, sem fjáröflun samkvæmt þessu frv. á að standa undir niðurgreiðslunum. En flestir eru víst sammála um það, að það geti verið skynsamlegt að lægja dýrtíðaröldurnar með auknum niðurgreiðslum, enda verði það tóm, sem gefst þá, notað til raunverulegra verðbólguvarna.

Þriðja atriðið, sem nota á til þess að ná fram umræddu jafnvægi, er að breyta útreikningi vísitölunnar annars vegar um 0.6 stig, eins og segir í

aths., sem nú eru raunar orðin 0.7 stig í dag, hvað sem þau kunna að verða á morgun, vegna fram kominnar hækkunar á útsöluverði tóbaks og áfengis og hins vegar um 0.4%-stig vegna fyrirhugaðrar hækkunar á iðgjaldi til almannatrygginga. Ríkisstj. sjálf beitti sér fyrir því, að frá ársbyrjun 1968 var tekinn í notkun nýr vísitölugrundvöllur, talsvert frábrugðinn þeim eldri, sem ég skal ekki eyða tíma í að fara að rekja hér, í hverju lá. En samkv. þessum nýja grundvelli, sem ríkisstj. hafði forgöngu um að taka í notkun, voru tóbaksvörur taldar hafa áhrif á vísitöluna að 2.68 hundraðshlutum, áfengiskaup höfðu áhrif á vísitöluna að 1.67 hundraðshlutum og iðgjald til almannatrygginga að 1.37 hundraðshlutum, eða þessir þrír liðir samtals áttu að hafa áhrif á vísitöluna að 5.90 hundraðshlutum.

Nú er það auðvitað ljóst, að vísitölugrundvöllur er aðhæfður mælikvarði á mörgum gjaldaliðum. Hann er byggður á meðaltalsneyzlu þess úrtaks, sem rannsakað var, en óháður því í einstökum tilvikum, hvort menn hafa tiltekin útgjöld í stærri eða minni mæli. Um þennan vísitölugrundvöll var samið. Hann er lagður til grundvallar. Eftir breytingum á honum á allt kaupgjald að breytast samkv. þeim samningum, sem gerðir voru í vor. En það, sem hér er gert, er það, að ríkisstj. breytir þessum grundvelli einhliða. Hún ákveður, að 1/16 hluti dýrtíðarmælisins sé gerður óvirkur, látinn hætta að mæla. Þær hækkanir, sem þessi hluti átti að sýna, koma bara einfaldlega ekki lengur fram. Þetta er auðvitað alveg fráleitt, eins og hér hefur raunar verið áður bent á, og það veit enginn, hvar þetta endar. Hvaða lið kýs ríkisstj. að taka út úr vísitölumælinum næst? Ekki skal ég svara því. En ef ísinn er brotinn, er eftirleikurinn auðveldur. Það er alveg augljóst, að hér er tekin úr sambandi þýðingarmikil hækkun, sem kemur við alla, þegar skoðuð eru almannatryggingagjöldin. Það er boðuð á iðgjöldum til almannatrygginga hækkun frá 1. jan. n. k., sem nemi um 30% eftir því sem upplýst var á sameiginlegum fundi fjhn. beggja deilda Alþ. um daginn. Þessa 30% hækkun á iðgjaldi til almannatrygginga verða allir að greiða, sem orðnir eru 16 ára, án tillits til allra annarra hluta. Samkv. kjarasamningum frá í vor eiga launþegar að fá þessa hækkun bætta með vísitölu á launin. En ríkisstj. segir nú: „Nei, þessa hækkun skuluð þið bera bótalaust.“ Og það er alveg sama, sem gildir um hækkun á áfengi og tóbaki. Ef það var rétt 1968 að taka þau útgjöld inn í vísitölugrundvöllinn, þá er það líka rétt í dag að taka tillit til þessarar hækkunar. Annað er fitl við vísitölugrundvöllinn, sem fær ekki staðizt. Ég skal nú taka það fram hér til þess að fyrirbyggja allan misskilning, að mér vitanlega hefur enginn maður haft á móti því sem slíkur, að tóbak og áfengi væri hækkað í verði, og ég held því síður en svo fram, að það sé of hátt enn, enda er það staðreynd, að hækkun á þessum vörum hefur síður en svo orðið meiri og í mörgum tilfellum lægri en hækkun á brýnustu lífsnauðsynjum, í hlutfallstölum skoðað. Og það er auðvitað lítil sanngirni í því, þó að ég viðurkenni það, að við verðlagningu þessa varnings sé á ýmislegt að líta, sem ég skal ekki fara út í nánar hér. En ég legg áherzlu á það, að það er ósanngjarnt að ætlast til þess, að launþegar beri bótalaust einhliða breytingar ríkisstj. á þeirri vísitölu, sem verkalýðsfélögin í landinu hafa staðið í löngu og hörðu verkfalli til þess að fá viðurkennda sem ákvarðandi atriði um launagreiðslur til handa meðlimum sínum. Það getur vel verið, að útgjöld þeirra, sem reykja og drekka, eigi ekki að hafa áhrif á framfærslukostnaðinn í landinu, hvernig hann er reiknaður út, en þá er bara að semja um það að taka þessa liði út úr vísitölunni, og eftir því, sem fram kom hér áðan hjá hv. 4. þm. Norðurl. e., sem er einn af forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar, verður vafalaust engin fyrirstaða á því í næstu samningum að breyta vísitölugrundvellinum og taka t. d. þennan lið út úr. En það verður bara að gera það fyrir samninga, þannig að menn viti, að hverju þeir ganga. Í aths. frv. er svo að skilja, að það sé rökstuðningur fyrir því að taka áfengis- og tóbakshækkunina undan vísitöluhækkunum, að þetta sé gert í svo göfugum tilgangi, það sé m. ö. o. gert til þess beinlínis að lækka vöruverðið á nauðsynjavörum, skulum við nú segja. Ég minnist þess, að ég hef hlýtt á hæstv. fjmrh. oftar en einu sinni, að ég held, og þó alveg sérstaklega á landsþingi Sambands íslenzkra sveitarfélaga ræða um þá skattheimtu, sem hann nefndi eyrnamarkaða skatta, og mér heyrðist á honum þá, að hann væri svona mátulega hrifinn af því, að haldið yrði áfram á þeirri braut, að sérhver gjaldaliður hefði sína tilteknu skattheimtu. Ég segi, að hækkun á áfengi og tóbaki sé í þessu sambandi sem öllu öðru aukning ríkistekna. Það er svo annað mál, til hvers ríkistekjunum er varið, og það á að hætta þessum sífelldu eyrnamörkunum á sköttunum. Ég er alveg sammála hæstv. fjmrh. í því. Því miður finnst mér hann nú ekki framkvæma þá löngun sína rétt vel með þessu frv., þar sem bæði þessi hækkun og nýr launaskattur eru einmitt sérstaklega tiltekin í ákveðnu augnamiði. En ég undirstrika það, að það á ekkert að hafa um það að segja, til hvers þessum tekjum er varið, það réttlætir það ekki að breyta vísitölugrundvellinum, þeim, sem um var samið. Það er allt annars eðlis.

Ég vil þá leyfa mér með örfáum orðum að nefna það atriði 4. gr. frv., sem fjallar um reikningsdaga kaupgreiðsluvísitölunnar, en breytingin, sem af þeim ákvæðum leiðir, er sú, að vísitala, sem bar að reikna 1. nóv. s. l., verður ekki reiknuð, heldur verður hún reiknuð frá 1. des. n. k., og hún tekur þá tillit til þeirra breytinga, sem orðið hafa í nóv. Þær breytingar, sem orðið hafa í nóv., eru auðvitað fyrst og fremst þær verðlækkanir, sem verða fyrir opinberar aðgerðir, eins og t. d. sú verðlækkun á smjöri, sem tilkynnt hefur verið, þar sem kg á að lækka um rúmar 60 kr., eða því sem næst þriðjung. Mönnum ber ekki alveg saman í þessum umr. um það, hvaða tjón launþegar hafi af þessum breytingum, en það

er þó augljóst, að það hlýtur að vera talsvert, þar sem þær lagfæringar, sem gerðar eru eftir 1. nóv., eiga ekki að takast til greina eftir gildandi samningum, þegar verið er að reikna þá hækkun, sem orðin er á vísitölu vegna verðlagsbreytinga, frá því að vísitala var síðast útreiknuð. Ég skal ekki hætta mér út í neinar ágizkanir um það, hvaða tölur hér séu í veði, en þetta er augljóst óhagræði fyrir launþega. Því hygg ég, að verði tæpast á móti mælt, enda líta þeir þannig til. Þetta tjón launþega getur endurtekið sig. Samkv. frv. er sama heimild til að rétta vísitöluna af eftir á á síðari útreikningstímum. Og ég hygg, að menn efist nú ekki almennt um, að sú heimild verði notuð á þann hátt, sem hagkvæmt verður fyrir ríkissjóðinn. Það mun hæstv. fjmrh. áreiðanlega sjá um. Það láir honum það enginn. Það er hans hlutverk að gæta hagsmuna ríkisins, en þeim mun varhugaverðari eru lagaákvæði í þessum dúr, sem meiri líkur eru á því, að þau verði samvizkusamlega framkvæmd af hálfu ríkisvaldsins. Þess vegna er það hv. þm. að setja undir þann leka.

Þá vil ég loks koma að því atriði, sem mestum deilum hefur valdið. Þau vísitölustig, sem orðið hafa á tímabilinu og ráðgert er að eyða, eru um 7.5 %-stig. Þegar búið er að framkvæma allt, sem ég hef nefnt, hækka fjölskyldubætur, auka niðurgreiðslur, breyta vísitölugrundvelli, breyta reikningsdegi vísitölunnar, þá teljast samt vera eftir 2 %-stig, sem einnig þarf að sjá fyrir. Það er samkv. frv. gert á þann einfalda hátt að ákveða, að þau falli bara hreinlega niður, þau komi ekki til útborgunar, launþegarnir skulu bera þau, bæta þeim á sig til viðbótar við hitt. Fyrir þessi stig eiga þeir ekkert að fá. Það eru blekkingar, sem því miður sjást allt of víða í málgögnum, að niðurgreiðslur og fjölskyldubætur eigi að koma á móti þessum vísitölustigum. Það er alrangt. Þær mæta öðrum, eins og margsinnis hefur verið sýnt fram á í þessum umr. og ég var seinast að greina frá hér áðan. Niðurgreiðslur og fjölskyldubætur mæta 5.10 vísitölustigum, öðrum en þessum 2. Nú hefur hæstv. fjmrh. tilkynnt það, að um helgina hafi hæstv. ríkisstj. komizt að þeirri niðurstöðu, að ríkissjóður geti tekið þessi 2 stig á sig, a. m. k. eitthvað ótiltekið fram í framtíðina. Það ber að fagna þessu undanhaldi vissulega, því að þetta er sá liður frv., sem mestri mótspyrnu hefur mætt. En þeim, sem hafa tekið alvarlega, svona upp að vissu marki a. m. k., útreikningana í aths. með frv. og raunverulega trúa því, að það væri um leið verið að gera grein fyrir því, hvernig ætti að greiða þau vísitölustig niður, sem um er rætt, verður á að spyrja: „Hvað gerist, þegar ríkissjóður er búinn að greiða þessi 2 vísitölustig niður og búinn með þær tekjur, sem hann ætlar til þess? Hvað á þá að taka við?“ Hæstv. fjmrh. sagði, ef ég tók rétt eftir, að sú breyting, sem ætti að gera hér, væri þannig, að hlutur ríkissjóðs kæmi fyrst til greina. Það skil ég svo, að ríkissjóður muni fyrst nota sitt fjármagn til þess að greiða niður vísitöluna, svo verði að skoða málið upp á nýtt. Ég fullyrði ekki, að þessar tölur séu réttar, en nú skulum við segja, að það stæði svo af sér, að næst þegar vísitala verður reiknuð eftir 3 mánuði, hittist nákvæmlega þannig á, að ríkissjóður væri búinn með allar þær tekjur, sem hann samkv. þessu frv. hefur til þess að mæta hækkununum á öllu tímabilinu. Hvað á þá að gera? Mér finnst, að þm. verði að fá að vita þetta og að launþegar verði að fá að vita þetta. Á þá að afla nýrra tekna til þess að halda áfram að greiða niður vísitöluna, þannig að til engrar kauplækkunar komi? Það getur vel verið. Á að skerða hlut launþega um 2 vísitölustig, eða verður hann skertur meira? Alla vega verður að breyta ákvæðum þessa frv. með hliðsjón af þeirri tilkynningu, sem hæstv. fjmrh. gaf, og þetta mál er vitanlega ekki hægt að ræða, fyrir mig eða okkur, fyrr en við sjáum, hvernig sú breyting verður orðuð. Mér þætti vænt um, ef hæstv. fjmrh. sæi sér fært að gefa okkur einhverjar skýringar á þessu. Um þetta atriði hafa orðið mestu umr. hér á Alþ. og utan Alþ., enda hafa þessi ákvæði frv. orðið til þess, að miðstjórn Alþýðusambands Íslands hefur sent ríkisstj. sérstaka orðsendingu, þar sem mótmælt er skerðingu á launum samkv. samningum verkalýðsfélaganna frá 19. júní s. l. og talið, eins og þar segir, að með þessum hætti sé grundvelli samninganna frá 19. júní s. l. og síðar kippt brott og þeir því úr gildi fallnir, hvað öll kaupgjaldsákvæði áhrærir, verði þessi frv.-ákvæði lögfest. Þetta eru alvarleg tíðindi, er menn verða að gefa gaum, og ég sé það nú, sem betur fer, að hæstv. ríkisstj. eða a. m. k. hæstv. fjmrh. gefur þessu gaum þrátt fyrir þær stóru og margorðu ræður, sem aðrir hæstv. ráðh. hafa séð sóma sinn í að halda til andsvara svona ályktana frá mönnum úti í bæ, eins og ég hygg, að þeir hafi verið kallaðir í hv. Nd. Það er vel, að hæstv. ríkisstj. ætlar, þó að seint sé, að sjá sig um hönd, að einhverju leyti a. m. k., að draga úr þeirri ögrun, sem launþegasamtökunum var sýnd með þessu ákvæði frv. Þetta bréf, sem ég vitnaði til, frá miðstjórn Alþýðusambands Íslands, var samþ. með öllum atkv. viðstaddra miðstjórnarmanna, þar á meðal stuðningsmanna hæstv. ríkisstj. í röðum verkalýðsforingjanna, og þessir verkalýðsforingjar tilheyra báðum stjórnarflokkunum. Þeir hafa og áréttað þessar skoðanir sínar í blaðaviðtölum.

Mig langar til þess að segja þessu næst örfá orð um tekjuöflunina samkv. frv. Þessar niðurfærsluráðstafanir, sem ég hef drepið á, eiga að kosta samkv. aths. frv. þetta: Fjölskyldubætur í 10 mánuði, 180 millj. kr. Niðurgreiðslur á tímanum samkv. aths. frv., — það verður kannske eitthvað meira núna, mér heyrist það, það er verið að gefa það í skyn, — 480 millj. króna eða samtals 660 millj. kr. á gildistíma l. Í aths. frv. er líka greint frá því, hvernig ráðgert er að afla fjár til þessara ráðstafana. Tekjurnar eru þessar: Launaskattur, 245 millj., hækkun áfengis og tóbaks, 143 millj., og framlag ríkissjóðs, 256 millj. eða samtals 644 millj., og það er sjálfsagt minni háttar atriði, sem ekki ber að súta svo mikið í aths. með lagafrv. sem þessu, að hér ber 16 millj. á milli tekna og gjalda, svoleiðis smámuni

verðum við nú ekki í vandræðum með. Ég vil aðeins segja um þetta það, sem ég raunar sagði áðan, að það hafa engar aths. verið uppi, og ég á ekki von á, að þær verði uppi, um það að hækka verðið á tóbakinu og áfenginu. Það kemur þessu frv. raunar ekkert við, ríkisstj. hefur heimild til þess að verðleggja þessar vörur, eins og henni sýnist, hér er einkasala á áfengi og tóbaki, og það er raunar þegar búið að gera þetta, og það er ekki nema í mjög lauslegum tengslum við frv. Það er heldur ekkert óeðlilegt við það og ekkert nema gott um það að segja, að 150 millj. kr., sem voru geymdar samkv. frv. til fjárl. fyrir 1971 til þess að mæta vísitöluhækkunum, sem verða áttu á árinu, að þær gætu gengið til annarra hluta, þær geti gengið í hinn endann á dæminu, það er til þess að halda vísitölunni niðri, það er eðlilegt. Þannig er það eðlilegt, að útflutningsuppbætur sparast, ef áætlun um aukna innanlandsneyzlu á búvöru stenzt. Það er ekkert ólíklegt. Þessir sérfræðingar halda, að það sparist 100 millj. kr. á gildistíma l. fyrir það, að útflutningsuppbætur falli niður, vegna þess að við þurfum að borða meira af innlendri búvöru, af því að verðið getur lækkað. Þetta er gott. Auðvitað á að búa að okkar fremur en að borga með því, til þess að útlendingar geti fengið það á undirverði. Það merkilega er hvorki 150 millj. né 100 millj., heldur það, að síðan fjárlagafrv. var lagt fram þann 10. okt. eða fyrir rúmum mánuði, þá hefur það komið í ljós, að auðið mun að ná drýgri tekjum en reiknað er með í fjárlagafrv. án þess að auka skattbyrðar og jafnvel þótt þær séu ákveðnar léttari en nú. Hér er ekki um neina áætlun að ræða, hér er ekki um neina ágizkun að ræða, hér er ekki neinn vonarpeningur. Hér er beinlínis sagt, að það muni auðið að ná meiri tekjum á næsta ári en í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir. Þessi tekjuauki er áætlaður 56 millj. kr. Það eru 256 millj., sem ríkissjóður ætlar að leggja í olíuna að frádregnum 150 millj. kr. sparnaði á vísitölugreiðslum og 100 millj. á lækkunum útflutningsbóta. Þetta eru góð tíðindi, en það er vissulega alls óvíst, að öll kurl séu komin til grafar. Í aths. segir, að þessi hlið málsins verði til meðferðar í sambandi við afgreiðslu fjárlaga fyrir 1971. Málið er ekki fullkannað. Vonandi kemur þá í ljós, að ríkissjóður sé svo vel stæður, að hann geti borið þær greiðslur, sem hér um teflir, án þess að leggja á nýja skatta. En þetta sýnir, svo að ekki verður um villzt, það, sem framsóknarmenn hafa haldið fram og lagt áherzlu á, að það væri réttara að gera dæmið upp í heild, þegar séð verður, hver endanleg niðurstaða á fjárlagaafgreiðslunni verður.

En það er ekki leið hæstv. ríkisstj., heldur vill hún nú þegar láta lögleiða 1½% viðbótarlaunaskatt, sem lagður verði á sama stofn, sem l. nr. 14 frá 1965 taka til. Út af fyrir sig er sjálfsagt ekkert athugavert við það, að vinnuveitendur láti eitthvað á móti, þegar vísitölugreiðslum að upphæð nálægt 1060 millj. kr., sem þeir hafa samið um að greiða launþegum, er létt af þeim. Það er þess vegna ekki fjárhæðin, sem lögð er á vinnuveitendur, sem veldur því, að við framsóknarmenn fellum okkur ekki við launaskattinn, enda höfum við þá í huga, að vinnuveitendur hafa með bréfi til fjhn. Nd. fallizt á greiðslu helmings hans. Við teljum hins vegar réttara, að skipa málum þannig, að vinnuveitendum verði gert að greiða svipaða fjárhæð og launaskattinum nemur í vísitöluformi, enda minnumst við þá þess, að óháð þessum skatti er búið að verja um 400 millj. kr. til lækkunar vísitölu í formi fjölskyldubóta og niðurgreiðslna, samkv. frv. og aths. þess, og afla fjár til þess með öðrum hætti, með hækkun á áfengi og tóbaki og með fjármunum, sem að hluta til losna til ráðstöfunar vegna þeirra ráðstafana, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Þessi niðurgreiðsla sparar atvinnurekstrinum einhvers staðar nálægt 3 vísitölustigum. Ég hef fundið þetta út með einföldum prósentureikningi, ég játa, að það má deila um hann, en það skeikar aldrei miklu, og ég skal rökstyðja það, ef þurfa þykir. Ástæðan fyrir því, að ég leggst gegn launaskattinum, er fyrst og fremst sú, að ég viðurkenni ekki þörf nýrrar skattlagningar, fyrr en dæmið er gert upp. Eyrnamarkaðir skattar eru þegar orðnir allt of margir. Launaskattur er í mörgum tilfellum óheppileg tekjuöflunarleið, sem kemur mjög illa við þá, sem hafa tekjur af útseldri vinnu, og fleira má að honum finna, t. d. það, sem L. Í. Ú. hefur ritað Alþ. um, þ. e. greiðsla skattsins af aflahlut sjómanna. Að öllu athuguðu þá sýnist mér því réttara á þessu stigi, að halda þessum hluta vísitölunnar, en sleppa launaskattinum. Það bíði svo athugunar í sambandi við fjárlagaafgreiðslu, hvort ekki reynist unnt að auka niðurgreiðslur enn frá því, sem hér er ráðgert, í sambandi við það, sem áður segir um endurskoðun tekjubálksins í ljósi nýrra upplýsinga, og þær breytingar á framkvæmd frv., sem hæstv. fjmrh. hefur nú boðað, að sé vilji ríkisstj. Ég vona, að það komi í ljós, þegar dæmið er gert upp, að hagur ríkissjóðs sé þannig, að hann geti létt af atvinnurekstrinum þeim útgjöldum, sem af umræddri vísitöluhækkun leiðir, a. m. k. þeim hluta, sem þeir telja sig ekki geta borið. Sannarlega væri það ánægjulegt, ef hægt væri að hlúa þannig að atvinnurekstri landsmanna og treysta atvinnuöryggið, en það má hins vegar ekki gerast á kostnað launþeganna í landinu með þeim hætti, sem hér er lagt til í frv. og forvígismenn þeirra samtaka líta svo alvarlegum augum, sem raun ber vitni og hér var verið að lýsa síðast fyrir nokkrum mínútum.

Að síðustu skal ég svo reyna að gera grein fyrir því, hvaða afleiðingar það kann að hafa fyrir vinnufriðinn og sambúð stéttanna í landinu, að þetta frv. fái lagagildi. Menn hafa viljað velta vöngum yfir því, hvort sá skilningur miðstjórnar Alþýðusambands Íslands, að lögfesting frv. kollvarpi grundvelli samninganna frá því í vor, fengi staðizt gagnvart þeim dómstóli, félagsdómi, sem mál þetta mundi heyra undir, ef til kæmi. Ég hef leitað álits viðurkenndra lögfræðinga á þessu atriði. Þeir hafa verið tregir til svars. Þeir hafa ekki viljað kveða upp dóm um þetta atriði, og það virðist því a.

m. k. ekki of mikið sagt, að hér sé álitamál á ferðinni. Þeir lögfræðingar, sem ég hef rætt við um þetta, hafa ekki viljað kveða upp þann úrskurð a. m. k., að verkalýðsfélögin hlytu að tapa slíku máli, það er þess vegna álitamál, vafaatriði. En í rauninni er það e. t. v. ekkert aðalatriði. Aðalatriðið er hitt, að sá skilningur er ríkjandi meðal forustumanna, bæði í Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og þeim verkalýðsfélögum, sem hér hefur verið vitnað til í umr., að ákvæðin gangi í berhögg við það, sem um var samið. Ég skal ekkert segja, hvaða áhrif yfirlýsing hæstv. fjmrh. um breytingar á frv. kann að hafa á þennan skilning verkalýðsfélaganna. Ég hygg þó, að þau telji þá breytingu ekki fullnægjandi. Í fyrsta lagi vegna þess, að eftir sem áður er vísitölugrundvellinum breytt, og í öðru lagi þá verður ekki séð, að svo stöddu a. m. k., nema sú skerðing, sem þessi samtök hafa mest haft við að athuga, komi til framkvæmda, þó að síðar verði. En þetta álit verkalýðsfélaganna þýðir m. a. það, að þau verða tregari til að gera kjarasamningana, það þykir mér líklegt, til lengri tíma. Það hefur oft verið kvartað um það hér og vafalaust með réttu, að eitt það erfiðasta í sambúð vinnuveitenda og verkafólks sé það, hversu samningar gilda yfirleitt stuttan tíma, þannig að í rauninni má segja, að það séu alltaf einhverjir samningar lausir, sé alltaf einhver stétt, sem þarf að sækja rétt sinn jafnvel með verkföllum, til ómælds tjóns fyrir sjálfa sig og þjóðarheildina. Þetta er þeim mönnum, sem við þessi mál fást báðum megin við samningaborðið, vitanlega alveg ljóst, og þeir hafa sýnt þennan skilning sinn í verki t. d. í vor með því að gera tilraun til þess að lengja samningstímann. Samningarnir, sem gerðir voru í vor, giltu til hálfs annars árs, ef ég man rétt, lengur a. m. k. en tíðkazt hefur um nokkurt skeið, með örfáum undantekningum þó. En það er augljóst, að slíkar aðgerðir, sem hér um ræðir, torvelda eða hindra áframhald þessarar þróunar, og ég tek undir það með hv. 4. þm. Norðurl. e., að það er ólíklegt, að samningar hefðu tekizt í vor í óbreyttu formi, ef það hefði þá legið fyrir, að skerða skyldi verðlagsuppbót launþega með einhliða stórfelldum ráðstöfunum, eins og þeim, sem hér eru ráðgerðar, og það gildir jafnt um þau vísitölustig, sem kunna að verða felld niður á tímabilinu, og þau, sem reiknuð eru af launþegunum með vafasömum aðferðum.

Einhverjir stuðningsmanna stjórnarinnar og frv. hafa viljað rökstyðja réttmæti þessara ráðstafana með því, að það sé kaupmáttur launanna, sem máli skiptir, en ekki það, hvort verðlagsuppbót sé hærri eða lægri. En kaupmáttur er hlutfallið milli vísitölu tímakaups og vísitölu neyzluvöruverðlags, eins og þetta er á hverjum tíma. Það má vissulega færa þetta sjónarmið til sanns vegar. Og það er sjálfsagt að athuga þetta dálítið nánar. Áður en sá samanburður er gerður, verður þó að geta þess, að reynsla okkar Íslendinga í því að tosa þennan kaupmátt upp hefur verið ákaflega dapurleg á undanförnum árum. Ég hef hér töflu, þar sem reiknað hefur verið út, að frá 1945 hefur aðeins í örfáum undantekningartilfellum þessi kaupmáttur komizt yfir hundrað, en langflest ár hefur hann verið undir 100 og stundum langt fyrir neðan 100. En 100 var hann auðvitað settur fyrsta árið, sem reikningurinn tekur til, eða 1945. Á sama tíma sem kaupmáttur hefur aukizt mjög hjá öðrum þjóðum og það þeim þjóðum, sem við berum okkur oftast saman við og eigum kannske að bera okkur saman við, eru skyldastar okkur og með svipaðar þjóðfélagsaðstæður, höfum við staðið í stað. Það væri því í fyllsta máta eðlileg krafa vinnandi fólks, að hér yrði ekki aðeins haldið í horfinu, heldur sótt eitthvað í átt til þess, sem gerzt hefur með öðrum þjóðum, t. d. s. l. áratug. Og hvenær ætti að vera betra tækifæri til þess að rétta af þennan kaupmátt en einmitt núna, þegar framleiðsluvörur okkar eru seldar við hærra verði en við höfum áður kynnzt? Pundið í freðfiskblokkinni í Bandaríkjunum selst á 36 cent, annað verðlag er mjög eftir því, og aflabrögðin hafa verið góð. Reynslan kennir okkur, að í viðskiptalífi íslenzku þjóðarinnar skiptast á skin og skúrir. Við erum núna ofarlega á öldunni, kannske á toppnum, ég veit það ekki, ég vona ekki, en ef við getum ekki lagað til núna í þessum málum, þá er hætt við, að sú lagfæring kunni að dragast. Og jafnvel þótt áframhald verði á góðærinu, þá er nauðsynlegt að glata ekki þeirri lagfæringu, sem tókst í vor, því að hún er samkv. þeim tölum, sem hér hafa verið fluttar, lítið meiri, ef nokkuð meiri en sú lækkun kaupmáttar, sem átti sér stað undanfarin tvö ár þar á undan, 1968 og 1969, þannig að í aðalatriðum, hygg ég, að rétt sé að lagfæring kaupsins í vor hafi dugað til þess að vega upp skerðingar undanfarandi tveggja ára, kannske eitthvað örlítið betur, ég vil ekki slá því föstu, að svo geti ekki verið. En kaupmáttinn frá því í vor þarf að verja og það er spurningin um þennan kaupmátt, sem ræður því, hvort sumir hv. stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. telja sig geta fylgt þessu frv. eða ekki. Þessar tölur liggja enn ekki fyrir. Vísitala, sem reikna átti 1. nóv., lá ekki fyrir fyrr en þá í dag, að hún liggur fyrir sem leyndarmál, við megum ekki vita, hver hún er ennþá. Það er búið að reikna hana, en samkv. því, sem hæstv. fjmrh. sagði, þá getum við þó farið nærri um hana, því að ég held ég hafi tekið þannig eftir, að hann teldi hækkunina hafa orðið hálfu %-stigi minni en frv.-ákvæðin gera ráð fyrir, svo þá er þetta nú einfaldur frádráttur, sem ég skal láta þm. reikna hvern fyrir sig.

En fleira þarf að vita en þetta eitt, til þess að geta gert þetta dæmi upp. Og ég leyfði mér það þann 12. þ. m. að skrifa Hagstofunni svo hljóðandi bréf, sem ég er með hér afrit af.

„Ég undirritaður, sem á sæti í fjhn. Ed. Alþ., óska upplýsinga Hagstofunnar um eftirfarandi:

Hver hefði kaupmáttur launa orðið 1. des. 1970,

a. ef ekkert af ráðstöfunum þeim, sem um ræðir í stjórnarfrv. um verðstöðvun, kæmi til framkvæmda,

b. ef lagafrv. yrði samþ. óbreytt?

Þar sem mál þetta kemur líklega til afskipta fjhn. n. k. mánudag, væri æskilegt, að umbeðnar upplýsingar gætu legið fyrir þann dag.“

En það var nú ekki unnt, og hagstofustjóri útskýrði það fyrir mér, að hann gæti ekki í dag látið þennan samanburð í té, vegna þess, sem hæstv. fjmrh. gat um, að vísitalan er svo nýlega reiknuð og eftir er að staðfesta hana á þar til bærum stað. Og ég skal þess vegna láta allar bollaleggingar um kaupmáttinn og áhrif þessara ákvæða á hann bíða betri tíma, enda er náttúrlega augljóst, að þau ráð, sem ríkisstj. komu í hug yfir helgina, draga auðvitað verulega úr þeirri skerðingu kaupmáttarins, sem samkv. frv. hefði ella orðið. Ekki er ég nú að segja það, að þessi upplýsingabeiðni hafi neitt með það að gera, en staðreynd er það engu að síður, að dæmið er breytt frá því, að ég setti fsp. fram. Samt er gott að vita það, hvaða breyting verður á kaupmætti tímakaupsins við það, að frv.-ákvæðin taka gildi, jafnvel þó að þeim sé breytt á þann veg, sem hæstv. fjmrh. hefur lýst, en ég skal á þessu stigi láta aðeins nægja að segja þetta: Ég vona að það gefist tækifæri til þess að ræða þessar upplýsingar hér, áður en málið fer frá hv. deild. Ég læt nægja að segja það nú, að ef um lækkun á kaupmættinum er að ræða vegna þessara ráðstafana, þá sýnist mér augljóst, að skilningur verkalýðsfélaganna sé réttur. Þá er búið að raska grundvelli þeirra samninga, sem gerðir voru í vor, líka út frá því sjónarmiði, að kaupmátturinn sé það, sem mestu máli skiptir. Ég held, að það væri hyggilegast fyrir hæstv. ríkisstj., og ég vildi nú leyfa mér að mega beina því heilræði til hæstv. ráðh., sem viðstaddir eru, að draga út úr frv. þau ákvæði, sem hníga að því að skerða vísitöluuppbót launþega, ekki bara að tilkynna það, að þau skuli ekki notuð 1. des., heldur draga það bara hreinlega út úr frv. og sjá svo til, hvað kemur út úr fjárlagadæminu, og athuga þá, hvort ekki sé hægt að standa undir þessu dæmi þennan mjög svo takmarkaða tíma, sem verðstöðvuninni hvort eð er er ætlað að gilda. Það er ekki um þá fjárhæð að ræða hér, það er ég sannfærður um, að hún skipti sköpum um afgreiðslu fjárlaga, enda kannske ekki fjárhæðir, sem mestu máli skipta í þessu sambandi. Það er miklu fremur hér um að ræða leið stríðs eða friðar, og ég held, að ríkisstj. Jóhanns Hafstein ætti fremur að láta það verða sitt fyrsta verk að auka samheldni hinna stríðandi aðila á vinnumarkaðinum heldur en að blása í glæður þess elds, sem fyrr en varir getur orðið henni gersamlega ofviða að slökkva. Ég sé ekki, að hún búi yfir þeim slökkvitækjum, sem mikið dugi í því báli, sem af þessu getur orðið.

Ég skal svo, herra forseti, ljúka máli mínu að þessu sinni með eindreginni ósk um það, að hæstv. Ed. beri gæfu til þess að afstýra því óhappaverki að stofna vinnufriðnum í landinu í hættu. Það er enn tækifæri til að breyta frv. þannig, að verðstöðvun megi verða án þess að ráðizt sé á þá kaupsamninga, sem gerðir voru í vor. Það stormahlé, sem þannig myndaðist, ber svo skýlaust að nota til raunhæfra niðurfærsluráðstafana, sem væru varanlegar ráðstafanir til lækningar verðbólgumeinsemdarinnar.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Um þetta frv. hafa nú þegar orðið miklar umr. bæði í hv. Nd. og svo einnig hér, og margt af því, sem ég hefði gjarnan viljað um málið segja, hefur þegar verið sagt, svo að ég get stytt mál mitt og haft það aðeins stutt.

Frv. þetta ber með sér, að ríkisstj. Íslands hefur gert ýmsar merkar uppgötvanirnar á efnahagslífi þjóðarinnar, þegar hún fór að brjóta þessi mál til mergjar og leggja niður fyrir sér, hvað hægt væri að gera í þessum vanda, sem allir kannast við, að er nokkur, þar sem verðlag hefur farið mjög ört vaxandi að undanförnu. Það þarf að binda enda á, eða a. m. k. fresta því, að allt það hækkanaflóð, sem að undanförnu hefur verið á ferðinni, haldi áfram og máske með vaxandi hraða, eins og það virðist hafa tilhneigingu til. Það ber að viðurkenna, að við þennan vanda varð að glíma, og á honum varð að taka. Ríkisstj., sem stendur að því frv., sem hér er til umr., hefur við samningu þess eða undirbúning uppgötvað hluti eins og þá, að tekjumöguleikar ríkissjóðs eru miklu meiri en hún hafði áður gert sér grein fyrir, þótt ekki sé liðinn lengri tími síðan samið var frv. til fjárlaga. Þetta er auðvitað gleðilegt og ætti að færa stjórnvöldum landsins heim sanninn um það, að það er ekki æskilegt, ekki heldur fyrir ríkissjóð, að láglaunakerfi það, sem hér var í gildi, þangað til að það tók breytingum nokkrum s. l. vor, dregur einnig heim í garð til ríkissjóðs fátækt og umkomuleysi. En breytingar á því til hækkunar eru einnig hagur ríkissjóðs. Þessi sannindi tel ég vera svo augljós, að þau verða varla vefengd, þegar borið er saman það álit á tekjumöguleikum ríkisins, sem ríkisstj. áður hafði, og þeir möguleikar, sem fram koma í þessu frv., að hún hefur trú á, að nú séu fyrir hendi. Þá er það ekki síður gleðilegur vottur, að stjórnvöld virðast hafa uppgötvað það, að með því að lækka innlendar búvörur í verði til íslenzkra neytenda, þá sparast svo mikið í útflutningsuppbótum, að það er einnig stór tekjuöflun fyrir hið opinbera. Þessar tvær uppgötvanir, þótt ekki væri neitt annað, sanna það, að það var vissulega mikils um það vert, að þetta frv. skyldi verða samið. Þetta eru hvort tveggja sannindi, sem stjórnvöldunum hefur sézt yfir áður, en nú virðast þau hafa fengið á því nokkurn skilning.

Ég hef hér tínt til bjartar hliðar á þessu frv. Þær eru raunar fleiri en ég hef nefnt, við skulum segja auknar fjölskyldubætur. Ég er þeim mjög samþykkur og fagna þeim. Allt þetta sýnir, að slíkur góðærisbragur er á búskap Íslendinga um þessar mundir, að hann gefur mikla möguleika til þess, að hér sé hægt að auka hagsæld í landi. Þess vegna verð ég að láta í ljósi mikil vonbrigði mín yfir því, að frv. skyldi samt enda á því, að ríkisstj. leggur til, að lagðir verði til hliðar nýgerðir launasamningar og hætt að greiða eftir þeim. Á ég þar við þau tvö vísitölustig, sem reiknað er með, að ekki komi til

útborgunar samkvæmt frv. þessu fyrr en í lok verðstöðvunartímabilsins, þ. e. a. s. 1. sept. á næsta ári. Hér er reyndar í krónum talið um svo lítilfjörlega upphæð að ræða, að ég get alveg tekið undir það með síðasta hv. ræðumanni, að þetta er ekki sú fjárfúlga, sem réttlætir það, að ró og vinnufriði á almennum vinnumarkaði sé stefnt í hættu með því að fella þau burt. Þess vegna teldi ég það vera mikils virði, ef ríkisstj. endurskoðaði málið og sæi sér fært að falla frá þessu, eins og mér skilst, að nokkur von sé um.

Þó finnst mér annað verra í þessu frv., og það er tilhneigingin til þess að taka upp nýjan vísitöluútreikning, þ. e. a. s. að hætta að reikna vísitöluna út með þeim hætti, sem gert hefur verið. Á þeim grundvelli var samið, og hvort sem það er brennivín og tóbak eða eitthvað annað, sem fellt er burt, þá er þetta að breyta vísitölugrundvellinum á miðju tímabili, sem hann er hafður að mælistiku. Þetta er svipað og að stytta metrann með lögum, ef mönnum fyndist það, sem menn ættu að fá útmælt í metrum — fyrir ákveðnar krónur, vera of mikið. Þetta er alveg fráleitt. Ég tel, að ráðstafanir af þessu tagi megi aldrei gera. Þegar búið er að búa til ákveðna mælistiku og semja um útmælingu, hvort heldur er á launum eða einhverju öðru eftir mælistikunni, þá eru það rangindi að breyta málstokknum. Ég skal ekki hafa fleiri orð um það. Þetta frv. er eins og mörg, sem sézt hafa hér á þingi af svipuðu tilefni, og hreint ekki það ljótasta, öðru nær. Og skerðingarákvæðin í því til handa launafólki eru ekki meiri en svo, að eins og ég hef áður minnzt á, teldi ég, að það færi bezt á því, að ríkisstj. drægi þau aftur og endurskoðaði afstöðu sína til þeirra, og ég vona, að hún muni geta komizt að þeirri niðurstöðu, að hér hafi verið synt svo nálægt landi, að hægt sé að skreiðast upp í fjöruna, án þess að menn þurfi endilega að drukkna í flæðarmálinu, eins og þetta frv. nánast væri, ef nota mætti þá samlíkingu. En allt eru þetta bráðabirgðaráðstafanir, og nú vildi ég af þessu tilefni eins og raunar fleiri ræðumenn hafa hér gert, vitna til þeirrar samþykktar, sem stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hefur gert um þetta mál og ég tel vera allrar athygli verða. Sú samþykkt er efnislega á þá leið, að stjórn Bandalagsins telur þær aðgerðir, sem frv. gerir ráð fyrir, alls ófullnægjandi til þess að leysa sjálfan vandann, að stöðva verðbólguna. Aðgerðirnar eru með sama merki brenndar og allar dýrtíðarráðstafanirnar frá lokum síðari heimsstyrjaldar. Þær eru bráðabirgðaúrræði nær algerlega á kostnað launþega, en árangurslausar sem frambúðarlausn. Stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja gerir það að till. sinni, að allar peningalegar tilfærslur, skuldir og innstæður, laun og vextir, verði tengdar réttri vísitölu og gengið verði að mestu leyti gefið frjálst.

Hér eru á ferðinni till., sem ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstj. um. Hefur hún nokkru sinni fengið sinni Efnahagsstofnun það verkefni, að rannsaka það, hverjar afleiðingar þetta mundi hafa? Ég er þessum till. mjög hlynntur, vegna þess að mér sýnist fljótt á litið, að þær hefðu það stóra gildi, ef þær kæmu til framkvæmda, að draga úr þeirri ásælni, sem stór hluti þjóðarinnar hefur, til að láta verðbólgu alltaf fara vaxandi. Ef gripið væri til þessa ráðs, sýnist mér, að augljóst sé, að ásælni manna í að geta borgað skuldir sínar með minni krónum en þeir fengu lánaðar, mundi hverfa. En sú staðreynd hefur blasað við öllum skuldugum mönnum eða langflestum, a. m. k. öllum þeim, sem ekki voru þá með vísitölutryggð lán á herðunum, að geta komizt þannig léttar út úr greiðslunum, borgað með minni verðmætum en þeir fengu. Auðvitað efast ég ekkert um, að einmitt þessi staðreynd margra undangenginna ára hlýtur að hafa skapað vissan verðbólguþorsta í þjóðfélaginu, og ef hægt væri að koma í veg fyrir þann verðbólguþorsta, þá sýnist mér augljóst, að mikið væri áunnið til þeirrar áttar að geta haldið verðbólgunni í skefjum. Ef ríkisstj. hefur ekki látið rannsaka þessar leiðir, þá held ég, að hún ætti að gera það. Og ég held einnig, að sú n., sem fær þetta frv. til meðferðar hér í hv. Ed., ætti að fá umsögn hagfróðra manna um það, hvernig þeim litist á þessar leiðir. Ég tel, að ef þetta væri raunverulega svo, eins og mér sýnist, þá sé hér um að ræða stórt skref í þá áttina, að við getum a. m. k. minnkað verðbólguna í þjóðfélaginu, en hinn öri vöxtur hennar ár frá ári hefur verið eitt af stærstu vandamálum í íslenzku þjóðfélagi að undanförnu.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. mikið, enda engin sérstök ástæða til þess, en það eru viss atriði, sem ég tel þó nauðsynlegt að minnast hér á, og það m. a. vegna fsp., sem beint hefur verið til mín. Varðandi ræðu hv. 6. þm. Sunnl., er sneri að ályktun Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, vil ég segja það, að sú hugmynd, sem kemur fram í ályktun þeirri, hefur ekki af opinberri hálfu verið rannsökuð, enda hygg ég, að á henni sé næsta mikið nýjabrum, og eftir því, sem ég bezt veit, og eftir því, sem upplýst er, einnig í sambandi við viðtal við formann BSRB, þá mun þetta hvergi í veröldinni hafa verið framkvæmt ennþá, þannig að hér er um nýstárlega hugmynd að ræða, sem kann vel að vera athyglisverð. Ég skal ekkert um það segja. Hún hefur ekki borizt mér í hendur nema í gegnum blöð, en ósköp er ég nú hræddur um, að menn a. m. k. muni hika við, áður en þeir ákveða það að vísitölubinda gengið, og ímynda sér, að hræðsla við þær afleiðingar muni verða þess valdandi, að menn fari svo varlega í samningum sínum og fjárráðstöfunum öllum, að það eitt nægi til þess að leysa allan vanda. Við höfum haft ýmsa tilburði í þá átt í þjóðfélaginu. Við höfum sett upp háa vexti, sem að vísu eru orðnir lágir núna, með það í huga, að menn tækju þá síður lán, og eitt og annað hefur verið gert. Það hafa verið vísitölutryggðar skuldir og sitt af hverju gert af þessu tagi, sem ekki hefur samt orkað mikið í þá átt, að það hefði áhrif á, að þeir aðilar, sem

stæðu undir slíkum skuldum, spyrntu sérstaklega fótum í samtökum sínum gegn óeðlilegum hækkunum. En hvað sem því líður eru allar slíkar hugmyndir góðra gjalda verðar, þó að ég haldi, að það sé nú ekki möguleiki til þess að taka það til sérstakrar athugunar í sambandi við það mál, sem hér liggur fyrir, en það haggar ekki því, að það er sjálfsagt um það eins og aðrar hugmyndir, að skoða þær af velvilja.

Hv. þm. tók það fram, að hann teldi þetta frv., sem hér liggur fyrir, í rauninni ekki vera svo ýkja slæmt, og það ber vissulega að fagna því, og skerðing minni en sézt hefði oft í slíkum till. hér á Alþ., og það held ég, að við getum nú öll verið sammála um, að er ótvírætt. Hitt er svo annað mál, að menn geta svo deilt um það, hvort eigi að vera skerðing eða ekki skerðing, það er annað mál. En vitanlega hafa frv. sem þessi margoft séð dagsins ljós hér á Alþ., þó að þau hafi ekki nákvæmlega verið í þessum búningi, og ég held, að það sé hárrétt, sem kom fram hjá hv. 11. þm. Reykv. í lok máls hans og sem ég get alveg tekið undir eins og margt, sem hann sagði í lok máls síns, að það, sem skiptir auðvitað máli í sambandi við samninga um vísitölutryggingu á launum, er aðferð til þess að verðtryggja kaupmátt launanna. Það er ekki launaákvörðun sem slík, heldur aðferð til þess að verðtryggja launaákvörðunina, sem gerð er. Og það er hægt að velja til þess mismunandi úrræði. Menn hafa valið vísitöluákvæðið, þó að ég sé viss um, að flestir og það verkalýðsleiðtogar engu síður en aðrir, sem hafa um það fjallað, telji það vera verulega gallað. Og ef við skoðum það t. d. frá sjónarhóli láglaunafólks, þá eru auðvitað vísitöluákvæði á laun ákaflega óheppileg leið til þess að tryggja kjör láglaunamanna, vegna þess að þeir, sem hærri launin fá, fá alltaf miklu meira í sinn vasa fyrir hvert vísitölustig, sem verðlagið hækkar, þannig að þetta er auðvitað mjög gölluð aðferð, þó að önnur aðferð hafi ekki fundizt, en þá ætti auðvitað ekki að útiloka það, að menn íhuguðu aðrar leiðir í því sambandi, og það er hárrétt, sem hv. 11. þm. Reykv. sagði og sem mér finnst vera kjarni málsins og hlýtur að ráða efnislegri afstöðu manna til frv. eins og þessa eða till. um efnahagsmál í sambandi við laun, hvort þær aðferðir, sem valdar eru, tryggja jafn vel og vísitöluákvæði það, sem samið hefur verið um, kaupmátt launanna. Þetta er ég honum alveg sammála um. Og ég er honum líka alveg sammála um það, að það er geysilegt atriði einmitt að tryggja þann bata, sem orðið hefur, og það, eins og hann orðaði það alveg réttilega, má ekki glata þeim árangri, sem varð í vor. Það er ég honum líka innilega sammála um, og það er það, sem allar þessar ráðstafanir miða einmitt að, að tryggja þann árangur.

Það kom fram sú hugmynd í ræðu hans, sem áður hefur verið orðuð, að raunverulega ætti þetta mál allt að bíða fjárlaga. Vissulega væri æskilegt, að það dæmi hefði allt saman verið hægt að gera upp. En það vita nú allir hv. þdm., að fjárl. verður nú ekki flýtt svo, að það sé hægt að gera það dæmi upp nú, enda ýmis atriði, sem þar eru ennþá óljós, og hins vegar er þetta mál með þeim hætti, að því verður heldur ekki skotið á frest og verður að taka ákvörðun um meginstefnuna, sem mörkuð er varðandi lausn þessara mála, því að vitanlega er öllum það ljóst, að þetta er dæmi, sem er sett upp og er nátengt allt saman þeim ráðstöfunum, sem eru í efnahagsmálafrv., og þó að það megi segja, að ein og ein gr. geti verið ákveðin með öðrum lögum, þá hefur þetta verið sett saman sem eitt dæmi, til þess að það gengi upp, og þannig verður það að vera.

Ég skal ekkert fara út í þá sálma að færa rök fyrir því, að margoft hafi gerzt svipaðir hlutir áður, að breytt hafi verið kjarasamningum, en í sambandi við það, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði um sjómannasamningana, þá veit ég, að hann veit það mætavel eins og ég, að það var ekki vegna þess út af fyrir sig, að menn teldu, að með þeim væri verið að ógilda sjómannasamningana, heldur fyrst og fremst vegna þess, að það var vitað, að sumir samningar voru lausir, en aðrir samningar voru bundnir, og þess vegna var það niðurstaðan, að það væri eðlilegt, að það hefðu öll félögin sama rétt til þess að semja um sín mál um þetta leyti, og ég skal ekki fullyrða, hvort það var meiri hl. eða minni hl. sjómannafélaganna, sem hafði samninga sína lausa, en þannig var þessu háttað, og það var það, sem réð úrslitum um það, að þetta ákvæði var sett inn í lögin.

Hv. 11. þm. Reykv. spurðist fyrir um það, hvernig að ætti að fara, þegar allar tekjur ríkissjóðs væru búnar, sem ættu að fara til niðurgreiðslna, hvort hugmyndin væri þá að skella þessu öllu yfir á bök almennings eða væntanlega þá e. t. v. að leita nýrra tekjuöflunarleiða eða skerða um meira en tvö vísitölustig. Í sambandi við þessar hugleiðingar og einnig það, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. vék að varðandi nauðsyn þess að breyta frv., eins og það liggur fyrir, þ. e. a. s. ákvæðunum um brottfall tveggja vísitölustiga, þá er það skoðun mín, a. m. k. eins og sakir standa, þó að það kunni að þurfa að athugast nánar, að engra breytinga sé þörf á umræddri frvgr., og það byggist einfaldlega á því, að eins og ákveðið er núna um útreikning kaupgjaldsvísitölunnar, — menn geta deilt um, hvort það er rétt eða rangt, það er allt önnur saga, — þá er svo ákveðið, að kauplagsnefnd birti ekki sína kaupgjaldsvísitölu fyrr en búið er að ákveða, að hve miklu leyti hún verður greidd niður. Og í grg., sem til var vitnað, segir, að það sé aðeins um hækkunina, sem verður 1. des., og tilheyrandi dagsetningar þar á eftir, sem komi til greina að fella niður. Þess vegna er það svo, að nú 1. des. verður vísitalan birt frá kauplagsnefnd sem 104.2 stig. Og þar af leiðir, að það væri ekkert sérstakt, sem um er að ræða að fella niður, það skal ekkert fella niður af þeirri vísitölu, heldur aðeins hækkuninni, sem verður, og þar sem engin hækkun verður, þá er heldur ekkert til að fella niður. Og þegar seinna kemur til hækkunar, svo lengi sem sú hækkun verður innan við 2 stig, þá

verður sú hækkun felld niður, en ekki yfir 2 stig. Fari hækkunin næstu tímasetningar þar á eftir yfir 2 stig, þá verður það annaðhvort að koma fram í hækkuðu kaupi eða ríkisstj. verður að gera frekari ráðstafanir til niðurgreiðslna. Þetta er efni málsins, og þetta er hugsunin með þessari gr. eins og hún stendur nú, eftir þær ákvarðanir, sem teknar hafa verið, og eins og ég segi, verður það sjálfsagt athugað í n. Skoðun mín er sú, að það þurfi ekki að breyta gr. Sé það eitthvert efamál, þá er sjálfsagt að taka það til athugunar, en ég hygg, að þetta að nokkru leyti svari því, sem hv. 11. þm. Reykv. spurði um, hvort meiningin væri að fara lengra en sem nemur þessum tveimur stigum. Það er ekki meiningin, og það verður þá að leysa það annaðhvort á þann hátt, ef ríkissjóður hefur ekki fé til, að það komi þá fram í kaupgjaldsvísitölunni, eða þá ef ríkissjóður hefur fé til þess, þá verði það greitt niður og eins og ég gat um í minni ræðu hér í dag, nái þetta ekki tveimur stigum, sem útreikningarnir í dag benda til, að það geri ekki, þá verður að sjálfsögðu ekki um neinn tveggja stiga niðurskurð vísitölunnar að ræða. Varðandi það, hvað þetta kosti, sem nú er verið að gera, miðað við að greiða niður hinn 1. des., þá er það ekki svo geysileg fjárhæð. Það er að vísu tveggja stiga niðurgreiðsla í 3 mánuði. Við reiknuðum með því, að framhaldinu af verðhækkunum yrði mætt með niðurgreiðslum þegar þar að kæmi. Dæminu er í raun og veru aðeins snúið við, þannig að í stað þess, að við reiknuðum með að greiða niður þau 1.50 eða 1.60 stig eða hvað, sem það verður eftir áramótin, og það er inni í niðurgreiðsludæminu, þá tökum við niðurgreiðslurnar strax, að vísu heldur hærri en þessi tvö stig, þannig að það, sem munar hér, er raunverulega aðallega flýtingin, ef svo má segja á lélegu máli, á vísitölugreiðslunni, þ. e. a. s. þessir þrír mánuðir, sem um er að ræða. Og ég reikna með, að þessi kostnaður muni í heild geta numið nálægt 100 millj. kr., sem þessi ráðstöfun kostar. Ég get að vísu ekki svarað því svo nákvæmlega nú, hvernig þetta bil verði brúað. Ég skal þó aðeins geta þess, að ég hef gert ráð fyrir því, að ekki væri óhugsandi, að aukin niðurgreiðsla á búvöru kynni jafnvel að draga enn úr útflutningi búvara, og með því mundu sparast útflutningsuppbætur. Þetta er hlutur, sem við vitum ekki nákvæmlega um, og að vísu kemur þá aukin neyzla á móti hér, þannig að það er ekki fullséð, hvernig það dæmi kemur út.

En varðandi það atriði, sem oft hefur verið vitnað í, að það séu einhverjir grunsamlegir fjármöguleikar, sem ríkið hafi, og gefið í skyn, að geti þá verið verulegar fjárhæðir, sem geri jafnvel mögulegt að falla alveg frá þessum skerðingum, þá er nú því miður ekki um það að ræða, því að þær tölur, sem hv. 11. þm. Reykv. nefndi í því sambandi, eru nú ekki sérlega háar tölur, og það, sem átt er við í frv., á heldur ekki við háar upphæðir, heldur eru það endurskoðunarupphæðir á vissum tekjustofnum, sem reynslan sýnir, að kunni að vera hægt að ná meiru út úr, og það er ekkert óvenjulegt og kemur alltaf fyrir við undirbúning fjárlaga, en tekjuáætlun þeirra er gerð í ágústmánuði, og síðan þá getur þróun breytzt þannig. Ég tala nú ekki um, þegar fjárlög eru komin í þær upphæðir, sem raun ber vitni um, þá geta breytingar fljótlega leitt til þess, að það nemi nokkrum milljónatugum a. m. k., sem sýni sig, að sé líklegt, að komi út úr vissum tekjustofnum. Og það er kannske hægt að tefla á nokkuð tæpara vað með fjárlagaafgreiðsluna fyrir næsta ár með hliðsjón af verðstöðvuninni, vegna þess að við höfum alltaf orðið að reikna með því við fjárlög undanfarin ár, að svo og svo mikið kæmi í umframgreiðslur. Launin hafa hækkað verulega á árinu vegna vísitöluhækkana, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í fjárlögum. Þetta hefur ýmist jafnað sig eða ekki jafnað sig. Það fer eftir atvikum. Undanfarin ár hefur það ekki gert það, vegna þess að það hefur orðið meiri samdráttur í innflutningi en jafnvel hefur verið gert ráð fyrir á erfiðleikaárunum, en af þessum ástæðum er hægt að hugsa sér að fara nokkru tæpara með fjárhagsáætlanir.

Ég held svo ekki, herra forseti, að það sé ástæða fyrir mig að vera að þreyta hv. þdm. á lengri umr. af minni hálfu, og er ekkert sérstakt, sem ástæða er til þess að ræða. Þetta hefur verið gagnrýni fram og til baka, eins og við var að búast og sannarlega ekki verri en við var að búast. (**Gripið fram í:** Málið var nú ekki svo slæmt.) Málið var ekki svo slæmt, ég var einmitt að lýsa því yfir, af því að einn hv. þm. var að enda við að lýsa því yfir, að málið væri ekki svo slæmt. Það var t. d. miklu verra, þegar flokksbræður hv. þm., sem greip hér fram í, áttu hlut að slíkum efnahagsaðgerðum. En sleppum því, ég skal alveg spara mér allan meting og samanburð um það. En það var aðallega þetta atriði, sem olli því, að ég stóð upp í rauninni, að lýsa yfir þessu bæði í tilefni af fsp. hv. 11. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Norðurl. e. um skilning á þessu atriði varðandi tvö vísitölustig.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17:1 atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Ed., 18. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 148, n. 154, 156 og 160, 155, 161).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft mál þetta til meðferðar, en eins og kunnugt er, höfðu fjhn. beggja deilda unnið sameiginlega að málinu á sínum tíma. Niðurstaða n. er sú, eins og nál. þau, sem útbýtt hefur verið, bera með sér, að n. hefur ekki getað náð samstöðu í málinu, þannig að við fjórir, sem stöndum að nál. á þskj. 156, mælum með því, að frv. verði samþ. óbreytt, en aðrir hv. nm. hafa ekki talið sig geta fallizt á frv. nema með allróttækum breytingum og hafa skilað sérálitum.

Það eru einkum tvær spurningar, sem ég tel eðlilegt, að ræddar séu í sambandi við frv. það, sem hér liggur fyrir. Í fyrsta lagi sú, hvort verðstöðvun sé skynsamleg ráðstöfun miðað við aðstæður í íslenzku efnahagslífi nú og í öðru lagi, hvort fórnum þeim, ef einhverjar eru, sem nauðsynlegt kynni að vera að færa í bili, ef tilgangur verðstöðvunarinnar eigi að nást, sé réttlátlega skipt. Fyrri spurningunni ætti að því leyti að vera óþarfi að svara í löngu máli, að allir þeir, sem tjáð hafa sig um frv. þetta hér á Alþ., virðast vera um það sammála, að verðstöðvun sé æskileg a. m. k., ef ekki nauðsynleg. Munurinn á þessu frv. og þeim till., sem fram hafa verið bornar af hv. stjórnarandstæðingum bæði í frv.-formi og sem brtt. við þetta frv., er hins vegar sá, að væri fallizt á þeirra till., yrði ekki um neina verðstöðvun að ræða nema þá að einhverjum hluta. Yrði slíkt því að mínum dómi kákið eitt og vafasamt, hvort slíkar ráðstafanir væru betri en aðgerðaleysi. Það er óraunhæft að segja eins og hv. framsóknarmenn: „Við erum að vísu hlynntir verðstöðvun, en við viljum ekki launaskatt, ekki, að bændur taki á sig verðhækkun á fóðurbæti og ekki, að kaupgjaldsvísitalan sé skert," og það án þess að benda á aðrar leiðir til þess að framkvæma verðstöðvunina. Það er að vísu satt, að verðstöðvun í þeirri mynd, sem hér er um að ræða, getur ekki verið annað en ráðstöfun til bráðabirgða. Enginn hefur haldið öðru fram. En spurningin er ekki um það, hvort með þessu sé hægt að leysa til frambúðar allan vanda í efnahagsmálum, heldur um hitt, hvort telja megi nægilegar líkur fyrir því, að afkoma íslenzkra atvinnuvega og almennings verði betri að loknu verðstöðvunartímabilinu, ef slíkar aðgerðir verða framkvæmdar en vera mundi án þess að til þeirra yrði gripið. Og ég fæ ekki komið auga á nein frambærileg rök fyrir því, að svo sé ekki.

Þá vík ég að hinni spurningunni eða þeirri, hvort byrðum þeim, sem lagðar séu á með þessum ráðstöfunum, ef einhverjar eru, sé ranglátlega skipt. Mér finnst svo auðsær hagur atvinnurekenda, þar með talinn bænda, ef dæmið er gert upp í heild, en ekki einblínt á launaskattinn og hækkun á fóðurbæti, sem bændur taka á sig, að ég geri það ekki að frekara umtalsefni. En ég vil halda mig að þeim ákvæðum frv., sem að launþegum snúa, enda hafa um þau staðið mestar deilur, svo sem kunnugt er. Hverju fórna launþegar og hvað fá þeir í aðra hönd? Þeir fórna því í fyrsta lagi, að ekki skal við útreikning kaupgjaldsvísitölu taka tillit til þeirrar hækkunar, sem verður á vísitölu framfærslukostnaðar vegna hækkunar á verði áfengis og tóbaks og hækkunar iðgjalda til almannatrygginga, sem að vísu kemur ekki til framkvæmda fyrr en eftir áramót. Þetta nemur 1.1% vísitölustigi miðað við maígrunn og það má auðvitað ekki blanda saman vísitölustigum miðað við grunn 1. jan. 1968, eins og nú er gert, og kaupgreiðsluvísitölustigi, sem miðað er við maígrunn, sem auðvitað er hærri en grunnurinn var 1. 1. 1968, svo að prósentuvísitölustigið verður þannig feitara en vísitölustigið. Þetta var fyrsta atriðið.

Ennfremur fórna launþegar því, að kaupgreiðsluvísitöluna má skerða allt að 2%-stigum, en þó hefur nú eins og kunnugt er, verið ákveðið, að slíkt komi ekki til framkvæmda fyrstu 3 mánuði tímabils þess, sem um er að ræða. Sé litið yfir allt verðstöðvunartímabilið frá 1. nóv. s. l. til 31. ágúst næsta ár, og auðvitað ber að gera dæmið þannig upp, að miðað sé við tímabilið í heild, en ekki einstaka daga, þá nemur þessi skerðing 1.2%-stigum, og þá skyldi vera gengið út frá því, að skerðingin kæmi að fullu til framkvæmda frá 1. marz. En hvort svo verður, skal ég að öðru leyti ekki segja um. En samtals eru þetta 2.3%-stig. Þetta er það, sem launþegarnir fórna, sé dæmið sett þannig upp. En það, sem á móti þessu vegur, eru eftirtalin fjögur atriði: Í fyrsta lagi, að verðstöðvunin sparar launþegunum það tap, sem þeir hljóta að verða fyrir, þegar verðlag fer hækkandi, vegna þess að launahækkanir koma alltaf eftir á. Ég skal taka dæmi af handahófi til þess að skýra þetta. Segjum, að mánaðarleg verðhækkun sé 2%, eins og vísitölusamningarnir eru nú, þar sem kaupgreiðsluvísitalan miðast við vísitölu næsta mánaðar á undan þeirri, þegar kaupbreyting verður. Þá þýðir þetta, að í upphafi vísitölutímabils mundu launþegarnir vera orðnir 2% á eftir, þegar mánuður er liðinn af tímabilinu 4%, þegar tveir mánuðir eru liðnir 6%, og í lok tímabilsins mundu þeir vera 8% á eftir. Það þýðir, að að meðaltali fyrir allt tímabilið eru þeir 5% á eftir, þannig að tap það, sem þeir verða þannig fyrir, nemur 5% af kaupi. En þetta dæmi er auðvitað tekið af handahófi aðeins til skýringar því, hvað um er að ræða. Sem betur fer er verðbólguþróunin ekki svo ör hér á landi, að verðlagið hækki að jafnaði um 2% á mánuði, þannig að hið raunverulega tap, sem nú er um að ræða, er minna en þetta. Og samkv. athugun Efnahagsstofnunarinnar nemur tafatapið, sem hún kallar svo, 2.75 %-stigum miðað við allt árið frá maílokum þetta ár til maíloka næsta ár, en 2%-stigum fyrir tímabilið desember-febrúar. Nákvæmur útreikningur liggur að vísu ekki fyrir um allt verðstöðvunartímabilið út af fyrir sig, enda verður slíkt ekki reiknað með nákvæmni, þó að ekki sé lengra fram í tímann, en nærri lætur, að þetta eitt vegi nokkurn veginn á móti vísitöluskerðingunni, eftir því sem næst verður komizt.

Annað atriðið, sem hér er um að ræða, þegar rætt er um hagnað launþeganna á framkvæmd verðstöðvunar er, að auðvitað er það óraunhæft að gera ráð fyrir því, að allar atvinnugreinar séu færar um að bera að fullu þær kauphækkanir, sem átt hafa sér stað. Vafalaust er það um sumar atvinnugreinar þannig, og má þar í fyrsta lagi nefna útflutningsframleiðsluna, bæði útgerð og fiskiðnað, að vegna hagstæðrar verðlagsþróunar erlendis má gera ráð fyrir því, að þessar atvinnugreinar geti nokkurn veginn borið þær kauphækkanir, sem um hefur verið samið. En ég hugsa, að launþegum sé það

jafnljóst og öðrum, að það er óraunhæft að gera ráð fyrir því, að það eigi við um allar atvinnugreinar. Þar má nefna iðnaðinn sem dæmi, að það eru mjög litlar líkur á, að í þeim iðnaði, sem framleiðir fyrir innlenda markaðinn, sé um svo mikla afkastaaukningu að ræða, að hann geti staðið undir 20% kauphækkunum eða meira. Og annað nærtækt dæmi í þessu efni eru opinber fyrirtæki, sem selja ýmiss konar þjónustu, sem áður má gera ráð fyrir, að hafi verið verðlögð þannig, að tekjur og gjöld stæðu í járnum. Og auðsætt er, að slík þjónustufyrirtæki geta ekki tekið á sig neinar teljandi kauphækkanir, nema þær verði þá reknar með halla og í sjálfu sér fráleitt, að um hallarekstur sé að ræða hjá slíkum fyrirtækjum. Það er t. d. ósanngjarnt, að þeir borgarar þjóðfélagsins, sem ekki hafa síma, séu látnir borga með símanum til annarra þjóðfélagsborgara, sem gera má ráð fyrir, að séu einmitt betur efnum búnir. Rekstur slíkra þjónustufyrirtækja verður að standa undir sér, en ef hann hefur ekki gert betur en standa í járnum, þegar almennar kauphækkanir verða, þá gefur það augaleið, að verð á slíkri þjónustu hlýtur að hækka svo sem orðið hefur, þó að reynt hafi verið eftir föngum að halda því í skefjum. En ef við horfumst í augu við þessa augljósu staðreynd, að það er óhjákvæmilegt, ef ekki á að verða meiri eða minni samdráttur, að kauphækkanirnar veltist að einhverju meira eða minna leyti yfir í verðlagið, þá þýðir það, að verðhækkanirnar rýra auðvitað kaupmátt launanna. Séu þær ekki nægilega miklar til þess að skapa viðkomandi atvinnugreinum rekstursgrundvöll, þá verður þar samdráttur, sem bitnar á launþegunum í mynd atvinnuleysis, eða ef gripið er til þess að veita þessum atvinnugreinum styrki, til þess að þær geti staðið undir kauphækkunum, þá verða þeir fjármunir, sem það kostar, auðvitað ekki sóttir annað en í vasa skattborgaranna, launþega eins og annarra, þannig að til viðbótar því, sem launþegarnir hagnast á því, að víxlhækkanirnar eru stöðvaðar, þá kemur þetta.

Þetta tvennt, sem ég nú hef nefnt, er það mikilvægasta í þessu sambandi, en auk þess má nefna niðurgreiðslurnar í nóvembermánuði, sem var nokkuð, sem launþegarnir auðvitað áttu ekki kröfu til samkv. kjarasamningum, þannig að það er fé, sem einmitt vegna þeirra ráðstafana, sem nú eru gerðar, rennur í þeirra vasa. Ég hef enga nákvæma tölu um það, hve miklu þetta nemur, en um a. m. k. 30—40 millj. má vera að ræða.

Að síðustu má nefna það sem fjórða atriðið í þessu sambandi, að ef verðstöðvunin tekst, þá verður kaupmáttur þeirra tveggja vísitölustiga, sem geymd eru, meiri en hann mundi vera, ef ekki væri um verðstöðvun að ræða, svo að segja má, að launþegarnir fái þannig vexti af þeim peningum, sem geymdir hafa verið, en höfuðstólinn fá þeir auðvitað ekki endurgreiddan frá þeim tíma, sem skerðingin verður. Auðvitað er þetta atriði, sem ekki getur vegið þungt á metunum, en það má þó í þessu sambandi nefna.

Nú er það svo, að í ræðu þeirri, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. flutti við 1. umr. málsins, þá kom það fram, að hann hafði skilning á því, að launþegar ættu hagsmuna að gæta í sambandi við það, að víxlhækkanirnar yrðu stöðvaðar. En sá skilningur hv. þm. hefur þó við önnur tækifæri verið skarpari en hann virtist vera við 1. umr. málsins, þó að það kæmi að vísu fram, að hann hefði á þessu skilning, en virtist þó vilja sem minnst úr þessu gera. Og ég skal rifja upp tvö málefni, sem áður fyrr hafa verið til umr., þessu til sönnunar.

Það er í fyrsta lagi, þegar vísitöluskerðingin var framkvæmd með löggjöf haustið 1956. Þá var það borið fram sem höfuðröksemd fyrir því, að það borgaði sig fyrir launþegana að færa þessa fórn, bæði af hv. þm. og öðrum, sem páv. ríkisstj. studdu, að með því að afsala sér þessum 6 vísitölustigum, væri komið í veg fyrir hækkun á verði búvöru, sem þá var yfirvofandi. Að vísu hefði það nú ekki bætt tjónið nema að nokkru leyti, en hafa ber þó hugfast, að búvaran var mikilvægari liður í vísitölugrundvellinum þá heldur en nú er. En þá kom fram á þessu fullur skilningur og var meira að segja nokkuð ýkt, hve hagnaður launþeganna væri mikill, því að eins og ég sagði bættist þessi skerðing ekki nema að nokkru leyti, vegna þess að búvöruhækkunin var minni.

En ég man líka eftir öðru dæmi, sem gerðist hér á Alþ. fyrir u. þ. b. 6 árum, en það var í árslok 1964. Þá hafði hið svokallaða júní-samkomulag verið nýlega gert, þegar vísitölubætur á laun voru innleiddar að nýju. Óformlega mun þá hafa verið samið um það milli verkalýðssamtakanna og páv. ríkisstj., að verðlaginu yrði haldið óbreyttu til áramóta með niðurgreiðslum og kemur strax fram í því, að launþegasamtökin gerðu slíka kröfu, og þau gerðu sér ljóst, að vísitölubætur út af fyrir sig tryggja ekki kaupmátt launa nema verðhækkunum sé haldið í skefjum. En skömmu fyrir áramótin 1964 eða fyrir árslok 1964 var svo ákveðið að hækka söluskatt frá byrjun næsta árs. Við ákvörðun á þeirri hækkun á söluskatti var gert ráð fyrir því, að hluta af honum yrði varið til þess að greiða hallann á ríkissjóði vegna niðurgreiðslu árið 1964. Þá man ég, að hv. 4. þm. Norðurl. e. hreyfði mótmælum við slíku og hélt því fram, að um það hefði verið samið að borga vísitöluna niður án þess að leggja á nýja skatta. Þetta samkomulag mun að vísu hafa verið óformlegt, svo að einhver ágreiningur varð nú um það, í hverju það hefði verið fólgið, en páv. forsrh., Bjarni heitinn Benediktsson, tók þó af skarið í þeim efnum og sagðist ekki vilja liggja undir ámæli um það, að rofnir hefðu verið samningar við verkalýðshreyfinguna, svo að þetta gekk til baka. Nú var að vísu gert ráð fyrir því, að hækkun söluskattsins kæmi fram sem vísitöluuppbót síðar. En hv. þm. Norðurl. e. sagði þá og það var auðvitað alveg rétt: „Sú kauphækkun kemur ekki fyrr en eftir þrjá mánuði, þannig að það er ekki fullnægjandi bót.“ Þetta er að mínu áliti ljóst dæmi um það, að bæði hv. þm. og forusta verkalýðshreyfingarinnar þá

hefur gert sér fyllilega ljóst, að hér var um hagsmunamál hennar að ræða, og get ég þessa síður en svo þeim til ámælis.

Ég vil vekja athygli á því, að eins og ég setti dæmið upp hér að framan, þá reiknaði ég að fullu þau vísitölustig, sem fórnað er, eða það vísitölustig er kannske réttara að segja, því að þetta er aðeins 1.1 %-stig að vísu, en ég reiknaði að fullu það sem fórnað er vegna hækkunar á verði áfengis og tóbaks og iðgjalda almannatrygginga. Nú má færa fram frambærileg rök fyrir því, að þetta megi fella niður, og þau hafa komið fram við umr. málsins, sbr. þau sjónarmið, sem fram komu í ræðum þeirra hv. 4. þm. Norðurl. e. og hv. 6. þm. Sunnl., þegar þeir bentu á það, að vissulega gæti vísitölumælikvarðinn verið gallaður, en það hefði nú einu sinni verið samið á þeim grundvelli, þannig að verkalýðshreyfingin gæti ekki unað einhliða breytingu á vísitölugrundvellinum. Til þessa hef ég nú einmitt tekið tillit með því að reikna þetta að fullu. Ég vil sérstaklega varðandi hækkun iðgjalda til almannatrygginga benda á það, að óeðlilegt er, að það sé í vísitölugrundvellinum, vegna þess að hér er um beina skatta að ræða, og í rauninni og meira að segja um nefskatta að ræða, en meginreglan er sú, að beinir skattar ganga ekki inn í vísitölugrundvöllinn, svo að það er auðvitað óeðlilegt að reikna þetta með. Um áfengið og tóbakið getur verið meira álitamál, en hjá því verður nú ekki komizt að mínu áliti að reikna það með í verðlagsvísitölunni. Annað mundi vera bein fölsun, en kaupgreiðsluvísitalan þarf engan veginn að fylgja verðlagsvísitölu og gerir það ekki, þannig að margt mundi mæla með því, að það, sem almennt er talið óþarfi, eins og þetta, ætti ekki að vera þar með. Hins vegar get ég í sjálfu sér tekið undir það með hv. 6. þm. Sunnl., að hér er um eins konar eyrnamörkun að ræða, og af henni er ég ekki sérstaklega hrifinn, en ástæðan til þess, að þessi eyrnamörkun á sér stað, er nú samt sú, að þetta er talið ganga í fólkið, og þegar till. hafa verið bornar hér fram á undanförnum þingum um það, að leggja 10 aura gjald á coca cola til styrktar vangefnum o. s. frv., þá hafa hv. þm. yfirleitt sungið allir í einum kór og rétt upp höndina með slíkum till. Ef aftur á móti væri um það að ræða að afla fjár með því að hækka hina almennu tekjustofna ríkissjóðs, þá hefðu vafalaust orðið um það stórátök, en það er nú þetta, sem liggur að baki eyrnamerkingunni, að hún er talin vinsæl, og vafalaust eru margir, sem fallast á þau sjónarmið, að áfengi og þess háttar sé óþarfi og það verði að hækka kaup, þegar það verð hækki o. s. frv. Þess vegna hefur þetta nú verið gert, en ég get út af fyrir sig tekið undir það, að mér finnst þetta ekki alls kostar fullnægjandi, og þess vegna hef ég nú einmitt reiknað dæmið á þennan hátt, að reikna þessa hækkun að fullu.

Þá kem ég að spurningu, sem í sjálfu sér er mikilvæg í þessu sambandi, og henni var hreyft af hv. 4. þm. Norðurl. e., en hún er þessi: Skaðast launþegarnir ekki raunverulega á auknum niðurgreiðslum? Er það ekki þannig, að það, sem fer bara í útgjöldin vegna niðurgreiðslnanna, sé að jafnaði miklu minni fjárhæð en sú, sem þeir tapa, vegna þess að kaupgjaldsvísitalan kemur til að lækka? Ég tel, að þessari spurningu megi svara játandi, a. m. k. ef litið er á launþegana í heild, þó að viðhorf í þessum efnum séu að vísu töluvert önnur nú en var fyrir 20 árum, þegar gamli vísitölugrundvöllurinn frá 1939 var í gildi, og það var hv. þm. líka fullkomlega ljóst. Þá var það reiknað út varðandi sumar ódýrustu niðurgreiðslurnar eins og niðurgreiðslur á saltfiski, að þetta borgaði sig fyrir ríkissjóð, eingöngu vegna þess, að kaup opinberra starfsmanna lækkaði um hærri fjárhæðir vegna niðurgreiðslunnar heldur en þurfti til þess að standa straum af henni, og þá er auðsætt, vegna þess að opinberir starfsmenn eru auðvitað ekki nema hluti af launþegunum í heild, hvernig dæmið hefði komið út fyrir þá aðila. Sem heild skaðast launþegarnir auðvitað á þessu. En dæmið kemur þó mismunandi út fyrir menn í mismunandi tekjuflokkum. Ég skal taka hér einfalt dæmi. Ef við hugsuðum okkur annars vegar embættismann, sem hefði 50 þúsund krónur í tekjur, og embættislaunin ein geta nú ekki numið því, jafnvel þótt um sé að ræða hæstu launaflokka, en auðvitað er gert ráð fyrir því, að viðkomandi hafi aukastörf, sem einnig eru greidd samkvæmt vísitölu, þá eru slík dæmi ábyggilega til. Hvernig kemur dæmið út fyrir þennan mann? Ef við reiknum með 4% hækkun á kaupgjaldsvísitölu frá 1. des., þá mundi hann í kaupi tapa 2000 kr. Það, sem mundi vega á móti þessu, er sparnaður hans til heimilisútgjalda. Ég hef lauslega reiknað þetta miðað við mitt heimili, og mér reiknast þannig, að sparnaður mundi vega af þeim niðurgreiðslum, sem þegar eru komnar til skjalanna, milli 700 og 800 kr. á mánuði, svo að það er auðsætt, að þessi maður tapar þá á niðurgreiðslunni 1200—1300 kr. Ef við hins vegar tökum lágt launaðan verkamann, sem ekki hefur nema 15000 kr. í mánaðartekjur, þá kemur dæmið töluvert öðruvísi út. Það, sem hann tapar í kaupi, mundi vera 600 kr., en ef framfærslubyrði hans er álíka og embættismannsins, þá fær hann meira þannig til baka, og auðvitað jafnast þetta í lengdina vegna tekjuskattsins. Enda er mergurinn málsins sá, að miðað við útgjöld vísitölufjölskyldunnar þá ætti þetta allt að standa í járnum, en vísitölugrundvöllurinn er, eins og kunnugt er, byggður á athugunum á neyzluvenjum láglaunafólks, og þess vegna kemur einmitt þessi munur fram, sem fyrir heildina getur numið allmiklu, þannig að tapið í kaupi verður meira en kostnaður við niðurgreiðsluna.

En einmitt þetta dæmi, sem ég hef nú nefnt, sýnir, að það er óraunhæft, hvað sem öllu öðru líður, að blanda saman við þetta mál spurningunni um hugsanlega kjarasamninga við opinbera starfsmenn. Menn geta deilt um það, hvað opinberum starfsmönnum beri í laun, en þær ráðstafanir, sem hér er um að ræða, hvað sem öllu öðru líður, breyta

kjörunum frekar þeim láglaunuðu í hag heldur en hið gagnstæða. Tapið, sem þarna verður um að ræða, vegna þess að niðurgreiðslan nemur ekki kaupskerðingunni, bitnar einmitt fyrst og fremst á hálaunamönnunum. Annars skal ég nú ekki gera hér að umtalsefni þá kjarasamninga við opinbera starfsmenn, sem framundan eru, enda liggja þeir ekki fyrir, en má aðeins á það benda, að í gildi eru lög, sem kveða svo á, að launakjör opinberra starfsmanna eigi að ákvarða í samræmi við það, sem er greitt fyrir samsvarandi störf á almennum vinnumarkaði, þannig að getgátum, sem hér hafa komið fram um það, að í uppsiglingu sé samsæri á milli Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og hæstv. ríkisstj. um það, að þessi lög verði brotin, trúi ég ekki, fyrr en það mál liggur fyrir. Hitt er annað mál, að opinberir starfsmenn eru orðnir töluvert á eftir í launagreiðslum, og þar má nefna sem dæmi, að vísitöluskerðingin, sem ákveðin var með launasamningum 1968, hefur stórkostlega breytt launahlutföllunum hjá opinberum starfsmönnum og sérstaklega þeim hærra launuðu í óhag. Á þessu var ekki ráðin bót, þótt þeir fengju 15% kauphækkun á s. l. ári. Þvert á móti mátti segja, að skerðingunni væri þá slegið fastri sem grunnlaunum. Í síðustu samningum, sem gerðir voru, þá var hins vegar sú regla tekin upp að afnema alla vísitöluskerðingu og þá eðlilegt á sínum tíma, að það sé látið ná til opinberra starfsmanna eins og annarra.

Því hefur verið haldið fram, að þetta frv., ef samþ. verður, sé brot á þeim kjarasamningum, sem í gildi eru. Ef litið er á formshliðina eina, þá er ljóst, að fyrir því má færa nokkur rök, en hver er tilgangur vísitöluákvæða í kjarasamningum? Er hann ekki sá að tryggja kaupmátt launa og sá einn? Það er því ekki brot á samningunum efnislega a. m. k., ef gerðar eru aðrar ráðstafanir jafnframt þeirri skerðingu, sem um kann að vera að ræða, sem betur tryggja kaupmátt launa. Manni sýnist, að það sé þvert á móti. Hv. 11. þm. Reykv., sem talaði hér við 1. umr. málsins, upplýsti það, að hann hefði lýst eftir því við Hagstofuna, að hún gerði á því útreikning, hver kaupmáttur launa yrði 1. des. eftir þessar aðgerðir og hver hann mundi verða, ef ekkert hefði verið að gert. Nú vísaði Hagstofan þessu að vísu frá sér til Efnahagsstofnunarinnar, svo að þetta varð að nokkru ganga frá Heródesi til Pílatusar, en Efnahagsstofnunin lét þó fjhn.-mönnum í té yfirlit yfir þær breytingar, sem verða á kaupmætti launanna 1. des. vegna aðgerðanna, og hver hann hefði orðið án aðgerða. Ég hef þetta nú fyrir framan mig, og ef miðað er við 1. des., þá er það rétt, að hv. þm. hefur haft nokkuð upp úr krafsinu, því að samkv. þessum tölum Efnahagsstofnunarinnar hefði kaupmátturinn án aðgerða numið 18.7%, en með aðgerðunum 17%. Nú er það að vísu miðað við, að ekki væru gerðar þær ráðstafanir, sem nú hafa verið boðaðar. Þetta eru eldri útreikningar, þannig að ef ekki hefði til þeirra komið, þá hefði hv. þm. hér haft nokkuð upp úr krafsinu, því að þetta er lækkun kaupmáttar um nærri því 2% og það er vissulega umtalsverður hlutur. En það er bara að mínu áliti ekki rétt að gera dæmið upp á þennan hátt að miða við einstaka daga. Ef í staðinn er miðað við 30. nóv., þá hefði þetta dæmi komið allt öðruvísi út. Svo til viðbótar þá hefur Efnahagsstofnunin hér gefið upplýsingar um kaupmáttinn miðað við allan des. Þá er þetta komið niður í 18.3% og fyrir allt tímabilið niður í 17.4%, sem hann hefði orðið án aðgerða. En miðað við fyrri till. í þessu efni, þá átti hann að vera 17% yfir allt tímabilið, des. til febr., svo þarna er um að ræða lækkun um 0.4%. Vegna þessara nýju aðgerða hefur þetta svo hækkað upp í 19% fyrir allt tímabilið, en nú skal ég vera svo heiðarlegur að viðurkenna, að það er dálítið af sömu skekkjunni í þessum 19%, eins og ef miðað er við daginn 1. des., þótt það sé ekki eins gróf skekkja. Það er rétt fyrir þetta tímabil des.—febr. En ef skerðingin kemur svo að fullu til framkvæmda 1. marz, sem ég skal að öðru leyti ekki segja um, þá mundi þetta fara niður í 17% fyrir þau tvö tímabil, sem eftir eru, svo að kaupmáttaraukningin verður ekki úr 17.4 upp í 19, heldur úr 17.4 upp í eitthvað 17.6 eða 17.7, sem telja má, að þýði í rauninni óbreyttan kaupmátt launa, þegar þannig er reiknað, því að við vitum, að þessir útreikningar eru ekki svo nákvæmir undir neinum kringumstæðum, að hér sé reiknað með broti úr prósenti. Þannig að ef tilgangur vísitöluákvæðanna er sá að halda óskertum kaupmætti launa, þá er auðsætt, að þær ráðstafanir, sem hér er um að gera, eru ekki brot á samningunum, heldur þvert á móti, og hv. 11. þm. Reykv. fór einmitt hörðum orðum um það, að nú yrði að gera átak til að tryggja kaupmátt launanna og vitnaði í því sambandi í skýrslu um þróun kaupmáttar launa á tímabilinu frá 1945 til 1960, sem hv. þdm. mun nú kunnug, en í henni kom fram sú dapurlega niðurstaða, að þrátt fyrir allar þær miklu kaupgjaldshækkanir, sem urðu þarna á tímabilinu, þá stóð kaupmáttur launanna í stað. Það er vissulega hægt að taka undir þetta með hv. þm., það er einmitt það, sem hér er verið að gera. Ef tilgangurinn með vísitöluákvæðunum er einhver allt annar en sá að tryggja kaupmátt launanna, ef það eru einhver formsatriði, sem verða þar höfuðatriði, þá skapar það alveg ný viðhorf í þessum efnum, því að það er alveg rétt hjá þeim hv. stjórnarandstæðingum, sem hér hafa talað, að vitanlega væri hægt að fara aðrar leiðir til verðstöðvunar en þá, sem farin hefur verið. Það væri t. d. hægt, og það leiðir einmitt af þessu, að niðurgreiðslan er minni en kaupskerðingin, kostnaður við niðurgreiðsluna er meiri en kaupskerðingin. Þarna er hægt að fara þá leið að hækka söluskattinn t. d. um 2%. Með því, sem þessi hækkun söluskattsins hefði gefið, hefði sennilega verið hægt að greiða vísitöluna niður um 3—4 stig. Það hefði þá enginn getað sagt, að þetta bryti í bág við þá samninga, sem gerðir hefðu verið. Í öðru lagi hefði verið hægt að fara þá leið, að afla fjár til niðurgreiðslnanna að einhverju meira eða minna leyti

með hækkun á beinum sköttum, tekjuskatti eða leggja t. d. á nefskatta. Þá hefði enginn getað sagt, að þetta hefði brotið í bág við gerða samninga. En hefði þetta verið launþegunum í hag að gera þannig ráðstafanir til þess að sneiða hjá því, að formi samninganna væri breytt, sem allir vita, að mundi velta skattabyrðunum yfir á þá í ríkara mæli heldur en nú er? Ég trúi ekki öðru en að flestir skynsamir menn svari þessu neitandi, og ef það er skoðun leiðtoga verkalýðsins, að þessar leiðir hefði t. d. átt að fara, þá verður dæminu, eins og flestir líta á það, í rauninni snúið við, þannig að þá mundi það vera ríkisstj., sem færi fyrst og fremst að gæta hagsmuna launþeganna, en ekki þeir, sem til þess hafa verið valdir. Slíkar leiðir, sem ég nefndi, hefði verið hægt að fara, og það dæmi gengur þannig upp, skýrist á tvennan hátt, að með því móti mundum við nota út í æsar þann ágalla á vísitölunni, ef telja á það ágalla, sem við erum um að deila, að beinu skattarnir eru ekki teknir í hana, nema að mjög takmörkuðu leyti, og í öðru lagi væri það þá notað út í æsar, að það kostar minna að borga vöruna niður heldur en kaupskerðingunni nemur, en að slá á slíka strengi, hygg ég, að samrýmist ekki hagsmunum launafólks.

Því hefur verið haldið fram, að hér sé aðeins um það að ræða að skjóta vanda efnahagsmálanna á frest og hann kunni að verða meiri síðar, þannig að þessu hefur verið líkt við stíflu í á, sem gætir um *stundar sakir, en þýðir það, að þegar um hana verði* losað, verði hætta á, að flóðstraumurinn verði þá meira eða minna óviðráðanlegur. En það má ekki loka augunum fyrir því, að þarna getur verið um hættu að ræða, og vissulega eðlilegt, að spurt sé um það, hvað þá eigi að taka við, og að mínu áliti er þetta þeim mun eðlilegra, sem ég tel, að þrengzt hafi mjög um úrræði til þess að leysa vanda efnahagsmálanna, vegna þess að þau tæki, sem að undanförnu hefur einkum verið beitt í þessu skyni, en þar hef ég í huga fyrst og fremst haftaleiðina og sömuleiðis gengislækkunarleiðina, sem farin hefur verið hvað eftir annað, eru ekki raunhæf lengur. Höftin ekki, hvað sem um það má segja að öðru leyti, vegna aðildar okkar að EFTA og aukinnar þátttöku í alþjóða samstarfi á sviði viðskiptamála. Ég tel einnig enga launung á því, að gengislækkunarleiðin hafi gengið sér til húðar vegna þess, að ef gripið yrði til frekari gengislækkana í næstu framtíð, þá mundi það rýra svo trú manna á verðgildi peninganna, að líklegt væri, að það skapaði algert öngþveiti í efnahagsmálum. En hvað er þá til ráða? Ég hef ekki trú á lögþvingunarleið í kaupgjaldsmálum, skal taka það fram, en vil aðeins í þessu sambandi á það benda, að eitt af stærstu efnahagsvandamálunum hér hjá okkur hefur verið það, að tekjuþróunin hefur ekki verið í samræmi við hina almennu efnahagsþróun. Þetta þarf að samrýmast eftir einhverjum leiðum, og auðvitað væri langæskilegasta leiðin í því efni sú, að samkomulag gæti tekizt við launþegasamtökin um samræmi í þessum efnum. Sú leið kann að vera torveld, sérstaklega að skapa pólitísk skilyrði fyrir slíku. Það hefur ekki tekizt enn, það tókst ekki t. d. þegar vinstri stjórnin var við völd á sínum tíma, eins og öllum er kunnugt, en þetta er sú leiðin, sem að mínu áliti liggur beinast að markinu.

Hér hefur í sambandi við þessar umr. borið á góma ályktun, sem gerð var af stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Ég vil aðeins um þetta segja það, að undir öllum kringumstæðum tel ég, að það beri mjög að virða, að slík samtök benda þó á ákveðnar leiðir til lausnar vandanum, en láta ekki sitja við neikvæð mótmæli ein. Það er ekki von, að nein samtök séu tekin alvarlega, þegar um slíkt er að ræða, að vanda ber að höndum, sem allir skyni bornir menn vita, að einhvern veginn þarf að leysa, þá sé aðeins mótmælt þeim leiðum, sem farnar hafa verið, án þess að bent sé á nokkuð annað. Það gefur augaleið, að jafnvel þótt stjórnvöld væru öll af vilja gerð til þess að fara eftir ráðum slíkra aðila, þá gætu þau það ekki, vegna þess að ekki er bent á aðrar leiðir, en stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hefur hér haft annan hátt á, og það tel ég undir öllum kringumstæðum að beri mjög að virða. Hvað snertir sjálfa till. þá mundu vissulega verða mörg ljón á veginum í sambandi við framkvæmd einstakra atriða, sem þar eru nefnd, svo sem að hafa frjálst gengi, en slíkt mundi, eins og sakir standa, auðvitað eðlilega samrýmast aðild Íslands að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, þó að slíkt yrði auðvitað *miður í slíkum ráðstöfunum, þar sem allt annað* væri bundið vísitölunni, því að annars mundi útflutningurinn stöðvast. Það mun vera rétt hjá hæstv. fjmrh., sem gerði þessa till. stuttlega að umtalsefni á þriðjudaginn, að í heild mundu slíkar aðgerðir ekki hafa verið framkvæmdar í nágrannalöndum okkar a. m. k. En hins vegar er þetta að mínu áliti leið til þess að halda öllu í horfi, ef um allt þrotnar með verðtryggingu fjárskuldbindinga, sem þar er bent á, t. d. að mestu þeirri meginhættu, sem af verðbólguþróuninni stafar, nefnilega þeirri, að menn missi trú á gildi peninga sinna og grípi til þess óyndisúrræðis að taka út sparifé sitt í stórum stíl og ráðstafa því til kaupa á auvirðilegum verðmætum. Þegar þannig væri komið, yrði stórkostlegt öngþveiti og meira en nokkurn tíma hefur þekkzt, óumflýjanlegt, enda hafa hliðstæðar ráðstafanir þessum verið gerðar í sumum löndum, sem hafa átt við stöðuga verðbólgu og óstöðugt stjórnarfar að etja, svo sem í Frakklandi, og einnig mætti nefna hérna svo sem Finnland og Grikkland, sem dæmi um lönd, sem út á þessa braut hafa farið. Og ef þetta væri gert, þá yrði öllum ljóst, að það græðir enginn lengur á verðbólgunni, þannig að slík ráðstöfun ætti að geta knúið fram pólitíska samstöðu um að stöðva hana, en sú leið, sem ég áðan nefndi, að ná samkomulagi við launþegasamtökin um það að samræma tekjuþróunina öðrum staðreyndum efnahagslífsins, liggur þó auðvitað beinast að því marki að skapa sæmilegt jafnvægi í verðlags- og atvinnumálum. Og þótt ég telji það miklu máli skipta fyrir vandamál líðandi

stundar, að framkvæmd verði verðstöðvun, þá má ekki missa sjónar á því, að hér er þó aðeins um bráðabirgðalausn að ræða. Það, sem máli skiptir fyrir framtíðina, er, að fundin verði lausn til að skapa grundvallarskilyrði fyrir hagstæðri þróun efnahagsmála, og er að mínu áliti þeim mun nauðsynlegra, að menn geri sér grein fyrir því vandamáli, sem leiðir þær, sem hingað til hafa verið farnar, eru ekki lengur færar, svo sem ég tel mig hafa leitt rök að. Og ekki má loka augunum fyrir þeirri hættu, að áður en langt um líður kunni að vera óhjákvæmilegt að grípa til róttækari ráðstafana í efnahagsmálum en nú er um að ræða. Við búum í dag við mjög hagstæð viðskiptakjör og það eru þau, sem hafa gert mögulega miklu stórfelldari aukningu kaupmáttar launa en átt hefur sér stað á jafnstuttum tíma nokkru sinni áður. En það er nú einu sinni svo, að hagstæð viðskiptakjör standa sjaldan til lengdar, og má í þessu sambandi benda á þá hættu, sem okkur kann að stafa af hinum stóraukna fiskveiðum þróunarlandanna, án þess að ég fari nú út í að spá nokkru í því efni.

Að lokum vil ég vekja athygli á skilningi meiri hl. fjhn. á orðalagi 2. málsl. 1. málsgr. 5. gr. laganna, þar sem stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Verðlagsuppbót, sem svarar til tveggja stiga hækkunar kaupgreiðsluvísitölu, skal þó eigi koma til framkvæmda fyrr en 1. sept. 1971."

Það er skilningur meiri hl., að hér sé auðvitað um hámark skerðingar að ræða, svo að það megi ekki leggja í það þann skilning, að alltaf skuli skerða um 2 %-stig. Og hér er heldur ekki um neitt lágmark að ræða í þeim skilningi, að ekki megi skerða, nema að munur á kaupgjaldsvísitölu samkv. kjarasamningum og því, sem frv. gerir ráð fyrir, nemi minna en þessum 2%-stigum. Ég álít rétt, að þessi skilningur meiri hl. komi fram, ef út af þessu kynni að verða einhver ágreiningur milli þeirra aðila, sem málið snertir.

Herra forseti. Samkv. þessu leggur meiri hl. fjhn. til, að frv. verði samþ. óbreytt til 3. umr.

Frsm. 1. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég tel, að það hafi fátt nýtt komið fram í þessu máli frá því, að ég ræddi það hér við 1. umr. og lýsti skoðun minni á höfuðatriðum frv., og ég get þess vegna látið mér nægja að tala hér frekar stutt mál. Þó má segja, að nokkur ný atriði kæmu fram í ræðu hv. 10. þm. Reykv., sem hér talaði fyrir meiri hl. fjhn. Þótt hann undirstrikaði ýmislegt af því, sem bæði ég og aðrir höfðum áður sagt um málið og staðfesti mörg einstök atriði, þá var þó það nýtt í hans ræðu, sem ekki hefur verið sagt jafnberum orðum áður, að með þessu frv. þá sé fundin aðferð til að færa stórkostlegt fjármagn til í þjóðfélaginu, þannig að ekki komi við einn eða neinn. Í nál. meiri hl. fjhn. þá er okkur, sem í minni hl. voru, a. m. k. mér, gerð upp sú skoðun í 3. málsgr. nál., að við séum þeirrar skoðunar, að bæði atvinnurekendur og launþegar skaðist á þessu frv. Þar stendur orðrétt:

„Meiri hl. fellst ekki á það sjónarmið andstæðinga frv., að samþykkt þess mundi rýra afkomu alls almennings í landinu, bæði atvinnurekenda og launþega."

Þetta hef ég a. m. k. aldrei sagt og ekki heyrt heldur aðra, sem í minni hl. eru, halda neinu slíku fram. Aftur á móti er það rétt, að við höfum haldið því fram, eða a. m. k. ég, að frv. rýrði afkomu launþega. Á hitt hef ég aldrei dregið neina dul sem mína skoðun, að hér væri um stórkostlegan hag fyrir atvinnurekendur að ræða, og ég er alveg sammála því, sem hv. frsm. sagði, að hagur atvinnurekenda af þessu frv. væri auðsær. Þetta er auðvitað hverju orði sannara, þar sem frv. gerir ráð fyrir því, að atvinnurekendur séu firrtir þeirri samningsbundnu skyldu sinni að greiða fullar verðlagsbætur á laun. Þetta getur ekki farið milli mála. Þetta er ekki deiluatriði. Hitt er deiluatriði, hvernig launþegar fara út úr þessu, hvernig dæmið lítur út frá þeirra hálfu. Það mætti auðvitað margt um þetta segja, en furðu gegnir, að ekki skuli fyrr hafa verið gripið til slíkra úrræða, ef það er rétt, sem hv. frsm. sagði, að hér sé um aðferð að ræða til að færa til allt að því einn milljarð milli aðila í þjóðfélaginu, án þess að hann sé frá nokkrum tekinn.

Ein fullyrðing varðandi þetta frv. gekk aftur í ræðu háttv. frsm., sem hér hafði líka verið lögð mjög þung áherzla á af hæstv. fjmrh., og hún var sú, að frv. breytti engu um þær launaákvarðanir, sem atvinnurekendur og launþegar hefðu tekið. Samningarnir stæðu óbreyttir, vísitölubæturnar, samningur um þær væri ekki ákvörðun um laun. Hið sanna er auðvitað, að ákvörðun samninganna um grunnkaup er einskis virði, ef ekki er tryggilega um þau ákvæði búið með ákvæðum um verðtryggingu. Lögin eru þess vegna ákvörðun um kaupgjald, eins og það á að vera, ekki ákvörðun um, að það skuli vera eftir því, sem samningar ákveða, heldur eftir því, sem stjórnarvöld telja hæfilegt. Það er ekki aðeins um það að ræða, að lögin breyti aðferð við verðtrygginguna, eins og haldið hefur verið fram. Þar er ekki eingöngu um formsatriði að ræða, heldur fyrst og fremst um raungildi kaupsins. Það er sagt, að við, sem andmælum skerðingarákvæðum frv., séum fyrst og fremst formþrælkunarmenn, held ég, að það hafi verið kallað af t. d. forstöðumanni Efnahagsstofnunarinnar, og önnur þvílík nöfn hafa afstöðu okkar verið gefin. Um það vil ég segja, að auðvitað hefur formhlutinn alltaf einhverja þýðingu. Það getur verið samningur ekki síður en annað, en framar öllu verður formið að vera samningsatriði, þegar það hefur einhver efnisleg áhrif, og ég held, að það fari ekkert á milli mála, að um það er hér að ræða. En jafnvel þótt svo væri ekki, þá ætti hér auðvitað að vera um samkomulagsatriði að ræða milli þeirra, sem um kaupgjald eiga að semja, og ef ekki væri hér nema aðeins um aðferðina að ræða, til þess að ná sama marki, þá held ég, að það hefði verið næsta auðvelt að ná samningum milli réttra aðila um það. Ég held, að það verði ekki sagt, að verkalýðshreyfingin

á Íslandi hafi á undanförnum árum bundið sig svo í form, að við hana væri ekki ræðandi. Ég held því samt fram, að það sé ekki heldur hægt að breyta forminu, a. m. k. ekki meðan afleiðingar þess eru umdeilanlegar, nema leitað sé samþykkis réttra aðila þar um.

Um vísitöluna er það að segja, að þegar um hana var samið í júnímánuði s. l., þá var bæði okkur, sem að samningsgerðinni stóðum fyrir verkalýðsfélögin, og öðrum ljóst, að hér var ekki um algerlega fullar vísitölubætur að ræða, þannig að það væri tryggt, að á hverju einstöku augnabliki væru laun í fullu samræmi við verðlag. Þar var fyrst að telja, að samkv. gamalli hefð og reglu, sem að jafnaði hefur ekki verið mjög umdeild í kjarasamningum, var fallizt á það af okkar hálfu, að sú hækkun á launum bóndans, sem stafar af kauphækkun verkamanna, kæmi ekki fram í verðlagsvísitölunni. Þetta var okkur frá upphafi ljóst og eins það, að það mundi safnast í þann poka, eftir því sem stundir liðu fram. Það er nú staðreynd, sem ekki kemur okkur neitt á óvart eða verkalýðshreyfingunni yfirleitt, að þessi skerðing á vísitölunni er nú orðin um 1.4%. Okkur var líka ljóst og hefur alltaf verið, að samningarnir um vísitölu voru þeim annmörkum háðir, að vísitala reiknaðist ekki út á hverjum mánuði, hverri viku eða hverjum degi, eins og vera þyrfti, ef þar ætti allt að koma til skila um verðhækkanir, heldur að vísitöluuppbætur yrðu greiddar á 3 mánaða fresti, og að þeim tíma yrði auðvitað nokkur verulegur skaði, a. m. k. meðan sá verðhækkunarferill, sem atvinnurekendur spáðu og þeir hafa fengið fram, að yrði, sem raun varð á, yrði að ganga fyrir sig. Hins vegar var ljóst, að þessi skaði af þessum ástæðum yrði því minni, eftir því sem jafnvægi nálgaðist, og yrði að lokum enginn, ef menn gerðu sér það, að einhvern tíma kæmi að því tímabili, að um stöðugt verðlag væri að ræða. Þessir tveir annmarkar á vísitölunni voru augljósir öllum, sem að samningunum stóðu, og ekkert við því að segja, þótt launþegar yrðu fyrir nokkrum skaða af þeim sökum. Hitt var svo augljóst, að með samningunum var raungildi launanna með fyrirvara um búvöruliðinn tryggt með þeim hætti, að á þriggja mánaða fresti skyldu menn fá fullar verðlagsbætur miðað við 1. mánaðardag næsta mánaðar á undan. Og til þess að við fáum einhvern raunhæfan samanburð við það, sem samningar ákveða, og við það, sem þessi lög ákveða, verður auðvitað að hafa þessa viðmiðun og enga aðra. Annars er um algerlega rangan og villandi samanburð að ræða.

Við höfum nú athugað, hvernig hin samningsbundnu frávik frá fullri vísitölu voru við samningsgerðina, og það er enginn vandi, sýnist mér, að bera þau saman við frávikin, eins og þau eru núna. Í stuttu máli, eins og margrakið hefur verið, þá er um það að ræða, að vísitölugrundvöllurinn er skertur um 0.7% með því að taka verðhækkun á tóbaki og áfengi út úr vísitölunni, um a. m. k. 0.4 og sennilega allt upp í 0.7 eða 0.8 %-stig, vegna þess að tryggingaiðgjöldin eru tekin út úr vísitölunni eða hækkun á þeim, og svo loks felld 2 stig, sem gert er ráð fyrir í frv., að geti fallið að fullu og öllu niður. Var meiningin upphaflega og yfirlýst, að það ætti að ganga í gildi núna strax 1. des., en hefur síðan verið hörfað frá því, og það kemur inn síðar, og að því er manni virtist helzt á ræðu hæstv. fjmrh., á það að koma inn 1. marz n. k., þ. e. a. s. að frávikin eru, í staðinn fyrir að vera 1.4 áður samkv. samningum, nú orðin 4.5 til 4.7% frá því að vera rétt vísitala. Þetta er munurinn á samningunum, eins og þeir voru, og málinu, eins og það nú liggur fyrir, og um þetta verður ekki deilt. Þetta er viðurkennt af öllum, sem um það hafa fjallað, m. a. af hagstofustjóra, þótt hann af pólitískri tillitssemi hafi ekki viljað gefa það skriflegt til fjhn. Þegar frv. er svo athugað í samanburði við samningana og þann hátt, sem hefur verið hafður á framkvæmd þeirra að undanförnu, þá verður svo að bæta við því mati, sem menn hafa á því, hvaða áhrif aðrar aðgerðir frv., þ. e. a. s. auknar fjölskyldubætur og auknar niðurgreiðslur, hafi raunverulega á kaupmátt launa, og þar á ég ekki aðeins við þann mælikvarða, sem vísitalan leggur á þetta, heldur þá breytingu, sem hér er um að ræða í þessu efni.

Það er auðvitað deginum ljósara og rétt hjá hv. talsmanni meiri hl. n., að þessar ráðstafanir koma mjög misjafnlega niður eftir neyzlu og neyzluvenjum t. d. hvers heimilis, og áhrifin eru þess vegna ekki eins kannske fyrir nein tvö heimili í landinu. En það er hins vegar engum blöðum um það að fletta, að það er rétt, sem ég hélt hér fram við 1. umr. málsins og staðfest var af háttv. 10. þm. Reykv. núna áðan, að launþegar í heild fá mjög greinilega minna magn af vöru og þjónustu með þeirri nýju aðferð, sem nú er tekin upp. Á því er enginn vafi. Og í raun og veru er allur galdurinn við þetta frv. og þær ráðstafanir, sem það hefur að færa, í þessu fólginn. Þær eru fólgnar í því að nota sér röng gildi í vísitölunni til þess að lækka launin. Þetta er ósköp einfalt mál, og þarna er fundin aðferðin við það að geta breytt vatni í vín, eins og hæstv. ríkisstj. þykist gera. Það er enginn vafi á því og getur ekki verið umdeilt, að launaskattur, sem nemur 1½%, lækkar launin um rétt 2%. Og það er heldur enginn vafi á því, að fjölskyldubæturnar, sem eftir réttu gildi fjölskyldubótanna í vísitölunni ættu að lækka laun um 1%, lækka þau um 1.55. Þannig er með þessum tveimur ráðstöfunum, annars vegar fjölskyldubótunum og hins vegar launaskattinum, raungildi heildarlaunanna rýrt um rösklega 1 stig. Það breytir svo auðvitað ekki þessu máli, að þetta kemur misjafnt niður, eins og ég sagði, og það er ekki umdeilt, og þetta út af fyrir sig mundi kannske ekki sæta ámæli af hálfu verkalýðshreyfingarinnar eða annarra, ef ekki kæmi neitt fleira til, því að eftir sem áður fengju menn þó sín laun samkv. bókstaf samninganna. Það er svo hægt að draga upp myndina af því, hvaða aðferð þetta er, með því að stækka svolítið myndina, t. d. af launaskattinum og gera t. d. ráð fyrir því, að við hefðum lagt á 15% launaskatt í staðinn fyrir 1.5.

Við hefðum tífaldað með þessari einföldu aðferð, og þá hefðu laun lækkað um 5%, þ. e. a. s. að allur sá vandi, sem við var að glíma, hefði þá verið leystur. En ég held, að ef myndin hefði verið þannig svolítið stækkuð, þá hefði ekki lengur verið haldið uppi neinni þrætubók, að það væri verið að taka þessi 5% beint af launþegunum í stað þess, að atvinnurekendur væru látnir greiða samkv. gerðum og gildum samningum.

Ég ætla ekki hér að fara út í neina talnaleiki að fordæmi þeirra, sem hér hafa talað fyrir þessu máli, en ég segi, að sá talnaleikur er ekki meira rangur heldur en hver annar, að það sé ekki aðeins um það að ræða, að frávikin frá réttri vísitölu séu nú 4.5 til 4.7%-stig, heldur megi þar bæta við rösku stigi vegna þeirrar röskunar á heildarlaunum, sem niðurgreiðsluaðferðirnar hafa í för með sér, þannig að raungildislækkun heildarlaunanna í landinu víki nú a. m. k. 4—5% frá því að vera rétt og frá þeim hætti, sem áður hefur verið hafður á. Það er rétt, að biðtíminn, sem skaðar launþega allverulega, er ekki meðreiknaður í þessu, en ég tel í raun og veru alveg óséð, hvort hann verður nokkru léttbærari eftir en áður. Við fáum núna niðurgreiðslur í staðinn fyrir kaup samkv. samningum, og það er enginn kominn til með að segja það, hvernig framkvæmdin á þeim greiðslum verður. Það getur allt eins verið og á því eru a. m. k. fullir möguleikar fyrir hæstv. ríkisstj. að haga niðurgreiðslum svo, að skaðinn af dýrtíðinni verði alveg eins mikill og hann áður var. En það hefur sýnt sig m. a. af útreikningum, sem við gátum þrælað út úr Efnahagsstofnuninni núna fjhn.-menn, að þessi skaði fer sífellt minnkandi. Hann hefur verið tilfinnanlegur á tímabilinu frá því í septemberbyrjun og þangað til 1. des., en síðan fara verðhækkanir að hægja á sér, þannig að þessi biðtími veldur launþegum minna tjóni en áður, og þetta er augljóst af þeirri töflu, sem ég hef fyrir framan mig frá Efnahagsstofnuninni. Þar er að vísu spáð um hækkun vísitalna verðlags og kauplags miðað við óbreyttar aðstæður, en þar kemur í ljós, að kaupmáttarvísitala einstakra mánaða, sem gefur mynd af biðtímaskaðanum, er lægst í nóv., en fer síðan hækkandi allt til ársloka 1971 og verður á næsta ári mjög óveruleg.

Þá er þess að geta í sambandi við 1. des. og allar þær viðmiðanir, sem þar hafa komið fram, að eftir samningunum, ekki aðeins bókstaf þeirra heldur öllu eðli þeirra, átti að greiða kaup samkv. verðlaginu 1. nóv. Þetta verðlag er nú staðreynd, þó að okkur hafi ekki tekizt í fjhn. að fá upplýsingar um það, hvert það verð hefur verið, þannig að það væri hægt að bera saman með réttum aðferðum, hver kaupmáttarrýrnun verður samkv. frv. og miðað við samningana, en það er augljóst, að þessi hækkun verður miðað við staðreyndir málsins um 4 stig eða rúmlega það, og það geta engar niðurgreiðslur, sem hafnar eru eftir 1. nóv. haft nokkur áhrif á þá skyldu atvinnurekanda að greiða kaup samkv. verðlaginu 1. nóv. Það átti ekki að koma inn samkv. gildandi samningum fyrr en 1. marz, og miðað við það, að launþegar hafa almennt skaðazt á þessum biðtíma, þá get ég ekki betur séð en það hefði verið sanngjarnt og eðlilegt og í samræmi við allt, sem um var samið, að þeir hefðu haft nokkurn hag af því einu sinni, þegar verð lækkar, því að í því tilfelli er hér auðvitað um hag launþegans að ræða, og þess á hann vissulega að njóta, þá sjaldan að það kemur fyrir, að verð á vörum og þjónustu lækkar.

Í öllum þessum viðmiðunum, sem notaðar eru í talnaleik þeirra ríkisstj.-manna, þá er miðað við maígrunn og sagt, að kaupmáttur hafi svo og svo mikið hækkað miðað við kaup í maí. Þetta er billegur leikur, vegna þess að í maí stóð svo á, að launþegar áttu inni rúmlega 3% fyrir verðhækkanir, sem þá höfðu orðið á undanfarandi tímabili, og þær bætur áttu að koma fram í vísitölunni 1. júní, þannig að í öllum þessum leik þeirra verður að sjálfsögðu, ef hann á að vera eitthvað nærri sannleikanum, að draga 3% frá. Það var það raunverulega kaup, sem launþegar áttu þá rétt á, þótt greiðslan væri ekki fallin í gjalddaga fyrr en 1. júní. Viðmiðun við 1. des. verður þess vegna að miða, ef skoðað er út frá ákvæðum samninganna, við 1. júní. Það eru grunnkaupshækkanirnar, sem urðu eftir frávikin, sem síðar hafa orðið, og ef það er gert, þá kemur auðvitað allt annað út úr þeim dæmum, sem ríkisstj.-menn leika sér að setja hérna upp.

Ég vil þá aðeins víkja að einstökum gr. frv. og þeim brtt., sem ég flyt við frv. Ef 1. gr. frv. er athuguð, þá kemur það greinilega í ljós, að þar er ekki um neina bókstaflega verðstöðvun að ræða, enda er frv. ekki einu sinni látið bera það nafn, að það heiti verðstöðvunarfrv. eins og maður hefði þó getað ætlað. Ég er út af fyrir sig ekki að sakfella neinn fyrir það, þótt ekki sé gert ráð fyrir bókstaflegri verðstöðvun, því að ég tel hana naumast raunhæfa, og slík verðstöðvun gæti hæglega á ýmsum sviðum leitt til stöðnunar og jafnvel atvinnuleysis, þannig að ég segi þetta ekki til að sakfella einn eða neinn út af fyrir sig, aðeins til að draga það rétta fram. En ég tel, að ákvæði 1. gr. mættu þó alveg að ósekju og gætu verið miklu nær því að geta kallazt verðstöðvunarákvæði heldur en þau ákvæði eru, eins og þau eru í frv. Þar er fyrst að víkja að því, að í frv. er gert ráð fyrir, að öll erlend vara geti hækkað alveg viðstöðulaust án nokkurra hamla, ef innkaupsverð á vöru hækkar. Og í 2. málsgr. gr. er gert ráð fyrir því, að hið sama gildi um álagninguna, að hún megi haldast í prósentutali. Nú er það staðreynd, að við búum við tímabil, sem gera má ráð fyrir, að yfirleitt sé um að ræða verðhækkunartilhneigingu á erlendum vörum og nærri víst, að þar verður frekar um hækkanir að ræða en lækkanir, en við það, að slíkt verður, þá gerist það samkv. 2. málsgr. frv., að kaupsýslustéttin hefur af því verulegan hagnað, að verðlag fari hækkandi og færir það viðstöðulaust inn í sína álagningarprósentu. Nú er það á hinn bóginn svo, að kostnaður við að dreifa vöru breytist afar lítið

við það, að vara hækki í verði. Þar er að vísu um svolítinn hluta kostnaðar að ræða, en hann er algerlega hverfandi, þ. e. a. s. fjármagnskostnað og fyrningu, sem þar er fyrst og fremst um að ræða, en þegar á heildina er litið, er ekki um kostnaðarauka verzlunarinnar af þessum sökum að ræða. Ég tel það þess vegna alveg óhæft, að svo sé ákveðið í frv., að kaupsýslan sé beinlínis verðlaunuð fyrir þær verðhækkanir, sem verða á erlendri vöru og geti hirt í sinn vasa aukinn gróða á tímabili, sem á að kallast verðstöðvunartími. Þetta álít ég þeim mun ósanngjarnara, sem það er augljóst, að verzlunin hefur að undanförnu notið stórkostlegs hagnaðar vegna hækkunar á erlendum vörum, vegna vöruverðshækkunar yfirleitt. Álagningargrunnur verzlunarinnar hefur verið að stórhækka, og það er hald ýmissa þeirra, sem bera vel skyn á verzlunarmál og verðlagsmál, að þessi hagnaður sé orðinn svo mikill á þessu ári, að hann hefði að fullu og öllu getað staðið undir þeirri kostnaðaraukningu, sem kaupsýslan varð fyrir vegna hækkaðra launa verzlunarfólks. Ofan á þetta tel ég algerlega óhæfu að bæta í þessu svokallaða verðstöðvunarfrv. einhverjum verðlaunum til verzlunarinnar, ef hún getur keypt dýrar inn en áður. Ég tel þá ágalla varðandi álagningartakmarkanir, sem eru í okkar verðlagsákvörðunum, vera nógu mikla, þótt þessu sé ekki bætt við á slíku tímabili sem því, sem nú er að fara í hönd. Í samræmi við þetta þá flyt ég brtt. um það, að álagning í krónutölu megi ekki hækka frá því, sem krónutalan var 1. nóv. s. l.

Að undanförnu hafa ýmsar vörur og ýmisleg þjónusta verið frjálsar undan öllum verðlagsákvæðum. Það er í fyrsta lagi sitthvað af þjónustu, sem hefur verið leyst undan verðlagsákvæðum til reynslu af hálfu verðlagsnefndar, og hefur það gefið mjög misjafna raun eins og t. d. ýmisleg viðgerðarþjónusta, bílaverkstæði, varahlutaverzlun bifreiðaumboða o. s. frv., og þar er einnig um að ræða yfirleitt alla íslenzka iðnaðarframleiðslu, sem býr við erlenda samkeppni, hún heyrir ekki undir verðlagsnefnd, heldur hefur verið gefin frjáls og við fulltrúar Alþýðusambandsins og B.S.R.B. í verðlagsnefnd studdum þessar aðgerðir á sínum tíma, vegna þess að við töldum, að í aðalatriðum veitti erlenda varan það harða samkeppni, að það væri rétt, og líka út frá atvinnuástandinu, eins og það þá var, að hafa þessar vörur frjálsar að verði frá verksmiðju, en yrðu hins vegar að lúta venjulegum álagningarreglum að öðru leyti í meðförum verzlunarinnar. Nú hefur það komið mjög greinilega í ljós, frá því að kjarasamningarnir voru gerðir á s. l. sumri, að þrátt fyrir það, að maður hefði getað ætlað, að EFTA-aðildin yki frekar á samkeppnina við þessa innlendu iðnaðarframleiðslu, að þá hefur það komið í ljós, að iðnrekendur hafa verið mjög djarfir að hækka þessar vörur, og vafalaust í mörgum tilfellum gert töluvert meira en að bæta kaupgjaldinu við verðlagið, þó að fyrir liggi ekki neinar fullkomnar upplýsingar um það. En hitt er augljóst, að þeir hafa verið mjög djarfir í hækkunum, og miðað við það, að samkv. lögunum, eins og þau eru núna, eru þessar vörur raunverulega komnar undir verðlagsákvæði, vegna þess að þær mega ekki hækka samkv. lögunum, nema að hráefnisverð hækki eða eitthvað því um líkt eftir 1. nóv., þá virðist vera fullkomlega réttmætt miðað við reynsluna að undanförnu að taka þessa framleiðslu alla og verðlagningu á henni til endurskoðunar, og hygg ég, að sú endurskoðun mundi leiða í ljós, að vel væri hægt að færa nokkuð niður verðlag á ýmsum mikilvægum vörutegundum íslenzkrar iðnaðarframleiðslu frá því, sem nú er. Ekki á þetta síður við um þá þætti verðlagsins, sem hafa verið gefnir frjálsir að öðru leyti. Ég held, að þar hafi menn yfirleitt verið djarfir í hækkunum og hafi gengið yfirleitt lengra en ástæður voru til. Um þetta sagði hæstv. fjmrh. við 1. umr. málsins, að það væri sjálfsagt að endurskoða verðlagninguna á þessum vörum, og fagna ég þeirri yfirlýsingu hæstv. ráðh., en ætlast þá líka til þess, að hann stuðli að því, að ákvæði um slíka endurskoðun verði beinlínis sett inn í 1. gr. l. Það mundi allt vera tryggara og augljósara, hvernig vald hæstv. ríkisstj. í verðlagsnefnd, oddaaðstaða hennar, yrði notuð í sambandi við þennan þátt verðlagningarmálanna. Eins og ég sagði áðan, kemur hér svo fleira til, eins og t. d. bílavarahlutir, sem ég nefni, húsgögn, viðgerðarþjónusta og ýmislegt fleira.

Loks er svo það atriði, sem ég vil, að sett verði sem ný ákvæði í 1. gr. Það er nokkuð auðsætt, að mjög stórfelldar niðurgreiðslur munu hafa áhrif á framleiðslukostnað vissra vara og þjónustu, og við getum að vísu kannske ekki á þessu augnabliki nákvæmlega fullyrt um, hvaða vöru eða þjónustu þar væri helzt um að ræða, vegna þess að við höfum ekki fyrir okkur alveg ætlanir ríkisstj. um það, hvaða vörutegundir verða greiddar niður. En verði t. d. um mjög miklar niðurgreiðslur að ræða, sem eiginlega auðsætt virðist, á landbúnaðarvörum, þá þykir mér sýnt, að t. d. öll þjónusta matsöluhúsa og veitingastaða muni eiga að lækka í verði, ef þessir aðilar eiga ekki að fara með mjög verulegan gróða frá verðstöðvunarákvæðunum. Og varðandi matsöluhúsin mætti kannske hafa það ofurlítið í huga, að verðlag á þeim eru ákaflega ríkir hagsmunir þess hóps manna í þjóðfélaginu, sem teljast einhleypir og sem sáralítið gagn hafa af þeim jákvæðu hliðum, sem eru á þeim aðgerðum, sem nú eru fyrirhugaðar. Þeir fá ekki fjölskyldubætur, þeir njóta ekki beinlínis niðurfærslu á einstökum vörutegundum, nema því aðeins að þar sem þeim eru seldar þær vörur gegnum aðra þjónustu, þá verði hún einnig lækkuð. Fleira gæti komið til greina eins og t. d. unnar kjötvörur, ef auknar verða niðurgreiðslur á kjöti og kannske sitthvað fleira, sem ég tel ekki ástæðu til að nefna og kem kannske ekki að öllu leyti auga á í þessu sambandi. En alla vega virðist það vera sanngirnismál, að þegar um umtalsverða lækkun á framleiðslukostnaði er að ræða vegna niðurgreiðslnanna, þá verði þar einnig um verðlækkun að ræða, ekki aðeins um það, að varan standi í stað.

Við 3. gr. geri ég þá brtt., að hún verði felld niður og sömuleiðis 4. og 5. gr. 3. gr. fjallar um launaskattinn, og hef ég gert hann að umtalsefni, hversu eiginlega fáránlegt það sé, að ríkiskerfið taki að sér að greiða hluta af launununum fyrir atvinnurekendur, og það sé miklu eðlilegra, að kaupið sé þeim mun hærra, sem þessu svarar. Og ég hef ennfremur bent á það, að með þessu er verið raunverulega að hafa af launastéttunum sem heild mjög verulegar upphæðir og lækka heildarlaunin meira en ágóðanum nemur. Ennfremur er þess að gæta, að það er sama um þetta að segja eins og t. d. fjölskyldubæturnar, að þessi ráðstöfun kemur mjög misjafnlega niður. Því er t. d. lýst í bréfi frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, að launaskatturinn muni nema meiri kostnaðarauka fyrir útveginn en allar skuldbindingar samkv. samningunum. Atvinnurekendur aðrir hagnast auðvitað á þessu. En ég hélt nú t. d., að það væri kannske sízt útvegurinn, sem ætti að verða fyrir barðinu á slíkum lögum, sú atvinnugreinin, sem hefur orðið að bera allar kostnaðarhækkanir bótalaust að öðru en því, sem við höfum engu um ráðið, að verðlag á erlendum mörkuðum hefur hækkað. Þá sýnist mér líka, að þessi launaskattur hafi það í för með sér, að einyrkjar í ýmiss konar atvinnurekstri verði illa úti og þeir séu raunverulega krafðir um hluta af launum sínum til þess að greiða launin niður. Þar í eru t. d. smáútvegsmenn, sjálfseignarbílstjórar og margir fleiri, sem verða að borga þennan skatt beint af launum sínum. Það er ekki um það að ræða, að atvinnurekendur borgi hann, heldur fólk, sem er í raun og veru bara launamenn. Ég er af þessum ástæðum því eindregið fylgjandi, að kaupið sé þess hærra, sem þessu nemur, og tel, að það sé hagkvæmara fyrir launamenn, þegar á heildina er litið.

4. gr. fjallar um breyttan viðmiðunartíma, sem ég hef vikið að, um það, að tóbak og áfengi sé tekið út úr vísitölunni og tryggingarnar. Því hefur verið haldið fram um tryggingaiðgjöldin, eins og hæstv. fjmrh. hefur sagt hér í hv. d., að það sé fráleitt að hafa þetta inni í vísitölu, vegna þess að því fé, sem með þessu iðgjaldi er aflað, sé varið til velferðarmála. Sannleikurinn er auðvitað sá, að hér er um eina allra tilfinnanlegustu skattheimtu, sem um getur, og í mörgum tilfellum einhverja ósanngjörnustu skattheimtu, sem við höfum í öllu okkar þokkalega skattkerfi. Þetta gjald verða menn að borga án alls tillits til tekna og möguleika til þess að greiða það. Og í ákaflega mörgum tilvikum, t. d. þeim, þar sem mörg börn eru í framhaldsskólum, þá er þetta skattur, sem heimili í landinu eiga mjög erfitt með að greiða. Hér er heldur ekki um það að ræða, eins og við skattlagningu á vörum eða þjónustu, að menn eigi neitt val. Þetta verða menn að greiða, hvort sem menn hafa til þess möguleika eða ekki. Í þeim tilvikum, að einstaka vörutegundir séu hækkaðar, þá er þó alltaf hægt að benda á það, að menn eiga þar visst val, og geta þannig þeir, sem minnst efnin hafa, e. t. v. breytt eitthvað neyzluvenjum sínum, án þess að stórir hlutir gerist. En hér er ekki um neina miskunn að ræða, jafnvel félausir námsmenn eru eltir uppi af gjaldheimtustofnunum og þeim hótað gjaldþrotaskiptum, ef þessi gjöld eru ekki greidd á réttum tíma. Afstaða mín til þessa nefskatts vegna tryggingganna er sú, að ég álít, að hann ætti að hverfa með öllu og það ætti að afla þessara tekna meira eftir efnum og ástæðum eftir öðrum leiðum skattalaga, en meðan það er ekki, tel ég algert lágmark, að það sé tekið fullt tillit til þess við verðlagsuppbætur á laun, hver þessi skattaþungi er. Ég mótmæli því eindregið skoðunum hæstv. fjmrh. og annarra á því, að það sé fráleitt að hafa þessi gjöld inni í vísitölunni, og skiptir þar engu, þó að þessi skattur sé eyrnamarkaður til velferðarmála. Það er hægt að afla hans öðruvísi og það er staðreynd, að þessi iðgjöld hvíla mjög þungt á tekjulágu fólki.

Í 5. gr., sem ég legg til, að verði felld niður, eru ákvæðin um 2 vísitölustigin, sem mest hefur verið rætt um, og það tel ég sjálfsagt, að þau ákvæði og önnur í sömu gr. falli niður. Ég er þeirrar skoðunar, að það kunni nú svo að fara, að hér verði ekki aðeins um þriggja mánaða undanhald hæstv. ríkisstj. að ræða í því efni að ræna þessum stigum af launamönnum. Mér þykir býsna sennilegt, að undanhaldið haldi áfram og þau verði kannske aldrei tekin. En ef það er hugmyndin, þá er auðvitað rétt að ganga hreinlega til verks og taka þetta ákvæði þegar út úr lögunum. Ef það er aftur hugmyndin, að það eigi að taka þessi vísitölustig síðar á þessu svokallaða verðstöðvunartímabili, þá er það sjálfsögð krafa hv. þdm. til þeirra, sem að frv. standa, að gera þeirri spurningu full skil, hvenær þetta eigi að koma inn, þannig að menn viti hér í þessari hv. þd. og hv. Alþ., hvað menn eru að samþykkja, en eigi þar ekki allt undir tilviljunum og duttlungum þeirra, sem með framkvæmdina fara síðar.

Það skal alveg viðurkennt af minni hálfu, að miðað við þær breytingar, sem ég legg til, að gerðar verði á frv., ná endar ekki fullkomlega saman um eyðingu þeirra 7.5 vísitölustiga, sem um var að ræða. Varðandi launaskattinn í því efni vil ég segja það, að ég sé ekki, að það skipti neinu höfuðmáli, hvort kaupið er þessu 1½% hærra eða hvort ríkisstj. gerist milligöngumaður um það að koma þeirri upphæð til skila til launþega. Það er þess vegna auðsætt, að yrðu þessar till. mínar, sem að miklu leyti falla saman við till. hv. 2. minni hl. fjhn., samþykktar, þyrftu að koma til meiri niðurgreiðslur eða niðurfærsla verðlags í einhverju formi, en ég tel, að á því ættu að vera fullir möguleikar í fyrsta lagi gegnum endurskoðun verðlagsákvæða, þar sem áreiðanlega er akur, sem má slá svolítið nær rótinni en gert hefur verið með sparnaði í ríkisrekstri og samsvarandi niðurfærslu verðlags, með niðurgreiðslum á vöruverði eða öðrum beinum ráðstöfunum til verðlagslækkana. Í þriðja lagi með kerfisbreytingum, t. d. með samningum við bændastéttina, sem ég tel, að miðað við það stórkostlega fjármagn, sem til landbúnaðarins er veitt með beinum og óbeinum hætti, væri það a. m. k.

líklegt og í öllu falli reynandi að semja við bændur um lækkun á búvöruverði með því að þeir fengju milliliðalaust verulegan hluta eða mestan hluta af því fé, sem til landbúnaðarins er varið með margvíslegum hætti. Ég er sannfærður um það, að slíkir samningar mundu ekki verða mjög torveldir, og veit, að mikill hluti bændastéttarinnar er slíkri kerfisbreytingu fylgjandi.

Þá er loks að minnast á þá varatill., sem ég flyt við þetta frv. Hún byggist á því, að það er mín skoðun, að það sé bæði óréttlátt og raunar fráleitt miðað við allar aðstæður í þjóðfélaginu, eins og það er nú, að lækka kaup lægst launuðu stéttanna. En þó sé enn örlagaríkara atriði þess máls, sem hér ræðir um, að ráðizt er gegn frjálsum samningsrétti verkalýðssamtakanna og rétt gerðir og lögmætir samningar gerðir að engu í veigamiklum atriðum, í grundvallaratriðum. Ég fullyrði það, að öllum, sem stóðu að samningunum s. l. vor, gæti verið það eiður sær, hvar sem væri og hvenær sem væri, að þeir samningar hefðu aldrei verið gerðir, ef sú skerðing á vísitöluákvæðunum, sem hér á að gera, hefði þá blasað við eða verið augljós þeim, sem undirrituðu samningana. Ég fullyrði, að það hefði aldrei komið til mála að gera samninga til nær 1½ árs, sem var alger breyting frá venjum verkalýðshreyfingarinnar, sem yfirleitt hefur aldrei samið lengur en til ársins nema með þeim tryggingum fullgildum, sem fólust í ákvæðunum um verðlagsbætur, og þeim tryggingum, ekki einhvern veginn, heldur eins og þær voru ákveðnar þar í samningunum. Ég skora á hæstv. fjmrh. og hv. 10. þm. Reykv. að svara því skýrt og skilmerkilega, hvort ég muni fara hér með rétt mál eða ekki. Ég veit, að í raun og veru vita þeir þetta jafn vel og ég, að samningarnir hefðu aldrei verið gerðir eins og þeir voru gerðir, hvorki að efni eða til jafnlangs tíma og þeir voru gerðir, nema þetta væri talið fulltryggt, að ákvæðin um vísitöluna og verðlagsbæturnar stæðu, eins og um var samið. Ef það er viðurkennt, að þessi fullyrðing mín sé rétt, þá er þar með líka viðurkennt, að einmitt þetta var grundvöllur samninganna og þar með, að þeim grundvelli sé kippt á brott með ákvæðum þessa frv., ef það verður að lögum. En hvað sem því líður, þá er skilningur og afstaða verkalýðshreyfingarinnar nú í þessu máli staðreynd, sem ekki verður gengið fram hjá og hlýtur að hafa sínar afleiðingar, bæði fyrr og síðar, og hlýtur að marka viðbrögð og stefnu hreyfingarinnar í kjaramálum á næstu tímum. Alþýðusambandið hefur fyrir hönd verkalýðshreyfingarinnar slegið því föstu, að kaupgjaldsákvæði samninganna séu með frv. þessu, ef að lögum verður, upphafin og verkalýðsfélögin séu óbundin af þeim og um þetta ætti raunverulega ekki að þurfa að deila, svo augljóst sem þetta er í raun og veru. Ég held, að það sé öllum, og ég undanskil ekki hæstv. ríkisstj. frá því, fyrir beztu, að þetta sé strax viðurkennt, að ef þau ákvæði frv., sem lúta að breytingum og skerðingu á grundvelli samninganna, verði samþ. hér, þá séu allir samningar í landinu lausir, þá séu samningarnir, sem fyrir þessum ákvæðum gerðu ráð, lausir. Og ég endurtek það, sem ég sagði hér við 1. umr., að ég tel það algert lágmarkssiðgæði í samskiptum ríkisvalds við verkalýðshreyfinguna að viðurkenna þetta og fækka þar með þeim deilumálum, sem út af þessu frv. og þeim ákvæðum, sem það hefur inni að halda um mikilsverð atriði, hafa risið. Mér virðist auðsætt, að þetta frv. boði hættu, sem hæstv. ríkisstj. ber alla ábyrgð á, ábyrgð á því, að deilur magnist á tímabilinu fram að 1. okt. n. k., þ. e. a. s. á fyrirhuguðum samningstíma og jafnvel síðar, og það væri farsælast, að slíkar deilur yrðu settar niður með samningum, þar sem frjálsir aðilar semdu, en annar aðilinn hefði ekki lagavöndinn yfir höfði sér. Ég held, að það að viðurkenna ekki þessa staðreynd, að grundvelli samninganna hefur verið kippt brott og þeir eru því raunverulega upphafnir, mundi auka á viðsjár, magna deilur og torvelda lausn þeirra mála, sem nú blasir við, að menn þurfi að geta samið um. Og ég vil enn í þessu sambandi minna á reynsluna af farmannadeilunni, sem nú er nýafstaðin.

Ég vil svo aðeins segja það að lokum, að ég vil varla trúa öðru en því, að þeir, sem að þessu frv. standa, muni að athuguðu máli, og eins og það nú liggur fyrir, eftir að afstaða verkalýðshreyfingarinnar til þess er orðin augljós, fallast á að viðurkenna með þeim hætti, sem till. mín gerir ráð fyrir, að samningsaðilar hafi fullan rétt til þess að segja upp samningunum frá 19. júní s. l. og freista nýrrar samningsgerðar með þeim hætti, sem rétt lög og venjur ákveða. Ég held, að með þeim hætti væri þrátt fyrir allt líklegra, að friður gæti tekizt á vinnumarkaðinum, eins og til var stofnað og grundvöllur lagður að með samningunum s. l. sumar. Fyrir slíkri viðurkenningu höfum við fordæmi frá því í des. 1966, þegar grundvelli sjómannakjaranna hafði verið rift með gengisfellingarlögunum, að skynsamir menn komu þá vitinu fyrir hæstv. ríkisstj. í því efni, að hún setti það ákvæði inn í lögin, að samningarnir skyldu vera lausir. Það er alrangt, sem hæstv. fjmrh. hefur haldið hér fram, að þetta hafi eingöngu stafað af því, að ríkisstj. hafi séð í hendi sér, að þar sem samningar yfirmanna voru að einhverju leyti lausir, en ekki samningar sjómanna almennt, þá hafi hún talið það sjálfsagt, að allir samningar yrðu lausir. Ástæðan var ekki þessi. Mér er vel kunnugt um það, að þetta ákvæði var tekið inn samkv. kröfu sjómannasamtakanna og m. a. vegna þess, að útvegsmenn voru í þessu tilviki það sanngjarnir, að þeir viðurkenndu það, áður en þetta lagaákvæði var sett inn, að þeim væri ekki stætt á öðru en að viðurkenna það, að það bæri að gera nýja samninga, þegar öllum samningsgrundvellinum hafði verið rift og aðstæður höfðu gerbreytzt frá því, að samningarnir voru gerðir. Hér er í raun og veru um nákvæmlega sams konar mál að ræða, og var það í raun og veru viðurkennt af hæstv. fjmrh., þó að niðurstaða hans væri sú um bæði tilfellin, að hvorki hefði samningunum verið raskað við sjómennina

1968, þó að 27% væru tekin af óskiptum aflahlut, m. a. af aflahlut þeirra, og ekki heldur núna, þegar vísitölugrundvellinum er gerbreytt. Ég vil þó taka fram, að hér er aðeins um varatillögu að ræða. Aðaltillaga mín er sú, að skerðingarákvæði frv. verði felld niður og það þannig gert að jákvæðu verðstöðvunarfrv. eða eitthvað í átt við það, og það er auðvitað bezta lausn málsins, en sú næstbezta væri þó sú, að menn viðurkenndu hér staðreyndir, en hættu að lemja höfðinu við steininn.

Frsm. 2. minni hl. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Þegar þetta mál var til 1. umr. hér í hv. d., hélt ég um það dálitla ræðu, þar sem ég lýsti afstöðu minni til einstakra gr. og ákvæða frv. Fjhn. hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu frv. Við, ég og hv. 3. þm. Vestf., stöndum að nál., sem prentað er á þskj. 160. Þar eða öllu heldur á sérstöku þskj. öðru leggjum við til þrjár breyt. á frv., sem eru svo mikilvægar að okkar dómi, að afstaða okkar til málsins veltur á afgreiðslu þeirra.

Í því frv., sem hér er til umr., má segja, að séu í höfuðatriðum sex atriði, þrjú gömul, þrjú ný. Í tilefni af því, að menn ætla sér að setja á verðstöðvun, sem svo er kölluð, hafa þrjú eldri lagafyrirmæli verið dregin fram og hresst upp á sum þeirra. Það eru lög nr. 54 frá 1960, sem eru notuð til þess að banna verðhækkanir að því leyti, sem verðlagsnefnd um það fjallar. Það eru lög nr. 4 frá 1960, en 28. gr. þeirra veitir ríkisstj. heimild til að verja fé úr ríkissjóði til að halda niðri verði á vöru og þjónustu. Þessi lög á að nota í ríkari mæli en gert hefur verið um skeið. Og það eru í þriðja lagi lög frá 1963 um fjölskyldubætur, sem einnig á að auka. Nýmæli frv. eru hins vegar þrjú. Það er í fyrsta lagi það ákvæði 2. gr. að leggja á til loka verðstöðvunartímabilsins launaskatt, sem á að nema 1½% og leggjast á sama stofn og lög um launaskatt, sem nú eru í gildi, taka til. Um þennan launaskatt vil ég segja það, sem ég raunar minntist á hér, að ég held við 1. umr. málsins, að andstaða okkar framsóknarmanna við hann byggist ekki á því, að við teljum ósanngjarnt, að atvinnuvegirnir taki á sig hluta af þeim byrðum, sem hér er verið að jafna á þjóðina. Við höfum fært rök að því og byggjum það á útreikningum í aths. með frv., að með samþykkt þessa frv. muni atvinnuvegirnir losna við að greiða vísitöluuppbætur, sem nema einhvers staðar á milli 1000 og 1100 millj. kr. á tímabilinu, og það er ekki hægt að segja það, að það sé of óvægilega í sakir farið, þó að þessum sömu aðilum sé gert að greiða 250 millj. af þessu á tímabilinu. Ástæðan fyrir andstöðu okkar við launaskattinn er heldur ekki þessi. Hún er sú, að við erum á móti sérstakri skattheimtu núna, meðan fjárlagadæmið fyrir árið 1971 hefur ekki verið gert upp. Við teljum launaskattinn óheppilega innheimtuaðferð, sem komi misjafnlega niður, eins og hér hefur raunar verið lýst í umr. núna og ég benti á við 1. umr. málsins. Við erum mótfallnir því, að það sé haldið áfram á þeirri braut að tiltaka ákveðna skattheimtu til tiltekinna verkefna, eins og hér hefur verið minnzt á og ég kem kannske aðeins að síðar, og fleira höfum við á móti þessum skatti. Þess vegna leggjum við það til, að ákvæði 2. gr. frv. verði fellt.

Skv. 4. gr., það er annað nýmælið, er ákveðið, að við útreikning kaupgreiðsluvísitölu skuli ekki taka tillit til verðhækkana á tveimur liðum, sem nú eru í vísitölugrundvellinum, þ. e. iðgjaldi til almannatrygginga og útsöluverði á áfengi og tóbaki. Ennfremur er í þessari gr. ráðgert að fresta útreikningi kaupgjaldsvísitölu um einn mánuð frá því, sem nú er ákveðið, og taka við þann útreikning tillit til niðurgreiðslna eða verðbreytinga, sem verða eftir á. Um þessar breyt. 4. gr. hafa talsverðar umr. þegar orðið. Ég skal engu við þær bæta. Ég undirstrika það, sem ég sagði hér við 1. umr. um þetta. Ég tel það fráleitt, að annar aðilinn, hvort sem hann heitir ríkisstj. eða eitthvað annað, geti tekið það upp á sitt eindæmi að breyta þeirri viðmiðun sem samið hefur verið um fram að þessu og það skiptir engu máli, hvað þeir liðir vísitölunnar heita, sem þannig eru teknir. Grundvellinum er raskað, og það er rangt. Vísitölugrundvöllurinn er hugsaður sem mælitæki, sem á að tryggja launþegum það, að verðlagsuppbótin samsvari framfærslukostnaðinum á hverjum tíma, og kjarasamningarnir frá 19. júní og síðar voru gerðir í trausti þess, að fyrir hverja verðhækkun, sem grundvöllurinn tók til, kæmi full verðlagsuppbót. Þessu hefur verið margsinnis yfirlýst hér á hv. Alþ. af þeim mönnum, sem fremstir stóðu við samningsgerðina og ég segi fyrir mitt leyti, að ég rengi ekki vitnisburð þeirra. Ég hef heldur ekki heyrt honum mótmælt. Þess vegna leggjum við til, að 4. gr. frv. verði felld.

Þriðja nýmælið í þessum lögum og það lakasta líklega, þó að þetta sé nú nokkuð slæmt, sem ég var að gera hér grein fyrir, lýtur að því, að ekki skuli kom til útborgunar 2 vísitölustig, þ. e. að launþegar skuli taka á sig skerðingu frá samningunum í vor, sem 2 vísitölustigum nemur, án þess nokkuð komi í staðinn. Þetta ákvæði er litið svo alvarlegum augum af t. d. miðstjórn A. S. Í. og fleiri launþegasamtökum, að þeirri skoðun er lýst, að grundvelli kjarasamninganna sé kippt brott og þeir úr gildi fallnir, hvað öll kaupgjaldsákvæði áhrærir, ef þessi ákvæði frv., sem hér um ræðir, verða lögfest. Það er skylt að geta þess, að við meðferð málsins, eða síðan málið kom hér til meðferðar í hv. Ed., hefur nokkurt undanhald átt sér stað hjá hæstv. ríkisstj. Það er ráðgert nú, að þessi skerðing komi ekki til framkvæmda, a. m. k. ekki fyrir 1. marz 1971. Engu að síður eru fyrirmæli l. ótvíræð. Ríkisstj. hefur þessa heimild, og það er ekki breytt ákvæðum frv. Það er talið, að þess þurfi ekki, ég skal ekki leggja dóm á það, hvort þess þarf eða ekki. En þetta byggist þó allt saman á því, að niðurgreiðslurnar, sem raunar eru þó ekki lögfestar með þessu frv., verði framkvæmdar. Ég er ekki að hafa uppi neinar getsakir í garð hæstv. ríkisstj., að þessu verði ekki framfylgt. En mér finnst þessi ákvæði nokkuð ein-

kennileg, ég verð að segja það. Ég hefði fellt mig miklu betur við það, að frv. væri breytt í þá átt, sem til stendur að framkvæma, t. d. að segja hér, að heimild væri fyrir ríkisstj. til þess að skipa svo málum, að tvö vísitölustig kæmu ekki til útborgunar eftir 1. marz n. k. En ég skal ekki gera þetta að neinu sáluhjálparatriði, enda leggjum við til hvort eð er, að gr. falli að öllu leyti niður. Og það er það, sem við leggjum áherzlu á.

Hv. frsm. meiri hl., 10. þm. Reykv., sagði það um þessar till. okkar, að þær þýddu enga verðstöðvun. Hann sagði, að það væri óraunhæft að lögfesta ekki launaskatt, að lögfesta ekki vísitöluskerðingu, og hann minntist á einhvern fóðurbætisskatt svona í framhjáhlaupi, en ég hef nú ekki fundið ákvæðin um hann í frv. enn. Hitt er rétt, að það er getið um fóðurbætisskatt, sem bændur eiga að bera bótalaust, í aths. frv., en þær eru nú víst ekki hér til atkvgr. eða afgreiðslu. Ég segi, að það sé rangt, að við séum með þessu að leggjast gegn verðstöðvun, og ég held, að það sé ómögulegt að fá það út úr till. okkar hér. Við segjum, að við viljum fallast á með hæstv. ríkisstj., að fjölskyldubætur verði hækkaðar og að niðurgreiðslur verði auknar og að til þess sé varið því fjármagni, sem samkv. upplýsingum í aths. með frv. er handbært hjá ríkissjóði, annars vegar vegna útgjaldaliða, sem sparast vegna þessara framkvæmda, hins vegar vegna þess, að fundizt hafa auknar tekjur frá því að fjárlagafrv. var lagt fram. Jafnframt segjum við, að þau vísitölustig, sem tekin eru af launþegum, skuli atvinnureksturinn greiða. Ég get ekki séð annað en þetta sé fullkomlega skýrt. Atvinnureksturinn á að greiða samkv. vísitölu þau stig, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, að falli niður, bæði með beinni niðurfellingu og með reikningskúnstum. Við segjum, að það sé skrípaleikur, að atvinnurekendur greiði ríkissjóði launaskatt til þess að ríkissjóður greiði launþegum verðlagsuppbót eða niðurgreiðslur, sem eigi að koma í stað verðlagsuppbóta. Og við viljum losna við þessa milligöngu ríkissjóðs út úr þessu dæmi. Hæstv. ríkisstj. vill endilega hafa þetta fyrirkomulag. Ég skal ekki segja hvers vegna. Þó gæti verið, að það væri vegna þess, að það er ódýrara, eins og hér hefur verið lýst. Það er nefnilega ódýrara að eyða vísitölustigunum heldur en að greiða verðlagsuppbótina á laun

Hv. 10. þm. Reykv. flutti hér mjög sanngjarna ræðu, og hann féllst á margt af því, sem við höfum verið að segja hér um þetta mál, eins og t. d. það, að það væri ekki rétt að taka út úr vísitölugrundvellinum liði eins og almannatryggingar og áfengi og tóbak í þessu sambandi, þ. e. þá hækkun, sem verður á því. Við höfum heyrt áður aðra skýringu á þessu. Við heyrðum hana t. d. hér við 1. umr. málsins. Þá var þetta talinn sjálfsagður hlutur og einskis metinn til kauprýrnunar launþeganna. En ég virði það við hv. 10. þm. Reykv., að hann fór rétt með þessar staðreyndir. Hann sagði það, að vegna hækkunar á áfengi og tóbaki fengju launþegar ekki uppi borin 0.7 %-stig, og vegna hækkunar á iðgjaldi til almannatrygginga fengju launþegar ekki uppi borin 0.4%-stig, þegar sú hækkun kemur til framkvæmda í jan. n. k. Þetta er það rétta og það er bezt að hafa það, sem réttara reynist. Hann talaði um það, að launþegar fórnuðu þessu. Það er vissulega rétt. Launþegar fórna þessu. Til viðbótar eiga launþegar að fórna því, að tvö vísitölustig komi ekki til útborgunar 1. marz og það, sem eftir er af tímabilinu. Annað verður nú ekki lesið út úr þessu, þar sem hæstv. ríkisstj. vill umfram allt halda þeim ákvæðum frv., sem heimila henni þetta. Hv. 10. þm. Reykv. vildi svo aftur tína það til, sem launþegar græddu á þessum ráðstöfunum, og vék að því vísitölutapi, sem launþegar verða fyrir vegna útreikningsins eftir á, en verðhækkanirnar koma fyrr til. Það tap er vafalaust eitthvert. Ég neita því ekki. En í fyrsta lagi hygg ég, að það minnki eftir því, sem lengra líður frá kauphækkunarstökkunum. Sú hefur reynslan verið, og í öðru lagi er þess að gæta, að verðhækkanir stöðvast ekki, þó að þetta frv. verði lögfest. Það verða margs konar verðhækkanir á þessu tímabili þrátt fyrir ákvæði 1. gr. Það verða þær verðhækkanir til að mynda, sem hæstv. fjmrh. minnti okkur á, að hlytu að verða á næstu mánuðum vegna fyrirsjáanlegrar verðhækkunar á erlendri vöru, vegna aukinna álaga til að standa undir vegaframkvæmdum, ef ég man rétt, og eitthvað var það fleira, sem hann minntist á í þessu sambandi, sem vissulega er alveg ástæðulaust að loka augunum fyrir. Það verða verðhækkanir á tímabilinu, og þær koma vafalaust ekki síður til óhagræðis fyrir launþegana en þær verðhækkanir, sem hingað til hafa verið, vegna þess að nú eiga launþegar það undir því, hvenær ríkisstj. lækkar vöruverðið, hversu mikið biðtapið verður. Og ég hef ekki trú á því, að það verði minna með því fyrirkomulagi en miðað við það fyrirkomulag, sem nú er, að verðhækkanirnar koma án opinberra afskipta að miklu leyti.

Hv. 10. þm. Reykv. taldi ennfremur, að með þessum ráðstöfunum væru auknar líkur til þess, að atvinnureksturinn í landinu gæti haldið áfram að starfa. Það er augljóst mál, að þegar laun eru lækkuð með valdboði, hjálpar það atvinnurekstrinum. Það er ennfremur augljóst mál, að þegar tekið er af almannafé til þess að spara atvinnurekstrinum vísitölugreiðslur, þá náttúrlega hjálpar það honum. En ég held þó, að við megum ekki setja dæmið þannig upp, að eina von íslenzkra atvinnuvega sé lágt kaupgjald. Ég held, að við verðum að hugsa örlítið hærra en það og verðum að reyna að gera ráðstafanir, sem mættu duga til þess að atvinnureksturinn gæti starfað, þó að kaupmáttur launanna héldist frá því, sem hann var ákveðinn við kjarasamningana í vor. Og skoðun mín er sú, að við verðum að leggja höfuðáherzlu á að fara í þann enda þess dæmis, en ekki bara alltaf að segja:„Það er kaupið, sem er of hátt. Atvinnurekstrinn getur fyrirsjáanlega ekki greitt það“, og segja svo: „Eina lausnin er að lækka kaupið.“

Þá vil ég víkja örlítið að þeirri Pílatusargöngu

minni, sem hv. 10. þm. Reykv. gerði hér að umtalsefni og sem vissulega verður ekki gefið annað nafn, sem lýsir henni betur. Ég gekk raunverulega frá Heródesi til Pílatusar, en ég gerði það nú ekki til þess að hafa eitthvað upp úr krafsinu, þó að hv. 10. þm. Reykv. vilji bera mér það á brýn. Mér fannst, þegar þetta atriði bar á góma, t. d. í hv. Nd. í umr. um þetta frv. þar, að þá vildu talsmenn hæstv. ríkisstj. halda því mjög eindregið fram, að kaupmáttur launanna lækkaði ekki. Ég get ekki hér og nú vitnað í tiltekinn ræðumann og tiltekna ræðu, en ég hygg, að það muni nú sannast, að málflutningurinn hafi hnigið mjög á þessa lund. Og ég gat ekki skilið það, hvernig það mátti verða, að 2 vísitölustig, sem eiga að falla niður, og 1.1 stig, sem á að fresta, og reikna vísitöluna mánuði síðar en áður hafði verið gert, en þó átti það að geta haldið kaupmættinum óbreyttum, skulum við segja, þegar frá því er skýrt í aths. frv., að niðurgreiðslurnar eru nákvæmlega útreiknaðar til þess að eyða tilteknum vísitölustigum. Og ég hygg, að fólk hafi almennt ekki skilið þetta, hvernig á því gæti staðið, að kaupmátturinn héldist þrátt fyrir þessa skerðingu. Þess vegna fannst mér það vera nauðsynlegt, ekki bara fyrir mig, heldur fyrir alla hv. þm. hér í Ed. a. m. k., sem áttu eftir að fjalla um frv., að það lægi fyrir opinber útreikningur á því, hvort þetta væri rétt, hvort þessar ráðstafanir væru virkilega svona snjallar, að það væri hægt að taka burt 3.1 vísitölustig af kaupinu og samt gætu menn haldið fullum kaupmætti, þegar niðurgreiðslur eiga rétt að vera til að mæta öðrum vísitölustigum. Og þess vegna tók ég mig fram um það að skrifa bréf til Hagstofunnar, sem ég hélt, að gæti reiknað þetta eins og svo margt annað. Og ég greindi frá þessu bréfi hér á mánudaginn við 1. umr. Hagstofustjóri talaði við mig, þegar hann fékk þetta bréf, og hann taldi þá eða mér fannst það, að hann gæti reiknað þetta, þegar vísitala 1. nóv. lægi fyrir, sem mundi verða strax eftir helgina. Þegar við komum svo á fund í fjhn. á mánudagsmorgun, þá liggur það fyrir, að hagstofustjóri getur ekki reiknað þetta og segir, að það sé mál Efnahagsstofnunarinnar að reikna út kaupmátt launa, það hafi alltaf verið það og það verði að vera það, eftir því sem mér skildist. Þar með fór ég þá frá Heródesi, skulum við segja, og til Pílatusar með aðstoð vinar míns og formanns fjhn., hv. 10. þm. Reykv. Þar fengum við að því leyti til miklu betri viðtökur, að forstöðumaður þeirrar stofnunar taldi sér ekkert að vanbúnaði að reikna þetta og hann skilaði okkur útreikningi, sem hv. 10. þm. Reykv. vitnaði nú í og ég ætla að leyfa mér að vitna ofurlítið í líka. (**Forseti:** Ég vildi leyfa mér að biðja hv. ræðumann að gera hlé á ræðu sinni núna. Það er meiningin að fresta fundi til kl. 6.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Þegar fundinum var frestað áðan, held ég, að ég hafi verið að ræða um upplýsingar, sem seint og um síðir tókst að fá hjá Efnahagsstofnuninni um kaupmátt launa, þ. e. a. s. hvernig hann breyttist við þær aðgerðir, sem fyrirhugaðar eru, frá því, sem hann mundi hafa verið, ef þær hefðu ekki verið gerðar. Ég hygg, að mönnum, sem ekki eru hagfræðilærðir og þeim mun meira hagfræðilærðir, hafi þótt það eðlilegt, að kaupmáttur hefði lækkað við þær ráðstafanir, sem hér eru gerðar, og þeirri lækkun hefði valdið breyting á reikningi vegna vinnulaunaliðar bónda um 1.4% og það, að hækkun á áfengi og tóbaki var sleppt úr vísitölureikningi, sem gerir 0.7%-stig, þannig að lækkun hefði þá átt að vera 2.1%-stig miðað við það, sem áður hefði verið. En í bréfi frá Efnahagsstofnuninni er greint frá því, að kaupmáttur án aðgerða verði aðeins metinn eftir fyrirframáætlun, þ. e. a. s. það sé ekki hægt að meta kaupmátt launanna, eins og hann hefði orðið 1. des. Á þetta get ég ekki fallizt. Skýring forstöðumanns Efnahagsstofnunarinnar á þessu er sú, að afgreiðsla umsókna, væntanlega hjá verðlagsnefnd, þó að það komi nú ekki fram hér, tímasetning og þess háttar, hafi að undanförnu mótazt af fyrirhuguðum aðgerðum. Þróunin hefur þá þrátt fyrir allt og þrátt fyrir allar þær yfirlýsingar, sem hér er búið að gefa um það, að tilkynning um verðstöðvun hafi engin áhrif, þá hefur hún þó þrátt fyrir allt haft þessi áhrif, að hún hefur flýtt fyrir verðhækkunum. Það er vegna þess að yfirlýsingin um verðstöðvun hefur, hvað sem menn segja, flýtt fyrir verðhækkunum, sem forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar treystir sér ekki til að reikna. Þetta tel ég alveg fráleitt, alveg út í loftið. Auðvitað er hægt að reikna kaupmátt launa miðað við 1. des. eftir eldri aðferðinni. Það segir sig sjálft. Það er svo sérmál, sem e. t. v. væri ástæða til að ... (**Fjmrh.:** Það er Pílatus, sem segir þetta.) Það er Pílatus, sem segir þetta. Það er sérmál, sem e. t. v. væri ástæða til þess að athuga, hve mikið af þeim verðhækkunum, sem gengu í gildi fyrir 1. nóv., hefðu beðið og kannske aldrei komið, ef ekki hefði verið búið að tilkynna verðstöðvun. Það er auðvitað rannsóknarefni. En það hefur ekki áhrif á þennan útreikning, ég get ekki séð það. En með því að gefa sér tilteknar forsendur, eins og hér er gert, þá er þó látin í té spá um það, hver kaupmáttur launanna hefði orðið 1. des., og það er 18.7%. En nú er sagt, að kaupmáttur samkv. verðstöðvunarfrv. verði 19% allt tímabilið, og það get ég heldur ekki með nokkru móti skilið. Hvernig getur kaupmátturinn haldizt í 19%, þegar yfirlýst er, að það eigi ekki að taka til greina hækkun á almannatryggingagjöldum? (Gripið fram í.) Það stendur hér: „Með áorðinni breytingu", hæstv. ráðh. hefur kannske ekki þetta eintak undir höndum, en það stendur í þessu: „Með áorðinni breytingu, þ. e. auknum niðurgreiðslum, er kaupmátturinn 19% allt tímabilið." Ég lýsi algeru vantrausti á svona útreikning. Og ég skil ekki, hvaða tilgangi það á að þjóna að fá nm. á Alþ. svona plögg í hendur. Ég vil miklu heldur fá þá ekki neitt en fá plögg, sem meira að segja leikmaður eins og ég get fyrirvaralaust, athugunarlaust bent á, að geta ekki staðizt. Það er svo mál út af fyrir sig, að til grundvallar þessari speki er birt spá. Þar er borin saman

vísitala framfærslukostnaðar við kaupgreiðsluvísitölu. Það er ný aðferð. Það hefur aldrei verið gert fyrr í tilkynningum Efnahagsstofnunarinnar að bera saman framfærslukostnað vísitölu og kaupgreiðsluvísitölu. Það hefur ævinlega verið miðað við vísitölu vöru og þjónustu. Af hverju skyldi því vera breytt? Ég veit það ekki. Í þeirri skýrslu, sem ég vitnaði í hér um daginn, er annars vegar vísitala tímakaups og hins vegar vísitala neyzluvöruverðs, og það er auðvitað það rétta, vegna þess að í vísitölu framfærslukostnaðar eru ekki teknir til greina ýmsir liðir, sem veruleg áhrif hafa í þessu skyni, eins og allir hv. alþm. auðvitað þekkja, og ég skal ekki tefja tímann með því að vera að rökstyðja það. Það er augljóst mál. En ég á ákaflega erfitt með að sætta mig við það, að beiðnum, sem eru settar fram í góðum tilgangi til þess að fá úr því skorið, hvað verið er raunverulega að gera með tiltekinni lagasetningu, sé svarað með plaggi eins og þessu. Og ég held, að hæstv. ráðh., sem hér eru viðstaddir, ættu að taka það til athugunar framvegis, ég segi það í fullri vinsemd, að vera ekki að láta á þrykk út ganga sem opinber skjöl svona útreikninga.

Ég skal nú ekki vera að orðlengja um þetta frv. frekar að marki. Það er bágt til þess að vita, að svo skuli vera komið í röðum stjórnarliða, að þar eru öll úrræði gengin sér til húðar, eins og hér var lýst. Höft getum við ekki notað, vegna þess að EFTA-þjóðirnar meina okkur það. Gengisfellingu getum við aldrei gert framar, vegna þess að trú manna á verðgildi peninganna er þegar orðin svo rýrð, að sú leið hefur verið farin til hins ýtrasta og hætta á því, að öngþveiti taki við, eins og hér var áðan lýst, og ég held, að þetta sé bara ekkert ofmælt, þetta sé bara alveg rétt hjá hv. 10. þm. Reykv., að þessar leiðir séu ekki lengur færar. Þær eru allar að lokast, og þar með eru þá leiðir hæstv. ríkisstj., sem búið er að notast við í undanfarin 11—12 ár, gengnar sér til húðar. (**Fjmrh.**: Þá er líklega bara hin leiðin eftir.) Þá er líklega bara hin leiðin eftir já, og ég fagna því, að augu hæstv. ráðh. hafa loksins opnazt fyrir því, að hin leiðin sé þó eftir, og ég held, að það væri þá rétt fyrir hæstv. ríkisstj. að byrja að fikra sig eftir henni með því að hætta við að lögfesta þetta frv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég kveð mér ekki hljóðs til þess að blanda mér í þessar umr. hér í hv. Ed. og ennþá síður til þess að lengja þær, heldur til þess eins að segja örfá orð um brtt. á þskj. 155 frá hv. þm. Birni Jónssyni, þá brtt., að í lögin skuli bætt ákvæðum um, að hlutaðeigandi verðlagsyfirvöldum sé skylt að endurskoða til lækkunar verð á öllum vörum og þjónustu, þar sem auknar niðurgreiðslur á vöruverði frá 1. nóv. 1970 hafa að einhverju leyti áhrif á framleiðslukostnað, svo sem verðlag á matsöluhúsum. Ég vil aðeins láta það koma fram, að ég tel verðlagsnefndinni skylt að framkvæma slíkar ráðstafanir og mun hlutast til um að ræða það við formann n., sem er ráðuneytisstjóri viðskmrn., að n. geri það, sem í þessari setningu, sem ég las upp, felst.

Karl G. Sigurbergsson: Herra forseti. Það er nú svo mikið búið að ræða þetta frv., sem liggur hér fyrir til afgreiðslu, að það má segja, að það sé að bera í bakkafullan lækinn að fara að bæta þar við ræðu. En þó finnst mér nú rétt að gera það.

Það var viðurkennt af öllum eða a. m. k. af öllum sanngjörnum mönnum, að kauphækkunin, sem samið var um í sumar, hefði verið réttmæt og verkamenn og aðrir launþegar hefðu þar ekki farið fram úr því, sem þeim bar miðað við aðstæður í þjóðfélaginu. En í kjölfar þeirra samninga hljóp samt af stað ein gífurlegasta verðhækkunarskriða á neyzluvörum og þjónustu, sem þekkzt hefur hingað til. Fóru þær verðhækkanir langt fram úr því, sem hægt hefði þó verið að réttlæta með kauphækkuninni, sem aðeins nam 15—18%, þar sem verðhækkanirnar aftur á móti munu vera komnar um og yfir 30% í mörgum greinum. Ég ætla ekki að fara að telja þær verðhækkanir hér upp í einstökum liðum, því að það hefur verið gert hér margoft við umr. um þetta frv. En ég get ekki látið hjá líða að víta það aðgerðaleysi ríkisstj., að hún skyldi ekki reyna að stöðva þessar verðhækkanir með því að fyrirskipa verðstöðvun án fyrirvara, á meðan rannsókn færi fram á því, sem gera þyrfti til lagfæringar. Ríkisstj. fór öðruvísi að. Hún beinlínis auglýsti eftir verðhækkunum, og þegar þær verðhækkanir voru komnar fram samkv. þeirri auglýsingu, þá kom verðstöðvunin. Aðgerðir ríkisstj. hafa því aðeins miðazt við það að setja skorður við því, að kaupgjald hinna lægst launuðu hækkaði samkv. samningum. Ríkisstj. hefur ekki reynt að stöðva verðbólguna á raunhæfan hátt, á þann hátt, sem ætla mætti, að hefði átt á sér fullkominn rétt, þ. e. að tryggja launamönnum samningsbundin laun, sem þó hefði verið hægt að gera við þær aðstæður, sem hér hafa orðið, þar sem saman hafa farið mikill sjávarafli og stórkostlegar verðhækkanir á útflutningsafurðum, sem valdið hafa stórauknum þjóðartekjum. Nei, hér er ekki stefnt að því, heldur öfugt, vegna þess að hér er stjórnað samkv. íhalds- og afturhaldsstefnu fyrir braskara og skuldakónga, fyrir okrara og afætur í þjóðfélaginu, stjórnað samkv. stefnu, sem því aðeins er hægt að framkvæma, að Alþfl. láni til þess þm. sína og ráðh. að knýja slík frv. í gegn.

Þm. Alþfl. og ráðh. hefur á liðnum áratugum verið óspart att fram til að afsaka árásir á gerða kjarasamninga. Á sama tíma hafa aftur á móti kjósendur þessara þm., menn í verkalýðs- og launþegafélögum og öðrum samtökum launamanna, staðið með annarra flokka mönnum til að mótmæla þeim árásum. En þessum þm. hefur verið att fram til fleiri verka en að afsaka árásirnar. Þeim hefur einnig verið beitt fyrir árásarplóginn. Má í því sambandi nefna árásir á gerða kjarasamninga sjómanna á undanförnum árum eða a. m. k. á liðnum áratug. Í samstarfstíð núv. ríkisstj.-flokka hefur

Alþfl. farið óslitið með sjávarútvegsmál. Aðgerðir þeirra ráðh., sem farið hafa með þau mál, hafa einkennzt af lögþvingunum og gerðardómum og gerðardómslögum. Æ ofan í æ hafa þeir skellt á brbl. eða lögþvingunum í einhverri mynd, sem allar hafa einkennzt af því að rýra kjör sjómannastéttarinnar og beinlínis breytt kjarasamningum þeirra, sem í gildi voru á hverjum tíma. Kjarasamningum þeirra við útvegsmenn hefur verið breytt með brbl., og þeir hafa verið dæmdir til að falla frá samningaviðræðum um kjör sín með lagaboði, með gerðardómi. Hér skal aðeins bent á nokkur dæmi af þó allmörgum.

Brbl. voru sett 24. júní 1962. Þessi lög fólu það í sér, að gerðardómur skyldi ákveða kjör síldveiðisjómanna, ef samningar tækjust ekki. Gerðardómsúrskurðurinn kom svo daginn eftir. En til hvers voru þessi lög sett? Þau voru sett til þess m. a. að færa atvinnurekendum, þ. e. útvegsmönnum, álitlegan hluta af umsömdu skiptaverði, sem gilt hafði í mörg ár milli þessara samningsaðila, færa þeim hluta af umsömdu skiptaverði til þess að greiða tækjakaup og annan kostnað, sem til útgerðarinnar þurfti. Þá var einnig tekið með í leiðinni í þessum brbl., að sérstakur skattur var lagður á sjómenn. Síðan hafa dunið yfir sífelldar lagasetningar, sem miðast við það, að svo og svo mikið skuli tekið af fiskverðinu, áður en skiptaverð er ákveðið. Í rauninni hefur hér oft og tíðum gilt margs konar fiskverð. Í júnímánuði árið 1965 sigldi allur síldveiðiflotinn í höfn, allir síldarsjómenn komu í land, ekki til að setjast að veizluborði, heldur til að mótmæla of lágu síldarverði og jafnframt til að mótmæla brbl., sem þá voru sett um sérstakan skatt, stóran skatt, sem kallaður var því fína nafni verðjöfnunarskattur. Skattur þessi var, að mig minnir, eða átti að vera, 15 kr. af hverju bræðslusíldarmáli. Þennan skatt átti að nota til þess að standa straum af tilraunum með síldarflutninga til Norðurlandshafna. Það var m. a. til þess að mótmæla þessum skatti, að sjómennirnir sigldu í höfn. Ég skal ekki ræða hér meira um tildrög heimsiglingar flotans að sinni, en tek þó fram, að ég geri mér fulla grein fyrir því, að hér lá einnig meira á bak við. Sjómenn voru hér að mótmæla sífelldum árásum undangengin ár og vildu, að lát yrði á þeim árásum.

Í des. 1968 voru sett lög um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu. Það hefur nokkuð verið minnzt á þessi lög við umr. að undanförnu, nú síðast í sjónvarpsþætti í gærkvöldi, og get ég þess vegna ekki látið hjá líða að minnast aðeins á þau. Með þessum lögum var ráðizt svo harkalega á gildandi kjarasamninga fiskimanna, að annað eins hafði ekki áður gerzt og hefur jafnvel ekki gerzt síðan, þótt margt ljótt hafi komið fyrir í þessum efnum. Með þessum ráðstöfunum einum var kippt út úr umsömdu skiptaverði álitlegri fúlgu, 17%, til greiðslu upp í útgerðarkostnað, 10—20% eftir tegundum afla, til greiðslu í stofnfjársjóð fiskiskipa, þegar landað væri hér heima, og 22% til sama stofnfjársjóðs, þegar landað væri erlendis. Samtals voru þetta 27—37%, sem útvegsmönnum var rétt þarna á silfurfati, sem tekið var beint af umsömdu skiptaverði. Þetta var nokkuð stórt stökk í einu, og það var vægast sagt vogunarstökk hjá ríkisstj. að leyfa sér þetta. Hún var minnug þess, sem gerðist sumarið 1965, eins og ég gat um áðan, þegar síldveiðiflotinn sigldi í höfn. Og hún kærði sig ekki um slíkt ástand aftur. Þess vegna var 9. gr. sett í þessi lög, en hún er ekki í lagafrv. í upphafi, heldur kom hún inn í lögin samkv. sterkum áskorunum og beiðnum utan frá, og leyfi ég mér að minnast hér aðeins á tildrög þess, að þessi 9. gr. kom hér inn í.

Það stendur hér í nál., sem var lagt fram af minni hl. sjútvn. við umr. um þessi nefndu lög, með leyfi hæstv. forseta:

„Eftir að frv. var lagt fram, hafa sjómannaráðstefna Sjómannafélags Íslands, haldin 8. þ. m., [þ. e. des. 1968] og stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands mótmælt harðlega þeirri skerðingu á kjörum sjómanna, sem ráðgerð er í umræddu frv., eins og fram hefur komið í fréttum. Í samþykkt þessara samtaka er jafnframt lögð áherzla á, að réttur sjómanna verði tryggður með öðrum ráðum, ef Alþ. samþykki frv."

Eftir að þessi mótmæli komu fram, var þetta tekið inn í frv., eins og kemur hér fram í brtt. á þskj. 151 frá meiri hl. sjútvn., þar sem segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Á eftir 8. gr. komi ný gr., sem verði 9. gr.: „Kjarasamningum milli útvegsmanna og sjómanna, sem samkv. ákvæðum þeirra var ætlað að gilda til ársloka 1969, er heimilt að segja upp án fyrirvara eftir gildistöku þessara laga."

Hæstv. fjmrh. sagði hér í umr., að þetta ákvæði hefði verið sett inn af þeirri einu ástæðu, að nokkur hluti sjómannastéttarinnar hefði verið með lausa samninga, og það hefði þess vegna verið talið rétt, að þeir sætu allir við sama borð og gætu setzt að samningum um sín kjör á eftir. Það má vel vera, að hann hafi nokkuð rétt fyrir sér í því, þegar hann segir þetta, því að mig minnir nú, að samtök yfirmanna hafi verið með lausa samninga, en undirmennirnir voru aftur á móti ekki búnir að segja upp. Ég vil minna hæstv. ráðh. á það og fleiri, sem hér eru staddir, að ég álít, að þetta ákvæði hafi verið sett inn einnig af annarri ástæðu og ekki síður af þeirri ástæðu, að ríkisstj. var þess minnug, að sjómannastéttin lét ekki bjóða sér alla hluti umyrðalaust. Og ég álít, að hún hafi einmitt hrædzt það í þessu tilfelli, að sjómannasamtökin beindu spjótum sínum gegn henni sjálfri til þess að ná einhverju aftur af því, sem af stéttinni var tekið með þessu lagaboði. En með því að leyfa þeim að hafa lausa samninga, þá leiddi ríkisstj. málið að samningaborði við útvegsmenn. Hitt var annað mál, að hún hafði aftur í bakhöndinni að hjálpa til við þá samningagerð, eins og kom í ljós síðar. Þannig er háttað með samninga fiskimanna og hefur verið í langa tíð, að þeim þarf að segja upp með tveggja

mánaða fyrirvara miðað við, að þeir renni út eða falli úr gildi um hver áramót, annars framlengjast þeir um eitt ár í senn. Nú höfðu, eins og ég gat um áðan, ekki öll félögin sagt upp þessum samningum sínum, og þau tóku því það tækifæri eða því tilboði að setjast að samningaborði og reyndu að ná aftur hluta þess, sem af þeim var tekið með lögunum. En auðvitað reyndu útvegsmenn, sem ég lái þeim ekkert, og sennilega láir þeim það enginn, að halda því, sem var búið að rétta þeim á silfurdiski, eins og ég nefndi áðan. Og þeir sátu við sinn keip og gáfu ekkert eftir. En þá kom til kasta ríkisstj. aftur að kippa í spottann. Og það var kippt í spottann 18. febr. 1969. Þá voru sett lög hér á Alþ. um lausn kjaradeilunnar. Það var deilt mikið um þá lagasetningu hér á þingi, þegar frv. var til umr. Ég hlustaði á allar þær umr. og vil nú minna hv. þm. suma hverja á það, að þeir ættu að rifja það upp, sem þeir létu út úr sér í sambandi við þær umr., hér á hv. Alþ. Það hefur breytzt viðhorfið hjá sumum þeirra síðan, a. m. k. ofurlítið.

Ég tel það rétt að geta þess hér í leiðinni, að í sumar voru sett brbl., sem bönnuðu farmönnum að leysa mál sín við samningaborðið. Raunar voru þetta endurtekningarlög, sem sett voru á þennan starfshóp, sem leiddi til þess, að hver einasti maður sagði starfi sínu lausu, og voru það hrein neyðarúrræði af þeirra hálfu. Þeir áttu ekki annarra kosta völ. En þessi mál hafa verið rædd allmikið hér á þingi ekki fyrir ýkja löngu, svo að ég ætla ekki að rifja þau frekar upp hér. En hlut að þessum aðgerðum átti raunar ráðh., sem kennir sig og stefnu sína við annað en alþýðuna, svo að af honum var ekki eins mikils vænzt í þessum efnum. En það gegnir öðru máli með þá ráðh. og þm., sem kenna sig við alþýðuna, þ. e. Alþfl.-þm. Það er full ástæða fyrir þm. Alþfl. að endurskoða afstöðu sína til frv., sem hér liggur fyrir hv. d. Ástæða til þess fyrir þá að athuga afstöðu sína til umbjóðenda sinna, láta ekki alltaf hafa sig til þess að svíkja á þeim kosningaloforð. Ef þeir gera það ekki, er full ástæða fyrir óbreytta liðsmenn þeirra að skoða og meta afstöðu sína til þeirra. Það má kalla meira en litla kokhreysti af frammámönnum Alþfl., að samtímis því, sem þeir eru að berja í gegn frv., sem aðallega er gert til að eyða vísitölustigum til að rifta umsömdum grundvelli samninga, þá eru þeir að reyna að auglýsa fyrir sínum óánægðu flokksbræðrum viðræður um vinstra samstarf. Það sjá raunar allir, sem ekki sáu það strax í upphafi, að slíkt marklaust snakk um vinstra samstarf á þessum tíma var til annars ætlað. Það var ætlað til þess að friða óánægða Alþfl.-menn, sem knúðu á um breytta stefnu Alþfl.-þm. og ráðh. Svo getur líka raunar verið, að þetta hafi verið sett á svið af einhverjum öðrum annarlegum ástæðum.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, vegur ekki beint eða eingöngu að sjómönnum eða sjómannastéttinni. Það vegur að kjarasamningum yfirleitt, að samningsréttinum, að gildi kjarasamninga. Að vísu hefur ríkisstj. hopað örlítið, slegið aðeins af, þar sem lofað er, að 2 vísitölustigin, sem áttu að hverfa alveg bótalaust, skuli verða greidd niður næsta vísitölutímabil eða kaupgjaldstímabil. Þetta sýnir, að hún hefur hræðzt undirtektir launþegasamtakanna víðs vegar um landið, sem fordæmt hafa þessar ráðstafanir harðlega. Efnahagsráðstafanir þessara stjórnarflokka bæði nú og fyrr, hvað sem þær heita, hvort sem þær heita gengisfelling, ráðstafanir í sjávarútvegi eða ráðstafanir til stöðugs verðlags, hafa allar miðað að því að þyngja bagga þeirra, sem mest bera á herðum sér, gera þá ríku ríkari og fátæku fátækari. Mér dettur í hug í þessu sambandi sagan af manninum, sem flutti búferlum og hafði ekki annað til að flytja búslóðina á en hest sinn. Þegar kom að eldavélinni, sem var þyngsti hluturinn í búslóðinni, var hún ein orðin eftir. Hann hengdi hana upp á hestinn öðrum megin og setti stóran stein hinum megin. Nú var sá steinn of þungur. Brá hann þá við og jafnaði baggana með því að setja stein ofan á eldavélina. Þetta var einföld ráðstöfun af hans hendi og handhæg fyrir hann, en ekki að sama skapi fyrir hestinn, sem bar allt saman. En maðurinn gerði ekki nema eina ferð að því að jafna baggana. Þessu er öðruvísi farið með ríkisstj., þegar hún er að jafna baggana. En í því dæmi er alþýðan klárinn, sem ber byrðarnar. Þá verða steinarnir ætíð of þungir, svo að það þarf alla tíð að vera að jafna metin, enda er það óspart gert. Ríkisstj. notar gjarnan til þeirra hluta sprenglærða efnahagsráðunauta og hagfræðinga og alls konar fræðinga, sem ég kann ekki nöfn á, en þeim tekst ekki betur til en þetta. Ég vildi nú beina því til hæstv. ríkisstj. eða ráðh., að það væri ekkert verra fyrir þá að leita ráða hjá minna lærðum mönnum í þessum fræðum, ef þeir á annað borð þurfa á aðstoð að halda í þeim efnum. Ég held, að það hljóti að vera til sjálfmenntaðir hagfræðingar meðal alþýðumanna, verkamanna og annarra láglaunamanna, sem hafa getað náð saman endum með launum sínum undanfarin ár. Ég held það hljóti að vera miklu meiri hagfræðispeki, sem liggur á bak við það afrek, en sú, sem lýsir sér í frv. þessu, sem hér liggur fyrir.

„Efnahagsaðgerðir ríkisstj. eru stöðugt þrátefli," varð einhverjum þm. að orði við umr. hér áður. Mig minnir, að það hafi verið í hv. Nd., og það má segja, að það sé nokkurt sannmæli. Hún teflir sífellt sama leiknum aftur og aftur. Verkamenn léku sínum leik í sumar og höfðu þá aðeins skárri stöðu, aðeins betri taflstöðu en þeir höfðu haft áður. En nú hefur ríkisstj. leikið sínum þráteflisleik enn einu sinni. Ég tel, að það sé verkamanna og launþega að leika næst, og þeir þurfa að hafa það í huga, að næsti leikur getur haft úrslitaáhrif á endataflið. Ég tel, að þeir geti haft stærst úrslitaáhrif á endataflið, ef þeir leika sínum leik rétt í næstu kosningum.

Frsm. 1. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð vegna ræðu hæstv. viðskmrh. hér áðan, þar sem hann tók undir aðra brtt. mína við 1. gr. þessa frv., þ. e. að við gr. bættist

það, að hlutaðeigandi verðlagsyfirvöldum væri skylt að endurskoða til lækkunar verð á öllum vörum og þjónustu, þar sem auknar niðurgreiðslur á vöruverði frá 1. nóv. 1970 ættu að einhverju leyti að hafa áhrif á framleiðslukostnað svo sem verðlag matsöluhúsa. Það er nú ekki svo oft, að hæstv. ráðh. komi hér upp í stólinn ti þess að taka undir till., sem stjórnarandstæðingar flytja, að ég tel sjálfsagt að lýsa ánægju minni yfir þessari yfirlýsingu hæstv. ráðh. svo langt, sem hún nær, en bendi þó á, að hæstv. ráðh. hætti lestrinum, þar sem byrjaði endirinn á greininni, en þar segir: „Ennfremur er sömu yfirvöldum skylt að endurskoða verðlag á vörum og þjónustu, sem að undanförnu hefur ekki verið háð verðlagsákvæðum.“ Þetta er að sjálfsögðu langþýðingarmesti hluti þessarar brtt. Nú vill að vísu svo vel til, að hæstv. fjmrh. hefur efnislega lýst sig fylgjandi einmitt þessu atriði í minni till. og liggja þá fyrir meðmæli frá þessum hæstv. ráðh. báðum um allt efni þessarar brtt. Nú vil ég gera ráð fyrir því, að hæstv. ráðh. hafi ekki stigið upp í stólinn og gefið þessa yfirlýsingu í þeim tilgangi að fella till., þar sem hann var að mæla með efni hennar, og væri þá við hæfi að mér finnst, að hv. þd. staðfesti þær yfirlýsingar, sem hér hafa verið gefnar af ráðh. og gerði hreint fyrir sínum dyrum með því að samþykkja þessa till.

ATKVGR.
Brtt. 155,1.a felld með 12:3 atkv.
— 155,1.b felld með 11:9 atkv.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 155,2 felld með 11:7 atkv.
— 161,1 kom ekki til atkv.
2. gr. samþ. með 11:7 atkv.
3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 155,3 felld með 11:7 atkv.
— 161,2 kom ekki til atkv.
4. gr. samþ. með 11:9 atkv.
Brtt. 155,4 felld með 11:9 atkv.
— 161,3 kom ekki til atkv.
5. gr. samþ. með 11:8 atkv.
6. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 155,5 felld með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÓlJ, PÞ, ÁB, BGuðbj, HB, BJ, EÁ, KS, KGuðj.
nei: MJ, ÓB, StG, SvG, AuA, AJ, EggÞ, JónÁ, JÁH, JÞ, JR.
8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:9 atkv.

Á 18. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:9 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 166).

3. Innheimta gjalda með viðauka.

Á 1. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka [2. mál] (stjfrv., A. 2).

Á 3. fundi í Nd., 19. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð til að kynna þetta frv. Það hefur um fjölda ára legið hér fyrir Alþ. árlega og er um framlengingu á heimildum til ríkisstj. til að innheimta tiltekin gjöld með viðauka. Ég skal aðeins geta þess, að hér er ekki um neina breytingu að ræða á afgreiðslu frv. frá því, sem verið hefur nú síðustu þing, þannig að það er hér engin ástæða til þess að gera það sérstaklega að umtalsefni. Það er öllum hv. þdm. það vel kunnugt. Og legg ég því til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 19., 20. og 21. fundi í Nd., 16., 18. og 19. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 22. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 2, n. 139).

Frsm. (Unnar Stefánsson): Herra forseti. Fjhn. d. hefur fjallað um frv. og er sammála um að leggja til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 21. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 23. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Það hefur um mjög langt árabil verið lagt fram til endurnýjunar á hverju þingi og er um framlengingu heimildar fyrir ríkisstj. til að innheimta ýmis gjöld með viðauka. Hér er ekki um neina breytingu að ræða frá því, sem gilt hefur síðustu árin. Frv. hefur þegar gengið

gegnum hv. Nd., og var þar samþ. einróma. Ég vildi leyfa mér að vænta þess, að það gæti fengið einnig greiðan gang gegnum þessa hv. d., og mundi mælast til þess, að hv. fjhn. sæi sér fært að afgreiða það sem skjótast, vegna þess að það þarf að hafa tekið gildi fyrir áramót.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 3. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 203).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Efni þess frv., sem hér liggur fyrir, er það að heimila hæstv. ríkisstj. að innheimta nokkur gjöld, svo sem frv. kveður nánar á um, með viðauka á næsta ári, eins og verið hefur. Þetta frv. var samþ. ágreiningslaust í hv. Nd., og eins og nál. fjhn. á þskj. 203 ber með sér, mælir n. einróma með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 209).

---

4. Sauðfjárbaðanir (stjfrv.).

Á 6. fundi í Sþ., 28. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 27. apríl 1959, um sauðfjárbaðanir [75. mál] (stjfrv., A. 77).

Á 7. fundi í Nd., 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt í samráði við yfirdýralækni. Það er um breyt. á l. nr. 23 27. apríl 1959 um sauðfjárbaðanir. Í 1. gr. frv. er lagt til, að sauðfjárbaðanir fari næst fram á tímabilinu 1. nóv. til 15. marz, veturinn 1971—1972. Eftir það er heimilt að baða annað hvert ár, en á sama tíma vetrar. Eins og l. nú eru, ættu sauðfjárbaðanir að fara fram á þessu hausti og fyrri part næsta vetrar, en víða utan af landi hafa komið beiðnir frá bændum um það að fresta sauðfjárböðun að þessu sinni. Hefur það mál verið borið undir yfirdýralækni, og hann hefur talið, að það væri hættulaust að fresta böðun.

Lengi vel var það í l., að baða skyldi ár hvert, en fyrir 10 árum var eftir beiðni Búnaðarþings og Búnaðarfélags Íslands á það fallizt að breyta l. þannig, að ekki væri skylt að baða nema annað hvert ár. Sumir töldu, að af þessu gæti stafað hætta, en 10 ára reynsla hefur sýnt, að það er ekki um slíkt að ræða. Færilús og kláði er næstum alveg úr sögunni, enda þótt ekki hafi verið baðað oftar en annað hvert ár. Talið er, að þótt frestun verði nú á böðun, sé ekkert til fyrirstöðu að láta böðun fara fram á þeim stöðum, þar sem kláða yrði vart eða annarra óþrifa. Telur yfirdýralæknir því — og héraðsdýralæknar — ekkert því til fyrirstöðu að verða við þessum óskum, sem fram hafa komið frá mörgum bændum að fresta sauðfjárböðun að þessu sinni. Það er augljóst mál, að ef úr þessu á að verða, þarf að hraða lögfestingu þessa frv., og vænti ég, að hv. Alþ. hafi ekki við það að athuga, þótt þessi lagabreyting verði gerð samkv. óskum bænda, þar sem yfirdýralæknir og héraðsdýralæknar telja hættulaust að breyta l. á þennan hátt.

Ég vil, herra forseti, að lokinni þessari umr. leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., 9. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 16. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 77, n. 101, 119).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Frá því 1959 hafa þær reglur gilt, að sauðfjárböðun, almenn sauðfjárböðun um land allt, skuli fara fram á tímabilinu 15. okt. til 1. marz, og í öðru lagi, að ekki sé skylt að baða nema annað hvert ár. Áður giltu þær reglur, að baða skyldi á hverju ári, og voru búnar að gilda lengi, en þessu var breytt 1959, og töldu sumir þá óvarlegt að slaka á þessum ákvæðum, þ. e. að baða ekki á hverjum vetri. Nú eru liðin 10 ár, og virðist það hafa sýnt sig, að það nægi alveg til að halda niðri venjulegum óþrifum á sauðfé að baða annað hvert ár, ef það er gert eftir settum reglum og undir því eftirliti, sem gilt hefur nú síðasta áratug.

Nú er lagt til, að tvær breytingar verði gerðar á böðunarreglunum, þannig að baða skuli á tímabilinu 1. nóv. til 15. marz, þ. e. að frestur sá til að ljúka böðun á vetri framlengist til 15. marz frá 1. marz, og í öðru lagi, að böðun þurfi ekki að fara fram á vetrinum 1970—1971. Þessar breytingar á lögum um sauðfjárbaðanir eru komnar frá landbrn. og

hafa verið gerðar vegna áskorana bæði frá Búnaðarþingi og einstökum mönnum, sem hafa talið mikilsvert að geta losnað við böðun á þessum vetri af ýmsum ástæðum, sem þeir hafa fært til, m. a. vegna erfiðleika margra bænda við búskap af völdum harðæris og eldgosa. Búnaðarþing hafði þetta mál með höndum á s. l. vetri og lagði til, að böðun félli niður í vetur, og fleiri atriði vildi Búnaðarþing, að tekin væru til athugunar í sambandi við þetta mál. Ég átti tal við yfirdýralækni um þetta, þar sem mér fannst vera nokkuð hæpið að slaka á þessum ákvæðum, sem hafa gefizt vel, en hann taldi sig vera algerlega samþykkan því, sem fram kemur í þessu frv.

Á þingskjölum sé ég, að komið hefur fram í Ed. frv. til laga um breytingar á böðunarlögunum frá Páli Þorsteinssyni, þar sem lagt er til, að fleiri breytingar verði gerðar á lögunum en hér er lagt til. Hins vegar gengur hans frv. í sömu átt, að því er snertir þau atriði, sem þetta frv. fjallar um. Í öðru lagi er hér brtt. frá þremur þm., sem lögð hefur verið fram í dag — eða a. m. k. hefur hana ekki borið fyrir mín augu fyrr. Þeir vilja gera tvær breytingar á þessu frv. Þess ber að geta, að landbn. taldi nauðsynlegt að hraða afgreiðslu þessa máls úr n., vegna þess að nú er komið nokkuð fram á þann tíma, sem l. gera ráð fyrir, að böðun geti hafizt, og þess vegna yrði bændum að vera ljóst, áður en til baðana kæmi yfirleitt, ef breytingar yrðu gerðar. Af þeim ástæðum flýtti ég fundi í landbn. til þess að afgreiða þetta mál, en því miður voru ekki nema sumir landbnm. á þeim fundi, en meiri hluti var þó sammála um að mæla með frv. óbreyttu. Ég hef litið hér á brtt. frá Stefáni Valgeirssyni o. fl. varðandi þetta, og mér þykir dálítið einkennilegt, að einmitt hann, sem er í landbn., mætti ekki á þessum fundi, án þess að hann boðaði nokkur forföll, þar sem hann hafði í hyggju að bera fram brtt. En hvað um það. Hann á náttúrlega rétt á því að koma með sína brtt. þrátt fyrir það, en fljótt á litið sé ég ekki ástæðu til þess að samþykkja hana. Og varðandi þær brtt., sem komið hafa fram í Ed., þá ræddi ég þær sérstaklega við yfirdýralækni, og hann taldi sig mótfallinn þeim.

Að sjálfsögðu verður ekkert um það sagt á þessu stigi málsins, hvort Ed. kann að gera einhverjar breytingar við þá afgreiðslu, sem Nd. gerir á þessu frv., og verður það þá tekið fyrir aftur öðru sinni, ef þetta kemur til n. En ég vil leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt og afgreiðslu þess verði hraðað, svo að bændur viti, hvort þær breytingar ná lagagildi, sem hér er lagt til, eða ekki.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Eins og sést á nál., sem hér liggur með þessu frv., frá landbn., þá voru aðeins fjórir af sjö hv. nm. mættir á þessum fundi. Það var nú með þennan fund, að hann var boðaður á óvenjulegum tíma — ekki á þeim tíma, sem nefndarfundir eru venjulega boðaðir á — eða klukkan hálf tvö. Og ég a. m. k. hitti einn hv. nm. og sagði honum, að ég mundi ekki geta mætt á þessum fundi á þessum tíma.

Út af fyrir sig er ég sammála þessu frv., að það sé, eins og ástatt er nú í landbúnaðinum, nauðsynlegt að fresta böðun, vegna þess að það er líka álitið, að hennar sé ekki þörf. En þá hefði bara málið átt að koma fram á allt annan hátt en gert er. Það hefði verið eðlilegast strax í byrjun þings, að haft hefði verið samráð við landbn. beggja deilda, þar sem í l. er, að baðtíminn hefst um miðjan október, og a. m. k. veit ég um það, að ýmsir eru búnir að baða nú, vegna þess að þeim var þetta ekki kunnugt. Það er af þessari ástæðu, sem við komum fram með þessa brtt., og líka þeirri ástæðu, að a. m. k. þar, sem ég þekki til í Eyjafirði, þá er venjulega baðað strax eftir sláturtíð eða jafnvel fyrir 1. nóv., ef tíð er þannig, og ég sé ekki ástæðu til þess að breyta l. frá því, sem þau hafa verið, til þess að hindra það. Það er töluverður fóðursparnaður í því að geta baðað á þeim tíma, sem fé gengur enn úti, og ef góð er tíð, eftir að búið er að slátra, þar sem þannig hagar til, að allt fé er komið heim, hvort sem er, þá er auðvitað dálítið einkennilegt að fara að breyta þessum lögum á þennan hátt til þess að hindra þetta. Þess vegna höfum við leyft okkur að koma fram með þá brtt., að þetta verði miðað við 20. okt. í stað 1. nóv., og ég sé ekki, að það skipti neinu máli fyrir hv. þm., þó að þeir fallist á þessa breytingu til þess að koma til móts við bændur í þessu efni. Hin brtt. er vegna þess, hvernig þetta mál hefur borið hér að, og sumir bændur eru þegar búnir að baða. Bæði fjármunir og tími fara í það að baða, og ég sé ekki beint ástæðu til þess að skylda þá, sem eru búnir að því nú, til þess að baða aftur á næsta vetri — ekki sízt í þeim héruðum, þar sem færilús eða fellilús hefur ekki sézt í fleiri ár, eins og er t. d. í mínu héraði.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að ræða þetta mál frekar hér, en vænti þess fastlega, að hv. þm. geti verið mér sammála um það að gera þessar tvær breytingar. Annars væri þeim mönnum, sem hafa ekki vitað um, að þessi breyting á l. væri í aðsigi, gert rangt til.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er náttúrlega ekkert stórmál, þessi brtt., sem hér er um að ræða, og verður nú sennilega ekki neitt hitamál hér í hv. þingi. Eigi að síður þykir mér rétt að fara nokkrum orðum um þetta, og það, að margir séu nú þegar búnir að baða, held ég, að geti nú tæplega verið rétt. En það má vel vera, að það séu einhverjir, og það getur vel verið, að það sé önnur regla norður í Eyjafirði heldur en hér á Suðurlandi. Hér á Suðurlandi er venjan að baða, eftir að fé er komið í hús, en ekki hafa það úti, eftir að búið er að baða það. Þetta frv. var lagt hérna fram, og það er áreiðanlegt, að bændur fylgjast betur heldur en flestir aðrir með þingmálum. Þeir vita, hvaða mál eru flutt og ekki sízt, ef það snertir landbúnað. Og þar sem þetta er stjfrv., þá hafa

bændur áreiðanlega reiknað með því, að þessi breyting yrði að lögum, og það út af fyrir sig gerir það enn ótrúlegra, að bændur séu búnir að baða. En þetta er ekkert stórt atriði, hvort þetta bráðabirgðaákvæði út af fyrir sig er samþ., en ég gæti nú bezt trúað því, að það væri með öllu óþarft.

Það segir hér í 1. gr. l. um sauðfjárbaðanir, með leyfi hæstv. forseta:

„Skulu þær baðanir fara fram á tímabilinu 15. október til 1. marz veturna 1959—60 og 1960—61. Eftir það er heimilt að baða aðeins annað hvert ár, en á sama tímabili."

Ég er nú ekki alveg viss um það, nema það væri bara heimilt að veita þeim bændum, sem eru búnir að baða, ef þeir eru einhverjir, undanþágu frá því að baða næsta ár, ef þeir hafa baðað núna. En það þykir sjálfsagt, að það verði athugað nánar, og ég tel, að þótt þessi till. sé ekki mikilvæg, þá sé það eðlilegt, að það fari ekki fram atkvgr. um hana fyrr en við 3. umr. Henni verði frestað núna, og n. fái tækifæri til þess að athuga það, hvort það þykir ástæða til að samþykkja till. Ég tel, að tímabilið frá 1. nóv. til 1. marz sé eðlilegur tími, vegna þess að sauðfjárbaðanir fara yfirleitt ekki fram, fyrr en fénaður er kominn á gjöf. En hv. landbn. getur nú skotið á fundi, og hv. 1. flm. þessarar till. hefur vonandi tíma til þess að mæta á þingfundi, þ. e. a. s., ef hann er rétt og eðlilega boðaður, og þá kemur fram, hvort ástæða er til að samþykkja brtt. eða ekki. Ef það að athuguðu máli þykir rétt og eðlilegt, þá hefði ég sízt á móti því. Ef það er óþarft, þá er bezt að láta það vera, og þá tryði ég hv. flm. alveg til að taka till. aftur, ef hún að athuguðu máli sýnist vera algerlega óþörf.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Mér þykir bara rétt að benda hæstv. landbrh. á það, að þrátt fyrir þessa lagaheimild, sem hann las úr, þá yrði samt sem áður að baða annað hvert ár og þá mundu þessir menn einmitt baða áfram á því ári, sem almenn böðun færi ekki fram, og það væri ekki æskilegt. Það væri ekki æskilegt, því að nú á að fara fram böðun annað hvert ár. En þeim mönnum, sem eru búnir að baða, væri gerður óréttur með því að verða ekki við þessari ósk. Ég var nú norður í Eyjafirði og hitti marga bændur bæði úr Þingeyjarsýslum báðum og Eyjafirði, og þeir spurðu einmitt mjög um þetta frv. og vissu ekkert um, hvort það væri líklegt til að ná fram að ganga eða ekki. Það er nú svo þarna norður frá, en það kann að vera, að sunnlenzkir bændur viti það, að það sem hæstv. landbrh. ber fram hér, muni kannske ná fram að ganga, en þeir þarna fyrir norðan vita það nú ekki.

Ég get aftur á móti orðið við þeirri beiðni að taka þessa till. aftur núna og óska eftir því, að hún sé ekki borin undir atkvæði við þessa umr., og ég vona það þá, að formaður hv. landbn. boði fund á venjulegum fundartíma, þannig að allir geti mætt og hann verði við ósk ráðh. um það að boða fund, áður en málið kemur til 3. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég vildi nú bara aðeins taka svari norðlenzkra bænda. Mér finnst hv. þm. gera heldur lítið úr þeim, er hann telur þá fylgjast illa með þingmálum, þar sem hann heldur því fram, að þeir hafi nú ekki reiknað með því eða vitað nokkuð um það, hvort þetta frv. mundi verða að lögum eða hvort líklegt væri, að það yrði að lögum. Ég held . . . (Gripið fram í.) Nei, þeir gera ekki ráð fyrir, að ráðh. hafi löggjafarvald, en norðlenzkir bændur gera ráð fyrir því, að mál, sem er flutt og vitað er, að ekki er ágreiningsmál eins og þetta, og sérfræðingar, sem leitað hefur verið til eru samþykkir, verði samþ., og ég er alveg viss um það, að eyfirzkir bændur hafa gert ráð fyrir því, að þetta frv. yrði samþ. En hvort þeir eru búnir að baða, það ætla ég ekkert að þrátta um við hv. þm. Ég geri ekki ráð fyrir því, að hann skrökvi því, að einhverjir bændur hér fyrir norðan séu búnir að baða. Það væri líka alveg ástæðulaust, en ég reikna með, að þeir séu fáir. En um þetta er nú ástæðulaust að þrátta. Till. verður athuguð og væntanlega samþ., ef hún verður talin vera til bóta fyrir frv., en væntanlega felld eða dregin til baka, ef ástæðulaust er að bæta henni þarna við.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Varðandi fundarboðun þess fundar, sem tók afstöðu til þessa máls, verð ég að segja það, að það er enginn fastur fundartími í þeirri n. og fundir hafa alltaf verið boðaðir á ýmsum tímum. Svo lengi sem ég hef verið hér á þessu hv. Alþ., hefur enginn haft við það að athuga, hafi fundarboðið komizt til manna, og ég vil ekki taka undir það, að þessi fundarboðun hafi verið þannig, að það sé ekki í alla staði fullkomlega lögmæt afgreiðsla á málinu í n.

Hins vegar er það sjálfsagt að segja það, að þetta er ekki það mál, sem á að geta valdið neinum hita hér í þessari hv. deild, og ég er alveg ásáttur með það, að vilji flm. taka till. aftur til 3. umr., sé þetta athugað á þeim tíma, sem líður á milli 2. og 3. umr. En mín skoðun er sú varðandi þessar brtt., sem hér liggja fyrir, að fyrri brtt. sé meinlaus og það skipti í sjálfu sér ekki máli, hvort ákveðið sé 1. nóv. eða 20. okt. Það er út af fyrir sig ákaflega lítið atriði í þessu efni. Þetta er byrjun böðunartímans, og yfirleitt hafa menn ekki baðað fyrr en í nóvember. Þar sem ég þekki til, álít ég, að bezti tíminn sé að haustinu. Hitt er svo sjálfsagt, að einhverjir hafa baðað fyrr. En ég vil taka undir það, sem hér kom fram áðan, að bændum hlaut að vera ljóst, að þetta frv. lá fyrir, og þess vegna var óvarlegt af þeim að vera að rjúka í að baða fyrr en venjulega, þegar allar líkur voru til að þetta yrði samþ. Ég er ekkert að segja, að það væri alveg sjálfsagt, að það yrði samþ., en allar líkur til þess.

En varðandi þessi ákvæði til bráðabirgða um, að þeir, sem eru þegar búnir að baða, séu undanþegnir böðun á næsta ári, þá held ég, að það sé mjög varhugavert að samþykkja það, því að eitt aðalatriðið við böðun er það, að böðun fari fram samtímis

hjá mönnum sem allra mest, til þess að lús eða færilús eða fellilús — og ég tala nú ekki um kláða — berist ekki á milli á þeim tíma, sem annar hefur baðað en hinn ekki. Og ef á að fella niður böðun á einstaka heimilum, sem búin eru að baða, á næsta ári við allsherjarböðun, þá held ég, að það sé mjög varhugavert að leyfa það beint í lögum. Það kann að vera, að það væri skynsamlegt að búa til einhverja undanþágu, sem dýralæknir gæti veitt, ef hann teldi enga hættu stafa af því, að þannig væri á misvíxl böðun eitt árið á þessum stað og annað ár á öðrum.

En ég er sem sé fús til þess, að við athugum þetta í n., áður en til 3. umr. kemur, ef hv. nm. vilja draga till. til baka þangað til.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 17. fundi í Nd., 12. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 119 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 19. og 20. fundi í Nd., 16. og 18. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 77, 119).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Eins og um var talað við 2. umr. þessa máls, þá hefur landbn. skotið á fundi til að athuga tvær brtt., sem komu fram við frv. á þskj. 119. Landbn. taldi sig ekki geta stutt þessar till., og er það afstaða n. í heild, þó að einstakir menn í n. leggi til, að þær verði samþ. Till. eru svo hljóðandi:

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „1. nóv." komi: 20. okt.

2. Á eftir 2. gr. komi svofellt ákvæði til bráðabirgða: Þeir, sem hafa lokið böðun sauðfjár á þessum vetri (1970—1971), áður en lög þessi öðlast gildi, skulu undanþegnir skyldu til sauðfjárböðunar veturinn 1971—1972 samkvæmt ákvæði 1. gr. laga þessara.

Persónulega lít ég svo á, að fyrri brtt. um það að færa ákvæðið um böðunartímann um 10 daga hafi ekki nein áhrif hvorki til góðs né ills og sé því meinlaust að samþykkja þá brtt. Hins vegar er allt öðru máli að gegna um hina till., þar sem gert er ráð fyrir því, að einstakir menn, sem kunna að hafa baðað, áður en lög þessi öðlast gildi, þurfi ekki að baða á næsta ári, þegar allsherjarböðun fer fram. Það brýtur algerlega í bág við tilgang þeirra laga, sem nú gilda um sauðfjárbaðanir, sem sé þann, að böðun fari alls staðar fram á sama vetri um allt land. Þess vegna er ég eindregið á móti því, að seinni liður þessara brtt. verði samþykktur.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Eins og kom fram hjá hv. 11. landsk. þm., sem var að ljúka hér máli sínu, þá kom landbn. á fund til þess að fjalla um þær till., sem ég og tveir aðrir hv. þdm. höfðum hér fram borið við þetta frv. Ástæðan, eins og ég gat um, þegar málið var til umr. hér síðast við 2. umr., var, að þetta frv. var lagt fram hér á hv. þingi 28. okt., en samkvæmt gildandi lögum þá er böðunartíminn frá 15. okt. Sem sé 13 dögum eftir, að kom fram á böðunartímann, var þetta fyrst lagt hér fram í deildinni. Í sumum héruðum er það þannig, að ef góð tíð er, strax þegar slátrun er lokið, þá nota menn þann tíma til að baða einmitt til þess að spara sér fóður.

Ég get nú ekki fallizt á þau rök, sem hv. 11. landsk. þm. var að tala um áðan í sambandi við, að það væri svo mjög nauðsynlegt að baða alls staðar á sama tíma, vegna þess að hvorki færi- né fellilús hefur sézt — jafnvel ekki í áratug í heilum héruðum — eins og segir hér í þessu frv., og þannig er það, þar sem ég þekki bezt til. Þrátt fyrir það, að framkvæmdin við böðunina hefur verið þannig, að það hefur verið byrjað seinni partinn í október að baða og sumir hafa ekki baðað fyrr en kemur langt fram yfir miðjan vetur, þá er samt þessi góði árangur. En mér sýnist bara, að þeim, sem hafa lagt í þann kostnað nú að baða, sé í raun og veru gert órétt með því að samþykkja þetta frv. óbreytt. Og af þessu tilefni vaknar bara sú spurning, hvort jafnvel þeir bændur, sem eru búnir að baða og telja sig hafa orðið að gera það samkvæmt lögum, geti ekki farið fram á skaðabætur fyrir slíkt. Það getur alveg verið spurning. En þetta er ekkert stórmál, og ég ætla ekki að fara að ræða það hér frekar. Ég veit um það, að í ýmsum sveitum, a. m. k. þar sem ég þekki bezt til, er meiri hluti af bændunum búinn að baða, eins og hefur verið gert á undanförnum árum, og ég harma það, ef þetta frv. verður samþ. á þennan hátt, þó að ég hins vegar vilji samþykkja það. Ég vil ekki setja fót fyrir þetta frv., vegna þess að ég veit, að ýmsir, sem ekki eru búnir að baða, eru sannarlega í þörf fyrir það að losna við það, en það hefði verið hægt að koma til móts við þá bændur, sem eru búnir að því, ef það hefði verið nægur skilningur á þessu máli hjá hv. landbn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 22. fundi í Nd., 23. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 119,1 felld með 17:7 atkv.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 119,2 felld með 15:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 20. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 21. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 77, n. 208).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta frv., sem hér er til umr. Landbn. hefur athugað frv. og leggur til, eins og nál. á þskj. 208 ber með sér, að frv. verði samþykkt óbreytt. Þó þykir mér rétt að geta þess hér og nú, að fyrir landbn. liggur annað frv. til l. um breyt. á l. um sauðfjárbaðanir, en vegna þeirrar sérstöðu, sem þetta frv. hefur, sem hér er til umr., að það er um frestun á böðun á þessu ári og því nauðsynlegt að hraða því mjög, þá hefur orðið um það samkomulag í n. að hleypa þessu frv. áfram strax og með þeim hraða, sem hægt er, en taka síðan fyrir til nánari athugunar það frv. annað um baðanir, sem fyrir liggur í d. Þetta frv. er eingöngu um það að fresta böðun á þessum vetri, og til þess að menn fari ekki að leggja í þann kostnað, sem því fylgir að baða, þá þarf að hraða þessu frv. N. mælir sem sé með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 245).

---

5. Stofnlánadeild landbúnaðarins (stjfrv.).

Á 2. fundi í Ed., 13. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 frá 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum [24. mál] (stjfrv., A. 24).

Á 6. fundi í Ed., 27. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er fylgifiskur frv. til l. um Lífeyrissjóð bænda, sem tekið hefur verið til 1. umr. hér í hv. d., og hv. þdm. munu hafa kynnt sér. Með því frv., sem hér liggur fyrir til breytinga á l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins, er gert ráð fyrir að lækka framlag til stofnlánadeildarinnar í áföngum, þ. e. að innheimta búnaðarmálasjóðsgjaldið samkv. l. nr. 38 15. febr. 1945. Eins og kunnugt er, var þetta gjald lagt á til innheimtu vegna stofnlánadeildar með l. 1962 til þess að byggja upp öfluga stofnlánadeild fyrir landbúnaðinn. Byggingar- og Ræktunarsjóður voru þá illa settir fjárhagslega, eins og kunnugt er, höfðu orðið fyrir nýjum áföllum og áttu ekki fyrir skuldum. Lög um Stofnlánadeild landbúnaðarins og þetta álag, sem lögfest var, voru menn ekki alveg sammála um, hvort réttmætt væri. Eigi að síður var þetta lögfest, og í 8 ár hefur Stofnlánadeild landbúnaðarins notið þess að fá 1% gjald af búvörum og jafnmikið frá ríkissjóði og 0.75% frá neytendum, sem lagt er á búvöruna. Með þessum hætti hafa stofnlánadeildinni verið tryggðar öruggar tekjur árlega og hefur henni vaxið nokkur fiskur um hrygg á þessu árabili. En það hefur þó dregið úr batanum, að deildin varð fyrir áföllum vegna gengisbreytinga 1967 og 1968.

Á áratugnum 1950—1960 voru tekin erlend lán handa Byggingarsjóði og Ræktunarsjóði og endurlánuð bændum án gengisskilyrða. En þessi lán fara nú lækkandi. Bæði er það, að nú er ekki útlit fyrir gengisbreytingu, og við skulum vona, að það verði langt að bíða, þangað til til þess þarf að grípa, og eins hitt, að þessi lán eru orðin lítil, svo að ekki er ástæða til að ætla, að stofnlánadeildin fái aftur skakkaföll af þessum erlendu lánum. Síðan 1960 hafa búnaðarsjóðirnir yfirleitt fengið innlent fé til ráðstöfunar, og það útlenda fé, sem tekið hefur verið að láni, hefur verið lánað með gengisskilyrðum, þannig að stofnlánadeildin verður ekki fyrir áföllum á þeim lántökum, þótt svo illa tækist til einhvern tíma, að til gengislækkunar þyrfti að grípa. Stofnlánadeildin átti í árslok 1969 125 millj. kr. skuldlausa eign, en þegar l. voru sett um stofnlánadeildina, var 33 millj. kr. halli og skuldirnar meiri heldur en eignir. En á tímabilinu hefur orðið gengistap, og hagnaðurinn hefði orðið mun meiri, ef það hefði ekki orðið. Það er gert ráð fyrir, að það verði haldið áfram á árunum 1971—1975 að greiða 1% gjald og tekjur stofnlánadeildarinnar verði hinar sömu, en á árunum 1976—1980 verði greitt 0.75%, á árunum 1981—1985 0.5% og árunum 1986—1990 0.25%, og þá falli þetta niður.

Ég átti von á því að fá nákvæma áætlun um það, hvernig hagur stofnlánadeildarinnar yrði 1980 með því að lögfesta þetta og eins hvernig hann yrði að loknu tímabilinu 1990 miðað við það, að deildin fengi engin áföll í gengisbreytingum, en gróf áætlun er, að skuldlaus eign stofnlánadeildarinnar 1980 verði 600 millj. kr. og rúmlega 1 milljarður kr. 1990, en sú hv. n., sem fær þetta til meðferðar, mun geta fengið nákvæma útreikninga um þetta. Á

þessu sést, að deildin heldur áfram að byggja sig upp, þótt nokkuð verði dregið úr framlögunum, sérstaklega miðað við það, að nú ætti að verða minni hætta á áföllum heldur en áður, þegar erlendu lánin eru ekki lengur fyrir hendi. Og það er ánægjulegt að geta þess, að búnaðarsjóðirnir og stofnlánadeildin hafa ekki orðið fyrir áföllum vegna tapa á lánum, sem bændum hafa verið veitt á þessu tímabili. Það hefur alltaf verið svo, að bændur hafa þrátt fyrir allt verið með þeim skilsömustu, sem lán taka.

En eins og kemur hér fram í 1. gr. frv., er hér um það að ræða að lækka þessi framlög í áföngum. Þá er gert ráð fyrir því, að gjald af útsöluverði mjólkur og rjóma og af heildsöluverði annarra landbúnaðarvara skuli nema sem svarar 0.75% til ársloka 1980, 0.5% árið 1981—1985 og 0.25% 1986—1990 af verði sömu afurða samkv. verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara á hverjum tíma. Við ákvörðun gjaldsins á vörum unnum úr afurðum í verðlagsgrundvelli reiknast hinar síðarnefndu á grundvallarverði að viðbættum þeim hundraðshluta sem segir í 1. málsl. þessa tölul.

2. gr. þessa frv. kveður á um það, að Stofnlánadeild landbúnaðarins greiði Lífeyrissjóði bænda á tímabilinu 1. jan. 1971 til 1. jan. 1986 fé til lífeyrisgreiðslna samkv. 17. og 18. gr. l. um Lífeyrissjóð bænda, er nemur 37.5% árlega af lífeyrisgreiðslunni. Ríkissjóður greiðir hins vegar 62.5%. Þetta verða dálítil útgjöld hjá stofnlánadeildinni. Þannig er gert ráð fyrir því, að á fyrsta ári nemi þessar greiðslur um 11 millj. kr., en þá ætti stofnlánadeildin að borga 37.5% af því. Þetta hækkar svo upp í 25 millj. kr. 1980, en það er talið, að stofnlánadeildin geti tekið þetta að sér og það verði henni ekki ofviða. Þá er einnig gert ráð fyrir því, að deildin greiði Lífeyrissjóði bænda framlag samkv. 6. gr. þessa frv. um Lífeyrissjóð bænda, en í þeirri gr. er gert ráð fyrir, að hrökkvi tekjur sjóðsins ekki til fyrir ársútgjöldum hans, þá verði Stofnlánadeild landbúnaðarins skylt að leggja fram óafturkræft fé fyrir því, sem á vantar, þar til úr verður bætt samkv. ákvæðum 1. mgr. 1. gr., þ. e. að stjórn sjóðsins skal eigi sjaldnar en fimmta hvert ár láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag hans, og þyki honum rannsókn leiða í ljós, að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur, skal hann gera till. til sjóðsstjórnar um að efla hann. Þetta er hv. þm. vitanlega kunnugt, þar sem þeir hafa haft þetta frv. fyrir framan sig til athugunar, og þarf þess vegna ekki að fara að rökstyðja það nánar, en það er gert ráð fyrir því, að stofnlánadeildin geti innt þetta af hendi. Fjárhagur hennar eða ráðstöfunarfé hennar verður einnig aukið, af því að það er gert ráð fyrir, að Lífeyrissjóðurinn verði ávaxtaður í stofnlánadeildinni, og það getur vitanlega orðið til þess, að stofnlánadeildin hafi svona rýmri fjárráð á stundum a. m. k.

Frv. um Lífeyrissjóð bænda var samið, eins og fram hefur komið, á árinu 1969 aðallega af n., sem Búnaðarþing skipaði, en síðar endurskoðað af n., sem ég skipaði, ásamt Guðjóni Hansen, tryggingafræðingi, sem lagði síðustu hönd á þetta, til þess að það væri fræðilega séð rétt upp byggt. Þetta frv. hefur verið kynnt bændum landsins, og aðalfundur Stéttarsambands bænda á s. l. hausti samþykkti einróma, að hann fyrir sitt leyti væri frv. samþykkur eins og það er. Og í samráði við stjórn Stéttarsambands bænda hefur þetta frv. verið samþ., þ. e. að fella niður stofnlánadeildargjaldið í áföngum og leggja þessar kvaðir, sem um getur í 2. gr. þessa frv., á stofnlánadeildina, og við nána athugun hefur það þótt fært.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fara fleiri orðum um þetta mál. Þessi tvö mál, frv. um Lífeyrissjóð bænda og breyting á stofnlánadeildarlögunum, eru hvort öðru tengd, og það þarf að samþykkja þau samhliða. Ég vil láta þá von í ljósi, að þetta frv. verði samþ. á þessu þingi, að lög um Lífeyrissjóð bænda geti orðið virk frá næstu áramótum, eins og talað hefur verið um, og tel ég þá, að stigið hafi verið stórt framfaraspor fyrir bændastéttina, og með ákvæðum, sem eru í þessu frv. um það, að stofnlánadeildin hjálpi til að greiða ellilífeyri þeim bændum, sem ekki geta notið greiðslna úr Lífeyrissjóði nú fyrstu árin, sé stigið spor, sem beri að fagna og horfi til heilla og framfara.

Ég vil, herra forseti, leggja til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Það er alveg rétt, sem hæstv. ráðh. gat um, að þegar stofnlánadeildin tók til starfa, voru skuldir þeirra sjóða, sem deildin tók við af, 33 millj. kr. En þess vil ég geta um leið, að þá hafði núv. hæstv. landbrh. farið með yfirstjórn þessara mála tvö undanfarin ár, en í árslok 1959 var sú eign, sem sjóðirnir áttu, 101 millj. 940 þús. kr., sem á þeim tíma var ekki svo lítil upphæð. Þannig lækkaði á tveimur fyrstu árunum, sem hæstv. ráðh. fór með stjórn þessara mála, eignin niður í mínus 33 millj. kr., af því að það var ekkert gert til þess að hjálpa þessum sjóðum, eins og jafnan hafði átt sér stað áður.

Í grg. þessa frv. segir, að gjaldabyrði bændastéttarinnar sé þegar það mikil, að ekki sé á það bætandi, og þetta er alveg rétt. Og þetta fannst okkur framsóknarmönnum, þegar stofnlánadeildarskatturinn var á þá lagður árið 1962. Við höfum líka oft og mörgum sinnum borið fram frv. um það að fella niður þetta gjald, en stjórnarliðið með hæstv. landbrh. í broddi fylkingar hefur verndað þessa skattlagningu af miklu kappi. Hæstv. ráðh. fyrirskipaði einnig á sama tíma Búnaðarbankanum að lána bændum aldrei nema út á eina framkvæmd á ári, og bændastéttin hefur á þessu tímabili verið eina stéttin í landinu, sem hefur búið við fjárfestingarfjötra — fjárfestingareftirlit. Og um leið og skatturinn var á lagður, hækkuðu líka vextir af lánunum um 60—70% frá því, sem áður hafði verið. Þá var því haldið fram af hæstv. landbrh., að það skipti engu máli, hvað

bændur borguðu í vexti, því að vextirnir færu inn í verðlagið, og það væru neytendurnir, sem borguðu vextina.

Ég vil minna á það, að lengst af á þessu tímabili hafa bændur ekki borið úr býtum þau laun, sem þeim hafa verið ætluð, og á það vantaði 128 þús. kr. árið, sem leið — 128 þús. kr. eða 10 þús. kr. á mánuði hverjum á árinu, svo að þessi kenning hæstv. ráðh. hefur farið á annan veg en hann hélt fram eins og ýmislegt fleira. Það má líka með sanni segja, að kjör stofnlánadeildarinnar, þegar tillit er tekið til vaxtagreiðslna og skattsins, sem á bændur er lagður, séu hvergi hliðstæð í landinu, því að umreikni maður það í vexti af þeim lánum, sem hafa verið í útlánum, eru það nálægt 12% vextir eða líkt og okurvextir voru hjá lánabröskurum hér á landi fyrir nokkrum árum. Á þetta vil ég minna að gefnu tilefni, um leið og ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir það, að augu hans og eyru eru að opnast fyrir þeim sannindum og rökfærslum, sem við framsóknarmenn og bændur landsins og bændasamtökin hafa haldið fram á undanförnum árum. Þetta frv. ber vitni um aukinn skilning á þessu sviði. Hér er gert ráð fyrir, að stofnlánadeildarskatti verði aflétt á 15 árum, þ. e. á árinu 1975 til — og með — ársins 1990.

Á það vil ég einnig minna, að í því lífeyrissjóðsfrv., sem fram er komið á Alþ., er svo ráð fyrir gert, að iðgjöld bænda smáhækki á fjórum árum, en ekki á 15 árum, þannig að áður en nokkur lækkun á sér stað á stofnlánadeildargjaldi, borga bændur fullt iðgjald í Lífeyrissjóðinn strax eftir 4 ár. Hér þarf að finna leið til að brúa bilið þarna á milli. Mþn. Búnaðarþings gerði ráð fyrir því, að skatti þessum yrði aflétt á árunum frá 1974—1986, þ. e. á 12 árum. Þennan tíma tel ég viðráðanlegri fyrir bændur, og hann er líka í samræmi við þann tíma, sem stofnlánadeildinni er ætlað að inna vissar skyldur af hendi til Lífeyrissjóðsins. Það er líka svo ráð fyrir gert, að stofnlánadeildin fái allt að 10% af tekjum Lífeyrissjóðs að láni og Lífeyrissjóðurinn allur verði ávaxtaður í Búnaðarbanka Íslands og útibúum hans. Ég skal ekki að svo komnu ræða um þessa ráðstöfun, en fljótt á litið finnst mér, að bændasamtökin sjálf gætu séð um og annazt starfrækslu Lífeyrissjóðsins og e. t. v. stofnlánadeildarinnar einnig.

Þá gerir frv. þetta ráð fyrir, að samhliða skattinum á bændum verði fellt niður mótframlag ríkissjóðs og gjaldið á útsöluverði landbúnaðarafurða. Ég tel það vel farið, að forsvarsmenn stofnlánadeildarinnar telja sér nú fært að afla deildinni fjár á annan hátt, þar sem aldrei hefur mátt skerða þessar tekjur um svo mikið sem einn eyri að undanförnu, nema því aðeins að eiga það á hættu, að hreinn voði væri fram undan. En þessar tekjur stofnlánadeildarinnar voru samkv. reikningi Búnaðarbanka Íslands fyrir árið 1969 kr. 50 897 901.60 kr., þar af gjaldið frá bændum rúmar 20 millj. kr. Mér finnst, að í þessu felist sú viðurkenning, að stofnlánadeildin hafi ekki þurft alltaf á þessum tekjum að halda. Og ég fæ ekki séð, að skyldulánin frá Lífeyrissjóði bænda nemi, a. m. k. fyrst í stað, þeirri upphæð, sem hér um ræðir. Ég held, að það sé útilokað mál. Sé það svo, að stofnlánadeildin hafi að mestu umráð yfir Lífeyrissjóði bænda, finnst mér fjarri lagi annað en bændur fái verulegan úthlutunarrétt á lánum þeim, sem veitt verða úr Stofnlánadeild landbúnaðarins, á meðan þeir fá þessi mál ekki alveg í sínar hendur. En ég vona, að það geti orðið samkomulag um þetta frv. og á því geti fengizt leiðréttingar til að brúa það bil, sem ég nefndi áðan, og ég vil fagna því, að hæstv. ráðh. og það lið, sem hann hefur á að skipa, er nú komið á þá skoðun, sem við framsóknarmenn höfum verið á að undanförnu, og við teljum, að þessi skattur hafi verið ranglátur og að í ljós komi með þessu frv., að hann hafi að mestu verið óþarfur.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er dálítill misskilningur hjá hv. 1. þm. Vesturl., ef hann ætlar að halda því fram, að stofnlánadeildargjaldið hafi alltaf verið óþarft, af því að það sé hægt að afnema það nú í áföngum. Af hverju er hægt að afnema það nú í áföngum? Og af hverju er það ekki afnumið strax? Af hverju er það gert í áföngum? Það er gert í áföngum vegna þess, að stofnlánadeildin má ekki missa það núna. En með því að hafa óbreytt gjald til 1975, 0.75% gjald til 1980, 0.5% gjald til 1985 og 0.25% til 1990, þá heldur deildin áfram að eflast og safna eigin fé. Og eftir því sem eigið fé deildarinnar verður meira, því meiri verða vaxtatekjur deildarinnar og því öflugri verður hún. Og það er vegna þess, að stofnlánadeildargjaldið var lagt á 1962, að deildin er að verða öflug, fjárhagslega öflug og fjárhagslega sjálfstæð, og að hún getur núna misst þetta í áföngum, og það gjald, sem áður hefur runnið til stofnlánadeildarinnar, getur runnið í Lífeyrissjóð bænda. Þetta veit ég, að hv. 1. þm. Vesturl. sér og skilur, og ég vænti þess, að hann sé kominn á sömu skoðun og ég hef alltaf verið á, að stofnlánadeildargjaldið hafi verið mjög þarft og nauðsynlegt. Það hafi verið góð og þörf ráðstöfun að gera þetta, þ. e. byggja deildina upp og standa af sér áföllin, sem hún varð fyrir við gengisbreytingarnar, og láta þetta eftir smátt og smátt, eftir því sem fært þykir, eftir því sem eigið fé deildarinnar hefur aukizt og eftir því sem vaxtatekjur deildarinnar verða meiri.

Það er náttúrlega broslegt, þegar hv. 1. þm. Vesturl. byrjar hér ræðu sína og segir, að sjóðirnir hafi nú raunar átt 101 millj. kr. skuldlausa 1959, en þegar ég hafi verið búinn að vera landbrh. í tvö ár, þá hafi sjóðirnir skuldað 33 millj. kr. umfram eignir. Það er alltaf gott að geta brosað, og víst er það „kómiskt“ að geta haldið þessu fram — hafa þrek til þess — og minnast þess ekki, af hverju gengisbreytingin var skráð 1960 — að það var afleiðing af því, sem skeði fyrir þann tíma, að það var vegna þess, að það var verið að afnema uppbætur á uppbæturnar og það var verið að gera ráðstafanir til þess, að við hefðum eitt gengi íslenzku krónunnar,

en ekki tuttugu, eins og gerðist meðan vinstri stjórnin sat að völdum. Og ég segi nú það, að það þarf dálítið mikið þrek til þess að koma hér upp í ræðustól eins og þessi hv. og virðulegi þm., sem hefur setið á Alþ. áratugum saman, og blygðast sín ekki fyrir það að rifja það upp, hvernig þetta ból vinstri stjórnarinnar var, sem ríkisstj. 1960 varð að hreinsa til í. Og ég hélt satt að segja, að hv. þm. væri vaxinn upp úr þessum barnaskap og þessari einfeldni að halda því fram, að gengisbreytingin 1960 hafi verið sök þeirrar stjórnar, sem þá settist að völdum. Þetta var arfur ráðleysisins, og það held ég, að flestum sé nú orðið ljóst.

Í rauninni er það ekki fleira, sem þarf að segja í tilefni af ræðu hv. 1. þm. Vesturl. Stofnlánadeild landbúnaðarins hefur veitt lán og tiltölulega meiri lán en gert var áður. 1957 munu búnaðarsjóðirnir hafa lánað 41 millj. kr. og 1958 42 millj. kr. En hvað hefur þetta verið núna undanfarin ár? 120, 130, 136 millj. kr. Það er reikningsdæmi að breyta þessu, sem var 1957 og 1958, til núverandi verðlags og fá raungildi fjárins metið rétt í bæði skiptin. En miðað við byggingarvísitölu er það alveg ljóst, að lánin hafa verið stóraukin frá því, sem var. Það er alveg ljóst; við getum reiknað það í huganum. En 11—12% vaxtagreiðslur, sem hv. þm. var að tala um. Það hefur nú einu sinni verið hrakið, og vaxtakjörin hjá stofnlánadeildinni eru vitanlega mjög hagstæð utan þess, og lánin eru til langs tíma, 42 ára fyrir íbúðarhús og 20 ára yfirleitt fyrir útihús. Ég skal viðurkenna, að æskilegt væri að hækka þau lán og lengja þau til 25 ára fyrir varanlega byggð hús. Það er alveg forsvaranlegt, og ég vildi nú stuðla að því, að það væri gert, um leið og stofnlánadeildinni vex fiskur um hrygg og hún getur meira.

Hv. þm. segir, að bændur beri minna úr býtum núna en þeir eigi skilið og þá eitthvað lægra hlutfall en áður. Ja, við höfum orðið fyrir því óhappi að fá vont árferði síðustu 3—4 árin. Það hefur verið grasbrestur, það hefur verið kal víða, það hafa verið óþurrkar og kólnandi tíðarfar. Þetta hefur valdið landbúnaðinum miklum búsifjum, og óvíst er, hvort landbúnaðurinn hefði fyrr þolað þessi áföll. Hefur ekki landbúnaðurinn staðið þessi áföll af sér, af því að hann hefur fengið aukinn viðnámsþrótt, meira þrek í stjórnartíð núverandi stjórnar á árunum 1960 til 1966—67, þangað til árferðið fór að verða verra? Hefði landbúnaðurinn getað staðizt þessi áföll, ef tíðarfarið hefði versnað svona t. d. 1958—1959? Það er mikið vafamál. Hann hefði staðið miklu verr að vígi. Þetta er nokkuð, sem ástæða er til að athuga nákvæmlega, þ. e. hvernig „status" bændanna var á þeim árum, hvernig hann var, áður en árferðið fór að versna, hvernig hann er nú, hvernig þetta var með tekjurnar hjá bændunum áður og hvernig það er nú. Skyldu bændurnir alltaf hafa fengið eða borið úr býtum jafnmikið og aðrar stéttir í þjóðfélaginu? Hvenær hefur það verið? Það væri líka fróðlegt að rifja það upp. En hitt veit ég, að það var ekki á árunum 1957 og 1958. Ég ætla, að þá hafi bændurnir ekki fengið meira en 60—70% í tekjur miðað við aðrar stéttir, og ég ætla, að þrátt fyrir árferðið nú, sem ég ætla ekki að gera lítið úr, þá sé þetta hlutfall nú miklu, miklu hærra, enda þótt reikna megi með, að á þetta vanti eitthvað vegna árferðisins.

Þetta er nú svona svolítið utan við þetta frv. En það var hérna fyrr á árum — getum við farið að segja — að hv. 1. þm. Vesturl. og ég töluðum stundum hérna um landbúnaðarmál í d., en núna í seinni tíð hefur þetta sjaldnar borið við, og það má segja, að það sé ekki nema ánægja að því að taka upp þráðinn aftur, þar sem hann slitnaði. Það skal ekki standa á mér, ef hv. 1. þm. Vesturl. vill það viðhafa, og getur þá vel verið, að ég eigi frumkvæðið að því, áður en langur tími líður að taka upp viðræður á breiðum grundvelli um landbúnaðarmál við hv. 1. þm. Vesturl.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Hæstv. ráðh. gat þess, að Stofnlánadeild landbúnaðarins hefði eflzt mjög, síðan hún var styrkt með því að leggja skatt á bændur og mótframlag úr ríkissjóði. Ég held, að þær tölur séu réttar, að á þessu árabili hafi stofnlánadeildin fengið 258 368 822 kr. í gegnum þessa nýju tekjuöflun, sem deildin fékk við stofnun 1962. Og deildin átti við síðustu áramót 124 835 735 kr., þannig að gengisbreytingarnar, sem hæstv. ráðh. hefur beitt sér fyrir á undanförnum árum, hafa étið upp meira en helming af öllum tekjum deildarinnar. Svo vel hefur verið stjórnað þessum málum, að þeir sjóðir, sem áttu að myndast, hafa fljótlega étið sig upp sjálfir. Þetta er lítið dæmi um þá hluti.

Þá vil ég á það minna, að hæstv. ráðh. sagði það, að efnahagur bænda hefði aldrei verið blómlegri og landbúnaðurinn aldrei blómgazt meira en á þessu tímabili. Ég skal ekkert um það dæma. Að sjálfsögðu er margt, sem kemur þar til greina. En ég vil líka minna hann á annað, sem hefur aldrei skeð fyrr í sögu íslenzkrar bændastéttar, að efnahagurinn hefur verið það erfiður og slæmur, að það hefur tvívegis með örstuttu millibili orðið að grípa til þess að breyta lausaskuldum bænda í föst lán, vegna þess að þeir voru fjárhagslega komnir í strand með þá lausaskuldabyrði, sem þeir höfðu á sínum herðum, og það enda þótt stofnlánadeildin ætti að þjóna þeim miklu betur í öllum fjárfestingarmálum en dæmi voru til um áður, að því er hæstv. ráðh. vildi vera láta á sínum tíma. Ég vil líka á það minna, að þó að það sé búið að breyta lausaskuldunum í föst lán tvívegis, þá er fjöldi bænda, sem ekki hefur fengið neina úrlausn samkv. þeim lagabreytingum og bíður þess að fá úrbætur nú. Ég skal játa það, að ég er ekki svo framsýnn, að ég geti sagt til um það, hvernig afkoma bænda verður eftir þau áföll, sem bændur hafa orðið fyrir af hálfu náttúruaflanna á undanförnum árum, en hæstv. ráðh. vildi vera láta, að afkoman væri mjög góð, en ég ætla, að það sé sannast í þessum málum, að það sé ekkert um það vitað. Við vitum það, að erfið-

leikarnir eru miklir, og við vitum það, að skuldirnar hafa stóraukizt á þessu tímabili.

Ég ætla ekki að fara að ræða við hæstv. ráðh. um efnahag bænda nú og á árum vinstri stjórnarinnar, því að þar er að mörgu leyti ólíku saman að jafna, en hitt vil ég fullyrða, að þeir hafi þá jafnan borið meira úr býtum af því, sem vonir stóðu til, að þeir gætu fengið, heldur en þeir hafa fengið nú hin síðari ár. Það liggur alveg ljóst fyrir. Og það er síður en svo, að ég blygðist mín fyrir það að hafa stutt vinstri stjórnina, og ég hygg, að það geri enginn, sem hana hefur stutt. Og ég býst við, að hæstv. ráðh. eigi eftir að þreifa á því, að mikill hluti þjóðarinnar hugsi nú sem svo, að það væri til mikilla bóta að fá vinstri stjórnina á ný til að stjórna hjá því að sitja uppi áfram með þá óstjórn, sem hefur eyðilagt alla sjóði, sem fyrir voru í landinu og reynt hefur verið að mynda á undanförnum árum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 24, n. 194, 197).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir til umr., hefur legið fyrir landbn., og hefur n. rætt það á nokkrum fundum sínum og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess. Eins og fram hefur komið við umr. um frv. til l. um Lífeyrissjóð bænda, er þetta frv. eins konar fylgifrv. með því, þar sem stofnlánadeildinni er ætlað að vera í föstum tengslum við Lífeyrissjóðinn og hafa við hann nokkrar skyldur, en að öðru leyti má segja, að efnisatriði þessa frv. séu tvíþætt. Annars vegar er það, að það gjald, sem bændur hafa greitt til stofnlánadeildarinnar, verði fellt niður í áföngum, þannig að það falli niður á 20 ára bili. Hitt efnisatriði frv. er í því fólgið, að stofnlánadeildinni er gert með þessu frv. að greiða hluta af þeim lífeyrissjóðsgreiðslum, sem aldraðir bændur eiga að búa við eftir því frv., sem við höfum nýlega afgreitt frá þessari n., sem sé frv. um Lífeyrissjóð bænda. Og eins og fram kom, þegar þetta frv. var lagt fyrir hér í hv. d., var það tekið fram, að samkomulag hefði orðið um það milli ráðamanna Stéttarsambands bænda, landbrn. og stofnlánadeildarinnar, að þannig skyldi hagað málum, eins og hér er gert ráð fyrir í þessu frv.

Áætlanir hafa að sjálfsögðu verið gerðar um, hvernig þetta frv. verkar á hag stofnlánadeildarinnar, en það verður að segjast, eins og ég tók fram við 2. umr. um frv. til l. um Lífeyrissjóðinn, að það er nokkuð erfitt að gera ákveðna áætlun um, hversu stór sá hlutur er, sem stofnlánadeildin þarf að taka á sig vegna Lífeyrissjóðsins. Ég gat um það þá — og það munu menn vera yfirleitt sammála um, að sé rétt — að meðalaldur bænda á Íslandi er hár. Hins vegar er ekki hægt að segja um það á þessu stigi, hversu margir þeir menn verða, sem munu sækja um að fá greiðslu úr lífeyrissjóði nú þegar. En vegna þess að meðalaldur bændanna er hár, má ætla, að tala þeirra vaxi mjög ört, þegar þeir fá að kynnast því, hverra hlunninda þeir geta notið í gegnum Lífeyrissjóðinn. Eins og ég sagði áðan, er erfitt að meta þetta til fulls, hversu þessar greiðslur verða miklar, sem stofnlánadeildin þarf að taka á sig af þessum sökum, og ég tel, að það sé því miklu vænlegra, að reynslan fái að skera úr um þetta efni, og það er ekki að efa, að hægt verður að koma fram breytingum í þessu efni, ef ástæða sýnist vera til og það kæmi í ljós t. d., að óhætt væri og unnt að fella þessar greiðslur til stofnlánadeildarinnar hraðar niður en gert er ráð fyrir í þessum lögum. Eins og nál. landbn. á þskj. 194 ber með sér, höfðu einstakir nm. áskilið sér rétt til þess að flytja og fylgja brtt. við frv. Á þskj. 197 eru fram komnar brtt. frá Ásgeiri Bjarnasyni og Páli Þorsteinssyni við þetta frv., sem gera fyrst og fremst ráð fyrir því, að gjald bændanna til stofnlánadeildarinnar falli hraðar niður en frv. gerir ráð fyrir. Í öðru lagi er gert ráð fyrir breytingu í sambandi við mótgreiðslur til deildarinnar, þannig að það verði árlegt framlag ríkissjóðs, sem komi þar til. Ég vil taka það fram, að ég get ekki tekið undir þessar brtt., og ég legg til, að þær verði ekki samþykktar. Þessar brtt. höfðu ekki verið formaðar fyrir landbn., á meðan við ræddum frv., svo að ég get ekki mælt fyrir munn n. allrar um þetta. Hins vegar hygg ég, að meiri hl. n. sé þeirrar skoðunar, að þær athuganir hafi verið gerðar í sambandi við hag stofnlánadeildarinnar, þegar þetta frv. var samið, að viðsjárvert sé á þessu stigi málsins að breyta út frá því, sem fram er sett í frv. Ég legg því eindregið til, að frv. verði samþ. óbreytt, og sé svo ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta málefni að svo komnu máli.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Við 1. umr. þessa frv. og sömuleiðis í sambandi við frv. til l. um Lífeyrissjóð bænda gat ég þess, að þau útgjöld, sem bændastéttin tekur á sig með greiðslu í Lífeyrissjóðinn, mundu nokkuð erfið bændum, nema því aðeins að hægt væri um leið að létta af þeim öðrum gjöldum samhliða því, sem þeir taka að fullu þátt í lífeyrissjóðsgreiðslunum. Hv. 5. þm. Sunnl. hefur gert grein fyrir því frv., sem hér liggur fyrir, og vil ég aðeins gera grein fyrir þeim brtt., sem liggja fyrir á þskj. 197 og fluttar eru af hv. 2. þm. Austf. ásamt mér.

Það er gert ráð fyrir því í frv. um Lífeyrissjóð bænda, að bændur greiði 4% af grundvallarlaunum í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara haustið á undan strax í ársbyrjun 1974. En í frv. þessu um breyting á stofnlánadeildarlögum með meira er svo ráð fyrir gert að fella stofnlánadeildargjaldið niður í fjórum áföngum og aðeins að ¼ hluta til í hvert sinn, þ. e. á 5 árum. Brtt., sem eru á þskj. 197, eru í aðalatriðum þær, sem mþn. Búnaðarþings lagði til, að yrðu gerðar samhliða því, sem lífeyrissjóðsfrv.

öðlaðist gildi. Og þær eru um það að fella niður strax og bændur greiða fullt í Lífeyrissjóðinn að hálfu leyti það gjald, sem þeir borga í Stofnlánadeild landbúnaðarins, og síðan verði það, sem eftir stendur, fellt niður í tveimur áföngum, þ. e. árið 1980, og svo að lokum 1986, þannig að gjaldið fellur allt niður samtímis því, sem skylda stofnlánadeildarinnar fellur niður til að inna af hendi ásamt ríkissjóði vissar greiðslur, sem ákveðnar eru í 17. og 18. gr. frv. til l. um Lífeyrissjóð bænda, en þar fá þeir bændur, sem nú eru orðnir sjötugir og verða það á næstu árum, sinn lífeyri greiddan. Þessi skylda fellur algerlega niður 1986, og mér sýnist því, að það sé fullt samræmi á milli þess að fella niður það gjald, sem bændur greiða til stofnlánadeildarinnar, um leið og stofnlánadeildin hefur engum skyldum að sinna lengur við Lífeyrissjóð bænda.

Ef brtt. á þskj. 197 verða samþykktar, þá efast ég ekki um það, að bændum veitist miklu léttara en ella að efla Lífeyrissjóðinn og það kemur miklu minna við þá fjárhagslega á næstu árum, því að næstu 2—3 árin, eftir að bændur greiða fullt í Lífeyrissjóð, verða þeim mjög erfið, ef frv. verður samþ. óbreytt, eins og hv. 5. þm. Sunnl. lagði mikla áherzlu á. En til þess að Stofnlánadeild landbúnaðarins hafi ekki minni tekjur en frv. gerir ráð fyrir, þá leggjum við hv. 2. þm. Austf. til, að framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins haldist óbreytt, eins og verið hefur, þ. e. 1% af bráttóverðmæti landbúnaðarvara á ári hverju. Og þessar till., sem við flytjum hér, eru til samræmis við það, sem mþn. Búnaðarþings lagði til, er hún samdi þessi frv., sem við höfum fjallað um, þ. e. um Lífeyrissjóðinn og breytingar á l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins, þannig að ég held, að takist að halda framlagi ríkissjóðs, þurfi engu að kvíða varðandi Stofnlánadeild landbúnaðarins, þ. e. að hún hefur jafntryggan fjárhag eftir sem áður. Og ég sé heldur ekki, að það sé nein sérstök ástæða til þess fyrir ríkissjóð að draga sínar greiðslur til baka nú vegna stofnlánadeildarinnar frekar en verið hefur, af því að mér skilst, að hans fjárhagur sé ekkert lakari en oft áður og þar af leiðandi ætti hann ekki að þurfa neitt að sjá eftir því að styrkja stofnlánadeildina nokkuð a. m. k. næstu árin.

Og ég legg á það ríka áherzlu af þeim ástæðum, sem ég hef nefnt, bæði vegna fjárhags bænda og þess samræmis, sem er á milli stofnlánadeildarfrv. og frv. til l. um Lífeyrissjóð, að till. á þskj. 197 verði samþykktar, því að á þann hátt tel ég, að við getum með góðri samvizku staðið að myndun Lífeyrissjóðs fyrir bændur og gert það á þann hátt, að það komi minna fjárhagslega við bændastéttina en annars mundi verða, og á hinn bóginn, að því er varðar framlag ríkissjóðs til stofnlánadeildarinnar, þá skiptir það litlu fyrir ríkið, því að hér er ekki um ný útgjöld að ræða. En till. okkar hv. 2. þm. Austf. og mín miðar í þá átt að hver haldi sínu fyrst í stað og ég vænti því, að hv. þm. samþykki þær brtt. Eins og hv. 5. þm. Sunnl. gat um, þá eru nm. óbundnir af því að flytja og fylgja brtt., og ég vænti því, að þeir sjái sér fært að fylgja þeim brtt., sem fyrir liggja, til þess að aðlögunartíminn, fyrir bændur og stofnlánadeildina, verði í samræmi hvort við annað.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfáar aths., sem ég óska að láta koma hér fram í sambandi við þetta mál. Ég gat þess í ræðu minni áðan, að um þessi mál hefði verið fjallað af Stéttarsambandi bænda meðal annarra, landbrn. og stofnlánadeildinni. Það kom fram, þegar rætt var um Lífeyrissjóð bænda hér á dögunum í þessari hv. d., að aðalfundur Stéttarsambands bænda, sem haldinn var í haust, haustið 1970, lýsti sérstökum stuðningi við frv. um Lífeyrissjóð bænda og skoraði á löggjafarvaldið að hraða samþykkt frv., og segir svo í lok ályktunar fundarins:

Enda treystir fundurinn því, að stofnlánadeildargjaldið verði fellt niður í áföngum.

Ég vil benda á þetta sérstaklega með tilliti til þess, að þetta lýsir fyrst og fremst því, að Stéttarsambandi bænda er kunnugt á þeim tíma um þann hátt, sem hugsaður er á niðurfellingu á gjaldinu, og ég tel, að þeir hafi því með því samþykkt þessar till. Í öðru lagi þykir mér rétt að rifja hér upp einnig í sambandi við þetta mál umsögn stjórnar Búnaðarfélags Íslands frá 4. nóv. 1970, þar sem rætt er um bæði frv. Þar segir svo í upphafi hennar, með leyfi hæstv. forseta:

„Í meginatriðum er frv. í samræmi við till. Búnaðarþings 1970 um þetta efni, en þó er um breytingu að ræða á fyrirkomulagi innheimtugjalda. Í fylgifrv. um breytingar á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins er gert ráð fyrir, að búvörugjaldið til stofnlánadeildarinnar lækki hægar og falli niður 5 árum síðar en Búnaðarþing 1970 lagði til. Þetta er hvorugt til bóta," segir stjórn Búnaðarfélags Íslands. „Frv. er allflókið og ekki auðvelt að brjóta það til mergjar á skömmum tíma."

Ég vil benda á þessi ummæli stjórnarinnar í því efni, þar sem þeir tala um það, að þessi frv. séu allflókin og ekki auðvelt að brjóta þau til mergjar á stuttum tíma, og ég hygg, að það sé nokkuð viðurhlutamikið að ætla sér að breyta þessu, sem byggt er upp samstiga, frv. um stofnlánadeildina og frv. um Lífeyrissjóð bænda, og ég vara við því, að hlaupið verði til þess að ganga á annan hátt til verks í þessum efnum en þessi frv. gera ráð fyrir.

Það er bent hér á það, að það megi jafna þessa hluti með árlegu framlagi ríkissjóðs, sem gert er ráð fyrir í brtt. flm. á þskj. nr. 197. Það er að sjálfsögðu rétt, að það má lengi grípa til þess ráðs að láta ríkissjóð jafna hlutina, þegar einhverju þarf að breyta, en ég hygg, að það sé nokkuð almenn venja, þar sem ríkissjóður hefur tekið að sér að greiða hluti til stofnlánasjóða atvinnuveganna, að það sé fyrst og fremst á móti framlagi annars staðar frá og þau framlög falli niður nokkuð jafnstiga, þegar þeim væri af létt.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta. En ég vara alvarlega við því, að hróflað sé við samræmi milli þessara frv. á þessu stigi málsins, og ég tel það miklu eðlilegra og raunar alveg nauðsynlegt, að það komi fram reynsla á það, hverjar álögur falla á stofnlánadeildina og hversu erfiðar álögurnar verða á bændurna, en um leið og einhverjir agnúar koma þar í ljós, þá vænti ég þess og ætlast til þess, að löggjafinn fylgist þar vel með og geri breytingar á þeim fyrirmælum, ef það reynist þá vera nauðsynlegt.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Hv. 5. þm. Sunnl. sagði, að það hefði verið samið um þetta mál á milli ríkisstj. annars vegar, að mér skilst, og hins vegar á milli Stéttarsambands bænda og bankastjórnar Búnaðarbankans. Ég veit ekki, hverjir hafa samið — hvort það eru bankastjórarnir sjálfir eða bankaráð. Og það hefur ekkert komið fram, sem eiginlega gefur manni skýrar hugmyndir um það, hverjir hafa samið þarna og um hvað hefur verið samið. Og hv. þm. gat um samþykkt og álit Stéttarsambands bænda á þessu máli, þar sem lögð hefði verið rík áherzla á, að frv. til l. um Lífeyrissjóð yrði samþ. og jafnframt að stofnlánadeildargjaldið, sem fellur til stofnlánadeildarinnar, yrði fellt niður í áföngum. En það lá ekkert fyrir um það, hversu hratt þetta gjald skyldi niður fellt, og illa þekki ég til hjá Stéttarsambandi bænda, ef þeir væru mótfallnir þeim till., sem við, hv. 2. þm. Austf. og ég, leggjum til á þskj. 197, enda stangaðist það á við allar staðreyndir, ef Stéttarsamband bænda væri þar á móti. Umsögn frá stjórn Búnaðarfélags Íslands er algerlega í samræmi við þær till., sem við flytjum hér.

Og í raun og veru er ekki nema eitt spursmál í þessu máli, sem Alþ. þarf að gera upp við sig. Það er ekki nema eitt. Og það er það, hvort á að fella niður gjald það, sem bændur greiða í stofnlánadeildina, samtímis því, sem fella á niður framlag ríkissjóðs. Ég hefði haldið, að það bæri enga nauðsyn til þess og að það gæti haldið áfram enn þá um nokkurt skeið og þá yrði skorið úr um það, hvort það þyrfti að vera í framtíðinni. En ég hefði haldið, að það væri nauðsynlegt, að það gjald héldi sér og það yrði komið til móts við bændurna nú með því að fella niður hraðar stofnlánadeildargjaldið en gert er ráð fyrir í frv. Það tel ég höfuðnauðsyn, því að um tveggja ára skeið eða á árunum 1974 og 1975 greiða bændur fullt í Lífeyrissjóðinn, án þess að nokkuð sé farið að fella niður af þeim gjöldum, sem tilheyra stofnlánadeildinni, því að það er ekki fyrr en fyrst að þeim tíma liðnum, sem komið er til móts við bændur að nokkru leyti með því að lækka þau gjöld.

Því hefði ég talið, að það væri höfuðnauðsyn að samþykkja þær brtt., sem við leggjum til á þskj. 197, og geta á þann hátt bæði mætt óskum bændastéttarinnar og jafnframt tryggt, að Stofnlánadeild landbúnaðarins hafi eins öruggan fjárhag og frv. gerir ráð fyrir, a. m. k. fyrst um sinn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 24. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Ed., 3. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 197 felld með 8:8 atkv.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., 3. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 27. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 28. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur verið samþ. í Ed., og er nú tekið til 1. umr. í þessari hv. d. Það er fylgifiskur frv. til l. um Lífeyrissjóð bænda, sem hefur verið til umr. í þessari hv. d. og samþ. í hv. Ed. Með því frv., sem hér liggur fyrir, um breyt. á l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins er gert ráð fyrir að lækka framlag til stofnlánadeildarinnar í áföngum, þ. e. að innheimta búnaðarmálasjóðsgjaldið samkv. l. nr. 38 15. febr. 1945. Eins og kunnugt er, var þetta gjald lagt á til innheimtu vegna stofnlánadeildar með lögum 1962 til þess að byggja upp öfluga stofnlánadeild fyrir landbúnaðinn. Byggingar- og Ræktunarsjóður voru þá illa settir fjárhagslega, eins og kunnugt er, höfðu orðið fyrir áföllum og áttu ekki fyrir skuldum. Lög um Stofnlánadeild landbúnaðarins og þetta álag, sem lögfest var, voru menn ekki sammála um, hvort réttmætt væri. Eigi að síður var þetta lögfest, og í 8 ár hefur Stofnlánadeild landbúnaðarins notið þess að fá 1% gjald af búvörum og jafnmikið frá ríkissjóði og 0.75% af heildsöluverði frá neytendum, sem lagt er á búvöruna. Reyndar hefur komið meira en helmingsframlag úr ríkissjóði, þar sem 4 millj. kr. hafa alltaf verið greiddar árlega umfram þetta. Með þessum hætti hafa stofnlánadeildinni verið tryggðar öruggar tekjur árlega og hefur henni vaxið fiskur um hrygg á þessu tímabili. En það hefur dregið úr batanum, að deildin varð fyrir áföllum vegna gengisbreytinga 1967 og 1968.

Á áratugnum 1950—1960 voru tekin erlend lán handa Byggingarsjóði og Ræktunarsjóði og endurlánuð án gengisskilyrða. En þessi lán fara nú lækkandi. Bæði er það, að nú er ekki útlit fyrir gengisbreytingu, og við skulum vona, að það verði langt

að bíða, þangað til til þess þurfi að grípa, og eins hitt, að þessi lán hafa farið mikið lækkandi, svo að ekki er ástæða til að ætla annað en stofnlánadeildin haldi áfram að eflast með því framlagi, sem hún fær allt til ársins 1990. Síðan 1960 hafa búnaðarmálasjóðirnir yfirleitt fengið innlent fé til ráðstöfunar, og það útlenda fé, sem tekið hefur verið að láni hefur verið lánað með gengisskilyrðum, þannig að stofnlánadeildin verður ekki fyrir áföllum af þeim lántökum, þótt svo illa tækist til, að einhvern tíma þyrfti að grípa til gengisbreytinga. Stofnlánadeildin átti í árslok 1969 125 millj. kr. skuldlausa eign, en þegar lögin voru sett um stofnlánadeildina, var 33 millj. kr. halli, þ. e. skuldir umfram eignir. En á tímabilinu hefur orðið gengistap, og hagnaðurinn hefði orðið mun meiri, ef það hefði ekki orðið. Það er vitanlega ekkert vit í því að taka erlend lán, sem eru svo endurlánuð án gengisskilyrða. Og það er vitanlega ekkert vit í því að taka erlent lán til þess að endurlána bændum að nokkru marki, þótt það hafi verið gert yfirleitt á áratugnum 1950—1960. Það er gert ráð fyrir, að það verði haldið áfram á árunum 1971—1975 að greiða 1% gjald og tekjur stofnlánadeildarinnar verði hinar sömu, en á árunum 1976—1980 verði greitt 0.75%, á árunum 1981—1985 0.5 og á árunum 1986—1990 0.25%, og þá falli gjaldið alveg niður.

Það hefur ekki verið reiknað nákvæmlega út, hversu miklar eignir stofnlánadeildin muni eiga t. d. 1980 eða 1990. En gróf áætlun hefur þó verið gerð, sem ég vil þó ekki bera ábyrgð á, en það er, að skuldlaus eign stofnlánadeildarinnar muni verða 1980 600 millj. kr. og 1990 1000 millj. kr. Það er ánægjulegt að geta þess, að Búnaðarsjóður og stofnlánadeildin hafa ekki orðið fyrir áföllum vegna tapa á lánum, sem bændum hafa verið veitt að undanförnu. Það hefur alltaf verið svo, að bændur hafa þrátt fyrir allt — og oft þrátt fyrir erfiðan efnahag — verið með þeim skilsömustu, sem lán taka.

En eins og kemur fram í 1. gr. frv., þá er hér um það að ræða að lækka framlög til stofnlánadeildarinnar í áföngum. Það er gert ráð fyrir því, að gjald af útsöluverði mjólkur og rjóma og heildsöluverði annarra landbúnaðarvara skuli nema sem svarar 0.75% til ársloka 1980, 0.5% 1981—1985 og 0.25% 1986—1990 af verði þessara afurða. Við ákvörðun gjaldsins á vörum unnum úr afurðum í verðlagsgrundvelli reiknast hinar síðarnefndu á grundvallarverði að viðbættum þeim hundraðshluta sem segir í 1. málsgr. þessa tölul.

2. grein þessa frv. kveður á um það, að Stofnlánadeild landbúnaðarins greiði Lífeyrissjóði bænda á tímabilinu 1. jan. 1971 til 1. jan. 1986 fé til lífeyrisgreiðslna samkv. 17. og 18. gr. l. um Lífeyrissjóð bænda, er nemur 37.5% árlega af lífeyrisgreiðslunum. Ríkissjóður greiðir hins vegar 62.5%. Þetta verða nokkur útgjöld hjá stofnlánadeildinni. Þannig er gert ráð fyrir því, að á fyrsta ári nemi þessar greiðslur um 11 millj. kr., en þá ætti stofnlánadeildin að borga 37.5% af þeirri upphæð. Þetta hækkar svo upp í 25 millj. kr. 1980, en það er talið, að stofnlánadeildin geti tekið þetta að sér og það verði henni ekki ofviða. Þá er einnig gert ráð fyrir því, að deildin greiði Lífeyrissjóði bænda framlag samkv. 6. gr. þessa frv. um Lífeyrissjóð bænda, en í þeirri grein er gert ráð fyrir, að hrökkvi tekjur sjóðsins ekki til fyrir ársútgjöldum, þá verði Stofnlánadeild landbúnaðarins skylt að leggja fram óafturkræft fé fyrir því, sem á vantar, þar til úr verður bætt samkv. ákvæðum 1. málsgr. 1. gr., þ. e. að stjórn sjóðsins skal eigi sjaldnar en fimmta hvert ár láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag sjóðsins, og þyki honum rannsókn leiða í ljós, að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur, skal hann gera till. til sjóðsstjórnar um að efla sjóðinn. Þetta er hv. þm. vitanlega kunnugt um, þar sem frv. um Lífeyrissjóð bænda hefur verið hér til meðferðar, og þarf þess vegna ekki að fara nánar út í það, en það er gert ráð fyrir því, að stofnlánadeildin geti innt þetta af hendi án þess að skerða útlánamöguleika til venjulegra framkvæmda í landbúnaðinum. Fjárhagur hennar eða ráðstöfunarfé hennar verður einnig aukið, af því að það er gert ráð fyrir, að Lífeyrissjóðurinn verði ávaxtaður í stofnlánadeildinni, og það getur vitanlega orðið til þess, að stofnlánadeildin hafi eða fái rýmri fjárráð, vegna þess að Búnaðarbankinn geti veitt deildinni lán, ef með þarf.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fara fleiri orðum um þetta mál. Þessi tvö mál, frv. um Lífeyrissjóð bænda og breyting á stofnlánadeildarlögunum, eru hvort öðru tengd, og það þarf að samþykkja þau samhliða. Ég vil láta þá von í ljósi, að þetta frv. verði samþ. á þessu þingi, að l. um Lífeyrissjóð bænda geti orðið virk frá næstu áramótum, eins og talað hefur verið um, og ég tel þá, að stigið hafi verið stórt framfaraspor fyrir bændastéttina, og með ákvæðum, sem eru í þessu frv. um það, að stofnlánadeildin hjálpi til að greiða ellilífeyri þeim bændum, sem ekki geta notið greiðslna úr Lífeyrissjóði nú fyrstu árin, sé stigið spor, sem beri að fagna og horfi til heilla og framfara. Það er rétt að geta þess, að bændasamtökin hafa samþ. frv. um Lífeyrissjóð bænda og þau hafa einnig lýst sig samþykk því frv., sem hér er um að ræða, þ. e. um breytingu á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins. Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og landbn.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Þar sem ég á nú sæti í þeirri n., sem fær þetta frv. til meðferðar, mun ég ekki ræða það mikið nú, en vegna ummæla hæstv. landbrh. í sambandi við Stofnlánadeild landbúnaðarins vil ég ekki láta hjá líða að taka þau ummæli aðeins hér til meðferðar. Það var ekki hægt að skilja annað á hæstv. ráðh. en þessir sjóðir hafi verið svo illa komnir, þegar vinstri stjórnin fór frá völdum, að þeir hafi verið sem sé komnir í strand.

En sannleikurinn í því máli er sá, að í árslok 1958 átti Ræktunarsjóður 61.7 millj. kr., en Byggingar-

sjóður 43.4 millj. kr. eða þessir sjóðir samtals rúmar 105 millj. kr. En þessir tveir sjóðir voru sameinaðir 1962, og það er Stofnlánadeild landbúnaðarins. Í árslok 1969, eins og hæstv. ráðh. sagði, er eign stofnlánadeildarinnar tæpar 145 millj. kr. Það er öll eignin. Á þessum tíma hafa þó bændur borgað um 100 millj. kr. með stofnlánadeildargjaldi sínu. Þeir hafa borgað langtum hærri vexti af þessum lánum, því að vextir til byggingarlána voru 2½%, en í Ræktunarsjóði 4%. Nú eru þessir vextir 6% út á íbúðarhús, en 6½% út á aðrar byggingar og ræktun. Og ef við förum svo að athuga, hvers virði þessar krónur eru nú miðað við það, sem þær voru 1958, þá held ég, að allir hljóti að sjá, að í raun og veru er stofnlánadeildin langtum verr sett nú en hún var þá. Hæstv. ráðh. sagði, að erlendar skuldir væru ekki svo hættulegar fyrir stofnlánadeildina, vegna þess að það hefði verið tekið — og það var rétt — upp 1962, að vinnslustöðvar og ræktunarsambönd urðu að taka á sig gengisáhættuna af sínum lánum. En nú er það þannig, að í árslok 1969 skuldaði deildin í erlendum gjaldeyri 354.3 millj. kr., en í innlendum lánum tæpar 563 millj. kr., hin erlendu lán eru um 38% af þeim skuldum, sem stofnlánadeildin er í. Og reynslan hefur líka sýnt í gengisfellingunum 1967 og 1968, að deildin hefur fengið allveruleg áföll af þeim gengisbreytingum. Og það er enginn vafi á því, að yrði gengisfelling á næsta ári, eins og allar líkur eru á nú, þegar kosningavíxillinn fellur, þá verða góð ráð dýr, vænti ég; þá gætu orðið ný áföll hjá stofnlánadeildinni.

Ég gat ekki látið hjá líða að gera þessar aths. við ræðu hæstv. ráðh. Hitt skal ég taka undir með honum, að Lífeyrissjóður bænda er merkilegt mál, gamalt baráttumál bændastéttarinnar, sem er að komast í höfn, en á því eru þó ýmsir agnúar, sem þyrfti að laga, t. d. aðstaða þeirra bænda, sem hafa kannske búið alla sína tíð, en hafa hætt fyrir 1967; þeir komast ekki þarna að — og hvergi. Þarna er sýnilegt óréttlæti, sem þarf að laga. Ég gat um það, en ætla ekki að fara út í þá sálma nú — ég geri það e. t. v. við 2. umr. um Lífeyrissjóðinn — að greiðslurnar verða líka miðað við þær raunverulegu tekjur, sem bændastéttin hefur, sérstaklega á árunum 1974 og 1975, þegar þeir verða að borga full iðgjöld af Lífeyrissjóðnum og fullt 1% gjald í stofnlánadeildina, þungbærar fyrir bændastéttina, ef ekki verður einhver breyting á þeim tekjum, sem þeir hafa haft fram að þessu.

Herra forseti. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri, nema frekari tilefni gefist til.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það verða nú sennilega aðeins örfá orð. En það er dálítið einkennilegt, að þessi hv. þm. talar í ádeilutón til núv. ríkisstj. vegna erlendu skuldanna, sem Stofnlánadeild landbúnaðarins sé í. Hann talar um, að 38% af heildarskuldum stofnlánadeildarinnar séu erlendar skuldir. Og þetta er sagt í ávítunartón til núv. ríkisstj. — alveg eins og núv. ríkisstj. beri meginábyrgðina á erlendu skuldunum. Það er vitað mál, að áður en núv. ríkisstj. var mynduð, áður en sjálfstæðismenn tóku við landbúnaðarmálunum, þá var stofnlánadeildinni útvegað erlent fé til ráðstöfunar, en ekki innlent, eins og gert hefur verið síðan, og það eru syndirnar frá þeim tímum, sem hafa orðið stofnlánadeildinni svo þungbærar. Þetta ætti hv. þm. að vita. Hann ætti að vita þetta og skilja það. Og það er enn þungur syndabagginn, sem stofnlánadeildin burðast með. Lánin frá árunum 1950—1959 — erlendu lánin — eru enn 230 millj. kr. Þessi lán voru veitt aðilum án gengisskilyrða, og þess vegna er það, að ef til gengisbreytinga kemur aftur, þá verður stofnlánadeildin fyrir halla. En erlend lán, sem hafa verið tekin hjá deildinni frá því að núv. ríkisstj. kom til valda, eru 95 millj. kr. og það hefur verið endurlánað með gengisskilyrðum, svo að það verður ekkert tap af því. Það hefur verið meginmarkmiðið að útvega bændum innlent fé til þess að útiloka gengishækkunina. Það hefur verið talað um, að vextirnir hafi hækkað; það er rétt. Þeir eru aðeins hærri nú en þeir voru, þegar erlenda féð var lánað. En hvort er það hollara og betra að vera með fjármagn, sem engin áhætta fylgir — innlent — og borga aðeins hærri vexti en vera með útlent fé og eiga svo alltaf á hættu gengisbreytingu?

Mér fannst það ekki gott, þegar hv. þm. var að tala um það, að sennilega yrði nú gengisbreyting á næsta ári, vegna þess að kosningavíxillinn mundi falla á næsta ári. Hv. þm. ætti nú ekki að tala svona gáleysislega um efnahagsmálin. Hann ætti ekki að spá gengisbreytingu nú, þegar verið er að auka gjaldeyrisvarasjóðinn og atvinnureksturinn er í blóma. Þá er ekki grundvöllur fyrir gengisbreytingu. Og við skulum vona, að það komi ekki aftur sá tími, að við töpum 50% af útflutningsverðmætunum á einu til tveimur árum eins og 1967 og 1968. Að vísu hefur þessi hv. þm. sagt — og fleiri, að það hafi verið meðalútflutningur á árunum 1967 og 1968 og þess vegna hafi engin ástæða verið til að kvarta.

Ég býst við því, að þessi hv. þm., sem talaði hér áðan, hafi átt kannske sem svarar 10 kúm 1958, en ég gæti trúað því, að hann hafi átt 20 kýr 1967 eða 1968. Og það er áreiðanlegt, að hefði mjólkurverðið fallið það mikið á árinu 1968, að hann hefði ekki fengið meira úr fjósinu á því ári en 1958, þá hefði hann talið það slæma útkomu á búinu. En þannig var það með íslenzka þjóðarbúið. Það hafði á þessum árum frá 1958 til 1968 tvöfaldað atvinnutækin og afkastagetu þeirra og lagt svo mikið í kostnað vegna framleiðslunnar, að það var þungbært áfall að fá ekki meiri framleiðslu á þeim tíma en á meðan framleiðslutækin voru helmingi afkastaminni. Þetta skilja allir, og er óþarft að fara mörgum orðum um það.

En Stofnlánadeild landbúnaðarins er að eflast, og hún á þrátt fyrir gengistöpin skuldlausar eignir nú. Hv. þm. talar um það, að þegar framsóknarmenn fóru úr ríkisstj., þá hafi Ræktunarsjóður og Byggingarsjóður átt talsvert fé, enda þótt erlendu skuldirnar væru svona miklar og enda þótt krónan

væri fallin, þegar þeir fóru frá völdum. En þegar rétta gengið var viðurkennt, kom í ljós, hvernig raunverulegur hagur þessara sjóða var; þá áttu þeir ekki fyrir skuldum. Þeir áttu 33 millj. kr. minna en ekki neitt. Þetta var sú staða, sem er nú viðurkennd af flestum eða öllum nema kannske þessum hv. þm. Þessum þm. er oft tíðrætt um hag bændastéttarinnar og hag landbúnaðarins.

Ég hef alltaf viðurkennt, að bændur hafa oft og tíðum átt í erfiðleikum og árferðið hefur verið misjafnt. Hitt segja bændur yfirleitt nú, að hefði árferðið verið í meðallagi s. l. 3—4 ár, þá væri gott að búa nú. Þeir viðurkenna, að leiðrétting hefur fengizt á afurðaverðinu. En við verðum að taka með í reikninginn, að árferðið hefur versnað. Það hefur verið kuldi. Það hefur verið sprettuleysi. Það hafa verið óþurrkar, og þetta allt hefur gert landbúnaðinum mjög erfitt fyrir. Ég hef ekki heyrt þennan hv. þm. halda því fram, að tíðarfarið væri ríkisstj. að kenna, en stundum hafa fullyrðingar hans verið jafnfráleitar eins og það, að hann gripi sér þá skýringu í munn.

Hv. þm. talaði hér um daginn um tekjur bænda og bar þær saman við tekjur annarra stétta. Hann vitnaði í Hagstofuna, og Tíminn flaskaði á því að trúa þessum hv. þm. og birti tölurnar eftir honum 20. f. m. Vegna þess að vitnað var í Hagstofuna, þá varð ekki hjá því komizt að spyrja Hagstofuna um það, hvort þessar tölur, sem hv. þm. las hér upp, væru frá henni komnar. En það reyndist bara ekki vera. Það voru allt aðrar tölur. Það voru skakkar tölur — rangar upplýsingar, sem hv. þm. kom með, en bar Hagstofuna fyrir því, og þær voru birtar í fyrirsögn í Tímanum 20. nóv.

Í ræðu sinni um frv. þm. Framsfl. um breyt. á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins sýndi frsm. frv., Stefán Valgeirsson, fram á það, hvað tekjur bænda hafa lækkað á árunum 1963—1969, sé miðað við tekjur sjómanna, verkamanna og iðnaðarmanna, og enn fremur gat hann tekjumismunarins milli þessara stétta á tímabilinu 1954—1960. Tölurnar, sem Stefán las upp, er hann sýndi fram á þetta, og taldi frá Hagstofunni, fara hér á eftir. En þessar tölur eru ekki frá Hagstofunni. Hagstofustjóri viðurkennir ekki þessar tölur. Það er þá fyrst að geta þess, að tölurnar, sem hann talar um á árunum 1963—1966, eru tekjur kvæntra bænda. Það segir hagstofustjóri. Þetta eru heildartekjur kvæntra bænda samkv. skattframtölum, birtar í Hagtíðindum, þ. e. tölurnar frá 1963—1966, en tölurnar 1967—1969 eru allt aðrar tölur. Hagstofustjóri segir: Ég veit ekki, hvaða tölur þetta eru. Þær eru ekki fengnar frá Hagstofunni. Stefán Valgeirsson heldur því fram, að talan 149 þús. frá árinu 1969 sé frá Hagstofunni. Það eru tekjur bóndans, sagði Stefán. En ég get ekki séð, að það sé rétt, og hagstofustjóri gerir miklu meira en að segja það, að það sé ekki rétt. Stefán Valgeirsson segir, að 1967 hafi tekjur kvæntra bænda verið 95 þús. kr. Hagstofustjóri segir: Þær voru 194 þús. kr. Stefán Valgeirsson segir, að tekjur kvæntra bænda hafi 1968 verið 121 þús. kr. Hagstofustjóri segir, að þær hafi verið 197 þús. kr. Og Stefán Valgeirsson segir, að tekjur kvæntra bænda 1969 hafi verið 149 þús. kr., en hagstofustjóri segir 233 þús. kr. Þetta munar ákaflega miklu. Og það er raunalegt, að hv. þm. skuli fara svona rangt með. Ég geri ráð fyrir, að hann geri það oftar og hann hafi gleymt að geta þess, að tekjur bænda 1969 hefðu aukizt um 18% — eða talsvert meira en tekjur annarra stétta þrátt fyrir árferðið og þrátt fyrir harðindin. Nú er ég ekki að segja þetta til þess að halda því fram, að tekjur bænda séu nógu miklar eða nógu vel að þeim búið. En það er nauðsynlegt að leiðrétta þetta. Maður gerir það sjaldan að eyða tíma í það að leiðrétta það, sem þessi hv. þm. fer með. En það hlýtur að því að koma, að það verði einhvern tíma gert, þótt maður voni, að fáir taki mark á því, sem hann er að segja, þessi hv. þm.

Þá eru hér tölur enn — það eru tekjur verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna, sem þessi hv. þm. talaði um í sömu ræðu og eru birtar í Tímanum 20. nóv. Ég vona, að ritstjórn Tímans taki hér eftir með fyrirvara því, sem þessi hv. þm. fer með, áður en hann birtir það, sem hann er að lesa hér upp í hv. Alþ. Þetta mun eiga að vera landsmeðaltal tekna verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna samkv. árlegri úrtaksathugun með viðbótum, sem eiga að gera þessar tekjutölur sambærilegar tekjutölum bænda í fremsta dálki. En þessar tölur eru ekki frá Hagstofunni. Tölurnar frá Hagstofunni eru allt öðruvísi. Hv. þm. segir, að tekjur sjómanna, iðnaðarmanna og verkamanna 1963 hafi verið 164 þús. kr. Hagstofustjóri segir, að þær hafi verið 125 þús. kr. Þm. segir, að tekjur þessara stétta 1964 hafi verið 204 þús. kr. Hagstofustjóri segir, að þær hafi verið 162 þús. kr. Þm. segir, að tekjur þessara stétta hafi verið 1965 248 þús. kr., en hagstofustjóri segir, að þær hafi verið 199 þús. kr. Þm. segir, að tekjur þessara stétta 1966 hafi verið 289 þús. kr. Hagstofustjóri segir, að þær hafi verið 246 þús. kr. Og 1967 segir þm., að tekjur þessara stétta hafi verið 228 þús. kr. Hagstofustjóri segir, að þær hafi verið 232 þús. kr. eða 4 þús. kr. meira. Þarna er nákvæmnin. 1968 ber hagstofustjóra og þm. saman; þá voru þessar tekjur 238 þús. kr. 1969 segir þm., að tekjurnar hafi verið 277 þús. kr., en hagstofustjóri segir, að þær hafi verið 269 þús. kr.

Svo kemur niðurstaðan. Það er taflan um það, hvernig tekjurnar hafi verið og hvað bændur hafi vantað mikið til þess að fá sambærilegar tekjur. Og það er reiknað í prósentum. Þegar þm. er búinn að gefa upp miklu hærri tekjur sjómanna, iðnaðarmanna og verkamanna en þeir raunverulega fengu, og lægri tekjur en bændur fengu, þá náttúrlega verður prósentubilið anzi mikið hjá honum. En það rétta er, þegar búið er að reikna dæmið rétt og nota réttar tölur, að meðaltalið verður þannig á árunum 1962—1969, að bændur vantar 13.2% til þess að ná því sama og viðmiðunarstéttirnar. Og það finnst mér alveg nóg. En það er alveg víst, að hefði árferðið verið í meðallagi síðustu 3—4 árin, þá hefðu

bændur fyllilega náð því að hafa sambærilegar tekjur við aðrar stéttir. En á árunum 1954—1960, sem hv. þm. miðaði við, vantar 22.7%, og það vantar mest 1954 — þá vantar 35.2%. En hverjir fóru þá með landbúnaðarmálin? Þetta eru tölurnar, sem fengnar eru hjá Hagstofunni. En tölurnar, sem hv. þm. las hér upp og Tíminn birti — og ég er ekkert að lá blaðinu það, úr því að þm. las þær hér upp — eru bara rangar, en Hagstofan borin fyrir því. Þetta er leiðinlegur málflutningur og leiðinlegt að þurfa að rekja þetta mál á þennan máta. Það er, sem betur fer, mjög sjaldgæft hér á hv. Alþ., að menn leyfi sér að vitna í tölur frá opinberri stofnun og fara algerlega rangt með.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta, en taldi eðlilegt, að þetta kæmi fram.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Hæstv. landbrh. hóf mál sitt með því hér áðan að segja, að ég hefði sagt í ádeilutón, að erlendu skuldirnar hjá stofnlánadeildinni væru 38% af skuldunum. Ég sagði bara frá staðreyndum. Þetta er svona. Og ráðh. gat ekki hrakið það. Hann gat um það, að ég hefði hér á dögunum lesið hér upp tekjutölur stéttanna, og ég hefði sagt frá því, að þessar tölur væru komnar frá Hagstofunni. Ég sagði að vísu, að ein talan væri þaðan. Ég sagði það. En Tíminn fór þannig með það — og það er rétt — að allar tölurnar væru frá Hagstofunni. Ég spurði Hagstofuna um þessa tölu sérstaklega — í síma að vísu, og hún var staðfest. En ef maður fer að athuga það, hvernig Hagstofan reiknar þetta út, þá er það nú dálítið einkennilegur hlutur. Ég hef hér fyrir framan mig Hagtíðindi — ráðh. e. t. v. líka — og á bls. 173 er fjallað um, hvernig háttað er um b-flokk eftir atvinnuvegi og vinnustétt. Og einnig stendur hér annað: búrekstur, gróðurhúsabú, garðyrkjubú, o. s. frv. 6358. Og svo er hér sagt, að t. d. séu framteljendur hér 1440 konur. Samtals séu framteljendur 8647, telur Hagstofan. Hvernig er þessi atvinnuskipting eftir þessum tölum Hagstofunnar? Hver trúir þessum tölum? Kannske ráðh., af því að þær koma frá Hagstofunni. En það er sagt hér meira á þessu blaði. Það er sagt, að meðaltekjur á framteljanda séu 154 þús. kr. Hvernig eru tölur þær, sem ráðh. var að lesa hér upp áðan í samræmi við þetta? Ég vil benda hæstv. landbrh. á, að hann ætti að setja nefnd til þess að athuga þessar tölur frá Hagstofunni og bændasamtökunum til að kryfja þetta mál til mergjar.

Ég hef hér fyrir framan mig skýrslu, sem er komin frá stéttarsamtökunum, um niðurstöðu sérstaks úrtaks 60 búa á árinu 1970. Hver er niðurstaðan í því? Niðurstaðan í því er 149 647 kr. Ég hef hér skýrslu, sem hæstv. landbrh. hlustaði á á Varmalandi í sumar, þar sem formaður Stéttarsambands bænda las hana upp. Hann segir þar, með leyfi forseta:

Skýrslan um úrtaksbúin sýnir nettótekjur bænda 149 þús. á móti 277 þús. hjá viðmiðunarstéttunum.

Ég hef ekki heyrt, að hæstv. landbrh. hafi nokkuð haft við þessar tölur að athuga. Hann hlustaði á þessa ræðu. Hann hefur hlustað á þessar tölur. Ef þessi tala, sem ég hef verið með, er röng, þá er þessi tala líka röng. En ég vona, að hæstv. alþm. hafi áttað sig á því, þegar ég las hér upp áðan úr þessum Hagtíðindum, að það eru einkennileg vinnubrögð, þegar Hagstofan segir, að það séu 8647 framteljendur í landbúnaði. Og meðaltekjur þessara manna séu 154 þús. kr. En þegar verið er að tala um bruttótekjur bændanna annars vegar og bruttótekjur vinnandi stétta hins vegar, þá eru það alls ekki sambærilegar tölur. Og það vona ég, að hæstv. landbrh. geri sér alveg ljósa grein fyrir. Og það er vegna þess, að í sambandi við bruttótekjur í landbúnaði eiga eftir að koma til allir vextir bæði persónulegir og vegna rekstrarins. En nú skora ég á ráðh. að tilnefna formann Stéttarsambandsins eða einhvern frá Stéttarsambandinu og hagstofustjóra til að kanna þetta mál, og ég hefði viljað mælast til þess að fá að vera með í þessari könnun, og þá getum við séð, hvað er rétt og hvað er rangt. Það þýðir náttúrlega ekki fyrir ráðh. eða þm. hér að vera með einhvern talnaleik, eins og svo oft er. Það verða að fást gögn — sambærilegar tölur — til þess að út úr því komi í raun og veru rétt niðurstaða. Í sambandi við það, sem hann var að spyrja um, þ. e. hvaðan ég hefði viðmiðunarstéttirnar, er rétt að geta þess, að þær hef ég frá fyrra tímabili í þjóðarbúskapnum — frá 1964. Ég get fundið blaðsíðutalið, ef ráðh. vill, til þess að hann átti sig á því, hvernig það er fengið. En þegar hagstofustjóri var að tala við mig einmitt um þessar tölur, þá sagði hann, að þetta væru ekki réttar tölur, vegna þess að það á að reikna það til verðlags ársins 1962, en ég er með tölur úr búnaðarskýrslum, auðvitað eins og þær eru á hverju ári, og þess vegna er þessi samanburður rangur.

Það væri náttúrlega hægt að segja ýmislegt fleira um ræðu ráðh., en ég sé ekki ástæðu til þess. Ég vil þó minna á það, að það var ekki hægt að heyra annað á hans ræðu en gengisáhætta hefði verið á þeim lánum, sem bændurnir hefðu tekið, áður en hann tók við þessum málum. Ég gat ekki skilið orð hans á annan veg. Ef það hefur verið það, sem hann var að gefa í skyn, þá vil ég leiðrétta, að það er ekki rétt. Það hefur aldrei verið gengisáhætta á slíkum lánum.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Hv. þm. sagði hér áðan, að það hefði verið ein tala, sem Hagstofan hefði viðurkennt, að hefði verið rétt, en í þessari töflu, sem hann birti 20. nóv. í Tímanum, voru 30 tölur. Hagstofan viðurkenndi, að það væri ein rétt. Eigi að síður er það birt í Tímanum, að tölurnar séu fengnar hjá Hagstofunni, þ. e. þessar 30 tölur. Þannig verður ýmislegt skrýtið, þegar við förum að ræða þetta nánar. En hv. þm. spurði líka: Hver trúir tölum Hagstofunnar? Hann sagði það alveg orðrétt. Ég skrifaði það niður. Hver trúir tölum

Hagstofunnar? Ég hefði nú haldið, að flestir hv. alþm. trúi tölum Hagstofunnar nema þessi þm. (SV: Vill ekki ráðh. útskýra tölurnar?) Tölur Hagstofunnar eru það, sem við höfum til þess að byggja á, og það hefur ekki verið vefengt enn þá, að þær séu réttar. Hitt er svo alveg víst, að framteljendur eru svo miklu fleiri í landbúnaðinum én bændurnir einir, og ég efast ekkert um það, að framteljendurnir eru eins margir og Hagstofan sagði. En þegar öllum þeim fjölda er deilt í brúttótekjurnar samanlagðar, þá verða tekjurnar á hvern framteljanda miklu lægri en tekjur kvæntra bænda. Og það var það, sem við vorum að tala um hér áðan — tekjur kvæntra bænda, en ekki tekjur allra þeirra, sem í landbúnaði vinna. Það er þetta, sem við megum ekki rugla saman. En það hefur hv. þm. gert, og þess vegna er svo erfitt að rökræða við hann um þetta. En neyðarúrræði er það að grípa til þess að segja, að það sé ekkert að marka tölur Hagstofunnar.

Nú er það nauðsynlegt að áliti þessa þm. að skipa n. til þess að gera könnun á þessu máli, vegna þess að heimildir vanti. En bændurnir hafa leitað til Hagstofunnar iðulega og oft á ári til þess að fá heimildir til að byggja á, og þeir, sem eru ábyrgir og tala fyrir hönd bænda í þessum efnum, vefengja ekki þessar tölur, og þeim þykir gott að fá þær og formanni Stéttarsambandsins ekki síður. Og málflutningur formanns Stéttarsambands bænda í haust, hygg ég, að hafi verið alveg eðlilegur og þar stuðzt við rök. Og hans niðurstaða er byggð á allt öðrum forsendum en þessi hv. þm. leggur út af. Það er þetta, sem er alveg nauðsynlegt, að menn geri sér grein fyrir, og ég hygg, að flestir alþm. hafi gert það, og þess vegna er ekki nauðsynlegt fyrir mig að segja fleira um þetta að sinni.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það skulu ekki verða nema fá orð, en hæstv. landbrh. sagði, að ég hefði sagt, að Hagstofan hefði viðurkennt, að ein talan væri rétt. Ég vona, að menn hafi tekið eftir því, en það, sem ég sagði, var, að ég hefði haft eina töluna eftir Hagstofunni. Ég ætla að endurtaka þetta, svo að hæstv. ráðh. skilji það. Ég efast ekkert um það út af fyrir sig, að þessar tölur frá Hagstofunni séu réttar. Ef ráðh. hefur skilið það rétt, hvernig þetta er unnið, en ef svo á að hafa þetta til viðmiðunar við svona atvinnuskiptingu, til hvers leiðir slíkur samanburður? En ráðh. hefur sýnilega heldur ekki skilið það. Hann gat enn fremur um það, að ræða formanns Stéttarsambandsins, Gunnars Guðbjartssonar, hefði verið rétt. Ég efast ekkert um það, að hún hafi verið rétt, en ég hafi bara lagt vitlausan skilning í þetta. Hvernig vill ráðh. skýra það út fyrir okkur? Hann er að tala um mismuninn á tekjum bændanna og viðmiðunarstéttanna, og hann segir, að tekjur bændanna hafi verið 149 þús. kr., en viðmiðunarstéttanna 277, og heldur svo áfram og segir, að mismunurinn hafi verið 128 þús. kr. Það getur vel verið, að ráðh. hafi einhvern sérstakan skilning á þessari tölu, en ég get ekki séð annað en þetta sé ákaflega auðvelt að skilja — a. m. k. finnst mér það. En þar sem ég er búinn að tala tvisvar, þá vil ég ekki vera að níðast á góðvild forseta og læt þessu lokið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 26 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 31. fundi í Nd., 15. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 24, n. 234).

Frsm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Landbn. hefur athugað frv. þetta og leggur til, eins og fram kemur á þskj. 234, að það verði samþ. óbreytt. Einstakir nm. hafa þó skrifað undir nál. með þeim fyrirvara, að þeir áskilji sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma við frv. Frv. hefur þegar hlotið afgreiðslu hv. Ed. og var þar samþ. einróma. Frv. er eins konar fylgifrv. með frv. um Lífeyrissjóð bænda, en efni þess er í annan stað, að gert er ráð fyrir að fella niður álag á söluvörur landbúnaðarins, hið svokallaða stofnlánadeildargjald af framleiðsluvörum bænda, á árunum 1976—1990, og á hinn bóginn, að gert er ráð fyrir, að stofnlánadeild greiði eftir ákveðnum reglum til Lífeyrissjóðs bænda á tímabilinu 1. jan. 1971 til 1. jan. 1986 til lífeyrisgreiðslna.
Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þetta mál sérstaklega hér í seinni deild, en mæli með því, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 265).

---

6. Ríkisábyrgð vegna Landsvirkjunar.

Á 1. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um viðbótarríkisábyrgð vegna Landsvirkjunar [3. mál] (stjfrv., A. 3).

Á 3. fundi í Ed., 19. okt., var frv. tekið til 1. umr.

ráðamenn skólans sent m. a. frá sér myndir, þar sem nemendur eru sýndir uppi í rishæð hússins, þar sem þeir geta ekki staðið uppréttir nema í gluggatóftunum. Þetta mál er lengi búið að vera mjög mikið vandræðamál og hefur þó ört verið vaxandi vegna aðsóknar að skólanum. Nú er gert ráð fyrir að veita 8 millj. kr. til framkvæmda í Kennaraskólanum, en fyrir er nokkur fjárhæð, svo að hægt verður á þessu ári að hefjast handa um framkvæmdir við skólann. En jafnhliða því, sem skólann vantar kennsluhúsnæði, vantar hann einnig íþróttahús, því að hann hefur enga íþróttaaðstöðu nema í leiguhúsnæði út um bæ. Gert er ráð fyrir því, að þessi fjárveiting, sem nú er veitt, gangi til þess að hefja byggingu íþróttahússins. Nú er það skoðun okkar, sem minni hl. skipum, að það hafi ekki verið hægt að komast fram hjá því að gera einnig þá till., að Kennaraskólinn fengi fjárveitingu til framkvæmda í sambandi við kennarahúsnæðið. Þó að við metum og styðjum till. um byggingarframkvæmd íþróttahúss, þá sýndist okkur, að hinn þátturinn gæti ekki legið eftir. Í sambandi við framkvæmdina á íþróttahúsinu hefði mér fundizt eðlilegt, að sú framkvæmd hefði verið miðuð við það, að skólarnir, sem eru nærliggjandi, eins og Hamrahlíðarmenntaskólinn, Æfinga- og tilraunaskólinn og Kennaraskólinn, fengju sameiginlegt íþróttahús þarna á þessu svæði, þar sem nemendur ættu auðvelt með að sækja nám í það hús einmitt þarna úr þessu umhverfi. Ég hefði því talið og við, sem minni hl. skipum, eðlilegt, að þessi uppbygging á íþróttahúsinu væri miðuð við samstarf fleiri skóla og ekki eingöngu bundið Kennaraskólanum. Ég vil líka láta koma fram þá skoðun, að nauðsyn ber til, að það íþróttahúsnæði, sem þarna verður byggt, sé miðað m. a. við þá íþróttaleiki, sem æskan í dag sækir mjög eftir og iðkar mjög. Það hefur einmitt verið tekin upp sú stefna nú á síðari árum, að íþróttasalir skólanna hafa verið minnkaðir frá því, sem áður var og þeir geta því ekki þjónað þeim tilgangi, sem bæði handknattleikir og ýmsir leikir innanhúss þurfa húsnæði til. Ég vona því, að í sambandi við þetta mál ríki sú framsýni og sú víðsýni, að það verði byggt fyrir fleiri aðila og það verði byggt með þeim hætti, að æskan fái fullkomna íþróttaaðstöðu, einnig til kappleikja.

Þá vil ég nefna það, að við höfum gert till. okkar í minni hl. um að hækka framlag til Atvinnujöfnunarsjóðs um 20 millj. kr. Í þessum fjárl. er ekki, þrátt fyrir mikla fjárhæð þeirra, gert ráð fyrir því að skapa með þeim verulegt atvinnuöryggi, og enda þótt við vitum, að þessi till. okkar getur ekki breytt þar miklu um, þá mundi Atvinnujöfnunarsjóður, með því að hún yrði samþ., halda þeirri fjárveitingu, sem hann hafði á árinu 1970, og fá þær auknu tekjur, sem hann hefur frá álverksmiðjunni, það yrði tekjuauki fyrir sjóðinn. Við væntum því, að hv. Alþ. sjái sér fært að verða við þessari till. okkar.

Þá höfum við á þskj. því, sem við flytjum okkar brtt. á, lagt til að hækka fjárveitingu til að jafna aðstöðu skólafólks úr 12 millj. í 25 millj. Það hefur komið í ljós, þegar unnið var að því að skipta þessari fjárveitingu, sem var 10 millj. á yfirstandandi ári, að það var mjög erfitt, vegna þess hve fjárhæðin var lág, og m. a. hefur framkvæmdin verið með þeim hætti, að nemendur, sem stunda nám í heimavistarskólum, hafa orðið algerlega fyrir utan þessa aðgerð, og það hefur heldur ekki verið gerð önnur ráðstöfun, sem gæti komið þeim að sama gagni, eins og t. d. það að greiða starfsfólki við mötuneyti og þjónustu eins og á sér stað í barnaskólunum og þeim skólum, sem eru á skyldunámsstiginu. Við teljum, að 12 millj. kr. fjárveiting nú muni reynast enn þá minni heldur en 10 millj. kr. fjárveiting á árinu 1970 og eftir því, sem við höfum sagnir af um áætlanir eða till., sem fram hafa komið hjá þeim, sem unnið hafa að skiptingunni, þá mundu 25 millj. kr. nægja til þess að mæta þeim till., sem þar er gert ráð fyrir. Nú er um það að segja, að þær till. eru algert lágmark, en eru þó miðaðar við það að taka flesta flokka nemenda með, sem hér um ræðir, og eru því á réttri leið. Og till. okkar gengur ekki lengra en það að reyna að mæta lágmarkinu, svo að öllum sé sinnt.

Þá vil ég þessu næst víkja að því, að á s. l. sumri, þegar undirnefnd fjvn. var að störfum, þá heimsótti hún ríkisspítalana hér í Reykjavík, svo og Borgarsjúkrahúsið og Vífilsstaðahæli. Þessi heimsókn var í sjálfu sér mjög mikil og dýrmæt reynsla fyrir nm. og þeir kynntust, með samtali við og við að skoða þessar stofnanir ásamt stjórn ríkisspítalanna, þessum málum betur heldur en áður hafði verið, og höfðu því meiri möguleika til þess að meta það, sem þarna þurfti að meta, og starfsemi þessara stofnana. Það kom í ljós, að á þessum stofnunum var í raun og veru mjög mikill skortur á starfsfólki til þess, að hægt væri að halda starfseminni eðlilega uppi, og það kom einnig í ljós í þeim skýrslum, sem fjvn. fékk frá framkvæmdastjóra ríkisspítalanna, að það var margt starfsfólk, sem þarna var að starfi, sem engin samþykkt hafði fengizt fyrir, að mætti vera að störfum hjá ríkisspítölunum. Var það á milli 40—50 manns, sem þannig starfaði við ríkisspítalana, án þess að samþykkt hefði verið. Hins vegar hafði ekki verið ráðið í öll þau störf, sem samþykkt voru, og fjármunir þess vegna verið notaðir á þennan hátt. Nú kom það fram í umr. í fjvn., að nauðsyn bæri til að breyta þessu, eins og fram kom í ræðu hv. frsm. meiri hl. n., hv. 2. þm. Vesturl. Og í framhaldi af því fékk fjvn. till. frá stjórnarnefnd ríkisspítalanna um það, hvað hún teldi lágmark, að þyrfti til — eða endurskoðaðar till. um það lágmark, sem hún taldi sig geta unað við — í sambandi við fjölgun á starfsmönnum spítalanna. Hér var um allverulegar hækkanir að ræða, og í útgjöldum mundu þær hækkanir hafa kostað um 28.2—28.3 millj. kr. Við það að yfirfara þessar till. virtist það nú koma í ljós, að erfitt yrði að komast fram hjá því að sinna þessu. Jafnframt var gerð grein fyrir því, að þó að einhverju af þessu yrði frestað, yrði það að koma til framkvæmda á næsta ári. Meðal þeirra atriða, sem komu fram í þessum umr., var það, að

Í fjárlagafrv., sem er upp á 11 500 millj. kr., er þó ekki rúm til þess að halda verðbólgunni í skefjum lengur en til 1. september næsta ár. Þá er búið að éta upp þær tekjur, sem til þess arna eru áætlaðar. Ekki er nú hægt í þessu sambandi að tala um ábyrgðarleysi, því að hér er nú af fullri ábyrgð unnið. Og ef við svo lítum okkur nær, gerum við okkur grein fyrir því, að það árferði, sem nú er í landinu, er eitt það bezta, sem hugsazt getur. Verðlag á útfluttum sjávarafurðum er nú hærra heldur en nokkru sinni fyrr og árferði til sjávarsíðunnar hefur verið sérstaklega gott. Þetta gerir það að verkum, að tekjur ríkissjóðs vaxa gífurlega og eru meiri heldur en nokkru sinni fyrr vegna þess arna. Þrátt fyrir þetta getum við ekki afgreitt fjárlög, sem geta haldið óbreyttri stefnu og óbreyttu verðlagi nema í 8 mánuði á næsta ári. Hvað mundi gerast í landinu, ef harðnaði á dalnum frá því, sem nú er orðið, fyrst búskapurinn er með þessum hætti við þær aðstæður, sem nú eru fyrir hendi?

Við skulum líka gera okkur grein fyrir því, hv. alþm., að það eru mörg verkefni, sem eru óleyst og verða óleyst við þessa fjárlagaafgreiðslu, sem þó er ekki hægt að komast hjá að leysa fyrr en seinna. Og við þurfum jafnframt að gera okkur grein fyrir því, hvert þær hækkanir fara á fjárl., sem við erum nú að afgreiða, frá því sem var á yfirstandandi ári. Af þeim hækkunum, sem fyrir liggja nú við 2. umr., eru um 28 millj. kr., sem ganga til skólabygginga, frá því sem var á s. l. ári. Þá er átt við barna- og gagnfræðaskóla, og er hér ekki um mikla fjárhæð að ræða. Hins vegar má gera ráð fyrir því, að þessi tala breytist verulega til hækkunar við 3. umr., þegar endanleg afgreiðsla verður á skólamálunum. Til annarra skóla ganga 60.3 millj. kr. frá því sem var á þessu ári. Er þar háskólinn með 30 millj. kr. til fjárfestingar, og aðrir skólar skipta hinum hlutanum. Til sjúkrahúsa, læknabústaða og læknamiðstöðva fara 16.6 millj. kr. Það er öllum augljóst, að hér er um allt of lága fjárhæð að ræða, sem ekki verður hugsanlegt, að geti farið óbreytt í gegnum 3. umr. Þessi mál hafa verið mjög á dagskrá hjá okkur og ýmis vandkvæði komið þar upp, sem nauðsyn ber til að bæta úr. Eitt af því, sem hefur verið unnið að á síðari árum, er að koma á skipulagsbreytingu um læknaþjónustu í landinu, þar sem fleiri læknar störfuðu saman, og átti það að verða til þess að tryggja öruggari læknaþjónustu og betri heldur en nú er. Þrír staðir hafa nú ákveðið að koma upp læknamiðstöðvum hjá sér. Á Egilsstöðum var byrjað á þessu á yfirstandandi ári og verður haldið áfram, en nú er ákveðið að koma upp læknamiðstöðvum í Borgarnesi og á Ísafirði. Fjárveitingar þær, sem um er að ræða í fjárlagafrv. nú til framkvæmda á næsta ári, eru of lágar, og við í minni hl. höfum flutt brtt. til hækkunar á þessum lið. Við munum hins vegar taka þá afgreiðslu aftur til 3. umr., þar sem við gerum okkur vonir um, að samstaða náist í fjvn. um að hækka fjárveitingar vegna þessara læknamiðstöðva, til þess að hægt sé að ná vissum áfanga í framkvæmd þeirra á næsta ári. Hér er um stórmál að ræða, sem ekki verður hægt fram hjá að horfa og ríkisvaldið verður að leggja sig fram um að bæta úr, þar sem samstaða hefur tekizt um þessa breyttu skipan í von um, að hún muni koma að þeim notum, sem hugsað er og að er stefnt. En heilbrigðismálin í okkar landi eru nú með þeim hætti, að allt verður að gera sem unnt er til þess að bæta úr þeim. Ég geri mér vonir um það og tel nokkurn veginn öruggt, að fjvn. muni taka þessi mál til frekari athugunar á milli 2. og 3. umr.

Hafnarmannvirkin hækka um 19.3 millj. kr. frá því, sem var í gildandi fjárl., og er hér að vísu ekki um háa fjárhæð að ræða miðað við þau verkefni, sem í hafnargerðunum eru, og mun það ekki gera öllu betur heldur en að mæta þeim verðhækkunum, sem hafa orðið á hafnarframkvæmdum á þessu ári. Þá kemur inn að þessu sinni nýr liður til vegamála, um 50 millj. kr., og verður með þeim hætti reynt að laga ofurlítið fjárhag Vegasjóðs, sem er mjög erfiður eins og kunnugt er, m.a. vegna þess hve verðlag allt hefur hækkað á árinu og framkvæmdir því orðið dýrari en gert var ráð fyrir. Hér er um að ræða mál, sem frekari athugunar þarf við, til þess að séð verði fyrir eðlilegum framkvæmdum á næsta ári.

Til rafvæðingar sveitanna er hækkun aðeins 4.9 millj. kr. frá gildandi fjárl., og er hér um að ræða það litla fjárhæð, að undrum sætir. Það kom fram í fjvn. hjá framkvæmdastjóra Rafmagnsveitna ríkisins, að til þess að hægt væri á næstu 5 árum að ljúka sæmilega dreifingu raforkunnar um sveitirnar, þyrfti um 60 millj. kr. fjárveitingu eða fé til að vinna fyrir á ári miðað við svipað verðlag og nú væri. Það er svipuð fjárhæð og unnið verður fyrir á árinu 1970. Framkvæmdastjórinn taldi, að með þessum hætti mætti koma í framkvæmd að rafvæða upp að 4 km vegalengd, og gerði hann þá ráð fyrir, að segja mætti, að þessu verki væri lokið. Nú er unnið að því að taka þessi mál til endurskoðunar á nýjan leik, gera sér grein fyrir því, hvað eftir er að rafvæða í sveitunum, og setja upp heildaráætlun um þá framkvæmd, og ber þá nauðsyn til, að gerð verði áætlun um það, hvernig ljúka á þessu, á hvaða tíma, svo að hægt verði að gera fólki grein fyrir því með öruggum hætti. Við leggjum til að hækka þessa fjárveitingu upp í 60 millj. kr., svo að á árinu 1971 verði raunverulega hafin þessi framkvæmd, sem rafmagnsveitustjórinn minntist á í heimsókn sinni í fjvn.

Til rannsókna á sviði vísinda er hækkunin 17 millj. kr. og mun það ekki verða til þess að mæta þeim hækkunum, sem hafa orðið á kostnaði miðað við verðlagsbreytinguna á þessu ári eða þær kaupgjaldsbreytingar, sem núna eru komnar fram.

Á fjárlagafrv. er gerð till. um fjárveitingu til Kennaraskóla Íslands. Þessi stofnun hefur búið við mjög þröngan húsakost, svo að undrum sætir, þar sem í húsnæði Kennaraskólans er gert ráð fyrir, að séu að námi 240—260 nemendur, en eru núna milli 800—900 nemendur. Hér er eiginlega um mjög alvarlegt mál að ræða og hafa nemendur og for-

kröfugerð þess, mundi hafa áhrif á það, hve mikilla tekna það þyrfti að afla, til þess að komast sæmilega af. Og þess vegna mundi ríkissjóður fá tekjur af betri afkomu fólksins og aðrar kröfur verða minni.

Það er gert ráð fyrir því, að eins og verðlagið var fyrir 1. nóvember mundi þetta vera tekjumissir hjá ríkissjóði hátt í 400 millj. kr. En hvað gerði þetta svo að öðru leyti? Það gerði það að verkum, að það hækkaði vísitöluna um nærri 2 vísitölustig, — og hvað þarf nú hæstv. fjmrh. og ríkissjóður til þess að greiða niður vísitölustigin? Það eru um eða yfir 200 millj. Þannig er þessu varið með söluskattinn, sem við vildum láta fella niður til þess að hlífa þeim, sem minni höfðu tekjurnar, það hefði verið fyrst og fremst hagur fyrir þá, við vildum ekki una þeirri tekjubreytingu, að höfuðtekjustofn ríkisins væri tekinn af því fólki, sem minnsta hefði getuna. En inn á þessa braut var farið með breytingunum á tekjuöfluninni á þinginu í fyrra. Og nú verður ríkissjóður að greiða niður vísitölustigin með meiri fjárhæð heldur en hann hefur upp úr því að innheimta þennan söluskatt. Það geta þeir, sem vilja, kallað búmennsku að haga sér svona. En hvað er þetta búið að kosta ríkissjóð? Hvað er þetta búið að vera mikill þáttur í verðbólgufjárlögunum, sem við erum nú að afgreiða? Hvað á einmitt þessi ákvörðun mikinn þátt í þeirri 3200 millj. kr. hækkun fjárl., sem hér er nú verið að ræða um? Það geta þeir, sem vilja, kallað slíka tillögugerð ábyrgðarleysi og annað eftir því. En ef það er ábyrgð að standa að afgreiðslu fjármála á þennan hátt að innheimta söluskatt hjá þeim, sem minnsta hafa getuna, af því, sem þeir verða að borga, af húsunum, sem þeir verða að hita upp, og greiða svo aftur niður vísitöluhækkunina með fleiri krónum, þá kann ég nú ekki að skilja hvað ábyrgð er. Ég verð því að halda því fram sem fyrr, að stefna hæstv. ríkisstj., það sé hún, sem er stærsti verðbólgugjafinn, það sé hún, sem kyndi undir verðbólgunni, og það sé hún, sem beri ábyrgð á þeim hækkunum fjárlagafrv., sem hér er til umr. Ég undirstrika það, að hæstv. ríkisstj. gerði ekkert á árinu 1969 í sambandi við afgreiðslu fjárl. fyrir 1970, til þess að koma í veg fyrir þá verðbólguskriðu, sem nú er hlaupin af stað.

Hæstv. fjmrh. heldur því fram og hæstv. ríkisstj. yfirleitt, að það sé ekki til nema ein stefna í efnahagsmálum, það sé aðeins ein stefna rétt, það sé sú stefna, sem núv. hæstv. ríkisstj. fylgir og framkvæmir með þeim árangri, sem allir þekkja. Það er ekki talin stefna, þó að við leggjum til og tölum fyrir því, framsóknarmenn, að draga úr kostnaði við reksturinn í landinu. Það er okkar skoðun og okkar mat, að til þess að snúast gegn raunverulegri verðbólgu verði að draga úr rekstrarkostnaði í landinu, það verði ekki hægt að sporna gegn verðbólgunni nema með því að draga úr rekstrarkostnaðinum. Það eru mörg atriði, sem þar koma til greina, sem ég ætla ekki að fara út í að þessu sinni, en stefnan er þessi. Við höldum því einnig fram, að það verði að hafa stjórn og skipulag á fjárfestingu, það sé ekki hægt að láta fjárfestinguna gerast með þeim hætti, eins og gert hefur verið núna, að það sé allt tómt skipulagsleysi og það sé farið að finna verkefni handa framkvæmdunum, eftir að þær hafa verið gerðar. Það verði fyrst að hugsa, til hvers eigi að gera fjárfestingarframkvæmdina, hvaða hlutverki hún eigi að þjóna, en það eigi ekki að gerast á eftir, eins og mörg dæmi eru til frá síðustu árum. Við höldum því fram, að það verði að gera áætlun um uppbyggingu atvinnuveganna. Við höfum lagt fram frv., sem gengur í þessa átt, og lýst þessari skoðun okkar í ræðu og riti. Við teljum, að það verði ekki séð vel fyrir atvinnumálum þjóðarinnar nema það sé gerð áætlun um atvinnuuppbygginguna. Við teljum, að það verði að endurskoða starfsemi opinberra sjóða og banka og leita eftir því að gera þessa starfsemi einfaldari og sameina það, sem sameina á og hentar vel til þess að gera reksturinn ódýrari og einfaldari heldur en nú er. Við höldum því einnig fram, að það eigi að sameina stofnanir í ríkisrekstrinum til þess að draga úr kostnaði við ríkisreksturinn og það sé orðið margt í starfsemi ríkisstofnana, sem áður hentaði, en henti ekki nú. Þetta er það, sem við framsóknarmenn m. a. höldum fram sem stefnu til þess að stöðva verðbólguna. Þetta er það, sem við teljum, að þurfi að gera til þess að koma í veg fyrir óðaverðbólgu eins og hér hefur átt sér stað m. a., og fleira kemur þar til. Þetta er hins vegar það, sem hæstv. fjmrh. segir, að sé moðreykur einn, aðeins moðreykur, þegar slíku er haldið fram. Það má vel vera, að það sé svo frá hans bæjardyrum séð, en ég fæ ekki séð, að þetta sé ekki frambærileg stefna, frambærileg rök til þess að vinna að málum engu síður nema frekar þó heldur en gengislækkanir og verðbólguskriður núv. valdhafa með stöðvunum í kringum hverjar kosningar. Ég sé ekki, að það sé meiri ábyrgð í slíkum vinnubrögðum og slíkri stefnu, sem eys fjórða hvert ár nokkrum hundruðum millj. kr. í niðurgreiðslur til þess að halda verðlagi í skefjum í nokkra mánuði, meðan á kosningaundirbúningi stendur. Og hver er svo árangurinn af stefnu hæstv. ríkisstj., þessari einu réttu, þessari ábyrgu? Árangurinn er þessi, sem ég nefndi áðan, að fjárl. eru 11 milljarðar 536 millj. kr. og hækkunin ein er 3139 millj. kr., — og hvert fara svo þessir fjármunir? Í niðurgreiðslurnar er áætlað nú, að fari 1127 millj. kr., 1 milljarður 127 millj. kr. En það er ekki öll sagan sögð með þessu, því að þegar 1. september kemur, þá eru engar tekjur til þess að greiða niður, vegna þeirrar ákvörðunar, sem nú hefur verið tekin um niðurgreiðslur og hófust 1. desember, þá er búið að kjósa og þá þarf ekki að hugsa um verðstöðvun lengur. 550 millj. kr. kosta niðurgreiðslurnar, sem voru ákveðnar 1. desember til 1. september, frá 1. janúar til 1. september. Eftir það þarf ekki að sjá fyrir þeim. Og það er meira en það, því að þá þarf ekki einu sinni að ætla fé til þess að greiða ríkisstarfsmönnum verðlagsuppbætur á laun, þá hækkun, sem kynni að verða við það, að þessi breyting væri gerð.

Eins og kom fram í ræðu hv. 2. þm. Vesturl., frsm. meiri hl. fjvn., eru nokkur málefni, sem bíða afgreiðslu til 3. umr. Þar er veigamesti þátturinn, að hann hyggur, launakjör ríkisstarfsmanna, sem nú er verið að semja um og ekki er séð, hvað muni kosta ríkið í sambandi við þá fjárlagaafgreiðslu, sem nú er verið að gera. Hins vegar má gera ráð fyrir því, að þar verði um allverulega upphæð að ræða, sem kemur inn á fjárlagafrv., áður en það verður endanlega afgreitt. Meðan þessi stóri málaliður er ekki til meðferðar í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna, er raunverulega erfitt að gera sér grein fyrir því, hver heildarniðurstaða útgjaldanna kann að verða. Þá er einnig eftir að afgreiða nýbyggingar skóla á barna- og gagnfræðastiginu og einnig þá skóla, sem kunna að fá undirbúningsfjárveitingu að þessu sinni. Ekki er vafi á því, að hér er um nokkuð stórfellda fjárhæð að ræða, þar sem umsóknir um nýjar skólabyggingar eru verulegar nú, eins og verið hefur, og full þörf á því að leysa úr þeim. Enn fremur er það, eins og öllum hv. alþm. er kunnugt, að verðhækkanir á framkvæmdum hafa orðið verulegar á þessu ári, sem nú er senn liðið, sem hefur áhrif á framkvæmdamátt framkvæmdafjárins á næsta ári. Þá eru eftir nokkrir smærri málaflokkar, sem bíða afgreiðslu við 3. umr.

Þegar fjárlagafrv. er lagt fram við 2. umr. að þessu sinni, eru heildarniðurstöðutölur á teknahlið fjárlagafrv. 11 milljarðar 536 millj. kr. Hér er um stórfelldari hækkun að ræða heldur en nokkru sinni fyrr á fjárlagafrv., þar sem hækkunin ein nemur 3 milljörðum 139 millj. kr. Á undanförnum þingum hafa hv. alþm., og þar á meðal ég, gert að umtalsefni þær hækkanir, sem hafa orðið á fjárlagafrv., en ég verð nú að viðurkenna það, að allt, sem hefur gerzt um þá hluti á undanförnum árum, eru smámunir einir samanborið við það, sem nú er að gerast. Það má geta þess, að árið 1965 eða fyrir 6 árum voru niðurstöðutölur fjárlagafrv. 3 milljarðar 529 millj. kr. eða 390 millj. hærri tala heldur en hækkunin ein er nú. Þá má einnig geta þess, að þegar gengið var til kosninga 1967, voru niðurstöðutölur fjárlagafrv. 4 milljarðar 700 millj. kr., svo að hækkunin nú nemur ⅔ af heildarupphæð fjárl. fyrir 4 árum. Þessi þróun er a. m. k. greinileg, svo að ekki verður um deilt, að hraustlega er að staðið í hækkun fjárlagafrv. Það má vel vera, að að dómi þeirra, sem að þessu standa, sé hér vel gert og rétt stefnt, þó að okkur hinum sýnist, að svo sé ekki.

Mér varð það að orði í sambandi við 1. umr. fjárlagafrv. núna á yfirstandandi hausti, að fjárl. væru spegilmynd af þeirri stjórnarstefnu, sem fylgt væri, og enn fremur, að stjórnarstefnan hefði áhrif á efnahagsmál þjóðarinnar og hækkun verðbólgunnar í landinu. Ég sá það í ræðu þeirri, sem hæstv. fjmrh. flutti eftir að ég hafði lokið máli mínu þá, að þá taldi hann, að þessi orð væru mælt gegn betri vitund. Ég vissi betur, að fjárlagafrv. og afgreiðsla fjárl. hefði ekki áhrif á verðbólguna í landinu, heldur hefði verðbólgan áhrif á fjárl. og það mætti því frekar segja, að fjárl. væru spegilmynd af efnahagsástandinu í landinu, sem ríkisstj. að sjálfsögðu réð ekki við.

I sambandi við þessi ummæli og það fjárlagafrv., sem hér er nú til afgreiðslu, þykir mér rétt að víkja nokkuð að þessu, því að mér finnst það allsögulegur viðburður að afgreiða fjárlög á verðstöðvunartímabili, sem eru á 4. milljarð eða svipuð fjárhæð og fjárl. voru í heild fyrir 5 árum síðan. Ég vil geta þess eða minna á það réttara sagt, að árið 1969 mátti heita rólegt ár í efnahagsmálum þjóðarinnar. Með gengisbreytingunni haustið 1968 voru við þá afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1969 teknar inn þær hækkanir, sem gert var ráð fyrir, að stöfuðu af gengisbreytingunni haustið 1968 voru þá við afkaupgjaldið í landinu lækkaði þá um haustið og hreyfingar í kaupgjaldsmálum urðu ekki neinar sem heitið gátu á árinu 1969. Það var því fullkomin ástæða til að ætla, að hæstv. ríkisstj. notaði einmitt þetta ár til þess að reyna að gera verðstöðvun í landinu varanlega og reyna að koma til móts við fólkið um það, að verðhækkanir ættu sér ekki stað og ný verðskriða kæmi ekki til. En hvað gerðist við afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1970? Þá gerðist það, að þrátt fyrir það að verðlag hefði yfirleitt ekki hækkað í landinu á árinu 1969, þá hækkuðu fjárl. um 1.3 milljarða kr. Þannig var tekið af þjóðinni 1.3 milljarði kr. meira til fjárl. 1970 heldur en árið áður. Þetta stafaði þó ekki af því, að nein sérstök verðskriða hefði átt sér stað eða kaupgjald í landinu verið hækkað nema síður væri. Þessi áhrif eru að minni hyggju stefna hæstv. ríkisstj., sem þarna var að verki, en ekki stefna frá fólkinu sjálfu, eins og hæstv. fjmrh. vildi vera láta í sinni ræðu í haust. Og ávöxturinn af þessari þróun er nú að segja til sín. Ég vil minna á það einnig og í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna fyrir árið 1970, einmitt þegar meiri rólegheit voru í efnahagsmálum þjóðarinnar heldur en verið hafði um langt bil, þá var gerð sú breyting á tekjuöfluninni, að söluskattur var hækkaður verulega þannig, að hann gaf um milljarð í tekjuviðbót. Þessi söluskattur lagðist á allan almenning og mestu nauðsynjavörur fólksins.

Á þinginu í fyrra fluttum við framsóknarmenn frv. til l. um breytingu á söluskatti. Þar var gert ráð fyrir því að fella niður söluskatt af mestu nauðsynjunum, einmitt þeim vörum og þeirri þjónustu, sem allur almenningur í landinu varð að njóta. Hvernig var þessu máli tekið hér á hv. Alþ.? Þetta var að minni hyggju mál til þess raunverulega að sporna gegn verðbólgu, sporna gegn því, að ný verðbólguskriða kæmi til. En hvernig var tekið á þessu máli hér á hv. Alþ.? Því var haldið fram, eins og venja er hér af hv. stjórnarsinnum um till. okkar og tal okkar um fjárhag ríkisins, að þar sé ábyrgðarleysið eitt á ferðinni, sem ekki sé mark á takandi. Og hvernig ætti svo að mæta þessari hækkun? Hvernig ætti ríkissjóður að fara að, ef hann missti þessar tekjur?

Nú liggur svarið nokkurn veginn fyrir. Við héldum því fram, að ef úr þessum útgjöldum yrði dregið hjá fólkinu í landinu, þá mundi það hafa áhrif á

324 þús. og til skattstofu Reykjanesumdæmis einnig um 324 þús. kr. Þá er lagt til, að liðurinn 991, ýmis lán ríkissjóðs, 0 70, vextir, hækki um 1 millj. 201 þús. kr. Og við liðinn „lánahreyfingar út," er till. um 1 millj. 488 þús. kr. hækkun. Varðandi báða þessa liði er um leiðréttingu að ræða.

Þá koma brtt. n. við fjárlagaliði, sem falla undir samgrn. Þar er fyrst till. um, að liðurinn 211, vegagerð, til einstaklinga, heimila og samtaka, hækki um 75 þús. kr. En það er vegna styrkja, sem veittir eru til að halda uppi skiptingu á byggð í sveitum landsins. Í till. n. um fjárveitingar til hafnarmannvirkja og lendingarbóta er um hækkun að ræða, sem nemur 19 millj. 315 þús. kr. Um skiptingu á fjárupphæðinni milli einstakra framkvæmda vísast til þess, sem fram kemur á þskj. 214. Um röð þeirra framkvæmda, sem hér um ræðir, má segja, að í stórum dráttum sé farið eftir þeirri framkvæmdaáætlun hafnarmála, sem gerð var af vita- og hafnarmálastjórninni fyrir árið 1971 og 1972. Alls er þá varið 97 millj. 365 þús. kr. til hafnarmannvirkja og lendingarbóta samkv. þessum lið. En því til viðbótar eru fjárveitingar til þriggja landshafna, 52 millj. 998 þús. kr. og til hafnarbóta framlag 17 millj. kr. Til hafnarmannvirkja, svokallað halafé, 25 millj. 200 þús. og til ferjubryggja 3 millj. 281 þús. kr. eða til hafnarmála veitt samtals í fjárlögum, verði þessar till. n. samþ., 195 millj. 834 þús. kr. Til sjóvarnargarða er till. um 765 þús. kr. hækkun og vísast um skiptingu milli einstakra framkvæmda til þess, sem fram kemur á sérstöku yfirliti á þskj. 214.

Við flugmálastjórn er ein brtt., um hækkun á launalið að upphæð 230 þús. kr., en það er vegna ráðningar á einum fulltrúa við stofnunina. Til Veðurstofu er lagt til, að fjárveiting verði hækkuð um 242 þús. kr., en það er vegna fastráðningar eins starfsmanns við jarðeðlisfræðideildina, en maður þessi hefur um nokkur undanfarin ár starfað sem lausráðinn starfsmaður við stofnunina.

Þá eru brtt. við iðnrn. Þá er fyrst lagt til, að önnur rekstrargjöld við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins hækki um 160 þús. kr. Til Heimilisiðnaðarfélags Íslands er till. um 75 þús. kr. hækkun. Hafa félagssamtök þessi að undanförnu aukið verulega starfsemi sína bæði hvað snertir leiðbeiningarstörf og sölustarfsemi í sambandi við heimilisiðnaðarframleiðsluna.

Varðandi till. n. undir töluliðnum 105 til 110, um hækkun launa til ríkisspítalanna, vil ég vísa til þess, sem ég hef áður sagt þar um.

Að lokum leggur n. til, að inn verði teknir tveir liðir á heimildagrein fjárlagafrv., þ. e. að heimilað verði að selja eftirtaldar fasteignir póst- og símamálastjórnarinnar:

1. Hús pósts og síma að Kaupvangi 2 í Egilsstaðakauptúni, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum.

2. Hús pósts og síma að Egilsbraut 11, Neskaupstað, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum.

3. Eignarhluta pósts og síma í núverandi póst- og símstöðvarhúsi í Búðardal, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum.

Önnur till. er, að heimilað verði að afhenda Styrktarfélaginu Tjaldanesi að gjöf gestaskálann, sem nú stendur á baklóð ráðherrabústaðarins á Þingvöllum, sem brann í sumar.

Ég hef nú lokið við að gera grein fyrir brtt. þeim, sem fjvn. og meiri hl. n. hefur leyft sér að bera fram við þessa umr. Verði þessar till. samþ. leiðir af því, að á greiðsluyfirliti ríkissjóðs hækka tekjur um 942 millj. 807 þús. kr., og verða þá samtals 11 milljarðar 535 millj. 764 þús. kr. Gjöld hækka samtals um 857 millj. 641 þús. kr. og verða samtals 10 milljarðar 897 millj. 557 þús. kr. eða tekjur umfram gjöld 638 millj. 207 þús. kr. Á lánahreyfingum út hækkar um 1 millj. 488 þús. kr. og verður samtals 244 millj. 876 þús. kr. Lánahreyfingar inn eru óbreyttar, og verður þá mismunur á lánahreyfingum út 241 millj. 76 þús. kr. Verður þá greiðslujöfnuður þannig á greiðsluyfirliti ríkissjóðs: Á rekstrarreikningi, tekjur umfram gjöld 638 millj. 207 þús. kr. Á lánahreyfingum út 241 millj. 76 þús. kr. og þá greiðsluafgangur 397 millj. 131 þús. kr.

Herra forseti. Ég hef þá lokið við að gera grein fyrir till. fjvn. og meiri hl. fjvn. varðandi brtt. við fjárlagafrv. Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Mér er ljúft að byrja þessa ræðu mína með því að þakka formanni og öðrum nm. í fjvn. fyrir samstarfið í n. og get tekið undir það, sem formaður sagði hér áðan, að þó að leiðir skiljist um afgreiðslu fjárlaga, svo sem venja er og eðli málsins samkv., þegar um er að ræða meiri hl. og minni hl. Alþ., þá er það ekki af því að við teljum, að meiri hl. n. hafi beitt okkur ofríki í sambandi við nefndarstörfin. Þau hafa gengið með eðlilegum hætti og samstarf þar allt verið með ágætum. Mér er því ljúft að þakka fyrir það. Það breytir ekki neinu um það, þó að viðhorf okkar til afgreiðslunnar verði nokkuð á annan veg, minnihlutamanna, heldur en hinna, sem meiri hl. skipa.

Um aðild okkar að till. fjvn. vil ég segja það, að það er eins og venja er, að við höfum fyrirvara um þá afgreiðslu, — enda þótt við séum meðflm. að þeim till., þá höfum við fyrirvara um afgreiðslu á einstökum till. og til þeirra í heild. M. a. stafar það af því, að við höfðum ekki tækifæri til þess að bera okkur saman við okkar flokksmenn fyrr en afgreiðslu var raunverulega lokið í n. Ég vil nú einnig taka það fram í upphafi máls míns, að samstarf okkar í minni hl. við hagsýslustjóra hefur verið með ágætum og hefur hann greitt úr þeim erindum, sem við höfum leitað eftir hjá honum. Ég tel, að fjvn. hafi með starfsemi sinni gert ýmsar bætur á fjárlagafrv., svo að málaafgreiðslur þar hafi orðið til þess að bæta frv. frá því, sem það áður var að þeim till., sem raunverulega voru till. n. Hins vegar hafa komið inn í þessa afgreiðslu stórvægilegar brtt., sem hafa verið gerðar vegna þeirra pólitísku ákvarðana, sem teknar hafa verið hér á hv. Alþ. í sambandi við niðurgreiðslur á verðlagi.

Kirkjuvogskirkju í Höfnum 150 þús. kr., til Hallgrímskirkju í Saurbæ 25 þús. kr., til Kirkjukórasambands Íslands 25 þús. kr.

Þá koma næst till. við félmrn. Þar er fyrst till. n. um, að framlag til A.S.Í., samkvæmt liðnum 981, hækki um 100 þús. kr. Er upphæðinni ætlað að standa straum af kostnaði við rekstur Menningar- og fræðslusambands alþýðu. Fyrir er í fjárlögunum um 200 þús. kr. upphæð í þessu skyni. Til Iðnnemasambands Íslands er till. um 25 þús. kr. hækkun. Til Rauða kross Íslands er lagt til, að fjárveiting hækki um 200 þús. kr., sem er ætlað að standa undir auknum kostnaði m. a. vegna þátttökugjalda Rauða krossins til erlendra félagssamtaka. Til Slysavarnafélags Íslands er lagt til, að framlag hækki um 649 þús. kr. 150 þús. kr. af upphæðinni er viðbótarfjárveiting til að standa undir kostnaði við tilkynningarskyldu íslenzkra skipa, en 509 þús. kr. eru vegna breyttrar tekjuáætlunar. Orlofssjóður húsmæðra: Lagt er til, að liðurinn hækki um 250 þús. kr., og verður hann þá samtals 1 millj.

Loks er lagt til, að við þetta rn. verði teknir inn þrír nýir liðir: Styrktarsjóður lamaðra og fatlaðra 500 þús. kr., sem er byggingarstyrkur. Blindrafélagið 200 þús. kr., sem er hækkun á byggingarstyrk. Og til Foreldra- og styrktarfélags heyrnardaufra 50 þús. kr.

Rekstrarmálefni ríkisspítalanna hafa verið til sérstakrar athugunar hjá fjvn., einkum að því er tekur til starfsmannahalds. Við undirbúning og upphaf hvers fjárlagafrv. hafði þeirri reglu verið beitt í meginatriðum að heimila ekki aukningu starfsfólks nema þar sem um var að ræða opnun nýrra sjúkradeilda. Að vísu var þá ljóst, að ýmis vandamál voru óleyst í þessu efni, en rétt var talið að athuga þau nánar í fjvn. Þessi vandamál komu fyrst og fremst fram í því, að fjárveitingar til ýmissa starfa, sem heimiluð eru, hafa af stjórnendum ríkisspítalanna verið notaðar til þess að ráða í önnur óheimiluð störf, þegar starfskraftar hafa ekki fengizt í hin fyrrnefndu. Var gerð sérstök athugun á máli þessu við afgreiðslu frv. nú. Kom þá í ljós, að allveruleg brögð voru að slíkri nýtingu starfsfólks þannig, að allmargar heimilaðar stöður voru ekki notaðar og enn fleiri stöður mannaðar án heimildar. N. telur nauðsynlegt, að þessi mál verði framvegis í föstum skorðum, enda þótt ljóst sé, að eðli málsins samkvæmt munu vera einhver tímabundin frávik frá heimildum sennilega innan hvers árs, þar sem um svo viðamikinn rekstur er að ræða. Í samræmi við þetta leggur n. til, að tilteknar heimilaðar stöður verði nú lagðar niður, þar sem reynslan hefur leitt í ljós, að ekki hefur verið unnt að ráða fólk til starfa, og líklegt má teljast, að svo verði einnig í náinni framtíð. Á hinn bóginn leggur n. til, að heimilaðar verði nokkrar stöður, sem brýnar verða að teljast og fólk jafnvel er þegar starfandi í. Því er lagt til, að á Landsspítala verði lagðar niður þrjár stöður röntgentækna og tvær stöður vinnuþjálfa. Á Vífilsstöðum verði lögð niður ein staða aðstoðarlæknis og í Blóðbankanum staða eins meinatæknis. Þess í stað verði heimilaðar eftirtaldar ráðningar hjá ríkisspítölunum. Á Landsspítala: sérfræðingur í þvagfærasjúkdómum í hálft starf á handlækningadeild; sérfræðingur í nýrnasjúkdómum í hálft starf, sérfræðingur í hjartaþræðingum í hálft starf og aðstoðarlæknir í hálft starf, — öll þessi störf eru á lyflækningadeild. Sérfræðingur í barnasjúkdómum í hálft starf á Barnaspítala Hringsins. Aðstoðarlæknir í hálft starf á taugasjúkdómadeild. Sérfræðingur í röntgengreiningu í hálft starf og þrír aðstoðarmenn á röntgendeild. Meinaefnafræðingur frá 1. september 1971 og meinatæknir á rannsóknadeild. Tæknimaður í elektróní á eðlisfræði- og tæknideild. Þá er lagt til að heimila stöðu forstöðukonu og tveggja fóstra á dagheimili og loks stöður þriggja aðstoðarstúlkna á sótthreinsunardeild.

Á fæðingardeild Landsspítalans er lagt til, að ráðinn verði ritari, á Kleppsspítalanum verði heimiluð aukning starfsfólks fyrir upphæð, sem nemur 2 millj. kr., og skal það gert í samráði við yfirlækna spítalans. Á Vífilsstaðahæli sérfræðingur og sjúkraþjálfi á Kópavogshæli, vegna sameiginlegrar þjónustu frá miðju ári 1971, iðjuþjálfi, ræstingarstjóri og aðstoðarkona, á Rannsóknastofu háskólans aðstoðarlæknir og aðstoðarmaður við krufningar. Við Blóðbankann 2 hjúkrunarkonur og á Kristneshælið sjúkraþjálfi, auk hækkunar á öðrum rekstrargjöldum og viðhaldi, sem samtals nemur 830 þús. kr. Loks leggur n. til, að heimiluð verði ráðning starfsmannastjóra og innkaupastjóra á skrifstofu ríkisspítalanna. En brýn nauðsyn er að búa svo að þeirri stofnun varðandi mannahald, að ítrustu aðgæzlu sé hægt að beita, svo miklir fjármunir sem þar fara um. Framangreindar mannaráðningar hafa í för með sér útgjaldaaukningu, sem nemur 10 millj. 585 þús. kr. Á móti kemur sparnaður af niðurlögðum stöðum, að fjárhæð 2 millj. 63 þús. kr., þannig að bein hækkun á framlagi ríkissjóðs til ríkisspítalanna nemur 8 millj. 522 þús. kr. auk áðurnefnds viðbótarframlags til almenns reksturs á Kristneshæli.

Til byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknamiðstöðva og læknabústaða leggur n. til, að fjárveitingar hækki um 14 millj. 817 þús. kr. Verður þá heildarfjárveiting samkvæmt þessum lið 74 millj. og 200 þús. kr. Um skiptingu á upphæðinni vísast til þess, sem fram kemur á sérstöku yfirliti á þskj. 214. Við liðinn 399 er lagt til, að komi nýr liður, þing skurðlækna á Norðurlöndum, sem halda á hér á landi á næsta ári, þar er till. um 150 þús. kr. fjárveitingu.

Þá er lagt til, að framlag til gæzluvistarsjóðs hækki um 1700 þús. kr., og verður þá fjárveiting samkvæmt því til gæzluvistarsjóðs samtals 10 millj. kr.

Koma þá næst brtt. n. við fjárlagaliði, sem falla undir fjmrn. Þar er lagt til, að launaliðir skattstofunnar í Reykjavík hækki um 972 þús. Til skattstofu Norðurlandsumdæmis eystra hækki fjárveiting um

haldnir verða í München í Þýzkalandi, en það hefur verið venja, að styrkur vegna þátttöku í Ólympíuleikunum sé dreifður á fleiri en eitt ár. Að þessu sinni leggur fjvn. til, að tekin verði inn fjárveiting vegna væntanlegrar þátttöku Íslendinga í þessum Ólympíuleikum, að upphæð 250 þús. kr.

Loks leggur n. til, að inn komi nýr liður, til Frjálsíþróttasambands Íslands, vegna Evrópumeistaramóts í frjálsum íþróttum, sem haldið verður í Helsingfors í Finnlandi á næsta ári, að upphæð 75 þús. kr.

Þá er næst till., sem fellur undir utanrrn. Lagt er til, að inn verði tekin fjárveiting til að greiða tillag til Alþjóðasjómælingastofnunarinnar, alls 175 þús. kr.

Síðan koma till., er falla undir landbrn. Þar er lagt til, að fjárveitingar til Skógræktar ríkisins undir liðnum „skóggræðsla" hækki um 800 þús. kr. Telur skógræktarstjóri, að stofnunina vanti verulegt fjármagn sérstaklega til girðingarframkvæmda, og er vonazt til þess, að upphæð þessi verði til að ráða þar nokkra bót á. Til tilraunastöðvarinnar á Mógilsá er till. um 100 þús. kr. lækkun, en það er nánast leiðrétting, og enn fremur er lagt til, að inn verði tekinn nýr liður, dánarbætur, að upphæð 300 þús. kr., en það er vegna hins hörmulega atburðar, sem átti sér stað, er Einar Sæmundsen skógræktarfræðingur fórst í bílslysi.

Til Landgræðslunnar leggur n. til, að á liðnum „gjaldfærður stofnkostnaður" verði hækkun, sem nemur 1.5 millj. N. bárust erindi frá félagssamtökunum Landvernd og átti einnig viðræður við fulltrúa þeirra samtaka, sem fóru þess á leit, að til þeirra yrði sérstaklega varið verulegri upphæð af því fjármagni, sem veitt er til landgræðslu. Fjvn. lítur svo á, að ekki sé rétt að dreifa þessu fjármagni á fleiri aðila, en telur sjálfsagt, að samtök þessi njóti fyrirgreiðslu og fái ókeypis hráefni, svo sem áburð og fræ til sinnar starfsemi í gegnum Landgræðsluna.

Þá koma næst till. n. um fjárveitingu í fyrirhleðslur. Leggur n. til, að upphæðin hækki um 475 þús. kr., en um skiptingu á milli framkvæmda vísast að öðru leyti til þess, er fram kemur á sérstöku yfirliti á þskj. 214.

Til Garðyrkjufélags Íslands er till. um 20 þús. kr. hækkun. Til Efnarannsóknastofu Norðurlands er lagt til, að fjárveiting hækki um 50 þús. kr. Og að lokum, að inn verði teknir þrír nýir liðir: Til rannsóknastöðvarinnar Kötlu að Víkurbakka 25 þús. kr., Tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands 200 þús. kr. og til norræns dýralæknamóts, sem haldið verður árið 1973, 100 þús. kr.

Þá eru brtt. við Bændaskólann á Hvanneyri. Lagt er til, að aukin verði fjárveiting vegna viðhaldskostnaðar um 500 þús. kr. Er það vegna óhjákvæmilegra endurbóta á raflögnum eldri skólahúsanna. Er þá einnig lagt til, að gjaldfærður stofnkostnaður við skólann hækki um 500 þús. kr.

Næstar koma till., sem falla undir sjútvrn. Til reikningaskrifstofu sjávarútvegsins er lagt til, að fjárveiting hækki um 500 þús. Er þá gert ráð fyrir því, að upphæðin nægi til að standa straum af fastráðningu eins starfsmanns og til að standa undir kostnaði af ferðum hans út um landið. Það er talið mjög nauðsynlegt fyrir reikningaskrifstofuna, að hún hafi möguleika á að auka tengslin við útgerðarmenn víðs vegar um landið og að aðstoða við skýrslugerð. En með því mundi fást öruggari grundvöllur fyrir starfsemi skrifstofunnar og þá aðila, sem þurfa á slíkum gögnum að halda. Er það von n., að með þessari fjárveitingu megi bæta nokkuð úr í þessum efnum.

Þá er lagt til, að fjárveiting hækki til Fiskmats ríkisins. Launaliður hækkar um 500 þús. kr. og önnur rekstrargjöld einnig um 500 þús. kr. Hér var um vanáætlun að ræða, sem átti sér stað við tillögugerðina.

Að lokum leggur n. til varðandi till.-gerðir við þetta rn., að inn komi nýr liður, tækniaðstoð til umbóta í hollustuháttum í fiskiðnaði, að upphæð 500 þús. kr.

Þá koma brtt. við dóms- og kirkjumálarn. Lagt er til, að launaliður við sýslumannsembættið á Patreksfirði hækki um 280 þús. kr. Er það vegna ráðningar á föstum starfsmanni. Þá er einnig lagt til, að liðurinn „gjaldfærður stofnkostnaður" við sama embætti hækki um 545 þús. Er sú fjárveiting nauðsynleg vegna óhjákvæmilegra endurbóta á sýslumannshúsinu.

Til vinnuhælisins á Litla-Hrauni er lagt til, að gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 2 millj. kr., og er þá haft í huga, að unnt verði að ljúka þeim byggingarframkvæmdum, sem nú eiga sér stað á hælinu. En húsið mun nú vera því sem næst fokhelt. Til vinnuhælisins á Kvíabryggju er lagt til að hækka fjárveitingu um 120 þús. kr. Upphæðinni er ætlað að standa undir kostnaði við að fjarlægja veg, sem nú liggur um hlað hælisins.

Næst koma nokkrar brtt. n. varðandi fjárveitingar til þjóðkirkjunnar. Þar er lagt til, að fjárveiting vegna kirkjuþings hækki um 100 þús. kr.

Til æskulýðsstarfa þjóðkirkjunnar 300 þús. kr. hækkun. Er þá gert ráð fyrir, að ráðinn verði einn nýr æskulýðsfulltrúi. Til sumarbúðastarfs þjóðkirkjunnar er einnig till. um 300 þús. kr. hækkun, en á vegum þjóðkirkjunnar eru nú starfandi 5 starfsnefndir, sem hafa eftirlit með starfinu, en sumarbúðir eru nú starfræktar á sex stöðum víðs vegar um landið. Með þessari viðbótarfjárveitingu verður upphæðin samtals 1.5 millj. kr.

Þá er lagt til, að fjárveiting vegna embættiskostnaðar presta og prófasta hækki um 2.5 millj. kr.

Til bygginga á prestssetrum er till., sem nemur 900 þús. kr. hækkun, og verður þá liðurinn samtals 4.5 millj. Til biskupsbústaðar er lagt til, að fjárveiting lækki um 473 þús. kr., en hér er um leiðréttingu að ræða í sambandi við lánagreiðslur. Framlag til útihúsa á prestssetrum hækkar um 250 þús.

Síðan er lagt til, að inn verði teknir fjórir nýir liðir: Til útgáfu rits presta í Hólastifti 25 þús., til

hækki um 100 þús., en gert er ráð fyrir, að sú fjárveiting gangi til Leikfélags Akureyrar, en það félag hefur með höndum allmikla leiklistarstarfsemi.

Til listasafna er lagt til, að fjárveiting hækki um 275 þús. kr., en upphæðin skiptist á milli listasafnsins á Ísafirði 75 þús. kr., Listasafns A. S. Í. 100 þús. kr. og loks fær safnið á Selfossi 100 þús. kr.

Þá er lagt til, að liðurinn vísinda- og fræðimenn hækki um 50 þús. kr. Er það vegna mannfræðirannsókna dr. Jens Pálssonar, en til þeirrar starfsemi eru einnig ætlaðar 100 þús. kr. á þessum fjárlagalið samkv. fyrri ákvörðun.

Til Íþróttasambands Íslands hækkar liðurinn um 2 millj. og 9 þús. kr. Þar af er hækkuð áætlun um tekjur af vindlingagjaldi, sem rennur til Íþróttasambandsins, 509 þús. kr., þannig að raunveruleg hækkun á fjárveitingu er 1.5 millj. króna. Þá er lagt til, að liðurinn varðandi rekstur íþróttaskóla Sigurðar Greipssonar falli niður, þar sem skóli sá er nú hættur störfum. Til Skíðaskólans í Kerlingarfjöllum er till. um fjárveitingu að upphæð 100 þús. kr. Er hér um stofnfjárstyrk að ræða, en skóli þessi heldur uppi skíðakennslu árlega a. m. k. um tveggja mánaða skeið og eru eigendur skólans nú að leggja í fjárfrekar virkjunarframkvæmdir, sem kosta munu um 900 þús. kr. Skóli þessi, sem borinn er uppi af áhugamannahópi, hefur einu sinni áður hlotið opinberan styrk, en það var á fjárlögum 1969, 100 þús. kr.

Lagt er til, að tímaritið Veðrið fái hækkaða fjárveitingu, sem nemur 10 þús. kr.

Til Bandalags ísl. leikfélaga hækkar fjárframlag um 100 þús. kr. Fjárveiting til Leikfélags Reykjavíkur hækkar samkvæmt till. n. um 750 þús. kr., og verður þá heildarfjárveiting til félagsins 1.5 millj. kr. Leikfélag Reykjavíkur, sem hefur með höndum mikla menningarstarfsemi, á í verulegum fjárhagsörðugleikum, og telur því fjvn. rétt, að komið verði til móts við óskir leikfélagsins með þeirri hækkun á fjárveitingu, sem n. leggur hér til.

Til Rithöfundasambands Íslands er till. um 35 þús. kr. hækkun, og er þá fjárveiting til sambandsins alls um 50 þús. kr.

Lagt er til, að fjárveiting hækki um 25 þús. kr. til Hins íslenzka náttúrufræðifélags. Til Hins íslenzka stærðfræðifélags er lagt til, að fjárveiting hækki um 20 þús. Og til Taflfélags Reykjavíkur hækkar fjárveiting um 10 þús., en það er byggingarstyrkur. Fyrir eru 40 þús. inni í fjárlagafrv., svo heildarupphæðin til Taflfélags Reykjavíkur verður 50 þús. kr. Til Skáksambands Íslands hækkar fjárveiting um 70 þús.

Til Bandalags ísl. skáta er á fjárlögum yfirstandandi árs styrkur, sem nemur 350 þús. kr. Skátafélagsskapurinn hefur með höndum fjölbreytta æskulýðsstarfsemi, sem þrátt fyrir mikla sjálfboðavinnu áhugamanna hlýtur að kosta allmikið fé. Leggur n. til, að fjárveiting til Bandalags íslenzkra skáta verði hækkuð um 150 þús. kr.

Til Fuglaverndunarfélags Íslands hækkar fjárveiting um 15 þús.

Til Kvenfélagasambands Íslands er lagt til, að fjárveiting hækki um 150 þús., en sambandið hefur nú fært út starfsemi sína og ráðið fastan starfsmann, sem hefur með höndum ýmsa fræðslu og leiðbeiningarstörf fyrir húsmæður.

Þá leggur fjvn. til, að inn verði teknir eftirtaldir nýir liðir:

Dýrasafn Kristjáns Jósefssonar 100 þús. kr., og er þá gert ráð fyrir, að sett verði sérstök stofnskrá fyrir þetta safn, sem staðfest verði af menntmrn.

Blindravinafélag Íslands, vegna ferða um landið til að aðstoða blinda og alvarlega sjónskerta, 100 þús. kr.

American Field Service, — samtök þessi aðstoða skiptinemendur, sem eru á þeirra vegum, til námsdvalar í Bandaríkjunum. Er lagt til, að veitt verði fjárveiting 100 þús. kr.

Til Landssambands ísl. menntaskólanema 50 þús. kr. til að standa straum af nemendaráðstefnu, sem haldin var á Akureyri á þessu hausti.

Til Samtaka ísl. kennaranema 15 þús. kr.

Til Hagsmunasamtaka einstæðra foreldra 50 þús. kr.

Kvennaheimilið Hallveigarstaðir 200 þús. kr.

Samband norðlenzkra kvenna til námskeiða í heimilisgarðrækt 25 þús. kr.

Til Íslendingafélagsins í Osló, 50 þús. kr. vegna kaupa á húsgögnum í húseign félagsins, og til greiðslu á viðhaldskostnaði á gömlu rjómabúi á Baugsstöðum í Árnessýslu er till. um 50 þús. kr. fjárveitingu.

Ákveðið hefur verið, að norrænu safnmannafélögin haldi hér sameiginlegan safnmannafund á næsta ári. Hafa fundir þessir verið haldnir oftsinnis áður og þá jafnan á hinum Norðurlöndunum. Það er því í fyrsta sinn, að slíkur safnmannafundur er haldinn hér á Íslandi, en fundir þessir eru mjög fjölmennir. Leggur fjvn. til, að tekin verði upp fjárveiting að upphæð 200 þús. kr. til þess að standa undir kostnaði vegna safnmannafundarins.

Á Sauðárkróki standa nú yfir framkvæmdir við að fullgera safnahús. Hefur hús þetta verið í smíðum undanfarin ár. Er nú unnið að því af heimamönnum að fullgera safnahús þetta, svo að vígsla þess geti farið fram á næsta ári, en þá verður þess minnzt sérstaklega, að 100 ár eru liðin frá sögu fyrstu byggðar á Sauðárkróki. Leggur fjárveitinganefnd til, að veittar verði 250 þús. kr. sem byggingarstyrkur til þessa safnahúss.

Þá er lagt til, að málfundafélagið Magni í Hafnarfirði fái 200 þús. kr. styrk til umbóta í garði sínum Hellisgerði. En málfundafélagið Magni átti sem kunnugt er 50 ára afmæli fyrir fáum dögum. Þessi félagsskapur eða þessi starfsemi, sem það hefur með höndum, hefur aldrei hlotið opinberan styrk áður frá Alþ.

Lagt er til, að inn verði teknar fjárveitingar til að reisa minnisvarða um þá Jón Eiríksson konferenzráð, Guðmund góða og Ara fróða, 35 þús. kr. til hvors málefnis.

Á árinu 1972 verður efnt til Ólympíuleika, sem

til, að verði 97 millj. 504 þús. kr. og skiptist hún þannig, að til stofnkostnaðar barnaskóla verður varið 77 millj. 254 þús. kr. og til gagnfræðaskóla 20 millj. 250 þús. Um skiptingu á milli einstakra framkvæmda vísast hér einnig að öðru leyti til þess, sem fram kemur á sérstöku yfirliti samkv. till. n. á þskj. 214.

Þessu næst eru till. fjvn. til greiðslu stofnkostnaðar skóla, sem byggðir eru samkv. l. nr. 49 1967, framhaldsfjárveitingar. Eru þar fyrst till. um barnaskóla. Lagt er til, að heildarfjárveiting til þessara skóla verði 103 millj. 239 þús. kr. og til gagnfræðaskóla samkv. sömu lögum 28 millj. 532 þús. kr. En um skiptingu á milli einstakra skólabygginga vísast hins vegar til þess, sem fram kemur á sérstöku yfirliti á þskj. 214.

Loks leggur n. til, að fjárveiting til Krýsuvíkurskóla verði 4 millj. 310 þús. kr., en það er jafnhá upphæð og veitt er til sama skóla á yfirstandandi ári. Hér er um heimavistarskóla að ræða, en með því að skólinn er ætlaður til handa börnum úr þéttbýlinu á Reykjanesi og hér sunnanlands, er lagt til, að fjárveiting verði háð því skilyrði, að jafnhátt framlag komi annars staðar að. Mér er tjáð, að ákveðið sé af aðilum, að byggingarframkvæmdir við þennan skóla hefjist á næsta ári.

Ég tel rétt að geta þess, að við ákvörðun n. um fjárveitingar til greiðslu stofnkostnaðar við skóla, sem byggðir eru samkv. l. nr. 49 frá 1967, lágu fyrir hjá undirnefnd fjvn., sem vann að athugun og tillögugerð um skólabyggingar, þær upplýsingar, að nokkrir af þeim skólum, sem gert hafa samning um framkvæmdir, hafa ekki getað staðið við skuldbindingar af sinni hálfu. Við afgreiðslu n. varðandi fjárveitingar til þessara skóla, var því sú ákvörðun tekin að jafna heildarkostnaðinum á árin, sem eftir eru af framkvæmdatímabilinu. Komi hins vegar í ljós, að framkvæmdir við einstakar skólabyggingar þessar fari fram úr því, sem í till. fjvn. felst, mun menntmrn. standa við greiðsluskuldbindingar ríkissjóðs hvað þá skóla snertir. Með þessum till. n. um fjárveitingar til skóla hefur hún lokið við tillögugerð sína varðandi allar þær skólabyggingar, sem nú eru á framkvæmdastigi.

Með þeim till., sem ég hef þegar lýst um framlag til skólabygginga og þeim hækkunum, sem fyrir eru í fjárlagafrv. miðað við fjárlög ársins 1970, má ljóst vera, að um stórfellda hækkun fjárveitinga til byggingarframkvæmda skóla er að ræða. Í fjárlögum ársins 1970 var varið til byggingar barna- og gagnfræðaskóla 162 millj. 954 þús. kr., og eru þá ekki meðtaldir nýir skólar á fyrsta framkvæmdastigi, þar sem till. um þá að þessu sinni liggja ekki fyrir fyrr en við 3. umr. málsins. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1971 er á sama hátt, að viðbættum þeim till., sem n. hefur leyft sér að flytja við þessa umr. málsins, veitt 234 millj. 560 þús. kr. Er því nú þegar um hækkun að ræða varðandi þessa liði skólabyggingaanna, sem nemur 71 millj. 606 þús. kr. Á sama hátt, ef borin eru saman fjárlög þessara tveggja ára, kemur í ljós, að til annarra skólabygginga var á árinu 1970 varið samtals 98 millj. 566 þús., en í fjárlagafrv. 1971 að viðbættum till. n. er þessi upphæð samtals 178 millj. kr. og 24 þús. kr. eða hækkun frá fyrra ári að upphæð um 79 millj. 458 þús. kr. Samtals er því um hækkun að ræða á fjárveitingum til skólaframkvæmda, sem nemur 151 millj. 64 þús. kr., og er þá, eins og ég hef áður um getið, ekki tekin með sú hækkun, sem óhjákvæmilega hlýtur að verða nokkur til byrjunarframkvæmda við nýja barna- og gagnfræðaskóla, en brtt. vegna þeirra framkvæmda bíða afgreiðslu hjá n. til 3. umr., eins og ég hef áður um getið.

Þá leggur n. til, að framlög til styrktar- og útgáfustarfsemi undir liðnum náms- og fræðimenn hækki um 350 þús. kr., og verði þá samtals 3 millj. 150 þús. Er þá haft í huga, að af þessum fjárlagalið verði veittir m. a. eftirtaldir nýir útgáfustyrkir: Til Þjóðvinafélagsins 100 þús. kr. til útgáfu á bréfum Stephans G. Stephanssonar, til Hins íslenzka bókmenntafélags 100 þús. kr. til útgáfustarfsemi sinnar og til sögunefndar Þingeyinga til útgáfu ritsins Ættir Þingeyinga 50 þús. kr., til Siglufjarðarprentsmiðju vegna fyrirhugaðrar útgáfu á íslenzkum þjóðlögum eftir séra Bjarna Þorsteinsson tónskáld, en gert er ráð fyrir, að bókin verði tilbúin árið 1974, 100 þús. kr. Til útgáfu á söngvasafni Þórðar Kristleifssonar 50 þús. kr., til að ljúka samningu íslenzk-þýzkrar orðabókar 75 þús. kr.

Til Félagsstofnunar stúdenta er till. um að hækka fjárveitingu um 600 þús. kr. Þá verður heildarupphæðin 4 millj. 80 þús. kr.

Lagt er til, að fjárveiting til Landsbókasafnsins, önnur rekstrargjöld, hækki um 150 þús. kr. og er upphæðin ætluð til kaupa á handritum af tónverkum Sigurðar Þórðarsonar tónskálds. Til Þjóðminjasafnsins er lagt til, að launaliður hækki um 228 þús. kr., en það er vegna ráðningar á smið við safnið. Þá er einnig lagt til, að liðurinn 092 við Þjóðminjasafnið, til sveitarfélaga, hækki um 200 þús. kr., og skal upphæðin ganga til styrktar byggðasafna eftir nánari ákvörðun. Til Listasafns Íslands er lagt til, að fjárveiting hækki um 150 þús., er skiptist á þrjá rekstrarliði listasafnsins.

Við endurskoðun á fjárhagsáætlun Þjóðleikhússins kom í ljós, að tekjuáætlun er talin of há. Féllst n. á þetta sjónarmið og leggur því til, að áætlaðar tekjur verði lækkaðar um 2 millj. kr. og fjárveiting til Þjóðleikhússins hækkar um sömu upphæð.

Til bæjar- og héraðsbókasafna hækkar framlag um 50 þús. kr., sem rennur til Amtsbókasafnsins á Akureyri, til geymsludeildar safnsins.

Lagt er til, að fjárveiting til tónlistarskóla hækki um 500 þús. kr., en það er m. a. vegna vanáætlunar. Varðandi fjárveitingu til Barnamúsíkskólans kom í ljós, að fjárveiting samkvæmt fjárlagafrv. er of há, sem nemur 200 þús. kr., og er því um leiðréttingu að ræða, sem gerð er að höfðu samráði við skólastjórann. Til lúðrasveita er lagt til, að fjárveiting hækki um 30 þús.

Til leiklistarstarfsemi er lagt til, að liðurinn

erfiðleikar voru á því að koma nemendum fyrir í leiguhúsnæði og því fyrirsjáanlegt, að sá vandi mundi aukast, þegar bekkjardeildum fjölgar. Það er því talið óhjákvæmilegt, að hafizt verði handa um byggingu heimavistar fyrir 50 nemendur ásamt íbúð fyrir skólameistara. Kostnaðaráætlun við framkvæmdina er gert ráð fyrir, að verði um 33 millj. kr., og með hliðsjón af þessu leggur n. til, að fjárveiting til stofnkostnaðar Menntaskólans á Ísafirði hækki um 5 millj. kr., og verður þá handbært fé til byggingarframkvæmda á næsta ári um 13.5 millj. kr.

Til Kennaraskóla Íslands var á fjárlögum yfirstandandi árs 5 millj. kr. fjárveiting til byggingarframkvæmda. Áður hafði skólanum verið veitt 1 millj. kr. í sama skyni, en meginhlutinn af þessari fjárupphæð hefur verið lánaður til þess að flýta framkvæmdum við æfinga- og tilraunaskóla Kennaraskólans, sem nú mun að mestu lokið framkvæmdum við. Það er öllum kunnugt, að Kennaraskóli Íslands hefur á undanförnum árum búið við mjög mikil þrengsli í húsnæðismálum. Hvort tveggja er, að miðað við aðsókn að skólanum, sem hefur verið óvenjumikil á þessum árum, skortir verulega almennt kennsluhúsnæði, og einnig ber þess að geta, að við skólann er ekkert íþróttahús, sem hefur leitt til þess, að nemendur hafa orðið að stunda íþróttaiðkanir í leiguhúsnæði á fleiri stöðum í borginni. En þá er einnig þess að geta, að meðan n. hafði þessi málefni Kennaraskólans til sérstakrar athugunar, barst henni áskorunarskjal undirritað af hátt á 3. hundrað foreldrum barna þeirra, sem nám stunda við æfinga- og tilraunaskóla Kennaraskólans, þar sem vakin var athygli á því, hversu illa er séð fyrir íþrótta- og leikfimikennslu við skólann. Þar gegnir sama máli og fyrir Kennaraskólann sjálfan, að ekkert íþróttahúsnæði er á staðnum. Nú er hins vegar um það rætt að gera breytingar á stöðu Kennaraskólans, hvað snertir inntökuskilyrði. Í því sambandi má segja, að erfitt sé í dag að gera sér fulla grein fyrir þeirri stærð skólans, sem ráðandi verður í framtíðinni. Það er því mat fjvn., að bygging íþróttahúsnæðis fyrir þessa tvo skóla yrði látin sitja í fyrirrúmi hvað byggingarframkvæmdir snertir. Er því till. n., að til byggingar íþróttahúss fyrir Kennaraskóla Íslands sé tekin inn fjárveiting að upphæð 8 millj. kr. og ætti því handbært fé til framkvæmdanna að vera a. m. k. um 14 millj. kr. En varðandi fjárveitingu til æfinga- og tilraunaskólans er hins vegar lagt til, að liðurinn „gjaldfærður stofnkostnaður“ að upphæð 3 millj. verði felldur niður, enda er n. tjáð, að framkvæmdum við sjálft skólahúsið sé nú að fullu lokið.

Til Húsmæðrakennaraskóla Íslands er lagt til, að inn verði tekinn nýr liður, gjaldfærður stofnkostnaður, að upphæð 200 þús. kr. Er ætlunin að verja þessari upphæð til undirbúnings á bættri húsnæðisaðstöðu fyrir skólann, en skóli þessi býr nú við mjög þröngan húsakost.

Á fjárl. yfirstandandi árs er veitt 250 þús. kr. til að gera tilraun með skólasjónvarp í eðlisfræði. Samkv. upplýsingum frá fræðslumyndasafninu stendur þessi tilraun nú yfir og gert er ráð fyrir, að sjónvarpað verði 10 kennslutímum í eðlisfræði fyrir 10 ára börn og 1. bekk í gagnfræðaskóla. Auk þeirra fjárveitinga, sem veittar eru til þessa í fjárl., mun fræðslumyndasafnið fá nokkra greiðslu frá sjónvarpinu til að standa undir kostnaðinum. Allt fyrir það telur n. óhjákvæmilegt að leggja til, að þessi fjárlagaliður verði hækkaður um 100 þús. kr.

Þá eru næst till. n. um, að fjárveiting til iðnskóla, gjaldfærður stofnkostnaður, hækki um 1 millj. 134 þús. kr. Að öðru leyti vísast til þess, er fram kemur á sérstöku yfirliti varðandi iðnskólana á þskj. 214.

Þá leggur n. til, að húsmæðraskólaliðurinn, gjaldfærður stofnkostnaður, lækki um 177 þús. kr. og heildarupphæðinni, 8 millj. 823 þús. kr., verði skipt milli 7 húsmæðraskóla, eins og fram kemur á sérstöku yfirliti á þskj. Lagt er til, að fjárveiting til Myndlista- og handíðaskólans hækki um 50 þús. kr., sem ætlað er að verja til kaupa á kvikmyndasýningavél til notkunar við kennslu í skólanum.

Þrátt fyrir það, að fyrir liggur, að Veðurstofan muni í náinni framtíð flytja úr húsnæði Stýrimannaskólans í sitt eigið húsnæði, sem nú er í byggingu, er talið mjög aðkallandi, að Stýrimannaskólinn og Vélskólinn fái aukið húsnæði, og þá sérstaklega vegna aukinnar kennslu í véltækni, siglingatækni og rafmagnsfræði, en einnig vegna sívaxandi aðsóknar nemenda að skólunum. Skólar þessir eru, sem kunnugt er, báðir til húsa í sjómannaskólahúsinu, sem tekið var í notkun 1945, og hefur Stýrimannaskólinn búið við sama húsrými síðan. Gerðar hafa verið teikningar og kostnaðaráætlanir um fyrirhugaða viðbótarbyggingu til handa skólunum. Þar er gert ráð fyrir, að umræddri byggingu verði skipt í tvo áfanga, og er áætlaður kostnaður á hvorum áfanga fyrir sig rúmlega 20 millj. kr. Leggur fjvn. til, að inn verði tekinn nýr liður vegna fyrri áfanga byggingarinnar að upphæð 7 millj. kr.

Til Verzlunarskóla Íslands leggur n. til, að fjárveiting hækki um 4 millj. og 900 þús. Er sú till. n. byggð á sérstakri athugun, sem fjármáladeild menntmrn. gerði og byggð er á því, að ríkissjóður taki á sig þann hluta af reksturskostnaði skólans, sem fellur til vegna framhaldsmenntunar til stúdentsprófs. — Þá er till. um, að framlag til Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum hækki um 100 þús. kr., en það er vegna aukins rekstrarkostnaðar við skólann.

Við héraðsskólana er lagt til, að fjárveiting hækki um 7 millj. 970 þús. kr., og koma þá til skipta til byggingarframkvæmda við héraðsskólana 24 millj. 670 þús. kr., — um skiptingu á framkvæmdafénu vísast til þess, sem fram kemur á sérstöku yfirliti á þskj. 214.

Þá koma næst brtt. fjvn. um framlög til stofnkostnaðar gagnfræðaskóla, barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra samkv. ákvæðum l. nr. 41 1955. Heildarupphæð til þessara framkvæmda leggur n.

rekstrinum, sem leiða kann til aukinnar hagkvæmni. Á meðan n. hefur nú haft fjárlagafrv. til athugunar, hefur hún notið aðstoðar forstöðumanns fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar, dr. Gísla Blöndal, en hann hefur setið flesta fundi n. og veitt henni margvíslegar upplýsingar, sem málið varða. Svo sem kunnugt er, er öll viðmiðun hvað verðlag snertir miðuð við það verðlag, sem í gildi var, þegar Alþ. kom saman. Hitt er svo öllum ljóst, að ef ekki kæmu til einhverjar þær ráðstafanir af hendi þess opinbera, sem hömluðu gegn þeirri óheillaþróun, sem af víxlhækkunum verðlags og kaupgjalds leiðir, hlyti svo að fara, að dýrtíðarhjólið héldi áfram að snúast með þeim afleiðingum, að allur atvinnurekstur í landinu yrði í yfirvofandi hættu og stóraukin útgjöld mundu hlaðast á ríkissjóð. Það má hins vegar fullyrða, að með tilkomu hinna nýju laga um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis, sem Alþ. hefur nú nýverið afgreitt, hafi meiri festa og atvinnuöryggi skapazt í landinu. Af verðstöðvunartill. leiðir hins vegar, að gera verður verulegar breytingar á fjárlagafrv., tekjuliðir frv. hækka vegna þeirra ráðstafana um samtals 370 millj. kr. Það er sá hluti af hækkun launaskattsins og auknum tekjum Áfengis- og tóbaksverzlunar, sem gert er ráð fyrir, að verði á verðstöðvunartímabilinu frá áramótum til 1. sept. n. k. Lækkanir á gjöldum í frv. af sömu ástæðum eru áætlaðar verðlagsuppbætur, sem eru þar felldar niður, en sá liður var að upphæð 150 millj. kr. og liðurinn „til útflutningsuppbóta“ lækkar um 115 millj. Á gjaldalið fjárlagafrv. verða að öðru leyti þær breytingar, sem tengdar eru verðstöðvunarlögunum, eins og fram kemur á þskj. 215, að niðurgreiðslur hækka um 550 millj. kr. og fjölskyldubætur hækka um 145 millj. Að öðru leyti eru þær brtt., sem meiri hl. n. flytur við tekjuhlið frv., byggðar á nýrri endurskoðun, sem Efnahagsstofnunin hefur framkvæmt, og vísast í því efni til þess, sem fram kemur á þskj. 215.

Á meðan athugun fjvn. á fjárlagafrv. hefur farið fram, hefur hún nú sem áður haft þann hátt á að fá til viðtals við sig ýmsa af forstöðumönnum þeirra ríkisstofnana, sem fé er veitt til á fjárl. Í mörgum tilfellum hafa þessar viðræður leitt til þess, að n. hefur fallizt á að auka fjárveitingar, en í öðrum tilfellum hefur n. sannfærzt um, að með hliðsjón af því fjármagni, sem ríkissjóður hefur yfir að ráða, verður að fara varlega og í sumum tilfellum að synja um fjárveitingar til málefna, sem nauðsynlegar mega þó teljast. Í þeim efnum gegnir sama máli varðandi ýmis þau erindi, sem fjvn. hafa borizt frá ýmsum aðilum, einstaklingum og stofnunum um fjárbeiðnir til styrktar margvíslegum málefnum. Í þeim efnum hefur n. nú sem fyrr reynt að koma á móti aðilum eftir því, sem n. hefur séð sér fært. Enn sem komið er hefur n. ekki lokið við afgreiðslu á öllum þeim erindum, sem henni hafa borizt. Eftir eru einnig nokkrir fjárlagaliðir, sem afgreiðslu bíða til 3. umr., þ. á m. eru fjárveitingar til undirbúningsframkvæmda við barnaskóla og gagnfræðaskóla, og einnig fjárveitingar til sömu skóla hvað varðar byrjunarframkvæmdir, en þar er umverulega upphæð að ræða. Þá bíður einnig afgreiðslu n. till. um heiðurslaun og nokkur fleiri mál. Um styrki til flóabáta mun samvn. samgm. skila till. við 3. umr. málsins. Og loks er að geta þess, að af eðlilegum ástæðum hefur fjvn. ekki enn sem komið er getað fjallað um breytingar á launum til opinberra starfsmanna, en samningar við þá standa enn yfir. Þess er þó vænzt, að niðurstöður þeirra muni liggja fyrir við 3. umr. málsins.

Svo sem fram kemur í nál. um fjárlagafrv. náðist ekki samstaða um afgreiðslu málsins innan n. En varðandi brtt. á þskj. 214 flytur þó n. þær till. sameiginlega. Ég vil svo færa meðnm. mínum öllum þakkir fyrir ágæta samvinnu um afgreiðslu málsins og vel unnin störf. Ég vænti þess, að enda þótt afgreiðsla fjárlagafrv. af hendi meiri hl. hafi skipazt nokkuð á annan veg heldur en fulltrúar minni hl. í n. hefðu kosið, telji þeir sig ekki hafa verið órétti beitta í sambandi við vinnubrögð í n. eða afgreiðslu málsins í heild.

Ég mun nú í stuttu máli gera grein fyrir brtt. n. við gjaldahlið frv. Koma þá fyrst brtt., sem n. flytur á þskj. 214, sem falla undir forsrn. Þar er fyrst lagt til, að launaliður við rn. hækki um 278 þús. kr., en það eru laun eins fulltrúa. Þá er lagt til að veita 200 þús. kr. vegna flutnings á gestaskálanum, sem stóð á baklóð ráðherrabústaðarins, er brann á Þingvöllum á s. l. sumri, en í nánu sambandi við þessa till. leggur n. einnig til, að í 6. gr. frv. verði ríkisstj. heimilað að gefa Styrktarfélaginu Tjaldanesi umræddan skála. Þá er að lokum till. n., að framlag til Kanadasjóðs, sem er að upphæð 45 þús. kr., komi undir forsrn., en liður þessi er í fjárl. yfirstandandi árs færður undir menntmrn.

Næst koma brtt. fjvn. á sama þskj., en sem falla undir menntmrn. Þar er lagt til, að fjárveiting til Háskóla Íslands vegna viðskiptadeildar hækki um 280 þús. kr. En það er vegna aukins kennslukostnaðar, sem stafar af ófyrirséðri fjölgun stúdenta í deildinni að þessu sinni. Þá er lagt til, að vegna viðhaldskostnaðar við Náttúrufræðistofnun Íslands hækki fjárveiting um 100 þús. kr. Á undanförnum árum hefur verið veitt nokkurt fé á fjárl. til byggingar menntaskóla á Ísafirði. Samtals mun upphæðin vera um 9.7 millj. kr. Af þeirri fjárupphæð hefur nú þegar verið notuð 1 millj. kr. til breytinga á núverandi húsnæði skólans og gert er ráð fyrir, að verja verði svipaðri upphæð til breytinga á efri hæð hússins fyrir næsta starfsár skólans. Þá er einnig ætlað að verja nokkru fjármagni vegna stofnkostnaðar við nauðsynlegan kennsluútbúnað í eðlis- og efnafræði. Láta mun því nærri, þegar tillit er tekið til þessa, að af heildarfjárveitingunni sé handbært fé um 6 millj. kr. Samkv. till. fjárlagafrv. er lagt til, að varið verði til byggingarframkvæmdanna við skólann 2.5 millj. kr.

Svo sem kunnugt er, hóf skóli þessi starfsemi sína á s. l. hausti, en kom þá þegar í ljós, að miklir

kvöld, þá hef ég ekki heyrt nein úrræði, sem beinast að því, hvernig eigi að lækka þá skelfilegu hækkun, sem þeir eru sammála um og raunar sammála mér um, að sé á fjárlagafrv. Og ég bíð enn eftir að heyra þessa till. Það eina, sem hefur heyrzt hér í kvöld, eru yfirlýsingar um það, hvað sé fráleitt, að ekki skuli vera varið miklu meira fé til alls konar framkvæmda, sem ég held þó, að hv. þm. Halldór E. Sigurðsson hafi slegið öll met í, að það vantaði peninga til allra skapaðra hluta, og þó var alger óhæfa, að útgjöld ríkissjóðs hefðu hækkað. Og hann taldi jafnvel, að söluskatturinn væri fráleitur, — en hvernig í ósköpunum á þá að afla tekna til þess að standa undir ríkisútgjöldunum?

Ég hef sýnt ríkisútgjöldin, ég hef sýnt þarfir ríkissjóðs, eins og þær eru í dag, sem spegilmynd af því ástandi, sem er, og sem spegilmynd af því ástandi, sem mun verða, ef ekki verður neitt aðhafzt. Það er nauðsynlegt að gera nú efnahagsráðstafanir til þess að stöðva verðbólguskriðuna. Úr því að ekki var hlustað á úrræði ríkisstj. í sumar, þá verður að vonast til, að menn þó vilji hlusta í haust og það náist samstaða um aðgerðir til að koma í veg fyrir, að í óefni stefni.

Það er rétt, sem ég benti á í minni ræðu, að það er engin ástæða til þess að kvíða. Það er engin ástæða til þess að horfa svörtum augum til framtíðarinnar, vegna þess að það er víða sólskin og það er víða bjart í lofti og efnahagur okkar hefur náð sér ótrúlega eftir mikla niðurlægingu, einmitt vegna skynsamlegra aðgerða af hálfu stjórnvalda og skynsamlegrar efnahagsmálastefnu. Og ef við höldum áfram, ef okkur tekst núna að halda skynsamlega á okkar málum, ef við gerum okkur grein fyrir því, að það er hin mesta þjóðarnauðsyn nú, að allir sameini krafta sína, það er, að stéttirnar sýni skilning, — ekki til þess að fórna til hagsbóta fyrir aðra, heldur til að fórna, ef fórn á að kalla, til að tryggja sína eigin hagsmuni, framtíð sinnar eigin þjóðar, og leggja grundvöll að því, að við getum búið við stöðugt batnandi lífskjör, sem við eigum að geta gert án nokkurra teljandi fórna, ef skynsamlega er nú á málum haldið. Þetta er það, sem er undirstaða og mesta og mikilvægasta mál dagsins í dag. Það er að sameina kraftana, — ekki til að fordæma stefnuna, sem fylgt hefur verið, sem er undirstaða þess, að hægt sé að halda nú aftur fram á veginn með auknum hraða, heldur til þess að koma í veg fyrir, að eyðilagðar verði þær kjarabætur, sem verkalýður og allir launþegar fengu á þessu ári og áttu vissulega rétt á eftir að hafa sýnt verulegan skilning á nauðsyn kjaraskerðingar. En það er ekki nóg að einblína á krónutölur, það verður að athuga, hver kaupgetan er, hver kaupmátturinn er, og það gerist ekki nema með því að beita skynsamlegum aðgerðum. Ég vona þjóðarinnar allrar vegna, að það verði ábyrgðartilfinning, það verði raunhæft mat á staðreyndum, sem ráði aðgerðum manna jafnt stjórnmálamanna sem stéttasamtaka nú á næstu vikum, því að það er mikið í húfi fyrir þjóðina, og við skulum gera okkur grein fyrir því, að við getum hér algerlega ráðið okkar gæfu eða ógæfu sjálfir, það er algerlega á okkar valdi, hvort við stefnum nú fram til aukinna framfara og bættra lífskjara eða hvort við á ný lendum í feni og upplausn, óðaverðbólgu, sem eyðir þeim árangri, sem verkalýðshreyfing og launþegar hafa vonazt eftir að ná með bættri stöðu þjóðarbúsins nú á þessu ári. — Góða nótt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 5. fundi í Sþ., 21. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjvn. með 47 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 14. fundi í Sþ., 8. des., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Jón Árnason: Herra forseti. Við þessa umr. sér fjvn. ekki ástæðu til þess að gera aths. við fjárlagafrv., en leggur til, að því verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Afbrigði um frestun almennra umræðna (útvarpsumr.) leyfð og samþ. með 37 shlj. atkv.

Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Sþ., 9. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, n. 221 og 223, 214, 215, 220, 222, 224).

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. til fjárl. fyrir árið 1971 var vísað til fjvn. hinn 20. okt. og hefur n. síðan haft málið til athugunar og rætt það á 36 fundum sínum. Auk þess hefur n. nú sem fyrr skipt með sér verkum þannig, að einstakir nm. hafa starfað í undirnefndum til athugunar á sérstökum málaflokkum frv. Hafa þau vinnubrögð auðveldað n. störfin og flýtt fyrir afgreiðslu málsins í heild. Þá er þess að geta, að á þessu ári var svo sem á s. l. ári að tilhlutan fjmrn. starfandi undirnefnd fjvn., sem í átti sæti einn maður frá hverjum stjórnmálaflokki, sem fulltrúa á í n. Undirn. vann síðan í nánu samstarfi við fjárlaga- og hagsýslustofnunina allan þann tíma, sem á sjálfri fjárlagagerðinni stóð. Ræddi n. um ýmis atriði fjárlagafrv. og leitaðist við að gera sér grein fyrir, hvar spara mætti í ríkisrekstrinum eða koma á hagkvæmara rekstursfyrirkomulagi.

Eitt þeirra mála, sem undirnefndin athugaði sérstaklega, var rekstur hinna ýmsu véla- og viðgerðaverkstæða, sem ríkisfyrirtækin reka. Mál þetta hefur nú verið alllengi á dagskrá. Fjvn. er sammála um, að hér má gera ráðstafanir, sem af leiðir verulegan sparnað. N. er hins vegar ljóst, að nokkurn tíma tekur að gera þá skipulagsbreytingu og framkvæmd, sem af þessu leiðir, en allt fyrir það ber að vinna áfram að máli þessu og fleiru í ríkis-

einu ráðstafana, sem dugðu. Og þess má þjóðin minnast og mun minnast, að þegar stjórnarflokkarnir leituðust við að mynda þá breiða samstöðu til þess að fá samfylkingu allra afla um að forða þjóðinni frá þeirri ógæfu, sem þá virtist blasa við, þá var enginn til samstarfs og það varð hlutur ríkisstj. þá og stjórnarflokkanna að takast á við vandann, þegar aðrir hlupu út undan sér.

Hv. frsm. Framsfl., Halldór E. Sigurðsson, flutti hér eftirtektarverða ræðu, sérstaklega endalok hennar, sem í rauninni lýstu ræðunni allri. Hann sagðist vera ákaflega hræddur um, að menn mundu halda því fram, að ræða hans byggðist ekki á mikilli ábyrgðartilfinningu. Ja, mikið var. Og hann var líka hissa á því, að menn skyldu aldrei tala um aðra efnahagsstefnu en efnahagsstefnu ríkisstj., — ekki efnahagsstefnu Framsfl. Hefur þessum ágæta hv. þm. ekki dottið það í hug og hefur hann ekki, sem er skynsamur maður, gert sér enn þá grein fyrir því, að efnahagsstefna Framsfl. er ekkert annað en moðreykur og hefur aldrei verið þessi ár. Um Alþb. er það að sjálfsögðu að segja, að þeir hafa aldrei markað neina stefnu, og það var í rauninni raunalegt að hlusta á jafnágætan mann og hv. þm. Geir Gunnarsson vera svo gersamlega staðnaðan hér í umr. áðan, að hann fór nú í dag, og það þm. úr Reykjaneskjördæmi, að óskapast yfir þeirri stefnu, sem ríkisstj. hefði fylgt, að reyna að byggja upp stóriðju í landinu, — taldi það sýna vantrú á sjávarútveginn. Heyr á endemi! Það vita allir, að það er hætta okkar í dag, hvað við höfum einhæft atvinnulíf. Það vita allir, að það er skoðun sérfræðinga, því miður, að það megi óttast stórkostlegan samdrátt í fiskveiðum hér á Norður-Atlantshafi. Og samt eigum við að sofa, samt eigum við að hugsa um það eitt að byggja á fiskveiðum og róa til sjávar, en ekki gera það, sem allar þróaðar þjóðir gera, sem er að reyna að efla stóriðju og tryggja trausta framleiðslu í sínu landi. Þær þjóðir, sem búa við bezt lífskjör í dag í heiminum, eru iðnvæddu þjóðirnar. Og því í ósköpunum skyldi það þá mega gerast hér á Íslandi, að við hirtum ekkert um að nota þá möguleika, sem felast í okkar fallvötnum og orkulindum, ekki til að auðga útlendinga, heldur til þess að auðga okkur sjálfa!

Það er í rauninni raunalegt, að það skuli vera ungir þm., sem ekki enn þá hafa gert sér grein fyrir þessu undirstöðuatriði, sem er skilyrði þess, að við getum búið við þau lífskjör, sem við heimtum að búa við hér í okkar landi. Ég skal ekki rekja þær villur ýmsar, sem fram komu í málflutningi hv. ræðumanna, sem hér hafa talað. Ég held, að hv. þm. Hannibal Valdimarsson hafi slegið öll met, þegar hann fann það út, að það væri einfalt mál að spara 2500 millj. kr. í fjárl. til þess að greiða niður vöruverð. En snjallasta úrræðið held ég, að hafi þó verið það að spara allt það, sem varið er til niðurgreiðslna, til þess að taka upp nýjar niðurgreiðslur. Það hygg ég, að hafi verið hámark snillinnar. Að öðru leyti vil ég ekki ræða við þann hv. þm., því að ég tel ekki viðeigandi, þó að hann hafi hér í annað skiptið í þinginu farið að lesa upp bréf Alþýðusambands Íslands og stjórnar Alþýðusambands Íslands, sem er skipað fulltrúum margra flokka, og farið að gera það að sínum orðum hér, ég tel ekki viðeigandi að fara að ræða á þessum vettvangi um þau atriði, þó að ýmislegt megi um þau segja. Ríkisstj. hefur lýst yfir, að hún muni taka þau til athugunar í framhaldsviðræðum, og það er ekki til neinna bóta að vera að flíka þeim eða efna til umr. um þau atriði hér, og í rauninni ekki sæmandi fyrir forseta Alþýðusambandsins að beita þeim hér fyrir sinn flokksvagn.

Hv. þm. Halldór E. Sigurðsson fór með mjög villandi frásagnir um skuldir ríkissjóðs og taldi þær hafa hækkað stórkostlega nú á s. l. árum, og átti þá við í rauninni síðasta árið, því að sannleikurinn er sá, að skuldir ríkissjóðs hafa hlutfallslega farið minnkandi ár frá ári. Þær eru í rauninni mjög svipaðar því, sem þær voru fyrir 10 árum, ef frá er skilið nú síðasta ár, sem stafar af því, sem hv. þm. ætti að vita, að þá var breytt í fast lán við Seðlabankann 500 millj. kr. yfirdráttarskuld, sem safnazt hafði á allmörgum árum, en yfirdráttarskuldir eða skuldir á viðskiptareikningi eru ekki þessi árin hafðar til samanburðar heldur eingöngu föstu lánin, og átti þess vegna alls ekki að reikna þá upphæð með hér. Þar var jafnframt tekið með 100 millj. kr., sem var lán til atvinnumálanefndar ríkisins og tekið var fyrir ári síðan, og er um hrein endurlán að ræða. Ef þetta er frádregið, hafa skuldir ríkissjóðs hlutfallslega stórlækkað á þessu tímabili. Það að vera að ræða um, hvað fjárlög séu hærri nú í krónum en þau voru fyrir 12—15 árum, það er auðvitað mjög fánýtt að gera. Það verður að hafa hliðsjón af því, eins og ég sagði í framsöguræðu minni, hver er hlutdeild útgjalda miðað við þjóðartekjur eða þjóðarframleiðslu, eins og hv. 5. þm. Vestf. hér réttilega minnti á og benti á í sinni ræðu, það er sá eini eðlilegi samanburður, en ekki slíta þessar setningar úr samhengi.

Hv. þm. lagði mikla áherzlu á nauðsyn þess að spara, og hann nefndi ýmis atriði, sem vissulega eru góðra gjalda verð. En svo að segja öll þessi atriði, ef ekki öll, hafa verið tekin til athugunar af fjmrn. og hagsýslustofnuninni og mörgu af því hefur þegar verið komið til leiðar. Annað tekur sinn tíma, eins og hann sjálfur viðurkenndi, að hlyti að vera með slíkar aðgerðir, en það er eitt, sem er eftirtektarvert við alla þessa upptalningu hv. þm., að það kom aldrei til álita, þegar þeir framsóknarmenn réðu fjármálum ríkisins, að þá væri reynt að spara á þessum lið. Þá var ekki Póstur og sími undir stjórn rn., sem nú er búið að setja hann undir, og þá voru ekki Rafmagnsveitur ríkisins undir sérstakri stjórnarnefnd, sem nú er búið að setja yfir þá stofnun, svo að ég nefni nokkuð. Nei, það er eins og hv. framsóknarmenn verði fyrst opnir fyrir sparnaði, þegar þeir eiga ekki sjálfir að bera ábyrgð á ríkisfjármálunum, en það má segja, að batnandi manni sé bezt að lifa. Nei, það er sannast sagna að við að hlusta á ræður hv. stjórnarandstæðinga hér í

Frv. okkar Alþb.-manna gerir ráð fyrir tafarlausri verðstöðvun, sem gildir til 1. september n. k. Það er flutt í þeim tilgangi, að samþykkt þess mætti koma í veg fyrir, að athafnaleysi ríkisstj. í verðlagsmálum valdi meiri skaða en þegar er orðinn, áður en kjósendur leysa hana frá störfum í alþingiskosningunum næsta sumar og gefa nýrri ríkisstj. færi á að tryggja farsælli þróun í kjara-, verðlags- og atvinnumálum á næstu árum. — Góða nótt.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það hefur verið töluvert fróðlegt að hlýða á ræður þeirra talsmanna stjórnarandstöðunnar, sem hér hafa talað, þrír að tölu. Þeim hefur öllum vitanlega ofboðið það, hversu skelfilegt það fjárlagafrv. væri, sem lagt hefur verið fram fyrir hið háa Alþ. Ég tók það greinilega fram í framsöguræðu minni, að mér fyndist óhugnanlegt, hversu fjárl. hefðu hækkað, og gerði jafnframt í ræðunni nákvæma grein fyrir því, hverjar orsakir þessarar hækkunar væru. Því er að sjálfsögðu haldið fram af hv. stjórnarandstæðingum sameiginlega, að allt stafi þetta af verðbólgustefnu ríkisstj., það hefur verið endurtekið hér ár eftir ár. Allt er þetta að sjálfsögðu út í hött. Því er haldið fram, að ríkisstj. hafi, þegar hún tók við völdum 1960, lofað að vinna bug á verðbólgunni. Hún hefur aldrei lofað að vinna bug á verðbólgunni. Hún hefur lofað að beita öllum úrræðum til þess að sporna við böli verðbólgunnar og koma í veg fyrir vöxt hennar með öllum tiltækum ráðum. Hitt blasir við augum allra, að við verðbólgu verður ekki ráðið nema því aðeins, að almennur skilningur sé í þjóðfélaginu á því, að þau nauðsynlegu lögmál séu látin ráða varðandi kostnaðarhækkanir og launahækkanir, sem geri það mögulegt að ráða við verðbólgu. Verðbólga er ekki nýtt fyrirbrigði hér á Íslandi. Hún er því miður áratugafyrirbrigði, og allar ríkisstj. hafa þurft að fást við þennan vanda, ekki fremur þessi ríkisstj. en önnur. Og þegar þessir hv. herrar eru með þær ásakanir á hendur núv. ríkisstj., að hún hafi ekki ráðið við verðbólguna, þá gleyma þeir því, að þeir hafa sjálfir staðið að ríkisstj., sem varð að hverfa frá völdum, þegar þessi ríkisstj. tók við völdum fyrir 10 árum, vegna þess að þeir gáfust með öllu upp við að ráða við verðbólguna, og höfðu þeir þó komizt til valda á þann veg, að þeirra fyrsta árás gegn verðbólgunni var að skerða kjör launþega um 6 vísitölustig, og síðan hrökkluðust þeir frá völdum, vegna þess að verkalýðurinn vildi ekki gefa eftir 17 vísitölustig í viðbót, til þess að þeim yrði auðið að ráða við verðbólguvandann. Samt er það boðað nú í dag, að kaupgjald hafi engin áhrif á verðbólgu, heldur sé það aðeins óstjórn ríkisstj., sem þar eigi hlut að máli.

Nei, því miður er þetta ekki þannig. Það, sem er vandinn, sem við hefur verið að glíma, er skilningsleysi á því, að það verður að ríkja visst og ákveðið hlutfall milli þjóðarframleiðslu og kauphækkana í landinu á hverjum tíma. Þá er hægt að halda þessari þróun í skefjum. Þetta eru ekki aðeins staðreyndir, sem blasa við hér á landi, heldur í öllum öðrum löndum, og því miður er þetta vandi, sem er við að fást nú í okkar nágrannalöndum einnig og sem torveldar nú ekki hvað sízt þá verðstöðvun, sem við þurfum að grípa til, vegna þess hve erlendar vörur, sem við þurfum að nota, hækka mikið í verði.

Það er ekki hægt hér að fara út í nema lítið eitt af því, sem þessir hv. þm. sögðu, enda gerist þess naumast þörf. Þó að þeir fyndu að því, hversu fjárl. hækkuðu, og deildu á ríkisstj. og þá fyrst og fremst mig fyrir að hafa lagt fram sífellt hærri og hærri fjárlög, þá er það nú eins og áður, að það er ekki bent á nein haldgóð úrræði til þess að sporna gegn þessari hækkun fjárl. Það er alrangt hjá hv. talsmanni Framsfl. í þessum umr., sem er reyndur maður í fjármálum, og mælt gegn betri vitund, að það séu fjárl., sem spenni upp verðbólguna. Það er rétt hjá honum, að fjárl. eru spegilmynd — ekki af efnahagsstefnu ríkisstj. endilega, heldur kannske fyrst og fremst af því efnahagsástandi, sem ríkir í þjóðfélaginu, eins og fjárlagafrv. nú er greinilegt dæmi um. Og fjárlagafrv. nú hefur ekki hækkað vegna þess, að aðgerðir ríkisstj. hafi leitt til þessara hækkana. Ríkisstj. benti á úrræði í sumar, þegar vinnudeilurnar stóðu yfir, til þess að fá tryggar kjarabætur handa launþegum, án þess að ný verðbólgualda skylli yfir. Þetta er staðreynd, sem menn ekki mega gleyma. En það var ekki á valdi ríkisstj. að beita lögþvingun í samningum stéttarfélaga og vinnuveitenda til þess að fá þessa aðila til að velja þá stefnu, sem ríkisstj. lagði áherzlu á. Það hefur heldur engin ríkisstj. lagt eins ríka áherzlu á það og gert hefur verið á undanförnum árum, og fyrst og fremst undir forustu hins látna forsrh., Bjarna Benediktssonar, að eiga náið samstarf við launþegasamtökin til þess að finna skynsamleg úrlausnarefni í sambandi við stöðvun verðbólgu. Því miður hefur það ekki tekizt nægilega, þótt stundum hafi áunnizt verulega í þeim efnum. Og það hefur verið markvisst haldið áfram á sömu braut nú, og er markvisst að því stefnt af núv. ríkisstj. í þeim efnahagsumr., sem átt hafa sér stað við stéttasamtökin, að fá samstöðu nú til þess fyrst og fremst að tryggja það, að kjarabætur almennings renni ekki út í sandinn. Fjárlagafrv. nú er spegilmynd, það er rétt, af efnahagsástandinu, sem við stöndum andspænis, ef ekki verður spyrnt við fótum, og það ætti að vera þá nægilega alvarleg spegilmynd, til þess að menn sýndu fulla ábyrgðartilfinningu í þá átt að taka nú höndum saman við ríkisstj. landsins til þess að reyna að vinna gegn þeim ófarnaði, sem yfir þjóðina dynur og yfir verkalýðinn ekki hvað sízt, ef ekki er farið inn á þær brautir, sem ríkisstj. nú hefur lagt áherzlu á að gera. Það hefur verið deilt á gengislækkanir síðustu ára. Ég held, að það sé engum efa bundið og það sé óhætt að fullyrða það, að reynslan nú og hversu fljótt við höfum komið upp úr erfiðleikunum eftir þau miklu áföll, sem á okkur skullu fyrir þremur árum síðan, reynslan hafi staðfest það svo ótvírætt, að það þurfi ekki frekari raka við, að þar var gripið til réttra ráðstafana og þeirra

og vegna þess að úr þeim er ekki unnið sem skyldi og unnt væri. Svo til eina viðleitnin, sem höfð er í frammi til að bæta geymsluaðferðir á afla í fiskiskipum, á sér stað varðandi það hráefni, sem flutt er á erlendan markað óunnið. Við öllum kröfum um úrbætur, aðgerðir og forustu ríkisvaldsins, skellir það skollaeyrum. Ekkert er gert til þess að auka menntun og þjálfun, sem að gagni mætti koma við aukna hagnýtingu sjávarfangs. Hugur þeirra, sem með völdin fara, dvelst við aðrar lausnir. Þeir koma ekki auga á önnur framtíðarúrræði en þau að leita á náðir erlendra auðhringa. Stefna viðreisnarflokkanna hefur markazt af uppgjöf ráðamanna þjóðarinnar gagnvart því verkefni, að Íslendingar nýti sjálfir gæði lands síns til aukinnar velmegunar og til tryggingar fjárhagslegu sjálfstæði þjóðarinnar. Í öllu mæna ráðamenn viðreisnarflokkanna á útlendinga til bjargar. Erlendum auðfyrirtækjum er ætlað að koma í staðinn fyrir þær athafnir og þau umsvif Íslendinga sjálfra, sem ráðleysi og stjórnleysi viðreisnarflokkanna hefur hindrað á undangengnum árum. Verðbólgustefna ríkisstj.-flokkanna hefur haft víðtækari áhrif en þau, að færa afraksturinn af vinnu launafólks í ríkum mæli í hendur braskaranna. Sú hrapallega meðferð á íslenzkum gjaldmiðli, sem af verðbólgustefnunni hefur leitt, hefur þjónað vel tilgangi þeirra, sem stefna að því að byggja atvinnulífið í landinu í sífauknum mæli á fyrirtækjum, sem væru að mestu eða öllu leyti í eigu erlendra auðfélaga. Sífelld skerðing íslenzkrar krónu í hlutfalli við erlendan gjaldmiðil gerir Ísland að ódýru landi fyrir erlenda fjármagnseigendur, sem vilja flytja fjármagn sitt til annarra landa til að ávaxta það, þar sem vinna og orka er ódýrast. Verðbólgustefnan og gengislækkanirnar, sem henni hafa fylgt, er að gera Ísland að slíku landi. Stefna viðreisnarflokkanna leiðir til þess, að Íslendingar hafa sjálfir ekki efni á því að nýta sínar eigin auðlindir og náttúrugæði, sem verða hins vegar með hverri nýrri efnahagskollsteypu og gengislækkun ódýrari og eftirsóknarverðari fyrir erlent gróðafjármagn. Verðbólgustefnan, sem nær sérstökum áfanga með fjárlagafrv. fyrir næsta ár, þjónar vel tilgangi og markmiði þeirra manna, sem opinberlega hafa lýst þeim hugsjónum sínum, að hér á landi rísi a. m. k. 10—20 álverksmiðjur í líkingu við þá, sem nú mengar umhverfi sitt flúoreitri, en malar gull í vasa erlendra eigenda og innlendra umboðsmanna þeirra. Verðbólgustefna viðreisnarflokkanna þjónar þannig vel markmiðum og stefnu þeirra manna, sem hafa lýst því yfir, að það sé þeirra hugsjón og framtíðardraumur, að vinnuafl íslenzks launafólks og orka íslenzkra fallvatna verði seld útlendingum sem hráefni, en arðurinn af hvoru tveggja fluttur úr landi. En það þýðir, að Ísland yrði til frambúðar láglaunaland eins og það er að verða nú.

Verðbólgustefna ríkisstj., sem nú kristallast í nærri 30% hækkun á tekjukröfum ríkissjóðs á einu ári, er markviss þáttur í látlausri viðleitni þessara manna að koma fram stefnu sinni um stóraukinn hlut erlends auðmagns í atvinnulífi á Íslandi. Þessir menn hafa ekki áhuga á því, að íslenzkt vinnuafl verði dýrara en það var fyrir verkföllin í vor. Þess vegna eru viðbrögðin þau, sem raun ber vitni, að leyfa fyrst allar verðhækkanirnar, en kalla síðan á ýmsa aðila til viðræðna um þær sömu verðhækkanir, sem ríkisvaldið gerði ekkert til þess að stöðva. Launafólk í landinu var miskunnarlaust látið taka á sig skakkaföllin af afturkippnum í efnahagslífinu 1967 og 1968. Afli hefur nú stóraukizt og verð útflutningsvara er hærra en nokkru sinni fyrr. En ríkisstj. hefur lagt blessun sína yfir allar þær verðhækkanir, sem skipulega eru látnar eyða þeim hluta launþega í bættri afkomu þjóðarinnar, sem samið var um við atvinnurekendur í verkföllunum s. l. vor.

Sjómenn urðu fyrir mestri kjaraskerðingu, þegar verr áraði. Þeir búa við þau kjör, að með lagaboði eru tekin af þeim hundruð millj. kr. á ári af óskiptum afla til greiðslu á fjármagns- og rekstrarkostnaði útgerðarinnar. Sjómenn búa einnig við þær aðstæður, að nú, þegar útflutningsverð sjávarafurða hækkar, er helmingur hækkunarinnar tekinn í verðjöfnunarsjóð. Heimili þeirra fá hins vegar óskiptar verðhækkanirnar, sem yfir þau dynja dag hvern. Greiðsla á þeim er ekki tekin af óskiptum afla.

Þjóðin hefur nýlega lagt að baki tímabil, þegar afli og afurðaverð komst niður í það, sem áður var talið meðallag. Undir viðreisnarstjórn þyddu þær ytri aðstæður stórfellt atvinnuleysi svo til þegar í stað og mikla kjaraskerðingu. Nú hefur afli aukizt og afurðaverð hækkað mjög. Undir viðreisnarstjórn þýða þessar nýju, hliðhollu ytri aðstæður óðaverðbólgu þegar í stað. Öllu launafólki er ljóst, að hér stefnir í algert óefni. Lífskjör alþýðu manna og fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar er í hættu, ef áfram er haldið stefnu ríkisstj.-flokkanna. Ríkisstj. hefur sem fyrr brugðizt launafólki í verðlagsmálum, og eins og mál horfa telur Alþb. óhjákvæmilegt, að gripið verði nú þegar til algerrar verðstöðvunar og hefur lagt fram á Alþ. frv. til l. um tafarlausa verðstöðvun, sem gildi til 1. september á næsta ári. Jafnframt verði hafizt handa um að ná sem víðtækustu samstarfi um eftirfarandi ráðstafanir í dýrtíðar- og verðlagsmálum:

1. Löggjöf um eignakönnun í því skyni að fá réttan grundvöll til að skattleggja verðbólgugróðann.
2. Lög og framkvæmdareglur til að koma í veg fyrir skattsvik og lækka þannig verðlag.
3. Að fella niður eða lækka verulega söluskatt og tolla á nauðsynjavörum.
4. Að gera núgildandi verðlagseftirlit haldbetra og virkara en það er.
5. Að afnema nefskatta, en afla fjár í þeirra stað með hækkun skatta á stóreignum og gróða.
6. Að rækileg athugun fari fram á núgildandi verðlagi og verðlagningarreglum og verð lækkað, þar sem þess er kostur.

heildarskattheimtunni í landinu. Þar verður hægt að nota með fullum rétti fyrirsögnina: Engir skattar.

Ástæðan til þess, að launatekjur og tryggingabætur endast nú svo miklu verr en áður til kaupa á brýnustu lífsnauðsynjum, er ekki aðeins sú, að Sjálfstfl. og Alþfl. hafa á stjórnarferli sínum komið á 11% söluskatti, sem leggst á flestallar matvörur, heldur veldur hér einnig nokkru um, að þessir flokkar hafa á síðustu árum dregið stórlega úr niðurgreiðslum ríkisins á verði nauðsynjavöru. Sú ráðstöfun til viðbótar söluskattinum veldur því, að þessar vörur hafa hækkað meir en allt annað, en margar af þessum vörum eru einn veigamesti liðurinn í neyzlu þeirra, sem úr minnstu hafa að spila. Árið 1967 var meira en annarri hverri krónu, sem inn kom í söluskatt, varið til niðurgreiðslna á verði þessara nauðsynjavara, en nú aðeins 6. hverri. Til viðbótar við minna raungildi hverrar krónu hafa niðurgreiðslur á verði nauðsynjavara lækkað í krónutölu úr 708 millj. kr. 1967 í 577 millj. kr. á næsta ári. Á sama tíma hefur söluskattur hækkað úr 1300 millj. kr. í 3500 millj. Á næsta ári er enn gert ráð fyrir lækkun niðurgreiðslna um 5 millj. kr. Hins vegar er ætlunin að hækka niðurgreiðslur á þeim landbúnaðarvörum, sem fara til erlendra neytenda, um 90 millj. kr. á næsta ári. Þessar niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum til útlendinga hafa hækkað úr 5 millj. kr. 1960 í 390 millj. kr. 1971. Aðgerðir ríkisstj., undansláttur í verðgæzlumálum, stórhækkun söluskatts og minnkun niðurgreiðslna hefur hækkað svo gífurlega verðlag á brýnustu neyzluvörum, að barnafjölskyldur, elli- og örorkulífeyrisþegar og aðrir, sem við knöppust kjör búa, hafa orðið að draga úr neyzlu landbúnaðarvara, nota fisk í stað kjöts, smjörlíki í stað smjörs og minnka mjólkurneyzlu. Þetta verður til þess, að það magn landbúnaðarvara, sem þessar fjölskyldur áður neyttu og mundu enn neyta, ef kaupmáttur væri meiri, heitir nú offramleiðsla og henni kemur hæstv. ríkisstj. í lóg með því að fá hina færustu matreiðslumenn og auglýsendur til þess að dekstra Dani og aðra nágranna okkar til þess að kaupa íslenzkt lambakjöt á svo sem 50—60 kr. kg í smásölu, eftir að búið er að flytja það yfir hafið. Þessi viðskipti eru eitt af því, sem talið var EFTA-aðild til ágætis. Þessi er gangurinn. Ríkisstj. hækkar söluskattinn og minnkar niðurgreiðslurnar. Það veldur söluminnkun á landbúnaðarvörum á innanlandsmarkaði. Þá er hluta af söluskattshækkuninni og sparnaði af niðurgreiðslum, alls 390 millj. kr., varið á ári til þess að greiða niður verð á þessum vörum í útlöndum. Lækkun niðurgreiðslna 1968 var boðuð sem neyðarúrræði ríkissjóðs vegna samdráttarins, sem þá fylgdi í kjölfar minnkandi afla og lækkaðs verðs á útflutningsafurðum. Þrátt fyrir batann í efnahagslífinu, þegar úr tók að rætast á ný, er þessari skerðingu haldið áfram og raunverulega er framlag ríkissjóðs enn minnkað, þegar tekið er tillit til minnkandi raungildis krónunnar og samdráttar í neyzlu. Þetta er í fullu samræmi við þá stefnu, að með hömlulausu flóði verðhækkana er reynt að halda raunverulegum kaupmætti launanna áfram niðri í þeirri lægð, sem hann komst í á samdráttar- og atvinnuleysisárunum 1967 og 1968.

Ört vaxandi rekstrarkostnaður einkennir fjárlagafrv. nú sem undanfarin ár. T. d. er gert ráð fyrir hækkun á kostnaði við aðalskrifstofu rn. um rúmlega 32 millj. kr. á næsta ári. Kostnaður við embætti lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli vex um 6.2 millj. kr. Kostnaður við skattstofur eykst um 14 millj. kr. og nemur nú í heild 75 millj., en var fyrir 5 árum um 20 millj. 20 millj. kr. eru greiddar úr ríkissjóði í yfirdráttarvexti til Seðlabankans. Þar ætti að vera hægt að koma upphæðinni í lóg, því að starfslið þess banka eins jafnast á við a. m. k. 4 togaraáhafnir að tölunni til. Þannig heldur höfuðið á þjóðarlíkamanum áfram að vaxa, en þeir, sem framleiðslustörfin stunda og eiga að bera þetta höfuð, riða undir sífellt hærri skattaálögum og óðadýrtíð. Útþenslan í rekstrarkostnaðinum hefur svo þær afleiðingar, að hlutfallslega minna af verklegum framkvæmdum er unnið fyrir það fjármagn, sem til fellur á viðkomandi ári. Þess í stað er í æ ríkara mæli stuðzt við erlent lánsfé og jafnvel afborganir lána vegna verka, sem þegar hafa verið unnin, eru ekki greiddar með samtímatekjum, heldur með enn nýjum lántökum, sem velt er yfir á framtíðina að greiða. Þannig er í pottinn búið um þær framkvæmdir, sem helzt kveður að um þessar mundir, lagningu varanlegs slitlags á þjóðvegi. Á árunum 1970 og 1971 nema afborganir af lánum vegna Reykjanesbrautar samtals 47 millj. kr. Til þess að standa skil á þeim, er tekið nýtt lán, ekki aðeins fyrir afborgununum, heldur einnig verulegum hluta vaxtanna og vísitölugreiðslna, þannig að til þess að greiða 47 millj. kr. afborganir er stofnað til nýrrar skuldar og tekin lán að upphæð 74 millj. kr. Þannig er skuldunum hlaðið upp, þrátt fyrir sífellt hærri skattheimtu til ríkissjóðs, er greiðslu verklegra framkvæmda í æ ríkara mæli velt yfir á framtíðina og við skuldir af verkum, sem búið er að vinna, er enn bætt nýjum böggum til að glíma við á ókomnum árum.

Á undanförnum árum hefur verið tekizt á um þá stefnu Alþb. að stórauka þjóðartekjur Íslendinga með bættri meðferð, betri nýtingu og fullvinnslu sjávarafla og annarra hráefna, sem til falla í landinu og hins vegar stefnu viðreisnarflokkanna, sem hafa sýnt það í verki allan sinn stjórnarferil, að þeir ætla Íslendingum annað hlutverk í framtíðinni. Þeirra stefna hefur mótazt af vantrú á sjávarútvegi og vantrú á því, að Íslendingar geti staðið á eigin fótum og nýtt sjálfir þau gæði, sem landið og hafið í kring hafa að bjóða. Segja má, að öll þau ár, sem viðreisnarflokkarnir hafa farið með völd, hafi ríkisvaldið ekkert frumkvæði haft í því skyni að auka nýtingu og vinnslu sjávarafla. Svo lengi sem síld veiddist, var langmestum hluta aflans mokað í bræðslu og enn er aflinn fluttur í ríkum mæli á erlendan markað, enn fara stórkostleg verðmæti forgörðum vegna slæmrar meðferðar á hráefnum

þá fyrirætlan ríkisstj. að breyta l. um tekjuskatt á þann veg, að hagnaður fyrirtækja verði sem mest skattfrjáls. Skattheimta ríkisins og bæjarfélaganna lendir þá á herðum almennings í þeim mun ríkari mæli. Jafnhliða því, sem neyzluskattar hafa verið jafnt og þétt hækkaðir á undanförnum árum, svo að óbeinir skattar nema nú um 80.9% af allri skattheimtu ríkisins, hefur sköttum verið létt af fyrirtækjum, og nú er ætlunin að fullkomna þær aðgerðir með nýjum l. um skattfrelsi fyrirtækja. Það kemur sér vel, t. d. fyrir Eimskip, sem hafði yfir hundrað millj. króna í hreinan hagnað á s. l. ári. Jafnframt er stefnt að því, að arður af hlutabréfum njóti sérstakra skattfríðinda fram yfir launatekjur, en það þýðir að sjálfsögðu, að þeim mun hærri hlut verða ríki og sveitarfélög að fá af atvinnutekjum einstaklinga og af neyzlusköttum, sem eru svo markviss tekjulind, að jafnvel elli- og örorkulífeyrisþegar greiða drjúgan hluta lífeyris síns aftur í ríkiskassann. Með beinum sköttum er ekki unnt að ná til svo tekjulágra þjóðfélagsþegna, en með því að leggja 11% söluskatt á svo til allar matvörur tekst ríkisstj. Sjálfstfl. og Alþfl. jafnvel að ná hluta af ellilífeyrinum aftur í ríkissjóðinn. Það er ekki að furða, þótt hæstv. menntmrh. hafi verið hreykinn á flokksþingi Alþfl. nú um helgina, þegar hann greindi frá því, hvað mörgum krónum væri nú varið til tryggingamála. Það skiptir hæstv. ráðh. sjálfsagt litlu, að verulegur hluti af krónutalshækkuninni er fenginn með þeirri fyrirkomulagsbreytingu, að áður var halli á rekstri sjúkrahúsanna greiddur beint úr ríkissjóði af heilbrmrn., en nú hafa daggjöld sjúkrahúsanna verið hækkuð svo, að þau dugi fyrir raunverulegum rekstrarkostnaði og hækkun daggjaldanna bætist nú við framlag til sjúkratrygginganna í staðinn fyrir framlagið frá heilbrmrn., sem áður fór til að greiða hallann. Fólk fékk ókeypis vist á sjúkrahúsum og fær hana enn, en framlög til tryggingamála hafa af þessum sökum hækkað verulega.

Krónutöluhækkun til tryggingamála dugir hæstv. ráðh. sjálfsagt til að gleðjast yfir á flokksþingi Alþfl., en hún dugir bótaþegum skammt, þegar hækkun á verðlagi brýnustu lífsnauðsynja er enn meiri. Alþfl. hefur nefnilega veitt Sjálfstfl. það fylgi hér á Alþ., sem hann þurfti til að koma fram grundvallarbreytingu á skattheimtu ríkisins, breytingu, sem er mjög í óhag þeim, sem við bág kjör búa, en þá grundvallarbreytingu má nokkuð marka af því, að á sama tíma og árlegur tekjuskattur hefur áttfaldazt á s. l. 11 árum og tollar áttfaldazt hefur söluskattur tuttugu og þrefaldazt. Elli- og örorkulífeyrisþegar greiða á degi hverjum sinn hluta söluskattsins, svo og verðhækkanirnar, en krónutöluhækkanir tryggingabótanna hafa jafnan komið á eftir verðhækkunum varanna. Og svo langt hefur Alþfl. ekki einu sinni fengizt til að ganga í raunverulegum úrbótum í tryggingamálum, að samþykkja vísitölutryggingu á bótum almannatrygginga. Mitt í þeirri verðhækkanaskriðu, sem nú dynur yfir almenning, kemur nú fram sérstakur áhugi hjá ríkisstj.-flokkunum um að stórauka skattfrelsi fyrirtækja með nýrri lagasetningu og gera að nýju tilraun til að knýja fram samþykkt á verðgæzlufrv., sem lagt var fram í fyrra og er ætlað að gefa raunverulega allt verðlag í landinu frjálst og afnema þær leifar, sem enn eru eftir af verðlagseftirliti, en jafnvel sumir Alþfl.-menn gáfu þessu frv. heitið heildsalafrv. Þessi áhugi er algerlega í samræmi við aðgerðaleysi stjórnarvaldanna gagnvart verðhækkanaflóðinu og er staðfesting á þeirri staðreynd, að stjórnarstefnan hefur allt frá upphafi beinzt að því að gera friðhelga gróðamyndunina í þjóðfélaginu, en ekki að því, sem lofað var, að halda verðbólgunni í skefjum, enda er hún og þær reglubundnu gengislækkanir, sem fylgja henni, tryggasti gróðavegur þeirra, sem hafa aðstöðu til að valsa með lánsfé úr bankakerfinu og opinberum sjóðum. Ríkisstj.-flokkunum hefur tekizt að tífalda skattheimtu ríkisins á stjórnarferli sínum og færa hana meir og meir yfir á herðar launafólks með hækkun neyzluskatta og ívilnunum við gróðafyrirtæki. Þrátt fyrir það birta málgögn þessara flokka á hverju ári fagnaðarríkar fyrirsagnir um fjárlög án nýrra skatta. Í aths. með fjárlagafrv. í fyrra stóð, með leyfi hæstv. forseta:

„Við gerð fjárlagafrv. fyrir árið 1970 var fylgt þeirri meginreglu að takmarka svo útgjöld ríkissjóðs, að fjárlög gætu orðið afgreidd greiðsluhallalaus og án nýrra skatta.“

Nokkrum mánuðum síðar var búið að auka tekjur ríkissjóðs um 100 millj. kr. á ári með nýjum lögum um söluskatt, sem hækkaður var í 11%. Og meginstefnan hefur jafnan verið fjárlög án nýrra skatta. Þannig var þetta í fyrra og þannig er það orðað enn, en skattheimtan hefur eftir sem áður tífaldazt á áratug. Og nú, þegar gert er ráð fyrir, að skattheimta ríkisins hækki úr 8400 millj. kr. á þessu ári í 10660 millj. kr. á næsta ári eða um 2200 millj. kr., sem svarar til 50 þús. kr. hækkunar á hverja 5 manna fjölskyldu, þá birtist á forsíðu málgagns Alþfl., sem dyggilegast studdi s. l. vor hækkunina á neyzlusköttunum, fyrirsögn, sem ljómar af stolti: „Engir nýir skattar.“ Nei, hlustandi góður. Þú greiðir líklega enga nýja skatta á næsta ári, heldur einungis stórum stærri skammt af sömu sköttum, enda var ánægja Alþýðublaðsins með fjárlagafrv. og stöðu skattborgarans svo mikil, að fyrirsögnin, sem á forsíðu var „Engir nýir skattar,“ var með framhaldi greinarinnar inni í blaðinu orðin: Engir skattar. Það er furðulegt, að flokkur, sem er svo ánægður með frammistöðu sína í skatta- og verðlagsmálum, skuli hafa haft á móti því að leggja afrek sín undir dóm kjósenda þegar í haust. Þessi fyrirsögn Alþýðublaðsins, engir skattar, er að vísu nokkuð kaldhæðnisleg með frásögn af fjárlagafrv. í ár, þegar skattarnir fara í fyrsta sinn yfir 10 þús. millj. kr. En haldi stjórnarflokkarnir velli og komi þeir fram aðaláhugamálum sínum um breytingu á tekjuskatti fyrirtækja, þá á Alþýðublaðið þarna stutta og laggóða lýsingu á því, hver hlutur gróðafyrirtækjunum verður ætlaður af

fram að miðju ári 1964 voru engin sjálfkrafa tengsl launa og verðlags í landinu, vísitölubætur voru bannaðar með l. Allan þennan tíma, þann tíma, sem alls engar kauphækkanir urðu, og þann tíma, þegar vísitölubætur á laun voru bannaðar, blómstraði þó verðbólgan og verðhækkanirnar í landinu engu að síður. Ríkisstjórnin hefur jafnan beitt þingmeirihluta sínum til þess að búa hér þær aðstæður gagnvart kaupgjaldsmálum, sem hún hefur hverju sinni kosið, en allt hefur það komið fyrir ekki. Verðhækkunarflóðið hefur steypzt yfir almenning og þróunin hefur allan tímann verið sú, sem fjárlagafrv. fyrir næsta ár ber órækast vitni. Í tífalt hærri ríkisútgjöldum og skattheimtu á næsta ári en var fyrir rúmum áratug á sama tíma og laun hafa u. þ. b. fjórfaldazt. Ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. hefur ekki skirrzt við að beita verkalýðssamtökin jafnan hverjum þeim ráðstöfunum, sem hún hefur talið sér henta, til þess að tryggja sér þann grundvöll, sem hún hefur þótzt þurfa til að ráða við verðbólguna. En þær ráðstafanir hafa að engu haldi komið, vegna þess að stefna hennar að öðru leyti hefur allan tímann kynt undir verðbólgunni og aukið hana. Engar slíkar ráðstafanir, sem ríkisstj. hefur beitt gagnvart verkalýðssamtökunum, hefur hún notað til að halda niðri verðlaginu og mun ekki heldur gera það nú, þótt stjórnarherrarnir muni hugsa sér að koma enn til launþega og þykjast ætla að sporna við verðbólgunni með því að fá verkafólk til þess að falla frá vísitölubótum að einhverju leyti. Allar slíkar kúnstir hefur ríkisstj. fengið að reyna og árangurinn blasir við. Nei, engar þær fórnir, sem viðreisnarstjórnin hefur á valdatímum sínum krafizt af verkalýðnum, hafa komið að haldi til þess að hamla gegn þeirri verðbólgu, sem stefna ríkisstjórnarflokkanna á öllum sviðum hefur magnað óaflátanlega allan stjórnarferil þeirra, enda hafa þær aðgerðir gagnvart verkalýðssamtökunum, beinar kauplækkanir og skerðing og afnám vísitölubóta, einungis verið aðferð atvinnurekendavaldsins í landinu til þess að nota sér hliðhollt ríkisvald í togstreitunni við launafólk um arðinn af vinnunni. Nei, aðgerðir ríkisstj. gagnvart launafólki hafa vissulega ekki stefnt að því að efna loforðin um stöðvun verðbólgunnar, heldur fyrst og fremst að því, sem hefur setið í fyrirrúmi, að tryggja sem auðveldasta gróðasöfnun þeirra, sem eru skráðir eigendur að atvinnutækjunum í landinu og telja sig a. m. k. eiga arðinn, þótt skattyfirvöldin finni ekki aðra eigendur en almenning í landinu.

Þegar að kosningum hefur dregið, hafa æðstu menn ríkisstj. látið frá sér fara skelegg ummæli um væntanleg viðbrögð í verðlagsmálunum, t. d. lýst því yfir skýrt og skorinort, að semji atvinnurekendur um launahækkanir, þá verði þeir að bera það sjálfir og þeim verði ekki leyft að hleypa því út í verðlagið. Hverjar hafa efndirnar orðið? Við kynnumst þeim þessa dagana. Þegar kaupmáttur tímakaups hefur farið síminnkandi þrátt fyrir auknar þjóðartekjur og verkalýðsfélögin hafa reynt að rétta hlut sinn með nýjum kjarasamningum, þá hefur ríkisstj. þrátt fyrir allar sínar yfirlýsingar leyft allar þær verðhækkanir, sem farið hefur verið fram á, og látið hinar afskiptalausar. Ríkisstj. hefur afnumið verðlagsákvæði í æ ríkari mæli og hún hefur heimilað hækkun álagningar, þar sem hún hefur ekki þegar verið gefin með öllu frjáls. Þessi markvissa stefna í áttina til algers frjálsræðis kaupmannastéttarinnar í verðlagsmálum er í fullu samræmi við þá stefnu stjórnleysis, sem ríkt hefur í fjárfestingar- og innflutningsmálum. Utan um þetta er vafið fögrum orðum um athafna- og viðskiptafrelsi, en í reynd hefur verið um að ræða frelsi til að hrúga verðmætum í sambandi við innflutning og fjárfestingu og einhliða ákvörðunarrétt kaupmannavaldsins um verðlagsmál í landinu, einhliða rétt innflytjenda og kaupmanna til að skammta sér sinn hlut. Þetta hefur í reynd verið frelsi til handa þeim, sem fá gjaldeyrinn í hendur og breyta honum í erlendar vörur, til að græða að vild á því að selja þær til þeirra, sem hafa aflað þessa gjaldeyris með vinnu sinni á sjó og landi. Frelsi hinna fáu, sem fá að valsa með gjaldeyrinn, til að græða á hinum mörgu, sem afla hans.

Þetta frjálsræði yfirstéttanna í þjóðfélaginu endurspeglast í þróun verðlags- og kjaramála á stjórnartímabili viðreisnarflokkanna. Þegar dró úr afla og verð útflutningsvara lækkaði um skeið, svo að nálgaðist það, sem áður var þá talið meðalárferði, fékk launafólk að kenna á afleiðingunum í verðhækkanaflóði tveggja gengislækkana og stórfelldu atvinnuleysi, sem ríkisstj. kunni engin ráð við. Nú, þegar afli hefur aftur aukizt og verðlag sjávarafurða fer stórhækkandi, mætti ætla, að launafólk fengi sín kjör bætt að nýju og sína hlutdeild í auknum verðmætum, en þess í stað er frelsis- og frjálsræðisstefnu viðreisnarstjórnarinnar í verðlagsmálum þegar beitt með flóði verðhækkana til þess að halda lífskjörum almennings áfram í því lágmarki, sem þau höfðu komizt í, þegar aflinn hafði minnkað og verðlag útflutningsvara lækkað. Þetta er reynsla launafólks af stjórnarstefnunni. Ef eitthvað ber út af í ytri aðstæðum, þá dynur þegar yfir almenning hið stórfelldasta atvinnuleysi og kjaraskerðing, þegar svo ytri aðstæður eru betri en nokkru sinni áður í sögu þjóðarinnar, þá er lífskjörunum miskunnarlaust haldið niðri með stórfelldu flóði verðhækkana, sem éta upp á skömmum tíma þær launahækkanir, sem fengizt hafa fram með langvinnri og fórnfrekri verkfallsbaráttu. Það er eftirtektarvert, að jafnvel núna, þegar niðurstöðutölur fjárlagafrv. minna landsmenn óþyrmilega á það, hversu hrapallega stjórnarflokkunum hefur tekizt að efna fyrirheit sín í dýrtíðarmálunum, þá er hæstv. forsrh. ekki efst í huga þessi ógnarskattheimta á landsmönnum, sem er í æ ríkari mæli skattheimta á brýnustu lífsnauðsynjar almennings. Nei, þegar ráðleysi ríkisstj. veldur landsmönnum mestri blöskran og hverju alþýðuheimili stendur ógn af þeirri verðhækkanaskriðu, sem étur upp sem eldur þá litlu kauphækkun, sem samið var um í vor, þá gælir hæstv. forsrh. helzt við

í launakostnaði ríkisins, sem hækkar frá þessu ári um 580 millj. kr. samkv. frv., þótt ekki sé reiknað með nýjum kjarasamningum opinberra starfsmanna, sem fyrir dyrum standa. Þessi gífurlega hækkun sýnir okkur það, að ekki er hægt að setja sjónaukann fyrir blinda augað hvað launakostnaðinn áhrærir, þegar rætt er um verðbólguvandamálið og samhengi þess við launakostnað fyrirtækja. Þennan sama vanda hafa margar ríkisstj. þurft að glíma við, m. a. vinstri stjórnin, sem skar niður 6 stiga vísitöluuppbætur á laun undir forustu Hannibals Valdimarssonar. Vitað er, að til þess að hald sé í þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru gegn verðbólguvextinum, þarf að ríkja um þær sem víðtækast samkomulag og fullur skilningur á nauðsyn ráðstafananna. Núv. ríkisstj. glímir nú við þennan vanda og efast ég ekki um, að góðviljaðir menn í öllum flokkum eru þess fýsandi, að jákvæður árangur verði af því starfi. Nýafstaðið flokksþing Alþfl. gerði um þetta mál svo hljóðandi ályktun:

„Flokksþingið telur brýnasta viðfangsefni íslenzkra þjóðmála í dag vera að stöðva þá verðbólguþróun, sem nú á sér stað. Í launasamningunum á s. l. sumri hlutu launþegar nauðsynlega og langþráða kjarabót. Hún er nú í hættu vegna víxlhækkana verðlags og kaupgjalds. Flokksþingið telur brýna nauðsyn bera til, að þegar í stað verði komið á verðstöðvun til þess að vernda kaupmátt launa og tryggja rekstur atvinnuveganna."

Þarna er komið að kjarna málsins. Það verður að fara saman, að kaupmáttur launa haldist og að atvinnutækin séu rekin af fullum krafti, þannig að aukning verði í framleiðslunni, sem staðið geti undir almennum kjarabótum. Alþfl.-menn hafa alltaf haft góðan skilning á þessu og gert sér ljóst, að á þessu sviði liggur grundvöllurinn að afkomuöryggi, bættum lífskjörum, félagslegum umbótum og menningarlegum framförum. Alþfl. hleypur ekki frá vandanum óleystum. Hann tekur þátt í glímunni við vandann, meðan hann hefur til þess umboð. Þess vegna vildi flokkurinn ekki fallast á að rjúfa þing og ganga til kosninga í haust. Það hefði engan vanda leyst og aðeins orðið til þess að slá á frest því starfi, sem nú er hafið og nauðsyn ber til að ljúka, ef ekki á illa að fara.

Herra forseti. Ég minni á það að lokum, að þetta land á nógan auð. Hér þarf enginn að líða skort eða búa við öryggisleysi um lífsafkomu sína og sinna, ef rétt er að farið. Ég vona, að þjóðin beri gæfu til þess að taka höndum saman um að bægja frá augljósum hættum á sviði efnahagsmálanna, þannig að við getum haldið áfram að gera gott þjóðfélag betra. — Ég þakka hv. hlustendum áheyrnina og býð góða nótt.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Á það hefur oft verið minnzt og ekki að ástæðulausu, að aðalloforð núverandi stjórnarflokka, þegar þeir tóku við völdum fyrir 11 árum, var að vinna bug á verðbólgunni. Allar aðgerðir ríkisstj. áttu að þjóna þessu markmiði. Það er ekki að undra, þótt landsmönnum komi þessi fyrirheit stjórnarflokkanna sérstaklega í hug þessa dagana, þegar hæstv. fjmrh. leggur fyrir Alþ. frv. til fjárl. fyrir næsta ár, þar sem skattheimta ríkisins á því ári er í krónum talið í fyrsta sinn skráð í 8 tölustöfum, fer yfir 10 þús. millj. kr. og nemur sem svarar um 50 þús. á hvert mannsbarn í landinu. Þetta getur talizt allsögulegur viðburður og óvæginn dómur um frammistöðu ríkisstjórnarflokkanna í dýrtíðarmálunum, þegar haft er í huga, að um það leyti, er þeir gáfu landsmönnum fyrirheitin um baráttuna gegn verðbólgunni, nam árleg skattheimta ríkiskerfisins innan við 1000 millj. kr. á ári, en er nú hálft 11. þús. millj. Er fjárlagafrv. þar á ofan þannig úr garði gert, að niðurstöðutölur þess eiga án efa eftir að hækka verulega, áður en það hefur verið endanlega afgreitt, því að hvorki er í frv. gert ráð fyrir neinum dýrtíðarráðstöfunum né fjármagni til að mæta þeim launahækkunum hjá opinberum starfsmönnum, sem um kann að verða samið eða úrskurðaðar verða á næstunni. Í fyrra hækkaði fjárlagafrv. í meðförum Alþ. um rúmlega 300 millj. kr. og árið 1968 um rúmlega 500 millj., svo að vera má, að hæstv. fjmrh. takist að koma hinu nýja skattheimtumeti sínu upp í 11 þús. millj. kr., þegar frv. verður endanlega samþ. Þegar haft er í huga, að aðalfyrirheit ríkisstj.-flokkanna fyrir rúmum áratug var stöðvun verðbólgunnar og jafnframt, að þjóðin hefur búið við sérstaklega hagkvæm ytri skilyrði allan þennan tíma, utan tvö ár, þegar aflamagn og afurðaverð fór niður í það, sem áður var talið meðalár, þá er von, að almenningur spyrji: Hvers vegna hefur svona hrapallega til tekizt? Til þess taka stjórnmálaflokkar að sér stjórn landsins, að beita löggjafar- og framkvæmdavaldinu til þess að hafa áhrif á það, í hvaða átt þróunin beinist á hinum ýmsu sviðum þjóðlífsins og ekki sízt í verðlagsmálum, sem svo miklu ráða um viðgang atvinnulífsins, þróun atvinnuveganna og lífskjör almennings. Til þess að ná tökum á þróun þessara mála hafa stjórnarflokkarnir nú haft rúman áratug. Skattheimtumetið nýja, fjárlagafrv. fyrir næsta ár með niðurstöðutölur, sem nema á 11. þús. millj. kr., ber árangrinum vitni.

Ríkisstj. Sjálfstfl. og Alþfl. hóf feril sinn við þær aðstæður, að minni hl.-stjórn Alþfl., sem þar áður hafði setið á valdastóli, hafði skorið niður laun með lagaboði, lækkað þau að krónutölu. Þessi skertu laun giltu, þegar viðreisnarstjórnin var mynduð, og fyrsta verk hennar var stórfelld gengislækkun, henni fylgdi verðhækkanaskriða, en ríkisstj. lögfesti um leið bann við vísitölubótum, og laun hækkuðu ekki um einn eyri, frá því að þau voru lækkuð í marz 1959 fram á mitt ár 1961, en verðlaginu hélt ríkisstj. ekki í skefjum að heldur. Og á miðju ári 1961, þegar verkalýðsfélögin sömdu um vægilega kauphækkun, svaraði ríkisstj. með tafarlausri gengislækkun, þrátt fyrir hækkandi afurðaverð og aukinn fiskafla. Bannið við vísitölubótum á laun gilti allt fram á sumarið 1964, þannig að allt frá upphafi stjórnarferils viðreisnarstjórnarinnar og

jafnan í fararbroddi á þessu sviði. Það hefur hann verið, og það vill hann sannarlega vera.

Árið 1955 voru heildargreiðslur tryggingabóta lífeyristrygginga 103 millj. kr., en það svarar til 480 millj. kr. miðað við núverandi verðgildi krónunnar. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1971, sem hér er til umr., er gert ráð fyrir, að heildarútgjöld lífeyristrygginganna verði 1717 millj. kr. og hafa þau þannig aukizt um 250% síðan 1955. Allar bætur almannatryggingakerfisins námu árið 1955 4% af þjóðarframleiðslunni, en árið 1968 var þetta hlutfall komið upp í 7.1%. Vissulega er þarna um mikla breytingu að ræða, sem Alþfl. hefur til leiðar komið í samstarfi við Sjálfstfl. En Alþfl. vill gera enn betur. Hann hefur í fyrsta lagi tryggt það, að á núverandi tryggingabætur komi tilsvarandi hækkun og varð á launum samkv. kjarasamningunum á s. l. vori. Loforð um þetta fékkst í sambandi við afgreiðslu fjárl. þessa árs. Hann hefur í öðru lagi komið af stað heildarendurskoðun á tryggingalöggjöfinni með það fyrir augum að auka tryggingabætur á þeim sviðum, sem dregizt hafa aftur úr þrátt fyrir mikla heildarhækkun tryggginganna. Einnig er með endurskoðun l. stefnt að skipulagsbreytingum á framkvæmd tryggingakerfisins, og er sú endurskoðun mikið verk og vandasamt.

Á nýafstöðnu flokksþingi Alþfl. var einnig samþ., að flokkurinn skyldi beita sér fyrir setningu laga um lífeyrissjóði fyrir þá landsmenn, sem enn eiga ekki aðild að lífeyrissjóði, og síðan verði sett heildarlöggjöf um sjóðina alla, sem samræmi stjórn þeirra og störf. Einnig vill flokksþingið, að löggjöf um eftirlaun verkafólks verði endurskoðuð og eftirlaunin hækkuð. Eru þetta allt málefni, sem þm. Alþfl. munu beita sér fyrir af fremsta megni á þeim skamma tíma, sem eftir er af þessu kjörtímabili.

Þá vil ég hér einnig minnast á annan málaflokk, sem Alþfl. fer með og mikið kemur við sögu í þessu fjárlagafrv. eins og jafnan áður. Það eru fræðslumálin. Samkv. frv. stórhækka ýmis framlög til fræðslumála frá því, sem er í fjárlögum þessa árs. Launahækkanir í frv. eru, eins og um hefur verið getið, 580 millj. kr. miðað við gildandi kjarasamninga og vísitölubætur á þá. Af þessari miklu hækkun koma 199.6 millj. kr. á fræðslumálin. Kostnaður við skyldunámsstigið hækkar um 74.9 millj. kr. Fjárveiting til Háskólans eykst um 47.8 millj. kr. Framlag til Lánasjóðs íslenzkra námsmanna hækkar um 32.6 millj. kr. Kostnaður við menntaskólana eykst um 31.7 millj. kr. Kostnaður við Ríkisútgáfu námsbóka eykst um 15 millj. kr. Fjárveiting til iðnskóla hækkar um 9.9 millj. kr. Framlag til Heyrnleysingjaskólans hækkar um 6.5 millj. kr., og þannig mætti fleira nefna. T. d. hækkar framlag til byggingar skólamannvirkja í heild um 70 millj. kr.

Alþfl. hefur farið með stjórn menntamálanna síðan árið 1956, og ráðh. þeirra mála, Gylfi Þ. Gíslason, formaður Alþfl., hefur í þessu embætti látið meira að sér kveða en nokkur fyrirrennari hans, að þeim ágætu mönnum þó ólöstuðum. Ég skal hér aðeins nefna nokkrar tölur þessu til sönnunar, þótt tölurnar einar gefi sáralitla hugmynd um allar þær miklu breytingar, sem hafa átt sér stað og eru að verða í fræðslukerfinu undir yfirstjórn Gylfa Þ. Gíslasonar.

Árið 1955 voru útgjöld ríkissjóðs til menntamála 80 millj. kr., en það svarar til 370 millj. miðað við núverandi verðlag. Í fjárlagafrv. fyrir næsta ár, sem hér er til umr., er gert ráð fyrir, að heildarútgjöld til menntamála muni nema nálægt 1907 millj. kr. Hafa útgjöld til menntamála þannig aukizt um rösklega 400% á þessu tímabili. Varið var til menntamála árið 1955 sem svarar 2200 kr. á hvern íbúa miðað við núverandi verðlag, en á næsta ári er samsvarandi tala áætluð um 8600 kr. á íbúa. Framlag ríkissjóðs til menntamála á hvern íbúa hefur þannig um það bil fjórfaldazt á þeim tíma, sem Alþfl. hefur farið með stjórn þessara mála. Á sama tímabili hafa útgjöld hins opinbera til menntamála vaxið úr 2.4% í 5.3% af þjóðartekjum, og er sú hlutfallstala með því hæsta, sem gerist í vestrænum löndum. Menntmrh. hefur boðað, að ýmis frv. um skólamál verði lögð fyrir Alþ. það, sem nú situr. Hljóti þau afgreiðslu má svo heita, að öll íslenzk skólalöggjöf hafi verið endurskoðuð frá grunni í ráðherratíð hans. Á þeim tíma hafa einnig orðið róttækari breytingar á kennsluháttum og námsefni en nokkru sinni fyrr í sögu íslenzkra skólamála.

Þess er getið í aths. með þessu frv. til fjárl. fyrir árið 1971, að hækkun fastra tekjustofna Byggingarsjóðs ríkisins nemi 120.5 millj. kr. og framlag til Byggingarsjóðs verkamanna hækki um 47.9 millj. kr. Þessar hækkanir eru vegna nýrra laga um húsnæðismál, sem sett voru s. l. vor fyrir forgöngu Emils Jónssonar, sem hafði þá aftur tekið við yfirstjórn húsnæðismálanna, en Alþfl.-menn hafa farið með þennan málaflokk síðan árið 1959. Á þessu tímabili hafa miklar framfarir orðið í húsnæðismálum. Þannig mun ráðstöfunarfé húsnæðismálastjórnar á þessu ári verða alls um 700 millj. kr., en á árinu 1958 var hliðstæð upphæð miðað við sama verðlag tæpar 200 millj. kr. Á 5 ára tímabilinu 1954—1958 voru byggðar að meðaltali á ári 1316 íbúðir, en á 5 ára tímabilinu 1965—1969 voru 1647 íbúðir byggðar að meðaltali á ári. Þannig sér þess víða stað í fjárlagafrv., að s. l. áratug hefur verið fylgt djarfhuga framfarastefnu með miklum árangri, og tel ég fyrir mitt leyti, að Alþfl. geti með réttu verið stoltur af sínum hlut í því samstarfi, sem leitt hefur til þessa árangurs. Sá árangur hefur náðst þrátt fyrir margvíslega erfiðleika, sem þurft hefur að yfirstíga á s. l. áratug, þar á meðal verðfallið mikla á árunum 1966—1968 og áhrifin af hvarfi síldarinnar á þjóðarbúskapinn. Á þessum vandamálum var tekið af festu og myndugleik og á það sinn mikla þátt í því, að nú er aftur bjart yfir atvinnulífi landsmanna. Hættur eru þó framundan, sem sigrast þarf á, ef vel á að fara. Á ég þar við þann mikla og öra verðbólguvöxt, sem verið hefur í gangi undanfarna mánuði. Hann kemur m. a. fram

skoðanir, einkum vegna þess, hversu mikill fjöldi fólks þarf starfa sinna vegna að kynna sér fjárl. á ári hverju. Ríkið með öllum stofnunum, sem það rekur eða tekur þátt í að reka, er stærsti vinnuveitandi í landinu. Á þess vegum á sér stað gífurlega mikil tekju- og aðstöðujöfnun milli þjóðfélagsþegnanna, þannig að rekstur ríkisins og ráðstafanir þeirra fjármuna, sem um ríkissjóð og stofnanir ríkisins fara, varða hag og afkomu allra landsmanna. Þess vegna eru fjárlög einna mikilvægust allra mála, sem fyrir Alþingi koma, og alþjóð þarf jafnan að eiga þess kost að fylgjast sem bezt með afgreiðslu þeirra. Getur því orkað tvímælis að fella niður þetta útvarp, nema eitthvað annað komi örugglega í staðinn, er veiti haldgóðar upplýsingar um fjárlög hverju sinni, t. d. erindi og viðtalsþættir í útvarpi og sjónvarpi og fræðandi skrif í blöðum. Þjóðin þarf að geta fylgzt vel með því, sem gerist á Alþ., bæði að því er varðar fjárlög og önnur málefni, sem þingið fjallar um, og aðkallandi er orðið, að í þessu efni verði ýmsar breytingar í samræmi við breytta tíma og nýja tækni.

Fjárlög fyrir árið 1971, sem hér liggja fyrir til umr., eru að sönnu há í krónutölu. Tekjur eru áætlaðar 10 milljarðar 592 millj. 957 þús. kr. Gjöldin eru aftur á móti áætluð 10 milljarðar 39 millj. 916 þús. kr. Tekjuafgangur verður 313 millj. 453 þús. kr., þegar tekið hefur verið tillit til lánahreyfinga. Þetta eru háar tölur, og margir tala um, að þensla í ríkisbákninu, eins og það er orðað, sé óhæfilega mikil. Þeir, sem þannig tala, gleyma þá oft, að þeir fjármunir, sem um ríkissjóð fara, eru að verulegu leyti tekjujöfnun milli þegna þjóðfélagsins og millifærslur til margvíslegra þarfa atvinnuveganna, sem ástæða er talin til, að þjóðarheildin veiti stuðning um lengri eða skemmri tíma. Engu að síður er rekstur ríkisins og fyrirtækja þess risavaxinn á okkar mælikvarða, og engan veginn er það ætlun mín að mótmæla þeim, sem vilja gæta aðhalds og hófs í hinum eiginlega ríkisrekstri, þótt ég leiði hér á eftir nokkur rök að því, að útþensla ríkisbáknsins, sem svo er kallað, sé ekki eins mikil og virðast kann við fyrstu sýn, þegar heildarupphæð fjárl. er ein athuguð án samhengis við annað. Það er t. d. í þessu sambandi fróðlegt að athuga, hversu stór prósentuhluti ríkistekjur eru af þjóðarframleiðslu. Þótt slíkur samanburður geti ekki af ýmsum ástæðum orðið nákvæmur, gefur hann samt nokkra vísbendingu í þessu efni. Þessar hlutfallstölur eru þannig fyrir tímabilið 1959—1968, og þá gengið út frá tekjum ríkisins og þjóðarframleiðslu á verðlagi hvers árs: 1959 31%, 1960 28.4%, 1961 18.7%, 1962 19.1%, 1963 19.5%, 1964 18.7%, 1965 19.7%, 1966 20.9%, 1967 22.6% og 1968 22½%. Og ef sams konar hlutfallstölur eru áætlaðar fyrir árin 1969, 1970 og 1971, þá líta þær þannig út: 1969 21.1%, 1970 20% og 1971 21.8%. Á þessu yfirliti sést, að hækkun ríkistekna í samanburði við brúttóþjóðarframleiðslu er alls ekki meiri en eðlilegt getur talizt í vaxandi þjóðfélagi, þar sem miklar kröfur eru gerðar til ríkisins um tekjujöfnun á milli þegnanna, margháttaðrar þjónustu og opinbers stuðnings við atvinnuvegina. Á tímabilinu 1961—1971 hefur hækkunin orðið mest 3.9%. Milli fyrsta ársins og þess síðasta er hún 3.1%. Árin 1959 og 1960 eru í þessu sambandi ekki sambærileg vegna uppbótakerfisins, sem þá gilti.

Svipuð mynd fæst, þegar athuguð er skipting vinnuafls á atvinnugreinar, eins og gert er í töflu 9 í skýrslu Efnahagsstofnunarinnar til hagráðs um ástand og horfur í efnahagsmálum frá því í apríl 1970. Þar sést m. a., að á árunum 1964—1968 hækkar hlutfallstala vinnuafls við opinbera stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga úr 3.6 í 4.1% miðað við heildina eða um ½%, og að hlutfallstala vinnuafls í opinberri þjónustu og fleira hækkar úr 7.3% árið 1964 í 9.2% árið 1968 eða um 1.9% miðað við allar atvinnugreinar samtals. Út frá því, sem ég nú hef nefnt, tel ég, að ályktа megi, að svokölluð útþensla ríkisbáknsins sé alls ekki komin á það stig, að hættulegt geti talizt, einkum þegar að því er gætt, að meðal tekna ríkisins eru taldar stórar upphæðir, sem það síðar greiðir út til tekjujöfnunar meðal þegnanna og til margvíslegra þarfa atvinnuveganna. Oft vill það líka við brenna, að þeir hinir sömu, sem mest býsnast yfir útþenslunni hjá ríkinu, séu fremstir í flokki þeirra, sem mestar kröfur gera um aukin ríkisframlög. Skilgreining á milli þeirra þátta í ríkisbúskapnum, sem ég hef rætt hér að framan, getur að vísu oft verið vandkvæðum bundin, og er reyndar ekki gerð í grg. með frv. nema mjög lauslega. Er þannig í grg., þar sem leitazt er við að skilja á milli hækkunar eiginlegra rekstrarútgjalda ríkissjóðs og hækkana, sem eru af öðrum toga spunnar, aðeins skilið á milli rekstrarútgjaldanna og svonefndra merktra eða fyrirframráðstafaðra tekjustofna. Samkv. þessu er svo fundið út í töflu á bls. 146 í frv., að hækkun eiginlegra rekstrarútgjalda ríkissjóðs samkv. frv. sé rösklega 1608 millj. kr. eða 24.9%. Í töflu, þar sem þessi upphæð er sundurliðuð, kemur síðan fram, að þar eru meðtaldar upphæðir eins og t. d. þessar: Framlag til almannatrygginga 359 millj. kr. eða 5½%; uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir 90 millj. eða 1.4%; Byggingarsjóður verkamanna, framlag 48 millj., 0.8%; Fiskveiðasjóður 35 millj. eða ½% og framlög vegna togaralána 30 millj., ½%. Samtals gera þessar tölur, sem ég nefndi, um 8.7%. Þessir liðir falla undir það, sem ég á við með tekjujöfnun meðal þegnanna og stuðningi við atvinnulífið, og eru þess vegna ekki, að mínu mati, eiginleg rekstrarútgjöld ríkissjóðs. En samtals er þarna um að ræða, eins og ég sagði, 8.7% af 24.9% hækkuninni, sem fundin er út í töflunni.

Ég gat þess hér að framan, að hækkun ríkisútgjalda vegna almannatrygginga milli ára væri samkv. frv. talin 359 millj. kr. Alþfl. hefur farið með tryggingamál síðan 1956 og bæði fyrr og síðar átt meiri þátt í því en aðrir flokkar að auka og efla almannatryggingar. Er sú staðreynd ærið oft viðurkennd af andstæðingum flokksins bæði í ræðu og riti. Menn ætlast þess vegna til þess, að Alþfl. sé

árið 1968 fram í nóvember, en þá var gengi íslenzku krónunnar fellt á nýjan leik og nú meir en áður. Atvinnuleysi og útflutningur á vinnuafli úr landinu einkenndi þessi ár. Upp úr gengisfellingunni 1968 hófst láglaunatímabil á landi hér. Yfirlýsingar voru gefnar um, að það væri aðeins um stutt tímabil að ræða, batinn væri öruggur og á næsta leiti. Fyrir bæjarstjórnarkosningarnar s. l. vor kepptust allir við að lýsa því yfir, að þörf væri á að hækka laun, aflabrögð hefðu verið góð og verðlag sérstaklega hátt á þessu ári. Skilyrði til kauphækkunar væru ákjósanleg. Jafnvel stjórnvöld buðu gengishækkun. Nýir kjarasamningar voru gerðir eftir þriggja vikna verkfall. En verðbólgan fylgdi fast á eftir. Allt var gefið frjálst og nú þremur mánuðum frá gerðum kjarasamningum eru hafnar umr. um verðstöðvun á nýjan leik, eins og fyrir síðustu kosningar, í þeirri von, að hjá stóráföllum verði komizt fram yfir alþingiskosningar næsta vor. Þetta er í stuttu máli saga viðreisnarstefnunnar, þeirrar einu stefnu, er stjórnarliðar telja þjóðinni trú um, að sé fær í efnahagsmálum hennar. Árangurinn er sá, að aðeins var afkoma atvinnuveganna sæmileg, þegar vinnuaflið var það ódýrt, að Ísland var lýst sem láglaunasvæði. Aðeins örfáum mánuðum eftir að frá því er horfið eru menn farnir að óttast um afkomu atvinnuveganna, þrátt fyrir góðærið. Hver vill í raun og veru trúa því, að engin önnur stefna sé til í efnahagsmálum? Það væri óhugnanleg tilhugsun, ef svo væri.

Eins og fram kom í ræðu formanns Framsfl. í fyrri viku, er Framsfl. fylgjandi verðstöðvun, þó því aðeins, að hún sé raunhæf, en ekki sýndarmennska eins og fyrir kosningarnar 1959 og 1967. Til þess að verðstöðvun sé raunhæf verður að nota tímann, sem vinnst við hana, til þess að færa verðlag til þess, sem afkoma heilbrigðra atvinnuvega þolir. Framsfl. lýsti þeirri stefnu sinni við umr. stjórnmálaflokkanna haustið 1968 og oft síðan, að mörg ráð yrðu að koma til í baráttunni við verðbólguna. Nauðsyn bæri til að minnka vandann, m. a. með því að draga úr álögum á atvinnuvegina, endurskipuleggja ýmsa starfsemi þeirra með hagræðingu og áætlunargerð, með breytingu á stofn- og rekstrarlánum til atvinnuveganna. Framsóknarmenn telja, að eitt af þeim atriðum, sem nota þurfi til baráttu gegn verðbólgunni, sé að fella niður söluskatt af mestu nauðsynjum og hafa persónufrádrátt til skatts þannig, að ekki sé lagt á nauðþurftartekjur eins og nú er gert. Það er röng stefna að dómi framsóknarmanna að hagnýta sér vöxt verðbólgunnar til aukinnar skattheimtu. Skattvísitalan og verðlagsvísitalan eiga að haldast í hendur. Um þetta flutti Framsfl. frv. á síðasta þingi og aftur nú. Það er skoðun okkar, að ef að því ráði hefði verið horfið í fyrra að samþykkja frv. okkar um söluskatt og tekju- og eignarskatt, stæðum við nú ekki frammi fyrir hrollvekjandi verðbólgu og betri horfur væru einnig um fjárhag ríkissjóðs en nú er. Framsóknarmenn vilja efla hag almennra trygginga m. a., svo að hægt sé að beita mætti þeirra gegn verðbólgunni. Þessi atriði um stefnu okkar framsóknarmanna og vinnubrögð til að stöðva og draga úr verðbólgu verð ég tímans vegna að láta nægja, en vildi undirstrika þetta:

Framsfl. telur nauðsyn bera til að stöðva vöxt verðbólgunnar nú þegar, en leggur áherzlu á það, að raunveruleg barátta verði hafin gegn verðbólgunni í skjóli verðstöðvunarinnar, m. a. með þeim aðgerðum, sem ég lýsti hér fyrr í ræðu minni. Framsfl. telur, að án forustu ríkisvaldsins verði engri verðstöðvun komið á. Forusta ríkisvaldsins verður m. a. að koma fram í aðhaldi í ríkisrekstrinum og hjá ríkisstofnunum um, að þær haldi þjónustugjöldum sínum í skefjum og hafi sterkt aðhald í rekstrinum. Ríkissjóður verður að slá af og breyta tekjuáætlun sinni og taka á sig útgjöld vegna verðstöðvunarinnar, enda mun það, er fram líða stundir, tryggja betur hag hans en sú stefna, er ætlar honum að taka af þjóðinni 2000—2500 millj. kr. meiri tekjur á næsta ári en á þessu. Þess háttar stefna getur ekki lagt grundvöll að verðstöðvun. Rök fyrir þessari skoðun okkar teljum við okkur geta sótt í grg. fjárlagafrv., sem ég lýsti í upphafi máls míns.

Herra forseti. Mér er það ljóst af fyrri reynslu, að hæstv. ríkisstj. hefur ýmislegt við þessa ræðu mína að athuga, m. a. brigzla mér um ábyrgðarleysi í sambandi við afstöðuna til tekjuáætlunarinnar og þátttöku ríkissjóðs í stöðvun verðbólgunnar. Mitt svar er það, að mesta ábyrgðarleysið gagnvart afkomu ríkissjóðs sé óbreytt stjórnarstefna. Aðeins með breyttri stjórnarstefnu er hægt að koma efnahag þjóðarinnar á rétta braut. Að því vill Framsfl. vinna. — Góða nótt.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það kann svo að fara, að þetta verði í síðasta skipti, sem framsöguræðu fjmrh. og umr. um hana verður útvarpað frá Alþ. með þeim hætti, sem nú er gert og tíðkazt hefur um langt skeið. Ég segi þetta vegna þess, að fyrir nokkrum árum síðan samdi mþn., skipuð fulltrúum allra þingflokka, frv. til l. um breyt. á l. um þingsköp Alþingis, þar sem gert er ráð fyrir niðurfellingu á útvarpi frá þessari umr. um fjárlög, en að þess í stað verði upp tekinn sá háttur að útvarpa stefnuræðu forsrh. og umr. um hana innan tveggja vikna frá þingsetningu. Frv. þetta verður nú lagt fyrir Alþingi í fjórða sinn, og nái það fram að ganga með umræddri breytingu kann svo að fara, eins og ég sagði áðan, að þetta verði í síðasta sinn, sem útvarpað verður frá 1. umr. fjárl. eins og nú er gert.

Einnig gerir þingskapafrv. ráð fyrir verulegri styttingu á því tveggja kvölda útvarpi frá framhaldi 1. umr. fjárl., sem mörg hin síðari ár hefur verið snúið upp í almennar stjórnmálaumr. á síðari hluta þings, svokallaðar eldhúsdagsumr., og getur sú breyting naumast orðið mikið deiluefni. En vilja menn vera án þess að eiga þess kost að heyra fjárlagaræðu fjmrh.? Um það kunna að vera skiptar

Um aðhald eða eyðslu í ríkisrekstrinum umfram það, sem ég hef vikið að, skal ég ekki vera margorður. En ég leyfi mér að geta þess, að kostnaður við risnu og ferðalög ríkisstj. og á vegum aðalskrifstofu rn. var á árinu 1969 16.5 millj. kr. Mér er það að vísu ljóst, að nú orðið, þegar fjárlög eru orðin yfir 10 þús. millj. kr., þykja þetta kannske ekki háar fjárhæðir. En ég vek þó jafnframt athygli á því, að á sama ári var 15 millj. kr. varið til stofnkostnaðar í öllum héraðsskólum landsins eða lægri fjárhæð heldur en til risnu og ferðalaga á vegum ríkisstj. Og til stofnkostnaðar gagnfræðaskóla í Reykjavík og öllum kaupstöðum landsins 19.2 millj. kr. eða 2.7 millj. kr. hærri fjárhæð en risna og ferðalög þessara aðila. Ég leyfi mér einnig að minna á afgreiðslu ríkisstj. á aths. ríkisendurskoðunarinnar við reikninga húsameistaraembættisins, þar sem nokkrum starfsmönnum var gert að greiða verulega fjárhæð aftur til embættisins vegna rangrar færslu að dómi endurskoðunarinnar. Áður en úrskurður var upp kveðinn ákvað dómsmrh., Jóhann Hafstein, að greiða skyldi forstöðumanni stofnunarinnar fyrir aukavinnu frá fyrri árum fjárhæð, sem dregin var frá þeirri fjárhæð, er honum hefði annars borið að greiða. Hins vegar endurgreiddi forstjórinn embættinu samkv. úrskurði. Eftir að úrskurður hafði verið upp kveðinn af ríkisendurskoðuninni ákvað dómsmrh. að greiða einnig tveimur öðrum starfsmönnum laun 3 ár aftur í tímann vegna auka- og eftirvinnu og sléttaði með þeim hætti næstum reikninga þeirra. Um þetta mál höfðu farið fram nokkur bréfaskipti á milli fjmrh. og dómsmrh., svo sem fram kemur í aths. við ríkisreikninginn 1969. En niðurstaðan gilti þrátt fyrir úrskurð ríkisendurskoðunarinnar og bréf fjmrh. Ég ætla mér ekki dómarastarf í þessu máli frekar en öðrum. En vel má vera, að rétt sé, er fyrrv. gjaldkeri stofnunarinnar hélt fram í Morgunblaðinu fyrir stuttu síðan, að hann hefði haft samþykki forstjóra stofnunarinnar til að inna af hendi greiðslur til sjálfs sín fyrir yfirvinnu og aukastörf. En ég spyr, af hverju var þá ekki gengið frá þessu máli fyrr en eftir það, að það var búið að vera til umr. á Alþ. og í blöðum, þegar farið var 3 ár aftur í tímann? Er hægt að viðhafa slík vinnubrögð? Ég spyr einnig: Hvernig er farið með skattgreiðslu af slíkum tekjum, sem samþykktar eru 2—3 árum eftir að viðkomandi aðili hefur unnið fyrir þeim? Hvað sem um þetta mál má segja, er framkvæmdin og endalok þess með þeim hætti, að slíkt má ekki og á ekki að koma fyrir í opinberum rekstri.

Þá vil ég minna á það, að ekki hefur ríkisstj. enn skilað grg. um tölu nefnda, sem störfuðu á vegum ríkisins árið 1969, eða launagreiðslur til þeirra. Eins og ég vék að í upphafi máls míns, er þetta fjárlagafrv. svo greinilega brennimerkt verðbólgunni, að þar kemst enginn vafi að. Það mun því lítið þýða að ræða um fjármál ríkisins né tala um úrbætur án þess að víkja að efnahagsstefnu ríkisstj. og verðbólguvandanum. Það er venja hæstv. ríkisstj. og hennar stuðningsmanna, þegar efnahagsmál eru til umr., að tala þá aðeins um eina leið, eina stefnu. Það er þá stefnu, sem stjórnarliðar hafa fylgt. Þegar við framsóknarmenn höfum rætt aðrar leiðir og sett fram aðrar skoðanir, hefur svarið jafnan verið þetta: Þið hafið enga stefnu, ekkert til málanna að leggja. Ég vil því víkja að þeirri reynslu, sem fengizt hefur af efnahagsstefnu ríkisstj.

Hún hófst með gengislækkuninni 1960, önnur gengislækkun var árið 1961. Árin þar á eftir voru ein beztu ár í efnahagsmálum þessarar þjóðar. Þrátt fyrir þetta varð á þessum árum að gera margvíslegar ráðstafanir vegna atvinnuveganna. Með júnísamkomulaginu 1966 var vísitala tekin upp að nýju, niðurgreiðslur voru felldar niður af ýmsum vörutegundum fyrri hluta sumars. En þegar leið á sumarið 1966 var í skyndi ákveðin verðstöðvun. Niðurgreiðslur á vöruverði voru auknar að miklum mun. Efnahagskerfið riðaði til falls. Máli mínu til sönnunar um það, hvernig efnahagsstefna ríkisstj. skilaði efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar eftir mestu góðæri í sögu hennar, leyfi ég mér að vitna til ræðu, er hæstv. forseti Sþ., Birgir Finnsson, flutti við 1. umr. fjárlaga í október 1966, þegar hann ræddi um efnahagsmál, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Langsamlega stærsti þáttur í vanda þeim, sem við er að etja, er verðbólgan. Hún hefur veikt starfsgrundvöll útflutningsatvinnuveganna meira en nokkuð annað og sú staðreynd, að ekki hefur fyrr komið til stöðvunar byggist eingöngu á því, að verðlag að undanförnu hefur verið mjög hagstætt á flestum útflutningsafurðum sjávarútvegsins.“

Þessar setningar þurfa ekki skýringar við. En hvert var svo framhaldið frá haustinu 1966? Ríkisfé var mokað í niðurgreiðslur til að halda verðlagi í skefjum fram yfir kosningar. Stjórnarliðar kepptust við að halda því fram, að allt væri í lagi og verðstöðvunin yrði til langframa. Þegar komið var fram á sumarið 1967 og kosningarnar voru um garð gengnar, kom annað hljóð í strokkinn og þann 25. ágúst gaf viðskrh. út yfirlýsingu í sjónvarpsviðtali um alvarlegt ástand í efnahagsmálum. M. a. fórust honum orð á þessa leið, samkv. frásögn Alþýðublaðsins:

„Ráðherrann kvaðst ekkert geta sagt um það enn, hvaða ráðstafanir yrðu gerðar til þess að mæta þessum vanda. En hins vegar gæti hann fullyrt, að gengislækkun væri ekki rétta ráðið. Gengislækkun skapaði alltaf vandamál og undir núverandi kringumstæðum teldi ríkisstj., að gengislækkun mundi skapa meiri og stærri vandamál en hún leysti.“

Enda þótt þessi yfirlýsing ráðh. gæfi von um, að ríkisstj. væri að hverfa frá þeim þætti í stefnu sinni, er einkennzt hafði af gengisfellingum, þá fór svo, að yfirlýsing ráðh. gleymdist fljótt. Í nóvember varð gengisfelling. Hætt var við niðurgreiðslur, er ákveðnar voru sumarið 1966 vegna kosninganna. Verðbólgan flæddi yfir á nýjan leik. Þrátt fyrir gengisbreytingar varð að gera ráðstafanir vegna atvinnuveganna svo að segja í hverjum mánuði allt

sjóður geti ekki tekið í sína vörzlu svo miklar tekjur af umferðinni, eins og nú á sér stað og það í landi, sem á jafnmikið af óleystum stórverkefnum í vegagerð. Fram hjá málum Vegagerðarinnar var gengið, þegar fjárlagafrv. var samið, þó að útgjöld þess hækkuðu um 25%. Þannig sogar verðbólgan og útþensla ríkiskerfisins til sín þær tekjur, sem ríkisstj. sækir til þegna landsins.

Til þessa hef ég ekki vikið að breytingum á tekjuáætlun fjárlagafrv., en þær eru verulegar. Söluskattur í þeirri mynd, sem hann er nú, var upp tekinn af núv. ríkisstj. í upphafi árs 1960. Á fyrstu valdaárum viðreisnar gætti hans lítið, en nú er hann orðinn stærsti tekjustofn ríkisins og eru áætlaðar tekjur af honum um 3500 millj. kr. Eðli söluskatts sem tekjustofns er það, að hann er jafnhár, hvort sem um er að ræða nauðsynlegustu neyzluvörur eða miður nauðsynlegar vörur. Hann leggst því með meiri þunga á rekstur heimilisins eftir því, sem börnin eru fleiri. Auk þess eru skil á honum til ríkissjóðs ekki svo örugg sem vera skyldi. Hér áður fyrr, þegar söluskattur var á dagskrá sem tekjustofn, voru Alþfl.-menn mjög skeleggir andstæðingar hans, m. a. fórust núverandi formanni Alþfl., Gylfa Þ. Gíslasyni, þá orð á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Við þetta allt saman bætist svo, að söluskatturinn er í eðli sínu ranglátur. Þetta er einhver ranglátasti skattur, sem lagður hefur verið á af íslenzka löggjafanum. Og það er ekki nóg með það, að hann sé ranglátur í eðli sínu. Framkvæmdin í söluskattsinnheimtunni hefur og verið þannig, að á því er enginn vafi, að enginn skattur hefur verið svikinn jafnstórkostlega og söluskatturinn. Það er ekki aðeins ríkissjóður, sem tekur inn mikið fé í skjóli þessara lagaákvæða, heldur taka ýmiss konar atvinnurekendur einnig inn stórfé í skjóli þessara ákvæða."

Það kemur því úr hörðustu átt, þegar hæstv. viðskrh., Gylfi Þ. Gíslason, og hans liðsmenn eru nú orðnir slíkir stuðningsmenn söluskatts, að sú ríkisstj., er þeir sitja í, hefur söluskatt fyrir stærsta tekjustofn ríkissjóðs. Til viðbótar söluskattsálögum á barnmörgu heimilin má geta þess, að námsbókagjöld eru tvöfölduð. Skoðanagjöld af bifreiðum hækka um 5.8 millj. kr. og enn þá eru bifreiðaeigendur að greiða skatta vegna hægri umferðar. Það er stefna Framsfl., að tollar verði að vera mismunandi háir eftir eðli varanna og skatta megi ekki leggja á brýnustu nauðsynjar. Ef söluskattur er notaður sem tekjustofn að einhverju marki, verður að létta þeirri byrði af þeim efnaminni með tryggingabótum og afnámi skatta á nauðþurftartekjum. Gegn þeirri íhaldsstefnu að leggja þyngstu skattana þar á, sem getan er minnst, eins og nú er gert, mun Framsfl. berjast, svo sem hann hefur orku til. Auk þessa verkar þessi tekjuöflunarstefna sem olía á verðbólgubálið.

Ég hef áður lýst þeirri skoðun framsóknarmanna við hliðstæðar umr. og endurtek það nú, að ekki er unnt að halda áfram á þeirri braut, sem nú er farin um fjármál ríkisins. Þetta fjárlagafrv. og verðbólgan í þjóðfélaginu sanna það. Mér er það ljóst, að mikið átak þarf til að breyta ríkisrekstrinum, svo að áhrifa gæti, og ég geri heldur ekki lítið úr því, sem gert hefur verið í þá átt. Ég get hins vegar ekki annað en látið í ljós vonbrigði mín með það, sem til athugunar hefur verið í sparnaðarátt, hvað seint gengur. Það er skoðun okkar framsóknarmanna, að það þurfi að eiga sér stað viss samdráttur í ríkiskerfinu til þess að rýma fyrir nýjum verkefnum. Ekkert hefur enn þá þokazt í áttina um endurskoðun á skipun lögreglumála, þar sem stefnt var að sparnaði, svo sem undirnefnd fjvn. vann að í fyrrasumar. Hvað gerist í því að sameina viðgerðarverkstæði ríkisstofnana, og hvað er með verkfræðingaþjónustu ríkisins? Er nokkur skipulagsbreyting þar í vændum? Er þörf á Efnahagsstofnuninni? Mér sýnast verkefni hennar vera komin til Seðlabankans og að nokkru leyti til fjármáladeildar menntmrn. Er ekki hægt að koma því svo fyrir, að Hagstofan og hagsýslan annist þau verkefni, sem eftir eru hjá þessari stofnun? Er ekki með tilveru hennar verið að láta marga aðila vinna sama verkið? Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni, að eðlilegt væri að afhenda Búnaðarfélagi Íslands þau verkefni, sem eftir eru hjá Landnámi ríkisins. Hvað um vélasjóð? Hefur hann nú því hlutverki að gegna, að þörf sé á að halda uppi starfsemi hans? Ég spyr: Er ekki fullkomin ástæða til þess, að ríkisvaldið hafi forustu um samstarf sjúkrahúsa, m. a. í sambandi við kaup á dýrustu og fullkomnustu tækjum og verkaskiptingu í sambandi við þau? Ég spyr enn: Er aðhald hjá ríkisstofnunum af hálfu stjórnvalda svo sem nauðsyn ber til? Skortir ekki á, að skipulagið tryggi samband á milli stofnana og stjórnvalda? Umsetning Pósts og síma er að krónutölu álíka há og fjárlög íslenzka ríkisins 1958. Alþingi starfaði þá sem nú að því í nokkra mánuði að fjalla um fjárl. og afgreiddi þau við þrjár umr. En hjá Pósti og síma þarf ekkert slíkt við. Þar er meðferð fjár á valdi forstöðumanna stofnunarinnar, sambandið á milli stjórnvalda og stofnana er harla lítið. Áætluð fjárþörf stofnana er að jafnaði eftir till. forstöðumanna þeirra án raunhæfra afskipta ríkisvaldsins. Orkustofnunin ásamt Rafmagnsveitum ríkisins og öðrum undirstöðustofnunum hennar hafa a. m. k. 700 millj. kr. umsetningu á næsta ári. Ég spyr: Er það sambandið á milli stjórnvalda og þessarar stofnunar, sem gildir? Fleiri dæmi mætti nefna, þótt ég láti hér staðar numið um upptalningu stofnana, en ég vil undirstrika það, að nauðsyn ber til að athuga stöðu ríkisstofnana gagnvart stjórnvöldum, ekki sízt þeirra, sem hafa sjálfstæða tekjustofna, enda er eðli málsins samkv. meira eftirlit haft með hinum. Ég vil taka það fram, að það á ekki hvað sízt við um ríkisstofnanir og aðra opinbera þjónustu, sem Framsfl. telur brýna nauðsyn bera til athugunar á samstarfi þeirra og jafnvel sameiningu. Nefni ég þar til ýmsa opinbera sjóði með hliðstæð verkefni, en hafa þó ekkert samstarf.

kerfisins einkenni þetta fjárlagafrv. Hins vegar vil ég færa frekari rök að því, að verðbólga og hækkun fjárl. hafi átt betri liðsmenn í hópi núverandi valdhafa en hjá öðrum ríkisstj. Ég hef gert samanburð á hækkun fjárl. á tveimur 8 ára tímabilum. Það fyrra er frá 1950—1958, en það síðara frá 1963—1971. Niðurstöður af þessum samanburði eru þær, að á árunum 1950—1958 hækkuðu fjárl. um rúmar 500 millj. kr. eða 168%. Á árunum 1963—1971 hækkuðu þau um 8400 millj. kr. eða 380%. Til þess að sýna sambandið á milli verðbólgunnar annars vegar og hækkana fjárl. hins vegar vil ég minna á það, að vöxtur verðbólgunnar var 123% á áratugnum 1950—1960, en 250% frá 1960 til ágústmánaðar í sumar. Þessar tilvitnanir sanna, svo að ekki verður á móti mælt, hve holl stefna ríkisstj. hefur reynzt verðbólgunni og hvað sambandið á milli hækkandi fjárl. og verðbólgu hefur verið sterkt. Enda þótt það, sem ég hef sagt um síhækkandi fjárlög, segi mikið um þróun í fjármálum ríkisins, segir það þó ekki alla söguna, vegna þess að tekjur umfram fjárlög hafa orðið um 1200 millj. kr. á árunum 1967—1969. Þrátt fyrir þetta er halli á ríkisrekstrinum þessi ár 300—400 millj. kr. Þessu til viðbótar kemur svo það, að ýmsar framkvæmdir, sem áður voru greiddar af tekjum hvers árs, hafa á síðari árum verið framkvæmdar með lánsfé. T. d. skuldar Vegasjóður nú 600—700 millj. kr. og skuldir ríkissjóðs í þrengstri merkingu, þ. e. ekki meðtaldar skuldir ríkisstofnana eða endurlán, hafa hækkað um 780 millj. kr. á árunum 1967—1969, þ. e. 440%. Og frá 1958 hafa þær hækkað um 740%. Fleira en það, sem hér hefur verið talið, kemur fram sem bein áhrif frá verðbólgustefnu ríkisstj. T. d. er ekki gert ráð fyrir útgjöldum vegna kjarasamninga opinberra starfsmanna, þó að útgjöld hækki um 25%. Hver trúir því, að hjá þeim verði komizt, þó að ekki sé veitt fé til þess á fjárlagafrv.? Alvarlegast er þó það, að ekki er nema að litlu leyti rúm fyrir hækkaðar fjárveitingar til nauðsynlegustu verkefna í 2000 millj. kr. hækkun fjárl. Nokkur dæmi vil ég nefna máli mínu til sönnunar.

Fjárveiting til byggingar barna- og gagnfræðaskóla hækkar um 23.1 millj. kr. Hvað þýðir það? Þessi fjárhæð er ekki meiri en svo, að hún nægi til þess að mæta hækkuðu verðlagi vegna þeirra skóla, sem eru í byggingu. M. ö. o., það er engin fjárveiting áætluð í fjárlagafrv. til nýrra bygginga á barna- og gagnfræðaskólum. Stjórnarliðar gera sér mikið far um að mikla sig af þeim fjárveitingum, er fara til byggingarframkvæmda í þessum skólum. Ég hef enga löngun til þess að gera lítið úr því, sem gert hefur verið í þessum málum, en það, sem skiptir máli hér sem í öðrum málum, er, hvernig tekst að leysa þau verkefni, sem til úrlausnar eru á hverjum tíma. Það hefur ekki tekizt hvað skólabyggingar varðar. Það er mér vel kunnugt um. Vilji héraðanna til framkvæmda og þörfin fyrir þær hefur alltaf verið miklu meiri en möguleikar ríkisins til úrlausnar. Það er því ekki rétt, sem haldið hefur verið fram, að það standi á héruðunum í þessum efnum. Það mun því engum koma annað til hugar en til þessa málaflokks verði að verja stórum fjárhæðum á þessum fjárl.

Eitt af þeim málum, sem mjög hefur verið til umr. nú um nokkurt skeið, er að jafna aðstöðu æskunnar til framhaldsnáms. Á Alþ. veturinn 1969 var samþ. þáltill. frá þm. Ingvari Gíslasyni og Sigurvin Einarssyni um athugun á þessu máli. Í framhaldi af þeirri samþykkt var á fjárl. 1970 fjárveiting, er nam 10 millj. kr., til að jafna aðstöðumun æskufólks til framhaldsmenntunar. Enda þótt hv. þm. væri ljóst, að hér væri um allt of litla fjárhæð að ræða, var þeim samt viðurkenningin mikils virði. En hvað skeði svo um framkvæmd málsins hjá hæstv. menntmrh.? Samkv. auglýstum reglum um úthlutun þessa fjár voru nemendur, sem stunduðu gagnfræðaskólanám í heimavistarskólum úti á landi, útilokaðir frá því að njóta dvalarstyrks af þessari fjárveitingu. Hér er um hróplegt ranglæti að ræða, sem ekki verður þolað. Öllum var það ljóst, að þessi fjárveiting var aðeins viðurkenning á nauðsyn málsins, eins og áður er fram tekið, en mundi ekki nægja til að jafna aðstöðumuninn. Það vakti því undrun, þegar ljóst var, að fjárhæðin á fjárlagafrv. árið 1971 hækkaði ekki einu sinni sem nemur hækkun námskostnaðar, hvað þá að litið væri á þörfina eða nemendafjölgunina. Að þannig sé tekið á máli, er skiptir sköpum fyrir æsku landsins, í fjárlagafrv., er hækkar yfir 2000 millj. kr., munu hv. þm. ekki láta bjóða sér.

Ekki er betri sögu að segja af framlögum til byggingar sjúkrahúsa og læknabústaða. Af 2000 millj. kr. hækkun ríkisútgjaldanna á að verja 1.7 millj. kr. til þeirra. Ástandið í heilbrigðismálum er svo alvarlegt, að einskis má láta ófreistað til þess að bæta úr því. Allmiklar umr. hafa farið fram hér á landi um skipulagsbreytingu í læknisþjónustu með samstarfi við lækna við læknamiðstöðvar. Það verður að treysta því, að ekki standi á fjárveitingu til þess að koma slíkri skipulagsbreytingu í framkvæmd, þar sem samstaða er fyrir hendi til þess að skapa hana og annað, er verða má til aukins öryggis í læknisþjónustu, þótt fé sé ekki áætlað til þess á fjárlagafrv. nú, verður Alþ. að taka þar í taumana.

Ekki þarf orðum að því að eyða, hversu ákaft þeir, sem ekki hafa raforku frá samveitum, óska eftir henni, og er það að vonum. Á síðari árum hefur verið gripið til þeirra ráða, að byggðarlög hafa útvegað sér fé til framkvæmda við raflagnir og hafa sjálf greitt vextina. Hér er um mikið ranglæti að ræða, að byggðarlög, sem núna fyrst hafa verið að fá rafmagn eða eru að fá það, skuli verða að leggja á sig fjárútlát til að fá rafmagnið frá ríkissamveitum, en þeir, sem hafa búið við það um áraraðir, þurftu ekkert slíkt á sig að leggja. Þannig getur ríkið ekki mismunað þegnunum. Úr því verður að bæta. Af 2000 millj. kr. hækkuninni var aðeins hægt að veita 4.9 til þessa málaflokks.

Ekki verður séð, hvernig Vegasjóður á að valda verkefnum sínum með þeim tekjustofnum, er hann hefur. Framsóknarmenn hafa alltaf talið, að ríkis-

staklega til athugunar að greiða þessa styrki beint til bændanna, ákveðna upphæð t. d. á meðalbú, lækka um leið rekstrarvörur landbúnaðarins með niðurfellingu á vélatollum, lækkun áburðarverðs, en taka jafnframt upp skatt á innflutt kjarnfóður. Bændur og launþegar, vinnandi fólk til sjávar og sveita, eiga að geta átt samleið í þessum málum. Núverandi kerfi gefur þeim öflum einmitt öllum bezta byrinn, sem með lýðskrumi vilja veiða atkv. hjá öðrum aðilanum á kostnað hins. Því kerfi verður því að breyta og leysa það upp.

Í 5. lið í samþykkt Alþýðusambandsins er þess krafizt, að skattar og útsvör af almennum launatekjum verði lækkuð og launaeftirlitið hert. Nú er svo komið að ætla má, að með óbreyttri skattvísitölu verði 60% kauphækkananna frá því í vor hrifsuð af skattránskrumlu hins opinbera. Fari svo, mun verkalýðshreyfingin verða í framtíðinni að leggja til grundvallar samningum þá upphæð, sem launþeginn fer með heim í launaumslagi sínu. Hún verður þá tilneydd að semja beinlínis um skatta í sambandi við sín launakjör, þannig að það verði ekki raunverulega lengur á valdi löggjafans, og er það þó frumhlutverk löggjafarþinga að ákvarða um réttláta skattheimtu.

Sjötta krafa miðstjórnar Alþýðusambandsins til verðstöðvunaraðgerða var sú, að fyllsta aðhalds í rekstri ríkisins og ríkisstofnana verði gætt í því augnamiði, að unnt verði að beita sem mestu fjármagni og sem áhrifamestum aðgerðum í framangreindu skyni. Hvaða fjármagn gæti nú verið tiltækt í þessu skyni? Ég segi, í fyrsta lagi væntanlegur greiðsluafgangur ríkissjóðs, 313 millj. kr. Í öðru lagi, ef tækist að stöðva verðbólguna hinn 1. september, næðust kr. 150 millj., sem áætlaðar eru til verðbóta á laun í desember og á næsta ári. Í þriðja lagi, 390 millj., sem ætlaðar eru til verðbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir en ætla má, að bændum og neytendum gæti komið að meira gagni með einhverjum öðrum hætti. Í fjórða lagi 577 millj., sem fara eiga til niðurgreiðslu á mjólk og kjöti. Samtals eru þetta 1430 millj. kr. Ef við svo gerum ráð fyrir, að unnt væri að komast af með helmingshækkun á rekstrarútgjöldum þessa árs hjá ríkissjóði, þá fengi ríkisstj. þar 1000 millj. til viðbótar og til ráðstöfunar, samtals þá um 2400—2500 millj. Ég fullyrði, að með því að líta á fjárl. frá nýju sjónarhorni, afneita hinu sjálfvirka verðhækkunarkerfi, tilfærslu fjármuna úr einum vasa í annan, má fá a. m. k. þessa upphæð til ráðstöfunar gegn verðbólgu og 2500 millj. eru vissulega upphæð, sem verulega getur munað um, ef henni er beitt á réttan hátt. Ef við t. d. reiknum með, að það kosti um 150 millj. að greiða niður hvert vísitölustig, þá er þetta upphæð, sem gæti nálega vegið á móti öllum vísitöluhækkunum frá því í vor og til áramóta. Það er hægt að draga verulega úr verðbólgunni, ef ekki að stöðva hana, ef vilji er fyrir hendi og djörfung til að endurskoða kerfið frá grunni, rjúfa hina sjálfvirku þætti þess og koma þeim undir skynsamlega stjórn. En þetta fjárlagafrv. ber þess engan vott, að hin minnsta löngun til slíks sé fyrir hendi hjá stjórnarflokkunum. Það þarf engum að koma það á óvart, hvað Sjálfstfl. varðar. En Alþfl., sem hefur nýlega samþykkt að leggja áherzlu á að efla og styrkja tengsl flokksins við verkalýðshreyfinguna, við hvers konar samtök launþega og við neytendahreyfinguna, — telur hann það bezt gert með afstöðu fulltrúa viðskrh. í verðlagsnefndinni? Telur hann, að hann vinni sér traust þessara samtaka með því að beita verkalýðshreyfinguna e. t. v. lögþvingunum? Telur hann, að nú sé rétti tíminn til að samþykkja verðgæzlufrv. það, sem einn ráðh. hans felldi á síðasta þingi? Telur hann, að reynsla sú, sem verkalýðshreyfingin hefur af verðstöðvun í framkvæmd þessarar ríkisstj., — við fengum nú reynslu af henni fyrir síðustu kosningar — veki meira traust á nýrri verðstöðvun, ef þessu heildsalafrv. er hnýtt aftan í það? Mér finnst það ólíklegt.

Nýafstaðið þing Alþfl. hefur samþ. áskorun á alla íslenzka jafnaðarmenn að sameinast í einum flokki og falið þingflokki sínum að viðhafa forgöngu um viðræður við Samtök frjálslyndra og vinstri manna og Alþb. Jafnframt er yfirlýst, að Alþfl. gangi óbundinn og með frjálsar hendur til kosninga varðandi stjórnarsamstarf. Þetta þýðir órofið stjórnarsamstarf.

Það verða hér á Alþ. á næstu vikum og mánuðum afgreidd mörg mál, sem sköpum skiptir fyrir afkomu allrar alþýðu manna, hvernig á verður tekið. Tekur Alþfl. þar á með launþegahreyfingunni eða heldur hann áfram að dansa eftir pípu íhaldsins til vors? Þá verður of seint að snúa við til vinstri. Óbætanlegur skaði verður þegar skeður. Prófraun ríkisstj. og sérstaklega Alþfl. er nú og hún verður jafnframt prófraun á heilindi Alþfl. Það vantar nú þegar svör Alþfl. alveg sérstaklega við öllum þessum spurningum, og í heild vantar svör við afstöðu hans til raunhæfra aðgerða í verðbólgumálunum. En hér hef ég, eins og ég hef getað í stuttu máli, reynt að túlka stefnu Samtaka frjálslyndra og vinstri manna í þeim málum, og hún er í einu og öllu samhljóða markaðri stefnu verkalýðssamtakanna. — Þökk fyrir áheyrnina. Góða nótt.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Fjárlög eru spegilmynd af efnahagsstefnu þeirrar ríkisstj., sem að þeim stendur. Fjárlagafrv. fyrir árið 1971 er góð sönnun fyrir gildi þessarar reglu. Einkenni þess, sem fyrri fjárl. ríkisstj., er verðbólga og útþensla ríkiskerfisins. Um þetta segir svo í grg. fjárlagafrv., með leyfi hæstv. forseta:

„Frv. gefur hins vegar eftirtektarverða mynd af áhrifum hinna miklu launa- og verðlagshækkana á hag ríkissjóðs.“ Síðan segir: „Hins vegar verða verulegar hækkanir vegna lögákveðinna útgjalda, m. a. lagaákvæða frá síðasta þingi.“

Þessar tilvitnanir nægja til að sýna fram á réttmæti orða minna, að verðbólga og útþensla ríkis-

andi endurskoðun á fyrri afgreiðslu verðlagsnefndar vil ég fyrst og fremst undirstrika kröfuna um endurskoðun verzlunarálagningarinnar, farmgjalda og verðlagningar á bensíni og öðrum verzlunarvörum olíufélaganna. Stefna launþegafulltrúanna í verðlagsnefnd hefur ekki verið sú að kúga þar einn eða neinn eða stefna nauðsynlegum atvinnurekstri í efnahagslegan vanda, heldur meta þar hvert mál óbundið af gömlum og úreltum formúlum. Þá stefnu ætti hver ríkisstj. kinnroðalaust að geta stutt, ella verða öll faguryrðin um allra stétta sjónarmiðin býsna einhliða.

Í 2. lið ályktunar Alþýðusambandsins er þess enn fremur krafizt, að sérstakar ráðstafanir verði gerðar til að hindra allar verðhækkanir, sem opinberir aðilar ráða úrslitum um og nokkur raunhæf tök eru á að koma í veg fyrir. Ríkið og bæjarfélög ráða beint stórum og áhrifamiklum þætti verðmyndunarkerfisins, og hefur vissulega úrslitaþýðingu, hvernig því valdi er beitt. Í því ástandi, sem við búum nú við, tel ég óráð, að ríki og ríkisstofnanir miði verðlag á þjónustu sinni ekki aðeins við þann kostnað, sem þær nú hafa, heldur einnig við framkvæmdakostnað, sem fyrirhugaður er einhvern tíma í framtíðinni. Slík stefna er sjálfsögð og réttlætanleg við aðrar aðstæður og betri, en eins og ástandið er nú, verkar þetta eins og olía á verðbólgueldinn. T. d. gerir Póstur og sími að jafnaði ráð fyrir um 200 millj. kr. árlegri fjárfestingu, sem notendum þessarar þjónustu er ætlað að greiða sama ár og framkvæmdirnar eiga sér stað. Hliðstætt dæmi er hinn geysilegi gróði raforkukerfisins, svo sem nýlega kom fram hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, sem skilaði 70—80 millj. kr. hagnaði á s. l. ári. Þessu síðarnefnda ræður ríkisstj. ekki beint, en með sérstökum ráðstöfunum hefði verið unnt að halda þessu í skefjum. Sama máli gegnir um hitaveituna og fleiri þjónustugreinar Reykjavíkurborgar.

Í 3. lið yfirlýsingar Alþýðusambandsins er krafizt sundurliðunar á dýrtíðar„automatinu", sem ég vil kalla svo. Þar segir, að allar lögbundnar launa- og verðviðmiðanir við launataxta verkalýðsfélaganna verði afnumdar með nýrri löggjöf, þ. á m. við kjör opinberra starfsmanna og verðlag landbúnaðarvara, enda hljóti þá þessar starfsstéttir fullan samningsrétt hliðstæðan þeim, sem verkalýðssamtökunum er tryggður með gildandi vinnulöggjöf.

Hér er t. d. komið að sjálfu sigurverki hinnar sjálfvirku verðbólguvélar. Ríkisstj. hefur skotið sér undan vandanum með því, að miklar hækkanir séu lögbundnar og fylgi sjálfkrafa í kjölfar launahækkana. En lög eru ekki óbreytanleg. Verki þau öfugt við tilgang sinn, ber Alþ. skylda til að breyta þeim, og þessi lög gera laun láglaunafólksins að lykilatriði í öllu launakerfinu. Það fær því allan þunga ríkisvalds og ofurvalds atvinnurekenda á sig til að halda þessum grundvallarviðmiðunarpunkti niðri. Hver einasta sjálfsögð kjarabót og leiðrétting á kjörum þessa fólks, eins og sú leiðrétting, sem allir voru sammála um, að væri sjálfsögð, eðlileg og viðráðanleg í vor, leiðir samstundis af sér sams konar leiðréttingu á öllu launakerfinu hlutfallslega stækkandi eftir því, sem ofar dregur, og þegar þar við bætist í höndum dáðlausrar ríkisstj., að svipuð svokölluð leiðrétting er gerð á öllu verðmyndunarkerfinu á eftir, þá verkar þetta líkt og að bæta einu núlli aftan við allar tölur í talnadálkum þjóðarbúsins. Þannig er hinn almenni launþegi úthrópaður sem aðalsökudólgurinn í vítahring verðbólgunnar. Ef hann bara sættir sig við sínar 15 þús. kr. á mánuði, þá mundi hálaunamaðurinn heldur ekki fá 15% hækkun á sín 50—100 þús. á mánuði. En þetta kerfi er rangt, rammvitlaust og rangt, og það verður að slíta það í sundur. Verkalýðshreyfingin gerir sér grein fyrir því, að hún er ekki ein í þjóðfélaginu og hún ætlar ekki lengur að semja um kjör annarra stétta en sín eigin og heyja til þess löng og fórnfrek verkföll. Hér er eðlilegast, að hver sjái um sig. Verkalýðshreyfingin á ekki að skammta öðrum stéttum kjör né vera bundin af kjörum annarra stétta, eins og reynd hefur á orðið.

Þá vík ég að fjórða atriðinu í ályktun Alþýðusambandsins, en þar segir svo, orðrétt:

„Að ýtrustu greiðslugetu ríkissjóðs, svo og því fé, sem nú er varið til verðbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir, verði beitt til verðlækkunar á grundvallarnauðsynjum almennings, svo sem með lækkun söluskatts á lífsnauðsynjum og til aukningar fjölskyldubóta. Verðlagningarkerfi landbúnaðarins og fyrirkomulag niðurgreiðslna verði hvort tveggja tekið til endurskoðunar í fullu samráði við bændastéttina og með sameiginlega hagsmuni þeirra og neytenda fyrir augum."

Verkalýðshreyfingin hefur fyrir löngu gert sér það ljóst, að bændur geta ekki lengur vænzt hagsbóta gegnum afurðakerfið eitt saman. Þess vegna neitaði Alþýðusamband Íslands þegar fyrir 4 árum að taka þátt í þeim skrípaleik, sem árlega er leikinn í svonefndri Sexmannanefnd. Hér hefur verið ríkjandi rómantísk stefna í landbúnaðarmálum um áratugi, og hefur megineinkenni hennar verið það, að af stækkun búanna og aukningu hinna hefðbundnu búgreina, sauðfjár- og nautgriparæktar, leiddi samsvarandi bættur hagur bænda. Þessi stefna gat gengið meðan hægt var að selja landbúnaðarafurðir viðunanlegu verði á erlendum mörkuðum. En vandamál íslenzks landbúnaðar eru nú aðeins angi af landbúnaðarvandamáli alls hins vestræna heims, offramleiðslunni. Landbúnaður allra nálægra ríkja er rekinn með stórfelldum styrkjum og niðurgreiðslum. Við getum því ekki í fyrirsjáanlegri framtíð vænzt þess að fá kostnaðarverð fyrir landbúnaðarafurðir okkar erlendis. Þar sem innanlandsmarkaðurinn er þegar mettaður, hlýtur sífelld stækkun búanna umfram þarfir fólksfjölgunar í landinu að leiða til sívaxandi útflutningsstyrkja. Útflutningsuppbæturnar og alla styrki til hvatningar aukinni framleiðslu þessara afurða, verðlagningarkerfið og fyrirkomulag niðurgreiðslna verður því að endurskoða í fullu samráði við bændastéttina sjálfa. Kemur þar sér-

myndunarkerfi landbúnaðarins hefur að takmörkuðu leyti áhrif á kaupgjaldsvísitöluna. En hitt vegur þó þyngra á metunum, að í slíku verðhækkunarflóði hækka mest þær vörutegundir, sem teljast til grundvallarnauðsynja almennings, og mælir því vísitalan lágtekjufólki ekki sinn hlut til jafns við hálaunamenn. Fyrir láglaunafólk mundi því slík þróun leiða til þess að gera umsamdar hagsbætur að engu og það þótt ekki væri tekið tillit til þess, að það varð eitt allra stétta, láglaunafólkið, að fórna þriggja vikna tekjum til að knýja fram kjarabætur. Allir aðrir fengu sitt á silfurfati og vel það.

Hvað ber þá að gera? Þetta fjárlagafrv. gefur sannarlega engar vísbendingar um annað en áfram skuli haldið á sömu braut og það með auknum hraða, nefnilega leiðina norður og niður. Það er hins vegar vitað, að ríkisstj. veltir því fyrir sér, til hverra ráða hún eigi að grípa til að standa ekki alveg ber að því að standa uppi sem stefnu- og úrræðalaust rekald nokkrum mánuðum fyrir kosningar. Helzt er hægt að greina af óljósu tali ráðamanna, að til greina komi verðstöðvun í einu eða öðru formi og nú í tengslum við verðgæzlufrv. frá í fyrra, en það gerði ráð fyrir því sem meginreglu, að verðlagning yrði gefin frjáls. Gætu þessi tengsl hugsanlegrar verðstöðvunar af hálfu ríkisstj. við heildsalafrv., sem Alþýðublaðið kallaði svo, jafngilt því, að jafnframt svokallaðri verðstöðvun fram yfir næstu kosningar yrði kaupsýslustéttinni og atvinnurekendum almennt tilkynnt það, að yrðu þau góðu börnin og héldu sér á mottunni þar til nýjar kosningar hefðu farið fram, yrðu þeim veitt þau hegðunarverðlaun að mega ráðast á launþega og neytendur að vild eftir kosningarnar. Hver óskar eftir slíkri málamyndaverðstöðvun og hvaða vanda mundi hún leysa til frambúðar? Og samt sem áður stæði eftir sá vandi að sjá fyrir þeim verðlagsbótum, sem launþegar eiga heimtingu á samkv. samningum og þegar eru komnir fram annars staðar en í kaupgjaldinu sjálfu, en sú hækkun nemur nú nálega 5%. Við þann vanda verður ekki ráðið með þeirri stefnu, sem þetta fjárlagafrv. markast af. Þeim vanda verður aðeins mætt með því aðhaldi og þeim niðurskurði á rekstrarútgjöldum, sem gæfu svigrúm til þeirra aðgerða af hálfu stjórnvalda, sem þarna gætu jafnað metin. Ríkisstj. mun ekki geta dregið öllu lengur að kveða upp úr með það, hvort hún, eins og hún fullyrðir í öðru orðinu, ætlar að viðurkenna það, að samningarnir verði í engu skertir eða, eins og illa dulbúnar hótanir hafa komið fram um í hinu orðinu, hvort hún ætlar að ræna launþega umsömdum verðbótum með skerðingu á vísitöluákvæðum samninganna. Með skilmerkilegri yfirlýsingu miðstjórnar Alþýðusambands Íslands fyrir hönd allrar verkalýðshreyfingarinnar skal því hér með lýst yfir í nafni verkalýðshreyfingarinnar, að ekki kemur til greina, að þolaðar verði neinar lögþvinganir til breytinga á gerðum samningum frá s. l. vori, hvorki hvað varðar greiðslu verðlagsbóta né önnur atriði. Öllum slíkum tilraunum til breytinga á samningunum mun verkalýðshreyfingin mæta og brjóta á bak aftur með órjúfandi samstöðu og með öllum þeim vopnum, sem henni eru tiltæk.

Verkalýðshreyfingin hefur úr ótrúlegustu áttum sætt ámæli fyrir þær viðræður, sem að undanförnu hafa átt sér stað við ríkisstj. Þannig hefur aðalmálgagn Alþb., Þjóðviljinn, sem þó sannarlega hefur átt sinn fulltrúa í viðræðunefndinni, verið með stöðugar aðdróttanir um, að með því að kynna sér þessi mál á þennan hátt hafi foringjar verkalýðshreyfingarinnar játazt undir að greiða veg ríkisstj. fyrir kjaraskerðingu og riftun þeirra samninga, sem þessir sömu menn undirrituðu fyrir nokkrum mánuðum. Öllum slíkum aðdróttunum er hér með vísað til föðurhúsanna, enda voru grundvallarsjónarmið viðræðunefndarinnar og miðstjórnar A. S. Í., sem aldrei hefur verið hvikað frá, að þær einu leiðir væru færar til lausnar á verðbólguvandanum, sem byggðu á gerðum samningum. Hafa viðræðurnar vafalaust verið gagnlegar til upplýsingar fyrir forustumenn samtakanna, svo að þeir eftir en áður eru færari um að byggja stefnu sína á staðreyndum, sem þeir og hafa gert, sbr. yfirlýsingar miðstjórnar Alþýðusambandsins frá 11. þ. m. Niðurstöðurnar af gaumgæfilegum athugunum Alþýðusambandsins eru þær, að ekki sé nú einungis unnt að leysa vandann á þeim kjaragrundvelli, sem lagður var af hreyfingunni á s. l. vori, heldur bæri einnig og væri kleift að standa svo að lausn mála nú, að viðunanleg bráðabirgðalausn fæli einnig í sér grundvallarkerfisbreytingar, stefnubreytingu, sem nú er hvort eð er óumflýjanleg, ef forða á efnahagslegum þjóðarvoða. Afstaða verkalýðshreyfingarinnar til raunhæfra verðstöðvunaraðgerða er í ályktun Alþýðusambandsins mörkuð á þennan hátt:

Miðstjórnin er reiðubúin til að standa nú þegar að raunhæfum aðgerðum til verðstöðvunar með eftirgreindum hætti og eftir öðrum leiðum, sem til greina koma og stefna að hömlun verðbólguþróunar.

1. Að gildandi ákvæði í l. um vald verðlagsnefndar og verðlagseftirlit verði ekki skert og sameiginlegum meiri hl. fulltrúa launþegasamtakanna og ríkisstj. í verðlagsnefnd verði beitt til strangs aðhalds varðandi þann hluta verðmyndunarkerfisins, sem nefndin hefur vald á, og til endurskoðunar á fyrri afgreiðslum n., sem orka mest tvímælis og ágreiningur hefur verið um milli fulltrúa launþegasamtakanna og fulltrúa ríkisstj.

Ég hef þegar vikið að þessu atriði hér að framan og sérstaklega því, hversu á hefur skort, að því mikla valdi, sem ríkisstj. hefur í verðlagsnefnd, væri beitt til að koma í veg fyrir óþarfa verðhækkanir, og þarf varla að hafa fleiri orð um það. En vitanlega sker það úr um samstarfsvilja ríkisstj. í verðlagsmálunum, hvort hún notar þetta vald til næsta einhliða stuðnings við allar kröfur atvinnurekenda og kaupsýslustéttanna eða hún leggst þar á sveif með fulltrúum launþegahreyfingarinnar. Varð-

sjávarafurða um rösklega 40% miðað við sama tíma 1969, þar af 21% vegna hækkaðs verðlags. Aflabrögð hafa einnig verið mjög góð síðari hluta ársins og afurðaverðið enn farið hækkandi á erlendum mörkuðum. Iðnaðarvörur hafa farið hækkandi erlendis og gefið þannig hækkað verð á okkar útflutningsvörum og einnig bætt stöðu iðnaðarins gagnvart erlendum samkeppnisvörum á innanlandsmarkaðinum. Þetta sannar það, að allar forsendur voru fyrir hendi til þess að kauphækkanirnar yrðu raunhæfar og ekki hrifsaðar aftur í nýju verðbólguflóði. Til þess þurfti þó að uppfylla eitt skilyrði, sterkt aðhald af hálfu valdhafanna um verðmyndunina, þar sem fylgt yrði þeirri meginstefnu, að atvinnurekendur væru gerðir ábyrgir fyrir þeim frjálsu samningum, sem þeir gerðu og undirrituðu, með því að taka raunverulega á sig kauphækkanirnar í batnandi árferði, með því að verja til þess hluta af sínum eigin gróða á s. l. ári, og hann var mikill. Það vita allir og hafa raunar viðurkennt. En hver hefur raunin hér á orðið? Fyrir atbeina verkalýðshreyfingarinnar hafði ríkisstj. verið sköpuð aðstaða eftir gengisfellinguna 1968 til að hafa stjórn á nokkrum hluta verðmyndunarkerfisins gegnum verðlagsnefnd. En það mun ekki hafa verið búið að undirrita samningana, þegar kröfur verzlunarinnar um álagningarhækkun upp á 12—13% voru samt knúðar fram af oddamanni ríkisstj. í verðlagsnefnd og hlutur kaupsýslunnar því ekki aðeins gerður jafn og áður var, heldur stóraukinn, þar sem álagningargrundvöllur hennar hafði stórhækkað með hækkun verðlags á erlendu vörunni og auk þess auðsætt, að verzlunin mundi hagnast gífurlega á aukinni og mun hraðari veltu vegna aukinnar kaupgetu, sem hlaut að verða í kjölfar almennra kauphækkana. Það kunni ekki góðri lukku að stýra, þegar upplýst var, að einn mikilvægasti aðili atvinnurekenda í verðmyndunarkerfinu var látinn stórgræða á kjarasamningunum á kostnað neytenda, þ. e. a. s. launþeganna. Að svo miklu leyti sem í valdi stjórnarvalda hefur staðið, hefur þeirri stefnu verið fylgt síðan. Mestu stórgróðafélög landsins hafa einskis í misst, fengið að halda öllum gróða sínum óskertum og þó sennilega meira til, verið látin græða á kauphækkunum. Hefðu olíueinokunarfélögin þannig verið svipt gróðanum, hefði álagningarprósentan hjá þeim átt að lækka um 8%, sem hefði leitt til lækkunar á bensíni í stað hækkana. Olían hefði að vísu hækkað nokkuð vegna hækkana erlendis, en samkv. því álagningarkerfi, sem Lúðvík Jósefsson fann upp 1957 og farið hefur verið eftir síðan, varð nú 20% hækkun á öllum söluvörum olíufélaganna. Líkt er að segja, þar sem verðmyndunin er undir beinni stjórn ríkisvaldsins eða stjórnarflokkanna svo sem varðar opinbera þjónustu ríkisins og Reykjavíkurborgar. Þar eru ýmist orðnar eða fyrirhugaðar hækkanir á rafmagni, hitaveitu, pósti og síma, iðgjöldum til almannatrygginga, námsbókagjaldi, sem nú hefur verið tvöfaldað. Hafi kaupsýslan róið vel í fyrirrúminu, hefur skuturinn sannarlega ekki legið eftir hjá ríkisstj. Hækkun þessara liða verður verulega meiri en meðaltalshækkunin í kerfinu.

Í landbúnaðinum hefur allt gengið sinn gang eftir gömlum formúlum, hefð og löggrónum vana, án þess að nokkrar nýjar leiðir væru svo mikið sem athugaðar til þess að tryggja hag bænda og jafnframt tryggja, að landbúnaðarvörur rykju ekki upp úr öllu valdi, en þar hefur niðurstaðan orðið sú, að verð hefur hækkað mun meira en kauphækkunum nam og landbúnaðarvörur, sem verða að teljast meðal frumnauðsynja neytenda, eru að verða munaðarvörur á borðum mikils hluta láglaunafólks. Mjólkin ein hefur hækkað um 30%, en bændur almennt sitja samt eftir með skarðan hlut.

Þegar verið er að fullyrða, að vísitölukerfið sé orsök dýrtíðar, verða menn að kunna að greina á milli orsakar og afleiðingar og kunna skil á því, að vísitöluhækkanir eiga sér því aðeins stað, að verðlag hafi áður hækkað. Jafnir möguleikar eru á því með lækkandi verðlagi, að vísitalan færi kaupgjaldið niður á við. Hér höfum við reynt öll afbrigði vísitölu, fulla vísitölu, skerta, niðurgreidda vísitölu og vísitölulaus tímabil, en ekkert kák með vísitöluna hefur megnað að snúa verðbólguþróuninni við fremur en það verður til þess að lækka hita sjúklings að mölva hitamælinn. Vísitalan á fyrst og fremst að vera launþegum vörn og er jafnframt áskorun til stjórnvalda um, að halda verði verðbólgunni í skefjum. Alls staðar þar sem verðbólguþróunin fer úr skorðum og æðir stjórnlaust áfram telur verkalýðshreyfingin sig tilneydda að krefjast vísitölutryggingar. Þannig er vísitalan nú ein höfuðkrafa bandarískra verkamanna, eftir að verðbólguþróunin þar er farin yfir 5% á ári, og er þessi krafa m. a. ein höfuðorsökin til verkfalls, sem staðið hefur nú í 3 vikur í bandaríska bílaiðnaðinum.

Hver er svo vísitölusagan hér í sumar frá samningunum í vor? Jú, 1. september hafði hún mælt 4.2% hækkun. Það er skoðun mín, að hefði aðhalds verið gætt og ráðstöfunum af hálfu þess opinbera beitt í tæka tíð, hefði þessi hækkun getað verið mjög lítil. Síðan 1. september hafa enn komið til stórfelldar hækkanir og aðrar verið ráðgerðar, þannig að með áframhaldandi sömu stefnu og fylgt hefur verið gæti vísitöluhækkunin verið orðin 13—14% alls nú upp úr áramótum. En meginhluti þeirrar hækkunar kemur fram 1. desember n. k. Allir virðast sammála um, að slíkt mundi leiða til ófarnaðar. Að vísu benda allar upplýsingar til þess, að útflutningsatvinnuvegirnir geti borið hina umsömdu kauphækkun og auknar verðlagsbætur samkv. septembervísitölunni. En hins vegar bendir margt til þess, að aukin hækkun geti komið hart niður á atvinnuvegunum og jafnvel leitt til samdráttar og atvinnuleysis, ef ekkert er að gert. Þótt svo færi nú ekki er þó augljóst, að slíkar hækkanir mundu rýra mjög verulega árangur kjarasamninganna, sérstaklega fyrir láglaunafólkið. Kemur þar einkum tvennt til. Í fyrsta lagi, þótt talað sé um fulla vísitölu er ekki um fullar verðlagsbætur að ræða, þar sem t. d. launahækkun bóndans í verð-

frá s. l. ári. Þetta eru verðbólgufjárlög. En e. t. v. kippir sér enginn upp við það, verðbólgufjárlög eru orðin hefð og löggróinn vani í tíð þessarar ríkisstj. Munurinn er aðeins sá, að hrunadansinn verður tryllingslegri með hverju ári, takturinn hraðari, hækkanirnar geigvænlegri. Í ár vaxa eiginleg útgjöld um 24.9%, nærri 25% eða um fjórðung. Tekjuhliðin er áætluð að vaxi um 29.3%, nær 30%. Með þessu eiga tekjurnar að vaxa um 1945 millj., sem þýðir það, að skattheimtan á þjóðina í heild vex um nær 2 milljarða kr. Hvað eru þessir tveir milljarðar kr.? Það er nálega sama upphæð eins og öll útflutningsaukning sjávarafurða á þessu ári. Það er rúmlega tvöföld sú upphæð, sem vinstri stjórnin var að reyna að koma saman fjárlögum með síðasta árið sitt, bara aukningin ein á þessu ári er rúmlega tvisvar sinnum hærri fjárhæð en heildarupphæð síðustu fjárl. vinstri stjórnarinnar. Þessar tölur segja okkur hryllingssögu um þróun fjármálanna í landinu síðasta áratuginn.

En hvaða lærdóma draga stjórnarflokkarnir og þeir foringjar þeirra, sem ráðið hafa stefnunni, af þessum tölum, þessari hryllingssögu? Nýr forsrh. hefur nýlega komið fram fyrir þjóðina og kynnt sinn fagnaðarboðskap. Jú, stefnan frá 1959 er óbreytt, sagði hann. Hvað þýðir þetta? Hver var stefnan, sem sett var fram 1959? Þar var fyrst og síðast á blaði að stöðva verðbólgu, koma á heilbrigðu fjármálakerfi, sem gengi án styrkja og uppbóta og stöðugrar íhlutunar ríkisvaldsins. Þessi stefna hljómar vel og lítur vel út á pappír. En það segir sína sögu um framkvæmdina, að nú, 11 árum seinna, er það brýnna en nokkru sinni fyrr að stöðva verðbólguna. Fjórar gengislækkanir á einum áratug segja einnig sína sögu. Milli gengisfellinganna hefur styrkja- og uppbótakerfið stungið upp kollinum, eflzt og dafnað fram að næstu kollsteypu. Þróunin síðustu fjögur árin hefur í stuttu máli verið þessi: 1966 verðstöðvun fram yfir kosningarnar 1967. 1967 *gengisfelling*. 1968 *gengisfelling*. 1969 stundarhlé. 1970 virðist verðstöðvun eiga að koma á ný fram yfir kosningarnar 1971. Allir geta séð fyrir sér þróunina næstu árin, ef áfram verður haldið á sömu braut. Og það er einmitt það, sem forsrh. hefur nú boðað. Sömu vinnubrögðum og sömu aðferðum, sem neikvæðan árangur hafa borið s. l. áratug, skal áfram beitt, sagði hann. Og það er það sama, sem fjmrh. boðar nú með þessu fjárlagafrv. Þótt stefnan, vinnubrögðin og aðferðin til að ná markmiði, sem allir í sjálfu sér geta verið sammála um, að keppa beri að, þ. e. stöðvun verðbólguþróunar, þótt allt hafi verið unnið fyrir gýg, skal samt áfram haldið á sömu braut, hvað sem tautar og raular. Það er boðskapurinn. Stjórnarherrarnir berja höfðinu við steininn og væri óskandi, að þeir hefðu ekki skaða af.

Það eru svefngöngur vanans, sem nú standa frammi fyrir þjóðinni og tilkynna henni rétt eins og það sé sjálfsagður hlutur, að skattheimtan skuli aukast um 2000 millj., um 10 þús. kr. á hvert mannsbarn, um 50 þús. kr. á hverja 5 manna fjölskyldu. Þeir standa fastir í löggróinni hefð og vana og eygja engin ný úrræði, hafa engar nýjar hugmyndir, brestur kjark og þor til að kanna nýjar leiðir eða leggja inn á nýjar brautir. Hver er ástæðan fyrir þeirri geigvænlegu þróun, sem birtist í fjárlagafrv. ríkisstj.? Hún er einfaldlega sú, að stjórnlaus en sjálfvirk verðbólguvélin, sem ríkisstj. hefur sjálf búið til og sett í gang, hefur verið í fullum gangi á þessu ári eins og undanfarinn áratug. Aðeins hálfu stórvirkari og hraðvirkari en nokkru sinni fyrr. En fjmrh., yfirsvefnganga vanans, gefur ósköp einfalda skýringu á þessu í aths. sínum við frv. á þá leið, að svo að segja öll útgjaldaaukning og þar með aukning skattheimtunnar stafi af kaupgjaldssamningum þeim, sem verkalýðshreyfingin gerði á s. l. vori. Einmitt það.

En með þessu er þó ekki einu sinni sagður hálfur sannleikur, ekki nema brot úr sannleika, því að þótt nokkrar hækkanir ríkisútgjalda hlytu að leiða af þeim almennu hækkunum kaupgjalds, sem samið var um, hefur hér ráðið mestu um sú stefna, sem fylgt hefur verið, frá því að kjarasamningar voru gerðir, og er þó raunar engin ný stefna og vafamál, að hægt sé að kalla slíkt stefnu, en *meginefni* hennar er þó það, að setja engar skorður eða hömlur aðrar en þær, sem útflutningsatvinnuvegunum eru sjálfkrafa settar af verðlagi erlendis. En í öðrum greinum var atvinnurekendum leyft að velta af sér kauphækkunum út í verðlagið og láta þannig launafólk borga kauphækkanirnar að verulegu leyti úr eigin vasa.

En hvað var það, sem raunverulega gerðist í kjarasamningunum á s. l. vori og hvað hefur verið að gerast síðan? Á árunum 1968—1969 var verkalýðshreyfingin knúin til að ganga að samningum, sem höfðu verulega kjaraskerðingu í för með sér, þannig að kjör lægst launuðu stéttanna höfðu lækkað um nálega 20%. Þetta var knúið fram í krafti þeirrar afsökunar, að þjóðarbúið hefði orðið *fyrir nokkrum ytri áföllum og* með svipu atvinnuleysisins reidda yfir höfði verkalýðsins. Þessar skerðingar voru þó miklu meiri heldur en nam lækkun þjóðartekna á því tímabili, sem áföllin dundu yfir, og því að langmestu leyti ósanngjarnar og óhæfar og þyddi raunverulega það, að láglaunafólk var látið taka á sig meginþungann af þessum áföllum. Það, sem í kjarasamningunum gerðist, var því að langmestu leyti ekki annað en það, að verkalýðshreyfingin endurheimti þann kaupmátt, sem verið hafði fyrir gengislækkanirnar, enda auðsætt, þegar samningagerðin *fór fram*, að ýmist voru orðnar eða fyrirsjáanlegar breytingar á möguleikum þjóðarbúsins til að bæta láglaunastéttunum á ný þær óþolandi kjaraskerðingar, sem þær höfðu orðið fyrir á undanförnum tveimur árum. Nú er hins vegar auðsætt, að engar þær vonir, sem menn gerðu sér um bætta afkomu og möguleika þjóðarbúsins til að standa undir kjarabótum, svo sem aflabrögð og verðlag á afurðum okkar erlendis, hafa í nokkru brugðizt. Aðeins á fyrra helmingi þessa árs jókst útflutningsverðmæti

vonir stæðu til, að rekstur ríkissjóðs á árinu 1970 yrði hallalaus vegna aukins innflutnings og veltu umfram það, sem fjárlög gerðu ráð fyrir, enda þótt um veruleg óviðráðanleg umframútgjöld yrði að ræða. Síðast var greiðsluafgangur hjá ríkissjóði 1966 og þá mjög verulegur eða um 450 millj. kr. En í stað þess að leggja þann afgang til hliðar svo sem æskilegt hefði verið, var talið nauðsynlegt að gera allar tiltækar ráðstafanir til að koma í veg fyrir almenna kjaraskerðingu í landinu, sem líka tókst með verulegum fjárgreiðslum úr ríkissjóði allt til haustsins 1967 þrátt fyrir mikið verðfall íslenzkra afurða. Síðustu þrjú árin hefur verið árlegur nokkur rekstrshalli hjá ríkissjóði, sem leiddi til skuldasöfnunar hjá Seðlabankanum, er nam um síðustu áramót um 630 millj. kr. Þessi hallarekstur var talinn réttlætanlegur vegna hins mikla samdráttar í þjóðarbúskapnum, og gerði þessi skuldasöfnun ríkissjóði kleift á þessum árum að halda uppi óskertri allri þjónustu við þjóðfélagsborgarana. Síðari hluta árs 1969 og á yfirstandandi ári tók hins vegar mjög að skipast til hins betra í þjóðarbúskapnum. Útflutningsatvinnuvegirnir bættu stórlega aðstöðu sína vegna batnandi verðlags og betri aflabragða, bjartsýni um framtíðina fór almennt mjög vaxandi og á mörgum sviðum í atvinnulífinu varð vart við nýtt og aukið framtak um ýmiss konar nýjan atvinnurekstur og eflingu annarra atvinnugreina. Hefur á einu ári raunverulega orðið gerbylting í atvinnulífinu til hins betra, þar eð nýr verðbólguhugsunarháttur tók sem betur fer ekki að gera vart við sig að neinu ráði á þessu tímabili. Telja má atvinnuleysið úr sögunni. Viðskiptajöfnuður við útlönd batnaði stórkostlega. Gjaldeyrisvarasjóðurinn óx um tvo milljarða frá 1. september 1969 til 1. september 1970 og nam þá tæpum 3.3 milljörðum kr. Innistæður í innlánsstofnunum jukust á þessu sama tímabili um 3 milljarða 366 millj., sem er meira en nokkru sinni áður á einu ári, og skuldir þjóðarinnar við útlönd til langs tíma lækkuðu á þessu ári um 800 millj. kr. Heildarstaða ríkissjóðs við Seðlabankann hefur batnað allverulega, 100 millj. verða fyrir áramót greiddar upp í áðurnefnda skuld við Seðlabankann og í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir 100 millj. kr. í viðbótarafborgun.

Í fjárlagaræðunni 1968 komst ég svo að orði, að þáverandi erfiðleikaástand væri prófsteinn á það, hvort langframa velmegunarþróun hefði dregið úr manndómi þjóðarinnar til þess að mæta þeim erfiðleikum, sem við Íslendingar verðum alltaf að búast við öðru hverju miðað við einhæfa atvinnuvegi okkar. Ég tel nú óhætt að segja, að þjóðin hafi staðizt þessa prófraun og erfiðleikarnir hafi verið yfirunnir á mun skemmri tíma, bæði fyrir þá sök, að þjóðin sýndi almennt ótrúlega mikinn skilning á nauðsyn kjararýrnunar um sinn og gripið var til réttra efnahagsaðgerða til að mæta vandanum. Nú stöndum við aftur andspænis því að svara þeirri spurningu, hvort við höfum öll nægilega sterk bein til að þola góða daga, hvort við höfum dregið nauðsynlega lærdóma af efnahagserfiðleikum síðustu ára, þannig að við kunnum okkur hóf í kröfugerð á batnandi tímum, en missum ekki fótfestuna og höldum, að allt sé hægt að fá og allt sé hægt að gera svo sem óneitanlega átti sér stað í peningaflóðinu fram til 1967. Öll laun í landinu voru stórhækkuð um mitt þetta ár. Enginn vafi er á því, að útflutningsatvinnuvegirnir hafa bolmagn til þess að taka á sig allverulega kauphækkun, en jafnvíst er, að með áframhaldandi víxlhækkunum kaupgjalds og verðlags yrði atvinnuöryggi í landinu stefnt í bráða hættu á skömmum tíma. Því miður var ekki samkomulag um að fara þá leið, sem ríkisstj. benti á og hefði getað tryggt verulegar kjarabætur án víxlhækkunaráhrifa og nýrrar verðbólguöldu. Þess vegna stöndum við í dag andspænis þeirri köldu staðreynd, að verði ekki skjótlega gripið til nauðsynlegra aðgerða til að koma í veg fyrir aukinn tilkostnað atvinnuveganna, þá munu almennar kauphækkanir verða orðnar a. m. k. 30% á næsta vori, og mun naumast nokkur halda því fram í alvöru, að atvinnuvegirnir fái risið undir svo stórkostlegri kostnaðaraukningu, án einhverrar sérstakrar aðstoðar. Það er hins vegar jafnvíst, að með skynsamlegum viðbrögðum nú er hægt að tryggja launþegum, að þeir geti haldið mjög verulegum hluta af kauphækkuninni frá í sumar sem raunverulegum kjarabótum, sem ekki brenni upp í nýjum verðbólgueldi. Takist nú að fá samkomulag um nauðsynleg viðbrögð, þá er vissulega engin ástæða til þess að halda annað en bjart sé fram undan og sú heilbrigða efnahagsþróun, sem nú hefur hafizt að nýju, geti orðið varanleg og leitt til sívaxandi velmegunar og bættra lífskjara alls almennings. Skelli menn hins vegar skollaeyrum við staðreyndum og láti kosningahitann verða rólegri yfirvegun og ábyrgðartilfinningu yfirsterkari, þá stöndum við andspænis stórfelldum nýjum vanda. Efnahagsmálin almennt munu koma til kasta Alþingis á öðrum vettvangi og ræði ég þau því ekki frekar í sambandi við fjármál ríkisins, en legg aðeins áherzlu á þá staðreynd, að svo sem réttlætanlegt var á samdráttartímum að reka ríkissjóð með nokkrum halla, þá er það jafnóverjandi miðað við núverandi efnahagsástand. Það er því ósk mín og von, að þótt kosningar séu á næsta leiti, náist um það samstaða hér á hinu háa Alþ. að afgreiða fjárlög ársins 1971 með fullkominni ábyrgðartilfinningu, þannig að ríkisbúskapurinn geti í reynd orðið hallalaus á því ári.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Hæstv. fjmrh. hefur nú um sinn kaffært ykkur í flóði svimhárra talna og er mál að linni og við ykkur sé nú rætt á mæltu máli. Þau fjárlög, sem ríkisstj. hefur nú lagt fram, eru í engu frábrugðin þeim fjárlagafrv., sem Alþingi hefur verið ætlað að afgreiða undanfarin ár, nema að einu leyti, upphæðinni. Niðurstöðutölur hins nýja frv. hafa hækkað um tvo milljarða, um 2000 millj. kr.

að í stað þess að hann áður var greiddur árs-fjórðungslega verður hann hér eftir innheimtur á tveggja mánaða fresti.

Í síðustu fjárlagaræðu minni gerði ég grein fyrir því, að fylgzt væri með því af athygli af hálfu rn., hvernig virðisaukakerfið reyndist, en það skattform er nú ýmist búið að innleiða eða verið að innleiða á öllum Norðurlöndum, en áður hefur virðisauka-skatturinn verið tekinn upp í Efnahagsbandalags-löndunum. Skattur þessi er í eðli sínu ekki svo mjög frábrugðinn almennum söluskatti, en hann hefur fyrst og fremst þann kost umfram söluskattinn, að auðveldara er að fylgjast með því, að skatturinn skili sér, vegna þess að greiðendur skattsins á hinum ýmsu stigum hafa að vissu leyti eftirlit hver með öðrum. Hins vegar er því ekki að leyna, að þessum skatti fylgir aukin skriffinnska og í annan stað er mjög torvelt að koma við nokkrum undanþágum frá skattinum, þannig að erfiðara verður um vik að undanþiggja nokkrar almennar lífsnauðsynjar virðisaukaskatti heldur en söluskatti. Aftur á móti leggst skatturinn ekki á fjárfestingarvörur nema að mjög takmörkuðu leyti, og hefur því verulega þýðingu fyrir atvinnureksturinn.

Þótt hé sé um skattheimtu að ræða, sem bæði hefur kosti og ókosti, virðast kostirnir almennt vera taldir það þungir á metunum, að æ fleiri lönd taka upp þessa skattheimtu. Má því vafalaust gera ráð fyrir, að niðurstaðan verði einnig sú hér, og hefur því að tilhlutan rn. í sumar verið unnið að álitsgerð um virðisaukaskattkerfið og vonast ég til að geta gert Alþ. grein fyrir einstökum atriðum kerfisins einhvern tíma á þessu þingi, þannig að þm. geti áttað sig á því, hvort kostir kerfisins séu það veiga-miklir, að rétt sé að stefna að því að innleiða það hér.

Í fjárlagaræðunni undanfarin ár hef ég jafnan gefið stutt yfirlit um starfsemi skattrannsókna-deildar ríkisskattstjóraembættisins. Á tímabilinu 1. október 1969 til 30. september 1970 hefur deildin tekið 220 ný mál til rannsóknar. Lokið var rann-sókn 207 mála, en 90 mál eru nú í rannsókn. Heildarhækkanir gjalda vegna rannsóknarmála námu 30.4 millj. og eru þá meðtaldar skattsektir 13 millj., en ólokið er sektarákvörðun í 150 málum og álagningu hjá ríkisskattanefnd í 72 málum. Svo sem ég áður hef bent á segja þessar tölur aðeins hluta sögunnar, þ. e. þátt rannsóknarmálanna. Skattstofurnar lagfæra að sjálfsögðu fjölda fram-tala og markvisst er unnið að því með fundahöld-um með skattstjórum og á annan hátt að samræma og styrkja skatteftirlitið og framkvæmd skattalaga og er það engum efa bundið, að hið efl da skatt-eftirlit hefur leitt til verulegra umbóta í skattfram-tölum. Unnið er nú að úrtaki framtala til skoðunar eftir ákveðnum reglum. Í byrjun kvörtuðu margir sáran yfir skattrannsóknunum og hinir sektuðu töldu illa með sig farið samanborið við þann mikla fjölda skattsvikara, sem slyppu við refsingu. Nú verður slíkum röksemdum ekki lengur við komið, eftir að skattrannsóknadeildin hefur starfað í mörg ár, og menn vita gjörla, hvaða áhættu þeir taka á sig með undanskoti fjár frá skattlagningu, enda hygg ég þessa löggæzlu nú almennt vera talda sjálfsagða. Markmiðið með starfi rannsóknadeild-arinnar er hins vegar ekki það að handsama sem flesta skattsvikara, heldur að veita slíkt aðhald varðandi rétt framtöl, að hún þurfi ekki að fást við nema sem fæst skattsvikamál. Þá hefur að tilhlutan fjmrn. verið komið af stað samstarfi milli þess og Sambands ísl. sveitarfélaga um athugun á verka-skiptingu ríkis og sveitarfélaga, sem gæti í senn leitt til breytinga á tekjuskiptingu og gjaldaskiptingu milli þessara tveggja meginþjónustuaðila í þjóðfé-laginu. Hefur af hálfu Sambands ísl. sveitarfélaga farið fram ýtarleg athugun á þessu máli í framhaldi af ráðstefnu, sem sambandið efndi til um verka-skiptingu ríkis og sveitarfélaga, en þá fól ég ráðu-neytisstjórunum í fjmrn. og félmrn. að kynna sér viðhorf Sambands ísl. sveitarfélaga varðandi þetta efni og tjá því, að af hálfu ríkisins væri engin fyrir-staða um það, að teknar yrðu upp alvarlegar viðræður um, hvort skipan þessara mála gæti verið hentugri og heppilegri með einhverjum öðrum hætti en nú gildir. Geta hér að mínu mati vel komið til greina verulegar breytingar, sem ekki er þó tímabært að ræða í einstökum atriðum á þessu stigi.

Á síðasta þingi voru gerðar mjög veigamiklar breytingar á tollskránni vegna aðildar Íslands að EFTA, en samkv. þeim samningum er ekki skylt að framkvæma næstu tvær tollalækkanir fyrr en eftir 4 ár, svo að iðnaðurinn fái nauðsynlegan aðlögunar-tíma. Ekki er ætlunin að leggja fyrir þetta þing aðrar breytingar á tollskránni en varðandi örfáar vörur, sem nánari athugun hefur leitt í ljós, að lækka verður tolla á vegna EFTA-aðildar. Er hér aðallega um að ræða tvöfalt gler og rafmagnseldа-vélar og fáeinar aðrar vörur, sem ekki var fyllilega ljóst, að yrðu að lúta EFTA-meðferð. Þá eru í endurskoðun hjá rn. viss atriði laga um gjald af innlendum tollvörum, en þau gjöld þurfa t. d. að ná til sams konar innfluttra vara. Aðildin að EFTA hefur haft í för með sér mjög mikla vinnu fyrir íslenzk tollyfirvöld, því að það er mikið tæknilegt verk að fella tollstjórn okkar og skjalagerð alla að EFTA-kerfinu, en telja má, að sú aðgerð hafi tekizt mjög vel. Unnu saman að þessu mikla verkefni tollstjórnaryfirvöld og fulltrúar framleiðenda og verzlunar. Eftir hörð fyrirmæli og aðvaranir af hálfu rn. má segja, að tollheimta sé hvarvetna í landinu komin í mjög viðunandi horf og sá háttur úr sögunni, sem því miður tíðkaðist of víða, að vörur væru afgreiddar án tollgreiðslu, enda fylgist ríkisendurskoðunin eftir föngum með því, að svo sé ekki gert, og samkv. opinberum tilkynningum, sem rn. hefur gefið út um þetta efni, verður beitt þyngstu viðurlögum tollalaga, ef út af er brugðið.

Herra forseti. Að lokum nokkur orð um þær horfur og það ástand í efnahagsmálum, sem nú blasa við augum og er grundvallarnauðsyn að gera sér grein fyrir. Áður hef ég gert grein fyrir því, að

þjóðfélaginu til eftirbreytni. Lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna hafa verið í endurskoðun. Er þeirri endurskoðun nú lokið og málið til athugunar hjá ríkisstj., og má vænta þess, að frv. um það efni verði lagt fyrir yfirstandandi þing.

Viðtækar athuganir fara nú fram á öllu skattkerfinu. Staðgreiðslukerfisnefndin, sem Alþ. kaus samkv. þál., sem ríkisstj. lagði fyrir Alþ. 1967, lauk störfum á s. l. ári og skilaði mjög ýtarlegu nál. Kom þar glöggt í ljós, að málið var miklum mun flóknara heldur en margir höfðu gert sér í hugarlund, og taldi ég þá rétt að leita enn viljayfirlýsingar Alþ. um það, hvort haldið skyldi áfram undirbúningi að því að innleiða staðgreiðslukerfið og þá með hverjum hætti. Var því þáltill. lögð fram á síðasta þingi, en sú till. náði ekki endanlegri afgreiðslu þingsins og hefur till. nú aftur verið lögð fram á þessu þingi og vænti ég þess, að Alþ. láti í ljós einhvern vilja í málinu. Varðandi staðgreiðslukerfið er raunar um tvær meginstefnur að ræða. Annars vegar þá, sem felst í nál., að reyna að aðlaga staðgreiðslukerfið núverandi skattkerfi í grundvallaratriðum óbreyttu, en hin aðferðin er sú að leitast við að aðlaga skattkerfið að staðgreiðslukerfinu á þann hátt, að staðgreiðslukerfið verði sem virkast og ekki óviðráðanlega flókið og umfangsmikið. Er ég persónulega þeirrar skoðunar, að kanna eigi alvarlega, hvort síðari leiðin sé fær, að breyta sjálfu skattkerfinu, áður en sú leið verður ákveðin að innleiða staðgreiðslukerfið á grundvelli núv. skattkerfis, sem ég er hræddur um, að leiði til margvíslegra vandræða. Síðustu árin hafa ekki verið gerðar neinar stórvægilegar breytingar á hinni almennu skattalöggjöf, og hef ég í fjárlagaræðum áður tekið fram, að orsökin væri sú að gera mætti ráð fyrir því, að einmitt staðgreiðslukerfið mundi leiða til veigamikilla breytinga á gildandi skattkerfi og væri því nauðsynlegt að sjá, hverjar þær breytingar yrðu, áður en hafizt yrði handa um almennar breytingar á skattalögum. Það er hins vegar ljóst, að reynslan hefur sýnt, að sanngjarnt er og nauðsynlegt að gera ýmsar breytingar á skattalögunum varðandi skattgreiðslur einstaklinga, enda þótt það sé ótvírætt, að beinir skattar til ríkisins séu ekki háir hér á landi miðað við flest önnur nálæg lönd, enda tekjuskattar og eignarskattar til ríkissjóðs hér aðeins um 10% af heildartekjum ríkissjóðs, sem er mun minna en í öðrum nálægum löndum. Þótt ég sé því ekki þeirrar skoðunar, að tiltækilegt þyki að lækka almennt beina skatta breytir það ekki því, að ýmissa lagfæringa er þörf á skattalögum. Þar sem augljóst er, að staðgreiðslukerfinu seinkar, þá var ákveðið á s. l. vori að fela skattamálanefndinni, sem sérstaklega starfar að vísu að skattamálum félaga, að taka til heildarathugunar nauðsynlegar lagfæringar einnig á skattgreiðslum einstaklinga og þá m. a. hafa til hliðsjónar þær ábendingar, sem fram hafa komið á Alþ. í tillöguformi síðustu þing. Var ætlazt til, að þessum athugunum yrði lokið svo snemma, að unnt yrði að leggja till. þessar fyrir yfirstandandi Alþ.

Þá var einnig ætlunin að endurflytja aftur á þessu þingi frv. það um skattamál félaga, sem lagt var fram á síðasta þingi, en með þeim lagfæringum og endurbótum, sem síðar hafa verið gerðar á því. En þær breytingar varðandi skattamál atvinnufyrirtækja byggjast á þeirri meginforsendu, að íslenzkur atvinnurekstur verði skattalega ekki verr settur í samkeppni en atvinnurekstur annarra EFTA-landa. Þar sem um var að ræða veigamiklar breytingar frá gildandi skattalögum, var talið nauðsynlegt að sýna þetta frv. í lok síðasta Alþ., án þess að þá væri hægt að vænta endanlegrar afgreiðslu, enda fram tekið, að ýmsir þættir málsins væru ekki enn endanlega skoðaðir ofan í kjölinn. Var því aðeins lögfest á síðasta þingi ákvæðið um fyrningar, sem tók gildi við skattlagningu í ár. Féllust allir flokkar jafnframt á þau tilmæli mín, að skipuð yrði sérstök mþn. fulltrúa allra flokka úr fjhn. Alþ., sem ynnu nánar að athugun málsins milli þinga og fengju til athugunar jafnóðum framhaldstill. embættismannanefndarinnar, sem vann að undirbúningi málsins. Hér er um mikið verkefni að ræða, sem enn er ekki endanlega lokið, en stefna verður að, að fái lokaafgreiðslu áður en þessu þingi lýkur.

Vegna hækkunar söluskatts fyrr á þessu ári bar brýna nauðsyn til að taka til rækilegrar endurskoðunar allt eftirlit með álagningu og innheimtu söluskatts. Hefur það mál allt verið í rækilegri athugun á undanförnum mánuðum og var skattrannsóknarstjóra falið að hafa yfirumsjón með innheimtukerfinu um land allt. Með ströngum fyrirmælum rn. til innheimtumanna um land allt varðandi skil á söluskatti má telja, að innheimtan sé komin í mjög viðunandi horf víðast hvar. En hins vegar er ljóst, að aukins eftirlits er þörf, svo að þessi mikli skattstofn skili sér með eðlilegum hætti, sem er að sjálfsögðu höfuðnauðsyn. Hefur því nýlega verið sett mjög ýtarleg reglugerð, þar sem kveðið er á um ýmis atriði til þess að auðvelda eftirlit með innheimtu skattsins, og jafnframt er í undirbúningi að setja sérþjálfaða menn í söluskatti á ýmsar stærstu skattstofurnar. Þá koma hér að haldi hin nýju bókhaldslög, en yfirumsjón með framkvæmd þeirra er einmitt einnig í höndum skattrannsóknarstjóra og hefur verið lögð rík áherzla á að fá góða samvinnu við atvinnurekendur um bókhaldslögin og gera þeim grein fyrir gildi þeirra, ekki hvað sízt fyrir atvinnureksturinn sjálfan, og má fullyrða, að skilningur atvinnurekenda og eigenda fyrirtækja almennt á því, hver vinningur þeim sjálfum sé að góðu bókhaldi og reikningsskilum, sé vaxandi. Um 500 bókhaldsskoðanir hafa verið gerðar á árinu og verður að segja þá leiðu sögu, að þessar athuganir hafa leitt í ljós, að ástandið á sviði bókhalds og reikningsskila er enn mjög slæmt og verra í hinum minni fyrirtækjum. Eigi að koma bókhaldi fyrirtækja almennt í viðunandi horf, verða að koma til fleiri aðilar en skattyfirvöld, svo sem bankar og hluthafar, sem veita mikið aðhald að fyrirtækjum erlendis varðandi fullnægjandi reikningsskil. Sú breyting hefur verið gerð á innheimtu söluskattsins,

boða, en um beinan innflutning sé þá fyrst að ræða, þegar innkaup eru hagkvæmust með þeim hætti.

Mörg einstök úrlausnarefni hafa komið upp í sambandi við rekstur einstakra ríkisstofnana, sem fjárlaga- og hagsýslustofnunin hefur unnið að í samráði við viðkomandi rn. Hefur það samstarf yfirleitt verið ágætt og hafa rn. í vaxandi mæli leitað til stofnunarinnar beinlínis um aðstoð varðandi athuganir á hagkvæmni í rekstri og nytsemi einstakra fjárráðstafana, sem ríkisstofnanir hafa viljað ráðast í. Síðustu árin hefur verið unnið að margvíslegri könnun og úrræðum til þess að auka hagkvæmni í rekstri Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins, enda hefur því alloft verið varpað fram í umr. um verðlagsmál, að reksturskostnaður þessa ríkisfyrirtækis sýndi, að ekki væri hægt að gera ráð fyrir, að almennur verzlunarrekstur í landinu gæti búið við þá álagningu, sem honum væri skömmtuð. Þó að vísu þær ásakanir hafi ekki nema að takmörkuðu leyti verið réttar, þá var sýnt, að með ýmsum aðgerðum mátti auka hagkvæmni í rekstri þessa stóra fyrirtækis, og hafa margvíslegar umbætur nú verið gerðar í góðri samvinnu milli rn. og forstjóra fyrirtækisins. Skulu þær skipulagsbreytingar ekki raktar hér í einstökum atriðum, en mikilvægast var að tryggja fyrirtækinu viðhlítandi húsnæði við skaplegu verði og var í því skyni á s. l. ári fest kaup á húseign fyrir áfengisdeild fyrirtækisins og tók deildin til starfa í því húsnæði í s. l. júlímánuði, en áður hafði starfsemi þessarar deildar verið á fjórum stöðum í Reykjavík. Er áætlað, að með þessari ráðstöfun verði hægt að fækka starfsliði fyrirtækisins um a. m. k. 20 manns, og árlegur launasparnaður ætti að geta orðið um 4 millj. kr. Húsakaupin sjálf voru mjög hagkvæm og spara fyrirtækinu tugi milljóna miðað við þá nýbyggingu, sem ætlunin var að reisa yfir starfsemi Áfengis- og tóbaksverzlunarinnar. Um alllangt skeið hefur verið veitt sérstök fjárveiting á fjárlögum til þess að byggja nýtt þvottahús fyrir ríkisspítalana. Ákveðið hefur verið nú að falla frá þessari nýbyggingu, þar eð tókst að festa kaup á hentugu húsnæði, og má fullyrða, að sú ráðstöfun hafi sparað mjög verulegar fjárhæðir og geri auðið að starfrækja þessa þjónustu á mun hagkvæmari hátt en áður.

Ég hef oft áður í fjárlagaræðum vikið að nauðsyn ítrustu hagsýni í meðferð ríkisfjár jafnhliða mikilvægi þess að breyta viðhorfi borgaranna til ríkissjóðs og ríkisfjármuna yfirleitt. Þótt margt hafi verið gert til úrbóta í ríkiskerfinu þá er vitanlega enn þá margt, sem má betur fara, og má aldrei slaka á viðleitni í þá átt. Því miður er torvelt að breyta viðhorfum almennings til opinberra fjármuna, þó vissulega beri að viðurkenna, að það séu ekki allir undir sömu sök seldir, en fórnarlund gagnvart þjóðfélaginu held ég, að sé ákaflega takmörkuð. Allir þekkja viðhorfið til skattframtala, þótt verulega hafi áunnizt vegna aukins eftirlits. Yfirleitt á öllu að bjarga með framlögum úr ríkissjóði, — en hver vill taka afleiðingunum með nýjum skattaálögum? Mikilvæg hlunnindi eru allt of oft misnotuð. Nýjustu dæmi þess eru atvinnuleysisbæturnar. Fötluðu fólki er veitt aðstoð til þess að eignast bíl vegna vinnu sinnar. Hvað er ekki hægt að benda á mörg dæmi misnotkunar? Enn er mönnum vafalaust í minni ótrúleg misnotkun í sambandi við niðurgreiðslur á verði neyzlufisks og kartaflna og þá ekki síður smáfisksuppbæturnar. Allar áttu þessar greiðslur út af fyrir sig rétt á sér, en reyndust óhæfar vegna grófrar misnotkunar. Svona mætti lengi halda áfram að nefna opinbera fjárhagsaðstoð, sem er meira og minna misnotuð og leiðir þá til ranglætis í stað þess réttlætis, sem aðstoðinni er ætlað að stuðla að. Viðhorf til opinbers fjár verður a. m. k. að vera með þeim hætti, að við förum ekki með það af meira gáleysi en eigin fjármuni.

Þá þykir mér rétt að víkja nokkrum orðum að kjaramálum opinberra starfsmanna. Samkomulag varð um það á milli ríkisstj. og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja fyrir tveimur árum síðan, að reynt skyldi að byggja kjarasamninga á svokölluðu kerfisbundnu starfsmati. Unnið hefur verið svo að segja látlaust síðan að undirbúningi þessa starfsmats, en þetta viðfangsefni reyndist miklum mun erfiðara og flóknara en menn höfðu í upphafi gert sér grein fyrir. Átti kjarasamningum raunverulega að vera lokið um síðustu áramót, en þá var starfsmatinu það skammt komið, að samkomulag varð um það að halda því áfram og fresta endanlegri samningsgerð þar til um næstu áramót. Er þetta mál því að komast á lokastig og skal ég ekki gera einstök atriði að umtalsefni, en komið hefur glöggt í ljós, að skipulagt starfsmat er ekkert sjálfgefið kerfi, heldur getur þar margt upp komið, sem orkar tvímælis, en segja má, að grundvallaratriðið sé þó að gera sér grein fyrir því, hvað menn telja rétt, að launamismunur sé mikill í starfskerfinu, en hann er nú mun minni hér en í flestum eða öllum nálægum löndum og hafa afleiðingar orðið þær, að mjög erfitt er að fá menn í toppstöður. Mikil óánægja hefur risið meðal háskólamenntaðra manna og jafnvel ýmsir starfshópar, svo sem læknar og verkfræðingar, hafa í rauninni brotizt undan launakerfi ríkisins. Hitt verður jafnframt að hafa í huga, að veruleg tregða er hérlendis á að hafa mjög mikinn launamismun, þannig að hér er vissulega vandratað meðalhófið. Þá er því heldur ekki að leyna, að mikil óánægja er með núverandi skipan samningsréttarmálanna, einkum meðal háskólamanna, sem flestir hverjir hafa sagt skilið við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og myndað sín sérstöku samtök, sem krefjast samningsréttar. Mun niðurstaða samninga nú vafalaust hafa veruleg áhrif í þá átt, hvort hægt verður að ná samkomulagi um samningsaðildina. En almennt er það um starfsmatið að segja, að það er engum efa bundið, að það væri til mikilla bóta, ef hægt væri að fá samkomulag um starfsmat, sem til frambúðar væri hægt að leggja til grundvallar við hlutfall í launum opinberra starfsmanna, og gæti það orðið öðrum starfshópum í

raðir, en samræmast ekki þeim grundvelli, sem nú er miðað við í gerð aksturssamninga. Hefur verið leitazt við að meta raunverulega akstursþörf í þágu starfs og mönnum skipað í akstursflokka í samræmi við það. Þar sem nú hefur verið komið á heildarkerfi varðandi slíka samningagerð, hafa aðstæður til raunhæfs mats batnað verulega, frá því sem áður var, og mun verða gert sérstakt átak á næstunni til þess að koma þessum málum í fullkomið horf. Jafnframt framkvæmd bifreiðareglugerðarinnar varðandi ríkisfyrirtækin og stofnanir ríkisins, sem beint heyra undir rn., hefur fjmrn. sérstaklega ritað bankaráði ríkisbankanna og öðrum ríkisstofnunum, sem lúta sérstakri stjórn, og lagt áherzlu á, að þessum reglum verði einnig fylgt í þeim stofnunum.

Annað veigamikið mál, sem unnið hefur verið að af sérstakri n., en í nánu samráði við undirn. fjvn., er athugun á sameiningu margvíslegra verkstæða, sem rekin eru á vegum ríkisins og ríkisstofnana. Hefur þetta mál verið í athugun síðan í fyrra. En það er mjög umfangsmikið og snertir margar stofnanir. Eru auk Landssmiðjunnar rekin samtals 11 verkstæði í véla- og málmsmíði á vegum 9 ríkisfyrirtækja hér í Reykjavík, auk verkstæða annars staðar á landinu. Öll eiga þessi fyrirtæki vinnuvélar af ýmsum gerðum og tegundum. Ekkert samræmi eða samráð hefur ríkt um vinnuvélakaup, kaup varahluta og rekstursvöru, notkun vinnuvéla og rekstur þessa fjölda verkstæða. Enda hafa nær eingöngu verið hafðar í huga þarfir einstakra stofnana, þegar ráðizt hefur verið í vélakaup eða verkstæðisrekstur. Vinna flest þessi verkstæði mjög skyld störf. Fleiri en ein ríkisstofnun eiga þarna sambærilegar eða sams konar vélar, sem standa stundum ónotaðar um lengri tíma á sama tíma og önnur stofnun þarf á sams konar vél að halda. Ósamræmi í vélakaupum og tegundum véla veldur erfiðleikum í rekstri og margfaldri fjárfestingu í varahlutum og rekstrarvöru. Mörg smáverkstæði hafa óþarfa stjórnunarkostnað, mannafli verkstæðanna nýtist misjafnlega vegna smæðar þeirra og takmarkaðra verkefna og rík tilhneiging er til að taka inn á verkstæði þessi starfsmenn á ýmsum tímum, sem þar hafa raunar ekkert að gera, enda ætlað að sinna öðrum verkefnum aðra tíma ársins, og er það vandamál út af fyrir sig. En engum efa er bundið, að hér er brýn nauðsyn skipulagsbreytingar, hægt að koma við verulegum sparnaði með sameiningu verkstæða og aukinni samvinnu þeirra og sýnist raunar eðlilegt að stefna að sérstakri allsherjar vélamiðstöð ríkisins, sem ég vék að í síðustu fjárlagaræðu. Verður unnið með öllum hraða að því að koma þessum málum í viðunandi horf. En því er ekki að leyna, að hér getur orðið um nokkurt vandamál að ræða, þar sem mörg fyrirtæki eiga hlut að máli, og veltur því á miklu um samstarfsvilja. Þótt yfirleitt hafi till. um skipulagsbreytingar verið vel tekið af hlutaðeigandi stofnunum þá er því ekki að neita, að í sumum tilfellum gætir óhæfilegrar tregðu og andstöðu við það að hreyfa við gamalgrónum venjum, m. a. að ekki komist í framkvæmd ýmsar till. um fækkun starfsmanna í ríkisrekstrinum. Er það að vísu viðkvæmt mál á atvinnuleysistímum, svo sem ég vék að í síðustu fjárlagaræðu, en erfitt er þó að koma við sparnaði, ef ekki má fækka fólki.

Fjárlaga- og hagsýslustofnunin hefur á hendi yfirumsjón með öllum húsaleigumálum ríkisfyrirtækja og stofnana ríkisins. Hefur eftir föngum verið leitazt við að koma á samræmdum reglum um þessi mál, og að fenginni nokkurri reynslu um framkvæmd húsaleigusamninga hefur nú nýlega verið gefin út af rn. sérstök reglugerð um húsaleigumál ríkisins, sem birt hefur verið. Mikil þörf hefur reynzt á því að setja fastar reglur um sem flest atriði, sem varða ferðalög starfsmanna á vegum ríkisins og þann kostnað, sem af slíkum ferðalögum leiðir, bæði innanlands og utan. Hefur nýlega verið gefin út heildarreglugerð um þetta efni, sem launadeild rn. og fjárlaga- og hagsýslustofnunin hafa undirbúið. Ríkisstofnanir hafa á undanförnum árum í vaxandi mæli komið upp mötuneytum fyrir starfsmenn sína. Hafa þessi mötuneytismál verið tekin til sérstakrar athugunar með samræmingu í huga á rekstrarkostnaði. Hefur komið í ljós, að ríkið rekur nú 29 mötuneyti, sem starfa allt árið, en auk þess starfar fjöldi mötuneyta hluta úr ári vegna tímabundins reksturs. Greiddi ríkissjóður beinlínis vegna reksturs þessara mötuneyta 20.5 millj. kr. árið 1969 og er þá ekki meðtalin nein húsaleiga eða fjármagnskostnaður og heldur ekki meðtalin mötuneyti skólanna, sem ríkið ber allan kostnað af á skyldunámsstiginu nema hráefniskostnað, en á framhaldsstiginu greiðir það ráðskonukaup. Athugun hefur leitt í ljós, að kostnaður ríkisins pr. máltíð er mjög mismunandi frá einni stofnun til annarrar, og er nú verið að kanna, með hverjum hætti sé unnt að koma á fullu samræmi í þessu efni og hverjar reglur skuli gilda við ákvörðun um rekstur mötuneyta af þessu tagi. Kemur þar m. a. til álita, hvort hagkvæmt sé að kaupa eða framleiða máltíðir á einum stað, t. d. fyrir hin mörgu mötuneyti hér í Reykjavík, í stað þess að reka matargerð með tilheyrandi búnaði á mörgum stöðum. Tekin hefur verið upp á vegum fjmrn. sú meginstefna, að Innkaupastofnun ríkisins annist sölu allra ríkiseigna og sé leitað tilboða í þessar eignir þannig, en að ekki geti orðið um neina óeðlilega sölu að ræða. Þá hefur jafnframt verið lögð áherzla á það, að Innkaupastofnunin annaðist sameiginleg innkaup fyrir ríkisstofnanir í sem ríkustum mæli til þess að tryggja hagkvæmari innkaup. Þá hefur Innkaupastofnunin einnig verið efld með deild til eftirlits með opinberum framkvæmdum í samræmi við l., sem um það efni voru sett á síðasta Alþ., og verður þar um mjög veigamikið verkefni að ræða. Rétt er að taka það skýrt fram, að með aukinni starfsemi Innkaupastofnunar ríkisins er ekki ætlunin að taka upp neina samkeppni við önnur viðskiptafyrirtæki í landinu heldur einungis að tryggja ríki og ríkisstofnunum sem hagkvæmust kjör með innkaupum í stærri stíl á grundvelli út-

unnið að, en hér er um mjög kostnaðarsamar rannsóknir að ræða, svo sem sjá má af þeim áætlunum, sem Orkustofnunin hefur gert um helztu viðfangsefni á þessu sviði á næstu árum. Í áætlun Orkustofnunarinnar er gert ráð fyrir mestum útgjöldum til þriggja virkjanasvæða í sambandi við vatnsorkuframkvæmdir, en það eru Jökulsá á Fjöllum með Dettifossvirkjun í huga, Austurlandsvirkjun, og þá sérstaklega Jökulsá í Fljótsdal, og Skaftárveita til aukningar á vatnsmagni Tungnaárvirkjana og Búrfellsvirkjana. Er áætlað í framkvæmdaáætlun að afla 20 millj. kr. til vatnsorkurannsókna til viðbótar fjárveitingum til þeirra rannsókna í fjárlögum, þannig að samtals verði til þessara rannsókna til ráðstöfunar á næsta ári um 36 millj. kr. Mörgum og miklum verkefnum þarf einnig að sinna á sviði jarðhitarannsókna, og þarf að auka rannsóknarboranir á þeim háhitasvæðum, sem búa yfir mestum nýtingarmöguleikum til efnaiðju og hitaveituframkvæmda, en það eru svæðin á Reykjanesskaga og í nágrenni höfuðstaðarins. En unnið er nú að óvenjumiklum hitaveituframkvæmdum á ýmsum stöðum á landinu og fleiri staðir hafa áhuga á athugun á jarðhita með hitaveitu fyrir augum, og er hér um þjóðhagslega mjög mikilvægar framkvæmdir að ræða. Vegna mikilvægis þessara rannsókna hefur verið ákveðið að kaupa nýjan jarðbor, sem sérstaklega hentar til rannsóknarborana. Hér er ekki nema að nokkru leyti um bein ríkisútgjöld að ræða, heldur fjáröflun til Orkusjóðs, til þess að hann geti veitt nauðsynlega aðstoð svo sem lög gera ráð fyrir til jarðborana. Borunin í Námaskarði vegna stækkunar kísilgúrverksmiðjunnar og jarðgufuaflstöðvarinnar, sem þar hefur verið reist sem tilraunastöð á vegum Laxárvirkjunar, er nú að heita lokið og þarf ekki nema smávegis fjáröflun til þess að ljúka greiðslum vegna þessa kostnaðar. Enn þarf að afla nokkurs fjár, 5.7 millj. kr., vegna áframhaldandi jarðhitarannsókna í sambandi við hugsanlega sjóefnaverksmiðju á Reykjanesi, og gert er ráð fyrir 12 millj. kr. lánsfjáröflun til byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík. Er mikil nauðsyn að fara að ljúka þessari miklu byggingu, sem hefur verið lengi í smíðum. Mun þessi fjárhæð að vísu ekki nægja til þess að fullgera húsið, en segja má, að hér sé um framkvæmdir að ræða, sem fjármagna mætti með beinni fjárveitingu á fjárlögum, og má raunar segja hið sama um Rannsóknastofnun iðnaðarins, en gert er ráð fyrir að afla 6.5 millj. kr. til þess að ljúka þeirri byggingu, sem er brýn nauðsyn. Verði eitthvert fjárhagslegt svigrúm í fjárlögum, tel ég vel geta komið til álita að taka báðar þessar fjárhæðir í fjárlögin sjálf. Loks er í framkvæmdaáætluninni gert ráð fyrir að afla 63.2 millj. kr. lánsfjár vegna nýbyggingar Áburðarverksmiðju ríkisins. Sú bygging var hafin á yfirstandandi ári og er 55 millj. kr. fjáröflun í framkvæmdaáætlun þessa árs. Heildarkostnaðaráætlunin mun að sjálfsögðu hækka nokkuð af eðlilegum ástæðum og nemur í endurskoðaðri áætlun 265 millj.

Haldið hefur verið áfram stöðugri viðleitni til þess að auka hagkvæmni í ríkisrekstrinum og koma við sparnaði og bættri skipulagningu. Hefur forysta á þessu sviði verið í höndum hagsýslustjóra, en undirn. fjárveitingan., sem skipuð var fulltrúum allra flokka, hefur haldið marga fundi milli þinga, fylgzt með starfi fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar og komið að ábendingum og athugasemdum, eftir því sem n. hefur séð ástæðu til. Hefur sem áður verið hið bezta samstarf milli n. og rn. og enginn efi, að það er til mikilla bóta sú nýskipan, að fjárveitingan. fylgist stöðugt með sem flestum þáttum í ríkiskerfinu, en annist ekki aðeins afgreiðslu fjárlagafrv. á Alþ. Þá hefur aðhald ríkisendurskoðunar með stofnunum og embættismönnum aukizt og ríkisendurskoðandi hefur nú í athugun ýmiss konar skipulagsbreytingu á starfsemi ríkisendurskoðunarinnar til þess í senn að gera hana virkari og gera henni kleift í tæka tíð að komast yfir viðfangsefni sín, en það hefur um langan aldur verið gagnrýnt á Alþ., að endurskoðunin væri of langt á eftir tímanum með verkefni sín. Hér verður ekki gerð nein tilraun til að gera tæmandi talningu á hinum margvíslegu viðfangsefnum, sem koma til kasta fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar á sviði hagræðingarmála, en þó tel ég rétt að drepa á nokkur atriði.

Meginverkefni stofnunarinnar á þessu ári hefur verið að koma í framkvæmd reglugerðinni um bifreiðamál ríkisins, en þar er, svo sem hv. þm. er kunnugt, um áratuga vandamál að ræða, svo sem oft hefur verið rætt hér á hinu háa Alþ. Telja má, að mjög vel hafi gengið að koma reglugerðinni í framkvæmd, en hún tók að fullu gildi 1. júlí í sumar. Samkv. reglugerðinni átti að merkja allar þær bifreiðir, sem áfram yrðu í eigu ríkisins, en það var fyrst og fremst um hinar svokölluðu vinnubifreiðir að ræða, og var jafnframt lagt bann við því, að þær bifreiðir yrðu notaðar til eigin þarfa umráðamanna bifreiðanna. Hafa nú verið merktar um 450 bifreiðir. Í fyrstu kom í ljós, að ákvæði reglugerðarinnar um bann við einkanotkun voru brotin af einstökum aðilum, en þegar rn. hefur borizt slík vitneskja, þá hafa viðkomandi verið sérstaklega aðvaraðir. Sumar ríkisstofnanir hafa þegar komið upp geymslustöðvum fyrir bifreiðirnar, og í athugun er að koma upp sameiginlegri geymslustöð fyrir hinar minni ríkisstofnanir. Seldar hafa verið alls 94 ríkisbifreiðir, og er þar fyrst og fremst um að ræða hinar svokölluðu forstjórabifreiðir. Hafa bifreiðir þessar verið seldar ýmist með almennu útboði eða fyrrverandi forráðamönnum á grundvelli mats í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar. Þegar sala hefur farið fram með almennu útboði hefur ávallt verið um staðgreiðslu að ræða, en í síðara tilvikinu hefur verið gerður lánssamningur eins og reglugerðin gerir ráð fyrir. Þá hafa verið gerðir 550 aksturssamningar við starfsmenn vegna notkunar eigin bifreiða í þágu ríkisins. Þetta umfangsmikla verk hefur verið talsverðum erfiðleikum háð, einkum vegna greiðsluvenja, sem tíðkazt hafa um ára-

um tekjuauka að ræða, vegna aukinnar viðskiptaveltu annars vegar og almennra tekna borgaranna hins vegar.

Rekstursafgangur ríkissjóðs samkv. fjárlagafrv. er 553 millj. kr., en þegar frá er dreginn halli á lánahreyfingum verður greiðsluafgangur samtals 313.4 millj. kr. Er það töluvert hærri greiðsluafgangur en hefur verið á fjárlagafrv. áður, en gefur því miður ekki raunhæfa mynd af afkomuhorfum vegna ýmissa útgjalda, sem enn hefur ekki verið ætlazt fyrir, en sem ég hef drepið á, auk þess sem ekki hefur verið gert ráð fyrir neinum útgjöldum vegna efnahagsráðstafana.

Svo sem undanfarin tvö ár fylgir með fjárlagafrv. sem fylgiskjal drög að framkvæmdaáætlun ríkisins fyrir árið 1971. En samkvæmt þeirri áætlun er af ýmsum ástæðum gert ráð fyrir að fjármagna með lánsfé vissar ríkisframkvæmdir eða framkvæmdir, sem ríkið eðli málsins samkvæmt hefur forgöngu um að afla fjár til. Þessi drög að framkvæmdaáætlun eru aðeins birt til þess, að Alþ. gefist við meðferð fjárlaga kostur á að sjá þau viðfangsefni, sem ríkisstj. telur óumflýjanlegt að sinna auk þeirra, sem gerð er till. um í fjárl., en hins vegar er ekki ætlazt til neinnar formlegrar ákvörðunar í þessu efni fyrr en í byrjun næsta árs, þegar að venju verður leitað heimildar Alþ. til fjáröflunar vegna framkvæmdaáætlunarinnar og fjmrh. gefur Alþ. hið árlega yfirlit um þróun og horfur efnahagsmála og framkvæmda í landinu almennt. Sumar þær framkvæmdir, sem hér er gert ráð fyrir að afla fjár til, þurfa líka nánari athugunar við og kann því að vera, að fjárveitingar til ýmissa liða verði nokkuð aðrar að lokum en hér er gert ráð fyrir. Hins vegar vantar um 70 millj. kr. til þess að endar nái saman í áætluninni og má því gera ráð fyrir, að annaðhvort verði að taka sumar þessar framkvæmdir í fjárlög sem beinar fjárveitingar eða að öðrum kosti draga úr framkvæmdum. Framkvæmdaáætlunin gerir ráð fyrir heildarframkvæmdum að fjárhæð 567.4 millj. kr. og er þá meðtalin lagning hraðbrauta 196 millj., sem fjármagnað mun verða með láni frá Alþjóðabankanum, sem er þegar tryggt. En eðlilegt þykir að taka þessar framkvæmdir með í framkvæmdaáætlunina, þar sem þær eru fjármagnaðar með sérstöku ríkisláni. Aðrar framkvæmdir nema samtals 339.6 millj., en við bætist fjárþörf vegna framkvæmda á yfirstandandi ári 31.8 millj. kr., þannig að samtals þarf að afla fjár til fyrirhugaðra framkvæmda að upphæð 371.4 millj. kr. Svo sem undanfarin ár, er gert ráð fyrir að fjármagna framkvæmdaáætlunina eftir tveimur leiðum. Annars vegar með sölu spariskírteina og endursölu innleystra spariskírteina og hins vegar með PL-480 vörukaupaláni frá Bandaríkjunum, sem þó er enn töluverð óvissa um á næsta ári. Er fjáröflun eftir þessum tveimur leiðum ráðgerð samtals 300 millj. kr. og vantar því rúmar 70 millj., svo sem áður er nefnt, til þess að endar tekna og gjalda í framkvæmdaáætlun nái saman. Er það lítið eitt hærri fjárhæð en vantaði í framkvæmdaáætlunina fyrir árið 1970. Í drögum að framkvæmdaáætlun er gerð grein fyrir einstökum verkefnum, en þar sem hér er um ýmsar mjög veigamiklar framkvæmdir að ræða mun ég gera þær lítið eitt nánar að umtalsefni.

Enn er fjáröflun til þess að standa straum af afborgunum og vöxtum lána vegna Reykjanesbrautar einn af helztu liðum framkvæmdaáætlunarinnar, en afborganir og vextir af þeim lánum eru á næsta ári um 60 millj. kr. Tekjur af veggjaldinu eru áætlaðar 15.7 millj. og framlag úr Vegasjóði er 6.8 millj., og verður því aflað nýs lánsfjár, 38 millj., til að standa undir þessum útgjöldum. Ýtarlegar viðræður hafa farið fram milli fjmrn. og samgrn. um viðhlítandi lausn þessa vandamáls, sem verður eilífðarmál, ef ekkert verður að gert, og hefur orðið samkomulag um leiðir til úrlausnar, sem væntanlega verða á sínum tíma lagðar fyrir Alþ. Í sambandi við áætlanir um endurgreiðslur þeirra lána, sem nú hafa verið tekin og tekin verða til lagningar hraðbrauta. Í framkvæmdaáætlun síðustu ára hefur verið aflað verulegs fjármagns til lagningar Hafnarfjarðarvegar í Kópavogi. Var sú fjáröflun byggð á ákveðinni áætlun um endurgreiðslu lánanna. Þessari kostnaðarsömu framkvæmd er ekki enn þá lokið, en þar sem ekki hafa verið gerðar enn þá fullnaðaráætlanir um fjármögnun á lokaáfanga verksins, þá er ekki gerð á þessu stigi till. um fjáröflun í framkvæmdaáætlun til þessarar framkvæmdar.

Gert er ráð fyrir að afla 12 milljóna til landshafnanna, en fullnaðaráætlun hefur ekki enn verið tekin um það, hvaða verk skuli sitja þar í fyrirrúmi. Fjárveitingar til landshafnanna vaxa einnig verulega í fjárlagafrv. vegna afborgana af lánum, en þessar hafnargerðir hafa á undanförnum árum yfirleitt verið fjármagnaðar með lántökum, þótt segja megi, að eðlilegra hefði verið að gera það með beinum fjárveitingum, og kemur auðvitað mjög til álita að taka allar fjárveitingar til landshafna nú inn í fjárlagafrv.

Langþyngst í framkvæmdaáætluninni vega ýmsar framkvæmdir á sviði orkumála og er þar stærsti liður fjáröflun vegna hinnar nýju Laxárvirkjunar, sem samkvæmt verksamningum og kostnaðaráætlun er gert ráð fyrir, að þurfi að vera um 118 millj. kr. á næsta ári. Nauðsynlegar eru margvíslegar umbætur á orkuöflun á vegum Rafmagnsveitna ríkisins, sem óhjákvæmilegt er að afla lánsfjár til. Er gert ráð fyrir 40 millj. kr. fjáröflun í því skyni, en óskir stjórnar rafmagnsveitnanna eru verulega hærri. Er hér um að ræða ýmsar ráðstafanir til þess að draga úr notkun olíuaflstöðva með tengingu við samveitukerfið og ýmsan undirbúning aukinnar orkuöflunar, en ýmislegt er á prjónunum í þeim efnum og er þar veigamest Lagarfljótsvirkjun og Svartárvirkjun í Skagafirði, sem boðað hefur verið af iðnrh., að þetta Alþ. muni fá til endanlegrar ákvörðunar. Þarf þá að sjálfsögðu sérstaka fjáröflun til þeirra framkvæmda. Rannsóknir á hagnýtingu vatnsorku og jarðhitalinda landsins eru meðal hinna mikilvægustu verkefna, sem nú er

vegna flugmála hefur jafnan hækkað mun minna en fjárveitingar til annarra þátta samgöngubóta, vegagerðar og hafnagerðar. Framlag til byggingar veðurstofu hækkar um 5 millj., en sú byggingarframkvæmd er nú að hefjast, og hækka þarf endurgreiðslu á landshafnalánum um 4.5 millj. Þá er lagt til að hækka ríkisframlag til Ferðamálasjóðs úr 1 millj. í 5 millj. Þessi sjóður er mjög fjárvana, en hefur hins vegar mjög vaxandi hlutverki að gegna með aukinni ferðamannaþjónustu, en ferðamannaþjónusta er nú að verða veigamikill þáttur í gjaldeyrisöflun þjóðarinnar og á vonandi eftir að verða enn þyngri á metunum á komandi árum, ef unnt reynist að koma í veg fyrir óhæfilegar verðhækkanir, sem hætt er við að hreki ferðamenn á braut frá Íslandi. Rétt er að vekja athygli á því, að þrátt fyrir miklar kostnaðarhækkanir er ekki gert ráð fyrir hækkun rekstrarhalla Skipaútgerðar ríkisins. Jafnframt má geta þess, að sameiginleg útgerðarstjórn allra ríkisskipa hefur gefið góða raun.

Lagt er til að hækka framlag til Iðnlánasjóðs um 5 millj. kr. og verður þá ríkisframlag til sjóðsins alls 15 millj. kr. á ári. Þótt Norræni iðnþróunarsjóðurinn hafi stórkostlega bætt aðstöðu til eflingar íslenzkum iðnaði, þá hefur Iðnlánasjóður miklu og vaxandi hlutverki að gegna. Iðnlánasjóðsgjaldið er aðaltekjustofn sjóðsins og fer það gjald hækkandi, en ekki er óeðlilegt, að ríkisframlagið hækki einnig nokkuð. Á síðustu árum hefur verið unnið markvisst að athugun á margvíslegum náttúruauðlindum landsins og hugsanlegri hagnýtingu íslenzkra jarðefna og orkulinda til eflingar nýjum atvinnugreinum í landinu. Einn mikilvægur þáttur þessa viðfangsefnis er að láta fram fara heildarkönnun á nýtanlegum jarðefnum í landinu. Hefur náðst um það samkomulag við Iðnþróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna í Vín, UNITO, að stofnunin aðstoði við slíka athugun, og hefur hún þegar samþ. að veita Íslandi tækniaðstoð í þessu sambandi, er nema muni um 50 millj. kr. Íslendingar þurfa þó sjálfir eðlilega að greiða nokkurn hluta kostnaðarins, og er lagt til að verja 6 millj. kr. til greiðslu á mótframlagi Íslands.

Á s. l. ári ákvað ríkisstj. að beita sér fyrir því, að lokið yrði á árinu 1971 rafvæðingu strjálbýlisins að því marki, að þá yrði lokið lagningu allra lína, þar sem vegalengd milli býla er ekki yfir 1.5 km á býli. Var í ár aflað 15 millj. kr. innan framkvæmdaáætlunar til viðbótar fjárveitingum í fjárlögum til að þoka þessu verkefni áleiðis og hefur nú það vel miðað á þessu ári, að ekki mun reynast þörf á sérstakri lánsfjáröflun á næsta ári, en fjárveiting í fjárl. er hins vegar hækkuð vegna sveitarafvæðingarinnar um 4.9 millj. kr. og á fjárlagaupphæðin að nægja til þess að ljúka umræddu verki.

Niðurgreiðslur á vöruverði eru í fjárlagafrv. áætlaðar 577 millj. kr. og er í þeirri áætlun miðað við, að niðurgreiðslur verði hinar sömu og nú eru.

Í heimildargrein fjárlagafrv. eru fáir nýir liðir. Má nefna í samráði við undirnefnd fjárveitingan. að leita heimildar til að kaupa húsnæði fyrir fastafulltrúa Íslands hjá EFTA í Genf, þykir það hagkvæmara en að greiða þá geysilegu húsaleigu, sem er þar í borg. Í fyrra var skipt á húsnæði fyrir sendiherrann í París og spöruðust um 30 millj. á þeim húsaskiptum. Er lagt til að nota hluta af því fé til húsakaupanna í Genf.

Heildartekjur á rekstrarreikningi eru áætlaðar 10 milljarðar 593 millj. kr., en voru 8 milljarðar 397 millj. kr. á fjárlögum 1970, og nemur hækkunin því 2 milljörðum 196 millj. kr. eða 26.2%. Af þessari fjárhæð nema tekjustofnar, sem varið er til sérstakra þarfa, 1 milljarði 999.8 millj. og hækka þær tekjur um 250.2 millj. Eiginlegar tekjur ríkissjóðs hækka því um 1 milljarð 945.8 millj. kr. Við áætlun hinna ýmsu tekjustofna er stuðzt við þjóðhagsspá Efnahagsstofnunarinnar fyrir árið 1971, en í henni er gert ráð fyrir 5% vexti þjóðarframleiðslu og þjóðartekna á því ári og 5—6% aukningu vöruútflutnings. Vegna þeirrar miklu aukningar rauntekna einstaklinga, sem varð við kjarasamninga í vor, er vöxtur einkaneyzlu og verðmætaráðstöfun almennt áætluð nokkru meiri en þetta eða 7—8%, og miðast aukning einkaneyzluútgjalda í þjóðartekjuáætluninni almennt við þetta. Verði hins vegar gerðar ráðstafanir til þess að draga úr veltuaukningunni getur það haft lækkunaráhrif á tekjur ríkissjóðs, en dregur hins vegar aftur úr útgjaldaþörfinni.

Eignarskattar eru miðaðir við óbreytt fasteignamat, þ. e. a. s. nífalt gamla matið, svo sem nú er gert. Hins vegar er ljóst, að hækkun fasteignamatsins verður miklum mun meiri og eru lagaákvæði um eignarskatt ein hinna mörgu laga, sem þarf að endurskoða í sambandi við gildistöku hins nýja mats. Hækkun tekjuskatts er áætluð um 290 millj. kr. og miðast sú áætlun við 21.3% meðalhækkun kauptaxta frá ársmeðaltali 1969 til ársmeðaltals 1970 og enn fremur við nokkuð betra atvinnuástand og fólksfjölgun, þannig að skatttekjur eru taldar að muni hækka um alls 27% í áætluninni og er þá gert ráð fyrir, að skattvísitala hækki með eðlilegum hætti. Áætlað er, að innflutningsgjöld hækki um 587 millj. kr. og er þá gert ráð fyrir, að almennur vöruinnflutningur aukist um 10% á næsta ári. Langmest verður hækkun á söluskatti, sem talið er að muni hækka um 851.3 millj., sem í senn stafar af veltuaukningu og þeirri hækkun söluskattsins úr 7.5% í 11%, sem lögfest var snemma á þessu ári og mun nú gilda allt árið 1971. Rekstrarhagnaður Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins er áætlaður að vaxi um 114 millj. kr. og þó er ekki gert ráð fyrir hækkun á verði áfengis og tóbaks. Launaskattur, sem rennur til húsnæðismála, hækkar um 79 millj. Hér hafa verið nefndir aðaltekjustofnar ríkissjóðs og ástæður raktar fyrir orsökum tekjuaukningar af þeim, en aðrir tekjustofnar hækka einnig flestir nokkuð, en þeir hafa allir mun minni þýðingu fyrir afkomu ríkissjóðs. Kjarni málsins er sá, sem skiptir höfuðmáli, að ekki er gert ráð fyrir neinni nýrri skattheimtu af þjóðfélagsborgurunum á næsta ári, heldur er hér aðeins

eftirlitskerfi, er geri heilbrigðisstjórninni og daggjaldanefndinni mögulegt að gagnrýna á raunsæjan hátt rekstur sjúkrahúsanna. Hef ég áður ítrekað lagt áherzlu á það varðandi ríkisspítalana, að nauðsynlegt sé að fá sérfróða menn í sjúkrahúsarekstri til þess að annast yfirstjórn þeirra sem sérgrein og á ekkert skylt við störf læknanna á sjúkrahúsum. Hefur raunar erlendrar sérfræðiaðstoðar verið leitað í sambandi við nauðsynlega endurskipulagningu í sjúkrahúsarekstri hér á landi á vegum ríkisins, en því miður hefur ekki enn tekizt að leysa það vandamál á viðunandi hátt, þótt lögð hafi verið áherzla á að auka t. d. samvinnu milli hinna stærri sjúkrahúsa, svo sem Borgarspítalans og Landsspítalans, og eftirtektarverðar séu þær skoðanir, sem settar hafa verið fram um það, að ekki muni vera svo ýkja mikill skortur nauðsynlegs sjúkrarýmis á almennum sjúkrahúsum hér á landi, ef nýting sjúkrarýmisins yrði betur skipulögð og komið á meiri „ambulance"þjónustu. Hins vegar er tilfinnanlegur skortur á sérgreinasjúkrarými og þá fyrst og fremst á sviði geðlækninga. Vegna hinna hækkuðu daggjalda verða útgjöld ríkissjóðs vegna rekstrar ríkisspítalanna minni á pappírnum en ella mundi vera, en nettóframlag til ríkisspítalanna hækkar nú um 60 millj. kr. og þar af framlög til bygginga um 30.8 millj. Í sambandi við útgjaldaaukningu ríkissjúkrahúsanna hefur verið fylgt þeirri meginreglu að samþykkja einungis þá fjölgun starfsliðs, þar sem um opnun nýrra sjúkradeilda er að ræða, en hins vegar hefur stjórnardeild ríkisspítalanna beðið um miklu meiri aukningu á starfsliði, sem ekki verða séð fullgild rök fyrir.

Útgjöld vegna tolla og skattheimtu aukast um 30.7 millj. kr. Er það nær eingöngu vegna eðlilegra launahækkana, og framlög til lífeyrissjóða og vegna eftirlauna hækka um 11.6 millj. Í fjárveitingum til fjmrn. er að finna sérstaka fjárveitingu, 150 millj. kr., til þess að mæta áætluðum verðlagsuppbótum á laun í desember og á næsta ári. Hefur þessum uppbótum ekki verið skipt niður á einstakar stofnanir, þar eð gert var ráð fyrir, að væntanlegar efnahagsráðstafanir kynnu að hafa áhrif á þessar greiðslur. Þá er á vegum fjmrn. tekinn upp nýr útgjaldaliður að fjárhæð 30 millj. kr. til þess að mæta kostnaði við lögboðna aðstoð ríkissjóðs í sambandi við kaup hinna nýju togara og var sú aðstoð ákveðin með sérstökum l. á síðasta Alþ. Er hér um að ræða u. þ. b. helming umræddrar aðstoðar, en gera má ráð fyrir, að greiðslur skiptist á næstu tvö ár. Þá hækka vaxtaútgjöld ríkissjóðs um 26.5 millj. kr. og lagt er til að hækka framlag til Ríkisábyrgðasjóðs um 15 millj., sem er þó mun minni fjárhæð en stjórn sjóðsins telur nauðsynlegt að fá til ráðstöfunar á næsta ári. Tekin er upp 4.7 millj. kr. fjárveiting til að standa straum af kostnaði við hina nýju framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins samkv. l. um skipan opinberra framkvæmda, sem samþ. voru á síðasta þingi. Sú d. mun taka til starfa nú í haust og bind ég miklar vonir við, að þetta nýja skipulag verði til þess í senn að tryggja mun betri undirbúning opinberra framkvæmda áður en í þær er ráðizt og jafnframt betri hagnýtingu fjárveitinga til hinna ýmsu framkvæmda, þegar komið er á framkvæmdastig. En löggjöf þessi felur í sér margar eftirtektarverðar nýjungar. Hér er ekki nema að mjög litlu leyti um útgjaldaaukningu að ræða fyrir ríkissjóð, því samhliða verður byggingaeftirlit húsameistaraembættisins og byggingadeild menntmrn. lögð niður.

Fasteignamatinu er nú loksins lokið. Hefur það reynzt miklum mun dýrara en gert var ráð fyrir, en þess ber að gæta, sem síðar mun verða gerð grein fyrir hér á Alþ., að fasteignamat með þessum hætti hefur aldrei áður verið framkvæmt hér á landi og skapast nú algerlega ný skilyrði til þess að fylgjast með raunverulegu verðgildi fasteigna, sem hefur þýðingu fyrir margvíslega starfsemi og stofnanir í þjóðfélaginu. Eigi þessi mikla vinna, sem unnin hefur verið í sambandi við fasteignamatið, hins vegar að skila raunhæfum árangri, ber brýna nauðsyn til þess, að fasteignamatinu verði haldið við með árlegri gagnasöfnun um nývirki og breytingar og því er enn gert ráð fyrir töluverðri fjárveitingu til fasteignamatsins, og unnið er nú að undirbúningi löggjafar um frambúðarskipulag fasteignamatsins og verður frv. um það efni lagt fyrir þetta þing. En fasteignamatið sjálft mun taka gildi um næstu áramót. Í sambandi við gildistöku hins nýja mats þarf að endurskoða margvíslega löggjöf, sem miðast við fasteignamat. Sýnir það gleggst nauðsyn slíkrar endurskoðunar, að heildarverðmæti fasteigna í landinu mun hækka úr 4.6 milljörðum í 76.2 milljarða. Eru þá ekki meðtaldar stórvirkjanir og mannvirkjagerð í Straumsvík, þannig að heildarniðurstaðan mun vera nálægt 80 milljörðum.

Lækkað er framlag til endurnýjunar ríkisbifreiða um 1 millj. kr. vegna endurskipulagningar bifreiðamála, sem gerð mun vera grein fyrir á öðrum stað, og framlag til kaupa á dagblöðum er lækkað um 2.9 millj. kr., sem er sú hækkun, sem Alþ. ákvað á þessu framlagi á síðasta þingi. Hef ég margoft lýst þeirri skoðun minni, að aðstoð við dagblöð eða blaðaútgáfu yfir höfuð með þessum hætti sé óviðunandi og verði Alþ. að gera sér grein fyrir því í heild, hversu aðstoð til stjórnmálaflokkanna skuli hagað. Hefur það mál verið í sérstakri athugun nú milli þinga og má vafalaust vænta þess, að till. um það efni komi til athugunar áður en endanlega verður gengið frá fjárlögum.

Kostnaðurinn við vegagerðir greiðist allur af hinum sérstöku tekjum Vegasjóðs, sem áætlað er að muni hækka á næsta ári um 20.3 millj. kr., að undanteknum afborgunum lána, sem ríkissjóður tók á sig á s. l. ári og munu á næsta ári nema um 14 millj. kr. auk afborgana af lánum vegna kísilvegar, sem að öllu leyti hefur verið kostaður af ríkissjóði. Framlög til flugmála hækka allverulega eða um 15 millj. kr. og er hér í senn um að ræða hækkanir vegna endurgreiðslna á lánum og einnig allverulega hækkun á framkvæmdafé, en framkvæmdafé

aukinn kostnað, sem leiðir af bættu skipulagi varðgæzlunnar. Nauðsynlegt er orðið að efla fluggæzluna, er það viðfangsefni nú í sérstakri athugun og kunna í því sambandi innan tíðar að þurfa að koma til sérstakar fjárveitingar, en ætla má, að aukin fluggæzla geti leitt til sparnaðar í notkun varðskipanna, þannig að ekki þurfi í heild að verða um aukin útgjöld að ræða. Allt frá því, að ákveðið var með sparnaðarlögunum 1968 að draga úr kostnaði ríkisins við löggæzlu hefur verið á það lögð áherzla, að þessi sparnaður gæti orðið raunhæfur og hafa fjárveitingar bæði á árinu 1969 og 1970 verið við það miðaðar, að sérstakar ráðstafanir yrðu gerðar til þess að draga úr þessum kostnaði. Mun sennilega þurfa að koma hér til sérstök lagabreyting og ákveðnar till. hafa verið gerðar af hálfu fjvn. og Hagsýslustofnunarinnar, hvernig auðið muni að ná fram þessum sparnaði, en því miður hafa þessar skipulagsbreytingar ekki enn verið lögfestar, en fjárveitingar til löggæzlu í fjárlagafrv. nú eru við það miðaðar, að svo verði gert á þessu þingi. Og þyrftu þá þær breytingar að verða að l. fyrir áramót.

Litlar breytingar verða á framlögum til kirkjumála umfram verðlagsuppbætur á laun, sem nema 10 millj. kr. Nokkur hækkun verður þó á framlagi til kristnisjóðs, og rétt er að vekja athygli á því, þó ekki sé um stóra fjárveitingu að ræða, að lagt er til að veita nokkra fjárhæð til aukinnar kristindómsfræðslu í skólum, en á það hefur verið lögð mikil áherzla af kirkjunnar mönnum. Í þessu sambandi er rétt að leggja á það áherzlu, að verði kristindómsfræðsla almennt aukin sem námsgrein í skólum, hlýtur það að verða að ákveðast innan skólakerfisins, og ber ekki að líta á þessa fjárveitingu nú sem neina ákvörðun í því efni, heldur aðeins til þess að gefa kirkjunni aðstöðu til þess að gera á sínum vegum nánast tilraunir í þessa átt í samráði við skólastjórnirnar.

Með l. frá síðasta Alþ. voru ákveðin stóraukin framlög ríkissjóðs til húsnæðismála. Var þar annars vegar um að ræða nær tvöföldun eða 35 millj. kr. hækkun á hinu almenna framlagi ríkisins til húsnæðismálastjórnar, en hins vegar mikla hækkun á framlagi til Byggingasjóðs verkamanna vegna stóraukinnar aðstoðar við verkamannabústaði samkvæmt ákvæðum hinna nýju laga og nemur útgjaldaaukning ríkissjóðs til verkamannabústaða um 48 millj. kr. á næsta ári. Er því hér um nýjan útgjaldalið að ræða, sem á næsta ári mun nema samtals um 83 millj. kr.

Tekjustofnar, sem með sérstökum lögum er ráðstafað til tiltekinna þarfa, hækka flestir eða allir nokkuð, svo sem álag á gosdrykki, sælgæti, erfðafjárskattur og skipulagsgjald, en þessir tekjustofnar snerta ekki afkomu ríkissjóðs í þrengri merkingu. Langmest hækkun verður á álgjaldi, sem lögum samkv. rennur til Atvinnujöfnunarsjóðs, og hækkar sá tekjustofn á næsta ári um 21.8 millj. kr., en hins vegar er fellt niður 20 millj. kr. framlag til Atvinnujöfnunarsjóðs, sem veitt var á þessu ári til að mæta sérstökum þörfum. Kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs til þess að mæta halla lífeyrissjóða verkalýðsfélaganna hækkar um 2.8 millj. kr. í samræmi við l. um það efni. Í því sambandi er rétt að taka fram, að ríkisstj. hefur ákveðið að beita sér fyrir því við Alþ., að lögfestur verði sérstakur lífeyrissjóður fyrir bændur og mundi ríkissjóður í sambandi við þá lagasetningu verða að taka á sig nokkrar kvaðir í samræmi við það, sem gildir um lífeyrissjóði verkalýðsfélaganna fyrstu árin vegna hallareksturs þess sjóðs, en ekki þótti rétt að taka þau útgjöld í fjárlagafrv. fyrr en séð yrði, hverjar yrðu undirtektir Alþ. við það mál.

Að venju er annar stærsti kostnaðarauki ríkissjóðs aukin útgjöld við tryggingakerfið og nemur sú hækkun 358.5 millj. kr., sem skiptist þannig, að 135.4 millj. eru vegna lífeyristrygginga, 199.6 millj. vegna sjúkratrygginga og 23.5 millj. vegna atvinnuleysistrygginga. Í grg. frv. er að finna nákvæma sundurliðun á þessum útgjöldum, en áætlað er, að á næsta ári nemi framlög ríkissjóðs til tryggingakerfisins samtals 2 milljörðum og 81 millj. kr. að frátöldum persónuiðgjöldum, sem nema alls 668 millj. kr. Sé ég ekki ástæðu til þess að gera tryggingamálin frekar að umtalsefni, að undanskildum sjúkratryggingum, eða þann þátt þeirra, sem snýr að kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs í útgjöldum sjúkrasamlaganna, en það mál þarfnast mjög rækilegrar athugunar og nýrra úrræða, ef ekki á að leiða út í ógöngur og til lítt viðráðanlegrar útgjaldaaukningar ríkissjóðs. Fyrir tveimur árum voru sett ný lög, sem ákváðu, að framvegis skyldu daggjöld sjúkrahúsa vera við það miðuð, að þau stæðu undir tilkostnaði sjúkrahúsa. Út af fyrir sig var hér um eðlilega hugsun að ræða, og sem fyrst og fremst var ætlað að tryggja það, að einstök byggðarlög yrðu ekki fyrir óhæfilega þungum búsifjum vegna reksturs sjúkrahúsa meðan önnur byggðarlög slyppu undan allri kostnaðarhlutdeild við þennan veigamikla og kostnaðarsama rekstur. Var sett á laggirnar sérstök daggjaldanefnd á vegum ríkisins, er ákvarða skyldi daggjöld hinna einstöku sjúkrahúsa og jafnframt ákveða, að þau skyldu flokkuð eftir þeirri þjónustu, sem þeim var ætlað að veita. Reyndin hefur orðið sú, að á þessu skipulagi hafa orðið ýmsir annmarkar og daggjaldanefnd hafði í upphafi ekki við annað að styðjast en síðustu ársreikninga sjúkrahúsanna, og varð því afleiðingin sú, að þau sjúkrahús, er rekin hafa verið með hvað mestum sparnaði, urðu lakast úti við ákvörðun daggjalda. En hins vegar hefur ekki enn tekizt að finna grundvöll undir þá flokkun sjúkrahúsa eftir þjónustu sem l. gera ráð fyrir. Hefur þetta skipulag og störf daggjaldanefndar, sem hefur sýnt lofsverða viðleitni til að halda útgjaldaaukningunni í skefjum, leitt til ýmiss konar leiðinda og gagnrýni, en alvarlegasti vandinn er þó sá, að verði því marki náð, að daggjöldin standi undir öllum kostnaði sjúkrahúsanna, þá er mjög dregið úr aðhaldi vegna reksturs þeirra, og er því ekki um annað að ræða en koma upp einhverju

áætlað, að útflutningsbætur þurfi að hækka um 90 millj. kr. á næsta ári, en þær eru sem kunnugt er takmarkaðar við 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar og hafa um margra ára bil alltaf verið í hámarki vegna mikils útflutnings landbúnaðarvara, sem ýmsar hafa verið seldar langt undir sannvirði. Nema útflutningsuppbæturnar þá samtals 390 millj. kr., en líklegt er, að endurskoða verði þessar tölur fyrir endanlega afgreiðslu fjárl., því búvöruverð hækkaði meira í haust en gert hafði verið ráð fyrir við ákvörðun uppbótarfjárhæðarinnar í frv. Sem betur fer hefur markaðurinn fyrir kindakjöt batnað og verð hækkað og er það einkum að þakka auknum innflutningi til Norðurlanda í sambandi við aðild Íslands að EFTA.

Framkvæmdir í jarðrækt halda enn áfram að aukast og er gert ráð fyrir, að framlög til jarðræktar þurfi að hækka um 17.3 millj. á næsta ári. Aukastyrkur til súgþurrkunar fellur hins vegar niður, þar eð samkomulaginu við bændasamtökin um það efni hefur verið fullnægt. Aftur á móti hefur ríkisstj. ákveðið um það efni eftir samningu frv. að beita sér fyrir nýjum framlögum til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Þá var ákveðið á síðasta Alþ., að framlag til Landnáms ríkisins skyldi aftur hækka um þær 7.5 millj. kr., sem framlagið var skert með sparnaðarlögunum 1968. Er að sjálfsögðu mikilvægt um leið að taka starfsemi Landnámsins til heildarendurskoðunar, því ekki virðist vera neinn grundvöllur undir stofnun nýbýla svo sem ástatt er. En engu að síður þarf að mörgu að hyggja í landbúnaðinum til umbóta og l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins eru nú í sérstakri endurskoðun. Má vænta þess, að starfsemi Landnámsins komi þá einnig til endurskoðunar.

Í fjárlagafrv. er ekki gert ráð fyrir neinum fjárveitingum til landbúnaðarins vegna hins alvarlega áfalls, sem ýmis byggðarlög urðu fyrir af öskufalli í sumar til viðbótar miklu harðæri af völdum kulda og kals, sem enn einu sinni hefur dunið yfir íslenzka bændastétt. Þetta stafar ekki af sinnuleysi um þessi vandamál, enda hefur harðærisnefnd starfað að athugun vandans í allt sumar, heldur af þeim eðlilegu ástæðum, að till.-gerð um aðgerðir var óhugsandi í ágústlok, þegar gengið var frá fjárlagafrv. Síðan hefur harðærisnefnd skilað ákveðnum till., sem sýnast það hófsamlegar og skynsamlegar, að ríkisstj. hefur ákveðið að mæla með þeim við Alþ. Er gert ráð fyrir að aðskilja vandamálin þannig, að aðstoð vegna kals verði eins og áður á vegum Bjargráðasjóðs og verði ekki um beinar fjárveitingar til sjóðsins að ræða í því sambandi, heldur verði greitt fyrir lánsfjáröflun sjóðnum til handa. En hins vegar er tjónið vegna öskufallsins talið vera svo sérstæðs eðlis og það mikið í ýmsum sveitum, að því verði ekki mætt með lánveitingum heldur þurfi til að koma beinar styrkveitingar, sem gert er ráð fyrir að verði 60% af áætluðu tjóni, sem annars vegar stafar af mjög óvenjulegri fóðurgjöf í vor og hins vegar af óeðlilegum lambadauða, og er sennilegt að samtals nemi þessi aðstoð um 25 millj. kr. Til viðbótar þessari aðstoð við bændur á öskufallssvæðum ákvað ríkisstj. í sumar að leggja fram fé til þess að dreifa miklu áburðarmagni yfir heiðalönd og beitilönd önnur, sem þurfti að taka til afnota vegna tilflutnings á búfénaði og var dreift samtals um 525 tonnum af áburði, sem kostar um 3.5 millj. kr.

Með sparnaðarlögunum 1968 var fellt niður framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs. Átti sjóðurinn það mikið orðið í reiðufé, að talið var gerlegt að leysa fjárþörf hans með lántöku. Síðan hefur fjárþörf Fiskveiðasjóðs vegna aukinna lánveitinga vaxið svo stórlega, að óráðlegt er talið að styrkja ekki betur eigin fjárstöðu sjóðsins, og ákvað síðasta Alþ., að á árinu 1971 skyldu að nýju hefjast föst framlög ríkissjóðs til sjóðsins og var ársframlagið ákveðið 35 millj. kr., sem nú er því tekið í fjárlagafrv. Smíði hafrannsóknaskipsins Bjarna Sæmundssonar hefur dregizt nokkuð, en gert er nú ráð fyrir rekstri þess allt næsta ár og hækkar því nokkuð framlag til Hafrannsóknastofnunarinnar af þessum sökum. Hins vegar er í frv. reiknað með því, að vélskipið Hafþór verði selt, en tímabundið rannsóknarefni, sem Bjarni Sæmundsson og Árni Friðriksson muni ekki komast yfir, verði þá leyst með leiguskipum. Ætti það að vera fjárhagslega hagkvæmara og sýnist ástæðulítið að hafa meira en tvö hafrannsóknaskip í gangi allt árið, enda þess að vænta með tilkomu hins nýja og fullkomna skips, að bætist mjög öll aðstaða til hafrannsókna. Framlög ríkissjóðs til hinnar almennu deildar aflatryggingasjóðs hækka um 6.6 millj. kr. í samræmi við ákvæði l. frá s. l. Alþ. Niður fellur hið sérstaka framlag ríkissjóðs, sem greitt hefur verið í tvö ár, vegna hinnar nýju áhafnadeildar aflatryggingasjóðs, sem gert er ráð fyrir, að geti á næsta ári staðið undir skuldbindingum sínum án sérstakrar ríkisaðstoðar.

Á vegum dóms- og kirkjumrn. er tekin upp ný fjárveiting, 2.5 millj. kr., til þess að standa straum af kostnaði við alþingiskosningar á næsta ári. Framlög til dómgæzlu og lögreglumála hækka samtals um tæpar 79 millj. og nema verðlagshækkanir 57.4 millj. af þeirri fjárhæð. Fjárveitingar til bifreiðaeftirlits hækka um 6.3 millj., aðallega vegna nýbyggingar, sem orðin er mjög brýn, en þess ber að gæta, að tryggð hefur verið sérstök fjáröflun með hækkun skoðunargjalds til þess að standa straum af nýbreytingu þessari. Mjög lítil fjárveiting hefur verið til almannavarna, frá því að hún var lækkuð með sparnaðarlögunum 1968, en talið er óumflýjanlegt að hækka fjárveitinguna nú um 3.8 millj. til kaupa á ýmsum öryggisbúnaði og birgðum, en sem kunnugt er er hlutverk almannavarna ekki aðeins að sjá um öryggisráðstafanir vegna styrjaldarhættu, heldur og einnig að koma til hjálpar, ef tjón verður af einhverjum náttúruhamförum. Aðeins er gert ráð fyrir 2 millj. kr. hækkun til Landhelgisgæzlunnar og er þar raunverulega um allverulega lækkun að ræða miðað við

námskostnaði kemur ekki til álita. Enda ekki vitað, að svo sé í neinu landi, nema þar sem námslaunakerfi er, en í þeim löndum verða námsmenn að sætta sig við kjör og skuldbindingar að námi loknu, sem ekki þekkjast í vestrænum löndum. Ætlun ríkisstj. var alltaf sú að taka þetta mikla vandamál til rækilegrar athugunar, svo sem ítrekað var skýrt frá fyrr á þessu ári, og hlutur stúdenta við nám við Háskóla Íslands er aukinn mest hlutfallslega, en einmitt sá hópur námsmanna beitti aldrei ofbeldi heldur eingöngu rökum í sínum málflutningi, og það kom auðvitað heldur ekki til mála að láta námsmenn almennt gjalda þess, þótt fámennir hópar stúdenta, æstir af pólitískum upphlaupsmönnum, sýndu ósæmilegt framferði. Ástæðan til þess, að ríkisstj. tilkynnti ákvörðun sína, áður en hægt væri að leita endanlegs samþykkis Alþ. við meðferð fjárl., var sú, að óumflýjanlegt var fyrir námsmenn, áður en skólaárið byrjaði, að vita, hverra kosta þeir ættu völ. Lagt er til, að framlag ríkissjóðs til lánasjóðsins hækki um 32.6 millj. kr., en þess má geta, að miðað við þær reglur, sem fylgt hefur verið síðustu árin um ákvörðun framlaga til lánasjóðsins, hefði fjárveitingin hækkað um 20 millj. kr. Þá er áætlað, að árlegar lántökur sjóðsins hækki um 14 millj. og ráðstöfunarfé sjóðsins hækki á næsta ári um nær 50 millj.

Vegna aukinna viðfangsefna og mikillar hækkunar á útgáfukostnaði er óumflýjanlegt að hækka fjáröflun til Ríkisútgáfu námsbóka á næsta ári um 15 millj. kr., en 2/3 þessarar fjárhæðar eru greiddir af námsbókagjaldi, sem verður að tvöfaldast af þessum sökum. Framlög til iðnskóla hækka um 9.9 millj. og þar af 4.8 millj. til byggingar iðnskóla og framlag til Heyrnleysingjaskólans hækkar um 6.5 millj. kr., sem er að mestu vegna nýbyggingar skólans. Enn verður veruleg hækkun á fjárveitingu til Tækniskólans, vegna stöðugt aukinnar aðsóknar að skólanum. Í sambandi við Tækniskólann og Matsveina- og veitingaþjónaskólann er rétt að skýra frá því, að tekið hefur verið á leigu húsnæði fyrir skóla þessa, er leysa mun húsnæðisþörf þeirra um alllangt skeið. Verður því m. a. ekki þörf fyrir þá nýbyggingu fyrir Matsveina- og veitingaþjónaskólann, sem ráðgerð hafði verið. Má ótvírætt fullyrða, að hér hafi verið um hagkvæma ráðstöfun að ræða.

Í fjárl. yfirstandandi árs er í fyrsta sinn varið nokkurri fjárveitingu eða 10 millj. kr. til að jafna námsaðstöðu nemenda úr þéttbýli og strjálbýli, sem ætlað er til að létta undir með þeim nemendum í framhaldsskólum, sem þurfa að leita sér kennslu utan heimabyggðar sinnar en án þess að eiga aðgang að heimavist. Í fjárlagafrv. er nú gert ráð fyrir nokkuð hærri fjárveitingu í þessu skyni. Menntmrn. hefur látið fara fram athugun á þessu vandamáli, sem vissulega er þess eðlis að gefa verður gaum og þá vafalaust helzt á þann hátt að reyna að tryggja aukna heimavistaraðstöðu í framhaldsskólum. Er hér um kostnaðarsamt viðfangsefni að ræða, sem þó verður að reyna að leysa að því marki, að hvorki þurfi efnilegir nemendur að fara menntunar á mis af þessum sökum né heldur, að foreldrar jafnvel neyðist til að flytja búsetu sína vegna framhaldsmenntunar barnanna, sem ekki mun óalgengt. Hitt verða menn þó jafnan að hafa í huga, hvort sem rætt er um skólamál eða aðra þjónustu við þjóðfélagsborgarana, sem því miður vill oft gleymast, þegar umbótanna er krafizt, að allar kosta þessar umbætur mikla fjármuni, sem þjóðin verður þá að vera reiðubúin að leggja fram, og ég held, að okkur sé jafnframt nauðsynlegt að hafa í huga, að þótt við viljum hafa ótalmargt betra en það er og umbótavilji er alltaf lofsverður, þá er það ótvírætt, að Íslendingar hafa í sínu harðbýla landi komið á miklu meiri þjóðfélagslegum umbótum heldur en margar miklu ríkari þjóðir.

Framlag til Þjóðleikhússins hækkar um 9.1 millj. kr. Er hér um mikla hækkun að ræða, sem fyrst og fremst stafar af því, að á síðasta Alþ. var ákveðið, að Þjóðleikhúsið skyldi ekki lengur njóta hlunninda af skemmtanaskatti. Því miður eru horfur á, að fjárveiting til Þjóðleikhússins verði að hækka enn, sökum þess að leikhúsið hefur á síðustu árum safnað verulegum skuldum, og verður auðvitað ekki hjá því komizt að greiða þær skuldir. Fyrir nokkru fór fram ýtarleg athugun á rekstri Þjóðleikhússins og var þá gert ráð fyrir, að leikhúsinu ætti að nægja næsta þriggja ára bil sem svaraði 6 millj. kr. fjárveiting árlega að viðbættum hluta af skemmtanaskatti, en vegna mikilla launahækkana telur þjóðleikhússtjóri þessa áætlun ekki geta staðizt, þar eð ekki sé auðið að hækka verð aðgöngumiða til að mæta kauphækkuninni. Virðast menn því verða að bíta í það súra epli að gjalda þessa menningarstarfsemi svo dýru verði, sem raun ber vitni um, en hætt er við, að önnur leikstarfsemi í landinu eigi þá erfitt uppdráttar. Niðurfelling á hlutdeild Þjóðleikhúss og Sinfóníuhljómsveitar í skemmtanaskatti var ákveðin til að létta undir með félagsheimilasjóði, vegna lækkunar skemmtanaskatts af kvikmyndasýningum. Félagsheimilasjóður hefur alltaf búið við mikinn fjárskort miðað við ráðgerða hlutdeild í byggingu félagsheimila. Nam ógreidd heimiluð kostnaðarhlutdeild sjóðsins í félagsheimilum 56.4 millj. kr., en áætlaðar tekjur á næsta ári eru 10 millj. Þá hefur verið ákveðið að nota lagaheimild til útgáfu skuldabréfa, sem ráðgerð er í fyrsta áfanga 14 millj. kr. Ætti því að verða auðið að hreinsa verulega til nú varðandi eldri skuldir.

Fjárveitingar til sendiráðanna hækka um 11.1 millj. kr. og stafar nær helmingur þeirrar hækkunar af kostnaði við sendinefnd Íslands hjá EFTA í Genf, en engin fjárveiting var til þeirrar skrifstofu á fjárl. þessa árs. Vegna dýrtíðarauknings í ýmsum löndum reynist einnig óumflýjanlegt að hækka staðaruppbót sendiráðsfólks allverulega. Vegna heimkvaðningar nokkurra starfsmanna sendiráða hækka launagreiðslur utanrrn., en þó er hér um verulegan sparnað að ræða miðað við, að starfsmenn þessir störfuðu í sendiráðum.

Vegna hækkunar á verði landbúnaðarvara er

ársins 1970 í einstökum atriðum, enda yrði það allt of langt mál, en læt nægja að vísa til grg., en mun takmarka mál mitt við að skýra sérstaklega þá útgjaldaliði eða tekjuliði frv., sem ég tel ástæðu að vekja athygli á.

Með hinum nýju l. um Stjórnarráð Íslands, sem síðasta Alþ. samþ., var gerð veigamikil endurskipulagning á starfsemi Stjórnarráðsins, stjórnardeildum fjölgar nokkuð og gert er ráð fyrir auknu starfsliði. Var með löggjöf þessari að því stefnt, að stjórnardeildirnar yrðu færari en áður að annast yfirstjórn og nauðsynlegt eftirlit með ríkiskerfinu og var ekki um þetta mál ágreiningur hér á hinu háa Alþ. Öllum hlýtur hins vegar að hafa verið ljóst, að þessar skipulagsbreytingar mundu leiða til allverulegs útgjaldaauka við Stjórnarráðið, enda er gert ráð fyrir 16 millj. kr. hækkun á útgjöldum til Stjórnarráðsins á næsta ári auk verðlagsuppbóta, og til viðbótar er gert ráð fyrir að verja þurfi um 5 millj. kr. vegna breytinga á húsnæði og tilflutnings stjórnardeilda við tilkomu hinna nýju ráðuneyta. Telja verður, að fullt hóf hafi verið haft á aukningu starfsliðs Stjórnarráðsins og unnið er nú að því að fastmóta þróun einstakra stjórnardeilda með hliðsjón af verkefnum, þannig að Stjórnarráðið geti sinnt hlutverki sínu, svo sem l. gera ráð fyrir, án þess að um óhæfilega útþenslu þess verði að ræða.

Þegar útgjaldahækkun ríkissjóðs er skipt niður á einstaka málefnaflokka, vega menntamálin langþyngst og hækka framlög til þeirra um 466 millj. kr. Óumflýjanlegt er talið að auka enn verulega þá tilrauna- og rannsóknastarfsemi, sem fram fer á vegum skólarannsókna innan menntmrn. Fjármálaeftirlit skóla hættir sem sjálfstæð stofnun, en fjármáladeild rn. tekur við starfsemi þess, og er hin brýnasta nauðsyn að hafa sem styrkast fjármálaeftirlit með skólakerfinu og hinum einstöku þáttum þess, því slappleiki í þeim efnum nemur skjótlega milljónatugum í auknum útgjöldum ríkissjóðs. Að venju verður mikil hækkun útgjalda vegna fjölgunar kennara á hinum ýmsu skólastigum. Kostnaður við skyldunámsstigið, barna- og gagnfræðaskóla, hækkar um 74.9 millj., og 46.3 millj. af þeirri upphæð er almenn rekstrarkostnaðaraukning vegna fjölgunar kennara og hækkunar á öðrum rekstrarkostnaði. Gert er ráð fyrir 23.1 millj. kr. til aukinna byggingaframlaga og 5.5 millj. kr. til að mæta hækkun viðhaldskostnaðar. Hin nýju skólakostnaðarlög, sem gera ráð fyrir miklu fljótari greiðslu framlaga ríkissjóðs til einstakra skólabygginga, eru tvímælalaust til mikilla bóta að því leyti, að skólabyggingafé nýtist betur. En menn standa hins vegar andspænis þeim vanda, að ekki er hægt að veita fé til jafnmargra skólabygginga og áður var í einu. Þetta ætti í raun og veru að koma í einn stað niður, en þó er erfitt fyrir þm. að bíða með ýmsar brýnar skólabyggingarframkvæmdir í kjördæmum sínum, nema því aðeins, að fyrirfram sé vitað, á hvaða ári þeir fái fjárveitingu til framkvæmda. Og er því hin brýnasta nauðsyn að gera áætlun til nokkurra ára um skólabyggingar, svo sem raunar l. gera ráð fyrir. Miðað við reynslu síðasta árs horfi ég með mestum kvíða á það vandasama verkefni fjvn. að ná bærilegu samkomulagi um viðráðanlegar fjárveitingar til nýrra skólabygginga á næsta ári.

Á síðasta ári var birt nál. svonefndrar háskólanefndar, sem leiddi ótvírætt í ljós, að stærstu fjárhagslegu vandamálin á sviði skólamála næsta áratug væru á framhaldsskólastiginu, nú fyrstu árin á menntaskólastiginu og síðan í stórvaxandi mæli á háskólastiginu. Var talið óumflýjanlegt, að byggingu Árnagarðs lokinni, að halda áfram og það í vaxandi mæli byggingum í þágu Háskólans. Happdrætti Háskólans var eflt og hefur skilað stórauknum tekjum á þessu ári. 30 millj. kr. fjáröflun var ráðgerð í framkvæmdaáætlun, sem þó hefur ekki þurft á að halda á þessu ári, en 30 millj. kr. fjárveiting er nú tekin í fjárlagafrv. vegna bygginga í þágu Háskólans. Samkomulag hefur orðið um það milli menntmrn. og fjmrn. að setja á laggirnar sérstaka byggingarnefnd til þess að samræma og hafa yfirumsjón með byggingarframkvæmdum Háskólans. Samhliða vaxa að sjálfsögðu stórlega rekstrarútgjöld Háskólans, bæði vegna óumflýjanlegrar stofnunar nýrra deilda og aukningar í eldri deildum. Var framkvæmd í sumar á vegum menntmrn. mjög rækileg athugun á rekstrarfjárþörf Háskólans á næsta ári og hefur fjmrn. í meginefnum fallizt á niðurstöður þeirrar athugunar, en samkvæmt því hækkar fjárveiting til reksturs Háskólans um 17.8 millj. kr. Mikil fjölgun nemenda verður á menntaskólastiginu, einkum í Menntaskólanum við Tjörnina og Hamrahlíðarskóla og nýr menntaskóli tekur til starfa á Ísafirði og hækka framlög til reksturs menntaskóla um 16.3 millj., og munar þar mestu um framhaldsbyggingar við Hamrahlíðarskólann.

Auk eflingar Háskólans hefur annað og raunar mest umtalaða viðfangsefnið í menntamálum verið aðstoð ríkisins við námsmenn heima og erlendis. Framlög ríkissjóðs til Lánasjóðs ísl. námsmanna hafa að vísu aukizt stórkostlega síðustu árin og mun meira en verðlagshækkuninni nemur, en þó hefur réttilega verið á það bent, að sá hluti væri enn of stór, sem námsmönnum væri ætlað að afla sér af eigin rammleik til að standa undir sívaxandi námskostnaði. Stjórn lánasjóðsins, þar sem einnig eiga sæti fulltrúar námsmanna, var falið að taka þetta vandamál til rækilegrar athugunar. Var stjórn lánasjóðs algjörlega sammála um tillögugerð til ríkisstj., þar sem gert er ráð fyrir allverulegri aukningu framlaga og lánsfjáröflunar til Lánasjóðs ísl. námsmanna og féllst ríkisstj. á það í sumar að mæla með því hér á Alþ., að þessar till. yrðu samþ. Því hefur heyrzt haldið fram, að meðferð ríkisstj. á þessu máli hafi verið næsta óeðlileg og hafi ríkisstj. gefizt upp fyrir upphlaupsmönnum og hávaðalýð og þannig vísað veginn um það, að líklegasta leiðin til að fá málum framgengt væri að beita ribbaldahætti í stað raka. Hér er um reginmisskilning að ræða. Meginkrafan um, að séð verði fyrir öllum

anna til þess að standa undir þeirri geysilegu útgjaldaaukningu, sem á þá hefur verið lögð á þessu ári og mun enn fara vaxandi í lok þessa árs og á næsta ári, verði ekkert að gert. Mun ég nánar ræða þann vanda síðar.

Svo sem venja hefur verið, var endanlega gengið frá fjárlagafrv. í lok ágústmánaðar, og eru því áætlanir um tekjur og gjöld ríkissjóðs í frv. við það miðaðar, að engar sérstakar ráðstafanir yrðu gerðar í kaupgjalds- og verðlagsmálum, en ekki þyrfti þó að koma til sérstök opinber aðstoð við atvinnuvegina, þótt athuganir á efnahagsþróuninni væru þá þegar það langt komnar, að augljóst væri, að grípa yrði til einhverra aðgerða í efnahagsmálum, ef tryggja ætti atvinnuvegunum viðunandi starfsskilyrði. Þá var úrlausn þess vandamáls rétt að komast á umræðustig og þess því enginn kostur að undirbúa fjárlagafrv. með hliðsjón af hugsanlegum úrræðum í þeim efnum, sem enginn þá vissi, hver yrðu. Hygg ég naumast, að geti orðið um það ágreiningur, að þess var þá enginn annar kostur en að draga upp myndina af horfunum á árinu 1971 svo sem gert er í frv. vegna hinna nýju laga um Stjórnarráð Íslands og nýrrar reglugerðar í samræmi við þau lög um skiptingu viðfangsefna milli stjórnardeilda. Verður allmikil breyting á uppsetningu fjárl. nú miðað við fjárlög ársins 1970. Kemur þar bæði til, að rn. fjölgar og einstakar stofnanir og málefnaflokkar flytjast því á milli rn.

Heildarútgjöld á rekstrarreikningi ríkissjóðs eru áætluð 10 milljarðar 39 millj. 916 þús. kr., en voru 8 milljarðar 187 millj. 384 þús. kr. í fjárl. ársins 1970. Heildarhækkunin nemur því 1 milljarði 852 millj. 532 þús. eða 22.6%, en þar af er hækkun sérstakra tekjustofna, sem ráðstafað er til vissra aðila eða verkefna með sérlögum, 244 millj. 92 þús. eða 14.1%. Hækkun eiginlegra rekstrarútgjalda ríkissjóðs nemur því 1 milljarði 608 millj. 440 þús. eða 24.9% hækkun frá fjárl. 1970. Er hér vissulega um mjög stórfellda hækkun útgjalda að ræða, en meginhluti hennar stafar af hinum miklu kauphækkunum og þar af leiðandi kostnaðaraukningu, sem til hefur komið á þessu ári og enn mun fara vaxandi á næsta ári að öllu óbreyttu. Ekki er gert ráð fyrir neinni nýrri starfsemi á vegum ríkisins nema sem beinlínis er fyrir mælt í lögum. Veruleg aukning er að vísu á fjárveitingu til verklegra framkvæmda, en leitazt hefur verið við á sama hátt og áður að hafa fullt aðhald varðandi rekstrarfjárveitingar til ríkisstofnana og annarra starfsemi á vegum ríkisins. Því er ekki að leyna, að í fjárlagatill. stofnana og einstakra rn. varð þess allvíða vart, að menn teldu líkur til, að fjárráð ríkissjóðs yrðu góð á árinu 1971, og því væri óhætt að vera nokkuð frjálslegur í fjárbeiðnum. En í meðförum fjmrn. voru fjárlagatill. stofnana og rn. skornar niður um nær 600 millj. kr. Var hér vitanlega um margvísleg nytjamál að ræða, en sem urðu að víkja fyrir þeirri höfuðnauðsyn, svo sem nú er ástatt, að auðið reynist að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög án þess að til komi nýjar skattaálögur. Þegar reynt er að meta, hvort ríkisútgjöld eða hækkun ríkisútgjalda sé óhæfileg eða ekki, tjóar að sjálfsögðu ekki að horfa eingöngu á niðurstöðutölur fjárlaga, heldur verður að hafa hliðsjón af heildartekjum þjóðarbúsins. Þegar borið er saman við önnur lönd, sem veita borgurum sínum sízt betri þjónustu en íslenzka ríkið gerir, þá er augljóst, að skattaálögur hér á landi eru ekki óhæfilegar, og þótt ríkisútgjöld hækki verulega ár frá ári er einnig ljóst, að hlutdeild ríkisútgjalda í þjóðartekjum fer ekki hækkandi. Árið 1968 nam þjóðarframleiðslan 27.3 milljörðum og voru ríkisútgjöld þá 22.5% af þjóðarframleiðslunni. Árið 1969 nam þjóðarframleiðslan 33.7 milljörðum og ríkisútgjöld voru 20.8% af þjóðarframleiðslu. Ekki er enn hægt að gera sér endanlega grein fyrir árinu 1970, en gera má þó ráð fyrir, að prósentan af þjóðarframleiðslu verði eitthvað lægri, og 1971 gera þjóðhagsáætlanir Efnahagsstofnunarinnar ráð fyrir, að þjóðarframleiðslan muni verða 48.8 milljarðar og verða þá ríkisútgjöldin 20.6% af þjóðarframleiðslunni þrátt fyrir hina miklu hækkun þeirra.

Langstærsti liðurinn í útgjaldaaukningu ríkissjóðs á næsta ári eru launahækkanir, sem áætlað er, að nemi 580 millj. kr. eða meira en þriðja hluta af allri hækkun ríkisútgjaldanna. Þótt hér sé meðtalin öll áfallin vísitöluhækkun, áætluð vísitöluhækkun 1. desember og nokkur viðbótarhækkun vísitölu á árinu 1971, eru samt ekki öll kurl til grafar komin. Viðræður um nýja kjarasamninga standa nú yfir við starfsmenn ríkisins og á þeim að verða lokið fyrir næstu áramót, en ekki er í frv. áætlað neitt fé til að mæta hækkunum útgjalda vegna þeirra samninga, enda engin leið að gera sér nokkra grein fyrir þeim útgjaldaauka, þegar frv. var samið. Heildarlaunagreiðslur stofnana í a-hluta ríkisreiknings munu í árslok 1970 nema um 2 milljörðum 180 millj. kr. á ársgrundvelli, en samtals eru nú allar launagreiðslur ríkisstofnana um 3.7 milljarðar á ári. Næststærsti hækkunarliður ríkisútgjalda eru hin ýmsu framlög til almannatrygginga, sem hækka um 359 millj., og nema þessir tveir liðir rúmum helmingi heildarhækkunar áætlaðra ríkisútgjalda á næsta ári. Framlög til ýmissa verklegra framkvæmda hækka um 185 millj., sem segir þó ekki nema hálfa sögu, því að sjálfsögðu ber einnig að telja til verklegra framkvæmda hin stórauknu framlög til húsnæðismála og hækkun fjárveitinga til Landnáms ríkisins, Fiskveiðasjóðs og Iðnlánasjóðs, alls um 165 millj. kr., svo hækkun fjárveitingar til verklegra framkvæmda er samtals um 350 millj. kr.

Með fjárlagafrv. fylgir nú, eins og hefur verið síðustu árin, mjög ýtarleg greinargerð, annars vegar samandregið heildaryfirlit um helztu breytingar tekna og gjalda miðað við síðustu fjárl. og hins vegar nákvæm sundurliðun og útskýring á einstökum breytingarliðum. Ég sé því enga ástæðu til að gera grein fyrir breyt. í fjárlfrv. miðað við fjárlög

að taka allar slíkar ágizkanir með miklum fyrirvara. Fjárlög ársins 1970 voru afgreidd með einungis 25 millj. kr. greiðsluafgangi og er það lítilfjörlegur afgangur miðað við 9 milljarða kr. fjárlög. Í fjárlagaáætlunum var byggt á forsendum, sem kunnar voru í desember 1969, þegar fjárlagafrv. var endanlega afgreitt hér á Alþ. Hins vegar var ekki gert ráð fyrir breytingum útgjalda, sem vænta mátti á árinu, t. d. vegna kjarasamninga ríkisstarfsmanna. Nú liggja fyrir tölur um rekstur ríkissjóðs í þrengri merkingu fyrir þrjá ársfjórðunga 1970 og greiðslutölur til dagsins í dag. Af þessum tölum og öðrum gögnum, sem fyrir liggja, má fara nokkuð nærri um afkomu ríkissjóðs til ársloka, ef ekkert óvænt gerist. Er þá miðað við greiðsluafkomu. Rekstrarafkoma gæti orðið lítið eitt öðruvísi vegna reglna um tímasetningu á færslum tekna og gjalda.

Í gjaldahlið eru fyrirsjáanlegar verulegar greiðslur umfram fjárlög. Mestu munar um launahækkanir, sem þegar eru ákveðnar og verða varla minna en 200 millj. kr. Koma þar bæði til vísitöluhækkanir og svo 15% allsherjar grunnkaupshækkanir á laun opinberra starfsmanna, sem samið var um í sambandi við kjarasamningana í sumar. Þá hefur einnig vegna mikils kostnaðarauka sjúkrahúsa af völdum launahækkana og annars tilkostnaðar orðið óumflýjanlegt að endurskoða daggjöld sjúkrahúsa og er áætlað, að sjúkratryggingaútgjöld ríkissjóðs af þessum sökum hækki um 69 millj. kr. frá fjárl., og hækkun ellilífeyris og fleiri bóta almannatrygginga veldur 44 millj. kr. umframgreiðslu. Í fjárl. hafði verið ákveðin 5.2% hækkun bóta almannatrygginga annarra en fjölskyldubóta, en fjölskyldubætur voru hækkaðar um 27% með öllum börnum öðrum en fyrsta barni. Þótti mönnum almennt mjög lág þessi hækkun lífeyrisbótanna, en ekki var auðið að hækka þær meira miðað við afkomu ríkissjóðs þá nema með nýrri tekjuöflun.

Eftir hinar almennu launahækkanir í sumar ákvað ríkisstj. að nota heimild gildandi laga og hækka lífeyrisbætur og aðrar skyldar bætur almannatrygginga um 20% til viðbótar. Hafa ýmsir að vonum varpað fram þeirri spurningu, hvernig auðið hafi verið að hækka þessar bætur á miðju ári svo mikið, úr því að það var ekki auðið í ársbyrjun. Er því einfaldlega til að svara, að annars vegar var auðvitað með engu móti stætt á því að hækka öll almenn laun í landinu nema laun ellilífeyrisþega, sem efnahagslega eru verr settir, og hins vegar er það staðreynd, að launahækkanirnar sjálfar og stóraukin velta í þjóðfélaginu af þeirra völdum hefur bætt svo mjög afkomuhorfur ríkissjóðs, að auðið er að standa straum af útgjöldum, sem tekjuhorfur í ársbyrjun bentu til, að ógerlegt væri að standa undir.

Vegna hærra verðs á landbúnaðarvörum en gert var ráð fyrir í fjárlagaáætlun, má gera ráð fyrir 50 millj. kr. aukagreiðslu vegna lögbundinna útflutningsuppbóta á þessu ári. Þá er vitað um ýmsar smærri umframgreiðslur, sem verða varla innan við 40 millj. kr. Vega jarðræktarstyrkir þar þyngst, en einnig munu verða töluverð umframútgjöld við fasteignamatið, svo að auðið verði að ljúka því á þessu ári. Óvænt útgjöld vegna skaðabóta og ýmislegt annað. Loks má gera ráð fyrir, að vaxtaútgjöld ríkissjóðs af bráðabirgðaskuldum séu vanáætluð, varla innan við 30 millj. kr. Loks leiða umframtekjur af mörkuðum tekjustofnum sjálfkrafa til umframgreiðslu, má þar til nefna 30 millj. kr. hækkun á launaskatti vegna húsnæðismála og 13 millj. kr. framleiðslugjald á áli umfram áætlun. En þessir liðir hafa ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs í þrengri merkingu. Samtals má því gera ráð fyrir, að gjöldin verði um 475 millj. kr. umfram fjárlög.

Þá hafa verulega breyttar forsendur síðari hluta ársins aukið tekjuhorfur ríkissjóðs frá því, sem ráðgert var í desember 1969. Í stað 8 milljarða 397 millj. kr. tekna í fjárl. er nú gert ráð fyrir, að tekjur verði 9.1—9.15 milljarðar eða 700—750 millj. kr. hærri en fjárlög ráðgerðu. Munar hér mestu um 300—350 millj. kr. hækkun almennra aðflutningsgjalda, 96 millj. kr. hækkun tekjuskatta umfram fjárlagaáætlun, 128 millj. kr. hækkun söluskatts, 47 millj. kr. hækkun á hagnaði Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins, 30 millj. kr. hækkun launaskatts, 28 millj. kr. hækkun á stimpilgjaldi og 13 millj. kr. hækkun á álgjaldi umfram fjárlagaáætlun, auk smærri liða, sem samtals nema töluverðum fjárhæðum. Í öllum þessum tilfellum er um að ræða þróun, sem með engu móti varð séð fyrir við afgreiðslu fjárlaga ársins. Eina verulega óvissuatriðið, sem getur haft áhrif á þessar áætlanir, eru launabreytingar, sem verða kunna í samningum eða niðurstöðu kjaradóms um laun ríkisstarfsmanna nú fyrir næstu áramót, en samkv. samningum ríkisins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja eiga slíkar launabreytingar að verka aftur fyrir sig frá 1. júlí 1970. Verður síðar vikið að því vandamáli.

Staða ríkissjóðs á aðalreikningi í Seðlabankanum um hádegi í dag var samkv. uppgjöri ríkisféhirðis 199 millj. kr. skuld og er það 178 millj. kr. betri staða en sama dag í fyrra, ef frá eru dregnar þær 600 millj. kr., sem skuldin var lækkuð með föstu láni Seðlabankans og greiðslu úr jöfnunarsjóði, þannig að um sambærilegar tölur sé að ræða. Sýnist vera ástæða til að ætla, að staðan á aðalreikningi verði jákvæð um næstu áramót, og er það í fyrsta sinn síðan í árslok 1966.

Fjárlagafrv. fyrir árið 1971 mótast mjög af þeim miklu efnahagssveiflum, sem orðið hafa á árinu 1970. Hefur sú þróun að sjálfsögðu mjög veruleg áhrif á fjárhagsafkomu ríkissjóðs bæði tekna- og gjaldamegin, og sé eingöngu litið á stöðu ríkissjóðs má segja, að áhrifin séu jákvæð, þótt útgjaldaaukning verði að sjálfsögðu mjög mikil. En vitanlega má ekki skoða vandamálin frá svo þröngu sjónarhorni, heldur verður að hafa efnahagskerfið í heild í huga og þá fyrst og fremst getu atvinnuveg-

komið á nauðsynlegu eftirliti með þessum greiðslum.

Greiðsluheimild til atvmrn., að meðtöldum þeim breytingum, sem sérstök lög leiða af sér, námu sem næst 891 millj. kr. Bókuð rekstrargjöld urðu 991 millj. kr., en útborganir á árinu námu 1 milljarði og 20 millj. kr. Umframgjaldfærslan kemur fram í framlögum til landbúnaðar, vegna uppbótar á útfluttar landbúnaðarafurðir skv. l. 29 millj., til framræslu- og jarðræktarstyrkja 25 millj. og til skóla 10 millj. Þá er í sambandi við lausn á kjaradeilu sjómanna fallizt á það að greiða á árinu úr ríkissjóði framlag til áhafnadeildar aflatryggingasjóðs 15 millj. kr., sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum.

Heildarútgjaldaheimildir dóms- og kirkjumálaráðuneytis námu 631 millj. Bókfærð gjöld á árinu urðu 640 millj. Útgjöld vegna heilbrigðismála urðu 4 millj. kr. hærri en fjárlög ráðgerðu. Kostnaður við dómgæzlu og lögreglumál hefur fallið til á árinu sem nemur 16 millj. kr. umfram fjárveitingar. Stafar rúmur helmingur þeirrar fjárhæðar af rekstrarkostnaði umfram áætlun af ýmsum embættum á vegum rn., svo sem ýmsum fógetaembættum, lögreglustöð, landhelgisgæzlu og umferðarmálum. Hins vegar urðu gjöld lægri en fjárl. ráðgerðu á ýmsum öðrum liðum, t. d. löggæzlu, ýmsum dómsmálakostnaði o. fl.

Fjárlagaheimildir félmrn. með þeim leiðréttingum, sem hér hafa verið gerðar, námu 2 milljörðum 491 millj. kr. og gjaldfærð var á árinu svo til sama fjárhæð.

Fjárlagaheimildir fjmrn. námu á árinu 1969 401 millj. kr. Sú fjárhæð er þó of há að því leyti, að þar er meðtalin fjárveiting til að greiða framlag ríkissjóðs á móti lífeyrisiðgjaldi allra starfsmanna ríkisins. Þetta mótframlag hefur verið gjaldfært hjá hverri stofnun sem hluti af hennar launakostnaði, þannig að ofangreindar heimildir eru oftaldar sem nemur 46 millj. kr., og raunveruleg útgjaldaheimild er því 355 millj. Gjöld á vegum rn. urðu hins vegar 446 millj. skv. rekstrarreikningi eða 91 millj. hærri en fjárl. ráðgerðu. Meginskýring þess er fólgin í mun hærri vaxtaútgjöldum en fjárl. gerðu ráð fyrir vegna hinnar óhagstæðu greiðslustöðu ríkissjóðs við Seðlabankann á árinu. Aukaframlag til Ríkisábyrgðasjóðs var 6 millj. kr., sem felur í sér mun betri afkomu sjóðsins en á árinu 1968. Útgjöld vegna ríkisábyrgða höfðu farið minnkandi ár frá ári, frá því að l. um Ríkisábyrgðasjóð voru sett þar til á árinu 1968, er gerbreyting varð til hins verra. Urðu útborganir úr sjóðnum umfram innborganir á því ári rúmar 155 millj. kr. og framlag ríkissjóðs til að standa straum af þeim halla var 150 millj. Árið 1969 voru útborganir umfram innborganir 98 millj. kr. og framlag úr ríkissjóði 91 millj., en að auki kemur ábyrgðargjald, 7 millj. kr. 1969, sem telst meðal tekjuliða ríkissjóðs og sem viðbótarframlag til sjóðsins. Útgreiðslur sjóðsins á árinu 1969 urðu því 55 millj. kr. lægri en 1968, sem sýnir mjög batnandi afkomu ýmissa ábyrgðaraðila. Samtals námu útistandandi kröfur Ríkisábyrgðasjóðs vegna vanskila í árslok 1969 577 millj. kr. Meginhluti útgjalda sjóðsins á árinu vegna ábyrgðarskulda var vegna síldarverksmiðja eða 68 millj. Er orðin brýn nauðsyn að taka mál Síldarverksmiðja ríkisins og reyndar síldarverksmiðja almennt til heildarendurskoðunar og gera sér grein fyrir því, hvort hægt er að hafa einhver not af þessum verksmiðjum næstu árin, því að ekki sýnast horfur á, að brædd verði síld í náinni framtíð og er þá aðeins um loðnuvinnslu að ræða. Vanskilaskuldir Orkusjóðs jukust um 16 millj. kr. og nokkur hækkun varð á vanskilum vegna togaralána, en horfur eru á, að á næstu árum fáist endurgreiddar þær rúmar 40 millj. kr., sem lagðar hafa verið út vegna togarans Narfa, þar eð önnur lán, sem á togaranum hvíla, eru að mestu greidd upp og togarinn er nú í ágætu lagi. Engar nýjar greiðslur féllu á Ríkisábyrgðasjóð á árinu vegna Flugfélags Íslands og eldri skuldir hafa verið greiddar að fullu á þessu ári.

Útgjaldaheimild samgrn. og iðnrn. að meðtöldum heimildum sérlaga námu rúmum 1000 millj. kr., en bókfærð gjöld urðu nær 1047 millj. Umframgreiðslur eru einkum fólgnar í meiri ársgreiðslum af lánum til landshafna en áætlað hafði verið og 7 millj. kr. umframútgjöldum til flugmála.

Útgjaldaheimildir viðskrn. samkv. fjárl. voru rúml. 584 millj., en bókfærðar eru á árinu 501 millj. Niðurgreiðslur á vöruverði urðu 84 millj. kr. undir áætlun, aðallega vegna minnkaðrar neyzlu.

Meginástæðurnar fyrir rekstrarútgjöldum umfram heimildir fjárlaga 1969 og aðrar sérheimildir eru þannig að mestu óviðráðanlegar, eins og vaxtagjöld af yfirdráttarlánum ríkissjóðs eða launahækkanir samkv. samningum eða lögbundin útgjöld, svo sem skólakostnaður, framræslu- og jarðræktarstyrkir eða útflutningsuppbætur. Heildarumframgreiðslurnar nema þó ekki nema um 4%.

Heildarmyndin af rekstrarreikningi ríkissjóðs árið 1969 er þessi: Rekstrartekjur reyndust 7 milljarðar 455 millj. kr., en rekstrargjöld 7 milljarðar 590 millj. kr. Rekstrarhalli varð því 135 millj. kr. Lánahreyfingar inn umfram lánahreyfingar út fyrir ríkissjóð og stofnanir voru 655 millj., þar af vegna endurmats 31 millj. kr., gengismunar o. fl. Greiðslujöfnuður er jákvæður sem nemur 459 millj. kr., og bætt viðskiptastaða á bankareikningum og sjóði var 291 millj. kr. Til skýringar á þessum tölum er þó þess að gæta, að í árslok 1969 samdi fjmrn. við Seðlabanka Íslands um að breyta 500 millj. kr. af yfirdráttarskuld á aðalreikningi ríkissjóðs við Seðlabankann í fast lán til 5 ára. Þessi ráðstöfun hefur þau áhrif á tölurnar, sem nefndar voru, að lánajöfnuður versnar sem því nemur, en greiðslujöfnuður batnar að sama skapi. Sömuleiðis batnar viðskiptastaða á bankareikningum.

Nú mun ég í stórum dráttum gera grein fyrir horfum varðandi afkomu ríkissjóðs á árinu 1970 eftir því, sem bezt verður vitað, en þar sem margt getur enn gerzt síðustu þrjá mánuði ársins, verður

af var innheimt 57 millj. Innflutningsgjaldið, sem á var lagt skv. brbl. nr. 68 1968, lækkaði um 21 millj. kr. á árinu 1969 vegna lögákveðinna endurgreiðslna í sambandi við gengisbreytinguna 1968. Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign voru í fjárlögum áætlaðar 37 millj. kr., en reyndust 51 millj. Hér er um að ræða tekjustofna, sem skiluðu hlutfallslega mjög góðum tekjum, þótt ekki nemi eins háum fjárhæðum og ræddar hafa verið hér að framan. Arðgreiðslurnar taka fyrst og fremst til rekstrar Keflavíkurflugvallar, sem skilaði 34 millj. kr. í ríkissjóð, eða rúmlega þriðjungi meira en áætlaða fjárhæðin, og fríhafnar á Keflavíkurflugvelli, sem skilaði 5 millj. kr., eða um 45% umfram áætlun. Nettótekjur af rekstri þessara stofnana voru þó enn meiri. Ýmsar tekjur í ríkisreikningi voru áætlaðar 36 millj. kr., reyndust 69 millj. Þyngstar á metunum eru vaxtatekjur, 20 millj. kr. umfram áætlun. Fela þær í sér dráttarvexti af ýmsum ríkistekjum, er gjaldendur standa ekki skil á á réttum tíma. Með ýmsum tekjum kemur söluandvirði fastra fjármuna, þ. á m. sala Maríu Júlíu 3.1 millj. kr., en samtals eru tekjur þessar 4.5 millj. og sérstakt framlag Tryggingastofnunar ríkisins vegna umsýslu innheimtumanna ríkissjóðs 6.5 millj. kr. Í fjárlögum var ekki gert ráð fyrir þessum liðum í tekjur.

Eins og fram hefur komið, reyndust innheimtar tekjur 7 milljarðar 387 millj. kr. en álagðar 7 milljarðar 455 millj. Mismunurinn felur í sér aukningu á óinnheimtum tekjum um 68 millj. kr., en reyndist 223 millj. kr. aukning 1968. Í þessum tölum er innifalin aukning eftirstöðva vegna ógjaldfallins hluta tekna, fyrst og fremst söluskatts 4. ársfjórðungs. Árið 1968 nam sú aukning 32 millj., en 1969 70 millj. Ef þessar fjárhæðir eru undanskildar, nam aukning eftirstöðva 1968 191 millj. kr., en á árinu 1969 lækkuðu hins vegar eftirstöðvar samtals um 2 millj. kr. Þess ber að gæta í þessu sambandi, að eftirstöðvar persónuskatta, sem renna til Tryggingastofnunar ríkisins, hækkuðu á árinu um 27 millj. kr., þannig að gengið hefur á aðrar eftirstöðvar ríkissjóðsins sjálfs sem nemur 29 millj. Innheimtan á árinu hefur því batnað mjög verulega og má efalaust að nokkru rekja það til almenns bata í efnahagslífinu, en að nokkru leyti til bættrar frammistöðu innheimtumanna ríkissjóðs.

Rekstrarútgjöld ríkissjóðs skv. fjárl. ársins 1969 voru áætluð 7 milljarðar og 1 millj. kr. Ýmsir svokallaðir markaðir tekjustofnar, sem færðir eru ríkissjóði til tekna í fjárlögum, en renna eiga til ákveðinna þarfa og miðast hverju sinni við það, sem raunverulega innheimtist, urðu 23 millj. kr. lægri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Þar af var gúmmígjald 10 millj. undir áætlun. En aftur á móti urðu aðrir markaðir tekjustofnar 216 millj. kr. hærri en fjárlagaáætlun og þar af voru 7 millj. kr. vegna álgjalds, sem fjárl. tóku ekki til. Aðrir helztu liðir, sem urðu umfram áætlun, voru: Iðgjöld til Tryggingastofnunar ríkisins 103.1 millj., verðjöfnunargjald af rafmagni 29.6 millj., launaskattur 25.3 millj., innflutningsgjald af bensíni til Vegasjóðs 24.3 millj. og aðflutningsgjald af sjónvarpstækjum 14 millj. Þar sem hér er um lögboðin gjöld að ræða, verða þau að teljast til hækkunar á fjárlagaheimildum, en hafa raunverulega engin áhrif á afkomu ríkissjóðs í þrengri merkingu. Sérstakar lántökuheimildir skv. framkvæmdaáætlun fyrir árið 1969, námu hvað a-hluta ríkisreiknings snertir samtals 177 millj. kr. Útgjöld skv. fjárl. og þeim sérstöku lagaheimildum, sem hér hafa verið nefndar, námu því samtals 7 milljörðum 371 millj. kr., en í þessari tölu eru ekki taldar með geymdar fjárveitingar, sem notaðar voru á árinu. Gjöld rekstrarreiknings ársins 1969, eins og hann liggur nú fyrir, urðu 7 milljarðar 590 millj. kr. Rekstrarútgjöld ársins hafa þannig orðið 219 millj. kr. umfram fjárlagaheimildir og þær sérstöku heimildir aðrar, sem Alþingi hefur samþykkt og ég hef hér nefnt. Útborganir úr ríkissjóði á árinu 1969 voru 164 millj. kr. hærri en fjárlagatalan svo breytt.

Þegar þess er gætt, að ein fjárlagaheimild var ekki notuð, sem nam rúmlega 80 millj. kr., niðurgreiðslur á vöruverði innanlands, eru um 300 millj. kr. umfram fjárlög, sem rétt er að skýra nokkru nánar. Fjárveitingar til æðstu stjórnar ríkisins námu 54 millj., en rekstrargjöldin urðu 61 millj. kr. Reksturinn er þannig umfram fjárlög sem nemur 7 millj., nær eingöngu vegna Alþingis.

Heildarfjárveiting til fors- og menntmrn. var 1 milljarður 175 millj. kr., en niðurstaða rekstrarreiknings 1 milljarður 233 millj. eða 58 millj. kr. hærri en fjárveiting. Sú fjárhæð kom fram nær öll hjá fræðslu- og skólamálum og þar af 40 millj. kr. vegna héraðs-, gagnfræða- og barnaskóla. Útgreiðslan á árinu úr ríkissjóði nam 1 milljarði 242 millj. kr. Liðurinn söfn, listir og önnur menningarmál fer 15 millj. kr. fram úr upphaflegri fjárlagaáætlun. Skýringin er sú, að tekjur af aðflutningsgjöldum af sjónvarpstækjum fóru fram úr áætlun sem þessu nam, en þær tekjur voru jafnóðum greiddar Ríkisútvarpinu til uppbyggingar sjónvarpskerfisins.

Útgjaldaheimild til utanrrn. skv. fjárlögum var 117 millj., en bókfærð rekstrargjöld á vegum þess á árinu voru 135 millj. kr. og útgreitt 138 millj. Gjöld aðalskrifstofu ráðuneytisins fóru 8 millj. kr. fram úr áætlun og sendiráðanna 13 millj. kr. Framlög til alþjóðastofnana urðu 4 millj. undir áætlun. Að því er varðar aðalskrifstofu rn. hefur komið fram, að ýmis kostnaður, einkum vegna flutnings manna milli landa, hefur verið óvenjumikill á þessu ári. Auðvitað verða vissar tilfærslur ambassadora og annarra starfsmanna sendiráða ekki umflúnar, en kostnaðar vegna við þessa flutninga þarf hins vegar að forðast slíkar breytingar nema um brýna nauðsyn sé að ræða. Sum sendiráðin virðast í rekstri sínum alls ekki hafa tekið tillit til fjárlagatillagna. Ströng gát hefur ekki verið höfð héðan að heiman á fjárreiðum sendiráðanna jafnóðum, þar eð þau annast iðulega alls konar greiðslur fyrir ríkið aðrar en eigin rekstrargjöld. Nú hefur hins vegar verið

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 278).

---

12. Fjárlög 1971.

Á 1. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt:
Frv. til fjárlaga fyrir árið 1971 [1. mál] (stjfrv., A. 1).

Á 4. fundi í Sþ., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr. (útvarpsumr.).

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Áður en ég geri grein fyrir fjárlagafrv. fyrir árið 1971, mun ég í stórum dráttum skýra afkomu ríkissjóðs á árinu 1969 og horfur í fjármálum ríkisins á yfirstandandi ári. Ríkisreikningurinn fyrir árið 1969, sem lagður hefur verið á borð hv. þm., er annar reikningurinn, sem gerður er í samræmi við lögin um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga frá árinu 1966. Reikningurinn fyrir árið 1968 var mjög síðbúinn vegna víðtækrar endurskipulagningar, sem þurfti að gera á allri reikningsfærslu í samræmi við hin nýju lög. Átti sú seinkun aðeins að vera í eitt skipti og gerði ég ráð fyrir því í fyrra, að reikningurinn fyrir árið 1969 yrði tilbúinn eigi síðar en um mitt þetta ár. Því miður hefur reyndin orðið önnur sökum þess, að ekki hefur tekizt að fá allar stofnanir til þess að ljúka reikningsskilum sínum nægilega snemma og hefur stærsta vandamálið þar verið uppgjör skólakostnaðarreikninga, en lögð verður rík áherzla á það að tryggja það á næsta ári, að allar skilagreinar berist í tæka tíð. Var þess ef til vill naumast að vænta, að á fyrsta ári mundu allir aðilar bregðast nægilega skjótt við, og rangt væri að segja, að viðbrögð stofnana ríkisins hefðu ekki almennt verið jákvæð.

Áætlaðar heildartekjur ríkissjóðs skv. fjárlögum 1969 voru 7 milljarðar 96 millj. kr. Álagðar eða tilfallnar rekstrartekjur á árinu, sem færast til tekna í ríkisreikningi skv. gildandi reglum, urðu hins vegar 7 milljarðar 455 millj. kr. eða 359 millj. kr. hærri en fjárlög áætluðu. Innheimta ríkistekna á árinu reyndust 7 milljarðar 387 millj. kr. eða 291 millj. kr. umfram fjárlög. Stærsti liðurinn í umframtekjum ríkissjóðs á árinu, 102 millj. kr., voru persónuskattar, aðallega vegna almannatrygginga, er voru áætlaðir 550 millj. kr., reyndust álagðir 652 millj., en 626 millj. kr. innheimtust á árinu. Með l. nr. 7 1969 var ákveðin 10% hækkun bóta almannatrygginga og einnig hækkun annarra bóta Tryggingastofnunar ríkisins. Jafnframt var ákveðin samsvarandi hækkun iðgjalda almannatrygginga. Tekjuskattar voru í fjárlögum áætlaðir 674 millj. kr., reyndust við álagningu 713 millj. kr., en innheimtust 715 millj. kr. Eignarskattar voru áætlaðir 134 millj. kr., reyndust álagðir 150 millj. kr. og innheimtir 166 millj. Framantaldir skattar eru einu nafni nefndir beinir skattar og voru samtals áætlaðir í fjárlögum 1 milljarður 358 millj. kr., reyndust álagðir 1 milljarður 515 millj. kr. og innheimtir 1 milljarður 507 millj. kr. Óbeinir skattar voru samtals áætlaðir í fjárlögum 5 milljarðar 666 millj. kr., en reyndust álagðir 5 milljarðar 819 millj. kr. og innheimtir 5 milljarðar 761 millj. kr. Stærsti liðurinn í umframtekjufærslu óbeinna skatta var söluskattur. Hann var áætlaður 1 milljarður 440 millj., reyndist álagður 1 milljarður 501 millj., en innheimtur nam hann 1 milljarði 452 millj. kr. Álagning umfram innheimtu felur í sér aukningu óinnheimtra eftirstöðva í söluskatti um 49 millj., en þess ber þó að gæta, að söluskattur vegna fjórða ársfjórðungs fellur í gjalddaga 15. jan. næsta ár og er því ógjaldfallinn í árslok. Gjaldfallnar eftirstöðvar söluskatts lækkuðu um 22 millj. kr. á árinu og sýnir það bætta innheimtu. Veigamesti tekjuliður óbeinu skattanna eru aðflutningsgjöldin, sem nema 2/5 hluta þeirra. Almennu tollatekjurnar urðu 2 milljarðar 261 millj. eða 16 millj. kr. umfram fjárlög og aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum reyndust 14 millj. kr. hærri en áætluð. Launaskattur var í fjárlögum áætlaður 135 millj., en reyndist 160 millj. kr. í álagningu og 161 millj. í innheimtu. Tekjur af stimpilgjaldi og þinglýsingu reyndust 24 millj. umfram áætlun og skattar af framleiðslu 15 millj. kr. í álagningu og 18 millj. kr. í innheimtu. Í þeim tekjum felst framleiðslugjald af áli að fjárhæð 7 millj. kr., er fjárlög gerðu ekki ráð fyrir. Álgjaldið skiptist í þrjá staði: Hafnarfjarðarkaupstaður fær í sinn hlut 25%, Iðnlánasjóður 4.1% og Atvinnujöfnunarsjóður 70.9% og er það hans hluti, sem fram kemur í tekjum í ríkisreikningi.

Með brbl. nr. 79 1969 var gerð breyting á l. nr. 96 1965 í þeim tilgangi að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins. Verðjöfnunargjald rafmagnsveitnanna var hækkað með þessum lögum. Tekjur af því gjaldi voru áætlaðar 23 millj. kr. í fjárl., en reyndust 52 millj. Tekjur af sölu ÁTVR voru áætlaðar 679 millj., án hluta þeirra er fá gjald af eldspýtum og vindlingum, en urðu 738 millj. eða 59 millj. kr. umfram áætlun. Sölunefnd varnarliðseigna skilaði 13 millj. kr. tekjum, en áætlun gerði ráð fyrir 9 millj. Ýmsir tekjustofnar óbeinna skatta gáfu aftur á móti verulega minni tekjur en ráðgert var í fjárlögum. Innflutningsgjald af bifreiðum og bifhjólum var aðeins 2/5 af fjárlagaáætlun eða 41 millj. kr., sem er 62 millj. kr. lægri fjárhæð en fjárlagaáætlun. Tekjur af sölu erlends gjaldeyris, sem er andvirði leyfisgjalda og hluti af umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna, urðu einnig lægri en áætlun eða 65 millj. kr. á móti 81 millj. kr. og þar

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Ég fagna því, að þetta frv. um virkjun Lagarfoss er fram komið og að það hefur nú fengið afgreiðslu í hv. Nd. Í þessu frv. felst heimild til þess að virkja Lagarfoss til raforkuvinnslu í allt að 8 þús. hestafla orkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu að Egilsstaðakauptúni til tengingar þar við veitukerfi Grímsárvirkjunar. Þetta er að sönnu ekki mikil orkuöflun miðað við það, sem er til umræðu um framkvæmdir hér á Suðurlandi í virkjunarmálum, en eigi að síður er þetta mjög mikið hagsmunamál fyrir íbúa Austurlands. Það hefur verið alger samstaða á Austurlandi um að óska þess, að Lagarfoss yrði virkjaður. En því er ekki að leyna, að íbúum Austurlands hefur fundizt það taka óeðlilega langan tíma hjá stjórnvöldum að komast að þeirri niðurstöðu, sem nú er fengin í þessu máli, og að sá biðtími, sem orðinn er, sé ótrúlega langur. Það var því að vonum, að því var mjög fagnað, þegar hæstv. núv. orkumálaráðh. tók þá ákvörðun s. l. sumar, að Lagarfoss skyldi virkjaður svo sem þetta frv. mælir nú fyrir um og er staðfesting á. Og ég vil taka það fram, að hæstv. ráðh. á sérstakar þakkir skildar fyrir það að hafa stigið þetta skref. Það er hverju byggðarlagi og hverjum landshluta ákaflega mikils virði, að stefnt sé að sem hagkvæmastri orkuöflun til raforkuvinnslu, því að næg raforka á sæmilega hagstæðu verði er undirstaða þess, að um aukinn iðnað geti orðið að ræða á því svæði, sem á að njóta orkunnar, sem unnin er í því orkuveri, sem í hlut á. Og nú hillir undir það með samþykkt þessa frv., að á Austurlandi skapist skilyrði til þess að auka atvinnurekstur á iðnaðarsviðinu, þegar orka verður fáanleg frá Lagarfossvirkjun.

En ég vil vekja athygli á því, að grg. þessa frv. og rökstuðningur fyrir málinu er nær eingöngu bréf frá Rafmagnsveitum ríkisins til rn. Ég vil láta koma fram þá skoðun mína, að Rafmagnsveitur ríkisins, sérstaklega rafmagnsveitustjóri, hafi af sinni hálfu búið málið þannig í hendur hæstv. ráðh., að honum hafi orðið auðveldara en ella að taka þá mikilsverðu ákvörðun, sem hann tók um virkjun Lagarfoss. Þetta tel ég ástæðu til að láta koma fram í umr. um þetta mál.

Nú tek ég eftir því, að í hv. Nd. hefur verið gerð nokkur breyting á 4. gr. þessa frv. frá því, sem frv. var, þegar það var lagt fram. Mér er nokkuð kunnugt um aðdraganda þess, að þessi brtt. kom fram, og ég ætla ekki að orðlengja um það. En ég tók eftir, að það kom fram í orðum hæstv. ráðh., þegar hann mælti fyrir þessu máli nú áðan, að hann mundi fyrir sitt leyti vinna að því, að framkvæmdum yrði haldið áfram með fullum hraða af hálfu Rafmagnsveitna ríkisins þrátt fyrir þá breytingu á efni málsins, sem nú er orðin í 4. gr. frv. Og ég vil fyrir mitt leyti leggja sérstaka áherzlu á, að svo verði gert. Þannig verði haldið á málinu af hálfu rn., og ég læt í ljósi ánægju yfir því, að sú skoðun kom fram í framsöguræðu hæstv. ráðh. En í þessu sambandi mætti hugleiða, ef að því kemur, að sú heimild, sem sett er inn í 4. gr. þessa frv., verði notuð, hvaða verkefni verða þá eftir hjá Rafmagnsveitum ríkisins. Út af fyrir sig væri það fróðlegt að heyra álit hæstv. ráðh. á því, hvernig þá verður staða Rafmagnsveitna ríkisins í sambandi við raforkumálin í heild. En ég skal ekki fara lengra út í þetta, og ég ætla ekki að tefja þetta mál með langri ræðu, en vil að síðustu taka undir orð hæstv. ráðh. og þau tilmæli til hv. þd., að þetta mál fái greiða afgreiðslu hér þannig, að það verði lögfest, áður en þm. taka jólahléið.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég skal ekki orðlengja um þetta, en að gefnu tilefni og vegna fsp. til mín um, hvert yrði hlutverk Rafmagnsveitna ríkisins, ef heimildin um þátttöku sveitarfélaganna yrði notuð, þá vil ég segja það, að í mínum huga er það í raun og veru næsta eðlilegt, að heimamenn og sveitarstjórnir geti átt aðild að Rafmagnsveitum ríkisins og það geti orðið samvinna og samstaða á milli þessara aðila og þess vegna sé það verkefni út af fyrir sig — alveg jafnmikilvægt eftir sem áður fyrir Rafmagnsveitur ríkisins. Upphaflega voru rafmagnsvirkjanirnar og rafmagnsveiturnar sveitarstjórnarmál. Ég hef verið því hlynntur að rýmka aðild t. d. að Laxárvirkjun, sem nú hefur verið rætt um, að Húsavík gerist aðili að, en ríkið og Akureyrarbær eru nú sameignaraðilar að, og jafnvel hefði ég ekkert á móti því, þó að fleiri sveitarfélög bættust þar í hópinn.

Ég skal ekki orðlengja þetta núna og ekki gefa neinar frekari yfirlýsingar, en láta það koma fram, að ég tel nokkra þörf á því að endurskoða löggjöfina um Rafmagnsveitur ríkisins og Orkustofnun og hefði hug á því, að það yrði gert, án þess að ég sé með nokkra sérstaka gagnrýni á það, sem þar mætti betur fara. En ég hygg, að það sé tímabært og eðlilegt, að við látum framkvæma í samráði við þessar stofnanir endurskoðun á löggjöfinni, sem yrði þá að sjálfsögðu ekki fyrr en á næsta þingi, þegar það kemur saman, ef það vinnst þá tími til þess á því tímabili.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 12 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 256, n. 263).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Iðnn. hefur athugað frv. til laga um virkjun Lagarfoss. Í nál. 263 kemur fram, að nm. eru sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og það kemur með viðbót fram á þskj. 256. Að svo mæltu legg ég til, að frv. verði vísað til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

2.—6. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

kjördæmi er mjög rík samstaða um það, að sveitarfélögin verði aðilar að þessari virkjun, og ég held, að það sé sú stefna, sem eigi að taka, að heimabyggðirnar eigi að verulegum hluta sjálfar þessar stofnanir, þ. e. rafmagnsvirkjanirnar. Ég gæti trúað því, að með þeim hætti yrði þessum málum að mörgu leyti betur stjórnað en gert er nú, án þess að ég ætli að fara út í nokkrar ádeilur á stjórn þeirra, þó að mér finnist það vissulega, að ég gæti gert það og hefði rök fyrir því. En það er aðeins þetta, sem ég vildi segja: Ég styð till. hæstv. iðnrh. og óska eftir því, að sams konar ákvæði komi inn í frv. um virkjun Reykjafoss og það frv. fái að birtast hér í þinginu sem allra fyrst.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Vegna ræðu hv. 4. þm. Austf. ætla ég ekki að fara að flytja hér langt mál, þó að það sé kannske einhver skoðanamunur okkar í milli. En hins vegar lít ég svo á, að bollaleggingar hans hér eigi ekki heima, fyrr en til þess kemur að athuga málið, ef þessi brtt. hæstv. iðnrh. verður samþ. og sveitarfélög á Austurlandi leita eftir því að verða aðilar, þá vitanlega koma fram öll þessi atriði, sem hann var hér að velta fyrir sér. Ég sé ekki, að þau hafi nein áhrif á þessu stigi um það, hvort þessi heimild er sett inn í lögin eða ekki. En það var þó ekki út af þessu, sem ég kvaddi mér hljóðs, heldur öðru, sem ég vildi láta koma hér fram vegna ummæla hv. frsm. um málaleitan Rafveitu Reyðarfjarðar um það að verða aðili að þessari virkjun, sem var lýst hér við 1. umr. málsins. Ég tók þannig eftir, að það hefði komið fram hjá hv. frsm., að ekki hefði legið fyrir nein samþykkt frá sveitarstjórn Reyðarfjarðar. Nú þori ég ekki að fullyrða um það, hvort þetta bréf, sem áreiðanlega var sent frá rafveitunni, hefur borið þetta með sér, en hins vegar hélt ég, að svo hefði verið, og ég vil a. m. k., að það komi hér fram, af því að mér er kunnugt um það, að áður en stjórn rafveitunnar ákvað að senda þetta bréf frá sér, þá var það samþ. af sveitarstjórn Reyðarfjarðar. Þetta vildi ég, að lægi hér ljóst fyrir.

ATKVGR.
Brtt. 230 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 31. fundi í Nd., 15. des., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 230 samþ. með 20:1 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 33. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 256).
Á 34. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Till. og hugmyndir um virkjun Lagarfoss hefur nokkrum sinnum áður borið á góma bæði hér í þinginu og annars staðar. En þegar þar við bætist nú, að ástandið í virkjunarmálum Austurlands var orðið mjög alvarlegt, þá var það ekki nema að vonum, að rn. legði áherzlu á það við Rafmagnsveitur ríkisins að endurskoða fyrri áætlanir um virkjun Lagarfoss með það fyrir augum, að ef það sýndist hagkvæmt, þá yrði reynt að freista þess að fá samþykki til virkjunar á þessu þingi. Stjórn rafmagnsveitnanna ritaði svo, eins og fram kemur í aths. við frv., iðnrn. í sumar og taldi niðurstöður vera þær, að það gæti verið um hagkvæma virkjun að ræða, og lagði til: 1) Að aflað yrði lagaheimildar fyrir fullri stærð Lagarfossvirkjunar, eins og þar stendur. 2) Að undirbúningi 1. stigs virkjunarinnar yrði haldið áfram af fullum krafti. 3) Að stefnt verði að útboðum framkvæmda í tæka tíð fyrir hagkvæman innsetningartíma. Þegar þetta lá fyrir auk fleiri atriða, sem mæltu með málinu, eins og t. d. þær ráðagerðir rafmagnsveitnanna að vinna að því að byggja upp meiri markað fyrir rafmagn á Austurlandi, sérstaklega í sambandi við húsahitun, á meðan á virkjunarframkvæmdum stæði, þá var þetta frv. undirbúið, sem hér liggur fyrir.

Frv. hefur farið í gegnum Nd., og það má segja, að enginn ágreiningur hafi verið um frv. í sjálfu sér. Það komu fram hugmyndir um, að eðlilegt væri að hafa í því heimild fyrir sveitarstjórnir á Austurlandi til að gerast eignaraðilar að virkjun við Lagarfoss. Um það varð samkomulag í deildinni, að ég flytti brtt. þar að lútandi, en hins vegar var lögð áherzla á það af þm. Austf., sem ég átti viðræður við um málið, að það tefði ekki framgang málsins og virkjunarinnar og það kæmi ekki til fyrr en á síðara stigi málsins að hagnýta þá heimild. Ég held, að það sé alveg óhætt að fullyrða, að þessi breyting, sem gerð var á frv., eigi ekki að leiða til neinna tafa að þessu leyti.

Hins vegar þætti mér vænt um, ef þessi hv. d. gæti lokið málinu og þar með afgreiðslu þess í þinginu fyrir jólaleyfið. Það er að vísu óeðlilega langur tími, sem frv. er búið að vera til meðferðar í Nd., en það stafar, eins og ég sagði áðan, ekki af ágreiningi, heldur af öðrum ástæðum. Ég hygg, að það megi vænta þess einnig, að hér í þessari hv. d. þurfi ekki að verða ágreiningur um þessi heimildarlög, sem eru að öðru leyti svipuð öðrum heimildarlögum um virkjunarframkvæmdir, sem liggja fyrir þessu þingi og hafa áður legið fyrir þessu þingi, þótt stærðarhlutföllin séu eðlilega önnur. Ég vil leyfa mér að leggja til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

kjörum, þ. e. að gerast hér eignaraðilar án þess að leggja fram mikið stofnfé og gerast eignaraðilar að því, sem fyrir er, án þess að leggja fram í rauninni nokkurt fé, og einnig með þeim kjörum, að a. m. k. fyrstu árin, meðan um er að ræða hallarekstur, hlaupi ríkið þar undir bagga á svipaðan hátt og verið hefur. Ef svo er, þá er ég síður en svo á móti því, að sveitarfélög á Austurlandi eigi þess kost að gerast eignaraðilar að þessu veitukerfi — ef sem sé þarna gæti verið um að ræða verulega hagstæða skilmála. En ekkert slíkt liggur enn þá fyrir.

Ég mun því fyrir mitt leyti, eins og þetta ber hér að, þar sem hæstv. iðnrh. sjálfur — sá, sem hefur yfirstjórn þessara mála með höndum — leggur til að taka inn í frv. þessa heimild, greiða þessari heimild atkvæði og sjá síðan til, upp á hvaða kjör verður boðið, þegar kemur til þess, að það á að fjalla um samninga um þessi mál. En ég legg að sjálfsögðu áherzlu á það, að þessi heimild verði ekki á neinn hátt til þess að tefja þær framkvæmdir, sem hér er fyrst og fremst verið að ákveða að ráðast í, og það megi ekki á neinn hátt draga úr Rafmagnsveitum ríkisins að hefja framkvæmdir í þessum efnum, þó að jafnvel sé komin fram till., sem raunverulega stefni að því að leggja Rafmagnsveitur ríkisins niður. Ég hef skilið hæstv. iðnrh. þannig, að það sé hans ætlun að standa þannig að verkinu, að það eigi ekki að verða hætta á því, þó að þessi till. verði samþ., að á nokkurn hátt verði dregið úr framkvæmdum við Lagarfossvirkjun.

En ég tel einnig alveg óhjákvæmilegt að breyta lítillega orðalagi í þessari till. frá því orðalagi, sem á henni er á þskj. 230. Þar segir nú: Óski samtök sveitarstjórna á Austurlandi að gerast eignaraðilar að virkjun Lagarfoss o. s. frv. Ég tel, að þetta orðalag komi ekki til mála, heldur eigi hér að standa: Óski sveitarstjórnir á Austurlandi eftir eignaraðild o.s.frv. Samtök sveitarstjórnarmanna eru ekki þannig upp byggð, að það sé hægt að gera ráð fyrir því, að þau sem slík gerist hér eignaraðilar og síðan rekstraraðilar að slíkum fyrirtækjum sem þessum. Hér verður vitanlega að vera um að ræða ákvörðun hinna einstöku sveitarfélaga hvers um sig og þeirra af þeim, sem vilja vera með í svona rekstrarfélagi við ríkið. En samtök sveitarstjórnarmanna geta hér ekki orðið aðilar, enda er þar auðvitað einnig um að ræða ýmsa aðila í samtökunum, sem eru utan þess veitusvæðis, sem hér verður um að ræða á a. m. k. alllöngu tímabili. Ég er þess alveg fullviss, að a. m. k. stærstu og öflugustu sveitarfélögin á Austurlandi mundu vilja ganga þannig frá hlutdeild sinni, ef til kæmi, í rekstri og eignaraðild að þessum orkuverum, að það lægi alveg skýrt fyrir, hvaða fjárhagsskuldbindingar hvíldu á þeim og hvaða rekstrarkvaðir fylgdu. Þau mundu ekki sætta sig við það að vera þar í einhverri algerri samábyrgð með sveitarfélögum, sem eru í eðli sínu óskyld, því að þar er auðvitað mjög ólíku saman að jafna hjá hinum ýmsu aðilum.

Ég ætlaði því að óska eftir því, þar sem hér er aðeins um 2. umr. að ræða, að hæstv. iðnrh. féllist á það að draga þessa brtt. til baka nú við 2. umr. Það fengist þá tóm til þess að líta aðeins á þetta orðalag og víkja því þannig við, að það náist, sem ég hygg, að hafi alveg tvímælalaust verið ætlun hans í þessum efnum. Síðan mætti þá bera till. undir atkv. við 3. umr. En afstaða mín til till. er þessi, eins og ég hef sagt, að vegna þess, hvernig hana ber hér að og hver að henni stendur, og líka vegna þess, að ég hef ekki enn þá fengið neinar teljandi upplýsingar um það, hvaða kostakjör gæti verið hér um að ræða, þá mun ég greiða þessari till. atkv., svo að möguleikarnir liggi fyrir, þó að það sé mín skoðun, að það hefði verið miklu vitlegri stefna — sem almenn stefna í raforkumálum — að reikna með því, að veitukerfið væri rekið sem mest af ríkinu fyrir utan hinar einstöku dreifiveitur.

Ég er ekki í neinum vafa um það, að fyrir viss svæði á landinu og fyrir þá, sem verst eru staddir, hefði slíkt fyrirkomulag raunverulega verið hagkvæmara. Ef til þess kæmi, að hér yrði um að ræða sameign sveitarfélaganna og ríkisins, fylgir þessu einnig sá kostur — sem ég álít, að hefði verið hægt að ná eftir öðrum leiðum, eins og ég hef minnzt hér áður á í umr. um þessi mál — að með því réðu heimamenn, þ. e. fulltrúar sveitarfélaganna, nokkru meira en nú er í reynd um uppbyggingu og framkvæmd þessara mála í sínum heimahéruðum. En ég álít, að það hefði verið lítill vandi að breyta l. um Rafmagnsveitur ríkisins á þann veg að tryggja það, að um verulega heimastjórn hefði getað verið að ræða á hinum einstöku veitusvæðum Rafmagnsveitna ríkisins, þannig að hægt hefði verið að komast yfir þann vanda, sem þar hefur komið í ljós í sambandi við rekstur á rafmagnsveitunum.

Ég vænti svo, að hæstv. ráðh. sjái sér fært að draga till. til baka til 3. umr., því að það getur varla skipt miklu máli, hvort hún er borin undir atkvæði nú við 2. eða 3. umr.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Það eru aðeins örfáar setningar. Ég vil láta í ljósi ánægju mína með þá brtt., sem hæstv. iðnrh. hefur flutt við þetta frv., og mun styðja hana, og ég vænti þess, að þegar frv. um virkjun Reykjafoss í Skagafirði verður flutt hér í þinginu, verði í því frv. ákvæði, sem er í samræmi við þessa brtt. Ég get fallizt á það með hv. 4. þm. Austf., að það sé eðlilegt, að hv. fjhn. athugi þessa till. hæstv. ráðh. á milli umr., og ég er honum sammála um það, að það væri raunar réttara að orða hana eins og hann óskaði eftir.

En ég vil nota þetta tækifæri, af því að þetta virkjunarmál er hér til umr., til að beina því til hæstv. iðnrh., að það verði ekki látið líða á löngu, þangað til frv. um virkjun Svartár eða Reykjafoss í Skagafirði verði lagt fyrir þingið. Það er búið að gefa fyrirheit um það, og það væri mér mikið ánægjuefni, ef það gæti orðið nú, áður en þingið fer heim í jólafrí, þó að það yrði ekki afgr. fyrr en síðar. Það mætti að vísu tala langt mál um rafmagnsmálin og skipan þeirra. Ég ætla ekki að gera það að þessu sinni. Ég vil aðeins minna á það, að í mínu

aðilar að virkjun Lagarfoss og annarra fyrirtækja á vegum rafmagnsveitnanna á Austurlandi. Að sjálfsögðu kemur frumkvæði að þessu frá sveitarstjórnunum sjálfum og það hefur komið hér fram áður, að engin sveitarstjórn hefur enn þá ályktað eða óskað eftir þessu sérstaklega. En það gæti verið ástæða til að spyrja, ef heimildarákvæði á annað borð verður sett inn í l., hvort ekki væri eðlilegra, að það væru þá sveitarstjórnir á Austurlandi, sem gætu beinlínis óskað eftir þessu vegna þess, að þó að sveitarstjórninar geti falið samtökum að koma fram fyrir sína hönd í sambandi við eignaraðild af þessu tagi, þá er það eðlilegra, að slíkt komi beint frá sveitarstjórnunum, ef til þess kæmi síðar meir og þær yrðu sjálfar beinir eignaraðilar að virkjununum. En ég vildi leggja áherzlu á það og fagna því, að hæstv. iðnrh. lýsti yfir þessu tvennu: 1) þeim vilja sínum, að l. yrðu afgreidd á hv. Alþ. fyrir jólaleyfi og 2) að þetta heimildarákvæði mundi á engan hátt hafa bein áhrif á hraða framkvæmda við Lagarfossvirkjun.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það voru í rauninni aðeins örfá orð í tilefni af brtt. þeirri, sem hér hefur verið flutt af hæstv. iðnrh. og er á þskj. 230. Eins og hefur komið hér fram í umr. áður um þetta mál, hefur verið vakið máls á því, að e. t. v. væri rétt að gefa sveitarfélögunum á Austurlandi tækifæri til þess að gerast aðilar að rekstri rafmagnsveitnanna á Austurlandi. Það var skýrt frá því hér við 1. umr. málsins, að fram hefði beinlínis komið ósk um slíka aðild frá einu sveitarfélagi á Austurlandi, þ. e. frá Reyðarfirði, en þar er um að ræða einu sjálfstæðu rafveitustjórnina, sem nú er til á Austurlandi, því að allt hitt rafveitukerfið er komið undir sameiginlega stjórn Rafmagnsveitna ríkisins. Í sambandi við virkjun Lagarfoss og raforkumálin á Austurlandi hefur æði oft verið minnzt á þennan möguleika ekki sízt á fundum samtaka sveitarstjórnarmanna þar austur frá, og satt að segja hefur sú skoðun verið ráðandi meðal manna, að úr því, sem komið væri, væri eðlilegast, að Rafmagnsveitur ríkisins ættu raforkukerfið á Austurlandi og önnuðust rekstur þess, því að fyrir nokkrum árum var beinlínis stefnt að því af hálfu ríkisvaldsins að ganga mjög fast á sveitarstjórnirnar til að fá þær til að afhenda þau raforkumannvirki, sem sveitarstjórnirnar áttu, og nú um alllanga hríð hafa Rafmagnsveitur ríkisins átt allt raforkukerfið á Austurlandi fyrir utan litlu rafveituna á Reyðarfirði. Ef til þess ætti nú að koma, að sveitarstjórnir á Austurlandi yrðu að nýju meðeigendur að raforkuverum þar í fjórðungnum með ríkinu, þá skilst mér, að að því væri raunverulega stefnt, að Rafmagnsveitur ríkisins legðu niður starfsemi sína þar í fjórðungnum. Þá færi nú að verða heldur lítið eftir af Rafmagnsveitum ríkisins, þegar svo væri komið. Það má vel vera, að reynslan sýni það, að stefnt verði aftur í þessa átt.

Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni, að það væri miklu réttara að stefna að hinu, sem hér var ákveðið áður fyrr, að ríkið ætti sem mest af aðalorkuverunum í landinu og allar aðaldreifilínur og um séreign væri varla að ræða nema aðeins á einstökum dreifiveitum í sveitarfélögum. Og ég er enn á þeirri skoðun, að það væri í rauninni æskilegast að halda sig við þessa gömlu stefnu. En af því að nú er komin hér fram till. í þá átt að gera það mögulegt, að sveitarfélög á Austurlandi geti gerzt eignaraðilar og rekstraraðilar að orkuveitunum þar, þá vil ég ekki standa á móti slíku.

Fyrsta spurningin, sem vaknar auðvitað í því sambandi, er þessi: Hvað hefur ríkisvaldið, sem nú á orðið orkuveiturnar á Austurlandi, hugsað sér í þessum efnum, þegar það gerir ráð fyrir þessum möguleika? Gerir það ráð fyrir því, að sveitarfélögin á Austurlandi leggi fram einhvern verulegan hluta af stofnkostnaði hinnar nýju Lagarfossvirkjunar, sem mun kosta í kringum 200 millj. kr.? Ég hygg, að geta sveitarfélaganna þar sé ákaflega lítil til þess að leggja fram stofnfé til þeirrar nýju virkjunar.

Og eins vaknar auðvitað sú spurning: Er til þess ætlazt, að sveitarfélögin á Austurlandi taki í sínar hendur það raforkukerfi, sem fyrir er, en þar er um eina vatnsvirkjun og margar dísilstöðvar að ræða og allmikið línukerfi, sem kostar nokkur hundruð millj. kr., eins og þetta er sett fram á reikningum Rafmagnsveitna ríkisins? Er til þess ætlazt, að sveitarfélögin á Austurlandi greiði við yfirtöku einhvern tiltekinn hluta af þessum eignum, um leið og þau gerast eignaraðilar? Ég er líka mjög hræddur um það, að geta þeirra í þeim efnum sé ekki mikil.

Og svo vaknar síðast en ekki sízt sú stóra spurning: Hvernig er ætlunin að fara með það mikla vandamál, sem menn standa frammi fyrir varðandi rekstur þessarar veitu, þar sem nú er um mikinn hallarekstur að ræða, sem skiptir tugum millj. kr. á ári? Og ríkið hefur notfært sér sína sterku aðstöðu til þess að vega upp þennan halla með því að leggja á alveg sérstaka skatta til þess að standa þar á móti. Sveitarfélögin á Austurlandi hafa vitanlega enga slíka aðstöðu, að þau geti ráðið yfir neinni slíkri skattlagningu nema þá með því að selja raforkuna þar um slóðir á hærra verði en annars staðar. Það er auðvitað enginn vafi á því, að það eru litlar líkur á því, að hægt verði t. d. fyrir Austfirðinga að ná jöfnunarverði á raforku með því að taka Austurland — svo dreifð og fámenn sem byggðin er þar í raun og veru — út úr heildarkerfi landsins. Það eru litlar líkur á því — ef það veitukerfi á að standa undir öllum sínum stofnkostnaði, t. d. stofnkostnaði við línur — að þessi svæði geti nokkurn tíma búið við raforkuverð, sem er hliðstætt því verði, sem er á öðrum svæðum, þar sem þau þannig yrðu hlutuð út úr heildarkerfinu.

En engar upplýsingar hafa enn fengizt um það í rauninni, hvað á bak við stendur, þegar veitt er heimild eins og þessi. E. t. v. er það hugmynd þeirra, sem að þessu standa, að gefa t. d. Austfirðingum í þessu tilfelli kost á mjög hagkvæmum

eignarfélaga ríkis og sveitarfélaga, svo sem er um Landsvirkjun og Laxárvirkjun, og í þriðja lagi í höndum einstakra sveitarfélaga eins og t. d. Rafveitu Reyðarfjarðar, sem er eina orkuveita sveitarfélags á Austurlandi. Sú skoðun kom fram í n., enda þótt n. tæki enga afstöðu til þess, að heppilegt væri að stefna að því, að í framtíðinni yrði þessi skipan ekki með svo margbrotnum hætti — annað tveggja yrði ofan á, að orkuvinnsla og orkudreifing öll væri í höndum ríkisins eða hún væri í höndum sameignarfélaga ríkis og sveitarfélaga.

Margsinnis hefur verið um það rætt, að auka þyrfti eða koma á jöfnu verði á raforku til almenningsnota hér á landi, hvar sem væri á landinu. Verulegt gjald er innheimt af orkusölu til þessarar jöfnunar, en þó ekki nærri því svo, að fullt jöfnunarverð náist. Ef svo margbrotið kerfi er á orkuvinnslu eftir héruðum á landinu, þá er þess naumast að vænta, að hægt sé að fara fram á það með fullum rökum, að jöfnunarverð komist á. Þess vegna var þessari skoðun hreyft í n., að æskilegra væri, að sama skipulag ríkti í þessum efnum um landið í heild.

Hér er komin fram till. frá hæstv. iðnrh., sem felur það í sér, að ráðh. verði heimilað að veita samtökum sveitarstjórna á Austurlandi eignaraðild að virkjun Lagarfoss og öðrum orkuverum á orkuveitusvæðinu, sé þess óskað. Þessi till. var ekki fram komin, þegar n. afgreiddi þetta mál, og hefur n. því ekki tekið afstöðu til hennar. Að svo mæltu vil ég ítreka þá skoðun n., að hún mælir með því, að frv., eins og það kom til hennar, verði samþ. óbreytt, en einstakir nm. munu hafa óbundnar hendur um afgreiðslu á þeirri till., sem hæstv. iðnrh. hefur lagt hér fram.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Eins og kunnugt er, hafa við meðferð þessa máls komið fram þau sjónarmið, að æskilegt væri að finna eitthvert rúm fyrir hugsanlega, sameiginlega eignaraðild eða rekstraraðild sveitarfélaga með Rafmagnsveitum ríkisins í þessari virkjun, sem hér um ræðir í þessu frv., og svipuð sjónarmið hafa reyndar komið fram annars staðar eða í sambandi við undirbúning annarra rafvirkjana eins og t. d. í Norðurl. v. Ég felli mig út af fyrir sig vel við þá hugmynd, að sveitarstjórnirnar, ef þær óska þess, á hverjum stað eigi þess kost að gerast eignaraðilar með Rafmagnsveitum ríkisins að virkjunum, bæði virkjunarframkvæmdum og rekstri rafmagnsveitnanna á viðkomandi stöðum. Þm. Austf. áttu viðræður við mig um þetta nú fyrir skömmu. Það var greinilegt, að það er nokkur skoðanamunur hjá þeim, en megináherzlu lögðu þeir á það, að slíkt yrði ekki til að tefja framgang þessa máls og allra sízt framkvæmdir í sambandi við Lagarfossvirkjunina.

Eftir þennan fund reyndi ég að samræma þau sjónarmið, sem fram komu á fundinum með þm., í brtt. á þskj. 230, og fannst mér fara bezt á því, að brtt. yrði þá gerð við 4. gr., en þar er um að ræða heimild til þess, að yrði þess óskað af samtökum sveitarstjórna á Austurlandi, að þau gætu gerzt eignaraðilar að virkjun Lagarfoss og öðrum orkuverum á svæðinu, þá væri ráðh. heimilt að gera samninga þar um fyrir hönd Rafmagnsveitna ríkisins. Þetta mundi, eins og nú háttar í framkvæmd, ekki hafa nein áhrif á gang málsins. Ég gerði fastlega ráð fyrir því, þar sem þetta er töluvert óljóst enn í hugum sveitarstjórna þar fyrir austan. Það hefur, eins og réttilega hefur verið tekið fram, aðeins komið fram ein ósk frá einni rafveitu á Reyðarfirði um að gerast þarna aðili, og þá hygg ég, að þetta mundi í framkvæmdinni verða þannig, að rafmagnsveiturnar eins og segir í gr. mundu koma virkjuninni á fót. Síðan væri undir atvikum komið og vilja manna og aðstöðu þar fyrir austan, hvort þeir síðar meir kynnu að óska eftir einhvers konar eignaraðild. En það er ekkert ólíklegt, að það kynnu að skapast þau viðhorf, að slíkt kæmi fram á síðari stigum málsins vegna hugsanlega breyttra kringumstæðna á Austurlandi — við skulum segja vegna aukinnar síldveiði aftur eins og var hér, þegar síldveiði var þar bezt, og það örvar allt atvinnulíf og alla uppbyggingu iðnrekstrar í sambandi við síldariðnaðinn og kannske annan iðnað og bætir aðstöðu heimamanna í sveitarfélögunum til þess að geta haft hönd í bagga með rekstri slíkra rafveitna. Ég taldi, að með þessu væri ég að koma til móts við það, sem menn gætu verið ásáttir um eftir viðræðurnar við þm. Austf., og vona, að það þurfi ekki að verða ágreiningur um þessa till. Hún er a. m. k. flutt í þeirri veru, að það geti orðið samstaða um hana.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð, en mér er kunnugt um, að það hafa komið tilmæli til forseta um, að n. fengi að athuga till. milli umr. Það tel ég eðlilegt, en ég legg áherzlu á, að þeirri athugun — ef einhverjar brtt. væru, sem menn vildu gera á þessu — yrði lokið þannig, að málið yrði afgreitt hér frá d. ekki síðar en á mánudag. Ég hef mikinn hug á því, að málið nái fram að ganga í Ed., áður en þinghlé verður fyrir jólin.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég vil sérstaklega fagna þeirri yfirlýsingu af hálfu hæstv. iðnrh., að þessu máli verði hraðað og helzt afgreitt frá Alþ. fyrir jólaleyfi. Hann skýrði frá því réttilega, að þm. Austf. hefðu rætt þetta mál við hann á sérstökum fundi fyrir nokkrum dögum, og var það gert í tilefni af því, að þessi brtt. hefur komið fram við lagafrv. og verður efni þess, eftir að hún verður samþ., dálítið annað en í upphafi var gert ráð fyrir. Ég álít, að í sjálfu sér sé ekki óeðlilegt, að slíkt heimildarákvæði verði sett í l., sérstaklega ef það mætti frekar verða til þess, að alger samstaða næðist um málið, og einnig ef það væri tryggt, eins og raunar hæstv. iðnrh. skýrði hér frá, að það hefði ekki nein áhrif á hraða framkvæmda við virkjun Lagarfoss. Í sambandi við brtt. sjálfa er orðalag hennar á þá leið, að gert er ráð fyrir, að samtök sveitarstjórna á Austurlandi geti óskað eftir því að verða eignar-

Ég vil láta þess getið í sambandi við þetta mál, að ég vék að smávirkjunum og nauðsyn þeirra í upphafi máls míns í þessum umræðum. Þá vil ég einnig minna á það, að í yfirlýsingu af hálfu ríkisstj., sem ég flutti hér ekki alls fyrir löngu, vék ég að því einnig, að það væru í athugun virkjunarmöguleikar fyrir Norðurlandskjördæmi vestra. Ég hafði gert mér vissar vonir um það að geta lagt strax í byrjun þings fyrir ákveðnar till. um virkjun á því svæði, en það þurfti að athuga málið nánar. En ég geri mér vonir um að geta lagt fyrir þetta þing frv. til l. um virkjunarframkvæmdir á þessu svæði, Norðurl. v., sem stendur illa að vígi í raforkumálunum.

Rétt er, að menn viti, að við Andakílsárvirkjun er verið að framkvæma verulega stækkun með kaupum á nýrri vél og bæta við inntaki, sem gert var ráð fyrir strax í upphafi. Þar er um verulega stækkun að ræða á þessari héraðsveitu. Ég held, að afköst þeirrar virkjunar verði tvöfölduð, eða um það bil, þegar þeirri framkvæmd er lokið.

Varðandi fsp. hv. 5. þm. Vestf. um, hvort ég gæti hér gefið yfirlýsingar um fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir á Vestfjörðum, þá vil ég nú leiða það hjá mér. Ég hef ekki það mikinn kunnugleika á því án frekari undirbúnings. Ég vil aðeins segja það, að þar er um vissar virkjunarframkvæmdir að ræða, þ. e. stækkanir á virkjunum, sem fyrir eru, og ný virkjun gæti verið á döfinni. Ég hefði ástæðu til þess að fjalla svolítið um þau mál í haust og ræða þau við aðila, fyrirsvarsmenn þeirra mála og rafveitunefndir á Vestfjörðum, þegar ég væri þar á ferðinni. Ég held, að það gæti verið heppilegt — einkum og sér í lagi þar sem þm. vék að því, að þeir mundu hugleiða þessi mál, þm. Vestf. — að ég hlutaðist til um, að rn. léti þeim í té yfirlit yfir það, hvernig þessi mál standa nú og hvað er á döfinni. Ég gæti vísað þeim á það að hafa samband við rn., en það getur verið þeim þægilegra, og ég skal hlutast til um það, að þm. Vestf. fái sérstaka grg. um það, hvernig þessi mál standa nú og hvernig horfur eru alveg á næstunni á Vestfjörðum.

Ég vil aðeins í því sambandi láta þess getið, að við erum að ljúka rafvæðingaráætlun, eins og kunnugt er, gömlu rafvæðingaráætluninni, á þessu og næsta ári. Þar er töluvert komið til móts við þarfir Vestfjarða, sem eins og aðrir staðir, sem eru í miklu dreifbýli, hafa kannske ekki staðið eins vel að vígi og aðrir. Þeirri rafvæðingaráætlun á að ljúka í ár og á næsta ári, en það er þegar hafinn undirbúningur að nýrri rafvæðingaráætlun, sem ég hef vikið að hér áður í þinginu — nýrri rafvæðingaráætlun með það fyrir augum að leiða rafmagn frá samveitum á öll sveitabýli landsins eða rafvæða þau með öðrum hætti en tengingu við samveitur, þegar þess er kostur. Það er nú verið að afla haldgóðra upplýsinga — heildarupplýsinga — um, hvernig málin standa, og á grundvelli þeirra upplýsinga — þegar þær berast frá héruðunum, og hafa verið bornar saman við þær upplýsingar, sem þegar liggja fyrir — verður haldið áfram að vinna, og um það vil ég auðvitað hafa á hverjum tíma bæði samstarf og samráð við hv. þm. formlega og óformlega. En þá verður reynt að búa um hnútana þannig, að ný rafvæðingaráætlun geti verið tilbúin til þess að taka við, þar sem þeirri gömlu lýkur, en sú gamla var í því fólgin að rafvæða býlin, þar sem meðalvegalengd væri ekki meiri en 1½ km á milli bæja. Uppi eru raddir um það að fara í næsta skrefi upp í 2 km, en við höfum hneigzt að því ráði að taka málið í heild og reyna að gera okkur grein fyrir því, hvernig heildarrafvæðingunni verði lokið. Á þeirri forsendu er unnið að þessari nýju rafvæðingaráætlun.

Ég endurtek svo aðeins þakkir fyrir góðar undirtektir við málið. Ég vil leggja mikla áherzlu á það, að þn. starfi fljótt og vel í málinu og hún dragi það ekki að herja á bæði rn. og Orkustofnunina um allar þær frekari upplýsingar og áætlanir, sem hún telur þörf á í málinu, svo að það nái fljótt og greiðlega fram að ganga. Það gæti greitt fyrir framgangi málsins að hafa lokið afgreiðslu þess fremur fyrr en seinna á þinginu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til iðnn. með 24 shlj. atkv.

Á 25., 26. og 28. fundi í Nd., 30. nóv., 2. og 7. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Nd., 11. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 8, n. 195, 230).

Frsm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Iðnn. þessarar hv. d. hefur athugað frv. þetta um virkjun Lagarfoss og leggur til, að það verði samþ. óbreytt, eins og fram kemur í áliti n. á þskj. 195. Í frv. felast þau meginatriði, að ríkisstj. sé heimilað að fela Rafmagnsveitum ríkisins að virkja Lagarfoss til raforkuvinnslu í allt að 8 þús. hestafla orkuveri, leggja þaðan aðalorkuveitu að Egilsstaðakauptúni og tengja það orkuveitusvæði Grímsárvirkjunar — enn fremur, að ríkisstj. sé heimilað að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs til þessa verkefnis eða ábyrgjast lán, sem nemi allt að 180 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

Fyrir n. lá bréf frá Rafveitu Reyðarfjarðar, þar sem þess er óskað, að Rafveitu Reyðarfjarðar verði heimilað að gerast eignaraðili að Lagarfossvirkjun. Þetta erindi var ekki stutt samþykktum annarra aðila hvorki sveitarstjórnar Reyðarfjarðarhrepps né samþykktum sveitarfélaga á Austurlandi. N. leit svo á, að hér væri um það stórt mál í skipulagningu orkuvinnslu að ræða, að ekki væri unnt að verða við þeirri ósk, sem í þessu erindi felst, ekki sízt þar sem það var ekki stutt samþykktum neinna aðila, sem líklegt væri, að gerðust einnig aðilar að þessu fyrirtæki á Austurlandi. Skipulag orkuvinnslu hér á landi er, sem kunnugt er, í höndum fleiri aðila. Í fyrsta lagi er það í höndum ríkisins, þ. e. Rafmagnsveitna ríkisins, í annan stað á vegum sam-

umr. Það er vissulega ástæða til þess fyrir aðra þm. að samfagna þm. þessa landshluta vegna frv., því að framfaramál eins og rafvirkjanir eða vatnsaflsvirkjanir héraðanna eru vissulega þess eðlis, að þau eiga ekki að vera pólitískt bitbein hvorki hér á Alþ. né annars staðar. En það eru fleiri landshlutar en Austfirðir, sem hafa þörf fyrir aukna raforku, og á Vestfjörðum hagar að mörgu leyti svipað til með raforkuna eins og á Austfjörðum. Þar var á sínum tíma ráðizt í tiltölulega litla vatnsaflsvirkjun á vegum Rafmagnsveitna ríkisins. Þar voru að vísu fyrir nokkur orkuver, en nú er svo komið, að rafmagnsframleiðslan á Vestfjörðum fer að verulegu leyti fram með dísilvélum.

Ég vil þess vegna nota þetta tækifæri til að beina þeirri fsp. til hæstv. ráðh., hvort hann geti gefið upplýsingar um það hér á þessum stað, hvað líði undirbúningi að auknum virkjunum fyrir Vestfirði. Eins og kunnugt er, þá er aðalvatnsaflsvirkjunin, sem Rafmagnsveitur ríkisins eiga og reka, í Arnarfirði, við Mjólká, og þar eru miklir og margvíslegir möguleikar til þess að auka rafmagnsframleiðsluna. Mér er kunnugt um, að það hafa verið gerðar á þessu ýmsar athuganir, og munu þær enn vera í gangi, en mér er ekki kunnugt um, að ákvörðun hafi verið tekin um neina viðbót þar að öðru leyti en því, að fyrirhugað er að gera þar stíflu við Langavatn á næsta ári til þess að auka vatnsmiðlun við Mjólkárvirkjun. Þetta mun út af fyrir sig vera til bóta, því að það mundi þá e. t. v. draga nokkuð úr þörfinni á rafmagnsframleiðslu með olíu, en þetta er ekki nægilegt.

Það er svo komið á Vestfjörðum, þar sem mjög mikil framleiðsla er á fiskafurðum í frystihúsum svo að segja í hverjum firði, að það háir framleiðslunni, að frystihúsin verða að stöðva vélarnar um mesta álagstímann, af því að rafmagnið er ekki nóg. Ég geri alveg ráð fyrir, að þm. Vestf. eigi eftir að hreyfa þessu máli frekar á þessu þingi. Þarna er orðið um mikla og brýna þörf að ræða. En um leið og ég óska þm. Austf. og Austfirðingum öllum til hamingju með þennan árangur, sem þeir hafa nú náð í sínum virkjunarmálum, þá vil ég nota þetta tækifæri til að spyrja hæstv. ráðh., hvort hann geti gefið nokkrar upplýsingar hér um fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir fyrir Vestfirði.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. góðar undirtektir undir þetta frv. Hjá hv. 3. þm. Austf. kom fram, að hann saknaði þess, að áætlun fylgdi ekki með frv. um virkjunina, en sannleikurinn er sá, að ég taldi heppilegra — og það var okkar skoðun í iðnrn. — að ítarlegar væri unnið að henni, en að sjálfsögðu yrði þn. gerð grein fyrir þeim málum. Það verður lögð áherzla á að hraða þessum málum, eins og verða má, því að öðruvísi er ekki hægt að ná því marki, að innsetningartími verði sá, sem hér er gert ráð fyrir og vikið er að í grg. frv. Um bæði það og annað þarf n. að hafa samráð við rn. og Orkumálastofnunina, og það væri auðvitað fengur í því að geta fengið þá áætlun, sem fyrir liggur, þegar n. er reiðubúin til að skila áliti sínu — við fyrstu hentugleika — með nál., þannig að það geti einnig orðið öðrum þm. kunnugt og skjalfest hér í þinginu.

Ég vil aðeins segja það út af ræðu hv. 4. þm. Austf. — sem var mjög velviljuð í þessu máli — þar sem hann vék að eignaraðildinni, að ég tel alveg óþarfa að óttast nokkuð það, að hugmyndir um viðtækari þátttöku í eign og rekstri fyrirtækisins muni nokkuð tefja fyrir því nú. Ég hef sjálfur tekið þá ákvörðun að leggja fram frv. um, að ríkisstj. sé heimilt að fela Rafmagnsveitum ríkisins að virkja Lagarfoss á Fljótsdalshéraði. Hins vegar fannst mér skylt að gera grein fyrir þeim áhuga, sem fram hafði komið um einhvers konar þátttöku aðila fyrir austan í þessu máli, og ég hygg, að það eigi ekki að hafa nein áhrif á framgang málsins nú. Ég get verið alveg sammála hv. þm. um, að það væri ástæða til þess að huga að endurskoðun á lagaákvæðunum um Rafmagnsveitur ríkisins, því að það er rétt, að það er hægt að hugsa sér aðild með öðrum hætti en venjulega er skilið með eignaraðild. Og almennt held ég, að það gæti verið mjög til góðs, að héruðin væru ríkari þátttakendur í rafvirkjunum og rafveitum, jafnvel þótt á vissum sviðum verði ekki hægt að gera kröfur til þeirra á þann hátt, að þau komi til jafns við ríkið með eignarhluta. En auðvitað er líka hægt að kalla það eignaraðild. Það fer þá aðeins eftir því, hvað eignarhlutinn er mikill hjá viðkomandi aðilum og að þeim sé ekki ofvaxið að gerast eignaraðilar. En við skulum leiða hjá okkur að gera því skóna, að þessar hugmyndir, sem geta leitt til góðs bæði á Austfjörðum og annars staðar og kannske til endurskoðunar löggjafarinnar, eins og vikið er að, þurfi á nokkurn hátt að tefja fyrir framkvæmd þessa máls.

Ég get vel nefnt það hér, að það standa yfir viðræður nú um eignaraðild Húsavíkurkaupstaðar á Laxárvirkjun og ég hef verið því hlynntur og jafnvel vakið athygli á viðtækari eignaraðild á Laxárvirkjun, þ. e. að sýslufélög eða hreppsfélög bæði í Þingeyjarsýslu og Eyjafjarðarsýslu gætu fengið með einhverjum hætti aðild að þessari virkjun. Ég hef ótvírætt látið í ljósi þessa skoðun mína, af því að það er ástæða til þess að ætla, að ýmislegt hefði farið betur með slíkri aðild í hvaða formi, sem hún hefði orðið frá upphafi, en raun hefur orðið á í seinni tíð með það fyrirkomulag, sem haft hefur verið, án þess að ég vilji frekar víkja að þeim málum. En ég vil þó segja það, að að svo miklu leyti, sem það kemur í minn hlut, að taka einhverja ákvörðun um eignaraðild t. d. Húsavíkur að Laxárvirkjun, þá er það í mínum huga að vera síður en svo kröfuharður að gera sér ljóst, að framlög og fjármunir geri þeim þessa eignaraðild ekki færa, og ég get einnig sagt, að af hálfu meðlima — stjórnarmeðlima Laxárvirkjunarinnar — eru uppi sömu skoðanir, og ég hef trú á því, að það náist gott samkomulag um þessa eignaraðild, viðbótareignaraðild í þeirri virkjun, sem ekki geti orðið til annars en góðs.

eigi að fara að athuga um það að greiða úr þeim vandamálum og ljúka þeim öllum á viðunandi hátt, þá er ósköp hætt við því, að það dragist að ráðast í Lagarfossvirkjun í nokkur ár enn.

Ég álít því, að það sé mest í samræmi við þær samþykktir, sem Austfirðingar almennt hafa gert í þessu máli, og í samræmi við vilja þeirra, að ráðizt verði í Lagarfossvirkjun samkv. þessu frv., og ríkið, sem hefur þegar tekið í sínar hendur svo að segja öll raforkumálin á Austurlandi, framkvæmi þessa virkjun. Síðar verði athugað um það, ef menn óska sérstaklega eftir því að breyta þarna eignar- og rekstraraðild frá því, sem nú er. Á þetta vil ég fyrir mitt leyti leggja höfuðáherzlu, því að samkv. þessu frv. er við það miðað, að hin nýja Lagarfossvirkjun verði tekin í notkun að tveimur árum liðnum eða í lok ársins 1972. Það má því ekki verða hér neinn dráttur á framkvæmdum. Það þarf að ráðast í framkvæmdirnar strax og vinna að þeim alveg ósleitilega, ef á að ná þessu marki. Ég vil vænta þess, að þeir aðilar, sem kunna að hafa skoðun á því, að annað rekstrarform en það, sem við höfum búið við í þessum efnum, væri heppilegra, geri ekkert, sem gæti orðið til þess að tefja framkvæmdir í málinu.

En í þessum efnum vil ég segja það, að ég tel, að í þessum efnum sé orðin brýn nauðsyn á því, að núverandi lög um Rafmagnsveitur ríkisins séu tekin til endurskoðunar. Það er mín skoðun, að verði það form ríkjandi áfram, að Rafmagnsveitur ríkisins eigi og reki orkuverin á Austurlandi og aðaldreifiveitur á því svæði, þá sé nauðsynlegt í þeim fjórðungi og auðvitað alveg eins í öðrum fjórðungum, þar sem svipað stendur á, að koma því þannig fyrir, að samtök heimamanna, t. d. samband sveitarstjórnanna á Austurlandi hafi aðstöðu til þess að vera virkir þátttakendur í stjórn fyrirtækisins á sínu svæði, hafi rétt til þess að tilnefna fulltrúa í stjórn og hafi þannig aðstöðu til þess að hafa veruleg áhrif á rekstur fyrirtækisins. Eðlilega mundi yfirstjórn raforkumála áskilja sér rétt til þess að ráða því, hvort ráðizt væri í meiri háttar nýjar framkvæmdir eða meiri háttar breytingar eða ekki, en undir rekstrarstjórnina mundu að sjálfsögðu falla margþætt viðfangsefni, sem upp koma á hverjum tíma í rekstri slíks fyrirtækis sem rafveitustjórnarinnar fyrir allt Austurland.

Ég tel, að það sé mikil þörf á því að gera breytingar á gildandi l. að þessu leyti, en hitt er ég ekki eins viss um fyrir mitt leyti, að það sé hin æskilega stefna að margdeila upp Rafmagnsveitum ríkisins í ótalmargar smærri héraðs- eða sveitaveitur. Það er að vísu rétt, að það koma að sjálfsögðu gjarnan fram hjá fólkinu úti á landi, þegar því þykir, að seint gangi að sannfæra forystumenn suður í Reykjavík, sem hafa yfirstjórn á þýðingarmiklum framkvæmdamálum, kröfur um það, að bezt væri að slíta þetta allt í sundur og hafa þar einir og sjálfir með málin að gera. Þetta er ekkert sérstakt með raforkumál. Þetta kemur í ljós í flestöllum málaflokkum, þar sem reynir verulega á hagsmunaaðstöðu fólksins á hinum ýmsu stöðum. Þetta gæti t. d. átt við í sambandi við skóla- og fræðslumál og fjöldamörg önnur. Það ríkir þar ekki fullkomið samkomulag um það, hvernig yfirstjórnin er á þeim málum. En menn munu reka sig á það, að það mundu einnig fylgja því margvísleg vandkvæði, ef þessu yrði öllu deilt upp í smáhverfi eða smástjórnir og yfirstjórnin væri harla lítil.

En aðalatriðið í þessu máli tel ég þó vera það, að það þurfi að hefjast handa nú þegar um virkjun þá í Lagarfossi, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Það hefur enginn aðstæður til þess að ráðast í hana, eins og sakir standa, nema Rafmagnsveitur ríkisins, eins og gert er ráð fyrir í frv., og ríkið verður að útvega það fjármagn, sem til þarf. Ef til þess á að koma að breyta eignar- og rekstrarforminu á rafmagnsveitunum fyrir austan, þá getur það orðið eigi að síður á eftir, þegar Lagarfossvirkjun er orðin að veruleika, en það þarf ekki að fara að togast á um það atriði nú og setja þar með þessa framkvæmd í hættu eða eiga það á hættu, að hún dragist enn úr hömlu. Nógur er drátturinn, sem orðinn er, og nóg er það tap, sem orðið hefur af þeim drætti. Ég mun svo styðja að því, eins og ég get, að þetta frv. fái fljóta afgreiðslu í þinginu.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð vegna ræðu hv. síðasta ræðumanns, 4. þm. Austf. Hann virtist óttast það, að það kynni að tefja eitthvað málið, ef þessi málaleitun Reyðfirðinga yrði tekin til athugunar í n., en ég óttast það alls ekki, og ég veit, að það dettur engum í hug, að ég eða þeir á Reyðarfirði hafi löngun til þess að tefja frekar en orðið er fyrir þeim framkvæmdum, sem þarna eru fyrirhugaðar. En mér þótti hins vegar vænt um að heyra það í hans ræðu síðar, að hann viðurkennir þau rök, sem raunverulega liggja á bak við það mál, sem ég hef hér flutt og lýsir skoðun mjög margra sveitarfélaga, virðist meira að segja vera yfirlýst skoðun t. d. Sambands ísl. sveitarfélaga, þ. e. að einmitt raforkumálin eigi að vera í höndum samtaka þeirra. Það er alveg rétt, að ein ástæðan er áreiðanlega sú, að almenningi er farið að skiljast þetta, og hann verður var við ýmsa vankanta á því fyrirkomulagi, sem nú er, eins og t. d. það, að það skuli ekki vera hægt að fá heimtaug í eitt einasta hús, hvar sem er á landinu, nema með því að leita samþykkis yfirvalda á Laugavegi 118 í Reykjavík. Ég vil aðeins nefna þetta. Þetta mál þurfti hins vegar ekki að koma sérstaklega við sögu í athugun á eignaraðild að Lagarfossvirkjun. Og það er alveg rétt, sem hv. þm. sagði, að vitanlega er það mál ekki úr sögunni, þ. e. athugunin á skipulagsbreytingu í raforkumálum yfirleitt, þó að þetta frv. nái fram að ganga í því formi, sem það er núna. En hitt vil ég enn leggja áherzlu á, að þessi málaleitun Reyðfirðinga verði vandlega athuguð.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Hv. þm. Austf. hafa nú, sem vonlegt er, lýst yfir ánægju sinni með framkomið frv. um virkjun Lagarfoss, sem hér er til

fram ákvörðun um virkjun Lagarfoss og hafa ástæðu til þess að gleðjast sameiginlega yfir því, að málið er komið á þetta stig. Enn fremur er nauðsynlegt að minnast þess, að sveitarstjórnasambandið á Austurlandi hefur lagt mjög mikla vinnu í þetta mál og orðið að stórfelldu liði — og ekki síður fulltrúar Austurlands í raforkunefndinni, sem starfaði að þessu máli og hæstv. ráðh. minntist á hér áðan. Sjálfsagt er að íhuga hleypidómalaust það bréf, sem komið hefur frá Rafveitu Reyðarfjarðar, sem hæstv. ráðh. vék að, og kynna sér viðhorf Austfirðinga í því máli, og ég geri ráð fyrir, að sveitarstjórnasambandið geti sagt hug þeirra í því, þannig að það þurfi ekki að tefja málið að komast eftir því, hvernig viðhorf manna er varðandi rekstraraðilann að virkjuninni. En ég legg megináherzlu á, að það verði ekki farið inn á neinar þær leiðir í sambandi við þetta mál, sem tefja það á einn eða annan hátt. Aðalatriðið er, að hægt sé að fylgja fram með fullum hraða þeim ákvörðunum, sem teknar hafa verið af hæstv. ríkisstj. — sem sé sameinast um að beita sér fyrir þessu mikla hagsmunamáli Austfirðinga, og á það vil ég leggja höfuðáherzlu, að haldið verði áfram með sem mestum hraða.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vil taka hér undir með öðrum þm. af Austurlandi og fagna því, að þetta frv. um virkjun Lagarfoss er lagt hér fyrir Alþ. og að ríkisstj. skuli hafa tekið ákvörðun um það, að ráðizt verði í þá virkjun, sem frv. fjallar um. Það er, eins og hér hefur verið sagt, um gamalt baráttumál Austfirðinga að ræða. Það er rétt, að við þm. Austf. höfum allir í mörg ár klifað á því við stjórnvöld og yfirmenn í raforkumálum, að það væri orðin knýjandi nauðsyn á því að ráðast í þessa virkjun, en því miður hefur okkar sókn gengið grátlega seint. Það hefur sem sé farið þannig allan þennan langa tíma, að alltaf hefur verið talað um nýja og nýja athugun, og það hafa verið skipaðar margar nefndir, málið dregizt og raforkuþörf Austfirðinga hefur verið leyst með síauknum dísilvélakosti.

En nú er þessu tímabili lokið, og það liggur fyrir að taka hér formlegar ákvarðanir um það á Alþ., að ráðizt verði í virkjun Lagarfoss, þó að þar sé að vísu aðeins um byrjunarframkvæmd að ræða. Það er út af fyrir sig fagnaðarefni, að þessum áfanga er þó náð. Ég vil fyrir mitt leyti leggja áherzlu á það, að um leið og ráðizt er í virkjun Lagarfoss, þá verður að hafa það í huga, að það þarf jafnhliða að gera ráðstafanir í þá átt að nýta þá miklu möguleika, sem þar skapast. Það má ekki við það una, að raforkunotkun á Austurlandi verði aðeins bundin við það stig, sem hún er á nú. Þarna er auðvitað um gífurlega mikla möguleika að ræða til að auka hagkvæmari raforkunotkun. Það er býsna athyglisvert í þessu sambandi, sem fram kemur í grg. þessa frv. og staðfestir það, sem við þm. Austf. höfum æðioft drepið á í viðræðum okkar við yfirvöld raforkumála, að það er ekkert um það að villast, að vegna ástandsins, sem við höfum búið við í raforkumálum, hefur raforkunotkun ekki verið með eðlilegum hætti í þessum fjórðungi. Í grg., sem fylgir þessu frv., segir m. a. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Að tekinni þeirri grundvallarákvörðun, sem hér um ræðir," — þ. e. um það að ráðast í virkjun Lagarfoss — „myndu Rafmagnsveitur ríkisins stefna að sem hagfelldastri uppbyggingu orkumarkaðar á Austurlandi með hliðsjón af væntanlegum innsetningartíma virkjunar og með tilliti til hagsmuna orkunotenda."

Ég þarf ekki að lesa meira. Í þessu felst bein viðurkenning á því, að þegar hér verður um orku að ræða frá vatnsvirkjun, þá telja raforkuyfirvöld fyrst ástæðu til þess að fara að beita sér að hagkvæmari notkun raforkunnar. Menn viðurkenna það, að auðvitað hefur heildarreksturinn verið í því formi, að allt væri miðað við það, að menn notuðu eins litla raforku og hægt væri að komast af með, af því að hún væri óheyrilega dýr. Það þarf auðvitað að miða við það t. d., að ráðizt verði almennt í upphitun húsa með raforku á Austurlandi, þegar ný virkjun er komin í gagnið. Það þarf vitanlega að reikna með því, að það verði um verulegt framhald að ræða á nýjum verksmiðjurekstri og að þó nokkuð af verksmiðjurekstri, sem fyrir er á Austurlandi, verði raunverulega tengdur við orkuveitusvæðið auk þess, sem það hlýtur vitanlega að skapast á Austurlandi aðstaða til fjölbreyttari iðnrekstrar en þar er nú. Í sambandi við þetta frv. hefur verið á það minnzt hér í umr., að það kæmi til athugunar að íhuga nokkru betur eignar- og rekstraraðild að hinni nýju virkjun á Austurlandi. M. a. hefur verið lesið hér upp bréf frá einni lítilli rafveitu á Austurlandi, rafveitunni á Reyðarfirði, þar sem þess er farið á leit, að sú rafveita geti e. t. v. orðið eignaraðili að þessari virkjun. Og hv. 3. þm. Austf., Jónas Pétursson, lagði hér einnig á það áherzlu í sinni ræðu, að hann teldi, að það þyrfti að athuga sérstaklega um þessa hlið málsins.

Í sambandi við þetta vil ég fyrir mitt leyti leggja áherzlu á það, að það verði án frekari tafa af nýjum og nýjum athugunum ráðizt í að gera þá virkjun, sem gert er ráð fyrir með þessu frv., og á þeim grundvelli, sem miðað er við í frv. Ef menn teldu það síðar hagkvæmara, að Austfirðingar, sveitarfélög á Austurlandi, yrðu aðilar að Austurlandsveitu með ríkinu, þá er vitanlega hægt að breyta þar um rekstrar- og eignaraðild, þó að Lagarfossvirkjun væri komin upp. Það er til allmikið rafveitukerfi á Austurlandi nú þegar, og hér yrði því ekki aðeins um það að ræða að breyta um eignaraðild frá því, sem er markað í þessu frv., að Lagarfossvirkjun, heldur á veitukerfinu í heild. Þetta mál hefur verið allmikið til umræðu meðal Austfirðinga, og menn hafa vitanlega rekið sig á það, að það er hægara sagt en gert að ætla að breyta því eignar- og rekstrarformi, sem þarna hefur verið byggt upp, og taka þar upp nýtt form. Þar koma upp margvísleg vandamál, sem eru þess eðlis, að

og ítreka það, sem hæstv. ráðh. lýsti, að fram hefði komið málaleitun frá Rafveitu Reyðarfjarðar um þátttöku í þessari fyrirhuguðu virkjun — um eignaraðild, og ég vil alveg sérstaklega beina því til hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, að athuga þá hlið málsins mjög vandlega. Ég veit, að það er yfirleitt hv. þdm. kunnugt, að ég hef eindregið verið þeirrar skoðunar, að raforkumálin þyrftu að komast sem mest í hendur sveitarfélaga og heimaaðila, og það er einmitt þess vegna, sem ég legg áherzlu á það, að þetta mál verði vandlega athugað frá því sjónarmiði núna við meðferð málsins.

Svo sem frv. ber með sér, er hér gert ráð fyrir lántökuheimild að upphæð um 180 millj. kr., og mér skilst, að þá sé miðað við þær áætlanir, sem nú eru helzt fyrir hendi um kostnað við þetta fyrsta stig virkjunarinnar. Nú þykir mér það að vísu heldur galli, að það er ekki nein áætlun, sem fylgir þessu máli, og ég hef verið að reyna að kynna mér það ögn, hvernig hún liti út — sú áætlun, sem þetta frv. er miðað við. Það hefur verið upplýst, að m. a. væri gert ráð fyrir 22 millj. kr. í línu frá Lagarfossi í Egilsstaði. Ég hef rætt þetta oft við ýmsa rafmagnssérfræðinga, og þeir hafa verið þeirrar skoðunar, að það væri í fyrstu hægt að komast af með miklu minna fjármagn í þessu skyni. Þetta muni vera miðað við 60 kílóvolta línu, en til að byrja með mundi nægja að hafa 30 kílóvolta línu. Ég bendi á þetta, vegna þess að ég álít, að það séu ýmis atriði í undirbúningi málsins enn, sem þurfi að taka til nánari athugunar. Enn fremur verð ég að segja, að það stærðarmark, sem hér er sett — um 8 þús. hestöfl — í orkuverinu, virðist mér vera of lágt. Það er að vísu rétt, að það er gert ráð fyrir því, að í byrjun sé orkuverið ekki stærra, og þá er talað um rennslisvirkjun, en ég vænti nú, að það sé flestum ljóst, að gildi Lagarfossvirkjunar og þessi mikla hagkvæmni, sem er í orkuveri eins og þar, er einmitt bundin við miðlunina, sem er í uppistöðunni í Lagarfljótinu sjálfu. Þess vegna hlýtur miðlunin að koma í beinu framhaldi af þessari byrjunarframkvæmd. Og þá er spurningin, hvort það sé ekki skynsamlegra að líta strax á hana einnig og miða stærð heimildarinnar eða hestaflatöluna við það. Á þetta vildi ég einnig benda nú strax við 1. umr. málsins.

Það er í raun og veru fleira — svona eftir því sem ég hef komizt næst — í tilhögun, sem mér sýnist orka tvímælis. Ég vil gjarnan, að það komi hér fram, að allt frá því, að ég fór að undirbúa frv. mitt 1966, hef ég beitt mér fyrir, að nokkrir sérfróðir menn í virkjunarmálum könnuðu þetta mál, gerðu áætlun um virkjun og skiluðu slíkri skýrslu. Það var gert á verkfræðistofu Stefáns Ólafssonar, og áætlunin var unnin með honum af þeim Jóhanni Indriðasyni rafmagnsverkfræðingi og Ásgeiri Sæmundssyni tæknifræðingi. Og ég þori að fullyrða það, að sú vinna hafði mjög mikla þýðingu í því að koma þessu máli á hagkvæmara stig og hafði mikil áhrif á framvindu málsins. Ég vil aðeins minna einnig á það nú, að samkv. útreikningi, sem framkvæmdur var af Ásgeiri Sæmundssyni — s. l. vetur að vísu og miðað við áætlun á virkjunarframkvæmdinni, sem var gerð, þegar verðlag var lægra en nú er — þá var áætlað verð á mannvirkinu um 160 millj. kr. og þá miðað við stíflu og orkuver, sem var um 8 þús. kw. eða um 8 mw. En það var eiginlega sú stærð, sem virtist nýta bezt þá miðlun, sem þarna gat verið fyrir hendi í meðalrennslisári. Miðað við þessar tölur — þessa orkuframleiðslumöguleika — varð útkoman sú, að kwst. kostaði aðeins um 22.3 aura eða um einum eyri meira en við hina hagstæðu orkuframleiðslu við fullvirkjun í Búrfelli. Ég vil gjarnan, að þetta komi hér fram til að undirstrika það, hversu hér er um sérstaklega hagstæða raforkuframleiðslu að ræða.

En ég stóð upp til þess að fagna framkomu þessa frv. og til þess að leggja áherzlu á það, að í umræðum um málið verði vandlega athuguð málaleitun Rafveitu Reyðarfjarðar og þátttaka frá upphafi hjá sveitarfélögum á Austurlandi í virkjun í Lagarfljóti.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að þetta frv. er komið fram og stuðningi mínum eindregnum við það. Það, sem er þó þýðingarmest við þetta frv., er, að á bak við það liggur ákvörðun ríkisstj. um að ráðast í Lagarfossvirkjunina og að byrjað er nú þegar á undirbúningsframkvæmdum. Það er í l. áður heimild til þess að virkja Lagarfoss — öðruvísi þó en hér er farið fram á. Meiningin með þessu frv. er sýnilega að fá hjá Alþ. heimildir til þess að framkvæma Lagarfossvirkjunina á þann hátt, sem ráðh. hefur nú í raun og veru tekið ákvörðun um, og öllum er kunnugt, að byrjað er á framkvæmdum. Það er gert ráð fyrir, að fyrst verði einvörðungu um rennslisvirkjun að ræða, en með stækkunarmöguleikum eins og greinilega var tekið fram hjá hæstv. ráðh. Það er álitið, að það muni fást mjög hagstætt raforkuverð í Lagarfossvirkjuninni, og stækkunarmöguleikar eru verulegir, þannig að þarna ætti að geta verið um sívaxandi raforkunotkun og framleiðslu að ræða á þessu svæði. M. a. vonar maður, að þess verði ekki langt að bíða, að þarna verði um verulega notkun á raforku að ræða til hitunar.

Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja hér aðdraganda þessa máls. Það er áratugagamalt baráttumál Austfirðinga að fá Lagarfoss virkjaðan, en fram að þessu hafa raforkuyfirvöld — einkanlega þau tæknilegu — ætíð talið, að orkunotkun á Austurlandi væri ekki nógu mikil til þess að réttlæta byrjunarvirkjun í Lagarfossi. En nú er viðhorfið breytt að því leyti, að stjórn Rafmagnsveitna ríkisins hefur lagt til við hæstv. ráðh., eins og fskj. með frv. ber með sér, að Lagarfoss verði virkjaður, og á því hefur hæstv. ráðh. góðu heilli byggt sína afstöðu í málinu, sem er sérstök ástæða til þess að fagna, eins og ég tók fram áðan.

Það eru margir, sem hafa komið við sögu í þessu verki, og þm. Austf. hafa staðið vel saman — það er ánægjulegt að minnast þess — í því að reyna að fá

þess af ríkisstj. að fá aðstoð hennar til framkvæmdanna, svo að þau geti virkjað sjálf. Það er auðvitað hugsanlegt, að Rafmagnsveitur ríkisins yrðu skikkaðar til að virkja. Það er ekki aðalatriðið, heldur hitt, að virkjað verði.

Það hefir raunar verið reiknað út, að draga mætti virkjunarframkvæmdir nokkuð með því að leggja línu að norðan. En línan leysir ekki málið til langframa, og þegar fyrirhugað virkjunarstig í Laxá er ekki stærra en það, að Laxárvirkjunin verður ekki aflögufær, þá er auðsætt, að Lagarfossvirkjun verður að koma á undan sambandslínunni.

Ég sá það í erindum Austfirðinga, að þeir vildu enga samninga við Norðlendinga um samskipti í raforkumálum. Mér þótti miður að sjá þetta, af því að í málefnum raforkuveitu verður að koma til samvinna milli héraða um raforkuöflun og flutning.

Ef Austfirðingar virkja Lagarfoss sjálfir, verða þeir að semja við Rafmagnsveitur ríkisins um samstarfið við dreifingu orkunnar. Það er sitt hvað að vinna orku í vatnsaflsstöð og selja í heild til dreifikerfis eða hitt að annast dreifingu orkunnar til hvers notanda. Hlutverki Rafmagnsveitna ríkisins þarf ekki að vera lokið á Austfjörðum, þótt Lagarfoss verði virkjaður.

Línan milli Austurlands og Norðurlands kemur til með að hafa sínu hlutverki að gegna til að brúa bilin milli virkjanastiga, og vafalaust verður góð og gagnleg samvinna þar um, þegar svo langt er komið.

Það hefur verið sagt, að ekkert sé athugavert við það, þótt tekið sé upp samstarf milli vatnsaflsstöðva og dísilstöðva svo sem Rafmagnsveitur ríkisins hafa gert í vaxandi mæli. Þetta samstarf geti komið betur út fjárhagslega en ef orkan væri eingöngu unnin með vatnsafli. Þetta er rétt upp að vissu marki. Dísilstöð upp að 20—25% af sameiginlegu hámarksafli getur átt fullan rétt á sér, en þegar dísilaflið þarf að verða 50% og jafnvel 100% á móts við vatnsaflið, er komið út fyrir hagstæð fjárhagsskilyrði, og aukið vatnsafl verður aðkallandi. Þannig er nú ástatt á Austfjörðum og víðar.

Ég óska Austfirðingum til hamingju með að hafa tekið virkjun Lagarfoss upp sem héraðsmál og vona, að þeir geti leitt það til sigurs sem fyrst."

Hér lýkur því, sem ég vitna til úr þessari ræðu Steingríms Jónssonar. Hún fjallar almennt um þýðingu smávirkjananna, en hún er töluð út frá því sjónarmiði, að Austfirðingar sjálfir virki Lagarfoss. Eins og ég sagði áðan, væri það út af fyrir sig atriði, sem vel má ræða hér, meðan málið er haft til meðferðar, þó að í frv. sé gert ráð fyrir, að Rafmagnsveitur ríkisins taki að sér þessa virkjun. Ég nefndi það áðan, að fyrir austan væri hjá tilteknum aðila áhugi á eignaraðild að Lagarfossvirkjun, ef virkjað yrði á vegum Rafmagnsveitna ríkisins, og þar átti ég við bréf frá Rafmagnsveitu Reyðarfjarðar, dags. 12. okt. s. l., þar sem Rafveita Reyðarfjarðar skrifar á eftirfarandi hátt, með leyfi hæstv. forseta:

Þar sem ákvörðun hefur verið tekin um virkjun Lagarfoss, en hins vegar ekki afráðin eignaraðild að þessari virkjun, vill Rafveita Reyðarfjarðar fara þess á leit, að athugaðir verði möguleikar á eignaraðild hennar að Lagarfossvirkjun. Rafveita Reyðarfjarðar er eina orkuveitufyrirtækið á Austurlandi, sem er í eigu sveitarfélags. Rafveita Reyðarfjarðar lét gera á sínum vegum nýja áætlun um virkjun Lagarfoss á árunum 1964—1965, sem Ásgeir Sæmundsson vann, og varð sú áætlun til þess að vekja þetta mál upp að nýju og hefur orðið grundvöllur þeirra áætlana og rannsókna, sem síðan hafa verið gerðar og fyrirhugaðar framkvæmdir byggjast á. Rafmagnsveita Reyðarfjarðar er ekki stórt fyrirtæki, en rekstur þess hefur gengið vel. En hér sem annars staðar er orkuþörfin vaxandi. Þess vegna er þessi málaleitun fram borin í öruggri trú á gildi virkjunar í Lagarfossi fyrir raforkunotendur á Austurlandi. Við erum þeirrar skoðunar, að samvinna ríkis og sveitarfélaga um slíkt fyrirtæki hafi gefið það góða raun, að ástæða sé til þess að stuðla að þeirri þróun varðandi Lagarfossvirkjun. Verði þessari málaleitan vel tekið, sem við vonumst fastlega eftir, munu aðrar hliðar málsins svo sem stærð, eignarhluti og fjárhagshlið ræddar síðar. Svar óskast við fyrstu þóknanlega hentugleika.

Virðingarfyllst
Rafveita Reyðarfjarðar,
Sigfús Guðlaugsson
Guðjón Þórarinsson.

Afrit af þessu bréfi mun hafa verið sent Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi. Þessu bréfi hefur rn. svarað og gert Rafmagnsveitu Reyðarfjarðar grein fyrir, að rn. muni vekja athygli á málinu hjá þeirri þn., sem fær málið til meðferðar.

Ég hef bæði viljað greina frá þessu bréfi og eins því, sem ég vitnaði til um smárafveitur og forgöngu sveitarfélaga í raforkumálum, sem fram kom í erindi Steingríms Jónssonar, fyrrv. rafmagnsstjóra hér í Reykjavík, vegna þess að mér finnst, að það eigi allt að koma til athugunar í umræðum um málið, og höfuðmál er það, hvort samkomulag eða góð samstaða skapast, þegar í slíkar virkjanir er ráðizt, hver sem hefur með höndum virkjanirnar að lokum, og hvort hægt er að forða sér frá árekstrum, sem illu heilli hafa sums staðar annars staðar gert vart við sig.

Ég vil mega vænta þess, að þessu frv. verði vel tekið, og vil leyfa mér að lokum að óska þess, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að fagna framkomu þessa frv. um virkjun í Lagarfljóti, og ég vil taka undir þær óskir hæstv. ráðh., að málið fái góðar undirtektir, og sérstaklega vil ég vona, að það fái nú betri undirtektir en frv. mitt, sem ég flutti hér 1966 um virkjun í Lagarfljóti, sem einnig var um skipulagsbreytingu í raforkumálum Austurlands. Ég vil einnig taka undir eða minna á

Það kemur fram í aths., að fyrirvari er gerður af hálfu rafmagnsveitnanna vegna hugsanlegra jákvæðra undirtekta, sem bærust alveg á næstunni frá Laxárvirkjun og þyrfti að sjálfsögðu að taka til athugunar. Engar slíkar jákvæðar undirtektir hafa heyrzt síðan.

Þá er einnig að því vikið, að niðurstöður athugana Rafmagnsveitna ríkisins verði sendar Orkustofnun og mun umsagnar að vænta, eins og þar segir. Þessi umsögn liggur enn ekki fyrir, en eftir henni hefur verið gengið, og mun hún berast alveg á næstunni og koma til meðferðar í þeirri n., sem fær þetta mál til athugunar.

Hér er gert ráð fyrir því í frv., að ríkisstj. sé heimilt að fela Rafmagnsveitum ríkisins að virkja Lagarfoss. Í sjálfu sér gæti vel komið til greina önnur eignaraðild að slíkri virkjun, og ýmsir hafa haft það í huga, að Austfirðingar sjálfir eða sveitarfélögin þar fyrir austan stæðu fyrir slíkri virkjun. Borizt hafa tilmæli um hlutdeild að eignaraðild frá einum aðila, sem ég skal víkja að síðar. En ég tel, að um eignaraðild að þessu og fyrirkomulag virkjunarinnar geti gefizt tóm til þess að ræða frá öllum sjónarmiðum í umræðum um málið hér í þinginu, og ég hygg, að það sé kannske ekki aðalatriðið í þessu máli, heldur fyrst og fremst það, að skjótlega sé brugðið við til þess að framkvæma þær virkjanir, sem þarna er um að ræða, og bæta úr þeim rafmagnsskorti, sem er og verður væntanlega á næstunni, ef ekki er að gert á Austurlandi.

Hér er ekki um stóra virkjun að ræða, en hún þjónar sínum tilgangi fyrir héruðin þarna fyrir austan. Ætíð verður að hafa í huga, að á vissum tímum og af hagkvæmnisástæðum eiga smávirkjanirnar auðvitað rétt á sér ekki síður en stórvirkjanirnar, einkum og sér í lagi þegar þannig stendur á, að stórvirkjanir, sem gætu kannske gefið hagkvæmari raforku eru ekki á næsta leiti. Ég vil aðeins víkja að því, að það er þegar hafinn undirbúningur að rannsóknum — og rannsóknir raunar hafnar — á hugsanlegum stórvirkjunum fyrir austan. Fljótt á litið sýnast vera þar fyrir hendi miklir möguleikar fyrir stórvirkjun með því að hagnýta þau vötn, sem falla til Austurlandsins, án þess að nokkrar vatnabreytingar verði gerðar á fallvötnum á hálendinu, og eftir því sem fróðir menn telja, ætti að vera unnt að reisa allt að 300 mw. virkjun með miklu falli — 600 m falli niður af hálendinu og niður í Fljótsdalshérað. Að þessu verður að sjálfsögðu áfram unnið. Það tekur tíma að gera sér grein fyrir möguleikunum til stórvirkjunar vegna virkjunarinnar sjálfrar — nokkuð mörg ár mætti ætla, og einnig verður að hafa það í huga, að í slíka virkjun yrði ekki ráðizt þarna austur frá, nema jafnhliða lægju fyrir athuganir og niðurstöður um nýja stóriðju þar fyrir austan, sem einnig gæti verið undirstaðan undir byggingu slíks orkuvers.

Ég er þeirrar skoðunar, að að sumu leyti hafi smávirkjanirnar fallið í skuggann fyrir stórvirkjun nú upp á síðkastið, en það er nokkuð af sérstökum ástæðum. Um þetta var rætt á fundi Sambands ísl. rafveitna fyrir austan í sumar, og þó að ég væri ekki á þeim fundi, þá var ráðuneytisstjóri minn þar. Ég hafði líka nákvæmar fréttir af þeim fundi, og það var mikill áhugi og hugur í Austfirðingum einmitt um virkjun Lagarfoss. Steingrímur Jónsson, hinn gamli og reyndi fyrrverandi rafmagnsstjóri hér í Reykjavík, flutti þar erindi, sem ég hafði ánægju af að kynna mér, og mér finnst reyndar full ástæða til að taka upp úr því nokkur atriði, sem eiga erindi hér inn í þingsalina í tengslum við mál eins og þetta. Steingrímur Jónsson sagði þá m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Því hefir verið haldið fram, að smávirkjanir væru dýrar og að eingöngu stórar virkjanir gætu komið að gagni í landinu til að veita mönnum ódýra raforku. En þetta er ekki að öllu leyti rétt. Það fer eftir staðháttum, hvort vatnsaflsvirkjun verður dýr eða ódýr. T. d. er virkjun Þjórsár hjá Búrfelli ekki sérlega hagstæð, en sökum þess, hve fallið er mikið og vatnsmagnið, getur hún samt skilað tiltölulega ódýrri raforku vegna stærðar sinnar þrátt fyrir örðugar aðstæður. Smávirkjun við góðar aðstæður getur gert eins vel að því leyti. Ef flytja þarf raforkuna um langan veg frá hagstæðari virkjun, getur það gert útkomuna óhagstæða á notkunarstað miðað við nærtækari virkjun.

Við skoðuðum í dag elztu vatnsaflsstöð landsins, sem enn er í starfi, byggð 1911 við fjallalæk í Eskifjarðarkauptúni. Þegar við fórum þaðan, ókum við í gegnum kauptúnið inn hlíðina. Þar runnu margir lækir sams konar þeim, sem virkjaður var, niður hlíðina á mörgum stöðum inn eftir dalnum. Að vísu voru þeir vatnsmiklir á þessum tíma árs, en margir þeirra hafa nokkurt rennsli allt árið og sumum má auðveldlega veita saman. Hvers vegna hafa þeir ekki verið virkjaðir einnig? Það er þörf fyrir meira en 50 kw. handa kauptúninu, það gæti notað yfir tíu sinnum meira.

Þannig er víðar í landinu og óánægja hefir komið fram vegna þess, að þessum virkjunarmálum smávirkjana hefir ekki verið sinnt, einkum á Norðurlandi vestra og á Vestfjörðum svo og einnig á Austurlandi, og við erum hér í dag einmitt að ræða virkjun Lagarfoss vegna þess, að vatnsaflsvirkjunum hafa ekki verið gerð viðhlítandi skil í þessum landshluta.

Þegar orkumálastjórn hefst ekki handa, er eðlilegt, að héraðsbúar rísi upp, kvarti yfir aðgerðarleysi og krefjist þess að mega taka til sinna ráða. Það er fullkomlega réttmætt. Rafmagnsmálin voru í fyrstu sveitarstjórnarmál og eru það enn samkv. vatnalögum. Þegar einstakar sveitarstjórnir ráða ekki við málið, er auðsætt, að koma verða til samtök þeirra svo sem sýslunefndir, líkt og fylkisstjórnir í Noregi hafa víða tekið stjórn raforkumálanna í sínar hendur innan fylkis. Hér yrði þó um samtök sýslunefndanna að ræða, og kemur þá fram þörfin á samtökum um allt Austurland til þess að hrinda í framkvæmd virkjun Lagarfoss.

Mér virðist það réttmætt, að héruðin geti krafizt

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um málið. N. leggur til, eins og fram kemur á þskj. 271, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 277).

---

11. Virkjun Lagarfoss.

Á 1. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um virkjun Lagarfoss [8. mál] (stjfrv., A. 8).

Á 3. fundi í Nd., 19. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 4. fundi í Nd., 22. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að mæla með nokkrum orðum fyrir frv. til l. um virkjun Lagarfoss á þskj. nr. 8. Það er meginefni þessa frv., að ríkisstj. sé heimilað að fela Rafmagnsveitum ríkisins að virkja Lagarfoss á Fljótsdalshéraði til raforkuvinnslu í allt að 8 þús. hestafla orkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu að Egilsstaðakauptúni til tengingar þar við veitukerfi Grímsárvirkjunar. Í sambandi við þetta er ríkisstj. heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs og ábyrgjast lán, er rafmagnsveiturnar tækju, allt að 180 millj. kr. eða jafnvirði þeirra í erlendri mynt. Að öðru leyti eru ákvæði svipuð og í öðrum hliðstæðum lögum, m.a. í 3. gr., þ. e. að fella skuli niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum og vélum til virkjunarinnar, en um stofnun og rekstur orkuversins og orkuveitnanna, sem um getur í þessum gr., sem ég nú hef verið að vitna til, fer að öðru leyti eftir ákvæðum orkulaganna.

Það hafa lengi verið á döfinni hugmyndir um virkjun Lagarfoss, og sívaxandi þörf fyrir betri úrlausn í orkumálum á Austurlandi en nú er fyrir hendi hefur ýtt á eftir frekari athugun þess máls. Það kemur fram í aths. með frv., að þáv. ráðh. orkumála, Ingólfur Jónsson, endurskipaði, eins og þar segir, raforkumálanefnd Norður- og Austurlands, er starfað hafði á árunum 1966—1967 að athugun á raforkumálum í þessum landshlutum, og þessar nefndir höfðu fyrr og síðar það verkefni að gera sér grein fyrir sem hagkvæmastri orkuvinnslu fyrir Austfirðinga. Þá var það aðallega Lagarfossvirkjun annars vegar, sem um var að ræða, og hins vegar rafmagn frá Laxárvirkjun með línu, sem lögð yrði á milli Norðurlands og Austurlands.

Það hefur verið mjög áberandi, hversu illa horfir með rafmagnsmálin á Austurlandi, einkum og sér í lagi eftir að síldveiðarnar brugðust þarna fyrir austan. En dísilstöðvunum hafði verið komið upp, og rafmagnið frá þeim er allt of dýrt, og sérstaklega verður það enn þá óhagkvæmara, þegar það nýtist ekki í þágu þeirra miklu neytenda, sem síldarverksmiðjurnar voru, meðan mest var unnið í þeim og mest vinnsla var í þeim á miklum aflaárum. Þess vegna var á þessu ári af hálfu iðnrn. lögð á það áherzla, að komizt yrði að endanlegri niðurstöðu um, hvert bæri að stefna í þessum málum, og í ágústmánuði hafði stjórn Rafmagnsveitna ríkisins komizt að þeim niðurstöðum, sem felast í bréfi rafmagnsveitnanna, sem er frá 20. ágúst og birt er í aths. frv. En þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta, að niðurstöður athugananna séu þær, að eins og nú horfir um orkunotkun á Austurlandi, geti Lagarfossvirkjun orðið hagkvæm og væntanlega tímabær til innsetningar árið 1973 — eða jafnvel í árslok 1972 — og það því fremur, sem veruleg aukning náist í orkusölu til hitunar.

Síðan voru ákveðnar till. frá stjórn Rafmagnsveitna ríkisins um það: 1) Að aflað yrði lagaheimildar fyrir fullri stærð Lagarfossvirkjunar. 2) Að undirbúningi 1. stigs virkjunarinnar — en gert er ráð fyrir, að virkjunin fari fram í áföngum — verði haldið áfram af fullum krafti. 3) Að stefnt verði að útboði og framkvæmd í tæka tíð fyrir hagkvæman innsetningartíma. Síðan var það í haust, þegar þessar niðurstöður lágu fyrir, að rn. ákvað, að á þessu ári skyldi lagður strengur að virkjunarstaðnum, en rafmagnsveiturnar töldu sig hafa fé til þess, sem mundi nema um 5 millj. kr., og þetta mundi teljast vera fyrsta framkvæmd við Lagarfossvirkjun.

Um Lagarfossvirkjun að öðru leyti er það að segja, að af hálfu Rafmagnsveitna ríkisins er það talið eðlilegast og hagfelldast eignar- og rekstrarform virkjunarinnar að fella hana inn í kerfi Rafmagnsveitna ríkisins á Austurlandi, sem hafa með höndum svo til alla orkuframleiðslu og orkudreifingu á Austurlandi. Rafmagnsveitur ríkisins gera einnig ráð fyrir því, að eftir að málið hlyti afgreiðslu frá Alþ. og sýnt væri, að hverju stefndi, mundu þær einnig stefna að hagfelldri uppbyggingu orkumarkaðarins á Austurlandi og þá með hliðsjón af þeim innsetningartíma, sem ég hef talað um, og sérstaklega er getið í því sambandi upphitunar húsa.

það á leigu. Hér var um smáupphæð að ræða, og finnst mér eðlilegt, að þessi krafa þess sé tekin til greina. Hitt atriðið var aftur í sambandi við ráðstöfun stjórnar Bjargráðasjóðs á fé úr deildum hans. Eins og kunnugt er, var lögunum um Bjargráðasjóð breytt, þar sem sérstök deild var stofnuð við sjóðinn, og það, sem ber á milli þeirra í Bjargráðasjóði og ríkisendurskoðunar, er, að úr sameignardeild var veitt fé vegna kals og annarra atriða í sambandi við landbúnaðinn, en endurskoðendur ríkisreikningsins töldu, að það hefði átt að veita þetta eingöngu úr afurðatjónadeild. Þeir bjargráðasjóðsmenn bera hins vegar fyrir sig, að það hafi ekkert verið því til fyrirstöðu, að úr þessari deild væri veitt, þar sem ákvæðum gagnvart henni hefði ekki verið breytt með þessari nýju deild. Það er ekki ástæða til að fara lengra út í þetta. Ed. Alþ. taldi sig ekki hafa ástæðu til að gera þar neina aths. við, og yfirleitt var litið svo á, að þeir bjargráðasjóðsmenn ættu að ráða þessari stofnun.

Þá vil ég víkja að því, að aths. var gerð við bílanotkun póst- og símamálastjórnarinnar, því að verulegur kostnaður er hjá þeirri stofnun í sambandi við notkun á bílum. Kom það fram í svarinu, að rekstrarkostnaður á 95 bifreiðum póst- og símamálastjórnarinnar ásamt vöxtum af „kapítalinu" var 16.7 millj. kr., og í greiðslu fyrir leigubíla voru 4.5 millj. króna. Hér er nú ekki um annað rætt í þessu sambandi en að hér er um allverulegar fjárhæðir að ræða, og þess vegna er ástæða til að hafa fullt aðhald í því.

Þá kemur það einnig fram hér í aths., hvaða reikningar það eru, sem ríkisendurskoðunin telur sig eiga að endurskoða og ekki hefur unnizt tími til að endurskoða. Flest eru það reikningar frá því ári, sem um ræðir, en nokkrir eru þó eldri, og ber að sjálfsögðu brýna nauðsyn til, að að þessu verði unnið og endurskoðun fari fram á þessu.

Þá vil ég að lokum víkja að því, að það var nokkuð til umr. á milli ríkisendurskoðunarinnar annars vegar og yfirskoðunarmanna hins vegar, hvað valdsvið ríkisendurskoðunarinnar ætti að vera mikið. Nú er það svo, að í þessum ríkisreikningi eru birtir reikningar fleiri ríkisstofnana en verið hefur. Frá mörgum ríkisstofnunum eru birtir reikningar, sem hafa ekki verið endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni eða yfirskoðunarmönnum. Er þar fyrst og fremst um að ræða stofnanir, sem hafa þingkjörna endurskoðendur eða sérstaka endurskoðendur kjörna á annan hátt en þær stofnanir, sem ríkisendurskoðunin sér um. Nú tel ég brýna nauðsyn bera til, að um þetta verði settar fastar reglur og það ákveðið, hvernig með þetta á að fara. Hér er um að ræða stofnanir eins og Sementsverksmiðju ríkisins, Áburðarverksmiðjuna, Síldarverksmiðjurnar, Bókaútgáfu Menningarsjóðs, Brunabótafélagið, Atvinnujöfnunarsjóð, Landshafnir o. fl. Ber brýna nauðsyn til þess, að það verði ákveðið, hvort eða að hve miklu leyti ríkisendurskoðunin á að hafa eftirlit með reikningum þeirra stofnana, sem hér um ræðir. Mér finnst í raun og veru eðlilegt, að farið væri með þetta mál á þann hátt, að ríkisendurskoðunin ætti að hafa með höndum eftirlit og yfirendurskoðun á reikningshaldi allra þeirra stofnana, sem birta reikninga sína í ríkisreikningnum. Það er litið svo á af almenningi, að það sé þannig, að ég hygg, og ég teldi nauðsynlegt, að frá því yrði gengið á þann hátt, að þó að endurskoðendur séu sérstaklega kjörnir, ættu stofnanir að skila ríkisendurskoðuninni endurskoðunarskýrslu sinni, svo að það færi ekki á milli mála, að hún gæti fest þar fingur á.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 26 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 271).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 271, sem nú nýlega hefur verið útbýtt, hefur fjhn. þessarar hv. d. haft þetta frv. til athugunar. Hafði n. samband við ríkisendurskoðandann, Halldór Sigurðsson, og mætti hann á fund hjá n. Ræddi hann þar sérstaklega þær aths., sem þingkjörnir endurskoðendur hafa vísað til aðgerða Alþ. Þá voru og boðaðir á fund n. nokkrir embættismenn, þeir Baldur Möller ráðuneytisstjóri, Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri, formaður Bjargráðasjóðs, Páll Líndal borgarlögmaður, form. Sambands ísl. sveitarfélaga, og Magnús E. Guðjónsson, framkvæmdastjóri Bjargráðasjóðs. Þessir aðilar gáfu n. þær upplýsingar, sem óskað var eftir, og ræddu þær aths., sem yfirskoðunarmenn gerðu og vísuðu til aðgerða Alþ. varðandi stofnanir þeirra.

Eins og fram kemur í nál., tekur fjhn. undir það, sem kemur fram í bréfi fjmrn. varðandi 9. lið aths. En þar segir m. a., að það sé „. . . næsta vafasamt og geti leitt til ósamræmis í launagreiðslum til opinberra starfsmanna að úrskurða mjög háar aukalaunagreiðslur án samráðs við launamáladeild fjmrn." Enn fremur segir í nál.: „ N. álítur nauðsynlegt, eins og segir í bréfi fjmrn., að almennt verði fylgt „þeirri reglu að veita ekki aukavinnugreiðslur mörg ár aftur í tímann vegna ársreikninga ríkisstofnana, enda oftast eitthvað óeðlilegt við slíka langtíma kröfugerð." Leggur n. áherzlu á, að ríkisendurskoðunin hagi svo störfum sínum, að til slíks þurfi ekki að koma."

Í tilefni 17. liðar aths. vill n. taka fram, að hún sér ekki ástæðu til sérstakra aths. út af því. En vegna þess ágreinings, sem þar hefur upp komið, beinir hún því til viðkomandi stjórnvalda, að þau beiti sér fyrir því, að skýrari reglur verði settar um störf Bjargráðasjóðs og einstakra deilda hans, svo að til slíks ágreinings sem hér um ræðir þurfi ekki að koma.

ráðh. hefði heimilað þetta. Í svari stofnunarinnar, sem er skýrt og afdráttarlaust, kemur það fram, hvaða aðilar það eru, sem njóta þess arna, og það er byggt á því að dómi stofnunarinnar, að þessir menn þurfi að hafa þessi tæki vegna starfs síns. Það kom einnig fram, að starfsmaður, sem hafði hætt og hafði haft tæki frá stofnuninni — sjónvarpstæki — hefði skilað því aftur. Hins vegar kemur það fram, að þetta hefur ekki verið borið undir ráðh. eða leitað eftir samþykki hans til þessa. Nú fannst okkur yfirskoðunarmönnum, að rétt væri, að ráðh. vissi um þetta og eðlilegast, að samþykki hans kæmi þar til. Þó að við séum ekki á neinn hátt að draga í efa, að þetta sé á rökum reist, þá væri það jafngott og ekki síður, ef þetta væri staðfest af ráðh., og eðlilegt teldum við, að það væri gert.

Enn fremur kemur það fram í sambandi við innheimtuna, að á síðari árum hefur innheimta útvarpsins verið gerð upp í skýrsluvélum. Í sambandi við það að gera hana upp í skýrsluvélum hefur komið fram nokkur mismunur á því, sem skýrsluvélarnar telja að útistandandi ætti að vera, og hins vegar því, sem talið er í höfuðstólsreikningi stofnunarinnar. Það kom líka fram í sambandi við reikninginn 1967, að ríkisútvarpið hafði í báðum deildum ekki talið til eigna né tekna þau gjöld, sem útistandandi voru, er reikningurinn var gerður upp. Um þetta atriði fór fram úrskurður í ríkisreikninganefnd, þar sem það var talið, að þeim bæri að telja þetta bæði til tekna og eigna, þ. e. álögð gjöld það ár, sem þau væru lögð á, en ekki að leggja þau svo til hliðar, eins og gert hefur verið. En hins vegar kemur fram nokkur mismunur á þessu hjá þessum deildum, þ. e. 35 þús. kr. koma fram sem mismunur, sem skýrsluvélarnar telja, að útvarpið eigi útistandandi af útvarpsgjöldum fyrir árin 1967 og 1968 umfram það, sem talið er á höfuðstólsreikningi stofnunarinnar. Og hjá sjónvarpinu er þessi upphæð rúmar 100 þús. kr. Samtals eru hjá þessum deildum báðum um 139 þús. kr., sem útistandandi ættu að vera eftir niðurstöðum skýrsluvéla miðað við það, sem höfuðstólsreikningurinn segir. Í sambandi við þessa fsp. svaraði ríkisútvarpið þessu, og m. a. kemur það fram í svarinu um þetta atriði, að þeir hafi gert sér grein fyrir því, að þessu bar ekki saman, og segja þeir svo í svari sínu, ríkisútvarpsmenn, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er rétt hjá yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings, að ósamræmis gætir í eftirstöðvaskrám milli ársreiknings og eftirstöðvarskrár skýrsluvéla. Var um þennan mismun vitað, þegar reikningar voru samdir fyrir árið 1968. Um orsakir þessa mismunar er enn þá ókunnugt. Möguleikar á mistökum eru miklir auk þess, sem starfsaðstaða í innheimtudeild er mjög ófullkomin. T. d. eru ekki tök á því vegna þrengsla að varðveita spjaldakort tryggilega, né heldur er aðstaða til þess að fela vörzlu þeirra ákveðnum manni, sem sé ábyrgur fyrir þeim. Máske er skýringin einnig sú, að starfsfólk var ekki í upphafi þjálfað í því verki, sem hér um ræðir, og varð að tileinka sér nákvæm vinnubrögð við erfið vinnuskilyrði."

Þetta svar er ekki, þó að það sé kannske samvizkusamlega af hendi leyst, svo gott sem skyldi, þegar það kemur fram, að í raun og veru er ekki hægt að hafa vald á því, hvort eitthvað fer þarna úrskeiðis. Og ég held, að það séu ekki neinar ýkjur í því eða það sé óeðlilegt, að um sé rætt, að innheimta ríkisútvarpsins er ekki svo góð sem skyldi. T. d. hafði ég af því sannar sagnir á s. l. hausti frá bændum í Borgarfirði, að þeir voru þá nýbúnir að fá bréf frá innheimtudeild ríkisútvarpsins, þar sem þeir voru krafðir um útvarpsgjöld nokkur ár aftur í tímann. Þessir sömu menn, sem margir hverjir eru miklir hirðumenn, voru svo lánsamir að eiga kvittanir yfir þessar greiðslur og höfðu þær sér til varnar. Hins vegar er það svo með þá, sem ekki halda kvittunum saman í mörg ár, sem margir gera nú ekki sízt til þess að forðast það, að allt of mikið af pappírum safnist fyrir hjá þeim, að þeir standa varnarlausir gagnvart þessu. Hér finnst mér um atriði að ræða, sem ekki verði horft fram hjá og verði að leiðrétta. Og ég sem sé vek athygli á því, að ríkisútvarpið sjálft telur, að möguleikar á mistökum séu miklir eins og þeir segja í svari sínu. Og ég hefði talið, að það væri ekki hægt að komast fram hjá því að leggja áherzlu á það, að úr þessu yrði að bæta og það fyrr en seinna og það yrði að koma föst skipan á þessi mál, svo að útilokuð yrðu þessi mistök, sem þarna hefðu orðið, því að það er afar óeðlilegt að gera reikning upp, þegar menn vita, að um mikla skekkju er að ræða, þar sem þarna munar tugum þúsunda. Og yfirleitt held ég, að það sé nú talið í reikningsfærslu, að sú hætta sé alltaf fyrir hendi, að meiri veilur geti leynzt, þegar þannig er gerður upp innlánsreikningur. Og auk þess verður að fyrirbyggja það, að verið sé að ræða um eða innheimta aftur gjöld, sem búið er að innheimta.

Eins og fram kemur í aths. hér, er það tekið fram af yfirskoðunarmönnum, að þeir geri ekki sérstakar aths. í sambandi við fjárreiður Lögbirtingablaðsins, þar sem það mál sé á rannsóknarstigi, eins og kom fram í blöðum á s. l. vetri. Þar sem það er í opinberri rannsókn, töldu þeir ekki ástæðu til, að vikið væri sérstaklega að því máli, enda verður það gert upp á þann hátt.

Að þeim atriðum, sem deila hefur orðið um milli bjargráðasjóðsstjórnar annars vegar og ríkisendurskoðunarinnar hins vegar, vil ég aðeins víkja, en þau atriði eru tvö. Í fyrsta lagi er um það að ræða, að á því ári, sem hér um ræðir, árinu 1968, var skipt upp húsnæði Bjargráðasjóðs milli þriggja leiguaðila. Og leiguaðilarnir voru sjóðurinn sjálfur, Lánasjóður sveitarfélaga og Samband ísl. sveitarfélaga. Jafnhliða þessu var það gert, að leigan var verulega hækkuð hjá þessum aðilum. Samband ísl. sveitarfélaga óskaði eftir því að fá eftirgefinn hluta af sinni leigu, vegna þess að það hefði ekki getað hagnýtt sér húsplássið, sem því var ætlað að greiða fyrir, og átti ekki raunverulega kost á því að hafa

2. Telur rn. ekki varhugavert að ákveða þóknun fyrir störf, sem unnin eru fyrir nokkrum árum?

3. Telur dómsmrn. sig geta ákveðið, án samráðs við launadeild fjmrn., eins miklar launaverðbætur og þarna voru ákveðnar?

Svar dómsmrn. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna þriggja spurninga yfirskoðunarmanna er eftirfarandi tekið fram:

1.—3. Í aths. og úrskurði ríkisendurskoðunar (frá 10. febrúar 1969) er á það bent, að dómsmrn. þurfi að taka ákvörðun um og meta til greiðslu yfirvinnu viðkomandi starfsmanns húsameistaraembættisins á árabilinu 1965—1967, enda var það í samræmi við það, að ríkisendurskoðunin tók til úrskurðar samtímis reikninga þessara þriggja ára. Viðkomandi starfsmaður hafði um árabil unnið verulega yfirvinnu, og er augljóst, að sú yfirvinna jókst verulega, þegar hann, vegna veikindaforfalla annars manns, bætti á sig störfum hans. Það fer óhjákvæmilega eftir aðstæðum, hvort hentar betur, að forfallastörf séu unnin af samstarfsmönnum í yfirvinnu eða hvort mögulegt er að fá utanaðkomandi starfskrafta. Eins og fram kom í bréfi þessa rn. til fjmrn., dags. 4. marz 1969, vegna fyrri aths. yfirskoðunarmanna, taldi þetta rn. yfirvinnu hafa verið meiri við húsameistaraembættið en góðu hófi gegndi. Hins vegar telur rn., að fjmrn. hafi að sjálfsögðu tiltækar umfangsmeiri upplýsingar um aukavinnugreiðslur í ríkiskerfinu en dómsmrn. Þó skal bent á til samanburðar, en ekki sem fyrirmynd, á sviði þessa rn., aukavinnugreiðslur við fangagæzlu, og hjá rannsóknarlögreglunni. Það skal tekið fram, að áður en ákvörðun var tekin um framangreint mat á aukavinnu starfsmannsins 1965 til 1967, var leitað ráðlegginga ríkisendurskoðunar og launadeildar fjmrn. (þó án bréfaskrifta) um mat á aukavinnu, en hvorugur aðili taldi sér fært að gefa bendingar um, hvernig meta skyldi, enda vissulega hvorki aðgengilegt né ólíklegt til þess að vera vanmetið á báða bóga."

Í sambandi við þessa grg. dómsmrn. tekur fjmrn. þetta fram:

„Í þessu sambandi telur fjmrn. rétt, að fram komi, að það skrifaði dómsmrn. bréf hinn 6. okt. 1969 um þetta mál. Í bréfinu kemur fram afstaða fjmrn. til málsins jafnframt því, sem bréfið svarar sjálfkrafa aths. yfirskoðunarmanna að því leyti, sem þær vita að fjmrn."

Og svo kemur hér kafli úr bréfinu, með leyfi hæstv. forseta:

„Í sambandi við úrskurð dómsmrn., um aukavinnugreiðslur til húsameistara og tveggja annarra starfsmanna húsameistaraembættisins, er óumflýjanlegt að vekja athygli á því, að dómsmrn. ber eitt ábyrgð á þeim launaúrskurðum, og ríkisendurskoðunin hefur ekki veitt samþykki fyrir þeirri málsmeðferð, svo sem vísað er til í bréfum dómsmrn. Þá verður að teljast næsta vafasamt og geti leitt til ósamræmis í launagreiðslum til opinberra starfsmanna að úrskurða mjög háar aukalaunagreiðslur án samráðs við launamáladeild fjmrn. Loks er nauðsynlegt að fylgja almennt þeirri reglu að veita ekki aukavinnugreiðslur mörg ár aftur í tímann vegna ársreikninga ríkisstofnana, enda oftast eitthvað óeðlilegt við slíka langtímakröfugerð."

Þetta er hluti af þeim bréfaskriftum, sem fóru fram á milli þessara tveggja rn. um þetta mál. Yfirskoðunarmenn töldu því ástæðu til, að Alþ. sjálft segði sitt síðasta orð um þetta mál, þar sem ágreiningur var á milli rn. um það. Nú vil ég taka það fram, að það hefur og komið fram, og ég las það í yfirlýsingu í Morgunblaðinu s. l. haust, að gjaldkeri sá, sem vann þá hjá húsameistaraembættinu, taldi sig hafa haft samþykki fyrir þessum launagreiðslum til sjálfs sín, sem hann innti af hendi þegar í upphafi, og þess vegna hefði hann innt þær af hendi. Það hafði hins vegar komið áður fram í gögnum málsins, að svo hefði ekki verið. Nú skal ég ekki um þetta dæma, enda ekki haft undir höndum annað um þetta en það, sem fram hefur komið í grg. frá embættinu, en tel þó rétt, að þetta komi hér fram, svo að það sé ljóst, að sá maður telur sig a. m. k. eiga málsbætur í þessu máli. En hins vegar varð niðurstaðan sú, að hann fékk þessar greiðslur, sem um var að ræða, samkvæmt úrskurði dómsmrn., þó að fjmrn. legði annað til.

Í sambandi við málið almennt — og sérstaklega þetta atriði málsins — finnst mér rétt, að það komi fram við afgreiðslu hv. Alþ. á ríkisreikningnum, þó að ég sé á engan hátt að gera kröfu til þess, að þessum úrskurði verði breytt, sem búið er að kveða upp — og ekki sízt ef það lægi fyrir eða eitthvað væri til í því, að umræddur aðili eins og gjaldkeri hefði haft samþykki fyrir greiðslunni, þá finnst mér, að það þurfi að vera ljóst, að slíkir hlutir geti ekki endurtekið sig, að hægt sé að greiða mönnum fyrir vinnu, hvort sem það er aukavinna eða yfirvinna, mörg ár aftur í tímann. Og það er t. d. eitt atriði, sem mér hefur orðið hugsað til í sambandi við þetta. Það er skattamál, hvernig með er farið, þegar slíkar greiðslur eiga sér stað. Eru þær þá taldar fram, þegar úrskurðurinn er upp kveðinn, eða hefur það verið gert, þegar greiðslurnar fóru fram? Ég held, að það sé öllum ljóst, að slíkt má ekki koma fyrir og þarf að fyrirbyggja. Það var nauðsyn á því, að umræður urðu um þessi mál. Ég fullyrði það, að þeim hefur þó verið komið í betra horf en áður var, og það er aðalatriði málsins. Í þetta ætla ég svo ekki að eyða fleiri orðum.

Við ríkisreikninginn 1967 gerðum við yfirskoðunarmenn aths. í sambandi við ríkisútvarpið, sérstaklega innheimtu þess. Við höfum einnig við þennan ríkisreikning gert þar nokkrar aths., sem byggðar eru á þeim aths., sem fram komu hjá ríkisendurskoðuninni. Eitt af því, sem fram kom við athugun á reikningi ríkisútvarpsins og aths. var gerð við hjá ríkisendurskoðuninni, var það, að ýmsir starfsmenn stofnunarinnar höfðu útvarpstæki og sjónvarpstæki frá stofnuninni, og spurt var um, eftir hvaða reglum væri farið þar um og hvort

öðrum hafður fyrir rangri sök í þessum efnum. Nú hefur þessu hins vegar verið breytt, svo að ljóst er, hvað liggur hjá embættismönnunum af slíkum reikningum, ef þeir eru fyrir hendi, og hverju þeir eiga eftir að skila. Í sambandi við innheimtu og óskilað fé 1967 þá fengum við frá fjmrn. skilagrein um það, hvenær þessum greiðslum hafði verið skilað á árinu 1968, og kom það í ljós, að megninu af þessu var skilað á fyrstu þremur mánuðum ársins. Þetta vildi ég einnig láta koma hér fram vegna þeirra umr., sem um þessi mál hafa orðið.

Ein af þeim fsp., sem við yfirskoðunarmenn beindum til rn., var um það, hvað margar n. hefðu starfað á vegum ríkisins — þar með talin nefndarstörf vegna lagafrv. — á árinu 1968, hver hefðu verið launakjör nm. og hvað margar hefðu lokið störfum. Rn. taldi sig ekki geta svarað þessu, og m. a. kom þetta fram í svari rn. við þessari fsp., með leyfi hæstv. forseta:

„Talning er ekki til á „nefndum", sem störfuðu á árinu 1968, en gerð var tilraun á vegum Fjárlaga- og hagsýslustofnunar síðari hluta sumars 1969 til að gera talningu af þessu tagi. Var þá leitað til allra rn. eftir upplýsingum um n. og ráð óskýrgreint eins og gert er í fsp. og má af svörunum ráða mjög greinilegan skoðanamun milli rn. um, hvað skuli telja starfsemi af þessu tagi og hvað ekki. Í önnum fjárlagaundirbúningsins fyrir árið 1970 var þessu verki ekki lokið."

Yfirskoðunarmenn féllust á það, að réttmætt væri, fyrst þetta reyndist svo mikið verk að telja þessar n., að þessu yrði frestað til ársins 1969 og að skrá yrði látin fylgja ríkisreikningi fyrir árið 1969, og er úrskurðurinn eða till. þar um svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Að svarið fylgi ríkisreikningi 1969 og sé að öllu leyti miðað við það ár og í svarinu sé eingöngu miðað við eftirtalin launuð störf: 1. Stjórnir og ráð, sem Alþ. kýs, þ. á m. bankaráð. 2. Nefndir kjörnar og skipaðar samkv. lögum og ályktunum Alþ. 3. Nefndir skipaðar af stjórnvöldum og enn fremur verkefni, sem einstökum aðilum er fengið, svo sem athugun einstakra mála og undirbúningur lagafrv., sem sérstakar greiðslur koma fyrir, þótt ekki sé um formlega nefndarskipun að ræða. Á þetta einnig við hliðstæð störf, sem unnin eru á vegum einstakra ríkisstofnana."

Hér er þetta afmarkað, hvernig yfirskoðunarmenn hugsa sér, að þetta svar, sem á að koma með ríkisreikningnum 1969, eigi að vera. Og þar sem frá þessu var gengið s. l. vor, vonumst við til, að þessu verki sé nú lokið og þetta komi greinilega fram, svo að ekki verði um það deilt lengur, áður en endurskoðun ríkisreikningsins fyrir árið 1969 verði lokið. En yfirskoðunarmenn sem sé féllust á það, að tími væri of skammur til þess að vinna þetta verk, og þess vegna bíður það þess árs. Sama var að segja um fsp. þá, sem var um ómælda yfirvinnu, sem kom fram á þessum ríkisreikningi og ekki var talið hægt að svara á þeim skamma tíma, sem var til þess að svara þessum fsp. Einnig er ætlazt til, að skrá yfir ómælda yfirvinnu verði látin fylgja reikningnum 1969 og grg. vegna þess, af hvaða ástæðum þessar greiðslur fari fram.

Eins og kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. hér áðan, þá var eitt atriðið, sem vísað var til aðgerða Alþ., til komið vegna úrskurðar í sambandi við endurskoðun á reikningum húsameistaraembættisins. Þegar reikningurinn fyrir árið 1967 var til meðferðar hér á hv. Alþ., lá ekki fyrir endanlegur úrskurður ríkisendurskoðunarinnar á þeim aths., sem þeir höfðu gert við þann reikning. Hann kom svo síðar á árinu 1968, og var sá úrskurður sendur yfirskoðunarmönnum strax og hann hafði verið felldur, og þeir hafa fengið allar þær upplýsingar í þessu máli, sem fyrir liggja og óskað hefur verið eftir. En ástæðan til þess, að þetta er sent Alþ. til úrskurðar, er fyrst og fremst sú, að það var ágreiningur um það á milli dómsmrn. annars vegar og fjmrn. hins vegar, hvernig með þetta mál skyldi farið. Úrskurður sá, sem gildir um meðferð málsins, var kveðinn upp af hæstv. dómsmrn. og án þess að samráð væri haft við fjmrn. eða ríkisendurskoðunina.

Eins og fram kom hér við umr. um reikninginn 1967, var þarna um að ræða nokkrar greiðslur, sem ríkisendurskoðunin taldi, að ekki hefði átt að inna af hendi, m. a. voru þetta greiðslur fyrir yfirvinnu og aukastörf til nokkurra aðila, sérstaklega þriggja aðila, við þetta embætti. Í fyrsta lagi var það forstjóri embættisins, í öðru lagi skrifstofustjóri og í þriðja lagi gjaldkeri, auk þess, sem fleiri aths. komu fram. Áður en til úrskurðar kom, hafði dómsmrn. fellt úrskurð um endurgreiðslu á yfir- og aukavinnustörfum forstjóra embættisins. Þegar úrskurður ríkisendurskoðunarinnar var upp kveðinn, var búið að draga þá greiðslu frá, svo að sú upphæð, sem forstjóranum var gert að greiða var að þessu frádregnu. Eins og kemur fram í aths. við þennan ríkisreikning, greiddi forstjórinn, þ. e. húsameistari ríkisins, það, sem honum var gert að greiða, og yfirskoðunarmenn fengu skilagrein frá hendi ríkisendurskoðunar um dagsetningu á öllum greiðslunum, og var þeim lokið, áður en gengið var frá aths. við þennan reikning. Þetta er tekið fram, og vil ég undirstrika það. Hins vegar kvað dómsmrn. síðar upp úrskurð um greiðslur fyrir yfir- og aukavinnu til skrifstofustjóra og gjaldkera í sambandi við þær endurgreiðslur, sem þeir áttu að inna af hendi, og sá úrskurður gerði það að verkum, að kröfur um endurgreiðslur féllu að mestu leyti niður.

Til þess að taka þar af öll tvímæli vil ég leyfa mér að lesa hér upp úr svörum dómsmrn. og fjmrn. um þetta mál, sem skýra það, að yfirskoðunarmenn töldu ástæðu til, að Alþ. segði sitt síðasta orð um þetta og það yrði ljóst framvegis, hver væri hinn raunverulegi réttur til úrskurðar í þessu. Fsp. yfirskoðunarmanna hljóðuðu svo:

1. Eru fordæmi fyrir því að greiða sama aðila fyrir aukavinnu í sínu eigin starfi jafnframt því, að hann bæti á sig störfum vegna annars manns og taki laun fyrir það við sömu stofnun?

Ég sé nú ekki ástæðu til þess að fara að rekja aths. yfirskoðunarmanna né heldur svör við þeim eða úrskurði yfirskoðunarmanna í einstökum atriðum, nema sérstakt tilefni gefist til, og mundi raunar telja heppilegast og eðlilegast, að það yrði gert, eftir að reikningurinn hefur verið til meðferðar í hv. fjhn. Reikningurinn hefur þegar verið samþ. frá hv. Ed. Ég vil vekja aðeins athygli á því, að það eru tvær aths. yfirskoðunarmanna, sem vísað er sérstaklega til aðgerða Alþ.

Annars vegar er það ágreiningur, sem orðið hefur milli ríkisendurskoðunarinnar og Bjargráðasjóðs varðandi uppsetningu á reikningum og sundurliðun reikninga hjá Bjargráðasjóði. Þetta er ekki veigamikið efnisatriði, en yfirskoðunarmenn hafa talið rétt, að fram kæmi sjónarmið Alþ. eða fjhn. á því, hvora aðferðina skyldi þar við hafa.

Hitt atriðið, sem vísað er til aðgerða Alþ., varðar úrskurði dómsmrn. um aths. yfirskoðunarmanna við fjármál húsameistaraembættisins, sem hér var nokkuð vikið að á síðasta þingi og þá frá því skýrt, að ríkisendurskoðunin hefði gert allmargar aths. við og sent viðkomandi rn., ýmist til fsp. eða úrskurðar. Hafi yfirskoðunarmenn lagt fram allmargar aths. eða fsp., en virðast — eftir þeirra niðurstöðu að dæma — ekki alls kostar ánægðir með þá úrskurði, sem fengizt hafa, og hafa því talið rétt að vísa þessu til aðgerða Alþ. Um þetta skal ég heldur ekkert segja. Það liggur fyrir í svörum dómsmrn., hvernig með málið hafi verið farið, og það er að sjálfsögðu þá Alþ. eða fjhn. að meta það, hvort nokkuð er við það að athuga. Að öðru leyti eru flestar till. til athugunar eftirleiðis, og í meginefnum hafa yfirskoðunarmenn fallizt á þau svör, sem gefin hafa verið, ýmist af fjmrn. eða viðkomandi rn.

Sé ég því ekki ástæðu til, nema sérstakt tilefni gefist til, að vera að draga þessar umr. á langinn, með því að rekja þessi málsatvik í einstökum atriðum, enda vill nú svo til, að tveir hv. yfirskoðunarmanna eiga sæti hér í þessari hv. þd. og koma því þá væntanlega á framfæri, ef þeir hafa einhverjar sérstakar aths. eða sérstök atriði eru í aths. þeirra með reikningnum, sem þeir sjá ástæðu til þess að leggja sérstaka áherzlu á. Ég legg svo til, herra forseti, að reikningnum verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir því hér áðan, hvaða ástæða var til þess, að ríkisreikningurinn 1968 var það seint á ferðinni á s. l. vetri, að hann var ekki afgreiddur frá hv. Alþ. Sú breyting, sem gerð var á ríkisbókhaldinu þá, var umfangsmikil og tímafrek, og auk þess verða mannaskipti í embættum ríkisbókara og ríkisendurskoðanda, svo að allt stuðlaði þetta að því, að reikningurinn var seint á ferð, þó að vel hafi til tekizt með val á embættismönnum í þessi störf að minni hyggju. Þeir hafa unnið verk sín vel og drógu ekki af sér við þau.

Ríkisreikningurinn var lagður fram í hv. Ed., svo að það hefur ekki gefizt tækifæri til þess fyrr en nú að víkja að þeim aths., sem við hann eru gerðar af hálfu okkar yfirskoðunarmanna. Ég sé því ástæðu til þess að víkja að þeim lítils háttar við þessa umr. Ég vil taka það fram, að eins og verið hefur undanfarin ár, standa allir yfirskoðunarmenn ríkisreikningsins að þeim aths., sem fram eru bornar, og var enginn ágreiningur hjá þeim um eitt eða annað, er að þeim lýtur. Hins vegar er það svo, að flestum af þessum aths. hefur verið svarað og úrskurður verið felldur um þær, en aðeins tveimur er vísað til aðgerða Alþ. og hv. Ed.

Í sambandi við 1. aths., sem er um innheimtu hjá innheimtumönnum, þá er það svo sem fyrr, að heldur hefur aukizt það, sem óinnheimt er, og getur það legið í því, hvað tölur allar eru orðnar hærri en áður var, eins og kunnugt er. Það hefur komið fram sú skoðun hjá okkur yfirskoðunarmönnum, að rétt væri, að innheimtumenn létu ríkisendurskoðuninni í té skuldalista yfir þá aðila, sem skulduðu embættunum og ekki hefði tekizt að innheimta hjá. Hins vegar var það hugsað svo, að það væri gert, þegar um var að ræða stærri innheimtur, en ekki smáinnheimtur, eins og að líkum lætur. Rn. hefur hins vegar talið, að ekki væri ástæða til þess að fara inn á þessa braut — taldi hana of tímafreka — og það eftirlit, sem ríkisendurskoðunin hefði með þessum hlutum, nægði. Vel má það vera, að svo sé, þó að ég hefði hins vegar talið, að hitt hefði verið heppilegra, þegar um stærri innheimtur væri að ræða, svo að ekki væri hægt, án þess að tekið væri eftir því, að láta innheimtur eiga sig á milli ára, eins og að öðrum kosti gæti komið fyrir.

Í sambandi við innheimtumenn og störf þeirra, þá vil ég geta þess, að á því fyrirkomulagi hefur nú verið gerð breyting, sem var mesta nauðsyn að gera. Eins og kom fram síðast, þegar ríkisreikningur var ræddur hér í þessari hv. d., var sá háttur á hafður, að lægju hjá innheimtumönnum ógreiddir reikningar, sem ríkinu bar að greiða, en það hins vegar taldi sig ekki hafa fjárveitingu til að greiða eða af öðrum ástæðum vildi ekki borga á því ári, þá lá það sem óinnheimt hjá innheimtumönnum og kom fram sem vanskil hjá innheimtumönnum og gaf því ranga mynd af viðskiptum þeirra. Ég minnist þess, að í sambandi við umr. um ríkisreikninginn fyrir árið 1967 kom nokkuð fram um, hvað mikið væri óinnheimt og hversu miklu væri óskilað hjá sýslumanninum í Húnavatnssýslu. Á s. l. vetri — mun það hafa verið — hitti hann mig að máli og lét mér þá í té grg. um það, hvernig þessi mál stóðu hjá honum raunverulega. Þar kom í ljós, að hjá honum lágu reikningar á ríkissjóð, sem höfðu verið ógreiddir og rn. höfðu ekki viljað fallast á að greiða á því ári, og þetta leit því út eins og um væri að ræða óskilað fé af hans hendi. Hins vegar var hann búinn að inna þessar greiðslur af hendi, og síðar meir voru þessir reikningar teknir og viðurkenndir og greiddir. Þetta vildi ég láta koma hér fram, svo að þessi embættismaður væri hvorki af mér né

býtt hér í byrjun þings. Ég hef að vísu ekki lesið alla þessa bók, en ég hef lesið efnisyfirlitið og flett þessu, og ég held, að mér sé alveg óhætt að fullyrða það, að engin skrá um n. fylgir því, þannig að það er a. m. k. ekki enn þá farið að uppfylla þessar kröfur yfirskoðunarmanna. Og ég ætlaði að spyrja hæstv. fjmrh. að því, ef hann hefði getað verið hér: Hvenær má Alþ. vænta þess, að skrá um n. eftir þar til gerðri forskrift yfirskoðunarmanna geti legið fyrir? Þetta barst í tal við 1. umr. fjárl. Það var líka gengið eftir þessari nefndaskrá þar, en ég tók ekki eftir því, að hæstv. fjmrh. gæfi í svari sínu neinar yfirlýsingar um það. Ég held þó, að það sé allra hagur að fá þessar upplýsingar og fylgjast með því, hvernig þessum störfum er fyrir komið. Og ég held, að Alþ. hljóti að gera þá kröfu til fjmrn. á hverjum tíma, að það, sem yfirskoðunarmenn biðja um af upplýsingum og skýrslum, sé veitt, því að ég sé ekki, til hvers þessi yfirskoðun er, ef það á að vera matsatriði í rn., hvað er gert með þessar aths.

Alveg sama er að segja um hitt atriðið, þ. e. um greiðslu fyrir yfirvinnu. Yfirskoðunarmenn töldu svarið við því ekki heldur fullnægjandi og óskuðu nýrra upplýsinga fyrir árið 1969. Þessar upplýsingar hafa ekki heldur borizt. Þeir leggja til, að í ríkisreikningnum fyrir árið 1969 sé grg. um það, sem um er spurt í aths. Það má vel vera, að það sé enn þá hægt að koma þessu við, og ég vil koma þeim óskum á framfæri, að það verði gert, þannig að þessar upplýsingar geti raunverulega fylgt ríkisreikningnum 1969.

Ég vil svo að endingu aðeins fagna því, að með ríkisreikningi 1968 skuli nú birt skrá eða yfirlit ríkisendurskoðunar um reikninga ríkisstofnana og embætta, sem ekki hefur verið lokið við endurskoðun á fyrir 1968 og nokkrir einnig frá fyrri árum. Þessi skýrsla fylgir að vísu samkv. ósk yfirskoðunarmanna, og það er sama, hvaðan gott kemur. Ég geri þetta að umtalsefni hér einungis vegna þess, að það er í svo mörg skipti, sem fjhnm. hafa orðið að biðja um þessa skýrslu. Nú er tekinn upp sá háttur, að hún fylgir ríkisreikningnum frá rn., og ég fagna því, því að vitanlega er tæpast hægt, a. m. k. fyrir alþm., að staðfesta ríkisreikninginn, nema þeir viti þó a. m. k., hvað búið er að endurskoða og hvað er eftir að endurskoða, þannig að þeir taki ekki ákveðið á því, sem ekki hefur einu sinni verið endurskoðað.

Ég vildi láta þessar aths. og þessar fsp. koma hér fram, herra forseti, áður en ríkisreikningurinn verður endanlega afgreiddur hér í deildinni. Mér þykir lakara, að hæstv. fjmrh. skuli ekki vera hér til þess að veita mér upplýsingar þær, sem mér leikur hugur á að fá. Við því er sjálfsagt ekkert að gera. Ég verð þá að treysta því, að síðar gefist tækifæri til þess að inna hann á ný eftir skilum þessara gagna. Að öðru leyti skal ég ekki ræða ríkisreikninginn frekar og er því samþykkur, eins og hv. 10. þm. Reykv. greindi frá, að hann verði staðfestur að loknum umr. hér.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Ed., 12. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 17. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 19. og 20. fundi í Nd., 16. og 18. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 21. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. það um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1968, sem hér liggur fyrir, var lagt fyrir síðasta þing, en náði þá ekki endanlegri afgreiðslu, þar eð það var mjög síðbúið. Ástæðan var sú, sem ég gerði þá grein fyrir, að gerbreyting varð á gerð ríkisreiknings í samræmi við hin nýju lög um ríkisreikning og fjárl., sem sett voru 1967. Olli þetta geysimikilli vinnu og skipulagsbreytingum í ríkisbókhaldinu, sem aftur leiddi til þess, að reikningurinn varð ekki tilbúinn í tæka tíð til endurskoðunar, þar eð yfirskoðunarmenn Alþ. töldu sér ekki fært að hefja endurskoðun reikningsins, fyrr en gengið væri endanlega frá honum, ekki sízt þar eð hann var í nýju formi.

Það var hins vegar frá því skýrt, að gera mætti ráð fyrir því, að framvegis mundi þetta nýja skipulag leiða til þess, að ríkisreikningur yrði fyrr á ferð en venjulega. Og ég gat um það í fjárlagaræðu í haust, að ríkisreikningurinn 1969 hefði í rauninni verið tilbúinn um mitt þetta ár og raunar jafnvel fyrr, þó að ýmsar stofnanir hefðu ekki enn lagað sig að þessum nýju viðhorfum og viss vandamál væru óleyst, ekki sízt uppgjör skólakostnaðar. Þar sem það greiðsluár eða rekstrarár skólanna fellur ekki saman við fjárhagsár ríkissjóðs eða almanaksárið, hefði það þó leitt til þess, að ekki hefði verið eins mikill hraði á endanlegum frágangi reikningsins fyrir árið 1969 og vonir höfðu staðið til. Engu að síður er sá reikningur tilbúinn fyrir alllöngu frá ríkisbókhaldinu, eins og hv. þm. var kunnugt, því að hann var lagður á borð þeirra strax í byrjun þessa þings og hefur síðan verið til athugunar hjá yfirskoðunarmönnum. Vonast ég til, að hann verði lagður fyrir þingið mjög fljótlega eða þegar eftir að yfirskoðunarmenn hafa gert aths. sínar og rn. svarað þeim aths. Þannig að sú seinkun, sem hefur orðið á reikningnum í þetta skipti, ætti að vera aðeins í eitt skipti vegna þeirra skipulagsbreytinga, sem ég gat um.

honum var útbýtt hér. En spurningar yfirskoðunarmanna eru þá þessar:

1. Eru fordæmi fyrir því að greiða sama aðila fyrir aukavinnu í sínu eigin starfi jafnframt því, að hann bæti á sig störfum vegna annars manns og taki laun fyrir það við sömu stofnun?

2. Telur rn. ekki varhugavert að ákveða þóknun fyrir störf, sem unnin eru fyrir nokkrum árum?

3. Telur dómsmrn. sig geta ákveðið, án samráðs við launadeild fjmrn., eins miklar launaverðbætur og þarna voru ákveðnar?

Að venju sendir fjmrn. svar viðkomandi rn. — í þessu tilfelli dómsmrn. — með, sem svar við aths. Í bréfi dómsmrn., sem prentað er á bls. 365 í ríkisreikningnum, er auðvitað reynt að réttlæta það, sem gert var. Það er ekkert óvenjulegt við það, og í mörgum tilfellum, ég hygg í flestum raunar, er svar viðkomandi rn. einnig svar fjmrn. En svo er ekki í þessu tilfelli. Það óvenjulega við þessa málsmeðferð er það, að jafnhliða skýringum dómsmrn. sendir fjmrn. bréf sitt til dómsmrn. Í bréfinu er bent á: 1) Að það sé dómsmrn. eitt, sem ber ábyrgð á umræddum launaúrskurðum. 2) Að ríkisendurskoðunin hafi ekki veitt samþykki fyrir þeirri málsmeðferð, sem þar er ráðgerð. 3) Að það sé næsta vafasamt og geti leitt til ósamræmis að úrskurða mjög háar aukalaunagreiðslur án samráðs við launadeild. 4) Að oftast sé eitthvað óeðlilegt við slíka kröfugerð eftir langan tíma. 5) Að tiltekið atriði í úrskurðinum sé áður óþekkt, síðan launadeild fór að fylgjast náið með launagreiðslum í ríkiskerfinu, eins og í þessu umrædda bréfi segir, sem dagsett er 6. okt. 1969.

Hér eru mjög þungar sakir bornar á dómsmrn. að mínum dómi — mjög þungar, og mér finnst, að í tilefni af þeim sé full ástæða til að spyrja, hver réttarstaða hinnar svokölluðu launadeildar fjmrn. raunverulega er. Og ég hefði mjög óskað eftir því, að hæstv. fjmrh. hefði séð sér fært að vera viðstaddur, þegar Ed. Alþ. fjallar um ríkisreikninginn 1968 og staðfestingu á honum, en ég geri það svo sem ekki að neinu kappsmáli. Ég treysti því, að hv. 10. þm. Reykv., formaður fjhn., taki þá að sér það hlutverk að segja hæstv. fjmrh. það, hvað hér fer fram, og koma þeim spurningum á framfæri, sem mig langar til að bera fram við hann, fyrst hann er svona önnum kafinn, að hann má ekki vera að því að fylgja þessu máli sínu fram. Það er almennt um það talað og okkur sagt það, að engar launabreytingar nái fram að ganga, nema samþykki þessarar launadeildar komi til, og persónulega þekki ég dæmi um það, að mánuðum og jafnvel missirum saman hefur verið staðið gegn smávægilegum launabreytingum — ekki langt aftur í tímann, heldur frá þeim degi, sem á þær var minnzt — launabreytingum, sem bæði forstjóri viðkomandi stofnunar og viðkomandi ráðh. virðast vilja, að nái fram að ganga, en þeir telja ekki hægt að framkvæma vegna andstöðu þessarar alvöldu launadeildar.

Út af fyrir sig er ekkert við því að segja, — og það er kannske bæði rétt og sjálfsagt, að til sé einhver aðili, samnefnari, sem haldi þessum þráðum í hendi sinni. Stundum hafa menn jafnvel viljað hrósa sér af því fyrirkomulagi, og má vel vera, að það eigi nokkurn rétt á sér. Þetta fyrirkomulag getur komið ýmsu góðu til leiðar, ef rétt er á haldið. En því betra starf, sem menn álíta, að launadeild vinni, þeim mun meira bregður þeim við að sjá, að eitt rn. og það rn., sem lýtur forystu núv. hæstv. forsrh., gerir sér lítið fyrir og hunzar launadeildina algerlega með því að kveða upp úrskurð, sem ekki er aðeins vafasamur og getur leitt til ósamræmis, heldur byggir líka á óeðlilegri kröfugerð auk þess, sem hluti hans er algert einsdæmi í allri sögu margnefndrar launadeildar, svo að ég noti aðeins þau orð, sem tekin eru úr fyrrnefndu bréfi fjmrn. sjálfs. Og spurning mín er þá þessi: Hvert er og á að vera hlutverk launadeildar í framtíðinni, þegar svona vinnubrögð eru látin viðgangast? Og ég ætlaði mér að biðja hæstv. fjmrh. að svara þessu, hvert að hans áliti ætti að vera hlutverk þessarar deildar. Á hún að halda áfram að geta staðið í vegi fyrir — ég vil segja — réttlátum launabreytingum, sem yfirmenn stofnana og jafnvel viðkomandi rn. eru sammála um? Á að halda áfram að nota hana til þess, en segja henni svo bara, að henni komi það mál ekki við, þegar það hentar betur?

Ég held, að svar við þessari spurningu verði menn að gera upp við sig. Annaðhvort á þessi deild að hafa þetta hlutverk og þá algerlega eða þá, að það er langbezt að leggja hana niður og spara það, sem hún kostar.

Í þriðja lagi vil ég vekja athygli á því, að yfirskoðunarmenn báðu um það, að látin yrðu í té tvö yfirlit um ríkisreikninginn 1968. Annars vegar er það yfirlit, sem um er fjallað í 3. aths. og er svona: Hvað störfuðu margar n. — þar með talið vegna undirbúnings lagafrv. — og hverjar á vegum ríkisstj. og rn. á árinu 1968? Hvað störfuðu margir menn í hverri n.? Hver voru launakjör þeirra hvers um sig? Hversu margar af n. hafa lokið störfum? Og hins vegar er 7. aths.: Hvaða aðilar njóta þessarar greiðslu? Er þar átt við greiðslu vegna ómældrar yfirvinnu. Eftir hvaða reglu er farið, þegar um er að ræða, hverjir skuli njóta hennar og á hvaða heimild er hún byggð? Enn fremur: Hver ákveður fjárhæðir þær, er greiddar eru?

Rn. telur í svari sínu öll tormerki á því, að það sé yfirleitt nokkur leið að telja saman þessar n. fyrr en einhvern tíma, eftir að yfirstandandi ár er liðið, og eins og segir í svarinu, eru þeir tilleiðanlegir til þess að framkvæma þessa upptalningu eftir 1970. Það sýnist þá eiga að verða verkefni næstu hæstv. ríkisstj. að glíma við það vandamál, því að þessi hæstv. ríkisstj. virðist ekki treysta sér til þess. En yfirskoðunarmenn hafa ekki viljað sætta sig við þetta, heldur leggja til, að svarið fylgi ríkisreikningi fyrir árið 1969 og sé að öllu leyti við það ár miðað. Jafnframt taka þeir svo af allan vafa um það, hvaða skilyrði skráin skuli miðast við. Nú er búið að leggja fram ríkisreikning fyrir árið 1969. Honum var út-

þessara aðila, sem ágreiningur er á milli, hafi rétt fyrir sér. Ég tel, að það sé ekki aðstaða til þess að meta það.

En að öðru leyti tel ég, að ekki geti annað komið til greina en að Alþ. staðfesti ríkisreikninginn, eins og frá honum er gengið. Hvað snertir afgreiðslu málsins í n., þá mælir n. með því, að frv. verði samþ. eins og fram kemur í nál. á þskj. 108, en einstakir nm. hafa þó áskilið sér rétt til aths. við einstaka liði ríkisreikningsins.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Það kom fram hjá hv. form. fjhn. hér áðan, að n. í heild leggur til, að ríkisreikningurinn verði staðfestur, en einstakir nm. hafa þó áskilið sér rétt til að gera við hann nokkrar aths. Ég vil strax í upphafi taka fram, að ég mun ekki gera neinar till. um að breyta þessari niðurstöðu n. eða leggja til aðra málsmeðferð. En það eru nokkur atriði þessa reiknings, sem mig langar til að gera hér að umtalsefni í örstuttu máli. Það eru þá fyrst og fremst þau atriði, sem hv. 10. þm. Reykv. var að enda við að ræða hér, þ. e. þær tvær aths., sem yfirskoðunarmenn Alþ. hafa vísað til aðgerða þingsins. Ég tel, að það megi ekki minna við hafa, þegar slíkt kemur fyrir, en að við a. m. k. ræðum þær efnislega, eins og hv. form. fjhn. hefur raunar nýlokið við að gera.

Fyrri aths., sem ég ætla að ræða um, er sú aths., sem yfirskoðunarmenn hafa gert og lýtur að því, að stjórn Bjargráðasjóðs Íslands hefur farið út fyrir valdsvið sitt í tveim tilgreindum atriðum. Eins og hv. 10. þm. Reykv. lýsti, var í fyrra tilfellinu um að ræða afslátt af húsaleigu, sem sjóðsstjórnin sjálf hafði ákveðið til náins samstarfsfélaga, Sambands ísl. sveitarfélaga, og það vegna húsnæðis, sem leigjandinn sannanlega notaði ekki. Ég minnist þess, held ég, ekki — og alls ekki raunar, að ég hafi þann tíma, sem ég hef starfað hér í fjhn. á hv. Alþ., séð annan eins sparðatíning og jafn fráleitan frá ríkisendurskoðuninni eins og þetta. Það er gerð aths. um það, að stjórn Bjargráðasjóðs breyti eigin ákvörðun um húsaleigu til Sambands ísl. sveitarfélaga, sem er nánast önnur grein á sama meiðnum, og það fyrir húsnæði, sem ekki er notað. Það er virðingarvert að vinna verk sín vel. Síðastur manna skal ég gagnrýna það. En hér finnst mér of langt gengið í tortryggni. Og svo skal ég bæta því við, að mér hefði fundizt alveg óhætt fyrir hv. yfirskoðunarmenn að taka þessa skýringu stjórnarinnar gilda og sleppa því að vísa þessu atriði til Alþ. Þeir taka ýmislegt gilt eins og t. d. það, að ekki hafi unnizt tími til þess hjá ríkisútvarpinu að athuga, hvaða einstaklingar hafa fengið greiddan hæstan ferðakostnað árið 1968. Það ætti þó varla að vera svo yfirgripsmikið verkefni, að ekki væri ástæða til þess að krefjast þess hreinlega, að ríkisútvarpið upplýsti þetta atriði, fyrst yfirskoðunarmenn hafa séð ástæðu til þess að spyrja um það. En það kemur fram í 12. aths. þeirra, að þeir segja þar um, að yfirskoðunarmenn ríkisreiknings sætti sig að þessu sinni við þær upplýsingar, sem í svarinu eru. Ég held, að þeir hefðu alveg eins átt að sætta sig við þá skýringu stjórnar Bjargráðasjóðs, sem hér hefur verið gerð grein fyrir.

Hitt atriðið, er varðar stjórn Bjargráðasjóðs, er að vísu meira matsatriði — það skal ég játa — og lögfræðilegt atriði, hvort heimilt sé að veita styrki og vaxtalaus lán úr sameignardeild vegna þeirra tjóna, sem samkv. lögum nr. 82/1967 heyra undir afurðatjónadeild landbúnaðarins. Við í fjhn. höfum fallizt á túlkun sjóðsstjórnar, sem hv. 10. þm. Reykv. var hér að gera grein fyrir, á þeim forsendum, að í lögum séu engin ákvæði, sem banni að veita samhliða fyrirgreiðslu úr tveimur deildum sjóðsins, ef lagaskilyrðunum er fullnægt, enda er um þetta fjallað í ríkisreikningi á bls. 371. Þar segir, með leyfi forseta: „Þvert á móti er beinlínis ráð fyrir því gert í frv. að l. nr. 82/1967, þar sem segir m. a.: „. . .afurðatjónadeild, sem hafi það verkefni að mæta þeim áföllum, sem að framan eru talin ásamt hinum deildunum“.“

Hv. 10. þm. Reykv. upplýsti það hér áðan, sem ekki kom fram á fundi n., að ég held, að vegna fjárhagsástæðna deildanna, eins og þær væru í ár, væri nú unnt að endurgreiða sameignardeild þessa fjárhæð, sem hefði átt að heyra undir áhættudeild. Ég get ekkert gert með þennan rökstuðning. Annaðhvort er heimilt að veita til þessa verkefnis úr sameignardeild eða það er óheimilt. Mín skoðun er sú, að það sé heimilt, og þess vegna tel ég allar endurgreiðslur og allt fikt milli deilda hreinan óþarfa og raunar ekki viðeigandi. Mín skoðun er sú — og fjhn. á fundinum, sem við héldum um þetta mál, þar sem framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga mætti — að heimilt sé að veita til verkefnisins úr báðum deildum. Það er enn þá mín skoðun, að lögin séu þannig. Þess vegna geri ég ekkert með það, að nú verði farið að færa þessa peninga til einu sinni enn. Hitt getur vel verið matsatriði og verður þá vafalaust athugað, hvort ástæða sé til að breyta l., þannig að öll tvímæli séu tekin af um það, að þessi verkefni séu undir áhættudeild einni, sem óneitanlega virðist eðlilegast — það skal ég samþykkja með hv. 10. þm. Reykv. En l. eru bara ekki þannig, eins og sakir standa.

Hin aths., sem yfirskoðunarmenn vísuðu til Alþ., er miklu alvarlegra eðlis. Hún lýtur að þrætu tveggja rn. út af afgreiðslu tiltekinna aths. yfirskoðunarmanna, sem gerðar voru við ríkisreikninginn 1967 og stöfuðu af úrskurðum ríkisendurskoðunar vegna misfærslu og greiðslu án heimildar til starfsmanna hjá tilteknu embætti eins og þar segir. Umræddum úrskurðum ríkisendurskoðunar breytti dómsmrn., að því er varðaði tvo af þeim þremur starfsmönnum, sem þar um ræddi, og vegna þessa spyrja yfirskoðunarmenn þriggja spurninga. Ég held, að það sé rétt, að ég leyfi mér að rifja það upp, með leyfi hæstv. forseta, ekki sízt vegna þess, sem fram kom hér áðan, að þm. munu almennt kannske ekki hafa ríkisreikninginn 1968 fyrir framan sig, þar sem svo langt er liðið, síðan

endurskoðunarinnar, en ágreiningur var um það í bjargráðasjóðsstjórninni, hvort þessi 40 þús., sem þarna er um að ræða, skyldu gefin eftir.

Nú er það upplýst, að í sjálfu sér var ekki ágreiningur um það, við hvað ætti að miða húsaleiguna. Eins og kemur fram í ríkisreikningnum, var miðað við 960 kr. ársleigu á m^2, en upplýst hefur verið, að þessi tala er byggð á athugun, sem gerð var á því á vegum bjargráðasjóðsstjórnar, hvað mundi vera markaðsverð fyrir þetta húsnæði, en um það er, eins og ég sagði, ekki ágreiningur. Það, að Samband ísl. sveitarfélaga óskaði eftir að fá þessa eftirgjöf eða gerði kröfu um það, byggðist á því, að á þessari hæð, sem er eign Bjargráðasjóðs, var húsnæði, sem ónotað var, og var þeirri húsaleigu, sem skyldi greiða fyrir það, jafnað á þá þrjá aðila, sem sameiginlega leigja þetta húsnæði, en það eru auk Bjargráðasjóðs, Samband ísl. sveitarfélaga og Lánasjóður sveitarfélaga. Ágreiningurinn var um það, að sveitarstjórnasambandið taldi sér ekki skylt að greiða meira en næmi því húsnæði, sem það hafði notað, en taldi rétt, að Bjargráðasjóðurinn, sem var eigandi húsnæðisins, bæri sjálfur það tap, sem af því leiddi, að hluti af húsnæðinu var ónotaður. Það, sem meiri hluti bjargráðasjóðsstjórnarinnar hefur fallizt á, er þá þetta, að sú húsaleiga, sem sveitarstjórnasambandið greiddi, skyldi aðeins miðuð við notað húsnæði. Í fjhn. virtist mér nú, hvað sem öðru liði, að sú skoðun væri ríkjandi, að eðlilegt væri, að það væri stjórn Bjargráðasjóðsins, sem hlyti að ákveða þetta — þurfi líka að ákveða þetta atriði.

Hitt atriðið, sem ágreiningur var um, var ákvörðun stjórnar Bjargráðasjóðsins um úthlutun til bænda vegna tjóns af grasbresti o. s. frv. úr sameignardeild sjóðsins. Hér er í rauninni um bókfærsluatriði eitt að ræða, en ég skal í örfáum orðum gera nánari grein fyrir því, sem kemur fram í ríkisreikningnum, um hvað þarna er að ræða.

Með l. um Bjargráðasjóð frá 1967 var stofnuð sérstök deild við sjóðinn, sem nefnist afurðatjónadeild. Og samkv. lögunum virðist ekki vafi á því, að þeir styrkir, sem hér er um að ræða, heyra undir afurðatjónadeildina. Hins vegar var ákvæðum eldri laga um sameignardeildina, sem áður hafði veitt styrki í þessum tilgangi, ekki breytt, og á þeim grundvelli ákvað sjóðsstjórnin að veita umræddu styrki úr sameignardeildinni.

Hér er í rauninni um lögfræðilegt spursmál að ræða, sem erfitt var fyrir fjhn. út af fyrir sig að úrskurða. Ástæðan fyrir því, að bjargráðasjóðsstjórnin ákvað að veita þessa styrki úr sameignardeild, var að hennar dómi sú, að afurðatjónadeildin hefði ekki nægа peninga til þess að standa straum af þessu. En þar sem sameignardeildin hafði áður sinnt þessum verkefnum og ákvæðum um verksvið hennar hafði ekki verið breytt, taldi bjargráðasjóðsstjórnin sér þetta heimilt. Eðlilegt verður að telja í sjálfu sér, að úr því að þessi nýja deild var stofnuð, þá hafi hún ákveðnum verkefnum að gegna, sem séu þá sérstök, þannig að aðrar deildir séu ekki látnar veita slíka styrki, nema alveg sérstaklega standi á. Enn fremur má gjarnan upplýsa það, að ríkisendurskoðunin telur, að þetta fé hafi verið fyrir hendi í afurðatjónadeildinni. En jafnframt er rétt að geta þess, sem að mínu áliti gerir þetta að smámáli, að sá starfsmaður ríkisendurskoðunarinnar, sem ég hafði tal af, taldi, að ekkert væri því til fyrirstöðu, að á yfirstandandi ári yrði þessi fjárhæð, sem veitt var úr sameignardeildinni — en að áliti ríkisendurskoðunarinnar ætti réttilega að veita úr afurðatjónadeildinni — endurgreidd frá afurðatjónadeildinni, því að sú breyting hefur orðið á, að á s. l. ári, eins og ríkisreikningurinn fyrir 1969 mun bera með sér, þá hefur verið halli á sameignardeildinni, en töluverður tekjuafgangur, sem nemur allmiklu meira en þeirri fjárhæð, sem hér er um að ræða, hjá afurðatjónadeildinni, þannig að þetta er hægt að færa til baka. Og ég mundi telja það eðlilegt. Með því væri málinu kippt í lag. En eins og ég sagði, er hér um bókhaldsatriði eitt að ræða í rauninni.

Þá kem ég að hinu atriðinu. Það mun vera 9. aths. hjá yfirendurskoðuninni, en það eru launagreiðslur til húsameistara ríkisins og tveggja starfsmanna hans, skrifstofustjóra og gjaldkera. Rétt er, að það sé hér upplýst, að það kom fram í samtali mínu við áðurnefndan starfsmann ríkisendurskoðunarinnar, en kemur e. t. v. ekki nægilega ljóst fram í ríkisreikningnum, að húsameistari sjálfur hefur endanlega greitt það, sem ríkisendurskoðunin gerði honum að endurgreiða. Hvað þetta snertir a. m. k., þá ætti hans mál að vera úr sögunni. Hins vegar hefur verið ágreiningur um hina starfsmennina tvo, sem ríkisendurskoðunin gerði að endurgreiða fjárhæðir, sem þeir höfðu fengið fyrir yfirvinnu. Þeim úrskurði var svo skotið til dómsmrn., sem embætti húsameistara ríkisins heyrir undir. Úrskurðurinn var á þann veg, að líta yrði þannig á, að þessir menn hefðu unnið eftirvinnu, sem mætti meta til jafns við það verk, sem þeim var gert að endurgreiða, og greiðslan því felld niður.

Eins og kemur fram í ríkisreikningnum, er hér um ágreining að ræða milli ríkisendurskoðunarinnar og fjmrn. annars vegar og dómsmrn. hins vegar. Ég mundi líta þannig á, hvað sem öðru líður, að hvað snertir þá hliðina, sem að starfsmönnunum snýr, eigi þeir að geta treyst því, að úrskurðurinn, sem rn. þannig hefur fellt, sé endanlegur, þannig að óeðlilegt væri, hvað sem menn hyggja um réttmæti þessa máls, að hér eftir væri farið að krefjast greiðslu af þeim. Og um hitt geta auðvitað verið skiptar skoðanir, hvers eigi að meta þá yfirvinnu, sem þessir menn hafa innt af hendi. En ég tel, að fjhn. hafi ekki haft neina aðstöðu til þess, þegar hér er um að ræða vinnu, sem hefur verið unnin fyrir nokkrum árum, að meta slíkt. Til þess þyrfti hún að kynna sér störf þessara manna og hvað þeir hafa unnið á þessum tíma. Ég tel ókleift fyrir fjhn. eða aðrar n. hv. Alþ. að rannsaka það mál, þegar svo langt er um liðið, þannig að hjá nefndinni kemur að sjálfsögðu ekki fram nein afstaða til þess, hvor

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 276).

---

10. Ríkisreikningurinn 1968.

Á 1. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1968 [4. mál] (stjfrv., A. 4).

Á 3. fundi í Ed., 19. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta um staðfestingu á ríkisreikningnum fyrir árið 1968 var lagt hér fram seint á síðasta þingi hér í þessari hv. d. og hlaut þá ekki endanlega afgreiðslu. Frv. var óvenjulega seint á ferðinni, og gerði ég þá grein fyrir orsökum þess, en þær voru í stuttu máli, að samkv. hinum nýju l. um gerð ríkisreiknings og fjárlaga var þetta fyrsti reikningurinn, sem gerður var samkv. hinum nýju l., og það kostaði mikla vinnu og margvíslegar skipulagsbreytingar í ríkisbókhaldinu að koma reikningsfærslunni í þetta nýja horf. Ég gat þess þá, að þess mætti vænta, að enda þótt reikningurinn væri þá seint á ferðinni, gæti þetta gengið með mun meiri hraða síðar meir, þar eð hið nýja skipulag mundi leiða til þess, þegar það væri komið á, að reikningshaldi og reikningsskilum öllum yrði fyrr lokið. Þetta tel ég engum efa bundið, og ríkisreikningnum fyrir árið 1969 hefur nú verið útbýtt hér á Alþ. fullgerðum að undanskildum aths. yfirskoðunarmanna, sem hafa nú reikninginn til meðferðar, og verður reikningnum í endanlegu formi og frv. til staðfestingar á honum útbýtt hér strax og yfirskoðunarmenn hafa lokið sínu verki. En þetta er ástæðan til þess, að því miður hefur dregizt til þingsins 1970 að staðfesta reikninginn fyrir 1968.

Ég sé ekki ástæðu til þess að gera reikninginn á þessu stigi að umtalsefni. Að svo miklu leyti sem tilefni þykir til þess að ræða einstakar aths. yfirskoðunarmanna og reikninginn í heild, þá hygg ég, að hv. þdm. séu mér sammála um, að eðlilegra sé að gera það, þegar reikningurinn kemur úr n. Ég vil aðeins geta þess, að það eru tvær till. yfirskoðunarmanna, þar sem vísað er til aðgerða Alþ. Að öðru leyti eru svör rn. talin fullnægjandi við öðrum aths. yfirskoðunarmanna eða þá, að tekið er fram, að það skuli vera til athugunar eftirleiðis, svo sem er venjulegt orðalag hjá yfirskoðunarmönnum. En þessar tvær till. eru annars vegar um reikningshald Bjargráðasjóðs, sem er í rauninni ekki veigamikið atriði að öðru leyti en því, að það er nokkur skoðanamunur milli stjórnar Bjargráðasjóðs og yfirskoðunarmanna á því, hvernig túlka skuli lagaatriði í bókhaldi Bjargráðasjóðs. Skal ég ekki ræða það frekar, en tel rétt, að hv. fjhn. athugi það mál. En hin till., sem vísað er til aðgerða Alþ., er afgreiðsla dómsmrn. á aðfinnslum yfirskoðunarmanna varðandi embætti húsameistara ríkisins. Ég sé ekki heldur ástæðu til þess á þessu stigi málsins að gera það að umtalsefni, en tel jafnframt rétt, að hv. fjhn. athugi þær aðfinnslur, sem þar er um að ræða, og hvort nokkur ástæða þyki til þess frekar að láta í ljósi skoðanir af hálfu þingsins á þeirri afgreiðslu, sem þar hefur átt sér stað.

Að öðru leyti, herra forseti, sé ég ekki ástæðu til að gera reikninginn að umtalsefni á þessu stigi og legg til, að honum verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., 11. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 108).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Þegar fjhn. hafði þetta frv. til meðferðar, voru á fundi n. rædd aðallega þau atriði, sem endurskoðunin hafði skotið til aðgerða Alþ. Það eru tvö atriði, sem þarna er um að ræða: Annars vegar ákvarðanir stjórnar Bjargráðasjóðs og hins vegar launagreiðslur til starfsmanna húsameistara ríkisins. Skal ég nú fara fáum orðum um þessi atriði hvort um sig.

Í 17. aths. ríkisendurskoðendanna er skotið til aðgerða Alþ. ákvörðunum stjórnar Bjargráðasjóðs um tvö atriði: 1) Ákvörðun um afslátt á húsaleigu fyrir leiguhúsnæði Bjargráðasjóðs til Sambands ísl. sveitarfélaga. 2) Ákvörðun um styrkveitingar úr sameignardeild sjóðsins.

Varðandi fyrra atriðið hefur ríkisendurskoðunin í fyrsta lagi litið þannig á, að stjórninni væri óheimilt að veita þann afslátt á húsaleigunni, sem um er að ræða, og í öðru lagi telur ríkisendurskoðunin, að þetta hafi ekki verið bókfært rétt. Það er bókfært á viðhaldskostnað hússins, en ríkisendurskoðunin telur, að réttara hefði verið að færa þetta sem sérstakan gjaldalið. Hér er auðvitað um bókhaldsatriði eitt að ræða, sem mér sýnist litlu máli skipta efnislega. Um hitt atriðið, þ. e. eftirgjöf á húsaleigunni, hef ég fengið upplýsingar bæði frá framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga, Magnúsi Guðjónssyni, sem mætti á nefndarfundi, þegar mál þetta var til umr., og enn fremur hef ég átt kost á að bera þetta undir starfsmann ríkis-

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að óska eftir því, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., 19. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 61, n. 157).

Frsm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur athugað umrætt frv., og eins og fram kemur á nál. nr. 157, mælir hún einróma með samþykkt þess. Í 1. gr. frv., sem er löng, er vel greint frá því fyrirkomulagi, sem hugsað er á sölu þessa húsnæðis, og er það í samræmi við lög, sem giltu frá 1968 um sölu á slíkum íbúðum, en í vor var gerð breyting á l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins, og þótti þá ekki rétt að hafa ákvæði um þetta í þeim lögum, heldur setja um það síðar sérlög. Og þetta frv. fjallar um þann þátt.

Að svo mæltu legg ég til, að frv. verði vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., 23. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 22. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 23. og 24. fundi í Nd., 25. og 26. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Ed. og hefur verið afgr. þaðan, að ég ætla shlj. Efni þess er það að tryggja, að verði eigendaskipti á þeim íbúðum, sem eru byggðar af framkvæmdanefnd byggingaáætlunar, þá öðlist kaupendur íbúðanna möguleika til þess að eignast þær á kostnaðarverði. Þetta ákvæði var í l. nr. 8 frá 1968, og það gildir nú um sölu verkamannabústaða sbr. 26. gr. l. nr. 30 frá 1970, en ákvæðin eru í því fólgin, að ekki megi selja þessar íbúðir, nema því aðeins að samþykki sé fengið frá húsnæðismálastjórn. Og söluverð íbúðanna má ekki vera hærra en kaupverð þeirra að viðbættri verðhækkun, sem samkv. vísitölu byggingarkostnaðar hefur orðið á þeim hluta kostnaðarverðs íbúðarinnar, sem fallið hefur í gjalddaga og verið greitt, þegar forkaupsréttar er neytt. Enn fremur skal bæta við virðingarverði þeirra endurbóta, sem á sama tíma hafa verið gerðar og draga frá hæfilega fyrningu. Síðan eru sömu ákvæðin, eins og eru í lögum um verkamannabústaði, að eftir 10 ár má seljandinn njóta verðhækkunar sem svarar helmingi af eftirstöðvum byggingarlánsins og eftir 20 ár má hann njóta verðhækkunarinnar að fullu.

Það féll niður í lagasetningunni um þetta efni frá því í vetur í l. nr. 30 frá 12. maí 1970 að taka upp þetta ákvæði og var enda ekki talið eiga þar heima, heldur þótti eðlilegast að setja um þetta sérstök lög. Þá hefur líka þótt eðlilegt og sjálfsagt, að um íbúðir, sem byggðar eru til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, gildi sömu ákvæði og um þær íbúðir, þannig að frv.-ákvæðin ná bæði til íbúða, sem byggðar eru af framkvæmdanefnd byggingaáætlunar og sem byggðar eru til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis. Þetta hefur verið svo í mörg ár bæði í lögunum um verkamannabústaði og eins í lögum um byggingar fyrir láglaunafólk, þ. e. á vegum bygginganefndar Reykjavíkurbæjar og ríkisins, sem standa að byggingu þessara íbúða, þá hefur þetta verið í gildi líka. En eins og ég sagði, þá féll það niður úr lögunum um húsnæðismálastjórn frá í vetur. Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að þessu frv. verði að lokinni umr. vísað til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 61, n. 259).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 259, hefur heilbr.- og félmn. haft þetta mál til athugunar og mælir með, að það verði samþ. óbreytt. Efni frv. gerir ráð fyrir, að lögfest verði ákvæði hliðstæð því, sem áður var í l. um verkamannabústaði, þannig að Húsnæðismálastofnun ríkisins fái nú forkaupsrétt að þeim íbúðum, sem byggðar hafa verið af framkvæmdanefnd byggingaáætlunar — þó þannig, að íbúðareigendur fái hækkun miðað við það, sem þeir hafa greitt niður af lánum frá húsnæðismálastjórn, sem hvíla á íbúðunum, og eru reglurnar um það, eins og ég sagði, samhljóða því, sem var í l. um verkamannabústaði. Þetta frv. gerir einnig ráð fyrir, að sams konar ákvæði gildi varðandi þær íbúðir, sem byggðar hafa verið eftir þeim kafla l. um húsnæðismálastjórn, sem fjallar um íbúðir, sem byggðar hafa verið vegna útrýmingar á heilsuspillandi íbúðum nema að því leyti, að þar hafi sveitarstjórnir forkaupsrétt að íbúðum, ef til sölu þeirra kemur.

Á 34. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 236, n. 260).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft til athugunar frv. það, sem hér liggur fyrir, og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess óbreytts. Efni frv. er, eins og fram kom í framsöguræðu hæstv. trmrh. hér í gær, að verið er að lögfesta þá venju, sem skapazt hefur við útreikning á tryggingarskyldu tímabili ýmissa starfshópa. Venjan hefur verið sú, að vinnuvika hefur verið talin 48 stundir og þá talin með eftir- og næturvinna, en samkv. úrskurði, sem ríkisskattanefnd kvað upp á þessu ári, var gengið út frá, að tryggingarvikan skyldi reiknuð út eftir dagvinnutímum eingöngu. Þetta mundi hafa í för með sér ýmsar breytingar frá því, sem verið hefur, og er því þetta frv. fram borið til þess að lögfesta þá venju, sem um þetta hefur gilt áður.

Ég tel ekki, að þurfi fleiri orð um þetta. Þetta kom greinilega fram í framsöguræðu hæstv. ráðh., en eins og ég sagði í upphafi, hefur heilbr.- og félmn. á fundi sínum í gær samþ. einróma að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 275).

---

9. Sala á íbúðum framkvæmdanefndar byggingaáætlunar.

Á 5. fundi í Ed., 26. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um sölu á íbúðum, sem byggðar eru af framkvæmdanefnd byggingaáætlunar í Reykjavík eða til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis [59. mál] (stjfrv., A. 61).

Á 6., 7. og 9. fundi í Ed., 27. og 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 10. fundi í Ed., 2. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þegar aðstoð hefur verið veitt af hinu opinbera, úr ríkissjóði eða sveitarsjóðum eða hvort tveggja, hefur það verið gert til þess að hjálpa láglaunamönnum og eignalitlu fólki til þess að eignast íbúð. Hins vegar hefur verið ætlazt til þess, að við sölu á þessum íbúðum nyti eigandi íbúðarinnar ekki hagnaðar af þeirri sölu og hún yrði ekki seld nema á svipuðu verði og hún var keypt á, að viðbættum vitaskuld bæði kostnaði við endurbætur, sem fram hafa farið, og þeirri hækkun, sem almennt hefur orðið á vísitölu byggingarkostnaðar að frádreginni hæfilegri fyrningu. Þetta hefur verið framkvæmt þannig við verkamannabústaði og var þannig gert líka í lögum frá 1968 um byggingar framkvæmdanefndar byggingaáætlunar.

En í fyrra, þegar l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins voru afgreidd hér á þingi, þá voru ekki tekin inn í frv. þessi ákvæði um byggingar framkvæmdanefndarinnar, vegna þess að l. tóku þá ekki til þeirra framkvæmda — a. m. k. ekki nema þá óbeinlínis. Og það þótti meira við hæfi að setja um þetta sérstök l., og því er þetta frv. fram borið til að tryggja það, að þær íbúðir, sem byggðar hafa verið af framkvæmdanefnd byggingaáætlunarinnar, séu ekki seldar, nema Húsnæðismálastofnunin hafi áður hafnað forkaupsrétti og séu ekki framleigðar nema með leyfi hennar. Síðan eru ákvæði um það, að söluverð slíkrar íbúðar megi ekki vera hærra en kaupverð hennar að viðbættri verðhækkun samkv. vísitölu byggingarkostnaðar og sem svarar endurbótum, sem gerðar hafa verið á sama tíma, og að frádreginni hæfilegri fyrningu þó þannig, að þegar eigandinn hefur átt íbúðina í 10 ár eða lengur, þá megi hann njóta hagnaðar, sem nemur helmingi af söluhagnaði íbúðarinnar, og eftir 20 ár megi hann njóta þeirrar verðhækkunar, sem orðið hefur á íbúðinni að fullu. Þetta er sjálfsagður hlutur. Þetta hefur verið í l. áður, þetta er í hliðstæðum l. og raunar ekkert nýtt í þessu annað en það að endurnýja þau ákvæði, sem um þetta voru áður í gildi.

Auk þess er í frv. gert ráð fyrir því, að þegar íbúðir, sem byggðar hafa verið samkv. ákvæðum l. um útrýmingu heilsuspillandi íbúða, hafa verið seldar einstaklingum, þá gildi um það sömu ákvæði og 1. gr. segir til um. Þetta er efni frv. og raunverulega ekkert annað. Fyrra atriðið er til komið vegna þess, að það var ekki talið við hæfi að taka það inn í l., sem samþ. voru hér á síðasta þingi um húsnæðismálastjórn, og hið síðara vegna þess, að um íbúðir, sem byggðar eru samkv. l. um afnám heilsuspillandi íbúða, er það nokkurn veginn hliðstætt og ekki óeðlilegt og raunar sjálfsagt, að sömu reglur gildi og um íbúðir þær, sem byggðar hafa verið af framkvæmdanefnd byggingaáætlunarinnar, og sem lengi — og alltaf raunar — hafa verið í gildi um verkamannabústaði. Þetta er ofureinfalt mál og þarf ekki frekari skýringa.

Megintilefni þessa frv. er það í fyrsta lagi, að samkv. úrskurði ríkisskattanefndar frá 11. maí s. l. vor er það vefengt, að áratugagömul regla um álagningu á atvinnurekendur í sambandi við tryggingu starfsfólks hafi við lög að styðjast. Ég dreg það í efa. Þetta frv. — eða 1. gr. þess — gerir ráð fyrir því, að þessi áratugagamla regla, sem viðhöfð hefur verið, verði staðfest. Ég vil taka það skýrt og ákveðið fram, að hún þýðir í engu aukin álög á atvinnurekendur, nema síður sé, heldur staðfestir þá reglu, sem um áratugaskeið hefur verið fylgt í þessum efnum. Um þetta er fjallað í 1. og 2. gr. frv.

Tilefni 3. gr. frv. er það, að af lögfræðingum er dregið í efa, að sú heimild, sem í lögum er, að hækka megi bætur lífeyristrygginga almannatrygginganna miðað við hækkun grunnkaupstaxta fólks í fiskvinnu, eins og það er orðað þar, geti komið til framkvæmda, eins og til er ætlazt, með hálfsamþykktum fjárlögum, þ. e. fjárlögum eftir 2. umr., en í þeim er gert ráð fyrir 8.2% hækkun á lífeyrisbótum almannatrygginga um næstu áramót. Það þýðir, að á þessu ári hafi verið teknar þrjár ákvarðanir um hækkun bóta — í ársbyrjun 5.4%, í júní s. l. 20% og 8.2% miðað við fjárlögin, eins og þau eru nú við meðferð þeirra hér á Alþ. Við þetta yrði hækkun bóta á þessu tímabili orðin um 33.6%, og er það talið vafasamt, að ráðh. geti samkv. gildandi lögum, þar sem verður einungis að miða við grunnkaupstaxta, látið taka gildi þá 8.2% hækkun, sem fjárlögin gera í rauninni ráð fyrir. Þess vegna er orðinu „grunnkaupstaxta“ í núgildandi lögum breytt í dagvinnukaup.

Þetta er meginefni þessa máls, og eins og ég segi, flutt til að taka af öll tvímæli eða efasemdir um það, að ráðh. hafi umræddar heimildir í reglugerð, og í framtíðinni með gildistöku þessa frv. er ráðh. heimilt að miða við dagvinnukaupið, þ. e. bæði grunnkaupstaxtahækkun og vísitöluhækkun, sem kynni að verða á tilteknum tímabilum. Frv. er þess vegna ákaflega auðvelt meðferðar. Ég vænti þess, að sú hv. n., sem málið fær hér til umræðu, afgreiði það svo skjótt sem kostur er á, til þess að hægt sé að afgreiða málið fyrir jólaleyfi Alþ. í báðum deildum þess.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 236, n. 244).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Á þskj. nr. 244 kemur fram, að heilbr.- og félmn. hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþ. óbreytt. Það kom fram í framsögu hæstv. ráðh. fyrir frv., að tryggingagjaldagreiðendur eru eins settir eftir gildistöku frv. sem laga. Hér er verið að taka af öll tvímæli í orðalagi varðandi útreikning á tryggingarskyldum vinnuvikum, og vil ég í þessu efni vísa nánar til aths., sem fylgja frv.

Að svo mæltu legg ég til, að frv. verði samþ. og því vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 30. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 31. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Fyrir þessu frv. þarf ekki langa framsögu eða skýringar. Hv. Ed. hefur afgreitt þetta frv. einróma á aðeins tveimur dögum, en meginefni frv. er það annars vegar að staðfesta þá reglu, sem verið hefur hjá Tryggingastofnun ríkisins á útreikningi tryggingarviknafjölda — reglu, sem gilt hefur um áratugaskeið, en verið vefengd af ríkisskattanefnd, og hins vegar að miða nú framvegis bótahækkanir við dagvinnukaup í stað grunnkaupstaxta, sem er í núgildandi lögum. Það þykir vafasamt að þeirri 8.2% hækkun, sem er gert ráð fyrir í núv. fjárlögum, sé unnt að koma á, þar sem þá hefðu tryggingabætur hækkað á einu ári um 33.6% — eða í upphafi árs um 5.4%, á miðju sumri um 20% og svo aftur nú um 8.2%. Þetta er vefengt, að geti verið heimilt samkv. núgildandi lögum, þar sem einungis má miða við grunnkaupstaxta, og lagt til, að þessu orði verði breytt í dagvinnukaup. Ég vænti þess, að þessi hv. d. afgreiði þetta mál svo fljótt sem kostur er á, því að nauðsynlegt er, að l. taki gildi fyrir áramót, ef af framkvæmd þessara laga á að verða með þeim hætti, sem frv. kveður á um.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 21 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Ed., 5. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 13. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 23. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Auður Auðuns): Herra forseti. Frv. þetta er flutt til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin 9. júlí í sumar. Eins og hv. þm. rekur minni til, þá voru á síðasta Alþ. samþ. ný lög um skipan prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð. Með þeim lögum var gerð nokkur breyting á skipan prófastsdæmanna, og þar sem prófastsdæmin eru jafnframt kjördæmi í kosningum til kirkjuþings, þá bar nauðsyn til að breyta l. um kirkjuþing og kirkjuráð frá 1957 til samræmis við hin nýju lög um skipan prestakalla og prófastsdæma, en kirkjuþing stóð til að halda í haust, og var það háð um síðustu mánaðamót. Um þessa breytingu eða samræmingu við prestakallalögin fjallar 1. gr. frv. 2. gr. frv. er hins vegar um kosningar til kirkjuráðs.
Samkv. l. frá 1957 um kirkjuþing og kirkjuráð skal kjósa fulltrúa á kirkjuþing, aðalfulltrúa og varafulltrúa, í sumum tilfellum tvo varafulltrúa, og skal kjósa þá hverja fyrir sig. Þetta þótti óhentugt, að kosningar væru með þessum hætti, og því var þess óskað, að þar að lútandi ákvæðum væri breytt í þá átt, sem um ræðir í 2. gr. frv., sem sé að við kosningu skuli fyrsti maður á kjörseðli hljóta fullt atkvæði, annar maður skuli hljóta ⅔ atkvæðis og sá þriðji ⅓ atkvæðis. Ég ætla, að menn geti verið sammála um, að þetta sé í alla staði eðlilegt og til hagræðis. Í Ed. var frv. afgr. shlj. óbreytt, og menntmn. þeirrar hv. þd. lagði einróma til, að svo yrði. Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv., en legg til, herra forseti, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og til hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 25 shlj. atkv.

Á 29., 30. og 31. fundi í Nd., 11., 14. og 15. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 34. fundi í Nd., 16. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 18, n. 216).

Frsm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Eins og sjá má á þskj. nr. 216, sem er nál. menntmn. þessarar hv. d., leggjum við sex nm. til, að þetta frv. verði samþykkt, en einn hv. nm., hv. 6. þm. Reykv., lætur málið lönd og leið. Eins og hæstv. kirkjumálaráðh. gat um hér við 1. umr. málsins, er frv. flutt til staðfestingar á brbl., sem voru gefin út á s. l. sumri vegna kosninga til kirkjuþings, en eins og þm. muna, voru samþ. hér á síðasta þingi lög um breytta skipan prestakalla og prófastsdæma, en prófastsdæmin höfðu verið kjördæmi til kosninga til kirkjuþings, og það þótti rétt, að svo yrði áfram, eftir að breytingin var gerð á prófastsdæmunum. Það er aðalefni frv. að leggja til, að prófastsdæmin verði kjördæmi, þegar kosið er til kirkjuþings.
Enn fremur gerir frv. ráð fyrir því að gera kosningu varamanna auðveldari, þ. e. að aðalmaður og tveir varamenn séu kjörnir á einum og sama kjörseðli. Áður voru þeir kosnir sitt í hverju lagi, en nú er lagt til, að þeir séu kosnir á einum kjörseðli, og sá, sem er ritaður efstur á kjörseðilinn, fær heilt atkvæði, annar ⅔ hluta atkvæðis og sá þriðji ⅓. Þetta er efni þessa frv., og eins og ég sagði, leggur meiri hl. n. til, að það verði samþ., eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 274).

---

8. Almannatryggingar (stjfrv. um iðgjöld atvinnurekenda).

Á 16. fundi í Sþ., 10. des., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar [172. mál] (stjfrv., A. 236).

Á 29. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Í Sþ. í gær var umræddu frv., sem hér er til umr., útbýtt. En eigi það að koma að þeim notum, sem til er ætlazt með flutningi þess, þá er nauðsynlegt, að það hljóti afgreiðslu nú fyrir áramót, ef vilji er til þess, sem ég vænti, að sé að fengnum þeim skýringum, sem fylgja í aths. um lagafrv.

henta þætti, að taka sjálf lán og endurlána lánið Landsvirkjun. Það var engin breyting gerð á upphæð fjárhæðarinnar, sem um var að ræða í upphafi í frv., heldur einungis þetta formsatriði heimilað, að ríkisstj. sjálf taki lánið, því að fyrirhugað er, að málið verði leyst með þeim hætti, að lán verði tekið af hálfu ríkisins sjálfs og síðan endurlánað Landsvirkjun, og verður það hluti af stærra láni, sem væntanlega verður tekið fljótt eftir áramótin til þess að leysa þessi vandamál og önnur vandamál, sem nánar verður vikið að í sambandi við 3. umr. fjárl.

Ég vænti þess, þar sem hér er raunverulega ekki um neina grundvallarbreytingu að ræða, að hv. d. geti fallizt á það, svo sem var í hv. Nd., að samþykkja frv. svo breytt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 266).

7. Kirkjuþing og kirkjuráð.

Á 2. fundi í Ed., 13. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. um kirkjuþing og kirkjuráð íslenzku þjóðkirkjunnar, nr. 43 3. júní 1957 [18. mál] (stjfrv., A. 18).

Á 5. fundi í Ed., 26. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Auður Auðuns): Herra forseti. Þetta frv. til l. um breyt. á l. um kirkjuþing og kirkjuráð er flutt til staðfestingar á brbl. frá 9. júlí s. l. Eins og fram kemur í aths. við frv., voru brbl. út gefin vegna þess, að nauðsyn bar til að lögfesta þau ákvæði, sem í frv. greinir, vegna breytinga, sem urðu á skipan prófastsdæmanna með nýjum l., sem sett voru á síðasta Alþ. um skipan prestakalla og prófastsdæma. Prófastsdæmin mynda hvert um sig kjördæmi í kosningum til kirkjuþings, og er í 1. gr. frv. tekin upp sú nýja skipan prófastsdæmanna, sem varð með þeim lögum. Í 2. gr. frv. felst hins vegar breyting á ákvæðum um kosningar til kirkjuþings. Sú skipan, sem þarna er um að ræða í 2. gr. frv., er á allan hátt einfaldari en er í l. frá 1957, en samkv. þeim skyldi kjósa aðalmenn og varamenn, tvo varamenn og þá hvern í sínu lagi, en með frv. er hins vegar kveðið svo á, að kjósa skuli þrjá menn og skuli, eins og þar segir, reikna þeim, sem fyrstur er í röðinni eitt atkvæði, öðrum manni ⅔ atkvæðis og þriðja manni ⅓ atkvæðis, og skipi þeir síðan sæti varamanna í þeirri röð, sem tölur segja til um með hliðsjón af þeim útreikningi. Þessarar breytingar á ákvæðum um kosningu til kirkjuþings var óskað af kirkjunnar mönnum, og sýnist hún vera eðlileg og líka sanngjörn.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um frv., en legg til, hæstv. forseti, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og til menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Ed., 4. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 18, n. 88).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Menntmn. hefur haft frv. það, sem hér liggur fyrir til athugunar, og eins og álit hennar á þskj. 88 ber með sér, mæla þeir nm., sem viðstaddir voru á þeim fundi, sem málið var tekið fyrir á, með því, að það verði samþ. óbreytt. Það eru tvær efnisbreytingar, sem í þessu frv. felast miðað við gildandi lögákvæði um þessi efni: 1) Skipan kjördæma til kirkjuráðskosninga er breytt til samræmis við þá breyttu tilhögun á skipun prestakalla og þá um leið prófastsdæma, sem samþ. var á síðasta Alþ. 2) Sú breyting er gerð á núgildandi ákvæðum um kosningar til kirkjuþings, að varamenn til kirkjuþings verði hér eftir kosnir um leið og aðalmenn til kirkjuþings, þannig að þeir, sem næstflest atkvæði hljóta við kosningu aðalmanna, verði varamenn í stað þess að kjósa varamenn sérstaklega eins og nú er.

Á sínum tíma voru um það skiptar skoðanir hér á hv. Alþ., hvort kirkjuþing og kirkjuráð væru stofnanir, sem ættu rétt á sér í þeirri mynd, sem lögfest hefur verið. Ég býst við, að sá ágreiningur sé enn fyrir hendi, en að mínu áliti er ekki tekin afstaða til þessa máls með því, að n. mælir með því, að þetta frv. verði óbreytt, og enn fremur mundi ég líta þannig á, að hv. þd. væri í sjálfu sér ekki að taka afstöðu til slíks máls, þó að hún féllist á það að samþykkja frv., svo sem n. hefur lagt til.

Dómsmrh. (Auður Auðuns): Herra forseti. Ég þakka þn. fyrir skjóta og jákvæða afgreiðslu málsins. Það er eins og hv. frsm. menntmn. sagði, að það kunna að vera skiptar skoðanir um kirkjuþing og kirkjuráð, sem mun einnig hafa komið fram á sínum tíma, þegar l. þar um voru sett, en þær breytingar, sem í frv. felast hins vegar, eins og hann réttilega tók fram, skipta út af fyrir sig ekki máli í því sambandi. Önnur breytingin er í beinu framhaldi af lagabreytingum frá síðasta þingi og sú síðari augljóslega til að gera einfaldari kosningu til kirkjuþings. Eins og hv. þm. munu hafa orðið varir við, þá er kirkjuþing kosið samkv. ákvæðum þessara brbl. þegar setzt á rökstóla. Ég vil þá sem sé aðeins endurtaka þakklæti til þn. fyrir, eins og ég áður sagði, skjóta og jákvæða afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

ábyrgð með brbl. fyrir mjög stórum upphæðum, eins og hér er gert samkv. frv. á þskj. 3, hvort það kynni þá einnig að verða talið eðlilegt og rétt, þegar þar að kæmi, að fyrri virkjuninni væri lokið og menn vildu fara að vinna að hinni síðari, en skorti fé til, að gefa út brbl. fyrir ríkisábyrgð fyrir þeirri upphæð, sem þar yrði um að ræða og er miklu hærri en sú, sem hér er um að ræða. Það var þetta, sem ég var að ræða um, en hæstv. ráðh. virðist ekki hafa skilið, eða mér hefur ekki tekizt að orða þannig, að hæstv. ráðh. áttaði sig fullkomlega á því, hvað það var, sem ég átti við. En fyrir slíkum brbl., sem þá kynnu að verða gefin út, er auðvitað hægt að hafa þau rök, að stefnan hafi verið mörkuð á Alþ. ekki síður en nú — mörkuð með því að veita heimildina fyrir tveimur virkjunum, þó að ekki sé nú séð fyrir fjármunum nema til annarrar virkjunarinnar. Þetta er að mínum dómi alvarlegt mál ekki aðeins vegna þessarar framkvæmdar, sem hér er um að ræða, heldur almennt í framtíðinni, þegar um slíkar ríkisábyrgðir er að ræða, og finnst mér, að Alþ. og ríkisstj. ættu að hafa þá reglu að nota ekki þá heimild, sem þær kunna að hafa í stjórnarskránni — nokkuð ótakmarkaða — til þess að gefa út brbl. fyrir ríkisábyrgðum í sambandi við mjög miklar fjárhæðir.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég heyrði ekki alveg til enda ræðu hv. þm. í fyrra skiptið, sem hann talaði hér, þannig að það getur verið, að það hafi farið fram hjá mér, hvað hann sagði síðast, og bið ég afsökunar á því, ef ég hef misskilið það. Það, sem hann segist hafa spurt að, er, hvort ég telji eðlilegt, þegar að því kemur að halda áfram þeim virkjunarmannvirkjum, sem gert er ráð fyrir í frv. því til l. um breytingu á l. um Landsvirkjun, sem nú liggur fyrir Alþ., að heimila með brbl. ríkisábyrgð fyrir láni umfram það, sem þar er ákveðið. Ég álít, að það sé ekki eðlilegt, að í sambandi við svo stórar ákvarðanir, eins og þar er um að ræða, verði það gert með brbl., þegar verður ráðist þar í næstu áfanga, enda hygg ég, að þeir muni eiga sér þann aðdraganda, að þess verði ekki nokkur þörf.

Hv. þm. spurði einnig að því, hvort þetta væri ekki einmitt þáttur í hinum nýju virkjunarhugmyndum, sem hér hefði verið unnið að í sumar og þetta lánsfé ætti að ganga til, eins og frv., sem nú er til umr., gerir ráð fyrir, og þá er því þar til að svara, að það er bæði til afnota fyrir núv. virkjun við Búrfell og einnig framhaldsvirkjun. Að þessu er vikið í grg. með frv. um breytingu á Landsvirkjunarl., sem hér liggur fyrir Alþ., að þessar miðlunarframkvæmdir hafi verið nauðsynlegar, bæði til öryggis fyrir Búrfellsvirkjun sem slíka og einnig þær framhaldsvirkjanir, sem ætlunin er að ráðast í. Og ég hygg því, að það megi svara því þannig — án þess að ég hafi nægilega þekkingu til þess, eins og hv. þm. vék að, þá er það ekki mitt fag beinlínis að þekkja nákvæmlega þær fyrirætlanir, sem eru uppi í sambandi við þessar virkjanir — að það, sem unnið hefur verið að á þessu sumri og ríkisábyrgðarheimildin átti að notast til, hefur verið þáttur í þeim virkjunarframkvæmdum, sem nú er unnið að, og einnig þáttur í því, sem var vitað, að mundi verða nauðsynlegur undirbúningur að frekari mannvirkjum. Jafnframt hefur verið unnið að hönnun frekari mannvirkja og öðrum framkvæmdum, sem eru mjög kostnaðarsamar og nauðsynlegt var að hafa fé til, og það hefur komið fram í umr. um þetta mál, að það mun vera full þörf á því að halda þessum framkvæmdum öllum áfram með fullum hraða, til þess að ekki komi til orkuskorts hér á Landsvirkjunarsvæðinu á sínum tíma. Ég vonast því til, að við skiljum hvor annan, við hv. þm.

Hins vegar skal ég ekki segja um það, hvort hægt sé að segja, að það sé eitthvert óeðlilegt brot á reglum um ríkisábyrgðir að veita ríkisábyrgðir, þegar þær eru komnar yfir visst mark, en ekki innan tiltekins marks. Það get ég nú ekki séð, að skipti höfuðmáli. Það veltur að sjálfsögðu á því, hvort verið er að veita ríkisábyrgðir í samræmi við það, sem þegar hefur verið ákveðið af hálfu Alþ. og ætla má, að sé í fullu samræmi við það, sem sé sú meginstefna í framkvæmdum, sem ríkjandi er á Alþ. Það auðvitað skiptir höfuðmáli. Hitt væri ábyrgðarleysi að fara að ábyrgjast lán til framkvæmda, ef gera mætti ráð fyrir, að niðurstaðan yrði sú, að Alþ. vildi alls ekki fallast á, að það hefði verið rétt að farið að ráðast í slíkar framkvæmdir. Þá hefði vissulega ríkisábyrgð verið veitt af fyrirhyggjuleysi.

ATKVGR.
Brtt. 239 samþ. með 25 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 253).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 34. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 35. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ástæðan til þess, að þetta frv., sem á sínum tíma var samþ. einróma hér í hv. d., er hingað komið, er sú, að í Nd. var að ósk minni gerð sú breyting á frv., að ríkisstj. var heimilað í stað ríkisábyrgðar, ef

síðari virkjanir. Ég gat þess einnig, er ég lagði brbl. fyrir Alþ., að þar hefði verið mörkuð sú stefna af ríkisstj. hálfu og það mál mundi koma til kasta Alþ. að halda áfram virkjunum í Þjórsá, og hefur þegar frv. um það efni verið lagt fyrir Alþ.

Hv. þm. spurði hvort vænta mætti svipaðrar meðferðar í fjáröflun til þeirra mannvirkja eins og hér hefur verið gert. Þess gerist engin þörf, vegna þess að í þeim l. er gert ráð fyrir lántökuheimild, sem nemur hvorki meira né minna en 5900 millj. kr., og ég vonast til þess, að það frv. hljóti sams konar móttökur eins og í hv. Ed. Þar var þetta mál samþykkt andstöðulaust, þó að menn áskildu sér rétt til þess síðar meir að ræða um, ef kæmi til einhverra sérstakra ráðstafana í sambandi við notkun þeirrar orku, þegar til kæmi, þá voru allir sammála um, að þetta vatnsorkuver væri nauðsynlegt að byggja.

Ég skal svara hv. þm. því, að þess munu ekki vera dæmi, svo að ég viti til, að áður hafi verið með brbl. veitt heimild til þess að ábyrgjast svo hátt lán. En ég hygg, að ég þurfi ekki heldur að taka það fram, að það er heldur ekkert mannvirki, sem hefur verið reist á Íslandi, sem hefur kostað neitt í námunda við Landsvirkjun. Og þar er því um að ræða svo stórkostlegar tölur á okkar mælikvarða, að það verður í rauninni ekki borið saman við neitt annað, sem áður hefur gerzt í þeim efnum. Ég tel, að hefði þarna verið um að ræða lántöku til framkvæmda, sem hefði mátt ætla, að um væri verulegur ágreiningur, hefði það verið vafaatriði, hvort átt hefði að samþykkja þær hér á hinu háa Alþ.; þá hefði það verið mjög hæpið vægast sagt að leggja út í slíkar lántökur eða veita ábyrgð fyrir þeim með brbl. En ég tel, að ekkert það hafi komið fram hér á þingi áður, þegar lýst var stefnunni í þessum málum, sem benti til þess, að það væri nokkur andstaða gegn því, að í þessi mannvirki yrði ráðizt — og hafi verið ráðizt á þessu sumri. Þess vegna var þetta gert, þar sem brýna nauðsyn bar til að tryggja sér lánsfé, áður en Alþ. kom saman, þó að það væri ekki nema mánuður, þar til það mundi verða.

Hv. formaður fjhn. hefur hér flutt brtt., sem ég fór fram á, að flutt yrði um það að breyta brbl. í það horf, að ríkisstj. væri veitt heimild til lántöku ríkissjóðs og til að endurlána Landsvirkjun þetta fé. Og þetta er gert vegna þess, að horfur eru á því, að að því verði frekar horfið, að ríkissjóður bjóði út lán og endurláni síðan Landsvirkjun og yrði það þá hluti af stærra láni, sem þarf að taka til annarra framkvæmda, og mun verða nánar vikið að öðrum þætti þess máls, þegar kemur að 3. umr. fjárl. Þetta er ástæðan til þess, að óskað var eftir, að þessi brtt. yrði flutt, sem ég vonast til, að hv. d. fallist á, vegna þess að efnislega er þar ekki um neina breytingu að ræða, þó að þetta form sé á haft. Það hefði ekki verið sérstök þörf á því að fá þessa heimild, ef örugglega hefði verið vitað, að frv. um Landsvirkjun yrði að l. En þó skal það tekið fram, að það hefði þurft að fá heimildina með sérstakri breytingu á þeim lögum, vegna þess að þar er aðeins gert ráð fyrir ríkisábyrgðaheimildum fyrir þær 5900 millj. kr., sem ég gat um, og er að sjálfsögðu í sambandi við þessar framhaldsvirkjanir gert ráð fyrir því að leita til Alþjóðabankans með þau lán til virkjananna sjálfra, en lán mundu ekki hafa fengizt þar til þeirra mannvirkja, sem unnið var að í sumar og þarf að vinna að nú næsta sumar og að er vikið í þeirri heimild, sem brbl. fjalla um.

Ég held, herra forseti, að það sé ekki ástæða til þess að hafa um þetta fleiri orð, og vænti, að ég hafi svarað því, sem hv. þm. spurði að í þessu sambandi, en skal aðeins að lokum taka það fram, að auðvitað er alltaf æskilegt að þurfa ekki að nota brbl.-heimild hvorki í þessu tilfelli né öðrum, en hér bar vissulega brýna nauðsyn til að gera það, til þess að ekki stöðvuðust mjög nauðsynlegar framkvæmdir, sem þá var unnið að og m. a. veittu mikla atvinnu á þessum tímum.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör hans við þeim aths., sem ég gerði hér fyrr á fundinum í sambandi við þetta frv. Hæstv. ráðh. hefur nú upplýst það, sem mig grunaði, þó að ég þyrði ekki að fullyrða það, að það eru engin fordæmi fyrir því, að veitt hafi verið slík ábyrgðarheimild með brbl., sem hér er gert. Það eru engin fordæmi fyrir því að fara hér inn á nýja ... (**Fjmrh.:** Ekki fyrir svo hárri fjárhæð.) Ekki fyrir svo hárri fjárhæð. Nei, en fyrir litlum fjárhæðum. Ég bjóst við því líka. En hér er um mjög háa fjárhæð að ræða, 700 millj. kr. Hér hefur verið farið inn á a. m. k. mjög vafasama leið í þessu efni.

Hæstv. ráðh. gaf eina skýringu á því, að þessi leið hefði verið farin, þ. e. að gefa út svo óvenjuleg brbl., að það hefði verið óumflýjanlegt til þess að geta haldið áfram framkvæmdum, sem hafnar hefðu verið. Um það tel ég mig ekki dómbæran, hvort þessi ástæða hafi verið fyrir hendi, en án frekari upplýsinga verð ég að draga það í efa, að svo hafi verið. En í því sambandi og í tilefni af orðum hæstv. ráðh. vil ég spyrja hann um álit hans á því, hvort þessi mannvirkjagerð við Þórisvatn, sem nú er unnið að, hafi verið nauðsynleg vegna Búrfellsvirkjunar, eins og hún er nú fyrirhuguð upp í 210 þús. kw. Við því vildi ég gjarnan fá svar, ef það er á valdi hæstv. ráðh. að gefa það. En vera má, að það væri fremur sá hæstv. ráðh., sem fer með raforkumál, sem ætti að svara þessu, en hann er nú ekki hér viðstaddur.

Hæstv. ráðh. virðist hafa misskilið hina síðari aths. mína, sem varðar frv. á þskj. 10, og skal ég þá leyfa mér að endurtaka það, sem ég sagði í meginatriðum. Í þessu frv. eru heimilaðar tvær virkjanir í Tungnaá, samtals um 370 þús. kw., hvað vélaafl snertir. Eins og hæstv. ráðh. sagði, eru í frv. gerðar ráðstafanir til að sjá fyrir fjármagni til annarrar virkjunarinnar. Þetta frv. felur það í sér. Þar er séð fyrir fjármagni til annarrar virkjunarinnar. En heimild fyrir fjármagni til hinnar virkjunarinnar er þar ekki. Og þess vegna var ég að bera það í tal, ef á annað borð er farið inn á þessa leið að veita ríkis-

kynnt í n. Þar sem áður hafði verið gengið frá nál., var talið eðlilegra, að ég flytti þá till. sem formaður n. Á þskj. 238 mælir n. með því, að frv. verði samþ.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil í sambandi við þetta frv. leita upplýsinga hjá hæstv. fjmrh., og skal ég koma að því, hverjar þær upplýsingar eru. Þetta frv. til l. um viðbótarríkisábyrgð vegna Landsvirkjunar er flutt til staðfestingar á brbl., sem gefin hafa verið út 1. sept. 1970 eða rúmlega mánuði áður en Alþ. kom saman. Ég hafði nú búizt við því, að við umr. um þetta mál kæmu fram einhverjar aths. við þessa brbl.-útgáfu, því að stundum hafa komið fram aths. við brbl.-útgáfu af minna tilefni. En að þessu sinni hafa verið gefin út brbl., sem eru þess efnis að heimila ríkisábyrgð fyrir láni, sem er hvorki meira né minna en rúmlega 700 millj. kr.

Nú má vera, að fordæmi séu fyrir því, að svo háar ríkisábyrgðir hafi verið heimilaðar með brbl., skömmu áður en Alþ. átti að koma saman, og væri mér þá kært að fræðast um þau fordæmi, af því að ég kem þeim nú ekki fyrir mig í svipinn. Má vera, að svo sé, en hvort sem slík fordæmi eru fyrir hendi eða ekki, þá held ég, að ég verði að láta það í ljós sem mína skoðun, að slík brbl.-útgáfa sé mjög óheppileg, ef ekki stendur alveg sérstaklega á um slíkt efni sem þetta, þ. e. ríkisábyrgð fyrir mjög háu láni. Nú sagði hæstv. fjmrh. eitthvað á þá leið, þegar hann mælti fyrir þessu frv. hér í hv. d., og svipað mun hann hafa sagt, þegar hann mælti fyrir málinu í hv. Ed., þar sem það var í öndverðu flutt, að Alþ. hefði þegar markað stefnuna í þessu máli og því væri hér í raun og veru ekki um svo mjög alvarlegan hlut að ræða, þó að gefin væru út brbl. af þessu tagi. Alþ. hefði þegar markað stefnuna í þessu máli, og þm. hefði verið kynnt hún. Ég býst við, að þar sé átt við l. um Landsvirkjun frá 1965, þar sem gert var ráð fyrir, að eitt af hlutverkum Landsvirkjunar sé að framkvæma rannsóknir á virkjunarmöguleikum, en einnig gat hann þess við 1. umr., að fyrir þinginu hefðu legið upplýsingar eða áætlanir um frekari virkjanir á vatnasvæði Þjórsár.

Nú er það svo, að á þskj. 10, sem einnig var flutt í hv. Ed., og er 10. mál þingsins og mun vera til umr. í þeirri hv. d. í dag, er gert ráð fyrir að heimila Landsvirkjun allt að 370 þús. kw. virkjun í Tungnaá á tveimur stöðum, sem er stærri virkjun en Sogsvirkjun, stærri virkjun en Búrfellsvirkjun og stærri virkjun en Sogsvirkjun og Búrfellsvirkjun til samans, sem sé risafyrirtæki á íslenzkan mælikvarða á þessu sviði. Nú ætla ég ekki að ræða það mál hér efnislega á neinn hátt. En í þessu frv. er gert ráð fyrir þessum heimildum, og síðan er gert ráð fyrir, að með lögum verði tryggðir fjármunir með ábyrgðum og á annan hátt til þess að framkvæma aðra virkjunina. Það er ekki tekið fram, hvor virkjunin það sé, heldur önnur hvor virkjunin, eftir því sem segir í grg. frv. Nú hvarflar það að mér, ef svo færi, að önnur þessi virkjun væri framkvæmd og svo kæmi að því einhvern tíma síðar að framkvæma hina virkjunina, hvort hæstv. ríkisstj. eða hv. nefnd t. d. teldi það, að með brbl. mætti veita ríkisábyrgð, og hvort ekkert væri athugavert við það að veita ríkisábyrgð — við skulum segja — fyrir 2—3 þús. millj. kr. eða jafnvel hærri upphæð eftir nokkur ár, af því að stefnan hafi verið mörkuð með því að heimila virkjunina, þó að ábyrgðin væri ekki heimiluð.

Ég held sem sé, að það sé farið inn á dálítið varhugaverða braut með þessu frv. á þskj. 3 með útgáfu brbl. á þessu sviði, og vildi ekki láta hjá líða að gera þessa aths. við það og þá m. a. til að fræðast um það, ef einhver fordæmi kunna að vera fyrir slíkri brbl.-útgáfu og hvort þeir, sem að þessum brbl. standa, og hv. n., sem hefur mælt með þeim, mundi t. d. telja, að á sínum tíma, eftir 5—10 ár eða svo, væri hægt með brbl. að heimila ríkisábyrgð fyrir — við skulum segja — 170 þús. kw. virkjun á einhverjum stað, eins og þarna er gert ráð fyrir í frv. á þskj. 10 — hvort ekki væri neitt athugavert við það frá sjónarmiði Alþ., að slík ríkisábyrgð væri heimiluð með brbl., skömmu áður en þingið kæmi saman. Og ef það væri talið, að svo væri, þá fer nú kannske keðjan að lengjast og hugsanlegt, að talið væri eðlilegt að veita stórar ríkisábyrgðir einnig í öðrum tilfellum. Þó að hér sé um merkilegt fyrirtæki að ræða, sem eru virkjanirnar á Þjórsársvæðinu, er þetta ábyrgðarmál áreiðanlega þess vert, að því sé gefinn gaumur, hvert við erum að fara í þessu efni.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ástæðan til þess, að ég kveð mér hér hljóðs, er eingöngu fsp., sem hv. 1. þm. Norðurl. e. beindi hér til mín áðan í umr. um þetta mál. Verð ég að biðjast afsökunar á því, að ég varð að fara þá af fundi, áður en umr. var lokið, þar sem ég þurfti að tala fyrir öðru máli í hv. Ed.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. taldi eða spurðist fyrir um það, hvort það væri ekki óvenjulegt — jafnvel óeðlilegt — að gefa út brbl., svo skömmu áður en þing kemur saman og um jafn veigamikið fjárhagsmál og hér er um að ræða. Ég tók það fram, þegar ég mælti fyrir þessu máli hér, að ástæðan til þess, að þessi brbl. hefðu verið sett, svo skömmu áður en Alþ. kom saman, væri sú, að það hefði verið óumflýjanlegt að taka bráðabirgðalán, allverulegt lán, til þess að geta unnið að þeim vatnsmiðlunarmannvirkjum, sem unnið hefur verið að á þessu sumri í sambandi við Búrfellsvirkjun, og var þegar í upphafi, eins og hv. þm. gat um, gengið út frá því í umr. um þessi mál hér á Alþ., að þessi vatnsmiðlun yrði framkvæmd þarna og þær uppistöður gerðar, sem ætlunin er að kosta með þessu fé. Það má segja, að það hafi verið ógætilegt að hafa ekki þá þegar tryggt sér heimildir til lántöku fyrir Landsvirkjun í þessu sambandi. Því miður var það ekki gert, en ég taldi ekki, að það bryti á neinn hátt í bága við, heldur væri í fullu samræmi við þá stefnu, sem hefur verið mörkuð hér í Alþ., að þessum framkvæmdum yrði haldið áfram, hvað sem yrði svo um

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út 1. sept. s. l., þess efnis að veita ríkisstj. heimild til að ábyrgjast lán, sem Landsvirkjun þurfti að taka vegna Þórisvatnsmiðlunar og undirbúningsvirkjana í Tungnaá, allt að 8 milljón dollara virði eða 704 millj. ísl. kr. Ástæðan til þess, að ekki var hægt að bíða með þessa heimild, þar til Alþ. kæmi saman, var sú, að hafizt var handa í sumar um hluta af þessari mannvirkjagerð, þ. e. byggingu miðlunarmannvirkja við Þórisvatn og ýmsar aðrar framkvæmdir varðandi framhald Landsvirkjunar, þ. e. Sigölduvirkjun, og frv. um þá virkjun hefur nú verið lagt fyrir Alþ. Telja verður, að Alþ. hafi mótað stefnuna varðandi Landsvirkjunarframkvæmdir á þessum stöðum, enda áður legið fyrir Alþ. grg. um næstu áfanga, sem fyrirhugaðir væru, þannig að hér var ekki verið að marka neina nýja stefnu og því talið rétt að gefa út brbl., svo sem hér segir, til þess að ekki þyrftu að stöðvast þær framkvæmdir, sem nauðsynlegt var talið að vinna að í sumar. Að öðru leyti munu virkjunarmál þessi að sjálfsögðu koma til umr. hér á hinu háa Alþ. í sambandi við frv. um Sigölduvirkjun, sem nú hefur verið lagt fyrir þingið. Sé ég því ekki ástæðu til að ræða virkjunarmálið sem slíkt, og frv. þetta er í sjálfu sér það einfalt í sniðum, að ekki er þörf á að eyða í það fleiri orðum, en ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Ed., 29. okt., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 9. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 3, n. 58).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt til staðfestingar brbl., sem út voru gefin á s. l. sumri, en samkv. þeim var hæstv. ríkisstj. heimilað að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán, sem Landsvirkjun tæki til Þórisvatnsmiðlunar og undirbúnings virkjana í Tungnaá umfram áður veittar heimildir.

Ég hef engu við að bæta þær upplýsingar, sem fram komu í framsöguræðu hæstv. fjmrh. fyrir þessu frv. Fjhn., sem málinu var vísað til, hefur athugað málið, og eins og nál. á þskj. 58 ber með sér, lögðu allir nm., sem viðstaddir voru á fundinum, þar sem málið var afgreitt, til, að það yrði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Ed., 2. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 11. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 13., 14., 16. og 17. fundi í Nd., 5., 9., 11. og 12. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 19. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er til staðfestingar brbl., sem gefin voru út 1. sept. s. l. og fjalla einfaldlega um það að heimila ríkisstj. að ábyrgjast lán fyrir Landsvirkjun allt að 8 millj. dollara virði eða 704 millj. ísl. kr. — jafnvirði þess, sem tekið er að láni vegna framhaldsvirkjunar í Þjórsá, undirbúnings frekari framhaldsvirkjana þar og til Þórisvatnsmiðlunar og annarra framkvæmda, sem eru í sambandi við virkjunaráform í Þjórsá og unnið var að áfram nú á þessu sumri, en sú ábyrgðarheimild var þrotin, sem ríkisstj. hafði verið veitt samkv. gildandi lögum. Hér er ekki um neitt nýmæli að ræða. Hér er aðeins um það að ræða að veita sams konar ábyrgð og áður hafði verið samstaða um hér á hinu háa Alþ., að veitt yrði Landsvirkjun, sem ríkið er að hálfu leyti eignaraðili að. Frv. var afgr. frá hv. Ed., shlj., og vildi ég leyfa mér að vænta þess, að sú sama samstaða gæti orðið um það hér í þessari hv. d.

Varðandi Landsvirkjun sjálfa og hennar mál liggur fyrir sérstakt frv. um næstu virkjun í Þjórsá, þannig að þetta frv. út af fyrir sig gefur ekki neinar ástæður til umr. í sambandi við þær hugleiðingar, sem menn kunna að hafa um framhald Þjórsárvirkjunar, enda hefur því ekki verið blandað inn í meðferð þessa frv. í sambandi við umr. um það í hv. Ed.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 30. fundi í Nd., 14. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 3, n. 238, 239).

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft frv. þetta til meðferðar, og eins og fram kemur á þskj. 238, mælir n. með því, að frv. verði samþ.

Á þskj. 239 hef ég leyft mér að flytja brtt. við frv., en sú till. er flutt að beiðni hæstv. fjmrh. og var

til að spítalarnir, þ.e. Landsspítalinn og Kleppsspítalinn, gætu fengið hjúkrunarkonur til starfa, varð að setja upp barnaheimili við þessar sjúkrastofnanir, til þess að börn hjúkrunarkvennanna gætu fengið þar gæzlu. Þessi heimili eru búin að starfa í nokkur ár, en starfsfólk, sem að þeim vinnur, — eða tilvera þeirra hefur aldrei verið viðurkennd af þeim, sem fjármálum stjórna í þessu landi. Þetta hefur því verið gert í trássi við þá, sem hafa farið með fjárveitingavaldið og framkvæmd þess. Eitt af því, sem fram kom í þeim umr., sem fram fóru við undirnefnd fjvn. í sumar, var einmitt það, að þarna yrði að koma viðurkenning á. Það væri ekki hægt fyrir þessar stofnanir að halda uppi starfsemi sinni, ef þær misstu þessa starfskrafta. Nú hefur það áunnizt í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna að þessu sinni, að þessi barnaheimili, starfsemi þeirra við Landsspítalann og á Kleppi er viðurkennd, og það er viðurkennt, að þar skuli ráða forstöðukonu og fóstru, þó að það hafi ekki verið teknir þeir starfskraftar allir, sem um var beðið. Ég er sannfærður um það, að þó að nú hafi verið skorið niður verulega stórkostlega frá till. forstöðumanna stofnananna, verulega frá till. sjúkrahúsnefndarinnar og enn verulegar frá þeim endurskoðuðu till. sjúkrahúsnefndarinnar á starfsfólki og öðru, er lýtur að rekstri þessara sjúkrahúsa, þá verður ekki hjá því komizt að taka þetta til endurskoðunar fyrir árið 1972 og bæta þar verulega úr. Og það, sem mestu máli skiptir í þessu sambandi, er það, að það má ekki endurtaka sig, að það séu tugir fólks að störfum við þessar stofnanir, sem ekki er viðurkennt, að séu þar eða eigi að vera þar í starfi.

Ég vil líka minna á stofnun eins og Kleppsspítalann, sem starfar að nokkru leyti í gömlu húsi. Elzti hluti Kleppsspítalans er timburhús og ég álít, að það sé í raun og veru mikill ábyrgðarhluti að hafa sjúklinga í þeim hluta hússins, því að það væri meira en lítið áfall, ef slys henti þar í sambandi við eldsvoða, því að erfitt yrði að verja það hús, ef eldur kæmi upp. Ég vil líka minna á það, að við það, að komin er við Borgarsjúkrahúsið lítil deild fyrir þá sjúklinga, sem er að öðru leyti sinnt á Kleppi, þá er aðstaða þess fólks, sem vinnur við Kleppsspítalann, svo mikið verri heldur en við Borgarsjúkrahúsið, að það mun ekki una því til lengdar, einmitt það fólk, sem bezt er og kann að meta starfsaðstöðu og vill hafa hana í lagi. Þess vegna tel ég, að brýna nauðsyn beri til að taka ekki sízt mál Kleppsspítalans til sérstakrar athugunar. Það hefur nokkuð verið bætt úr húsakynnum þar og þau líta vel út, en betur má, ef vel á að fara. Eins er að segja með Vífilsstaði. Þar er nú gert ráð fyrir, að þær breytingar, sem yfirlæknirinn þar óskaði eftir, verði gerðar á næsta ári að því leyti, sem þær eru ekki komnar til framkvæmda, en það gerbreytir því gamla húsi, sem var alveg óviðunandi eins og það var, áður en farið var að byrja á breytingunum. Þessa þætti heilbrigðismálanna má ekki yfirstjórn heilbrigðismála eða fjárveitingavaldið láta eins og það sjái ekki. Hér er um slíkt stórmál að ræða.

Ég hef áður vikið að því í sambandi við umr. um fjármál, að það er mín skoðun, og svo er um okkur, sem stöndum að nál. minni hl., að nauðsyn bæri til að taka ríkisreksturinn til endurskoðunar, og það séu ýmsar stofnanir í ríkisrekstrinum, sem bæri að leggja niður starfræksluna á með að sameina þær öðrum. Þessar stofnanir voru góðar og nauðsynlegar, þegar til þeirra var stofnað margra hverra, og m. a. var þjóðfélagið þá á því stigi, að það hafði enginn aðili efni á eða möguleika til að setja upp sumt af þessum stofnunum. En það segir ekki, að þær séu jafnnauðsynlegar nú eða gegni því hlutverki, sem þær áður gegndu, og það ber nauðsyn til þess, að við reynum að laga þetta að nútímaháttum. Í ferðalögum undirnefndar fjvn. í sumar kom n. m. a. í stofnanir, þar sem mörg vinnutæki stóðu inni og ekki var útlit fyrir, að yrðu hreyfð á þessu sumri. Það er mín skoðun, að einmitt í opinberum rekstri verði að gæta þess að hafa ekki meira af vinnutækjum en svo, að þegar lágmarksvinnu er um að ræða, séu þau samt fullnýtt, því að ef svo er ekki, þá annaðhvort standa þau óhreyfð eða farið er að skapa verkefni til þess að hreyfa þau. Þetta tel ég, að þurfi að taka til endurskoðunar, og við höfum í sambandi við umr. um þetta m. a. vikið að viðgerðarverkstæðum, sem ýmsar ríkisstofnanir hafa. Það er mín skoðun og það mun vera sameiginleg skoðun okkar í minni hl., að það væri nauðsynlegt að gera á þessu breytingu. Það hefur verið í athugun, en úr framkvæmdum hefur ekki orðið. En það eru ýmsar stofnanir með kannske fleiri en eitt viðgerðarverkstæði. Svo er t. d. í flugmálunum. Það er eitt viðgerðarverkstæði vegna Reykjavíkurflugvallar og annað vegna flugvalla úti á landi. Starfsemi eins og viðgerðarverkstæði hjá vélasjóði, Landnámi ríkisins og fleiri slíkum stofnunum, sýnist mér vera mjög fráleit, þetta hljóti að verða dýrt, þetta sé skipulagslaust og það væri miklu auðveldara að vinna þetta á einum stað eða færri stöðum, þar sem tæki og starfskraftar væru einmitt miðaðir við það, sem bezt gæti orðið.

Ég er á þeirri skoðun, að í mörgum tilfellum sé illa búið að ríkisrekstrinum, og ég held, að það væri miklu betri leið að búa vel að þeim ríkisrekstri, sem eðlilegt er, að sé í landinu, heldur en halda honum öllum uppi eins og nú er. Það er eins með ýmsar stofnanir, sem settar hafa verið á stofn á síðari árum. T. d. finnst mér, án þess að ég hafi nú getað athugað það sem skyldi, að verkefni þau, sem Efnahagsstofnuninni voru upphaflega ætluð, séu nú að nokkru eða verulegu leyti komin til Seðlabankans og sumt til hagsýslunnar, fjármáladeildar menntmrn., og svo hefur Hagstofan vissan þátt í þessu. Ég hef áður hreyft því hér á hv. Alþ., hvort ástæða væri til þess að vera að halda þessari stofnun uppi lengur, hvort það væri ekki hægt að sameina hana Hagstofunni og velja Hagstofunni þau verkefni, sem eftir eru hjá þessari stofnun.

Ég kynntist því um daginn, að ýmislegt getur verið svona vafasamt og jafnvel skrýtið í framkvæmdum í okkar opinbera rekstri. T. d. kom það

fram við 1. umr. fjárl., að Rafmagnsveitum ríkisins hefur verið sett stjórn. Um daginn fór ég að kynna mér ákvörðun þessarar stjórnar um verð á rafmagni til dreifiveitna og vegna þess að þetta hafði verið flokkað. 1. flokkur var Suðurlandið, af því að þar var hagkvæmust og mest salan, 2. flokkur var svo Vestmannaeyjar og Andakílsveitan og í 3. flokki kom svo Patreksfjörður, Isafjörður, Sauðárkrókur og Reyðarfjörður. Þarna var nú látin gilda sú regla, að þeir, sem erfiðari áttu aðstöðuna og voru minni fyrir sér, áttu að greiða meira. Út af fyrir sig er það stefna hjá þeim, sem þeirri stefnu fylgja, þótt það sé öðru vísi heldur en ég og slíkir menn hugsa. Við það að fá nú upp, hvaða fjárhæð var þarna um að ræða, sást, að hún er svo lítil, að hún er næstum hlægileg. Þetta munaði einhverjum þúsundum í þessum milljónahítum, sem þarna er um að ræða. Svo fór ég að spyrja, hvernig þetta væri ákvarðað. Þá var það þannig, að fyrst tók stjórn Rafmagnsveitnanna ákvörðun um verðið. Svo leitaði hún umsagnar hjá Efnahagsstofnuninni og síðan var það svo sent aftur í rn. og þannig var það nú staðfest þar endanlega. En formaður stjórnar Rafmagnsveitna ríkisins er forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar. Hann sendi sjálfum sér málið til umsagnar, sem hann hafði ákveðið sem formaður stjórnar Rafmagnsveitnanna. Nú geta menn víst gert þetta, hvort sem þeir vilja gera sér þetta til gamans eða af öðrum ástæðum, en ósköp held ég að sé nú lítils virði að fá umsögn Efnahagsstofnunar um ákvörðun forstjórans sem stjórnarformanns í Rafmagnsveitunum. En út af fyrir sig þá er þetta nú ekki mergur málsins heldur hitt, að ég tel, að við gætum komið verkefnum Efnahagsstofnunarinnar vel fyrir hjá Hagstofunni, að því leyti sem það er ekki komið til annarra stofnana, og fjárlaga- og hagsýslustofnuninni að því er varðar tekjur ríkisins. En ég vil undirstrika það, að það ber nauðsyn til þess, að við endurskoðum ríkiskerfið og reynum að færa saman ríkisstofnanir og fækka þeim og gera málin bæði ódýrari heldur en nú er og að mörgu leyti einfaldari heldur en þau eru nú í framkvæmd.

Herra forseti. Ég fer nú senn að ljúka máli mínu, en ég vil minna á það, áður en ég lýk því, að einmitt nú við þessa fjárlagaafgreiðslu erum við á því tímabili, sem hefur verið óskatímabil hæstv. ríkisstj., í sambandi við kosningar að vera búin að koma á l., sem þeir hafa kallað verðstöðvunarlög. Þetta er nú í þriðja sinn, sem sá háttur er endurtekinn og settur á leiksvið og nú stórfelldari heldur en nokkru sinni fyrr, því nú kostar hann enn þá meira, heldur en hann kostaði 1959 og 1967. Það þarf enginn að efast um, hvernig framhaldið verður á leiksýningunni, þegar kosningarnar verða búnar, enda segir fjárlagafrv. alveg þar til um, ef núverandi valdhafar ráða þá áfram. Því með því að gera ráð fyrir því að borga niður verðlag aðeins fram yfir kosningar og eiga ekki aura í buddunni lengur til þeirra verka, þá er verið að sanna fólkinu í landinu það, að það er sami hugsunarhátturinn á bak við þessa framkvæmd og fyrri ráðstafanir hæstv. ríkisstj. um verðstöðvun. En ég vil svo jafnframt minna á í lokin og leggja áherzlu á það, að þrátt fyrir það, þó ríkisstj. sé nýbúin að afgreiða l., sem hún kallar verðstöðvun og eiga að tryggja það, að stöðugt verðlag verði í landinu, þá er hér verið að afgreiða hærri fjárlög en nokkru sinni fyrr og fjárlög, sem hækka á 4. milljarð frá yfirstandandi fjárlögum. Framkvæmdamáttur þess fjár, sem gengur til uppbyggingar í landinu, rýrnar með hverju ári sem líður, og verður framkvæmdaféð í þessum fjárlögum engin undantekning frá því. Ekki hrökkva tekjur fjárlagafrv. til þess að halda óbreyttu verðlagi nema í 8 mánuði af þessu fjárlagaári. Mörg stór og nauðsynleg verkefni krefjast aukins fjármagns þegar á árinu 1972, eins og ég hef áður vikið að, og verður þess vegna það að vanta fjármuni til niðurgreiðslnanna, sönnun fyrir því, að enn þá þarf að halda áfram á sömu braut um hækkun fjárlaga. Skuldir vegna verklegra framkvæmda, sem unnar hafa verið á undanförandi árum, eru nú hærri en nokkru sinni fyrr. Ekki verður komizt hjá því að afla Vegasjóði nýrra tekna, til þess að hægt sé að halda áfram þeim framkvæmdum, sem sjóðurinn vinnur nú að og ákveðið er. Árferðið nú til tekjuöflunar er með því bezta, sem gerist, þrátt fyrir það er ekki hægt að ná þeim tekjum, sem þarf til þess að afgreiða fjárlögin fyrir allt næsta ár. Þarf nokkurn að undra, þegar þannig er að staðið, þó að til séu menn í landinu, og það margir, sem álíta, að stefnan sé röng, stjórnarstefnan sé röng, og að staðreyndin sé þessi, að ef ekki tekst að snúa frá verðbólgustefnu ríkisstj., þá sé allt unnið fyrir gýg og beinn voði fyrir dyrum.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Við 1. umr. um frv. til fjárlaga fyrir næsta ár gerði ég grein fyrir afstöðu minni til frv., og hv. 3. þm. Vesturl. hefur nú skýrt þær brtt., sem við flytjum sameiginlega sem minni hl. fjvn. Þegar frv. kemur nú til 2. umr., eftir að fjvn. hefur haft það til meðferðar á nærri 40 fundum, þá vil ég færa meðnefndarmönnum mínum þakkir fyrir ánægjulegt samstarf og þá sérstaklega formanni n. fyrir lipurð og samstarfsvilja.

Í frásögnum af því þingi, sem nú situr, er því æðioft haldið fram, að það beri merki þess, að kosningar til Alþ. eru á næsta leiti — þetta þing sé kosningaþing — og er þá jafnan vitnað til flutnings einstakra þm. á frv. og þáltill., sem líklegar eru taldar til þess að falla kjósendum vel í geð. Nú er það svo, að þessi frv. og þáltill. eru jafnan æðimikið í samræmi við það, sem á undan er gengið í flutningi mála fyrr á þinginu, þótt meira kunni að verða tínt til nú á þessu þingi en fyrr á kjörtímabilinu. En í raun eru það ekki aukin umsvif einstakra þm., sem bera því öruggast vitni, að kosningar séu í nánd. Öruggasta merkið um yfirvofandi kosningar er, nú sem fyrr, skyndilegur og afar tímabundinn áhugi ríkisstjórnarflokkanna á verðstöðvun, — áhugi, sem vissulega er í æðimiklu ósamræmi við stefnu og störf ríkisstj. hinn hluta kjörtímabilsins.

Stöðvunarstefna er í miklu ósamræmi við aðrar

athafnir ríkisstj., sem á einum áratug hefur fellt gengi gjaldmiðilsins 4 sinnum og með stefnu sinni valdið örari verðbólguþróun en þekkzt hefur nokkurs staðar annars staðar í heiminum, nema þá kannske í einstaka ríki í S-Ameríku, þar sem fjármálaóstjórnin mun hafa komizt á enn hærra stig. Svo langþreyttur er almenningur á þessari þróun, að ríkisstj. veit, að henni duga nú ekki einstakar vinsælar þáltill. Þess vegna hefur síðustu mánuðina fyrir nær hverjar kosningar blossað upp áhugi á verðstöðvun, og sá áhugi hefur jafnan enzt nákvæmlega fram yfir kosningar. En þá hafa stjórnarflokkarnir snarlega hætt að bera sprek í stífluna, en þess í stað hleypt yfir þjóðina þeirri uppistöðu, sem safnazt hefur fyrir síðustu mánuði kjörtímabilsins. Þetta gerðist 1959, þetta gerðist 1966 og þetta er að gerast nú. Það þarf því ekki að deila um það, hvort þess sjáist merki í störfum hv. Alþ., að það dregur að kosningum, en ný sýndarverðstöðvun er hin opinbera tilkynning hæstv. ríkisstj. um kosningar til Alþ. En hún ætti vegna ítrekaðrar reynslu um leið að vera aðvörun til Alþ. um nýja efnahagskollsteypu að ári, ef þessum flokkum tekst að halda völdum, því það er engin hætta á öðru en að þá muni þeir standa verðbólgubröskurunum skil á sínu. Það er ekki ýkjalangt síðan flýta varð umr. hér á hv. Alþ. einmitt um verðstöðvunina, til þess að stuðningsmenn kosningasjóðs Sjálfstfl., þeir sem margir hverjir hafa framfæri sitt af verðbólgu, gætu átt notalega stund með foringjum flokksins. Og það fara ekki af því sögur, að þeir hafi haft áhyggjur af þessari vanalegu verðstöðvun. Þeir vita, hvaða hlutverki henni er ætlað að gegna og hve langir lífdagar henni eru ætlaðir.

Nei, kaupmenn í Reykjavík þurfa ekki að hafa áhyggjur af verðstöðvun, þótt þeir hafi lýst því yfir, að kaupmannastéttin muni ekki þola langa verðstöðvun. Verðstöðvanir hafa reynzt þeim sem eins konar umbúðir utan um jólagjöfina, innan í hafa þeir svo fengið gengislækkanir og fleiri ámóta gróðavænlegar ráðstafanir, t. d. afnám vísitölubóta á laun. Eftir verðstöðvunina 1959 kom stórfelld gengislækkun og afnám vísitölubóta á laun nokkrum mánuðum eftir kosningar. Varanlegri varð verðstöðvunin ekki þá.

Fjárlagafrv., sem flutt var verðstöðvunarhaustið 1966 rétt fyrir alþingiskosningarnar, var í nokkrum einstökum atriðum miðað við verðstöðvunina, svo sem að því er varðar auknar fjárveitingar til niðurgreiðslna, en heildarniðurstöður þess báru óumdeilanleg merki fyrri verðbólgufjárlaga viðreisnarstjórnarinnar með stórfelldri útþenslu á rekstrarliðum, sem voru í hrópandi mótsögn við alla viðleitni til þess að hamla gegn verðbólgu. Á engar rætur verðbólgunnar var skorið, enda fylgdu tvær gengislækkanir í kjölfarið. Sama er að segja um það fjárlagafrv., sem hér er til umr. Það er í nokkrum tilteknum atriðum miðað við þá tímabundnu verðstöðvun, sem nú hefur verið ákveðin, niðurgreiðslur eru auknar um 545 millj. kr. frá gildandi fjárlögum og framlag til fjölskyldubóta hækkað fyrir 3. umr. um 175 millj. kr. frá því, sem var í frv. Þessar upphæðir, að frádregnum niðurfellingum verðlagsbóta og lækkun útflutningsbóta, samtals 265 millj. kr., nema um 3.7% af heildarútgjöldunum, en að öðru leyti er fjárlagafrv. markað af afleiðingum verðbólgustefnu ríkisstj. undanfarin ár í enn ríkara mæli en nokkru sinni fyrr. Þrátt fyrir tímabundna verðstöðvun, einkennist fjárlagafrv. fyrir árið 1971 fyrst og fremst af þeirri verðbólgustefnu ríkisstj., sem nærzt hefur á stjórnleysi í fjárfestingum, innflutnings- og verðlagsmálum. Stefnu, sem hefur haft þær afleiðingar, að með skömmu millibili hefur orðið að grípa til afdrifaríkra og harkalegra efnahagsaðgerða, vegna þess að framleiðsluatvinnuvegirnir hafa verið að komast í þrot mitt í hinum mestu góðærum, sem þjóðin hefur lifað. Þegar fjárlög voru afgreidd fyrir u. þ. b. ári, hækkuðu þau frá árinu áður um 1300 millj. kr. og það var þá langsamlega mesta hækkun, sem orðið hafði á fjárlögum á einu ári. Í íþróttum er talið, að þegar einhver garpurinn er tekinn að skara svo fram úr öðrum, að hann hefur ekki lengur neina keppni, þá dragi úr afrekum hans. Hæstv. fjmrh. hefur fyrir löngu náð því afreksstigi í hækkun fjárlaga, að hann hefur við engan orðið nema við sjálfan sig að keppa, a. m. k. ekki á innlendum vettvangi. En það virðist þó ekki standa nýjum afreksverkum hans fyrir þrifum. Fjárlagafrv. er nú við 2. umr. orðið um 3100 millj. kr. hærra en fjárlög þessa árs eða um 37% hærra en núgildandi fjárlög. Hækkunin frá árinu á undan er um 140% meiri en hún var í fyrra frá árinu þar á undan. Þrátt fyrir öll hin miklu fyrri afrek viðreisnarstjórnarinnar á þessu sviði, stendur hæstv. fjmrh. svo sannarlega ekki í neinu tvísýnu sentimetrastríði við sjálfan sig, það er nú eitthvað annað. Hækkunin ein frá fjárlögum ársins 1970 nemur nú við 2. umr. ríflega tvöfaldri fjárlagaupphæðinni árið 1961 og mun þó hækkunin hafa aukizt enn meir, þegar frv. verður endanlega samþ. Að vísu hefur uppsetningu fjárl. verið nokkuð breytt á þessum tíma, en eftir sem áður er þessi þróun geigvænleg. Þetta er árangur stjórnarflokkanna í því aðalverkefni, sem þeir töldu sig hafa tekið að sér haustið 1960, að hafa hemil á verðlagsþróuninni. Þegar alþjóðastofnanir hafa verið að gefa út skýrslur um verðbólguna í ýmsum löndum heims, hafa fundizt einhver ríki í S-Ameríku, sem hafa til þessa skákað jafnvel viðreisnarstjórninni hér á Íslandi, en ég veit sannarlega ekki, hvar það ríki finnst á jörðinni, sem á þessu ári getur státað af meir en 40% hækkun fjárlaga á einu ári.

Á undanförnum verðbólguárum hefur þróun fjárlaga einnig verið sú, að rekstrarútgjöld hafa þanizt út, en framlög til verklegra framkvæmda hafa orðið æ minni þáttur heildarútgjaldanna. Enn heldur sú þróun áfram. Af þessari gífurlegu hækkun, heildarhækkun fjárlaganna, 3100 millj. kr., hafa þeir sem sagt 10% til verklegra framkvæmda og atvinnuveganna. Er þar þó engan

veginn um að ræða raunverulega aukningu sem því nemur, því hækkunin í krónutölu dugir ekki til þess að mæta rýrnandi raungildi krónunnar. Heildarupphæðir til nýrra framkvæmda hverfa því gersamlega í skuggann af útþenslu rekstrarkostnaðar á einstökum liðum fjárlagafrv. T. d. hækkar framlag ríkisins til hafnarmannvirkja og lendingarbóta úr rúmlega 78 millj. kr. í rúmlega 97 millj. eða um 19.3 millj. kr. En hækkunin til aðalskrifstofa rn. nemur um 32.5 millj. kr. á árinu. Rekstrarkostnaður þeirra hækkar úr 80.7 millj. kr. í 113.2 millj. Kostnaðurinn við skattstofur, þar sem einu sinni var lofað sérstökum sparnaði, hækkar úr 60.6 millj. í 76.2 millj. kr. eða um 15.6 millj. Og kostnaður við tollstjóraskrifstofuna í Reykjavík vex um nærri 11 millj. kr. á árinu. Þessar tölur um aukinn rekstrarkostnað ríkisembætta munu þó eiga eftir að hækka allverulega áður en afgreiðslu fjárlaga lýkur, ef rétt er, að á döfinni sé hækkun á launum opinberra starfsmanna að meðaltali um þriðjung til viðbótar 15% frá í vor og um allt að 80% hjá þeim embættismönnum, sem hæst eru launaðir.

Þjóðartekjur Íslendinga á mann hafa vegna mikilla afkasta sjávarútvegsins verið taldar með hinum hæstu í heimi. Hins vegar hafa tímalaun verið lægri hér á landi en í nokkru landi öðru með sambærilegar þjóðartekjur á mann. Og er vissulega orðið tímabært, að hlutur launþega úr þjóðartekjunum hækki frá því, sem hann hefur verið. Verulegur hluti opinberra starfsmanna er lágt launaður, og því ekki nema eðlilegt að sjá svo um, að þar verði um launabætur að ræða. En þegar stjórnarvöld taka nú loks að viðurkenna, að hlutur launþega úr þjóðartekjunum hefur verið of rýr, þá mun sú viðurkenning að sjálfsögðu hafa þau áhrif, að launakröfur þeirra, sem erfiðustu framleiðslustörfin vinna, þ. e. a. s. sjómanna, muni nú við kjarasamninga, sem þeir standa í, njóta meiri skilnings en þær hafa átt að mæta undanfarin ár, þegar löggjafanum hefur sérstaklega verið beitt til þess að skerða hlut sjómanna. Þegar skilningur ráðamanna virðist nú loks vera að vakna á því, að laun eru of lág í landinu, þá er þess vissulega að vænta, að sjómönnum og öðrum þeim, sem mikilvægustu framleiðslustörfin vinna, verði tryggð svo rífleg laun, að sótzt verði eftir þeim störfum, sem eru undirstaðan undir allri þjóðarframleiðslunni.

Bætt tækni og stóraukið afurðaverð hefur aukið þjóðartekjur Íslendinga verulega á undanförnum árum. Sú kynslóð, sem nú er á bezta aldri, hefur vissulega lagt hart að sér til að ná þessum árangri, enda notið hans á ýmsan hátt. Grundvöllinn lagði þó sú kynslóð, sem er að hverfa af starfsvettvangi og lifir nú sín elliár. Hversu miklu af hinni auknu verðmætasköpun hefur yngri kynslóðin getað séð af til hinnar eldri, þeirrar, sem komin er á ellilaunaaldurinn? Hafa ellilaunin hækkað í samræmi við auknar þjóðartekjur s. l. áratug? Því fer fjarri. Ætli staðreyndin sé ekki sú, að af aukningu á aflafé þjóðarinnar hafi svo til ekkert farið til raunverulegrar hækkunar á ellilaunum á þessu tímabili. Ákvæði almannatryggingalaga um heimild til að greiða uppbót á ellilífeyri, ef ellilífeyrisþegi kemst ekki af án hækkunar, hefur einkum verið notað til þess að gera vistmönnum á elliheimilum kleift að greiða dvöl sína þar, því ellilaunin sjálf duga hvergi nærri til þess. Með þessari uppbót hefur orðið að hækka ellistyrkinn nú síðast úr 120% í 125%, til að hann dugi fyrir dvalarkostnaði á elliheimili, sem nú nemur 10200 kr. á mánuði. Hver hefur þá verið hlutur þeirra, sem reynt hafa að búa í heimahúsum og verða flestir hverjir að láta sér duga einfaldan ellilífeyri, sem í dag nemur 4259 kr. á mánuði? Í Danmörku fær gamla fólkið, sem litlar eða engar tekjur hefur, í ellilífeyri 9700 kr. á mánuði miðað við ísl. kr. Þessi þróun hefur orðið á sama tíma og stjórnarvöldin stæra sig af verulega auknum þjóðartekjum á hvern mann í landinu undanfarin ár.

Það er út af fyrir sig vissulega ánægjulegt, að fjölskyldur í landinu hafa nú fengið 84% hækkun fjölskyldubóta með einu barni og um 45% hækkun með hverju barni úr því. Var vissulega þörf á hækkun, þegar haft er í huga, að kaupmáttur bótanna er, miðað við vísitölu vöru og þjónustu, með þeirri hækkun heldur lægri en fyrir 10 árum. Og það ætti að lýsa traustri greiðslugetu ríkissjóðs, ef rétt er, að stjórnarvöldin séu u. þ. b. að hækka laun æðstu embættismanna ríkisins um allt að 80%. Á sama tíma er boðuð aðeins 8.2% hækkun á bótum lífeyristryggingganna, annarra en fjölskyldubóta, frá næstu áramótum, einungis til að mæta rýrnun á kaupmætti þeirra síðasta hálfa árið. Enn dragast því ellilaunin og örorkubæturnar aftur úr í launakerfi þjóðarinnar. Þrátt fyrir 3100 millj. kr. hækkun fjárlaga á næsta ári, er ekki gert ráð fyrir, að ein einasta króna fari til raunverulegrar hækkunar á þessum bótum. Hagur þeirra, sem hafa ekki annað en ellilaunin eða örorkubætur að lifa af, hefur verið látinn sitja á hakanum á tímum aukinnar þjóðarframleiðslu og hvaðeina annað hefur verið látið sitja fyrir á fjárlögum ríkisins. Á þessu þarf að verða gagnger breyting. Þjóð, sem framleiðir svo mikil verðmæti á hvern íbúa sem Íslendingar, má ekki una því lengur að láta þá þjóðfélagsþegna, sem komnir eru á elliár, búa við svo skarðan hlut sem nú er. Lífskjör þeirra, sem hafa einungis elli- eða örorkulífeyri sér til lífsframfæris, eru í svo hrópandi ósamræmi við lífskjör þeirra, sem fulla starfsorku hafa, að það er siðferðileg skylda þjóðar, sem hækkar fjárlög ríkisins um rúml. þrjá milljarða á einu ári, að hækka þennan lífeyri svo að um muni, og það er furðuleg lítilþægni hjá Alþýðublaðinu þessa dagana að blása sig út af sjálfsánægju, vegna þess að bætur lífeyristrygginga eiga frá næstu áramótum að hækka um 8.2%, til þess að þær beinlínis lækki ekki að kaupgildi, vegna verðlagsbreytinga, sem orðið hafa frá 1. júlí s. l. Ef vel á að vera, þarf ellilífeyrir að tvöfaldast frá því, sem hann er nú, og sé það ekki talið kleift í einum áfanga, þá verður að setja þeirri framkvæmd ákveðið tímamark og ná því marki í áföngum. Til þessa hafa allar aðrar

framkvæmdir og ráðstafanir verið látnar sitja í fyrirrúmi og síðan, þegar bezt lætur, athugað, hvort eitthvað er eftir af fjármagni til að veita til umbóta í tryggingamálum. Þessu þarf að snúa við. Það verður að láta aðra hluti í þjóðfélaginu aðlaga sig þeirri ákvörðun, að elli- og örorkulífeyrir nægi til að greiða eðlilegan framfærslukostnað. Stjórnarvöldin þurfa tæpast að óttast, að almenningur muni kveinka sér undan þeim útgjöldum, sem fylgja þeirri ákvörðun að auka svo að um munar nú þegar og tvöfalda á tilteknum tíma þær bætur, sem lakastar eru í tryggingakerfinu, elli- og örorkulífeyrinn. Slíkri ákvörðun yrði án efa mætt með skilningi og jafnvel með öllu meiri skilningi en þeirri staðreynd, að stjórnarvöldin telja ástæðu til þess nú, að allt að því tvöfalda laun þeirra embættismanna ríkisins, sem hæst hafa launin fyrir. Ríkisstj. hefur með stefnu sinni rænt það með verðbólgu undanfarinn áratug og hefur með afgreiðslu hverra fjárlaga þurft að krefjast hundraða milljóna króna, og nú 3100 millj. kr., í auknar skattgreiðslur, til þess að standa undir útþenslunni í rekstrarkostnaði ríkiskerfisins. Ríkisstj., sem gerir að keppikefli stefnu, sem hefur slíkar afleiðingar, mun seint telja sig hafa efni á því, að láta elli- og örorkulífeyrisþega hljóta sinn hlut af auknum þjóðartekjum. Hvað þá enn ríflegri hlut. Grundvallarskilyrði þess, að mannsæmandi afstaða verði tekin til þessara þjóðfélagsþegna er því það, að óðaverðbólgustefnu ríkisstj. verði hnekkt og valdatíma hennar ljúki sem fyrst.

Stefna stjórnarflokkanna, sem leitt hefur af sér óðaverðbólgu við hverja gengisfellinguna eftir aðra, hefur á hinn margvíslegasta hátt mismunað þegnunum. Og má þar sérstaklega minna á, hvernig mörg þau sveitarfélög úti á landi, sem ráðizt hafa í hafnargerðir fyrir erlent lánsfé, hafa verið leikin. Á sama tíma og verzlunarstórhýsi eru reist í Reykjavík fyrir innlent lánsfé, sem greitt er til baka með smærri og smærri krónum með hverri gengislækkun, hefur fólkið í þorpunum úti á landi, fólk, sem vinnur svo til allt að gjaldeyrisöflun fyrir þjóðarbúið, orðið að kosta sjálft með útsvörum ríflegan hluta þeirra hafnarmannvirkja, sem nauðsynleg eru til þess að kleift sé að nota vinnuafl þess við framleiðslustörfin, — svo að þeir, sem verzlunarstórhýsin hafa reist, geti fengið þann gjaldeyri, sem þeir þurfa til þess að geta grætt í þessum húsum sínum. Við hverja gengislækkun, sem minnkar skuldirnar á verzlunarhúsunum, hækka svo hafnarlánin í krónutölu og verða óviðráðanleg fámennum sveitarfélögum. Þessar hafnir eru fiskiskipahafnir, en til Reykjavíkurhafnar renna gjöldin af svo til öllum innflutningi landsmanna, gjöld, sem fólk úti á landsbyggðinni sem aðrir verður að greiða í vöruverðinu. Hlutur ríkissjóðs í kostnaði við tilteknar hafnarframkvæmdir hefur að vísu verið aukinn, en ég held, að það hljóti að fara að verða hverjum manni ljóst, að það verkefni, að byggja nauðsynleg hafnarmannvirki í verstöðvum úti á landi, til þess að sjómönnum á þessum stöðum sé kleift að vinna þau störf, sem eru undirstaða þjóðarbúsins, er óskipt verkefni ríkisins, þjóðarheildarinnar, en ekki að neinu leyti sérverkefni þess fólks, sem þar leggur fram vinnu sína til gjaldeyrisöflunar fyrir þjóðarbúið dag hvern. Slíkar framkvæmdir eiga að greiðast að fullu úr sameiginlegum sjóði landsmanna, a. m. k. ekki síður en rándýrar vegaframkvæmdir langt inn í bæjarland Reykjavíkur, sem Vegasjóður kostar nú að fullu.

Það ár, sem nú er brátt liðið hefur verið þjóðinni gjöfult ár. Aflabrögð hafa verið með eindæmum og afurðaverð farið hækkandi allt til þessa dags. Og tekjur ríkissjóðs eru í samræmi við það. Það ætti því ekki að vera erfitt að koma saman fjárlögum nú í slíku árferði, sem er ekkert meðalárferði heldur langt fram yfir það. En það er reynsla þjóðarinnar af hæstv. ríkisstj., að þegar þjóðartekjurnar hafa fallið úr hæsta toppi niður í meðaltal fyrri ára, hefur óðar skollið á atvinnuleysi um land allt, þegar hins vegar, eins og nú, betur árar, þá flæða verðhækkanirnar hömlulaust yfir og allt fer úr böndunum og grípa verður til sérstakra efnahagsráðstafana mitt í góðærunum. Þessi reynsla af stefnu ríkisstj. er rækilega staðfest nú. Í mesta góðæri í sögu þjóðarinnar, þegar auðveldara var en nokkru sinni fyrr að hækka kaup launafólks, a. m. k. upp í það raungildi, sem það áður hafði haft, þá er þeim launabótum mætt með flóði verðhækkana, þar til í algert óefni er komið og ríkisstj. sér ekki annað fært vegna kosninganna á næsta ári en að grípa til verðstöðvunar. (**Forseti:** Ætlunin var að fresta fundi nú kl. hálffimm. Ég vildi spyrja hv. ræðumann, hvort hann ætti mikið óflutt af sinni ræðu.) Ég á svona 5—10 mínútur eftir. Ég gæti haldið áfram þess vegna.

Þrátt fyrir nær 40% hækkun fjárlaga rúmast þó ekki framlag til þess, að verðstöðvunin geti haldizt allt fjárlagaárið, ef þeir, sem með völdin fara á næsta sumri, kysu að halda henni áfram allt árið, né heldur er þá í staðinn gert ráð fyrir framlagi til greiðslu þeirra verðlagsbóta á kaup, sem ríkissjóður yrði að greiða, ef verðstöðvun yrði afnumin áður en fjárlagaárinu lyki. Þannig er fjárlagafrv. lagt fram til 2. umr. án þess að endar nái saman að þessu leyti.

Vegna eindæma aflabragða og stórhækkaðs afurðaverðs verður verðmætasköpunin í landinu meiri á þessu ári en nokkru sinni fyrr. Ef íslenzka þjóðin byggi við stjórnarstefnu, sem markaðist af skipulags- og félagshyggju, hefði nú verið fyrir hendi eitt stórfelldasta tækifærið í sögu hennar til sérstakra átaka í þágu landsmanna allra. En markmið stjórnarflokkanna er ekki það að miða notkun afrakstursins við sameiginlega hagsmuni landsmanna allra. Gróðahyggja einstaklinganna er látin sitja í algeru fyrirrúmi. Eina matið, sem stjórnvöldin leggja á nauðsyn uppbyggingar og framkvæmda, er það, hvort unnt sé að skapa einhverjum gróða. Í slíku mati er verzlunarhöll mikilvægari en skóli, bankaútibú mikilvægara en

sjúkrahús. Á sama tíma og framlögum til uppbyggingar og framkvæmda á fjárlögum ríkisins er haldið í lágmarki er tekið í notkun hér í Reykjavík nýtt verzlunarhúsnæði, sem mælt er í dagsláttum, og Morgunblaðið segir í Reykjavíkurbréfi s. l. sunnudag, að almenningur geti glaðzt. Þessi dagslátta mammons teljist til þjóðareignar. Þ. e. a. s. það fé, sem fjáraflamönnum áskotnast úr vösum annarra þjóðfélagsþegna og fyrir sérstakan aðgang að innlendu lánsfé, segir Morgunblaðið, að sé fé íslenzku þjóðarinnar og eignin hluti þjóðareignarinnar. Þannig eiga þeir landsmenn, sem búa við ófullnægjandi skólahúsnæði, ónógt sjúkrahúsarými og jafnvel skort á viðunandi vegakerfi að gleðjast yfir því, að þótt góðærið mikla hafi ekki gert þjóðinni kleift að vinna átak til úrbóta á þessum sviðum, þá er þjóðareignin samt að aukast suður í Reykjavík og þeirra hlutur þá um leið, svo að ekki hafa nú máttarvöldin litið alveg fram hjá þeim.

Þeir flokkar, sem byggja stefnu sína á því sjónarmiði, að gróðavon einstaklinga eigi að vera hreyfiaflið í þjóðfélaginu, hafa fyllilega gefið ákveðnum aðilum aðstöðu til að nýta til gróðaöflunar þá verðbólgu, sem af þessari stefnu hefur leitt. En að sama skapi hefur þessi stefna gert ríkissjóði ókleift að nýta aukna verðmætasköpun þjóðarinnar til sameiginlegra átaka fyrir allan almenning í landinu. Þrátt fyrir hundruð millj. kr. hækkun fjárlaga hvert eitt undanfarið ár, og nú 3100 millj. kr. hækkun, er ekki rúm fyrir slíkar ráðstafanir, allt hverfur í verðbólguhítina. Þrátt fyrir hækkun fjárlaga á einu ári um rúml. þrjá milljarða fer ekkert raunverulega til aukinna verklegra framkvæmda og ekkert til nýrra félagslegra átaka. Þær verklegu framkvæmdir ríkisins, sem eitthvað kveður að um þessar mundir, lagning varanlegra akbrauta í nágrenni Reykjavíkur, eru unnar fyrir erlent lánsfé.

Hefði stjórnarstefnan á undanförnum árum verið byggð á skipulags- og félagshyggju í stað ræktunar verðbólgu, þá hefði slíkt árferði, sem nú er, verið gullið tækifæri til sérstakra stórátaka ríkisins, sem þjóðin verður nú af, því vegna verðbólgunnar eru allar auknar ríkistekjur gleyptar í útþenslu rekstrarkostnaðarins. Það ætti því að vera þjóðinni ljóst, í alþingiskosningunum næsta sumar, að það er ekki nóg, að árferðið sé hagkvæmt, aflabrögð góð og afurðaverð hátt, til þess að slíkar ytri aðstæður nýtist þjóðinni sem heild, landsmönnum öllum, hvar sem þeir búa, en ekki einstökum fjáraflamönnum. Það þarf að verða grundvallarbreyting á þeirri stjórnarstefnu, sem ríkt hefur í landinu undanfarinn áratug.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég vil fyrst nota tækifærið til þess að færa hv. fjvn. þakkir fyrir hennar miklu vinnu, sem hún hefur innt af hendi nú sem endranær, og fyrir sérstaklega góða samvinnu við undirbúning fjárlagafrv. fyrir þessa umr.

Hv. talsmenn stjórnarandstöðuflokkanna í fjvn. hafa hér flutt alllangar ræður og komið víða við. Margt af því, sem þeir hafa sagt, gæfi vissulega tilefni til þess að flytja hér alllangt mál, en ég skal ekki lengja um of fundartímann með því að hefja almennar umr. um efnahagsmál. Þeir hafa farið um það mörgum orðum, hversu fjárl. væru geigvænlega há og hækkun þeirra geysileg miðað við síðustu fjárlög, og ég skal fullkomlega taka undir þau orð. Ég sagði það í fjárlagaræðunni, þegar ég lagði fjárl. fyrir þingið, að þar væri um óhugnanlegar hækkanir að ræða, en sem hins vegar tjóaði þó ekki annað en horfast í augu við, og ég hef ekki enn þá í þessum umr. heyrt nokkrar leiðbeiningar um það, hvernig ætti að komast hjá því að hækka útgjöld ríkissjóðs eins og fjárl. gera ráð fyrir, og hefur ærið miklu verið við bætt nú milli umr., sem ég hygg einnig, að menn geti verið sammála um, að hafi verið óhjákvæmilegt. Að vísu geta menn sagt sem svo, stjórnarandstæðingar, að það séu ekki þeir, sem standi að verðstöðvun og öðru slíku, sem leiði til mikilla útgjalda fyrir ríkissjóð. En ég hygg þó, að verðstöðvunin sem slík hafi notið einróma stuðnings hér á hv. Alþ. og í rauninni hafi menn ekki verið andvígir því og viðurkennt þau sannindi og staðreyndir, að það yrði að afla fjár til þess að framkvæma þessa verðstöðvun. Ég sé því ekki annað en að sú staðreynd blasi óneitanlega við augum og henni hafi ekki verið haggað hér, að ekki hafi verið um annað að gera í sambandi við afgreiðslu fjárl. nú og verði ekki um annað að ræða en horfast í augu við þessar staðreyndir, sem við blasa, og meðan menn benda ekki á aðferðir til þess að lækka verulega ríkisútgjöldin, þá verð ég nú nánast að taka mér í munn það orð, sem hv. 3. þm. Vesturl. hér áðan sagði eða eignaði mér og ég kann að hafa notað einhvern tíma við svipað tækifæri, að þetta sé nánast moðreykur, sem fluttur er, þegar haldið er uppi harkalegum ádeilum á fjárlagaafgreiðsluna og talað um, hvað hún sé óhæfileg og ríkisútgjöldin hækki stórkostlega ár frá ári. Því hefur verið haldið fram hér, að það sé algert met, hversu fjárlög hafi hækkað mikið, og ekki sízt nú hafi mér tekizt að slá öll mín met, og því er haldið fram, að ég eigi þó öll fyrri met í þessu efni líka. Nú er það að vísu ákaflega gaman að vera methafi, má segja, ef á það er horft eitt út af fyrir sig, þó að sumir muni þá væntanlega segja, að það sé ekki gaman að vera methafi, þegar það sé að endemum. En þetta fer nú eftir því, hvernig á málið er horft, vegna þess að það auðvitað tjóar ekki að horfa á upphæðina eina saman, heldur hlutföll. Og vissulega eru það geigvænleg hlutföll, sem við stöndum nú andspænis varðandi hækkun fjárlaga, og miklu hærri en hafa þó verið síðustu árin, þar sem fjárlög hækka um 36 eða 37% miðað við þá hækkun, sem nú eru horfur á að verði. En ég vil nú samt vekja athygli þessara ágætu þm., sem hér hafa talað, á því, að þeir ættu að reikna út hlutfallstölu frá þeim árum, þegar flokkar þeirra fóru með stjórn landsins síðast, í tíð vinstri stjórnarinnar. Það var að vísu höfð sú aðferð þá að halda stórum hluta útgjaldanna utan við

ríkissjóð, búa til annan ríkissjóð, sem komst upp í það að vera jafnstór eins og ríkissjóðurinn sjálfur. Vitanlega var hér um algera blekkingu að ræða og ég held, að þeir ættu að reikna út hlutfallstölurnar, sem þá voru hækkaðar ár frá ári, áður en þeir fara að auglýsa sérstaklega, hver muni vera methafi í því að leggja fram há fjárlög. Mér dettur ekki í hug að ásaka þann mann, sem þá var fjmrh., fyrir það, að þetta hafi verið hans sök, en viðhorfið var þannig og efnahagsþróunin, að það varð ekki hjá því komizt að horfast í augu við þær staðreyndir, sem við blöstu í sambandi við ríkisútgjöldin á þeim tíma, alveg nákvæmlega á sama hátt og við verðum að gera í dag.

Hv. 3. þm. Vesturl. lagði nokkra vinnu í það, og ég skil hann vel, að afsanna þau orð mín, sem ég flutti hér við 1. umr. fjárlagafrv., að fjárl. væru ekki orsakavaldur að verðbólgu í þjóðfélaginu, heldur væru þau fyrst og fremst spegilmynd af því ástandi í efnahagsmálum, sem væri hverju sinni, og væru í rauninni afleiðing af því, sem áður hefði gerzt. Þetta vildi hann afsanna með því að benda á, að á árinu 1969 hefðu engar þær hækkanir orðið, sem hefðu réttlætt þá stóru útgjaldahækkun, sem varð hjá ríkissjóði nú á árinu 1970, í fjárl. yfirstandandi árs. Ekki minnist ég þess, að þessar skoðanir hv. þm. kæmu fram á þann hátt, að það væri gert ráð fyrir útgjaldalækkun hjá ríkissjóði, þegar fjárl. voru afgreidd nú síðast. Hann benti að vísu á það, að það hefði verið einfalt mál að fallast á till. um það að lækka söluskatt á tilteknum nauðsynjum og rýra stórkostlega tekjustofna ríkissjóðs. Hann gat þá um, að það hefði leikið á hundruðum millj., vegna þess að þetta hefði hitt ríkissjóðinn aftur í höfuðið nú í haust að greiða þetta niður. Hér er auðvitað um algerar firrur að ræða. Hefði söluskatturinn ekki verið hækkaður um síðustu áramót, hefði þess verið enginn kostur annar en það hefði orðið stór halli á ríkisbúskapnum nú á þessu ári, vegna þess að til þess að koma við verðstöðvunaraðgerðunum núna, verður einmitt að gera ráð fyrir nýjum tekjum, til þess að standa undir þeim útgjöldum, en ekki notaðar þær tekjur, sem þá var gert ráð fyrir. Þetta veit ég, að hv. þm., sem er mjög glöggur maður, veit mætavel, að þetta fær ekki staðizt, þessi röksemdafærsla. Og það, sem á því stigi kostaði ríkissjóðinn að láta vísitöluna hækka um 2%, — hún hækkaði nú ekki sérstaklega af söluskattinum, heldur komu nú tollalækkanir þar á móti og skal ég nú ekki segja um, hvernig það dæmi kemur endanlega út, en þá auðvitað er hver prósenta í kauphækkun allt önnur heldur en í sambandi við niðurgreiðslur, hver kauphækkanaprósenta fyrir ríkið eins og málið þá blasti við, kostar að sjálfsögðu margfalt minni fjárhæð heldur en það kostar að greiða niður hvert vísitölustig, og þessi röksemdafærsla hv. þm. er því algerlega út í hött — hefði þá leitt til þess, að það hefði orðið verulegur hallarekstur hjá ríkissjóði miðað við þær horfur, sem þá voru um tekjuöflun ríkisins, og ég er alveg sannfærður um það, að ef þessi hv. þm. hefði átt að bera ábyrgð á afgreiðslu fjárl., sem hann ekki gerði nú, þá hefði honum aldrei hugkvæmzt sá tillöguflutningur, sem þá kom fram. Ég held, að því sé því algerlega ómótmælt, að fjárl. nú eru spegilmynd af þeirri þróun, sem orðið hefur síðast nú á þessu ári, og meðan ég ekki heyri neinar upplýsingar um það, hvernig á að skera niður þessi útgjöld, þá finnst mér það nánast út í hött að vera með ásakanir og fordæmingar fyrir það, að ég láti þessar tölur koma fram í fjárlagafrv. Ríkið getur t. d. ekki eins og útgerðin og jafnvel atvinnuvegirnir geta að vissu marki velt launahækkunum sínum yfir á aðra. Það verður að koma fram í beinum, auknum útgjöldum ríkisins og miðað við það, sem sagt er í grg. í nál. minni hl. fjvn., þá er það síður en svo, að það sé fundið að því, að laun hafi verið hækkuð, og það liggur þá í augum uppi jafnframt, að það verður að taka afleiðingunum af þessum hækkunum. Og þessar launahækkanir ganga í gegnum allt kerfið, sem ég þarf ekki að rekja hér. Gerð er nákvæmlega grein fyrir því í fjárlagafrv., hvernig meginhluta útgjaldaaukans nú má rekja til launahækkananna, sem urðu fyrr á þessu ári. Hinu er svo ekki að leyna, að þessar launahækkanir og aukin kaupgeta almennings hefur leitt til þess, að það er hægt að standa straum af útgjaldaauka ríkissjóðs af þessum sökum, ef við lítum frá verðstöðvuninni, sem er sérstakt mál, án þess að grípa til neinnar nýrrar tekjuöflunar. Og ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að það er yfirleitt svo í öllum nálægum löndum og það er raunar áhyggjuefni alls staðar í þessum löndum, að í hvert skipti, sem afgreidd eru fjárlög, verður að grípa til nýrrar tekjuöflunar. T. d. er það svo á öllum Norðurlöndunum og er ár eftir ár, og þetta stafar auðvitað bæði af verðbólguþróun, þó að hún sé nú minni þar en hér, — að vísu er hún þar stórvaxandi, — og einnig vegna þess að það eru gerðar sífellt meiri og meiri kröfur til þess opinbera, sem því er ætlað að rísa undir.

Það, sem við líka heyrum jafnhliða því, að fordæmt er, að þetta séu verðbólgufjárlög og óhæfileg eyðsla hjá ríkinu eða óhæfilegur útgjaldaauki, þá er jafnframt haldið fram, og það hafa talsmenn minni hl. gert hér báðir, að það vanti stórkostlega fé til alls konar þarfra hluta. Ég get alveg tekið undir þetta með þeim, það væri vissulega æskilegt að geta unnið að margvíslegum umbótamálum, sem ekki er hægt að sinna. En þess er enginn kostur, ef við ætlum að forðast það, að hér verði um beina útgjaldahækkun að ræða, sem leiði til stóraukinna skatta til þarfa ríkissjóðsins sjálfs, svo að ég enn þá endurtaki það, að ég undanskil þar verðstöðvunaraðgerðirnar, sem eru sérstaks eðlis. Ég legg því á það áherzlu og vek á því sérstaka athygli, að hér hafa ekki komið fram neinar till., sem neinu máli skipta varðandi sparnað eða niðurskurð útgjalda, heldur eingöngu fordæmingar á útgjaldahlið fjárlaga, hvað útgjöldin hafi aukizt jafnhliða því, sem er svo lagt til að auka útgjöldin enn meir. Þessu er að vísu svarað með því, að það sé engin von til að gera till. um samdrátt útgjalda, vegna þess að

efnahagsstefnan sé þannig, að þetta verði ekki gert, meðan þessi efnahagsstefna ræður. Vitanlega er það efnahagsstefnan, það er rétt, að það er efnahagsþróunin, skulum við segja, sem hefur áhrif í þessa átt. Og efnahagsþróunin hefur vissulega orkað meira til verðbólgumyndunar heldur en æskilegt hefði verið, það hygg ég, að við getum allir verið sammála um. Og það hefur enginn ágreiningur verið um það, ríkisstj. hefur hvað eftir annað lagt áherzlu á það og varað við því, þegar hefur verið haldið uppi óraunhæfum kröfum í þjóðfélaginu, að það leiddi til verðbólgumyndunar. Ég man hins vegar ekki til þess, að hv. talsmenn stjórnarandstöðunnar hafi nokkurn tíma tekið undir þær aðvaranir, nema síður sé. Það hefur allt verið sjálfsagt, sem horft hefur í hækkunarátt, og það hafa verið studdar allar þær aðgerðir í þjóðfélaginu, sem leitt hafa til verðbólgumyndunarinnar, en síðan er óskapazt yfir því, að verðbólgan skuli hafa orðið. Í þessu er ákaflega lítið samræmi, en nóg um það. Ég skal ekki fara lengra út í þá sálma að ræða um efnahagsmálin almennt.

Það er kannske rétt að segja nokkur orð varðandi það atriði, að ekki sé gert ráð fyrir í þessu fjárlagafrv. að sjá fyrir fé til verðstöðvunaraðgerða nema til 1. september. Þetta er alveg rétt. Fjárlagafrv. er miðað við þau lög, sem sett hafa verið hér á Alþ. um verðstöðvun til 1. september. Og ég skal fúslega á það fallast, að það er ekki gert ráð fyrir sérstakri tekjuöflun á þessu stigi til að standa straum af útgjaldaauka, sem kann að verða vegna þess, sem ég enn segi, kann að verða, þegar þessi lög renna út. Ég held nú hins vegar, að menn hljóti að gera sér grein fyrir því, að það er gersamlega útilokað á þessu stigi að gera slíkar ráðstafanir, vegna þess að við höfum enga hugmynd um það, til hverra ráða þá verður gripið. Því er auðvitað haldið fram, — og væri merkilegt, ef það væri ekki gert til þess að gera verðstöðvunina tortryggilega, af því að allir hv. stjórnarandstæðingar vita, að hún í eðli sínu er mjög vinsæl, — að hún sé eingöngu hugsuð sem kosningamál og síðan eigi að láta sprengingu verða, eins og þeir orða það, næsta haust, eins og var haustið 1967. Þessi fullyrðing er auðvitað algerlega út í hött. Verðstöðvanir eru alltaf tímabundnar og þær verðstöðvanir, sem hefur verið gripið til á Norðurlöndunum t. d., eru allar tímabundnar og þeim er ætlað að stuðla að því að bæta aðstöðu atvinnuveganna, styrkja þá vissan tíma og gera þeim þannig mögulegt að standast betur áhrifin af hækkuðu kaupi jafnhliða því, sem ætlunin er að orka á vinnumarkaðinn, þ. e. a. s. samninga launþega og vinnuveitenda um það, hvernig kaupgreiðslu verði háttað, þegar verðstöðvunartímabili lýkur. Og það vill svo til, að launasamningar verða einmitt á næsta hausti, þegar verðstöðvunartímabilinu nú lýkur, og það hlýtur auðvitað að verða mat og verða að koma þá til mats í samningum milli aðila vinnumarkaðarins, hvernig horfurnar eru í þjóðfélaginu, að hve miklu leyti atvinnuvegirnir geta tekið á sig nýjar kauphækkanir eða að hve miklu leyti þeir verða að vera undir það búnir að taka á sig hækkanir, sem leiða af því, að verðstöðvunartímabilið þá rennur út, og það er ekki nema eðlilegt, að það megi gera ráð fyrir því, að atvinnuvegirnir verði þá færir um að taka á sig einhvern aukinn þunga miðað við það, að svo langur tími hefur liðið, að þeir hafa fengið 8—9 mánaða frest til þess að aðlaga sig, þá geti þeir tekið á sig að einhverju leyti þær verðstöðvunaraðgerðir eða afleiðingar þess, að þær falla niður að einhverju eða öllu leyti og að hve miklu leyti þeir geta umfram það verið færir um það að bæta við sig kauphækkunum. Ég sé ekki, að það sé neitt óraunhæft að gera ráð fyrir því, að þetta gerist með þessum hætti. Og það eru nákvæmlega, eins og ég segi, sömu rökin, sem eru fyrir verðstöðvuninni bæði í Danmörku og Svíþjóð og nú er ætlunin að gerist í Noregi, að verðstöðvuninni er ætlað að veita frest og vera aðhald að aðilum vinnumarkaðarins hvað snertir kaupkröfur, þegar kemur að næstu samningsgerð. Þetta held ég, að liggi alveg í augum uppi, og þetta verða menn að horfast í augu við, bæði stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins, því að ég held, að það hafi engum getað komið það til hugar og reyndar allir varað við því. Og það er vissulega rétt, sem fram hefur komið, að of löng stöðvun á þennan hátt getur leitt til þess, að það verði óeðlilegt misræmi í raunverulegri verðlagsmyndun í þjóðfélaginu við það, sem er látið koma fram í verðlaginu vegna niðurgreiðslna og verðstöðvunar. En ég sé ekki annað en það, sem menn horfast þá í augu við næsta haust, þurfi á engan hátt að vera neitt óviðráðanlegt dæmi, ef aðilar vinnumarkaðarins og stéttafélögin líta það raunhæfum augum, hvernig staða atvinnuveganna verður þá. Menn geta vel hugsað sér að framkvæma að einhverju leyti og framlengja þá tekjuöflun, sem hér er gert ráð fyrir, til þess að það sé hægt að einhverju leyti a. m. k. að halda verðlaginu áfram niðri. Þeir tekjustofnar falla líka niður næsta haust, og þetta er auðvitað það, sem komandi ríkisstj., hver sem hún verður, verður að taka til athugunar. Og það, að þetta sé einhver kosningabeita, því verður auðvitað ekki svarað. Því verða menn að trúa eða trúa ekki, eftir því sem þeim sýnist. Ég álít, að þetta hafi verið gert á réttri stund og einmitt á þeirri stund, þegar við gátum við þessi vandamál ráðið og það var ekki farið að halla undan fæti. Það álít ég, að hafi verið hvað gæfusamast við þessar aðgerðir, að það var einmitt ekki beðið eftir því, að það færi að halla undan fæti fyrir atvinnuvegunum og gjaldeyrissjóðurinn að renna út, heldur gert áður en óróinn komst á efnahagskerfið. Við vitum mætavel, að verðstöðvunin 1966 og 1967 var hugsuð — og það var beinlínis tekið fram, hún var gerð með það í huga, að menn vonuðust til, að verðhrunið, sem varð þá á útflutningsvörum sjávarútvegsins, yrði tímabundið, og það var aldrei farið dult með það. Ég sagði það hvað eftir annað fyrir kosningar í mínum ræðum, að þetta ylti allt á því, framtíðin í þeim efnum, hvort verðlagið næði sér á strik aftur.

Það hélt bara áfram að falla. Það var hægt að halda verðstöðvuninni þá áfram vissan tíma, vegna þess að afkoma ríkissjóðs var það góð og það var notaður greiðsluafgangur hjá ríkissjóði og í rauninni teflt á tvær hættur með það. Það skal játað. En með þessu móti var hægt að halda uppi kjörum almennings hér um bil ári lengur heldur en annars hefði verið hægt. Fólkinu var þarna borgað þetta fé aftur, sem ella hefði runnið til einhverra opinberra þarfa í þjóðfélaginu.

Ég skal ekki, herra forseti, orðlengja frekar um þessi almennu atriði. Ég get vel fallizt á það, sem hv. frsm. minni hl. sögðu hér varðandi nauðsyn ýmissar endurskipulagningar í ríkiskerfinu. Þeir eiga báðir sæti í þeirri undirnefnd fjvn., sem komið var á laggirnar til samvinnu við fjárlaga- og hagsýslustofnunina og fjmrh., — ég hygg, að þetta sé 3. árið, sem sú n. starfar, — og ég álít, að það hafi verið til mikils góðs, að þeirri n. var komið á laggirnar, a. m. k. höfum við síðan ekki þurft að standa í deilum um ríkiskerfið og starfsemi þess í þrengri merkingu, heldur hafa umr. meira farið inn á þá braut, sem er eðlilegt, að þær fari, svo sem hv. 3. þm. Vesturl. gat um, að menn eru ekki sammála auðvitað um fjármálastefnuna. Um það yfirleitt skiptast menn í flokka í stjórn og stjórnarandstöðu. Það er fjármála- og efnahagsstefnan, sem er afgerandi um afstöðu manna í ríkisstj. og stjórnarandstöðu. En það er ákaflega mikils virði, að menn hafa náð því samstarfi, sem hér hefur orðið, og samráði, að menn deila ekki lengur um það, að það er hægt að vinna saman að umbótum í ríkiskerfinu og ríkisrekstrinum, án þess að halda því fram, eins og oft hefur viljað við brenna, oft og tíðum vegna aðstöðuleysis og þekkingarleysis, að t. d. stjórnarandstaða hefur haldið fram ýmsum atriðum, sem hafa meira og minna verið byggð á misskilningi. Nú hefur það ekki gerzt, og þetta tel ég ákaflega mikils virði. Mér dettur ekki í hug að halda því fram, að það sé ekki margt, sem mætti gera og þurfi nauðsynlega að gera til endurbóta í stjórnsýslu ríkisins. Hér var minnzt t. d. á eitt stórt vandamál, sem er lengi búið að vera mitt áhyggjuefni og miklar viðræður og umr. hafa orðið um, þ. e. a. s. spítalakerfið, sem er mjög alvarlegt mál og þarf að finna einhverja lausn á, því að þarna er um að ræða þann þátt ríkisþjónustunnar, sem vex hvað mest orðið ár frá ári, ekki sízt eftir að nýju. daggjaldareglurnar voru settar, sem skapa visst vandamál í þessu efni, og ég er líka fullkomlega sammála um það, að það er hægt að samræma betur starfsemi ríkisstofnananna. Eitt af því, sem nú hefur verið til meðferðar í fjárlaga- og hagsýslustofnuninni um nokkurt skeið og sérstök n. starfar að, er t. d. að sameina öll verkstæði ríkisins, eins og hv. 3. þm. Vesturl. vék hér að, en það er mikið nauðsynjamál að gera og má ábyggilega spara með því verulegt fé. Og ég vonast til, að hægt verði að koma því í framkvæmd. Annars vék ég í framsöguræðu minni við 1. umr. fjárl. að flestum þeim atriðum, sem hér hefur verið vikið að af hv. talsmönnum minni hl. í fjvn., og sé ekki ástæðu til þess að endurtaka það, en aðeins taka undir, að mér er fullkomlega ljós nauðsyn þess að hefja sem allra víðtækasta endurskipulagningu á ríkisrekstrinum, þó að margt hafi þar vissulega komizt í betra horf en áður, m. a. vegna tilkomu fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar, þannig að hægt hefur verið að vinna markvisst að þessum efnum, og vegna starfsemi undirnefndar fjvn., sem hefur þar af leiðandi miklu betri aðstöðu en áður til þess að vita, hvernig raunverulega ástatt er með ríkiskerfið og ríkisrekstrinn í heild.

Svo sem hv. frsm. meiri hl. n. gat um, eru enn þá nokkur mál, sem eru óleyst og hefur verið frestað. Um sumt af því hafa að vísu verið fluttar hér brtt. frá einstökum hv. þm. M. a. er þar eitt atriði, sem ég vildi vekja athygli á og ég man ekki, hvort hv. frsm. meiri hl. n. vék að í sinni ræðu, og það er um fjárveitingar til bókasafna, sem eru enn til athugunar hjá n. og verða það til 3. umr. Ég sé, að það eru fluttar um það brtt. núna, sem æskilegt er, að væru þá teknar aftur, og það er svo um sum önnur atriði, sem brtt. eru fluttar um. Veigamesti þátturinn, sem bíður afgreiðslu til 3. umr., er að sjálfsögðu laun ríkisstarfsmanna. Þeim samningum er enn ekki lokið, en að þeim hefur verið unnið af kappi á undanförnum vikum, í rauninni má nú segja á undanförnum tveimur árum. Eins og þm. er öllum kunnugt, þá er unnið að því að reyna að leysa þetta vandamál með alveg nýjum hætti, þ. e. a. s. með því að koma á svokölluðu kerfisbundnu starfsmati, og hygg ég, að það megi teljast æðimiklum tíðindum sæta, ef tekst að ná samkomulagi um slíkt starfsmat. Menn vita, hversu erfitt er stundum að fást við samninga einstakra verkalýðsfélaga, en ég held, að menn hljóti að gera sér grein fyrir því, hversu hitt er mörgum sinnum vandasamara að ná samkomulagi í einu lagi um laun eða launahlutföll milli jafnfjölbreyttra og ólíkra hópa og skipa raðir opinberra starfsmanna. Það er sannarlega enginn leikur og þarf mikinn skilning og tillitssemi frá báðum aðilum, til þess að auðið sé að ná árangri á því sviði. Ég vil ekki fullyrða á þessu stigi, hvernig til tekst, en leyfi mér þó að láta í ljós von um það, að samkomulag náist endanlega um þetta mál og það með þeim hætti, sem til var stofnað í upphafi, að þetta starfsmat geti orðið grundvöllur að kjarasamningum. Á þessu stigi get ég ekki nefnt þá tölu, sem þetta kostar, en ég vonast til og vitanlega verður fyrir 3. umr. fjárl. að vera möguleiki til þess að gera sér nokkurn veginn grein fyrir því, hvað þetta muni kosta ríkissjóð á næsta ári.

Ég held svo ekki, herra forseti, að ástæða sé að sinni til þess að fara um þetta fleiri orðum. Ég hef reynt að fara ekki út í annað í þessu efni heldur en almennt að ræða um það, sem ræður minni hl. gáfu tilefni til, og ég tel ekki ástæðu til þess að fara út í almennar umr. um efnahagsmál varðandi fjárl. Bæði hafa þær umr. nú farið fram mjög rækilega í sambandi við verðstöðvunina, þannig að ég hygg að menn bæti sig ekki mikið á því að endurtaka það, sem þar fór fram, og vafalaust verður einnig

tækifæri síðar á þessu þingi til þess að ræða þau mál frekar.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 224, 226, 227 og 228, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Mér sýnist, að gert sé ráð fyrir nokkuð snöggsoðinni afgreiðslu fjárlagafrv. við 2. umr. Og það er ekki mjög auðvelt fyrir einstaka þm. að gera sér grein fyrir þeim þskj., sem fyrir liggja frá hv. fjvn. Hv. frsm. minni hl. gat þess í ræðu sinni, að afgreiðslu mála í fjvn. hefði borið svo bráðan að, að hann og félagar hans hefðu ekki haft tækifæri til að bera sig saman við flokksmenn sína um meiri háttar atriði í þessari afgreiðslu, enda mun aðallega hafa verið að henni unnið eftir að þingfundum lauk í s. l. viku þangað til þeir hófust aftur í þessari viku. Og það, sem hann sagði, er að sjálfsögðu rétt. Það er þá einnig svo, að ekki hefur heldur verið ráðrúm til þess í hinum einstöku þm.-hópum kjördæmanna að gera sér grein fyrir meðferð málsins í fjvn. fyrr en henni var lokið og tel ég, að þetta sé ekki heppilegt, að þm. hafi svo stuttan tíma, sem raun er á, til þess að gera sér grein fyrir starfi hv. fjvn., en ætlunin mun vera, að atkvgr. fari fram á morgun eftir því, sem ég hef heyrt. Um þetta skal ég nú ekki hafa fleiri orð, en koma þá að því, að við höfum þrír þm., hv. 3. þm. Norðurl. e., hv. 5. þm. sama kjördæmis og ég, orðið ásáttir um að flytja á þskj. 224 og 227 þrjár brtt. við fjárlagafrv. Og þessar brtt. eru IV og VII á þskj. 224 og IV á þskj. 227. Ég vil taka það fram strax, að við óskum ekki eftir, að þessar brtt. komi til atkv. við 2. umr., heldur að þeim verði frestað, og viljum mælast til þess við hv. fjvn. og hæstv. fjmrh., að þær verði teknar til nánari athugunar af þessum aðilum á þeim tíma, sem líða mun milli umr.

Ég skal þá fyrst, þó að það fari ekki eftir röð í fjárlagafrv., víkja að till. á þskj. 224, VII, sem varðar ferjubryggju á Árskógssandi á Árskógsströnd við Eyjafjörð. Í fjárlagafrv., eða a. m. k. í till. fjvn., er kafli, þar sem gert er ráð fyrir fjárveitingum til ferjuhafna, og hefur svo oft verið áður í seinni tíð. Þetta eru yfirleitt ekki stórar upphæðir, en fyrirsögn þessa kafla skýrir, hvað við er átt. Á Árskógssandi er lítið sjávarþorp og útgerð, og fyrir nokkrum árum var gerð þar bryggja, þar sem heitir við Flatasker, og er þarna jöfnum höndum aðstaða fyrir fiskibátana á Árskógssandi og aðstaða fyrir ferju, sem gengur á milli Hríseyjar og Árskógssands, þannig að þetta er ferjubryggja. Hreppsnefnd Árskógshrepps mun á sínum tíma, í októbermánuði, hafa ritað vitamálastjóra um fyrirætlanir sínar þarna um auknar framkvæmdir, og það var gert ráð fyrir því, að þeirri málaleitun, sem þar var fram borin yrði sinnt af hafnamálaskrifstofunni. Er þetta mál hins vegar nokkuð seint fram borið við þm. og fjvn., en þó var þetta erindi fram komið um það leyti, sem álit komu frá fjvn. En hér er um það að ræða að fjarlægja flúð eða grynningar milli hafnargarðs og lands, sem er til ákaflega mikils baga. Það er búið að vinna nokkuð að þessu, en verkinu er þó enn ólokið. En í þessu bréfi er frá því skýrt, að það hafi oftar en einu sinni komið fyrir, að bátar hafi rekizt á þessar grynningar og orðið fyrir skemmdum, og það er óskað eftir því, að veitt verði nokkurt fé til þessa verks. Jafnframt er þess getið, að af hálfu hafnarmálaskrifstofunnar hafi verið gefið einhvers konar vilyrði um, að til þessara framkvæmda kæmi fé úr ferjubryggjusjóði eða af þeim peningum, sem ætlaðir eru til að byggja ferjubryggjur, og við höfum einmitt leyft okkur að fara fram á það, að veittar yrðu þarna til þessarar nauðsynlegu umbótar á Árskógssandi 100 þús. kr. úr ferjubryggjusjóði. En fénu á að verja, eins og ég sagði áðan, til þess að ljúka við að nema brott þessar grynningar, sem valdið hafa miklum óþægindum, jafnvel skemmdum á bátum, sem leggjast að þessari bryggju.

Ég skal þá næst koma að IV á þskj. 224, en það er till. um það, að framlag til efnarannsóknastofu Norðurlands eða Rannsóknastofu Norðurlands verði hækkað upp í 500 þús. kr. Í fyrra voru veittar 250 þús. kr. til þessarar rannsóknastofu. Fjvn. hefur lagt til, að framlagið yrði hækkað um 50 þús., en það sýnist okkur, að þetta sé um of skorið við nögl. Þessi Rannsóknastofa Norðurlands, efnarannsóknastofa Norðurlands, sem hér er um að ræða, er á vegum Ræktunarfélags Norðurlands, sem er merk stofnun, sem lengi hefur starfað og margir kannast við. Hún hefur haft aðalbækistöðvar sínar á Akureyri, en að rannsóknastofunni standa ásamt Ræktunarfélaginu sjálfu að ég ætla, búnaðarsamböndin á Norðurlandi. Þessi rannsóknastofa tók til starfa árið 1965 og hefur haft með höndum mjög merkileg verkefni í þágu landbúnaðar, einkum á Norðurlandi. Og ég skal lauslega gera grein fyrir þessum viðfangsefnum rannsóknastofunnar samkv. erindi, sem stjórn Ræktunarfélagsins hefur sent hv. fjvn. og fleiri aðilum. Á þessum árum, sem rannsóknastofan hefur verið starfandi á vegum Ræktunarfélagsins og búnaðarsambandanna, hafa verið tekin til efnagreiningar um það bil 13 þús. jarðvegssýni úr Norðlendingafjórðungi og bændum sendar niðurstöður þeirra með leiðbeiningum um áburðarnotkun á hverja túnspildu, sem sýni hefur verið tekið úr, auk þess sem hverjum bónda hafa verið sendar ábendingar um áburðarþörf, sem gefa þær upplýsingar, sem aflað er við töku sýnanna ásamt niðurstöðum efnagreininganna, mikilsverðar almennar upplýsingar um ýmsa þætti, er jarðrækt og íslenzkan landbúnað varða. Er nú þegar búið að vinna úr ýmsu af þessum gögnum, en meira bíður þó þess, að svo rýmkist um starfsaðstöðu og fjárhag, að betur megi gera. Á vegum Rannsóknastofu Norðurlands voru gerðar fyrstu athuganir á brennisteinsskorti í íslenzkum túnum, en brennisteinsskortur hafði valdið allverulegu uppskerutjóni á ýmsum stöðum á Norðurlandi og það er rétt að vekja athygli á því í þessu sambandi,

að eiginlega höfðu menn ekki gert ráð fyrir því, að um brennisteinsskort gæti verið að ræða í íslenzkum túnum, vegna þess að landið er eldfjallaland. En við rannsóknir þessarar stofnunar kom í ljós, að svo var, og hefur verið tekið tillit til þessarar niðurstöðu, þessarar uppgötvunar í jarðræktarmálum.

Þegar á fyrsta ári rannsóknastofunnar voru tekin til efnagreiningar um 500 heysýni frá ýmsum stöðum á Norðurlandi. Athugað var í þessum sýnum steinefnamagn og fékkst þannig nokkurt yfirlit yfir magn helztu steinefna í heyi. Steinefnaathugunum á heyi var síðan haldið áfram í nokkrum mæli á hverju ári, en á s. l. ári var ráðinn að rannsóknastofunni fóðurfræðingur, og hafa nú rannsóknir á fóðri verið stórauknar.

Hafin er nú vinna við stórt rannsóknarverkefni, nýtt. Valdir hafa verið í rannsóknina 22 bæir víðs vegar á Norðurlandi, og er ætlunin að taka jarðvegs- og heysýni á öllum túnum til rannsóknar. M. a. er áætlað að mæla snefilefnamagn þeirra, en slíkar rannsóknir eru svo til óplægður akur í landbúnaðar- og rannsóknarmálum. Þá er ætlunin að fylgjast ítarlega með heilsufari búfjár á þessum bæjum og, ef þörf verður, að taka blóð, þvag og mjólk til efnagreiningar. Rannsóknum þessum verður haldið áfram í nokkur ár og er það von þeirra, sem að þessu standa, forstöðumanns rannsóknastofunnar, Ræktunarfélagsins og búnaðarsambandanna, að niðurstöður þessara rannsókna geti orðið grundvöllur að bættri fóðrun og betra heilbrigði í búfé landsmanna.

Það hefur verið gerð grein fyrir því, að áætlað er, að útgjöld rannsóknastofunnar verði á árinu 1971 um 1.3 millj. kr. og er það von þeirra, sem hér standa fyrir þessum vísindalegu rannsóknum, að Alþ. sýni skilning á þessu merkilega starfi í þágu landbúnaðarins á Norðurlandi, sem einnig gæti orðið mikilsvert fyrir landbúnaðinn í öðrum landshlutum. En að öðru leyti en því, sem ríkissjóður leggur fram, er þessi starfsemi borin uppi af bændum þar nyrðra og samtökum þeirra.

Ég vil þá að lokum leyfa mér að koma að þeirri brtt., sem fer fram á stærst fjárframlag, en það er brtt. á þskj. 227 og varðar Akureyrarhöfn. Á sínum tíma eða árið 1969 var lögð fram hér á hinu háa Alþ. fjögurra ára áætlun hafnarmálastjórnarinnar um hafnargerðir hér á landi og sú áætlun er hv. þm. kunn. Þessi áætlun, þessi fjögurra ára áætlun frá hafnarmálastjórninni er að vísu ekki bindandi á sama hátt og t. d. vegáætlun, en í henni felst þó samþykki hafnarmálastjórnarinnar á þeim mannvirkjum, sem þar eru tilgreind og nánar lýst í áætluninni á árunum 1969—1972. Í þessari áætlun er gert ráð fyrir miklu hafnarmannvirki á Akureyri sunnan á Oddeyri og segir svo um þetta í grg. hafnarmálastjóra: „Með tilliti til þýðingar Akureyrarbæjar sem flutningamiðstöðvar fyrir Norðurland, er nauðsynlegt, að komið verði upp góðri aðstöðu til afgreiðslu venjulegrar stykkjavöru í bænum. Eru uppi hugmyndir um að byggja hafskipabakka sunnan á Oddeyrinni með vörugeymslum og tilheyrandi útigeymslusvæði á bak við. Jafnframt er nauðsynlegt, að innan tíðar verði hafizt handa um byggingu nýrrar bátahafnar, þar sem núv. bátakví við Torfunef hlýtur að hverfa mjög bráðlega."

Þetta var árið 1969 og á grundvelli þessara hugmynda, sem hér eru nefndar, er áætlað, að á áætlunartímabilinu verði byggður sunnan á Oddeyri 120 metra stálþilsbakki og að dýpkað verði framan við þetta stálþil. Þarna er einnig áætlun um bátahöfn, en ég ræði það ekki, því að það mál er ekki til meðferðar hér, og hefur verið fallizt á, að þeirri framkvæmd verði frestað fram yfir áætlunartímabilið, ef sæmilega verður stutt að hinni aðalframkvæmdinni. Það hefur þegar verið nokkuð mikið unnið að hafnarbakkanum og uppfyllingunni og dýpkuninni og er gert ráð fyrir því að halda verkinu áfram á næsta ári. Þetta er ákaflega mikið mannvirki og dýrt, og mun kosta upp komið eitthvað yfir 30 millj. kr. Eimskipafélag Íslands sótti á sínum tíma um að fá að byggja vöruskemmu eina mikla á þessari uppfyllingu, og er verkið þegar hafið. En framhald þeirrar byggingar er undir því komið, að hægt sé með nægilegum hraða að koma upp þessum hafnarbakka. Ég skal taka það fram, að það er gert ráð fyrir því, að síðar meir verði hafnarbakkinn lengri heldur en þetta, en þetta er hinn svonefndi 1. áfangi þessa mannvirkis, sem brýn nauðsyn er á að koma upp. Það væri mjög alvarlegt mál, ef það færi svo, að vegna fjárskorts yrði að stöðva þessa framkvæmd, því að þá mundi, að því er mér er tjáð, einnig stöðvast þær byggingarframkvæmdir, sem Eimskipafélagið hefur hafið á þessum stað.

Í öðru lagi er svo þess að geta, að eins og kunnugt er er á Akureyri dráttarbraut nýgerð og stór skipasmiðja, sú stærsta á landinu, sem hefur skilyrði til að smíða stór skip, og var á sínum tíma gerður við þessa skipasmíðastöð samningur um smíði tveggja strandferðaskipa, en þarna er hægt að smíða stærri skip en þau, og upp í dráttarbrautina er hægt að taka til viðgerðar skip að stærð milli 2 og 3 þús. lestir að ég ætla. Þessi framkvæmd er vel á veg komin og hafa þegar verið tekin upp stór skip til viðgerðar. Dráttarbrautin er orðin dýrt mannvirki, en það kemur í ljós við reynslu, að skipaeigendum þykir ekki þarna nægilega örugglega um búið og það er hætta á því, ef ekki verður úr bætt, að svo geti farið, að dráttarbrautin og skipasmiðjan mikla missi þarna af viðskiptum, sem hún annars mundi fá vegna hinnar góðu aðstöðu að öðru leyti á Akureyri. Þess vegna leggur nú hafnarstjórnin á það mjög mikla áherzlu að bæta hér úr því nauðsynlegasta og er gerð áætlun um þessar umbætur, sem samtals mundu nema, það, sem nauðsynlegt er talið, 10 millj. kr. í stofnkostnaði og er þar hluti ríkissjóðs 4 millj., því að ríkið greiðir 40% af mannvirkjum af þessu tagi. Nú hefur hv. fjvn. lagt til, að veittar verði nokkrar fjárupphæðir til þessara tveggja hafnarmannvirkja, sem að vísu kunna að

þykja töluvert háar við fyrstu sýn miðað við ýmsar fjárveitingar til annarra hafna, og er þó fjárveitingin eða till. um fjárveitingu til hafnarbakkans svona álíka eins og til sumra annarra hafna, nýrri hafna, en hér er um óvenjulegt mannvirki að ræða, sem kostar ákaflega mikið fé, en mundi hins vegar gerbreyta hafnaraðstöðunni á Akureyri, sem er hin eðlilega vöruflutningamiðstöð Norðurlands á sjó að því leyti, sem skip frá útlöndum koma ekki til annarra hafna beint, og bæði þetta að koma upp hafnarbakkanum og endurbæta dráttarbrautina er ákaflega brýn nauðsyn. Við höfum leyft okkur að leggja til, að báðar þessar upphæðir, sem hv. fjvn. leggur til, að veittar verði til þessara mannvirkja, verði hækkaðar til mikilla muna, og ef ekki verður séð fyrir því á einhvern hátt, að hafnarsjóði Akureyrar verði gert mögulegt að framkvæma þetta á næsta ári, þá er þar allmikið í húfi. Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð, en ég vil, eins og ég sagði í upphafi um allar till. þrjár, mælast til þess varðandi þessar till., að það verði tekið til alvarlegrar athugunar af þeim aðilum, sem fjalla einkum um málið á milli umr. eins og ég nefndi áðan, að leysa þetta vandamál Akureyrarhafnar á þann hátt, að hafnarstjórnin eða hafnarsjóðurinn telji sér fært að framkvæma þessa mannvirkjagerð nú á næsta ári. En eins og ég sagði áðan, þá óska ég ekki eftir því, að þessar till. okkar komi til atkv. við þessa umr., þó að við flytjum þær nú.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég flyt hér eina brtt. við 2. umr. fjárl. Ég ætla að leyfa mér að gera grein fyrir henni með örfáum orðum, en ekki að blanda mér í þær umr. um fjármál ríkisins, sem hér hafa af eðlilegum ástæðum farið fram og standa yfir.

Till. sú, sem ég flyt, er prentuð á þskj. 220 og meðflm. minn að henni er hv. 4. þm. Sunnl. Hún fjallar um framlag til gæzluvistarsjóðs, það framlag verði tvöfaldað, hækkað úr 8.3 millj. kr. í 16.6 millj. Þetta mál, málefni gæzluvistarsjóðs og áfengissjúklinga, hef ég svo oft rætt hér, að það má segja, að það sé að bera í bakkafullan lækinn að endurtaka þær ræður og áheyrendur eru með færra móti, svo að ég skal reyna að stytta mál mitt. En ég vil þó nota tækifærið til þess að rifja upp fyrir hv. þm. það ástand, sem skapazt hefur í málefnum drykkjusjúklinga á undanförnum árum. Það var árið 1964, sem ný lög voru sett um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra. Í þeim lögum er gert ráð fyrir því annars vegar, að það sé farið með ölvaða menn á sjúkrahús, sem séu til þess fær að veita þeim viðtöku, og í II. kafla er gert ráð fyrir því, að á geðsjúkrahúsi ríkisins og síðar á móttökudeild þess, er byggð verður, skuli vera unnt að veita drykkjusjúklingum meðferð og framkvæma á þeim nauðsynlegar rannsóknir. Í þessu skyni, segir í l., skal auka sjúkrarými stofnananna, svo að unnt verði að vista þar drykkjusjúklinga til skammrar sjúkrahúsmeðferðar. En í tengslum við geðsjúkrahúsið á að rísa lækningastöð fyrir þá, sem ekki þarfnast innlagningar, enn fremur til eftirmeðferðar þeirra, sem inn hafa verið lagðir, og í tengslum við geðsjúkrahúsið á að reisa og reka sérstök hæli til meðferðar þeirra, sem ekki er talið, að veitt verði viðhlítandi meðferð á annan hátt. Ekkert af þessu hefur komizt til framkvæmda á þeim 6 árum, sem liðin eru síðan l. voru sett. Jafnhliða því að kveða á um byggingu þessara stofnana, er í l. sérstakur tekjustofn ætlaður til þessara framkvæmda. Af ágóða Áfengisverzlunar ríkisins á að greiða til svokallaðs gæzluvistarsjóðs 7.5 millj. kr. ár hvert. Sjóðurinn hefur það hlutverk að standa undir kostnaði af framkvæmd laga þessara og þá fyrst og fremst að auka og reisa stofnanir þær, sem um getur í 4. og 9. gr. l., það eru þær stofnanir, sem ég var að gera grein fyrir. Þegar þessi lög voru upphaflega sett, var hér allrausnarleg fjárveiting á ferðinni. Þá voru 7.5 millj. kr. um það bil 2.3% af ágóða Áfengisverzlunar ríkisins. Þessi sjóður fær enn þá 7.5 millj. kr. á ári, en ágóði Áfengisverzlunarinnar hefur hækkað úr 320 millj. í 730 millj. miðað við s. l. ár. Og 1969 var hlutur sjóðsins tæplega 1% af tekjustofninum. Ef hlutfallinu hefði verið haldið, hefðu tekjur sjóðsins 1969 átt að vera 16.8 millj. kr., ef það væru árlegar tekjur sjóðsins, mundu þessi hæli rísa fljótt, ef þeirri stefnu hefði verið haldið, sem mörkuð var 1964, þá væru þessi hæli trúlega komin. Þetta ár, 1964, þegar l. voru sett, voru niðurstöðutölur fjárl. 2242 millj. kr. Það fjárlagafrv., sem hér er til umr., er fimm sinnum hærra, 11 536 millj. kr.

Ég hef á tveim s. l. þingum flutt sérstakt frv. um þetta mál, þar sem ég hef lagt til, að tekjur gæzluvistarsjóðs verði til frambúðar ákveðnar þannig, að hann hafi einhverja möguleika á því að rækja hlutverk sitt, og tiltekið 2.5% af tekjustofninum sem hæfilega greiðslu til gæzluvistarsjóðsins. Þegar þetta frv. var flutt fyrst á s. l. þingi, þá var það ekki afgreitt. Ég gerði þá tilraun til þess við afgreiðslu fjárl. að fá tillagið hækkað um 5 millj. kr. Sú till. var felld. Þegar ég flutti þetta frv. aftur nú í haust, var því vísað til heilbr.- og félmn. Ed. og formaður þeirrar nefndar hefur tjáð mér, að hann hafi oft gengið á fund ráðh. til þess að mæla með því, að tillag til gæzluvistarsjóðs yrði hækkað. Þess verður að geta, sem gert er, að tillagið er samkv. frv. ákveðið 10 millj. kr. og er þar um að ræða 1700 þús. kr. hækkun frá því, sem var í fjárl. yfirstandandi árs. En þegar þess er gætt . . . (Gripið fram í.) Ég hygg, að fjárveiting yfirstandandi árs sé 8.3 millj. og sú hækkun, sem hæstv. ráðh. er að minnast á, hafi verið gerð í fyrra. En þetta skiptir ekki máli. Ég má segja, að það sé svo, að það sé á fjárl. yfirstandandi árs 8.3 millj. og hækkunin sé 1700 þús. Ég bið afsökunar, ef ég fer rangt með það, en ég hygg, að það sé þannig. Það er að vísu nokkur fjárhæð, ég er ekki að gera lítið úr því. En þegar þess er gætt, að samkv. fjárlagafrv. nú er rekstrarkostnaður drykkjumannahælisins í Gunnarsholti, sem þessar tekjur hafa gengið til, áætlaður 9.5 millj. kr., þá er ljóst, að mjög lítið, varla neitt, verður til ráðstöfunar

til að byggja þau hæli, sem sjóðnum er þó ætlað að reisa.

Ég hafði von um það, að hæstv. ráðh. og hv. fjvn. mundu koma rösklegar til móts við þær háværu kröfur, sem daglega má segja komi fram um aðgerðir í þessu máli, og ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því, að hv. alþm. felli þá till., sem ég hef borið fram ásamt hv. 4. þm. Sunnl. og ég er hér að mæla fyrir. Sérstaklega get ég ekki trúað því, að þeir hv. alþm., sem annars staðar hafa samþykkt áskoranir á Alþ. um a. m. k. að tvöfalda framlagið til gæzluvistarsjóðs, treysti sér til að hafa aðra skoðun á málinu, þegar til atkvgr. kemur á hv. Alþ. (Gripið fram í.) Ég þakka, ég var nýbúinn að líta í þessar tölur og taldi mig muna það rétt, en ég fullyrði það ekki nema hafa þær fyrir framan mig. Þær áskoranir, sem Alþ. hafa borizt um aðgerðir í þessum málum, koma víða að. Ég minnist sérstaklega samþykktar, sem gerð var í borgarstjórn Reykjavíkur fyrir um það bil tveimur mánuðum síðan, sem allir borgarfulltrúar þar stóðu að án tillits til flokka, og allir þeir flokkar, sem fulltrúa eiga á Alþ., eiga einnig fulltrúa þar. Með 15 atkv. var sú áskorun gerð, með leyfi forseta. Hún var send Alþ. og geymd hér í dagbók 70 nr. 49:

„17. október var samþ. í borgarstjórn Reykjavíkur að beina þeirri eindregnu áskorun til Alþ. og ríkisstj., að framlag til gæzluvistarsjóðs verði tvöfaldað á næsta ári, þannig að unnt verði þegar að hefja undirbúning að stofnun lokaðs hælis fyrir áfengissjúklinga."

Fyrir um það bil hálfum mánuði var haldið 9. þing Landssambandsins gegn áfengisbölinu. Þar voru nokkrar samþykktir gerðar. Sú, sem skiptir máli í þessu sambandi, er, að þingið mælir eindregið með frv. á þskj. 17, eins og segir í samþykkt þess, en það er þetta frv., sem ég hef verið að gera hér að umtalsefni. Væntir landsþingið, að verði gæzluvistarsjóður efldur, eins og þar er lagt til, verði lagt kapp á að framkvæma í fyllra mæli en verið hefur ákvæði nefndra l. og einkum að því er snertir ákvæði 17. gr. l. um að reisa nauðsynlegar stofnanir. Þingið telur mikla nauðsyn, að meðal þeirra stofnana verði lokuð hæli fyrir áfengissjúklinga, konur og karla, auk móttökudeilda fyrir slíka sjúklinga, sem þurfa bráðrar meðferðar við. Ég hygg, að talsverður undirbúningur hafi þegar farið fram til byggingar slíks hælis hér í grennd við Reykjavík og það, sem vantar, sé einungis fjármagn. Ég beini þeirri eindregnu áskorun til þeirra, sem ráða því, hvernig fjárlög ársins 1971 verða, að þeir komi til móts við þessar óskir, og ég mun taka till. aftur við atkvgr. við 2. umr. í trausti þess, að þetta mál verði athugað að nýju, því að ég óttast og ég veit raunar, að verði fjárveitingin látin standa óbreytt, dugar fjármagnið ekki til byggingarframkvæmda, þá situr allt í sama farinu og þessi vandræðamál fá ekki þá lausn, sem nauðsynleg er. Ég held, að ég hafi heyrt það nú síðast í hádegisfréttum, áður en ég kom til þessa fundar, að Bandalag kvenna hafi haldið fund og þar hafi það samþykkt mjög eindregna áskorun til Alþ. og hæstv. ríkisstj. að tvöfalda framlagið til gæzluvistarsjóðs. Ef hægt yrði að koma til móts við þá beiðni, sem sett er fram á þskj. 220, þá má einu gilda að þessu sinni, hvort frv. okkar hv. 4. þm. Sunnl. fær afgreiðslu eða ekki, því að þá er tilganginum með því náð að sinni. En ég álít, að til frambúðar verði þessi mál aldrei leyst nema nú um nokkuð langt árabil geti þessi sjóður treyst því að hafa öruggan tekjustofn, sem til þess dugir að hægt sé að reisa þau hæli, sem honum er ætlað, því að málið þolir, að ég held, ekki bið. Ég veit, að hæstv. fjmrh. hefur skilning á þessum málum, og ég leyfi mér að beina þeirri ósk til hans, að hann endurskoði þessa afstöðu milli umr., og ég geri það í þeirri von, að þá verði niðurstaðan jákvæð fyrir allan þann fjölda manna, sem á um sárt að binda vegna þess sjúkdóms, sem hér er um að tefla og sem engin lækning virðist vera við.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Það hefði verið freistandi að ræða almennt um fjárlagafrv., vegna þess að það gefur ákaflega skýra vísbendingu um hina raunverulegu stefnu hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum. Eins og bent hefur verið á hér í umr. í dag, hækkar fjárlagafrv. í samanburði við fjárl. í fyrra svo mikið, að til eindæma má telja, ekki aðeins hér á landi, heldur vafalaust þó að víðar væri leitað. Hækkunin verður auðsjáanlega, þegar allt er komið í kring, hálfur fjórði milljarður. Þessi hækkun bætist við vöruverðshækkun, sem orðið hefur á þessu ári og jafngilti á 4 mánuðum 2—3 milljörðum kr. Ofan á þessa hækkun á fjárl. bætast hliðstæðar hækkanir, sem verða á fjárhagsáætlunum Reykjavíkurborgar og annarra sveitarfélaga á Íslandi. Þannig verður á stuttum tíma búið að auka allar fjárhæðir um óhemjulegar upphæðir og ég held, að það dyljist engum raunsæjum manni, að öll þessi þróun stefnir vitandi vits að nýrri kollsteypu á næsta hausti, nýrri gengislækkun. Ég held, að um þetta atriði verði ekki deilt, að að þessu er stefnt og þetta vita sjálfsagt engir betur en hæstv. ráðh. Sú verðstöðvun svokallaða, sem framkvæmd er um þessar mundir, er framkvæmd með niðurgreiðslum og niðurgreiðslurnar í þessu fjárlagafrv. eru komnar upp í hvorki meira né minna en 1127 millj. kr. Sú upphæð, sem varið er í niðurgreiðslur, jafngildir þannig 20—25 þús. kr. á hverja fjölskyldu í landinu og er varið í að borga niður smjör og kartöflur, kjöt og mjólk og osta. Allir sjá, að þetta er bráðabirgðaástand, sem ekki fær staðizt lengi, enda er ráð fyrir því gert, að þessar niðurgreiðslur standi aðeins til september næsta haust, og það er ekki gert ráð fyrir neinu fjármagni í slíka hluti eftir þann tíma. Þá eiga ósköpin að dynja yfir, og að þessu er stefnt af ráðnum hug. Og þetta er atriði, sem er ekki sízt fróðlegt fyrir launamenn. Launamenn hafa á þessu ári verið að berjast fyrir hækkuðu kaupgjaldi og náð nokkrum árangri. Okkur er sagt, að opinberir starfsmenn eigi að fá verulega kauphækkun núna á næstunni. En með þessari þróun, sem ég var að lýsa hér áðan, verða þessar kjarabætur að engu

gerðar næsta haust, nema fyrir þá, sem fá sérstaklega mikla kauphækkun, þ. e. a. s. þá opinbera starfsmenn, sem eru í hæstu launaflokkunum fyrir. Þessi stefna ríkisstj. miðar einmitt að þessu að gera að engu árangur kjarabaráttunnar, sem háð var snemma á þessu ári, gera hann að engu, gera Ísland á nýjan leik að láglaunasvæði. Vissulega hefði verið mjög freistandi að ræða frekar um þetta — þessa heildarmynd, sem fjárl. eru til marks um, — en ég læt það bíða betri tíma.

Ég mun láta mér nægja í máli mínu hér að gera grein fyrir nokkrum brtt., sem ég hef lagt fram í sambandi við fjárlögin. Þær brtt., sem ég flyt hér einn, eru engar af flokkspólitísku tagi. Þar er bent á málefni, sem ekki er um raunverulegur ágreiningur á milli flokka og sem ég geri mér vonir um, að alþm. geti metið hver á sínum forsendum án þess að endilega þurfi að koma til einhver fyrirmæli frá flokkum.

Hæsta till., sem ég flyt, er um Kennaraskóla Íslands. Hún er um það, að fjármagn til byggingarframkvæmda skólans verði 20 millj. kr. Ég hef flutt á hverju ári undanfarið till. um fjárveitingar til þess að auka húsnæði Kennaraskóla Íslands. Þessar till. hafa ævinlega verið felldar síðustu árin af flokkum hæstv. ríkisstj. Á sama tíma hefur hins vegar verið að magnast ákaflega erfitt ástand í þessum skóla, og raunar er saga þessa skóla ákaflega skýrt dæmi um vinnubrögð okkar á æðimörgum sviðum. Þau einkennast oft af upphlaupum og síðan er ekkert gert í langan tíma á eftir. Það dróst ákaflega lengi, að komið væri upp nothæfum húsakynnum fyrir Kennaraskólann, eins og menn vita. Hann var lengi í ákaflega óviðunandi húsnæði. Síðan var loks ráðizt í að byggja nýja byggingu, þ. e. a. s. áfanga að nýrri byggingu, því að það, sem í var ráðizt, var aðeins helmingur þess, sem fyrirhugað var. Þessi bygging Kennaraskólans bar vott um nokkurt yfirlæti óneitanlega og mér virtist einnig, að hæstv. ríkisstj., og ekki sízt hæstv. menntmrh. væri nokkuð yfirlætisfullur, þegar hann var að vígja þetta hús. Hann hélt þá mjög hátíðlega ræðu, eins og honum er lagið, og lét guma mikið af því í málgögnum sínum, hvað hann væri framtakssamur fyrir þennan skóla. En því miður stöðvaðist framtakssemin. Það var ekki haldið áfram byggingu skólans, þótt þetta væri aðeins helmingurinn, eins og ég hef vikið að. Ár eftir ár var ekkert fé veitt til þessa skóla. En á sama tíma varð þróunin sú, að nemendum fjölgaði í sífellu, þar til svo var komið á síðasta ári, að þótt húsið ætti réttilega að rúma aðeins innan við 200 nemendur, var búið að troða þar inn 956 nemendum. Það varð að tvísetja í allar kennslustofur. Það varð að hafa nemendur hvar sem hægt var að koma þeim fyrir, einnig uppi á hanabjálka í húsinu. Við höfum nýlega séð það í fréttum, að borgarlæknir hefur orðið að gefa sérstök fyrirmæli um það, hvað nemendur megi lengi hafast við í tilteknum vistarverum þarna, þannig að aðstæðurnar í þessum nýja skóla eru hreinlega heilsuspillandi. Þetta er auðvitað algerlega ósæmilegt ástand og þetta ástand hefur vissulega verið ljóst í allmörg ár, en ég hygg, að á því hafi verið vakin það hressileg athygli að undanförnu, að þm. ættu að gera sér ljóst, að þarna er um að ræða vandamál, sem verður að leysa. Þegar fjárlagafrv. var lagt fram, var þar ekki gert ráð fyrir einni einustu krónu til þess að halda áfram byggingarframkvæmdum við Kennaraskólann. Þetta hefur svolítið batnað í meðförum fjvn. Hún hefur lagt til, að skólinn fái 5 millj. nýjar, en auk þess 3 millj., sem teknar verði af æfinga- og tilraunaskólanum, sem er að minni hyggju næsta fráleit ráðstöfun. En till. mín um 20 millj. er einfaldlega till. skólastjóra Kennaraskólans. Hann fór fram á það að fá þessa upphæð. Hann taldi hana nauðsynlega, bæði til þess að byggja við skólann og til að koma upp íþróttahúsi. Og þessi till. skólastjórans hlaut meðmæli hæstv. menntmrh., þó að sú till. virðist ekki hafa fundið náð fyrir augum hæstv. fjmrh. Ég verð að gera ráð fyrir því, að hæstv. menntmrh. flytji slíka till. með samþykki þingflokks síns, og mér er nær að ætla, að stjórnarandstaðan sé sammála því að gera verði stórt átak til þess að halda áfram framkvæmdum við þennan skóla. Ef Alþfl. stendur með þessari afgreiðslu formanns síns, ætti að vera meiri hl. hér á þingi fyrir þessari till. og það verður óneitanlega nokkuð fróðlegt að sjá, hvort sú verður e. t. v. raunin.

2. till., sem ég flyt og er á þskj. 224, er um það, að tekinn verði upp nýr liður í sambandi við almennar greiðslur til barna- og gagnfræðaskóla: Til sálfræðiþjónustu í barna- og gagnfræðaskólum, 2 millj. kr. Sálfræðiþjónusta er nýlunda við skóla hér á Íslandi, þó að hún sé orðin almenn regla í ýmsum nágrannalöndum okkar, t. d. á Norðurlöndum. Slík þjónusta á að vera til leiðbeiningar og aðstoðar fyrir nemendur, sem eiga í erfiðleikum í sambandi við nám sitt, og einnig til ráðgjafar um námsleiðir og námsaðferðir fyrir nemendur almennt. Reykjavíkurborg hefur haft forustu um þetta mál og hefur komið á laggirnar hjá sér þó nokkurri stofnun sálfræðinga og félagsráðgjafa og kennara til þess að sinna þessum verkefnum. Mér er kunnugt um það, að sérfróðir menn telja þessa starfsemi mjög nauðsynlega. Hins vegar hefur komið í ljós, að Reykjavíkurborg hefur ekki átt þess kost að fá greiðslur frá ríkinu til móts við framlag sitt til þessara verkefna, og það væri mjög eðlilegt, að um þetta mál væri fjallað í samræmi við skólakostnaðarlög og að ríkið greiddi hluta þessarar þjónustu af sinni hálfu. Mér er ekki kunnugt um, hvers vegna ríkið neitar að taka þátt í þessari sjálfsögðu starfsemi, en vera má, að það sé af því, að hér er ekki enn þá um að ræða almenna starfsemi í skólunum og á þetta kunni að verða fallizt, þegar þetta er orðið almennt í skólakerfi okkar, eins og það verður vafalaust. Þess vegna hef ég lagt til, að þangað til verði þetta tekið upp sem sérstakur liður á fjárlögum til þess að Alþ. viðurkenni þann vilja sinn að stuðla að þessari þróun og taka þátt í þessari starfsemi, þar til þessu verður komið í endanlegt horf.

Á þskj. 220 flyt ég till. um framlag í byggingar-

sjóð til Leikfélags Reykjavíkur, 2 millj. kr. Ég veitti því athygli, að fjvn. hækkaði fjárframlag til Leikfélags Reykjavíkur í sambandi við rekstur Leikfélagsins, og er það í sjálfu sér mjög lofsverð ákvörðun og fullkomlega makleg. Hins vegar eru erfiðleikar Leikfélags Reykjavíkur ekki sízt tengdir því, að húsakynni félagsins eru fyrir löngu orðin óviðunandi með öllu, og um það hefur verið rætt áratugum saman að koma upp nýju borgarleikhúsi í þágu Leikfélags Reykjavíkur. Því miður hefur raunin orðið sú, eins og oft vill verða hjá okkur, að þetta hefur orðið lítið annað en umtalið, og það er ekki einu sinni enn þá búið að ákveða lóð undir slíkt leikhús. Því miður er hætta á því, að framkvæmdir geti dregizt enn í langan tíma, ef ekki verður ýtt undir eins og hægt er. Mér er vissulega kunnugt um það, að svo er litið á, að þetta eigi að vera verkefni Reykjavíkurborgar, og ég hef ekki nokkra minnstu löngun til þess að draga úr frumkvæði Reykjavíkurborgar á þessu sviði. En ég held, að starfsemi Leikfélagsins sé svo myndarleg, að það sé full ástæða til þess, að Alþ. ýti undir það, að byggingarframkvæmdum verði hraðað eftir því, sem kostur er. Í því sambandi held ég, að það sé mikilvægt að gera sér grein fyrir því, að menningarstarfsemi á Íslandi má aldrei verða í sérstökum hólfum, þannig að sagt sé: Hér er verkefni fyrir Reykjavík, en ekki aðra. Leikfélag Reykjavíkur hefur að undanförnu í raun orðið að Leikfélagi Reykjavíkur og nágrennis. Það er tekið að fara með leiksýningar sínar á ýmsa staði í nágrenninu, og ég er ekki í nokkrum vafa um það, að þróunin verður sú hér á landi, að skipulögð verður menningarstarfsemi, sem tengir saman Reykjavík og félagsheimilin úti um allt land. Við munum þurfa á því að halda að skipuleggja þau mál þannig, að leikhúsin í Reykjavík aðstoði félagsheimilin úti um land með því að fara þangað með sýningar og með því að taka þátt í leikstarfsemi þar. Ég er sannfærður um það, að við munum þurfa á því að halda á sínum tíma að fara fram á fyrirgreiðslu frá Leikfélagi Reykjavíkur að þessu leyti, og því tel ég það mjög eðlilegt, að ríkið verði einhver aðili að byggingu í þágu Leikfélagsins.

Síðasta till., sem ég vil minnast á, er till. um það, að í þann lið fjárl., sem fjallar um hafnamál, verði tekinn nýr liður: Ráðstafanir gegn mengun í höfnum, 5 millj. kr. Eins og þm. vita, er hér um að ræða mikið stórmál. Mengun í höfnum er mikið og alvarlegt og vaxandi vandamál á Íslandi og um það er m. a. fjallað í skýrslu frá n., sem Rannsóknaráð ríkisins stofnaði s. l. haust til þess að fjalla um vandamál mengunar í náttúru Íslands. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á stöku stað hafa sýni af sjó við strendur landsins verið tekin og rannsökuð, einkum þar sem sjór er notaður við fiskverkun, og hefur komið í ljós, að hann er víða allmengaður kóligerlum umhverfis þorp og bæi og þá ónothæfur til fiskverkunar. Einnig hefur sjórinn við sjóbaðstað Reykvíkinga í Nauthólsvík reynzt það mengaður kóligerlum, að þurft hefur að loka honum af heilbrigðisástæðum. Á þessu sumri fór fram umfangsmikil rannsókn á mengun sjávar umhverfis Reykjavík á vegum Reykjavíkurborgar og undir leiðsögn erlendra sérfræðinga á þessu sviði. Öll þessi mengun stafar fyrst og fremst frá skólpi íbúðarhúsa og iðjuúrgangi, sem veitt er í skólpleiðslur og víðast hvar leitt stytztu leið til sjávar, án þess að reynt sé að hreinsa það, og oft ná þessar skólpleiðslur ekki einu sinni niður fyrir stórstraumsfjöruborð.“ Og síðar í skýrslunni er komizt svo að orði um þetta atriði: „Sjórinn við strendurnar er allvíða mengaður af skólpfrárennsli þorpa og bæja, eins og áður er getið og einnig af frárennsli frá fiskiðju og þarf hið fyrsta að hefja athugun á því, á hvern hátt er hægt að leysa það vandamál, því að ekki er endalaust hægt að nota firði og víkur og fjörur þeirra sem sorpgeymslu. Í rauninni ætti að setja strangar reglur um sorp- og skólpmál um allt land, byggðar á niðurstöðum rannsókna í þessum efnum.“

Þessar lýsingar eru eins og menn heyra mjög alvarlegar og þeir, sem kunnugir eru á ýmsum stöðum hér við landið, vita, að þetta er mikið og alvarlegt vandamál. Hv. þm. Guðlaugur Gíslason hefur vakið athygli á þessu vandamáli með frv., sem hann flutti hér fyrr á þessu þingi. Hann er kunnugur þessu frá Vestmannaeyjum, en einmitt í Vestmannaeyjahöfn er þetta mjög alvarlegt vandamál, vegna þess að þar er sá háttur hafður, eins og raunar víðar, að fiskibátarnir eru þvegnir upp úr sjónum í höfninni, eins og hann er nú. Í sambandi við stöðu okkar sem matvælaframleiðenda þá er þetta ástand, sem ekki má standa. Hv. þm. Guðlaugur Gíslason lagði til í frv. sínu, að breytt yrði hafnalögum, þannig að aðgerðir til þess að koma í veg fyrir mengun yrðu eitt af verkefnum, sem ráð er fyrir gert í sambandi við hafnarframkvæmdir og fengju þar með styrk úr ríkissjóði. Ég tel þetta vera mjög eðlilegt frv., og ég trúi ekki öðru en það verði samþ. En þá þurfum við einnig að sjá til þess um leið, að á fjárlögum sé gert ráð fyrir fjármunum í þessu skyni. Sú upphæð, sem ég nefni, 5 millj., er ekki há. Ég er hræddur um það, að þegar ráðizt verður í þessi verkefni þá muni þau reynast ákaflega kostnaðarsöm. Samt mundi þessi upphæð geta dugað til þess að hrinda af stað rannsóknum á þessu efni, því ég hygg, að það sé nauðsynlegt að gera heildarrannsókn á þessu, og byggja svo á henni heildaráætlun um framkvæmdir, til þess að bæta úr þessu vandamáli. Ég vil vænta þess, að þm. almennt hugsi um þetta veigamikla mál í fullri alvöru og íhugi það með sér, hvort ekki er ástæða til þess, að tekin verði upp fjárveiting á þessum fjárlögum til þessa verkefnis.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér, ásamt hv. 1. þm. Austf., 4. þm. Austf. og 5. þm. Austf. að bera fram nokkrar brtt., og eru þær prentaðar á þskj. 226. Þessar brtt. eru um það, að fá nokkrar fjárveitingar til viðbótar því, sem kemur fram í till. fjvn. til fyrirhleðslna og til hafnargerða á

þrem stöðum. Í þessum till. okkar er þó farið mjög hófsamlega í fjárkröfur til þessara verkefna. Fyrirhleðslur vatna eru á mörgum stöðum mjög mikilvæg landvörn. Það er sem betur fer vaxandi áhugi á því með þjóðinni að efla landgræðslu og gæta þess, að náttúrufar landsins spillist sem minnst. En það má telja, að sú landvörn, sem felst í fyrirhleðslum vatna, sé einn þáttur í þessu, og er það þess vegna óhjákvæmilegt, að þessu máli sé nokkur gaumur gefinn í sambandi við afgreiðslu fjárlaga. Þá má og geta þess, að framkvæmdakostnaður vex mjög með vaxandi dýrtíð. Við kynnumst því, hvernig framkvæmdakostnaður við vegagerð vex óðfluga, og ég hygg, að innan skamms muni verða lagt fyrir þm. yfirlit, er sýnir, hvernig þróunin er á því sviði. En hið sama gildir um fyrirhleðslur, framkvæmdakostnaður við þær helzt mjög í hendur við vegagerð, þar sem um hliðstæð verkefni er að ræða.

Ég skal þá víkja með fáum orðum að þeim atriðum, sem í till. greinir, hverju um sig. Við leggjum til, að til fyrirhleðslu við Jökulsá á Dal verði veittar 200 þús. kr. Hv. fjvn. hefur ekki séð sér fært að taka upp fjárveitingu til þessarar fyrirhleðslu. Og það hefur komið fram, enda sýna brtt. n. það, að heildarfjárveitingin til fyrirhleðslna hefur hækkað í meðförum n. um 475 þús. kr., að ég ætla. En þetta fyrirhleðslufé skiptist á milli 50—60 verkefna samkvæmt till., sem fyrir liggja. Ég tel því alveg auðsætt, að fjvn. hafi verið í miklum vanda að skipta svo takmarkaðri fjárhæð, og tel víst, að hún hafi við þá skiptingu viljað sýna fyllstu sanngirni. En við leggjum til, að teknar verði upp 200 þús. kr. til fyrirhleðslu við Jökulsá á Dal og er það vissulega ekki há fjárhæð miðað við þær tölur, sem um er fjallað í þessu frv. Jökulsá er, eins og kunnugt er, eitt af stórvötnum landsins og hún brýtur niður bakka sína, sérstaklega er það á vissum kafla við syðri bakka árinnar, þar sem mikil þörf er á að stemma stigu við því, að hún grafi jarðveginn undan bakkanum og að gróðurland falli niður í farveginn í stærri og stærri stykkjum. Um þessa fyrirhleðslu hefur verið gerð kostnaðaráætlun af hálfu vegamálaskrifstofunnar og sýnir hún, að þetta er allkostnaðarsamt verk, en ég vil minna á, að til þessarar fyrirhleðslu voru veittar 100 þús. kr. á fjárlögum þessa árs, og mun það fé vera geymt og vera handbært. Með þeirri viðbót, sem við leggjum nú til, að veitt verði í þetta verk, álítum við, að hægt verði að hefja verkið svo að mikið gagn yrði að.

Þá leggjum við til, að framlag til fyrirhleðslu í Norðurdalsá í Breiðdal verði hækkað um 70 þús. kr., þ. e. a. s. í staðinn fyrir 30 þús., sem þessari fyrirhleðslu er ætlað að fá samkvæmt till. fjvn., komi 100 þús. kr. Þarna er verk á þremur stöðum, sem þarf að vinna að, og sú hækkun, sem við förum fram á, mun vissulega ekki nægja til þess að ljúka því verkefni að fullu, en mundi þó koma að gagni og tryggja það, að um nokkrar framkvæmdir yrði að ræða á næsta ári á þessum stað.

Í þriðja lagi leggjum við til, að veitt verði smáfjárhæð, 30 þús. kr., til fyrirhleðslu í Hofsá í Álftafirði. Það er dálítið verk, sem þarf að vinna, og þessi lága fjárhæð, sem við leggjum til að veitt verði, mundi a. m. k. ýta undir það, að kleift yrði að vinna það verk á næsta ári.

Í till. okkar er lagt til, að veittar verði 2 millj. kr. til hafnargerðar í Borgarfirði eystra. Þetta byggðarlag á við erfiðleika að etja í ýmsum efnum. Hafnarskilyrði eru ótrygg og stendur það vélbátaútgerð fyrir þrifum og veldur líka erfiðleikum við afgreiðslu strandferðaskipanna. Þessi till. okkar miðar að því að koma til móts við óskir heimamanna á þessum stað um nokkurt framlag til hafnarbóta.

Þá leggjum við til, að til hafnargerðar á Breiðdalsvík verði veittar 2 millj. kr. Þar eru ástæður þannig, að höfnin er ótrygg, þegar hafalda er mikil og leitar inn á skipaleguna. Til þess að bæta úr því hefur verið ráðizt í það að gera garð til varnar höfninni og er þegar byrjað á því verki, en þessi brtt. okkar miðar að því, að tryggt verði, að því verki verði haldið áfram á næsta ári.

Loks er í till. okkar farið fram á, að til hafnarinnar í Fáskrúðsfirði verði veitt 1 millj. kr. Það er fyrirhugað af hálfu heimamanna þar að gera nokkrar hafnarbætur einkum í sambandi við smábátaútgerð þar á staðnum og mundi þessi fjárhæð, ef samþ. yrði, flýta fyrir því, að þær framkvæmdir yrðu af hendi leystar. Ég skal taka það fram, að við viljum gjarnan, að fjvn. gefist kostur á að athuga þessar till. á milli umr. og munum því taka þær aftur við atkvgr. eftir 2. umr. eða þá að taka þær upp síðar, ef ekki næst samkomulag milli umr. við fjvn., að hún taki þær upp eða komi til móts við þær óskir, sem hér eru fram bornar.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér hér að bera fram tvær brtt. ásamt þeim hv. 1. þm. Vesturl., Ásgeiri Bjarnasyni, hv. 2. þm. Austf., Páli Þorsteinssyni, hv. 5. þm. Austf., Vilhjálmi Hjálmarssyni, hv. 3. þm. Vestf., Halldóri Kristjánssyni, og hv. 1. þm. Norðurl. v., Ólafi Jóhannessyni. Þessir liðir eru hér á þskj. 224, III. liður, og eru um:

a) Framleiðnisjóð landbúnaðarins 25 millj. kr. og
b) Veðdeild Búnaðarbankans 10 millj. kr.

Eins og hv. alþm. er kunnugt, þá var flutt hér fyrr á þinginu af sömu mönnum, eða flestum þessara manna, frv. um Framleiðnisjóð landbúnaðarins, þar sem gert er ráð fyrir því, að þessi upphæð einmitt verði til hans lögð á hverju ári. Enn fremur liggur hér frv. fyrir frá hæstv. ríkisstj. um Framleiðnisjóð landbúnaðarins, og hæstv. landbrh. gat um það í sinni framsöguræðu, að það þyrfti að athuga það í sambandi við afgreiðslu fjárlaga nú, hvort ekki væri hægt að leggja sjóðnum til eitthvert fé á ári hverju frá 1971. Ég sé það, að þetta er ekki enn þá komið inn á fjárlög, og er því þessi till. hér fram borin.

Í sambandi við Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, þá er hv. alþm. það kunnugt, að veðdeildin er í raun og veru ekki starfhæf. Það liggja núna láns-

beiðnir í deildinni eitthvað rúmlega 100 að tölu, og jafnvel þótt gert sé ráð fyrir, að þær séu ekki allar þannig, að þær séu lánshæfar, þá tel ég, að líklegt sé, að það séu a. m. k. um 75 af þeim, sem þyrfti að afgreiða nú fyrir áramótin. En þetta eru flest umsóknir, sem hafa borizt á þessu ári, en að vísu nokkrar frá fyrra ári, sem af ýmsum ástæðum var ekki hægt þá að veita lán út á, og aðallega af þeim ástæðum, að það voru ekki tilskilin gögn í lagi, en sumar af þessum umsóknum eru nú í lagi. En ef þetta eru um 75 umsóknir, þá sjá menn það, að þrátt fyrir þessa allt of lágu upphæð, sem veðdeildin lánar, þ. e. a. s. 200 þús. kr. hámark, sem er óbreytt frá 1966, þá þarf til þess allverulega fjármuni eða á að gizka einhvers staðar á milli 13 og 15 millj. kr. Veðdeildin er þannig stödd gagnvart Búnaðarbankanum í dag, að reikningslega skuldar hún honum 5 millj. kr., og í sambandi við ýmsar skuldbindingar gagnvart lausaskuldalánunum frá 1962, þá munu bætast við rétt eftir áramótin nokkrar millj., mér er ekki kunnugt um hvað margar, þannig að það er sýnilegt á þessu, að starfsemi veðdeildarinnar er alveg í voða, og þar sem menn hafa treyst á það, sem hafa sótt um lánin, að fá þetta jafnóðum, eiginlega um leið og lánsumsóknirnar berast, þá sjáum við, hvernig muni vera ástatt í þessum efnum.

Ég tók eftir því, þegar ég sá fjárlagafrv., að þar er Iðnlánasjóður, honum er áætlað þar 15 millj. kr. þrátt fyrir Iðnþróunarsjóðinn. Ekki dettur mér í hug að halda því fram, að Iðnlánasjóður sé ekki í þörf fyrir þessa peninga, en veðdeildin er ekki síður í þörf fyrir einhverja töluverða fjármuni. Ég vonast til þess, að það verði hægt að verða við þessum óskum, og ef ekki koma fjármunir nú fyrir áramótin, þá liggur það ljóst fyrir, að þessar umsóknir verður ekki hægt að afgreiða frá Búnaðarbankanum, og væri það alveg hörmulegt, eins og ástandið er.

Ég vil svo leyfa mér að leggja hér fram eina skriflega till., sem er flutt af mér ásamt hv. 1. þm. Norðurl. e., Gísla Guðmundssyni, en hún er við 56. tölulið og er nýr liður: Tilraunastöð Búnaðarsambands Eyjafjarðar 200 þús. kr. Eins og hv. þm. er kunnugt þá er merkileg starfsemi rekin norður í Eyjafirði, það er nokkurs konar tilraunastöð, afkvæmistilraunastöð fyrir sæðingarstöðina á Hvanneyri, og er það mjög merkilegt starf, sem þar er unnið. Ég tók eftir því, að það hafði komið inn núna breyting, sem gerir ráð fyrir því, að Búnaðarsamband Suðurlands fái þessa sömu upphæð, og mér er kunnugt um, að á því er full þörf, en það er ekki síður þörf á því, að tilraunastöðin, sem er rekin af Búnaðarsambandi Eyjafjarðar, fái svipaða fyrirgreiðslu. Ég verð að biðja forseta að óska eftir afbrigðum, þar sem þessi till. er skriflega og of seint fram borin.

Og í síðasta lagi vil ég svo gera að mínum orðum það, sem hv. þm. Einar Ágústsson sagði hér í dag um gæzluvistarsjóðinn. Þau mál eru öll þannig, að það er ekki vanzalaust fyrir hv. Alþ. að sinna þeim málum ekki betur en gert er, og ég vil sem sagt gera hans orð hér að mínum og sé ekki ástæðu til þess að fara út í það frekar á þessu stigi málsins.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég flyt hér ásamt hv. 11. þm. Reykv. tvær till. á þskj. 224. Fyrri till. fjallar um það að hækka styrkveitingu til Alþýðusambands Íslands úr 200 þús. kr. í fjárlögum í 400 þús. Styrk þennan notar Alþýðusambandið til að halda uppi námskeiðum um félagsmál, sem eru tvímælalaust mjög nauðsynleg fyrir verkalýðshreyfinguna, og þyrfti að sjálfsögðu miklu fremur að auka þá starfsemi en hið gagnstæða og helzt að stefna að því, að hreyfingin gæti eignazt sinn eiginn félagsmálaskóla, eins og frv. liggur fyrir um á Alþ. Alþýðusambandið mun hafa sótt um það, að þessi styrkur verði hækkaður í 400 þús. kr. og verður ekki sagt, að þar sé farið fram á mikið, eins og öllum kostnaði er nú háttað, en fjvn. hefur samt ekki treyst sér til að hækka þennan styrk nema upp í 300 þús. kr., sem fullnægir ekki þeim tilmælum, sem Alþýðusambandið bar fram. Ég held, að allir hv. þm. hljóti að viðurkenna, hversu mikilvægt það er, að jafnstór og áhrifamikil félagsmálahreyfing geti haldið uppi nægilegri fræðslustarfsemi, og þeir ættu ekki að horfa í það að bæta við þessum 100 þús. kr., sem Alþýðusambandið fer fram á umfram það, sem fjvn. hefur lagt til. Erlendis hafa slíkar félagsmálahreyfingar mjög öfluga fræðslustarfsemi. Og þarf að sjálfsögðu að stefna að því, að slíkt komist einnig á hér. Ég vil minna á það í þessu sambandi, að ríkisfyrirtæki leggja til Vinnuveitendasambands Íslands miklu stærri upphæð heldur en þá, sem Alþýðusambandið fer hér fram á. Þetta gerist á þann hátt, að mörg fyrirtæki, sem ríkið ræður yfir, eru meðlimir í Vinnuveitendasambandi Íslands og greiða því háar upphæðir á þann hátt eða sem félagsmeðlimir. Og það væri ekki nema til að skapa jafnvægi, til að vega upp á móti þessu, að Alþ. veitti Alþýðusambandinu þann styrk, sem það fer hér fram á, fullkomlega. Og þar sem hér munar nú ekki nema 100 þús. kr. á því, sem Alþýðusambandið fer fram á, og því, sem fjvn. leggur til, þá held ég, að hæstv. ríkisstj. og hv. þm. hljóti að fallast á þetta, þegar líka svo er komið, að heildarupphæð fjárlaganna, útgjaldabálkur fjárlaganna, verður eitthvað um 12 milljarðar kr., þegar öll kurl koma til grafar.

Síðari till., sem ég flyt ásamt hv. 11. þm. Reykv., er um að hækka framlagið til orlofssjóðs húsmæðra. Það er ákveðið, lagt fyrir í fjárlögum, að það verði 750 þús. kr. Fjvn. hefur hækkað það upp í eina millj., en við leggjum til, að það verði hækkað upp í tvær millj., og er það vissulega ekki stór upphæð, eins og öllum kostnaði er nú komið. Eins og kunnugt er, þá hefur verið stefnt að því á undanförnum árum, að ýmsar stéttir, sem eiga óhægt aðstöðu, fengju styrk eða framlög til þess að njóta orlofs, en það hlýtur að vera öllum nokkurn veginn ljóst, að sú stétt, sem hefur einna erfiðasta aðstöðu í þeim efnum, eru húsmæður. Þess vegna var hafizt handa

um það fyrir allmörgum árum, ýmis félagssamtök beittu sér fyrir því, að fátækar mæður gætu fengið nokkurt orlof. Hér í bænum var það Mæðrastyrksnefnd, sem beitti sér fyrir slíku á tímabili, síðar voru það verkalýðssamtökin, ég held sérstaklega verkakvennafélagið Framsókn og slík félög, sem beittu sér fyrir því, að verkalýðshreyfingin ynni að því, að húsmæður í verkalýðsstétt gætu notið orlofs á einhvern hátt, þó lítið væri, og í framhaldi af því, af þeirri baráttu, þá var tekin upp fjárveiting á fjárlögum 1957 til þess að stuðla að því, að efnalitlar húsmæður gætu notið nokkurs orlofs. Kvenfélagasamband Íslands tók málið síðan upp á sína arma, og fyrir forgöngu þess þá voru sett lög á þingi 1959 eða 1960 um orlofssjóð húsmæðra. En þar var ekki gengið lengra í kröfuhörku heldur en það, að lagt var til, að ríkið greiddi í orlofssjóð húsmæðra sem næmi 10 kr. á hverja húsmóður í landinu. Og þetta hefur staðið óbreytt í lögunum síðan. Þrátt fyrir það, þótt þessi fjárveiting hafi ekki verið hærri nú á undanförnum árum, en ég hef nú skýrt frá, þá hafa verið talsverð not af þessum fjárveitingum. Samkvæmt lögunum um orlofssjóð húsmæðra hafa starfað sérstakar n. á vegum húsmæðrasamtakanna eða héraðssamtakanna víða um landið, og þessu fé, sem orlofssjóðurinn hefur til umráða, er skipt á milli þeirra. Þó fjárveitingin sé ekki meiri en þessi, þá hefur þetta víða komið að góðum notum, þannig að hægt hefur verið að styrkja efnalitlar húsmæður til þess að njóta nokkurs orlofs, sem þær hefðu sennilega ekki gert ella. Nú er það kunnara en frá þurfi að segja, að á undanförnum árum og sérstaklega á þessu ári hefur allur kostnaður stórhækkað í landinu, og eigi þessi starfsemi að koma að verulegum notum er óhjákvæmilegt að hækka þessa fjárveitingu talsvert frá því, sem nú er. Og þess vegna er lagt til samkvæmt þessari till., að veittar verði 2 millj. kr. á næsta ári í orlofssjóð húsmæðra. Að sjálfsögðu hefði verið freistandi að bera fram till., sem hefði gengið miklu lengra heldur en þessi, en eins og aðstæður allar eru, þótti ekki líklegt, að það væri hægt að fá stuðning við frekari hækkun hjá hæstv. ríkisstj. og meiri hl. Alþ. En ég vænti hins vegar, að þessir aðilar geri sér grein fyrir því, að hér er um slíkt nauðsynjamál og ég vil segja réttlætismál að ræða, að þess megi vænta, að þessi till. nái fram að ganga. En ég tel, að það sé alveg óþarft að brýna það fyrir þm., að húsmæður eru sú stétt í landinu, sem hefur kannske mesta þörf fyrir orlof, en a. m. k. þær, sem tilheyra hinum efnaminni stéttum, hafa minni möguleika til þess heldur en flestir eða allir aðrir. Og þess vegna er hér um mikið nauðsynjamál og réttlætismál að ræða.

Ég flyt svo á sama þskj., ásamt hv. 1. þm. Norðurl. v. og hv. 1. þm. Vestf., till. um það, að tekinn verði upp nýr liður á fjárl. til fræðslu um skaðsemi sígarettureykinga samkv. ákvörðun heilbrmrn., og verði þessi fjárveiting 2 millj. kr. Ég ætla ekki að fara að halda hér erindi um skaðsemi sígarettureykinga, vegna þess að það mál hefur verið svo mikið rætt að undanförnu, bæði hér og annars staðar, að ég hygg, að öllum hv. þm. sé það ljóst, hve mikil nauðsyn það er, að það sé reynt að vinna gegn þeim og draga úr þeim og það verður ekki gert á annan hátt en með fræðslustarfsemi. Það má segja, að nokkur spor hafi verið stigin í þá átt með þeirri till., sem Pétur heitinn Benediktsson bar fram hér á Alþ. um merkingu á sígarettupökkum, en það er ekki nema eitt af því, sem aðrar þjóðir hafa gert í þessum efnum eða eiga að gera. Þetta mun vera komið í framkvæmd fyrir nokkru í Bandaríkjunum og mun talið, að það hafi haft nokkur áhrif þar. Norðmenn eru að ræða um að taka þetta upp og fleiri þjóðir. En þó að þetta sé spor í rétta átt, er það áreiðanlega ekki nema eitt af því, sem gera þarf í sambandi við þá fræðslustarfsemi, sem hér þarf að hefja. Fyrir Alþ. liggur nú till. frá þm. úr öllum flokkum, þar sem skorað er á ríkisstj. að gera sérstakar ráðstafanir til að draga úr tóbaksreykingum og þá fyrst og fremst með margvíslegri fræðslustarfsemi. Í þessari till. er t. d. talað um það, að taka upp víðtæka upplýsingastarfsemi um skaðvænlegar afleiðingar sígarettureykinga í dagblöðum, hljóðvarpi og sjónvarpi. Þá er rætt um það að taka upp í skólunum reglubundna kennslu um heilsufarslega hættu sígarettureykinga. Enn fremur er talað um það, að flutt verði regluleg fræðsluerindi fyrir kennara og kennaraefni um þessi mál, og þá er lagt til, að stofnaðar verði sérstakar deildir, eins konar sjúkrastofur, sem stjórnað sé af sérfróðum læknum, og þar geti reykingamenn fengið aðstoð til þess að hætta reykingum, og á fleira er minnzt í þessari till. En það liggur í augum uppi, að ef hefjast á handa um slíkar framkvæmdir, svo að eitthvað muni um þær, verður það ekki gert á annan hátt en þann, að til þessarar starfsemi verði varið talsverðu fjármagni. Og við, sem að þessari till. stöndum, teljum, að ekki sé ráðlegt að fara af stað með öllu minni fjárhæð en 2 millj., eins og öllum kostnaði við fræðslustarfsemi er nú háttað. Ég þekki það frá gamalli tíð, að hæstv. fjmrh. er mikill stuðningsmaður bindindis, bæði á áfengi og tóbak, og þess vegna treysti ég því alveg sérstaklega, að þessi till. finni náð fyrir augum hans eða hann vinni að samþykki hennar.

Ég skal svo ekki taka lengri tíma til þess að mæla fyrir þessum till. Ég vildi aðeins að lokum beina einni fsp. til hæstv. fjmrh. Ég sé það, að í till. fjvn. eða meiri hl. fjvn. er gert ráð fyrir því, að tekjur ríkisins af tekjuskatti einstaklinga hækki um 70 millj. kr. og þar af leiðandi verði tekjurnar af tekjuskatti einstaklinga áætlaðar um 300 millj. kr. hærri á næsta ári en á þessu ári. Ég vildi í þessu sambandi gera þá fsp. til hæstv. fjmrh., hvort það sé búið að ákveða, hver skattvísitalan eigi að vera á næsta ári, því að að sjálfsögðu fer það mjög eftir henni, hve miklir skattar það verða, sem einstaklingar greiða. Þeir geta jafnvel orðið hærri en þetta, ef ekki verður veruleg breyting á skattvísitölunni, og ég tel, að það sé nú líka erfitt að vera með nokkrar áætlanir um þetta efni, fyrr en búið er að taka ákvörðun um, hver skattvísitalan verður.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég flyt hér á þskj. 227 brtt. þess efnis, að varið verði 500 þús. kr. til byggingar sjómannastofu á Akranesi, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar frá. Þá er að sjálfsögðu átt við það, að framlagið komi frá viðkomandi byggðarlagi. Á Akranesi er mikill útgerðarstaður. Sjómenn, sem þaðan róa, eru ekki allir heimamenn. Allmargir eru aðkomumenn, og í landlegum og á hvíldardögum eiga þeir yfirleitt ekki í neitt hús að venda, heldur verða að hafast við í lúkarnum um borð í bát sínum, sem oft er að sjálfsögðu heldur dauflegur staður. Það dregur eflaust enginn í efa, að það er mikil nauðsyn á sjómannastofu á slíkum stað vegna þessara aðkomumanna, en jafnframt vegna sjómanna, sem þarna búa, heimamannanna, enda horfir það að sjálfsögðu til menningarauka, að þeir hafi eitthvert félagsheimili að dveljast á og nota þá undir sína félagsstarfsemi og skemmtanahald og til síns tómstundalífs. Ég álít sem sé, að slík sjómannastofa mundi koma að gagni til þess einnig. Og með tilliti til þessa vænti ég þess, að þessi till. eigi skilningi að mæta hjá hv. þm.

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Þegar ég sá þessa till. á þskj., lét ég skrifa mig og taldi sjálfsagt, að ég segði nokkur orð í sambandi við þetta mál. Það er rétt, sem flm. hélt hér fram, að sjómannastofur eru nauðsynlegar, þar sem mikið er um aðkomusjómenn og til þess að dvelja á, þegar landlegur eru. Og það var svo fyrir allmörgum árum á Akranesi, að þá var nokkuð mikið um aðkomumenn á bátunum. Nú var það svo fyrir nokkrum árum síðan, og einmitt með tilliti til þess arna, að Akranesbær byggði sjómannaheimili eða sjómannastofu á mjög góðum stað rétt við höfnina. Akranesbær gaf sjómannadeildinni og verkalýðsfélaginu þetta hús. Það var aðeins eitt skilyrði, sem fylgdi gjöfinni, og það var það, að þetta hús yrði rekið sem sjómannastofa. Nú liðu árin og tiltölulega fljótt fór svo, að þeir, sem húsið var afhent, óskuðu eftir því að þurfa ekki að framfylgja þessari gjafaskyldu, og í stað þess að reka sjómannastofuna eða hafa hana opna, þó að ekki væri nema 2—3 tíma á dag, var húsnæði þetta notað fyrir verkalýðsfélagið, fyrir starfsemi þess og sem félagshús.

Fyrir aðeins tveimur árum fara þessi félagasamtök fram á það við bæjarstjórnina á Akranesi, að hún samþykki eða fallist á það, að þeir fái að selja þetta hús, sem er mjög góð bygging. Hún er ekki mjög stór, en þar er góð stofa eða salur og eldhús, herbergi og önnur aðstaða. En það er ekki lengra síðan en, eins og ég segi, 1½—2 ár og bæjarstjórnin sá ekkert athugavert við það með tilliti til þess, að þeir, sem báðu um þetta, hlytu að skilja eða vita, að það væri ekki nauðsynlegt að halda slíkum rekstri áfram. Og það var fallizt á þetta. Þess vegna hygg ég, að það sé af ókunnugleika hjá flm., að hann flytur nú þessa till., því að ég tek undir það með honum og ég harma það, að sjómannadeildin og verkalýðsfélagið á Akranesi skyldu ráðstafa þessari ágætu eign, sem þeim var gefin einmitt í þessu augnamiði, að reka slíka starfsemi eins og sjómannastofa er, og það verður að segja, að enda þótt það sé svo nú á Akranesi, að bátarnir séu að verulegu leyti gerðir út eða mannaðir af heimamönnum, þá er alltaf þó nokkuð af aðkomumönnum, eins og gerist og gengur í svo stórum bátaflota. En með tilliti til þess, sem gerzt hefur í þessum efnum, þá sé ég ekki, að það sé ástæða til þess að flytja slíka till., sem hér hefur verið flutt. Það er ekki hægt að kenna því um, að slíkt hús hafi ekki verið hagstætt til slíks rekstrar. Það er síður en svo. Húsið er alveg niður við höfnina. Þetta er steinbygging og vandað hús, að svo miklu leyti sem það er, og nægði að sjálfsögðu fyllilega til þess arna, vegna þess að hér er ekki um svo stóran hóp að ræða. En sem sagt, ég taldi rétt, af því að ég er kunnugur þessum málum og þessi till. kom hérna fram, að gefnu tilefni að skýra frá þessu. En svona hefur gangurinn verið í þessu máli.

Frsm. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það eru nokkur atriði, sem ég vildi víkja að í sambandi við ræðu hæstv. fjmrh. í kvöld og þá fyrst og fremst til þess að skýra það betur, sem okkur ber á milli í sambandi við áhrif eða vöxt verðbólgunnar, sem við virðumst túlka ofurlítið hvor á sinn veg, þó að í ræðu hæstv. ráðh. kæmi fram, að raunverulega erum við komnir nær hvor öðrum heldur en virtist vera í upphafi. Og ég vona a. m. k., að við séum alveg búnir að gera okkur grein fyrir því, að það er vegna mismunandi skoðana á þessu atriði, sem við deilum um það, en ekki af hinu, að við förum vísvitandi með rangt mál í þessu sambandi. Það get ég ekki séð, að ég hafi gert.

En áður en ég vík að því, vil ég víkja að því, sem hæstv. ráðh. sagði um hækkun fjárl. hér áður fyrr, hlutfallslega hækkun fjárl., og vitnaði þar til vinstri stjórnar-áranna. Ég hef í því sambandi athugað þetta, síðan hann kom að þessu, hæstv. ráðh., og tekið áratuginn frá 1950—1960 og fjárlög verða þar hæst, hlutfallsleg hækkun þeirra verður mest 1956, 28.2%. Annars er hún tiltölulega lítil og fer niður í 1%, en þetta er sem sagt hlutfallslega mesta hækkun fjárl., en það, sem nú er um að ræða í sambandi við fjárlagafrv., sem við erum að ræða nú, það er 37% hækkun.

Hæstv. ráðh. kom að því, að meðan ekki væri að finna neinar till. hjá okkur stjórnarandstæðingum til þess að draga úr útgjöldum ríkisins, þá leyfði hann sér að nota orðið moðreykur í sambandi við okkar málflutning. Það, sem ég tel, að mestu máli skipti í sambandi við hækkun fjárl., er sú stefna, sem ríkisstj. fylgir, og það er í raun og veru það atriði, sem við deilum um. Það er áhrif stefnunnar á útgjöld fjárl., sem ég tel, að sé mergur málsins og hafi afgerandi áhrif, en ekki einstaka till., því að ef svo væri, mundum við haga okkur öðruvísi í sambandi við tillögugerð heldur en við gerum. Hæstv. ráðh. sagði, að ég orðaði þetta svo, að fjárl. hefðu áhrif á þróun efnahagsmálanna. Hann hins vegar

orðaði það svo, að efnahagsþróunin hefði áhrif á fjárlagagerðina. Og þetta virðist mér, að okkur beri í milli. En ég held því fram, að það sé ríkisstj., sem ráði mestu um efnahagsþróunina í landinu, það sé hennar stefna, sem þar sé það afl, sem ráði mestu um efnahagsþróunina og sambandið á milli fjárlagagerðarinnar og efnahagsstefnunnar sé, eins og ég hef oft orðað það áður, sé spegilmynd af efnahagsstefnunni, séu fjárlögin, svo að mér sýnist, að þegar við berum saman, getum við deilt um það, hvort efnahagsstefnan hefur áhrif á fjárlagagerðina eða fjárl. á efnahagsstefnuna, en við komumst raunverulega að sömu niðurstöðu, vegna þess að það hlýtur að vera ríkisstj. á hverjum tíma, sem mótar efnahagsstefnuna. Og ef okkur þykir betra að orða það þannig, þá er ég reiðubúinn til þess.

Ég vil undirstrika þetta betur með dæminu, sem ég ræddi um og hann líka, hæstv. ráðh., um söluskattinn. Hann taldi, hæstv. ráðh., að ef ég hefði verið í stjórnaraðstöðu á s. l. vetri, hefði ég ekki staðið fyrir að flytja till. um að fella niður söluskattinn á mestu nauðsynjunum. Ég held því hins vegar fram, að ég mundi gera það, hvort sem við værum í stjórnarandstöðu eða stjórnaraðstöðu. Það er mín skoðun, að þetta sé svo mikið atriði, meðal annars mikill verðbólgugjafi, að ég vil ekki standa að því, auk þess sem ég lít svo á, að þetta sé eitt af grundvallaratriðunum í stjórnmálum, stjórnmálaskoðunum, hvort á að taka ríkistekjurnar í verulegum mæli hjá þeim, sem minni hafa getuna, eða hjá þeim, sem hafa hana meiri. Og ég vitna til þess, að á þeim árum, sem Framsfl. mótaði efnahagsstefnuna, þá fylgdi hann þeirri stefnu að hafa ríkistekjurnar mismunandi háar eftir því, hvort um var að ræða hinar mestu nauðsynjavörur, sem allir þegnar landsins urðu að kaupa, hvort sem það voru þeir getuminnstu eða hinir. Mismunurinn var sá, að hafa hærri tollana á þeim vörum, sem voru miður nauðsynlegar og þeir keyptu, sem meiri höfðu getuna. Og þarna álít ég, að sé grundvallaratriði, sem gerir þennan mismun okkar. Og ég leyfi mér líka að vitna til þess, að ég álít, að einmitt þetta atriði að leggja 11% söluskatt á hinar mestu nauðsynjar hafi verið og eigi verulegan þátt í þeirri verðbólguskriðu, sem sett var af stað árið 1970, verulegan þátt. Og ég vil leyfa mér að bera — kalla mér til stuðnings eitt vitni, sem ég tel, að hafi verið með fremri þm. á þeim tíma, sem ég hef fylgzt með stjórnmálasögunni, og þetta var Haraldur Guðmundsson. Ég hef alltaf litið á Harald Guðmundsson sem merkilegan þingskörung og mætan mann. En hann sagði m. a. svo um söluskatt í umr. um það mál 1953, með leyfi hæstv. forseta:

„Í öðru lagi liggur í augum uppi, að söluskattur hlýtur að hækka verðlag í landinu og þar með dýrtíðina.“

Þetta er nákvæmlega sú skoðun, sem ég hef, og ég tel, að það hefði verið allt annað að fást við kaupsamningana í sumar, ef það hefði verið búið að fella niður 11% af verðlaginu á mestu nauðsynjavörunum, sem var um að ræða í sambandi við þetta frv. okkar. Ég efast ekki um það, að ríkissjóður er nú þegar búinn að greiða þessi 11% mörgum sinnum aftur í gegnum verðbólguna. Ég vil líka minna á það í sambandi við þetta mál, að það er verið að mikla sig af þeim tryggingabótum, og ég tók eftir því í sjónvarpsviðtali við hæstv. viðskmrh. í gærkvöldi, að hann gerði mikið úr tryggingabótunum, sem þeir höfðu beitt sér fyrir á þessum áratug. En hvað verða tryggingaþegarnir að láta mikið af þessum tekjum sínum aftur í gegnum 11% söluskattinn? Hæstv. ráðh. talaði um það, að Framsfl. hefði ekki verið eins liðlegur í þeim málum eins og núverandi samstarfsmenn hans. En Framsfl. lagði ekki slíka skatta á mestu nauðsynjar eins og nú er staðið að. Hann lagði ekki söluskatt á mestu nauðsynjarnar, eins og nú er gert. Ég held því hiklaust fram, og það er nú vitað, að fjölskyldubæturnar eru ekki eins mikils virði þrátt fyrir hækkunina núna upp í 8 þús., eins og þær voru 1960, en þegar við svo bætum því við, bætum söluskattinum við, þá er það augljóst mál, að staða þeirra, sem eiga nokkur börn, og staða gamla fólksins er verri heldur en hún var fyrr á þessum áratug eða fyrst og fremst vegna þessarar ráðstöfunar. Ég álít, að hér sé um afgerandi atriði að ræða, sem hafi orðið verulegur verðbólguvaldur á þessu ári, og það séu slík atriði í stefnu hæstv. ríkisstj., sem eigi verulegan þátt í verðbólgunni. Það þarf ekki hér orðum að því að eyða, að t. d. ef á árinu 1970 hefði persónufrádráttur til skatts verið gerður eins og hann átti raunverulega að vera samkv. verðlagsvísitölu, ef það hefði verið farið inn á þá skattastefnu, þá hefði það einnig haft þau áhrif á kaupliði samninganna í sumar, að þeir hefðu orðið hagstæðari. Það er segin saga, að fólkið sækir aftur það, sem af því er tekið, í gegnum hækkandi kaupkröfur. Það þarf ekkert að vera að velta þessu fyrir sér. Þetta er staðreynd. Við vitum það líka, að atvinnurekstur-inn í landinu hefur sífellt verið að sækja aftur út í verðlagið háu vextina, óhagstæðu stofnlánin og annað eftir því. Þetta segir sig sjálft, að eftir því sem þetta er óhagstæðara, þurfa bæði einstaklingarnir og atvinnufyrirtækin hærri tekjur, en það gerir meiri vöxt í dýrtíðina.

Hæstv. ráðh. vék að því, að við hefðum ekki gert till. til lækkunar, og ég hef þegar gefið á því þá skýringu, að ég tel, að höfuðatriðið í sambandi við fjárlagagerðina sé stefnubreyting en ekki einstaka till. auk þess, sem ég vil undirstrika það, að ég tel, að tillögugerð þar um þurfi að undirbúast, og við höfum verið sammála um það og þess vegna höfum við báðir talið það, að starf undirnefndarinnar í fjvn. væri til bóta, vegna þess að þar er unnið á þann hátt, að það er reynt að gera sér grein fyrir því, hvernig hægt er að breyta málunum á raunhæfan hátt, og ég tel, að tillögugerð, sem ekki byggist á því, sé óskaplega haldlítil. Og ég hef oft látið í ljós þá skoðun mína, að til þess að hægt væri að draga saman í ríkisrekstrinum í einstökum liðum þar, þá yrði sú leið að sameina stofnanir og draga á þann hátt saman það, sem farsælast mundi reyn-

ast. Ég vil líka segja það, að við erum mjög hófsamir um það að gera till. um hækkun útgjalda, því að þær till., sem minni hl. flytur sem slíkur, munu vera 0.7% af heildarútgjöldum fjárlagafrv., svo að það er nú hægt að segja, að þar sé hófsemi mikil. Hæstv. ráðh. sagði, að hækkandi kaupgjald skapaði líka hækkandi ríkistekjur, og ég er honum sammála um það, að því betri sem afkoma fólksins í landinu er, því meiri verða ríkistekjurnar. Og ég man það, að ég notaði einmitt þau rök í sambandi við söluskattsmálið hér á Alþ. í fyrra, að ef við bættum hag þegnanna, yrðu tekjur ríkissjóðs meiri, og ég er því hæstv. ráðh. alveg sammála um þetta. Þá var hæstv. ráðh. dálítið undrandi á því, að við skyldum telja eða ræða um það mikið, að verðstöðvunin væri tengd kosningunum, heldur væri það svo, að getan til þess að koma í framkvæmd verðstöðvun nú, skapaði möguleikana til þess, en ekki annað. Það má nú vel vera, að svo sé, en hitt er líka merkilegt, að þetta skuli alltaf falla saman við kosningar. Það er líka merkileg tilviljun, ef afkoma ríkissjóðs eða möguleikar ríkissjóðs til þess að koma á verðstöðvun þurfa endilega að koma fyrir, þegar kosningar eru í nánd. Mér finnst, að það þurfi ekki að hagræða hugsuninni mikið til þess að finna það út, að það er samband á milli kosninganna og ráðstöfunar ríkisstj. um verðstöðvun. Þá kom hæstv. ráðh. að því, að ekki væri ástæða til að ganga þannig frá málunum nú í sambandi við verðstöðvun, að það væri gert ráð fyrir áframhaldi hennar eftir 1. september. Nú má það vel vera og það er rétt hjá hæstv. ráðh., að það er ekki hægt að halda slíku ástandi nema takmarkaðan tíma, því að auðvitað er verðstöðvun ekkert annað heldur en verðlagseftirlit af hæstu gráðu, þar sem allt er sett undir smásjá. Og það er ekki hægt að halda slíku lengi, heldur takmarkaðan tíma, vegna þess að auðvitað koma inn alls konar atriði önnur, sem geta breytt þessu, og við skulum nú gera ráð fyrir því, að niðurgreiðslurnar hætti eftir 1. september. En þá kem ég að öðru atriði, sem mér finnst og hæstv. ráðh. vék að því, að það gæti líka verið, að ástand atvinnuveganna væri þá með þeim hætti, að þeir gætu bætt þessu á sig og meira en það. Nú getur það vel verið, að svo sé. En þá finnst mér aftur, að það vanti í fjárlagafrv., eins og ég vék að í dag, að ríkissjóður geti tekið að sér að greiða verðlagsuppbætur, sem leiddu af þessari breytingu, því að ég hef ekki trú á því nema þá verði gerðar nýjar ráðstafanir, sem ekki er talað um nú, að verðlagsuppbætur á laun verði þá felldar niður, þar vantar í dæmið, að ríkissjóður hafi einhverja fjárhæð til þess að mæta þeirri aukagreiðslu, sem kann að verða hinn 1. sept. Nú er ég ekki að halda því fram endilega, að það eigi að vera áframhaldandi niðurgreiðslur, þó að það hins vegar geti orðið mjög hættulegt, ef þeim er hætt skyndilega, t. d. mundi það hafa mjög alvarleg áhrif á sölu landbúnaðarafurða, sem nú eru verulega niðurgreiddar, ef svo einn góðan veðurdag yrði horfið frá þeirri stefnu og þar breytt til fyrra verðlags, svoleiðis að þessi atriði eru varasöm mjög, þegar svo mikið er að gert í niðurgreiðslum, eins og nú er. En alla vega finnst mér, að málið sé ekki leyst nema þá sé gert ráð fyrir að eiga fjármuni til þess að mæta því, sem hæstv. fjmrh. talaði um, að atvinnuvegirnir gætu þá tekið að sér að sínu leyti, því að ríkissjóður sem atvinnuveitandi yrði þá að taka sinn þátt í þeim ráðagerðum. Hæstv. ráðh. impraði aðeins á því, að framlenging yrði á þeim tekjustofnum, sem settir voru í samband við niðurgreiðslurnar, og ekki er það nú fjarri mér að halda, að ef hæstv. ríkisstj. situr að völdum þá, sem ég vona nú, að verði ekki, þá verði nú hugað að því að framlengja þessa tekjustofna, eins og ég spáði, þegar var verið að ræða hér þetta verðlagsfrv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal hvorki lengja þessar umr. mikið né taka upp almennar orðræður við hv. 3. þm. Vesturl. Það voru aðeins örfá orð, sem ég vildi þó segja. Í fyrsta lagi vegna fsp. frá hv. 4. þm. Reykv., þar sem hann spurðist fyrir um, hvort væri búið að ákveða skattvísitöluna, og tilefnið var það, að gert er ráð fyrir auknum tekjum af tekjuskatti. Þær auknu tekjur stafa nú m. a. af því, að það er gert ráð fyrir launahækkunum. Þó að það sé ekki endanlega ákveðið enn þá, hverjar þær verða, þá hygg ég, þó að menn tali að vísu mikið um það, að það muni vera vel gert við opinbera starfsmenn, að það muni nokkuð af því aftur hverfa kannske til síns heima, eins og þar segir, því að það á að greiða þeim launin aftur í tímann frá 1. júlí s. l. að telja. Nú er þetta að vísu ekki höfuðatriðið í þessari breytingu, heldur hitt, að það fór fram nánari athugun á því, hver verðlagsþróunin mundi verða á þessu ári, þar sem það lá nokkurn veginn ljóst fyrir eftir verðstöðvunina nú í haust, hvernig verðlagsþróunin mundi verða, og þá þótti fært að gera ráð fyrir hækkuðum tekjuskatti. Það hefur auðvitað aldrei verið meiningin annað en menn borguðu tekjuskatt af hækkuðum rauntekjum. Það hygg ég, að sé ekki ágreiningur milli okkar hv. þm. um, þó að það sé nokkur ágreiningur og hafi verið um það, hvort ætti að miða við framfærsluvísitölu eða kaupgjaldsvísitölu. En ég get ekki nefnt þá tölu enn þá, sem á að miða við, m. a. vegna þess, eins og hv. þm. hefur vikið að oft áður, að það er nú gert ráð fyrir því að leita umsagnar um það, áður en það endanlega er ákveðið, þó að það að vísu sé á valdi fjmrh., hvort hann fer eftir þeirri umsögn eða ekki, að hve miklu leyti, það er rétt, en þá er sjálfsagt að fylgja þeirri reglu og það hefur verið gert, og vísitalan mun verða ákveðin um áramótin. En ég endurtek það, sem ég hef áður sagt, að það er gert ráð fyrir því, að vísitalan verði það há, að hún fyllilega samsvari þeim verðlagshækkunum, sem orðið hafa nú á þessu ári, þannig að þær verði bættar mönnum að fullu.

Ég hef verið að lesa hér í gegn till., sem útbýtt hefur verið, ég skal ekki gera þær að umtalsefni hverja fyrir sig, en þær eru margar og flestar þarfar og góðar, ef við hefðum til þess fjármuni, en með

hliðsjón af því, að ég hef hlustað á það og vissulega skal játa það, að fjárlögin væru geigvænlega há, þá sýnist mér, að hv. þm. og ekki eingöngu minni hl. hv. fjvn., hann er ekki óhófssamastur í því efni, heldur hafa ýmsir þar slegið met, af því að talað er um að slá met í hækkunum, þannig að mér telst til, að þær till., sem hér liggja fyrir til afgreiðslu við þessar umr., eitthvað kann að bætast við enn, — þær nemi rúml. 500 millj. króna í hækkun. Það er nú hvorki meira né minna. Þannig að einhvern veginn er það svo, að mönnum virðist ekki ofbjóða það, sem komið er. Þessu taldi ég aðeins rétt að vekja athygli á.

Svo aðeins örfá orð út af ræðu hv. 3. þm. Vesturl., án þess að ég ætli að fara að halda áfram neinum deilum við hann. Ég geri nú ráð fyrir, að við getum sætzt á það af því að, eins og hann sagði, þá er nú ekki orðið svo langt á milli okkar skoðana varðandi orsök og afleiðingu verðbólgu og áhrif fjárlaga í því efni. Þetta sé nú kannske að nokkru leyti spíralhækkun, svo sem kannske ekki nákvæmlega eins og á sér stað með búvöruverð og verðlag, en vitanlega er hætt við því, að ef að útgjöld ríkissjóðs t. d. hækka það mikið, að það þarf að leggja beinlínis á nýja skatta aftur á næsta ári, til þess að jafna upp metin, þá auðvitað verka fjárlögin aftur á þann hátt að leiða til aukins tilkostnaðar í þjóðfélaginu. Hins vegar verka þau ekki þannig, ef ekki þarf að grípa til nýrra skatta. Það er önnur saga. Ég hygg, og vitna ég þar ekki í ómerkari mann en fyrrv. form. Framsfl., af því að ég vann nú æðilengi með honum í fjárlögum, að hann hafi látið nákvæmlega uppi þá sömu skoðun og ég lét hér uppi, að það væru fjárlögin, sem kæmu alltaf á eftir, þannig að ég er þá ekki í svo slæmum félagsskap, þó að ég haldi fram svipaðri kenningu.

Um það að ríkisstj. ráði efnahagsþróuninni, þá er það nú svo, hún ætti að gera það, en við vitum það nú báðir, að hún gerir það ekki nema að takmörkuðu leyti. Það eru margvísleg öfl, sem grípa þar inn í, og ég efast t. d. um það, að hv. þm. vilji skrifa undir það, að það hafi verið eingöngu fyrir óstjórn vinstri stjórnarinnar, að hún fór frá haustið 1958, vegna þess að óðaverðbólga væri þá yfirvofandi og í rauninni skollin á, þannig að hún teldi sér ekki fært að stjórna. Ég held því ekki fram, að þetta hafi verið vegna stjórnleysis vinstri stjórnarinnar, heldur vegna þess að menn hefðu ekki viljað haga sér eftir þeim ábendingum, sem höfðu verið gefnar af stjórnvöldum, og þetta er nákvæmlega það, sem alltaf hefur verið að gerast undanfarna áratugi, menn hafa gert meiri kröfur en framleiðni í þjóðfélaginu hefur getað risið undir, og þess vegna hefur farið sem farið hefur, að engin ríkisstjórn hefur getað ráðið við verðbólguna. Þetta er kjarni málsins og þetta er, held ég, sá vandi, sem hver sú stjórn fær við að glíma, sem situr að loknum kosningum, — við skulum engu spá um það, hver hún verði, það er annað mál. Ég skal ekki fara út í hugleiðingar okkar að öðru leyti um söluskattinn og um það, að Framsfl. hafi ekki lagt skatta á nauðsynjar, ég skal sleppa því, en ég veit nú ekki, hvort allir hafa gleymt sköttunum, sem þá voru.

Um þetta skal ég ekki ræða, en aðeins víkja örlítið að lokum að verðstöðvuninni, sem hv. þm. að vísu fullyrti ekkert um að væri kosningamál, en sagði, að væri einkennilegt að félli saman við kosningar. Ég vil í því sambandi aðeins vekja athygli á því, að það hefur ekkert farið dult, að það hafi verið skoðun Sjálfstfl. almennt, að það væri rétt að hafa kosningar í haust, þannig að hann hefur að minnsta kosti ekki verið búinn að finna þetta þjóðráð með verðstöðvun, þegar hann hélt því fram, að þetta væri rétt að gera, því að þá hefði nú þessu vafalaust ekki verið haldið fram. En sannleikurinn er sá, að ástæðan til þess, að við — og ég get tekið það fram, að ég var þeirrar skoðunar, að það yrði mjög erfitt að eiga við stjórn efnahags- og fjármála, þegar kosningar væru fyrir dyrum. Ástæðan var fyrst og fremst sú, að við, sem höfðum þessa skoðun, töldum, að það gæti orðið mjög erfitt um vik að fá samvinnu um þær ráðstafanir, sem þyrfti að gera, enda hefur það komið í ljós, að það samstarf, sem efnt var til, það hefur ekki tekizt, og ég hygg, að það hefði verið með töluvert öðrum hætti, ef það hefðu ekki verið kosningar á næsta leiti. Hins vegar er ég ekki í neinum vafa um það, að fyrir hvaða ríkisstj. sem það er, sem á að taka við, hvort sem það verður sama stjórn eða ekki, þá verður það til mikilla hagsbóta og tryggir mjög möguleika þeirrar stjórnar til þess að taka á þessum málum, að þessi verðstöðvun skuli vera framkvæmd nú. Ég hika ekki við að fullyrða það.

Varðandi atriði, sem hv. þm. kom einnig að, þá viðurkenndi ég að vísu, að það væri rétt, að hugsanlegt væri, að það gæti verið sá bati í efnahagslífinu, atvinnuvegirnir gætu tekið við einhverri hækkun, þannig að það mætti hverfa frá verðstöðvuninni að einhverju leyti a. m. k., en þá gat hann um það, að það vantaði a. m. k. í fjárlagafrv. tekjuöflun til þess að rísa undir ríkishlutanum í þessum útgjaldaauka. Ég er ekki viss um það, vegna þess að tekjuöflun fjárlagafrv. er miðuð við mjög hófsamlega þróun efnahagsmála á næsta ári. Þannig að það gæti vel farið svo, eins og reyndin hefur orðið á þessu ári og miðað við þær horfur, sem jafnvel virðast vera, — þó maður geti aldrei spáð því, allra sízt í okkar þjóðfélagi, sem er mjög hverfult, — þá gæti orðið sá bati, að tekjur ríkissjóðs yxu einmitt beinlínis af þessum sökum. Því það fer saman bætt afkoma ríkissjóðs og bætt afkoma atvinnuveganna, vegna aukinnar veltu í þjóðfélaginu. Þetta hygg ég, að við hv. þm. getum verið sammála um, að sé mjög líklegt að fari saman. Ég skal svo ekki, herra forseti, lengja umr. af minni hálfu, nema eitthvert sérstakt tilefni gefist til með ákveðnum fyrirspurnum.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 232, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja eina brtt. við fjárlagafrv. Hún er á þskj. 227 og merkt þar með tölunni II. Hún fjallar um vatnsveitur, þ. e. a. s. hún fjallar um vatnsveitu Vestmannaeyja. Svo sem hv. alþm. er vel kunnugt, er þessi vatnsveita mesta mannvirki og sérstæðasta, sem á Íslandi hefur verið lagt í, og um leið er hún langdýrust af þeim öllum. Því fer mjög fjarri, að vatnsveitan sé eingöngu gerð fyrir þá íbúa, sem í Vestmannaeyjum eru, hún er það að öðrum þræði, en að hinu leytinu er hún algert nauðsynjamál fyrir þá útflutningsframleiðslu, sem þaðan kemur. Það má segja, að eðlilegt sé, að Vestmanneyingar beri sjálfir kostnað af þeim hluta vatnsveitunnar, sem fyrir bæjarbúa er. Þó tíðkast það nú, að ríkið styrki slíkar vatnsveitur. En að Vestmanneyingar eigi að borga þann hlutann af vatnsveitunni, sem er fyrir útflutningsframleiðsluna, það fæ ég ekki séð að sé réttlætanlegt, þar verður ríkið að leggja hönd á plóginn og vænti ég þess, að engir muni neita þeirri skyldu ríkisins, en eins og sakir standa, þá eru Vestmanneyingar látnir, að öllu óbreyttu, borga einnig þennan kostnað að verulegu leyti. Ekki svo að skilja, að ríkissjóður taki engan þátt í kostnaði við þetta mannvirki, en enn sem komið er þá gerir ríkið það ekki nema í svo smáum stíl, að greinilegt er, að Vestmanneyingar eru ekki einasta látnir borga sína vatnsveitu, heldur einnig vatnsveituna, sem þarf til þess, að framleiðslan þar geti verið í góðu horfi.

Á fjárlagafrv. er gert ráð fyrir 10 millj. kr. fjárveitingu úr ríkissjóði til vatnsveitna. Þar af mun vera fyrirhugað, að vatnsveitan í Vestmannaeyjum fái 5½ millj. Hins vegar liggur það fyrir, að á næsta ári, árinu 1971, munu vaxta- og afborganagreiðslur þær, sem Vestmannaeyjakaupstaður verður að standa undir, verður að inna af höndum, nema 24.3 millj. kr. Tekjur vatnsveitunnar geta hins vegar ekki orðið nema 7 eða rösklega 7 millj. kr. Það er því greinilegt, að einhvers staðar frá, annars staðar en frá fyrirtækinu sjálfu, verða að koma upp í þessar afborganir og vexti 17 eða rösklega 17 millj. kr. Ef nú væri reiknað með því, að þetta yrði að jöfnu greitt úr ríkissjóði og úr bæjarsjóði Vestmannaeyja, þá mundi láta nærri, að hvor aðili um sig yrði að bera 8½ millj. Ég hef gert till. um það, að ríkissjóðsframlagið til vatnsveitna verði hækkað úr 10 í 13 millj. kr. og að hið fyrirhugaða framlag ríkissjóðs til Vatnsveitu Vestmannaeyja verði hækkað um þessar 3 millj.

Þetta er efni þeirrar till., sem ég hef hér lagt fram, og ég vænti þess, að menn sjái, að hér er hvorki farið fram á stórkostlega hluti né heldur ósanngjarna og get ég gjarna, ef fjvn. vildi athuga þetta á milli umr., lofað till. að liggja þar til við 3. umr., ef að svo ber undir, en ég tel augljóst, að hér sé um réttlætismál að ræða, sem ekki gildi einasta þessi fjárlög, heldur hljóti það svo að vera, a. m. k. hin allra næstu ár, að ríkið sjái sóma sinn í því að greiða a. m. k. helming mismunar á vaxta- og afborganagreiðslum og tekjum þeim, sem til þess gætu fallið, úr sjóði vatnsveitunnar sjálfrar. Það er að þessu sinni 17 millj., en mundi auðvitað aukast, þegar fram líða stundir, því næsta sumar er fyrirhugað að bæta við annarri vatnsleiðslu undir sjóinn milli lands og Eyja og verður Vestmannaeyjakaupstaður að sjálfsögðu að leita á náðir ríkisins a. m. k. um ábyrgðarheimildir í því sambandi, en það er nú e.t.v. rétt að lofa því máli að bíða við afgreiðslu þessara fjárlaga í trausti þess, að ríkisvaldið telji það einnig sinn hag að greiða fyrir þessum framkvæmdum, og skal því ekki vantreyst að óreyndu. En þessi till. er þess efnis, að ef ríkið vill ekki hreinlega láta þá íbúa, sem draga á land þann fisk, sem úr landinu er seldur, einnig standa undir kostnaðinum af því að þvo hann almennilega, svo að hann sé hæf markaðsvara, þá verður að taka upp þessa stefnu, að borga a. m. k. til jafns við Vestmannaeyjakaupstað þennan mismun á afborgana- og vaxtagreiðslum, sem ég hef nú nefnt, og að óreyndu vantreysti ég því ekki, að hv. alþm. sjái nauðsyn á því.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Mér þykir rétt í sambandi við þessa till. að gera nokkra grein fyrir því fyrirtæki, sem hér er um að ræða, því það er rétt, sem frsm. till. sagði, að hér mun vera um að ræða stærstu framkvæmd einstaks sveitarfélags utan Reykjavíkur. Það er einnig rétt, að þetta er nokkuð sérstakt fyrirtæki og átti sér fram að síðasta ári enga hliðstæðu, að því er ég bezt veit, í Evrópu. Það var fyrst árið 1969, að sams konar leiðsla og hér er um að ræða var lögð út í eyjar við Júgóslavíu. Þannig var, að Vestmanneyingar voru fyrstir til að ryðja braut vatnsleiðslulögn af þeirri gerð, sem hér er um að ræða, og sérfræðingar telja, að muni eiga eftir að ryðja sér til rúms víðar. Alþ. hefur frá fyrstu tíð, að ég tel, veitt fyrirtækinu verulega fyrirgreiðslu. Það hefur staðið Vestmanneyingum til boða að fá þær ríkisábyrgðir, sem á hefur þurft að halda, en fram að þessu hefur þess ekki þurft með, því þau lán, sem hafa verið tekin, hafa fengizt án ríkisábyrgðar, eingöngu með ábyrgð Vestmannaeyjakaupstaðar. Mér þykir því til hlýða eins og ég sagði í upphafi, að gera nokkuð grein fyrir þessu fyrirtæki, svo hv. alþm. geti áttað sig á því, hvað þarna hefur verið að gerast og hvað mun gerast á næsta ári.

Það má segja, að vatnsveitan hafi á undanförnum árum verið byggð í ákveðnum áföngum. Fyrsti áfanginn var 1967, þegar leiðslan var lögð frá uppsprettu í brekkum lands, sem var í eigu Syðstu-Merkur, og fram í Landeyjasand. Þetta var venjuleg vatnsveituframkvæmd, þ. e. a. s. leiðslan var þarna grafin niður í jarðveginn og lögð um 22 km leið til sjávar. Annar áfangi varð 1968 þegar 4 tommu neðansjávarleiðsla var lögð frá Landeyjasandi og út í Eyjar. Þriðji áfangi má telja, að orðið hafi á árinu 1969, þegar byggð var sú dælustöð, sem á að gera það kleift, að þegar á því þarf að halda, þá sé hægt að auka flutningsgetu þeirrar leiðslu og þeirra leiðslna, sem lagðar verða í framtíðinni,

mjög mikið, eins og nú er a. m. k. að þrefalda flutningsgetuna. Á árunum frá 1967 og til dagsins í dag, og svo mun einnig vera árið 1971, hefur verið unnið kerfisbundið að bæjarkerfinu, þannig að við teljum okkur sjá fram á, að á næsta ári verði búið að tengja öll hús í kaupstaðnum við vatnsveitukerfið. Hafizt var handa um byggingu vatnsgeymis, 5000 tonna vatnsgeymis, á árinu 1969 og standa vonir til, að því verki verði lokið á næsta ári eða á árinu 1971. Heildarkostnaður er, eftir því sem reikningar vatnsveitunnar sýna í árslok 1969 og að því viðbættu, sem vitað er að kostnaðurinn hefur orðið á þessu ári, þá er heildarkostnaður orðinn um 140 millj. kr. Þar af mun kostnaður við bæjarkerfið vera um 42 millj. Stofnæð og það, sem henni fylgdi og talið er styrkhæft samkvæmt vatnsveitulögum er því aðeins knappar 100 millj. kr., að því bezt verður séð nú í dag. Þetta fyrirtæki hefur verið fjármagnað þannig, að danska fyrirtækið NKT, Nordiske Kabel- og Trådfabrikker, sem framleiðir neðansjávarleiðslur, þá neðansjávarleiðslu, sem keypt hefur verið, lánaði allt andvirði leiðslunnar til 10 ára og varð kostnaðarverð hennar 36 millj. ísl. kr. miðað við gengið í dag. Lánasjóður sveitarfélaga mun hafa lánað um 23 millj. kr. til vatnsveitunnar, Atvinnujöfnunarsjóður 8 millj. kr. og Brunabótafélag Íslands um 2½ millj. Og lán hjá Hambros Bank, sem upphaflega var 12 millj. eða röskar 12 millj., er nú að eftirstöðvum um 4 millj., en lán Hambros Bank og lán Atvinnujöfnunarsjóðs eru bráðabirgðalán, sem þarf að greiða upp á mjög skömmum tíma, önnur lán eru til 10 og 15 ára. Framlag ríkissjóðs, að meðtöldu árinu 1970, nemur 16 millj. og 700 þús. kr. og skiptist þannig, að árið 1967 voru veittar 3 millj. á fjárlögum, árið 1968 2.7 millj., árið 1969 5.5 millj. og árið 1970 aftur 5.5 millj.; og er nú gert ráð fyrir eftir till. rn., að sama upphæð verði veitt árið 1971 á fjárlögum. Það skal tekið fram, að auk þessa beina framlags á fjárlögum hefur Alþ. samþ. heimild til handa fjmrh. að veita eða endurgreiða eins og það mun heita í 6. gr. fjárlaga, að endurgreiða aðflutningsgjöld af aðkeyptu erlendu efni, og er þar um að ræða bæði neðansjávarleiðsluna og eins það erlenda efni, sem flutt er til dælustöðvarinnar á Landeyjasandi. Ég hef það ekki handbært, hvað miklu þetta nemur, en það mun vera að sjálfsögðu um verulega upphæð að ræða, þar sem þarna mun vera erlent efni, sem nemur andvirði 45—50 millj. ísl. króna. Samkvæmt þessu, og kemur það heim við reikninga vatnsveitunnar, hefur bæjarsjóður lagt fram um 50 millj., sem tekið hefur verið með álögðum útsvörum á bæjarbúa. Þetta er, eins og málin standa nú í dag og í stórum dráttum, það sem gerzt hefur í þessu máli frá upphafi.

Ég hef áður hér við afgreiðslu fjárlaga rakið undirbúning málsins, sem tók alllangan tíma og var, að ég hygg, að flestra dómi mjög vandað til, og ætla ég því ekki að endurtaka það nú. En þá kemur að því, sem ég mundi kalla 4. áfanga, en það er lögn nýrrar neðansjávarleiðslu frá Landeyjasandi og út í Eyjar, og er þar um að ræða mun sverari leiðslu heldur en þá, sem nú er, eða 7 tommu leiðslu í stað fjögurra tommu leiðslu, sem áður var lögð. Kostnaður þessarar leiðslu mun vera um 60 millj. og er þá átt við leiðsluna fullfrágegna, en ekki er þar reiknað með aðflutningsgjöldum. Lánsloforð hefur fengizt fyrir andvirði þessarar leiðslu að mörgu leyti mjög hagstætt, en til þess að hægt sé að notfæra, eða til þess að Vestmanneyingar geti notfært sér það lán, þarf á sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs að halda, og hefur það mál verið rætt bæði af mér og bæjaryfirvöldum heima við hæstv. fjmrh. Við áttum þess kost í haust, þegar verið var að semja um kaup á þessari leiðslu við hið danska fyrirtæki, að fá fyrir andvirði hennar danskt lán, en það var í alla staði miklu óhagstæðara heldur en það lán, sem síðar fékkst hjá Scandinavian Bank í London.

Eins og fram kemur af þessu, standa vonir til, að þetta stóra fyrirtæki, ég segi risafyrirtæki á mælikvarða ekki stærra bæjarfélags, að það verði komið, sem við teljum, í heila höfn í árslok 1971. Flutningsgeta þeirra tveggja leiðslna, sem þarna verður um að ræða, fjögurra tommu leiðslunnar, sem lögð var 1968, og þeirrar leiðslu, sem fyrirhugað er að leggja á árinu 1971, er samtals á milli 5500 og 6000 tonn á sólarhring, og er þá miðað við, að leiðslurnar séu báðar fullnýttar með þeirri dælustöð, sem fyrir hendi er uppi í Landeyjasandi. Þetta vill segja, að miðað við, að Vestmannaeyjabær þróist eðlilega og fiskiðnaður fari þar vaxandi, þá hygg ég, að menn geri almennt ráð fyrir, að búið sé að sjá þessum málum borgið fyrir byggðarlagið, bæði neyzluvatnsþörf bæjarbúa og þörf fiskiðnaðarins, um það bil 20 ár fram í tímann. Þetta mál var, eins og ég sagði í upphafi, mjög vel athugað, áður en út í það var farið, því að við gerðum okkur það ljóst strax í upphafi, að þarna var um mjög fjárfrekt fyrirtæki að ræða og þess vegna yrði til þess að vanda eins og frekast var kostur, og aðstæður væru alveg sérstæðar, þar sem þurfti að leggja leiðsluna 12 km veg frá Landeyjasandi og út í Eyjar á hafsbotninn, þar sem vitað er, að brim getur orðið einna mest hér við strendur landsins. En þeir erlendu sérfræðingar og reyndar innlendir líka, sem fengnir hafa verið til þess að skoða þetta mál og þær leiðslur, sem keyptar hafa verið, telja, að leiðslurnar muni standast þá raun, sem þeim er ætlað, og höfum við ekki ástæðu til þess að ætla, að um bilun verði að ræða. Ég skal sérstaklega, vegna þess að hv. þm. hafa eflaust tekið eftir því og frétt það, að talið var, að um bilun á leiðslunni hefði verið að ræða í mynni Vestmannaeyjahafnar nú í haust, geta þess, að það er ekki neitt í sambandi við framleiðslu leiðslunnar sjálfrar eða styrkleika hennar. Það urðu þarna tæknileg mistök, þegar leiðslan var lögð. Hún var lögð í boga til að forðast vissan hluta innsiglingarinnar, hún var lögð í boga upp undir berg, sem er norðan megin við innsiglinguna og verkaði þannig, að straumdráttur myndaðist þar, sérstaklega þegar brim voru. Sjór-

inn frá berginu féll niður á grynnra vatn heldur en er þó í innsiglingunni sjálfri og varð til þess, að nokkur hreyfing komst á leiðsluna. Hún lá þar við steinklöpp. Þetta sýndi sig, þegar leiðslan var skoðuð, og hafði yzta borð hennar lítils háttar skaddazt. En ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að hvorki við sjálfir né þeir aðilar, sem hafa verið okkar trúnaðarmenn, erlendir og innlendir, telji, að nokkur hætta sé á, að leiðslan bili við eðlilegar aðstæður og eins og reiknað var með frá upphafi, og sú nýja leiðsla, sem verður lögð næsta sumar, verður ekki lögð þá leið inn um hafnarmynnið, sem fyrri leiðslan var lögð, og má segja, að það hafi að vissu marki verið heppilegt, að þetta skyldi þó koma í ljós, því að það hefði orðið erfiðara viðureignar, hefðu báðar leiðslurnar legið þá leið, sem valin var fyrir hina fyrri leiðslu.

Ég skal geta þess að lokum, að ég skrifaði fjvn. í haust, eftir að hún hafði hafið störf sín, og fór fram á, að framlag til Vatnsveitu Vestmannaeyja yrði hækkað. N. hefur ekki enn eða lauk ekki fyrir 2. umr. að afgreiða það erindi, en ég vænti þess, að hún taki það til athugunar nú fyrir 3. umr.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég flyt hér nokkrar brtt. ásamt öðrum þm. Alþb. Flestar þessar brtt. eru á þskj. 228, en ein mun vera á þskj. 227. Ég skal nú gera grein fyrir þessum brtt. í stuttu máli.

1. till., sem ég flyt ásamt Gils Guðmundssyni, er um það, að tekinn verði upp liður í fjárl., sem nemi 5 millj. kr., stofnkostnaður fiskiðnskóla. Ég veit, að það er öllum hv. þm. fullkunnugt, að mikið hefur verið um það rætt nú um alllanga hríð að koma upp fiskiðnskóla. Það hafa verið skipaðar nokkrar n. til þess að kynna sér málið, og alltaf hefur verið unnið að athugun á málinu, eins og það hefur verið orðað hér á hv. Alþ., en okkur sýnist nú vera kominn tími til þess, að Alþ. taki ákvörðun um það, að slíkur skóli skuli byggður með því að áætla á fjárl. næsta árs ákveðna fjárhæð til byggingar skólans. Auðvitað er hér aðeins um fyrstu fjárveitingu að ræða, en við teljum, að kominn sé tími til þess, að Alþ. taki skýlausa afstöðu til þessa máls með því að áætla þessa upphæð til byggingar skólans.

Í öðru lagi flyt ég svo brtt. í þremur liðum, með Jónasi Árnasyni og Steingrími Pálssyni. Í fyrsta lagi, að framlag ríkisins til félagsheimilasjóðs verði hækkað úr 15 millj. kr. í 20 millj. kr.. En það er öllum hv. þm. kunnugt, að félagsheimilasjóður stendur í miklum skuldum við fjöldamörg félagsheimili í landinu, sem síðan eiga aftur í miklum fjárhagserfiðleikum, vegna þess að það hefur staðið á framlagi sjóðsins til byggingganna. Í öðru lagi flytjum við svo till. um það, að framlag ríkisins til íþróttasjóðs verði hækkað úr 5 millj. kr. í 10 millj., en þar er svipað ástatt og með félagsheimilasjóð, að það hefur einnig staðið stórlega á framlögum sjóðsins til þeirra framkvæmda, sem hann hefur ákveðið að styðja. Í þriðja lagi leggjum við svo til, að tekinn verði upp nýr liður, svo hljóðandi:

„Sérstakur stuðningur við íþróttastarfsemina í landinu, sem sé varið í samráði við ÍSÍ og UMFÍ, 5 millj. kr.“

Það fer ekki á milli mála, að íþróttahreyfingin í landinu er þess makleg, að hún sé studd frekar en gert er, og það er heldur enginn vafi á því, að hún þarf verulega á auknum fjármunum að halda í þeirri dýrtíð, sem nú er orðin, ef hún á að geta haldið uppi a. m. k. þeirri starfsemi, sem hún hefur verið að fást við á undanförnum árum. Af því leggjum við til, að þessi fjárveiting komi til nú að þessu sinni til þessara aðila.

Í þriðja lagi flyt ég svo ásamt Gils Guðmundssyni till. um það, að fjárveiting til sumardvalarheimila, dagheimila og vistheimila verði hækkuð úr 900 þús. kr. í 2 millj. kr., en það fer auðvitað ekki á milli mála, að þátttaka ríkisins í rekstri þessara þörfu stofnana, sem nú eru reknar víða um land, er orðin allt of lítil og í rauninni hinu opinbera til skammar. Hér er um mjög þýðingarmikla starfsemi að ræða, sem hvílir orðið mjög þungt á flestum sveitar- og bæjarfélögum í landinu og á samtökum áhugafólks, sem hefur fundið þörfina á því að reka þessar stofnanir, og hefði í rauninni verið full ástæða til þess, að ríkið styrkti þessa starfsemi á svipaðan hátt og ríkið styrkir almenna skólastarfsemi í landinu. En hér er nú aðeins lagt til að auka framlög ríkisins að nokkrum hluta til þessarar þörfu starfsemi.

Í fjórða lagi flyt ég svo till. með Jónasi Árnasyni um það, að varið verði til tilrauna með nýjar heyverkunaraðferðir á næsta ári 2 millj. kr. Alþ. gerði samþykkt á síðasta ári um það, að það teldi mjög nauðsynlegt að styrkja tilraunir í þessu skyni, og það hafa að sjálfsögðu farið hér fram nokkrar rannsóknir í þessa átt. En það er enginn vafi á því að okkar dómi, að hér þarf að leggja fram miklu meira fé en gert hefur verið, ef á að fást sæmileg lausn á þessu mikla vandamáli, sem hér er um að ræða.

Í fimmta lagi flyt ég svo hér till., ásamt Þórarni Þórarinssyni, um það að greiða Benedikt Gíslasyni frá Hofteigi í viðurkenningarskyni fyrir heyverkunartilraunir 150 þús. kr. Það þarf ekki mörgum orðum að fara um þessa till. Ég veit, að allir hv. alþm. hafa fylgzt með þeim merkilegu tilraunum, sem Benedikt Gíslason frá Hofteigi, sá mikli áhugamaður um landbúnaðarmál, hefur staðið fyrir að undanförnu. Það fer ekki á milli mála, að Benedikt hefur í þessum efnum lagt í allmikinn kostnað, sem hann hefur ekki fengið greiddan, þrátt fyrir örlítinn styrk af hálfu hins opinbera. Hér væri aðeins um það að ræða, að greiða Benedikt nokkurn hluta af þeim beina kostnaði, sem hann hefur lagt út í þessu sambandi. Ég tel fyrir mitt leyti, að þær tilraunir, sem Benedikt hefur gert varðandi þetta mál, séu athyglisverðar og þess eðlis, að það sé full ástæða til þess að greiða honum þessa upphæð í viðurkenningarskyni fyrir það, sem hann hefur lagt af mörkum til þessa máls.

Þá flyt ég í sjötta lagi till., 5. till., ásamt Jónasi Árnasyni, Gils Guðmundssyni og Steingrími Pálssyni varðandi sjávarútvegsmál, en þar leggjum við

til í fyrsta lagi, að varið verði sérstaklega til humar- og rækjuleitar 3 millj. kr. umfram það, sem gert hafði verið ráð fyrir í till. Hafrannsóknastofnunarinnar. Ég veit, að flestir hv. þm. þekkja það, að það er sótt á um rannsóknir í þessum efnum um leit að nýjum humar- og rækjumiðum. Það er sótt á um frekari rannsóknir en Hafrannsóknastofnun hefur getað innt af hendi vegna takmarkaðrar fjárhagsgetu stofnunarinnar, og við teljum því réttmætt að verja sérstaklega 3 millj. kr. í þessu skyni.

Þá leggjum við til í öðru lagi, að varið verði til fiskileitar og veiðarfæratilrauna 3 millj. kr., einnig umfram það, sem að öðru leyti hefur verið gert ráð fyrir að verja af Hafrannsóknastofnuninni í þessu skyni. Hér er um geysilega mikið og víðtækt verkefni að ræða og þarft verk, og það þarf að leggja hér á mun meiri áherzlu en gert hefur verið.

Þá leggjum við til í þriðja lagi, að varið verði 1 millj. kr. sérstaklega til rannsóknar á skelfiskmiðum við landið. Það hefur þegar sýnt sig, að hafin er skelfiskvinnsla á nokkrum stöðum á landinu, þýðingarmikil framleiðsla, sem kemur að mjög góðu gagni, sérstaklega á vissum tímum ársins, og hér er líka um verðmætan útflutning að ræða, en það þarf vitanlega að rannsaka miklu betur en gert hefur verið skelfiskmiðin við landið, úr hverju þar er að spila, hversu mikil verðmæti er þarna um að ræða og hvað mikið má byggja á þessu í sambandi við rekstur á þessu sviði.

Þá leggjum við til í fjórða lagi, að tekinn verði upp nýr liður svo hljóðandi: „Rannsóknir og leiðbeiningastarfsemi í þágu niðursuðu- og niðurlagningariðnaðar 10 millj. kr.“ Við teljum, að það sé mjög brýnt verkefni, að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins geti lagt í miklu meiri rannsóknir vegna niðursuðu- og niðurlagningariðnaðarins og unnið miklu meira að almennri leiðbeiningarstarfsemi í þágu þeirra fyrirtækja, sem eru að fara af stað með þessa framleiðslu, en þessi stofnun hefur getað gert til þessa. Hér er vitanlega um stórkostlegt framtíðarverkefni fyrir okkur Íslendinga að ræða og við verðum að leggja fram fé, m. a. í þessar fræðilegu rannsóknir.

Í fimmta lagi leggjum við svo til, að tekinn verði upp annar nýr liður, sem hljóði þannig: „Til stuðnings við niðursuðu- og niðurlagningariðnað og aðra fullvinnslu sjávarafurða til útflutnings, sérstaklega til markaðsleitar og söluþjónustu, 40 millj. kr.“ Það er skoðun okkar, að það þurfi að leggja alveg sérstaka áherzlu á það að greiða fyrir sölu á þessari framleiðslu og leggja þar út í alldýrar eða kostnaðarsamar framkvæmdir. Þessar tegundir af vörum komast ekki inn á markaði erlendis, án þess að haft sé verulega fyrir því. Við þurfum að kosta þar menn til þess að bjóða fram þessa vöru og við þurfum að leggja mikið í auglýsingakostnað og yfirleitt í markaðsleit. Það er engin von til þess, að nýgræðingar í þessari framleiðslu, hin nýju fyrirtæki, geti tekið að sér allt þetta verkefni í byrjun. Mjög sennilega ætti að fela einhverri ríkisstofnun þetta verkefni, eins og t. d. síldarútvegsnefnd, en verkefni hennar minnkar nú óðfluga, eins og sakir standa a. m. k., eða þá að fela þetta fiskimálanefnd. Fyrri reynsla okkar í þessum efnum hefur sýnt það, að það er þörf á því, meðan verið er að byggja upp nýjar framleiðslugreinar eins og þessar, að einhver opinber aðili taki að sér forgöngu í málinu. Þannig var þetta með frosna fiskinn á sínum tíma. Það var opinber stofnun, sem þar varð að ryðja brautina og stíga öll fyrstu og erfiðustu skrefin, en það var fiskimálanefnd á sínum tíma og síðan uxu upp úr þessu þær sölustofnanir, sem nú eru starfandi, og svipað hefur þetta orðið á öðrum sviðum. Það er engin von til þess, að þau nýju fyrirtæki, oft veikburða, sem byggð eru upp á þessu sviði, geti tekið að sér þetta kostnaðarsama og vandasama verkefni, sem alveg óhjákvæmilega þarf að leysa.

Þá flyt ég í sjöunda lagi till. ásamt Gils Guðmundssyni um það, að tekinn verði upp nýr liður, sem hljóði þannig:

„Framlag til þeirra sveitarfélaga, sem gera sérstakar ráðstafanir að kröfu opinberra aðila til að bæta hreinlætisaðstöðu við frystihús og aðrar framleiðslustöðvar matvæla, gegn jafnháu framlagi annars staðar að, 10 millj. kr.“

Ég veit, að flestum hv. þm. er vel kunnugt um það vandamál, sem hér er við að eiga. Það er þegar komið þannig, að opinberir aðilar hafa tilkynnt ýmsum frystihúsum í landinu og öðrum matvælaframleiðslustofnunum, að þær munu ekki fá leyfi til þess að vinna að sinni útflutningsframleiðslu á matvælasviði, nema breytt verði mjög verulega til með allar aðstæður til hreinlætis varðandi framleiðslu þessara stöðva. Hér er sérstaklega um það að ræða, að það þarf í mörgum tilvikum að gera átak í frárennslismálum og vatnsveitumálum og einnig varðandi það að steypa eða malbika talsvert svæði til aukins hreinlætis í kringum stöðvarnar, til þess að lágmarkskröfum hreinlætis sé fullnægt í sambandi við alla aðstöðu þessara stofnana. En hér yrði sýnilega um svo fjárfrekar framkvæmdir að ræða, að það er alveg óhugsandi, að ýmis sveitarfélög í landinu, sem standa frammi fyrir þessum vanda, geti haldið áfram þeirri framleiðslu, sem þau nú hafa með höndum, ef hart verður gengið eftir, sem fyllilega er eðlilegt, að sé gert í þessum efnum, án þess að til komi einhver opinber aðstoð við þessi sveitarfélög til þess að koma fram umbótum í þessum efnum. Við leggjum því til, að ríkið verji í þessu skyni á næsta ári 10 millj. kr. gegn því, að viðkomandi aðilar, sem hér eiga hlut að máli, leggi fram jafnháa upphæð á móti. Þá væri hægt að hefjast handa um það að bæta úr þessu og laga til a. m. k. á allmörgum stöðum, og síðan yrði verkinu haldið áfram.

Þá flyt ég hér í áttunda lagi till. með Gils Guðmundssyni um það, að rekstrarstyrkur til sjómannaheimila í landinu verði hækkaður úr 50 þús. kr. í 800 þús. kr., og verð ég að segja, nú eins og áður, þegar þetta mál hefur verið hér rætt, að mig undrar það stórlega, að það skuli ganga hér þing eftir þing, að fjvn. skuli skila frá sér fjárlagafrv.

þannig að ætla að verja til rekstrarstuðnings við þær sjómannastofur, sem starfandi eru í landinu, aðeins einum 50 þús. kr. Þetta er vitanlega til skammar, og það á að breyta þessu. Það eru þegar starfandi nokkuð margar sjómannastofur, en þær verða skiljanlega ekki reknar nema með allmiklum framlögum af hálfu viðkomandi sveitarfélaga og það er eðlilegt, að ríkiðýti nokkuð undir eða aðstoði nokkuð í þessum efnum með því að leggja fram nokkuð meira en það hefur gert til reksturs þessara þörfu stofnana. Sjómannastéttin á það fyllilega skilið, að þetta fé sé lagt fram í þessu skyni. Ég vil líka benda á það í sambandi við það, sem hér hefur áður verið sagt í þessum umr. varðandi sjómannastofur, að því fer víðs fjarri, að sjómannastofur þurfi aðeins að vera á þeim stöðum, þar sem mikið er um aðkomusjómenn. Sannleikurinn er nú sá, að útgerð okkar er fyrir löngu komin á það stig, að okkar fiskiskip fara frá stað til staðar og verða að dvelja fram og til baka á hinum ýmsu stöðum eftir því, sem aflinn gefst og veðurfar er, og það verður því vitanlega alls staðar talsvert um það að ræða, að aðkomusjómenn séu á stöðunum. En það þarf líka að hafa sjómannastofur í útgerðarbæjum landsins fyrir heimasjómennina. Þeir þurfa líka að hafa sitt eðlilega afdrep til þess að koma saman, til þess að ræða sín mál og njóta sinna frístunda, en ekki að þurfa að búa við það félagslega aðstöðuleysi, sem þeir búa við í dag. Ég vænti nú þess, að hv. fjvn. athugi alveg sérstaklega að lagfæra till. sínar í þessum efnum, varðandi framlögin til sjómannastofanna í landinu, til reksturs þeirra.

Á þskj. 227 flytjum við allir þm. Alþb. eina stóra till. Hún er um það, að gert verði ráð fyrir á næsta ári að hækka bótagreiðslur lífeyristrygginga almannatrygginganna, þ. e. a. s. fyrst og fremst ellii- og örorkubæturnar, um 40% frá því, sem þær eru nú, og að gert sé ráð fyrir ríkishlutanum í sambandi við þessar auknu bótagreiðslur, og mun sá hluti þá nema í kringum 210 millj. kr. Hér er vissulega um stóra till. að ræða og allmikil aukin útgjöld fyrir ríkið, en það hafa komið hér fram í þessum umr. áður af hálfu okkar Alþb.-manna skýr og ótvíræð rök fyrir því, hvað hér er um eðlilegt og nauðsynlegt málefni að ræða, málefni, sem engin ástæða er til eins og nú háttar með okkar þjóðarbúskap, að ríkið skjóti sér undan. Það þarf að hækka þessar tryggingabætur, a. m. k. um 40%, og ég endurtek það, sem hér hefur verið sagt, að sé mögulegt að verða við því að hækka laun opinberra starfsmanna eitthvað í líkingu við það, sem upplýsingar hafa verið gefnar um af hálfu stjórnarliðsins, m. a. í stjórnarblöðunum, séu möguleikar á því að hækka laun opinberra starfsmanna svo mikið, þá leikur enginn vafi á því, að þá er réttmætt og sjálfsagt að hækka þessar tryggingabætur um 40%. Hér er auðvitað um þær launagreiðslur að ræða, sem mest þörf er á að hækka í okkar þjóðfélagi.

Ég hef þá gert hér grein í örstuttu máli fyrir þeim till., sem ég er hér 1. flm. að, en aðrir hafa gert grein fyrir öðrum till., sem ég styð eða ég stend að. Það er rétt, að þær till., sem við Alþb.-menn stöndum hér að, gera að sjálfsögðu ráð fyrir talsverðri hækkun á útgjöldum ríkissjóðs, en hér er þó ekki um mikla hækkun að ræða, þegar á allt er litið, þegar á það er litið, hvað heildarútgjöld ríkisins eru orðin mikil, og ég fyrir mitt leyti geng ekki inn á það sjónarmið fremur nú en áður, að það sé réttmætt að segja: Nú eru útgjöld fjárlaga orðin svona mikil, komin yfir 10. milljarðinn, og þið eruð ábyrgðarlausir, sem komið nú á eftir og leggið til einhver aukaútgjöld á fjárlagafrv. Ég hef ekki fyrir mitt leyti staðið að því að samþykkja öll þessi útgjöld, sem fjárlagafrv. fjallar um. Ég er hreinlega á móti ýmsum þeim útgjöldum, sem þar er gert ráð fyrir. Það er ekki réttmætt, að ríkisstj. taki þessi mál þannig, að fyrst segi hún: Fyrst ráðstafa ég öllu fénu og síðan, ef þið komið með einhverjar till., þá er það ábyrgðarleysi. Við hinir eigum okkar rétt til þess að leggja fram till. um það, hvernig við álítum, að eigi að verja þeim fjármunum, sem úr er að spila. Ég hef æðioft við afgreiðslu fjárlaga lagt hér fram allmargar till. um lækkun á ýmsum útgjöldum. Ég gæti gert það enn. Maður hins vegar þreytist á því að leggja fram slíkar till., sem alltaf eru felldar hér ár eftir ár. Ég skal aðeins nefna hér nokkur atriði til útgjalda, sem ég teldi fyrir mitt leyti, að mættu sannarlega missa sig úr frv. eins og það er nú.

Það er nú í fyrsta lagi að þurfa að hafa sérstakt sendiráð og sérstaka sendinefnd hjá NATO, eins og við höfum ekki eitthvað af sendiherrum úti í heimi og sendiráðum til þess að vinna okkar störf þar. Það er gert ráð fyrir að eyða aðeins í það sendiráð 6.4 millj. kr. Svo er sett upp eitt nýtt sendiráðið enn í skyndi vegna aðildar okkar að EFTA, og það kostar 4.4 millj. kr., það sendiráð, bara hjá EFTA. Auk þessa alls er svo gert ráð fyrir í frv. að verja aðeins sem fastatillagi til NATO 4.8 millj. Ég er á móti þessum útgjöldum og auk þess er svo gert ráð fyrir því að styrkja sérstaklega þingmannasamband NATO um 350 þús. kr. Fastatillagið til EFTA, sem ég var líka andvígur, að við gerðumst aðilar að, þar er um að ræða 1 millj. 250 þús. Eða varnarmáladeildin, hversu þýðingarmikil skyldi hún vera? Hún kostar 4.4 millj. Að maður nú ekki tali um lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli, sem kostar orðið nærri 30 millj. Bara lögreglukostnaðurinn einn þar innan girðingar nemur orðið nærri 13 millj. Ég er á móti þessu fyrir mitt leyti, tel enga þörf á þessu. Þannig væri auðvitað hægt að benda hér á fjöldamarga liði aðra, sem ýmist mætti lækka eða fella út með öllu, og ég tel fyrir mitt leyti, að útgjöld t. d. til þessara liða séu á engan hátt réttmætari eða eðlilegri heldur en það að auka nokkuð framlög til íþróttahreyfingarinnar í landinu eða til þess að íþróttasjóður geti staðið við sínar skuldbindingar, félagsheimilasjóður geti staðið við sínar skuldbindingar eða styrkja nokkuð meira en nú er rekstur sjómannastofa víðs vegar um landið. Þetta er hins vegar aðeins ágreiningur á milli manna og flokka um það, hvað sé nauðsynlegast, og við álítum það Alþb.-menn, að það sé eins og nú er

komið mjög brýn þörf á því að hækka örorkubætur og ellilaun í landinu, og því leggjum við megináherzlu á það í okkar till. að verja fé í því skyni.

Ég skal svo ekki fara frekar út í almennar umr. um afgreiðslu fjárl. Það hefur hér verið gert af öðrum. Ég hef hér gert grein fyrir þeim till., sem við Alþb.-menn stöndum að og ég er 1. flm. að.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Á þskj. 224 hef ég leyft mér að flytja fáeinar brtt. við fjárlagafrv. undir lið II, till. 1—8. Um þessar till. vil ég nú fara fáeinum orðum.

Þrjár fyrstu till. fjalla allar um það, að ríkið leggi nokkru meira af mörkum til almenningsbókasafna heldur en það hefur gert nú um skeið og heldur en ráð er fyrir gert í fjárlagafrv. fyrir 1971. Ég vakti á því athygli á þinginu í fyrra með flutningi þáltill., að nauðsyn bæri til að taka til endurskoðunar lög um almenningsbókasöfn. Þessi lög, sem eru frá árinu 1963, voru merk löggjöf og hafa tvímælalaust gert verulegt gagn. Þau höfðu hins vegar þann annmarka, að þau fjárframlög, sem ákveðin voru af hálfu ríkisins til stuðnings almenningsbókasöfnum, voru bundin við tiltekna krónutölu og þau hafa að því er ég bezt veit verið óbreytt þessi ár. Þetta hefur orðið til þess, að stuðningur ríkisvaldsins við almenningsbókasöfnin hefur farið að raungildi hraðminnkandi í hinni stórvaxandi dýrtíð. Till. mín um endurskoðun þessara laga varð ekki útrædd í fyrra, en þó hygg ég, að hún hafi gert sitt gagn, því að skömmu áður en Alþ. hófst nú í haust var tilkynnt, að hæstv. ríkisstj. eða hæstv. menntmrh. hefði skipað n. til þess að endurskoða lög um almenningsbókasöfn. Eftir því sem ég veit bezt, þá er þessi endurskoðunarnefnd tekin til starfa, en enda þótt ég vænti þess, að hún starfi vel og rösklega, þá er tæplega við því að búast, að endurskoðað frv. komi frá henni nægilega snemma á þessu þingi til þess að fá endanlega afgreiðslu. Þess vegna tel ég, að það sé í fullu samræmi við þá viðurkenningu, sem þegar er fengin af hálfu hæstv. ríkisstj. fyrir því, að hér þurfi verulegra umbóta við, þá sé það eðlilegt, að nú við afgreiðslu fjárlaga verði ákveðið, að þessar greiðslur til almenningsbókasafna hækki allverulega eða, eins og ég legg til, um helming eða rúmlega það í einu tilfellinu.

Ég held, að það sé ástæðulaust að fara um það mörgum orðum, hversu mikilvægt það er að efla starfsemi almenningsbókasafna. Það er enginn efi á því, að með því að efla slík söfn er verið að vinna íslenzkum uppeldis- og menntamálum mjög mikið gagn. Og ég tel, að það sé sízt of mikið í lagt, þótt gert sé ráð fyrir því, að ríkið styrki hin mörgu almenningsbókasöfn með því, sem svarar kostnaði við eins og einn miðlungs framhaldsskóla. Það er enginn efi á því, að þessi söfn eru það miklar uppeldis- og menntastofnanir, að því fé, sem til þeirra yrði varið af opinberri hálfu, yrði vel varið.

Fyrsta till. mín hljóðar um það, að framlagið til bæjar- og héraðsbókasafna hækki úr 3 millj. 250 þús. kr. í 7½ millj. Í 7. gr. laganna um almenningsbókasöfn frá 1963 eru ákvæði um framlag ríkisins til bæjar- og héraðsbókasafna. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Úr ríkissjóði greiðist fjárhæð, sem nemur 15 kr. á íbúa kaupstaðar eða hrepps, þar sem safnið er staðsett, og 5 kr. á íbúa á móti framlagi sýslna.“

Þá er einnig sagt í þessari grein, að ríkið skuli greiða 50% á móti því, sem sýslur kunna að leggja söfnum til umfram lögbundið framlag sýslnanna, en þó svo, að umframgjald ríkisins nemi ekki hærri upphæð en 7 kr. á íbúa. Þessi ákvæði eru, eins og ég hef þegar nefnt, orðin algerlega úrelt, og ég tel, að það væri ekki of í lagt, þó að þetta verði leiðrétt nú á næsta ári, með því að ríkið gerði hér nokkru betur heldur en þessi 7 ára gömlu lög skylda það til, þannig að þessi fjárhæð til bæjar- og héraðsbókasafna verði ríflega tvöfölduð.

Hið sama er að segja um 2. og 3. brtt. Þær fjalla á sama hátt um styrki til sveitarbókasafna og lestrarfélaga, að sá styrkur tvöfaldist, fyrir 1 millj. komi 2 millj., og að styrkurinn til bókasafna í heimavistarskólum og opinberum stofnunum tvöfaldist einnig, í stað 300 þús. kr. komi 600 þús. Ég lít svo á, að hér yrði aðeins um bráðabirgðaleiðréttingu að ræða, þangað til sú almenna endurskoðun, sem nú er hafin á lögunum um almenningsbókasöfn, sér dagsins ljós eða niðurstöður hennar, og Alþ. kemur til með að fjalla um það mál, sem ég vona að verði heldur fyrr en seinna.

4. brtt. mín er um það, að styrkur til listasafna, þ. e. a. s. annarra heldur en þess listasafns ríkisins, sem hið opinbera stendur straum af, hækki upp í 475 þús. kr. Ég sé að vísu, að hv. fjvn. leggur til, að þessi stuðningur hækki nokkuð frá því, sem hann er í fjárlögum, en á fjárlagafrv. er hann mjög lítilfjörlegur, aðeins 50 þús. kr. En n. leggur til, að hann hækki upp í 325 þús. kr. Þetta er að vísu veruleg breyting til bóta, en ég leyfi mér þó að leggja til, að þessi styrkur verði 475 þús. kr. Það er hvort tveggja, að það eru þegar komin á fót slík listasöfn, eins og listasafn Alþýðusambands Íslands og listasafn Suðurlands, sem eru alls góðs makleg, og víðar er risinn upp vísir að slíkum listasöfnum, sem full ástæða væri til að styrkja, því að það er enginn efi á því, að þau gegna mjög mikilvægu menningarhlutverki.

Þrjár síðustu, 5. 6. og 7. brtt., sem ég flyt, snerta allar listamannalaun. Eins og kunnugt er, þá er listamannalaunum nú skipt í þrennt af Alþ. sjálfu. Það eru í fyrsta lagi heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþ. Slíkra heiðurslauna njóta, ef ég man rétt, 11 listamenn, og samkvæmt fjárlagafrv. er gert ráð fyrir, að til þeirra sé varið 1 millj. 686 þús. kr. Ég legg til, að þessi upphæð verði 2½ millj. kr. Það er bæði til þess, að Alþ. hafi möguleika til þess að bæta við einum eða tveimur ágætum listamönnum, ef ástæða þykir til, á þessa skrá yfir þá, sem njóta heiðurslauna, og þá ekki síður e. t. v. til þess, að það nálgist það frekar en verið hefur, að þetta geti heitið heiðurslaun, að hægt sé að hækka upphæðirnar nokkuð.

Þá legg ég til, að starfslaun listamanna hækki allverulega eða úr 674 þús. í 2 millj. kr. Ég hygg, að það muni koma í ljós, ekki sízt þegar nokkuð líður fram, að það hafi verið farið inn á rétta braut fyrir tveim árum, þegar sá háttur var tekinn upp að veita listamönnum, einkum ungum listamönnum og listamönnum, sem eru í fullu fjöri, veita þeim allverulegan stuðning um tiltekinn tíma til þess að leysa af höndum tiltekin verkefni. Ég held, að þarna hafi, eins og ég segi, verið farið út á rétta braut og það eigi að auka til muna þessa starfsemi, hækka þessa fjárveitingu allverulega.

Loks geri ég í sambandi við listamannalaunin till. um það, að hin almennu listamannalaun hækki nokkuð eða úr 5 millj. 130 þús. kr. upp í 7 millj.

8. og síðasta till. mín er þessu nokkuð skyld. Hún er um það, að styrkur til vísinda- og fræðimanna hækki úr 530 þús. kr. í 1 millj. Mér er um það kunnugt, að þessa takmarkaða styrks njóta býsna margir vísinda- og fræðimenn, bæði á sviði bóklegra fræða, náttúrufræða og fleiri greina, og það er miklum örðugleikum bundið að skipta þessari mjög svo takmörkuðu fjárveitingu.

Annars held ég, að ég hafi flutt hækkunartill. um listamannalaun flest eða öll þau ár, sem ég hef setið hér á þingi, og reynt að færa rök fyrir því, að það sé þjóðhagslega skynsamlegt frá mörgu sjónarmiði að styðja listamenn betur heldur en við höfum gert. Ég sé ekki ástæðu til í þetta sinn að endurtaka þau rök, en vil með tillöguflutningi mínum enn á ný leggja á það áherzlu, að ég tel, að okkur beri, Alþ. beri að gera sómasamlega við sína listamenn, að það hafi ekki gert það fram að þessu, ekki svo sem vera bæri, og yrði tæplega gert, þó að mínar mjög svo hóflegu till. yrðu samþ., en þó mundum við þokast mjög í áttina til þess, sem sómasamlegt gæti talizt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 16. fundi í Sþ., 10. des., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 1, n. 221 og 223, 214, 215, 220, 222, 224, 226, 227, 228, 232).

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.

Brtt. 215, 1—2 samþ. með 37 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.

Brtt. 214, 1—6 samþ. með 50 shlj. atkv.

— 220, I. 1 felld með 32:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÞ, ÁB, BGuðbj, HB, BJ, EðS, EÁ, TÁ, GeirG, GilsG, GíslG, HS, IG, JK, JSk, JónasÁ, KGuðj, LJós, MK, ÓlJ, PÞ, SE, SV, SP, VH, ÞÞ.

nei: AuA, AJ, ÁS, BGr, BK, EKJ, BrS, EggÞ, EmJ, FÞ, GeirH, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JónÁ, JÁH, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, GHG, PJ, ÞG, SI, StG, SvG, SvJ, BF.

2 þm. (BP, HV) fjarstaddir.

Brtt. 214, 7—9 samþ. með 50 shlj. atkv.

— 222,1 tekin aftur.

— 214, 10—11 samþ. með 54 shlj. atkv.

— 228, I felld með 31:22 atkv.

— 214, 12—17 samþ. með 55 shlj. atkv.

— 224, I tekin aftur.

— 214, 18—25 samþ. með 57 shlj. atkv.

— 215,3 samþ. með 38 shlj. atkv.

— 224, II. 1 tekin aftur.

— 214, 26 samþ. með 50 shlj. atkv.

— 224,II. 2—3 tekin aftur.

— 214, 27—30 samþ. með 48 shlj. atkv.

— 224, II. 4 felld með 31:18 atkv.

— 214,31 samþ. með 44 shlj. atkv.

— 224, II. 5—7 tekin aftur.

— 220, I.2 felld með 32:19 atkv.

— 224, II. 8 tekin aftur.

— 214,32 samþ. með 55 shlj. atkv.

— 228,II. 1 felld með 32:19 atkv.

— 214, 33 samþ. með 41 shlj. atkv.

— 228, II. 2 felld með 31:16 atkv.

— 214,34—35 samþ. með 47 shlj. atkv.

— 228,II. 3 felld með 32:14 atkv.

— 214,36—47 samþ. með 48 shlj. atkv.

— 228, III felld með 31:19 atkv.

— 214, 48—52 samþ. með 56 shlj. atkv.

— 215, 4—5 samþ. með 37 shlj. atkv.

— 226,1 tekin aftur.

— 214,53 samþ. með 55 shlj. atkv.

— 215,6 samþ. með 51 shlj. atkv.

— 224,III tekin aftur.

— 214,54 samþ. með 50 shlj. atkv.

— 228,IV felld með 32:17 atkv.

— 224,IV tekin aftur.

— 214,55 samþ. með 49 shlj. atkv.

— 232 tekin aftur.

— 214,56 samþ. með 45 shlj. atkv.

— 228,V tekin aftur.

— 214,57—59 samþ. með 55 shlj. atkv.

— 228,VI. 1 felld með 31:17 atkv.

— 214,60 samþ. með 38 shlj. atkv.

— 215,7 samþ. með 36 shlj. atkv.

— 228,VI. 2 felld með 31:13 atkv.

— 214,61 samþ. með 46 shlj. atkv.

— 228,VII felld með 32:10 atkv.

— 214, 62—72 samþ. með 53 shlj. atkv.

— 215, 8—9 samþ. með 32 shlj. atkv.

— 227,II tekin aftur.

— 222,2 felld með 32:25 atkv.

— 215,10—11 samþ. með 50 shlj. atkv.

— 224, V.1 tekin aftur.

— 214, 73—74 samþ. með 49 shlj. atkv.

— 215,12 samþ. með 53 shlj. atkv.

— 214,75—76 samþ. með 45 shlj. atkv.

— 215,13 samþ. með 36 shlj. atkv.

— 224,V. 2 tekin aftur.

— 214,77 samþ. með 53 shlj. atkv.

— 228,VIII tekin aftur.

— 214,78 samþ. með 51 shlj. atkv.

— 227,I felld með 32:12 atkv.

— 214,79 samþ. með 54 shlj. atkv.

Brtt. 215, 14 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 227, III felld með 32:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JK, JSk, JónasÁ, KGuðj, LJós, MK, ÓlJ, PÞ, SE, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BGuðbj, HB, BJ, EðS, EÁ, TÁ, GeirG, GilsG, GíslG, HS, IG.

nei: JóhH, JónÁ, JÁH, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, GHG, PJ, ÞG, SI, StG, SvG, SvJ, AuA, AJ, ÁS, BGr, BK, EKJ, BrS, EggÞ, EmJ, FÞ, GeirH, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, BF.

BP greiddi ekki atkv.
1 þm. (HV) fjarstaddur.
Brtt. 214,80—88 samþ. með 49 shlj. atkv.
— 222,3 tekin aftur.
— 214,89 samþ. með 57 shlj. atkv.
— 215, 15—16 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 214,90 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 224,VI felld með 31:21 atkv.
— 220,II tekin aftur.
— 214,91—94 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 215,17 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 214,95 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 215,18—19 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 214,96 samþ. með 51 shlj. atkv.
— 226,2. a—b tekin aftur.
— 227,IV tekin aftur.
— 214,97 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 224,VII tekin aftur.
— 220,III tekin aftur.
— 214,98—103 samþ. með 49 shlj. atkv.
— 222,4 felld með 32:24 atkv.
— 215,20 samþ. með 35 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 214,104 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 215,21 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 214,105—110 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 215,22 samþ. með 34 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 214,111 samþ. með 49 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Sþ., 17. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 237, n. 258, 242, 268, 272, 279, 280, 284, 286).

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Fjvn. hefur á milli umr. haldið áfram athugun sinni á fjárlagafrv. og tekið einnig til athugunar og afgreiðslu ýmis erindi önnur, sem hjá n. voru óafgreidd við 2. umr. málsins. Stærsti málaflokkurinn, sem hér um ræðir, voru fjárveitingar til byggingar nýrra barnaskóla, gagnfræðaskóla og skólastjóraíbúða, og mun ég síðar gera grein fyrir till. n. þar um. Þá hefur n. gert allmargar till. um aðrar fjárveitingar, svo sem fram kemur á þskj. 268. Er þar um till. að ræða, sem ýmist fela í sér skiptingu á milli aðila á fjármagni, sem í frv. er, eða um er að ræða nýjar brtt. til hækkunar á útgjöldum.

Svo sem fram hefur komið í umr. um fjárlagafrv., hafði stjórnarandstaðan það helzt við frv. að athuga, hve hér er um stórfellda hækkun fjárl. að ræða. Að sjálfsögðu væri æskilegt, að unnt væri að færa niður útgjöld og spara allt í ríkisrekstrinum, en því miður hefur hvorki fjvn. né öðrum hv. þm. tekizt að benda á raunhæfar leiðir, sem leitt gætu til þess, að svo mætti verða. Við athugun n. á frv. og með hliðsjón af þeim brtt., sem n. leyfði sér að flytja við 2. umr. málsins og aftur nú þær brtt., sem n. flytur við endanlega afgreiðslu fjárlagafrv. á þskj. 268, hefur komið í ljós, að n. hefur talið óhjákvæmilegt að flytja fjölmargar till., sem fela í sér stóraukin útgjöld úr ríkissjóði. Ég tel, að hjá þessu hafi ekki verið komizt nema þá með þeim afleiðingum að draga úr fjárveitingum til nauðsynlegra framkvæmda eða þjónustu við þegnana í einni eða annarri mynd. Ég hygg, að þessi sé einnig raunveruleg skoðun stjórnarandstöðunnar almennt. Enn sem komið er hefur hún ekki treyst sér til þess að bera fram till. um niðurskurð eða lækkun á einstökum liðum fjárlagafrv. Stjórnarandstaðan hefur aftur á móti flutt fjölmargar brtt. til viðbótar, sem allar eiga það sammerkt að fela í sér stóraukin útgjöld úr ríkissjóði. Það vakti athygli mína við afgreiðslu brtt. frá einstökum þm. úr liði stjórnarandstöðunnar við 2. umr. málsins, að þær af þeim till., sem hæstar voru og lengst gengu í þá átt að auka útgjöld úr ríkissjóði, hlutu mest fylgi þeirra stjórnarandstöðuþm. Ég hygg því, að hv. þm. sé ljóst, að horfast verður í augu við þær staðreyndir, að allt verðlag í landinu, launagreiðslur sem ýmis annar kostnaður, hefur stórhækkað og af því hefur leitt, að fjárlög nú verða mun hærri en dæmi eru til um áður. Það er hins vegar von mín, að með tilkomu þeirrar verðstöðvunar, sem nú hefur verið lögfest, muni skapast meiri festa og jafnvægi í ríkisbúskapnum og að loknu því tímabili, sem verðstöðvuninni nú er ætlað að ná til, hafi skapazt sá grundvöllur, sem nauðsynlegur er til þess að áframhaldandi jafnvægi og atvinnuöryggi megi haldast.

Eitt er það mál, sem fjvn. hefur ekki haft aðstöðu til að fjalla um, en það er, hvaða áhrif til aukinna útgjalda á ríkissjóð samningarnir við opinbera starfsmenn muni hafa. Öllum er ljóst, að hér er um allmikla upphæð að ræða, en það er von mín, að fjárlagafrv. verði nú afgreitt með það miklum tekjuafgangi, að ríkissjóður verði fær um að mæta þeim auknu útgjöldum, sem af samningunum muni leiða. Ég mun nú gera grein fyrir þeim brtt., sem fjvn. hefur leyft sér að flytja við þessa umr. málsins. Eins og ég hef áður greint frá, er hér um málefni að ræða, sem n. hafði ekki haft aðstöðu til þess að fullljúka athugun sinni á. Þá hefur n. einnig tekið til sérstakrar athugunar brtt. einstakra þm., sem fluttar voru við 2. umr., en voru teknar aftur til 3. umr. Í sumum tilfellum hefur n. séð sér fært að koma til móts við till. flm., en í öðrum tilfellum hefur n. hins vegar ekki séð sér fært að fallast á umbeðnar fjárveitingar.

Við tekjuhlið frv. er lagt til, að gerð verði sú breyting, að söluskattur hækkar um 5 millj. 400 þús. kr. Þar af renna 5 millj. til Vegasjóðs, en til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hækkar liðurinn um 400 þús. kr., en það er hluti sveitarfélaganna, vegna þess að hækkun þessi stafar af hækkuðu bensínverði svo sem fyrirhugað er. Þá koma næst till. n., sem falla undir gjaldalið frv. Er þá fyrst till. n., að inn komi nýr liður, hús Jóns Sigurðssonar, að upphæð 2 millj. 50 þús. kr. Verulegur hluti af þessari upphæð eða um 1 millj. 650 þús. kr. er vegna greiðslu vaxta og afborgana af láni, sem tekið var vegna endurbóta, sem gerðar voru á þessu húsi.

Þá er næst till. um 100 þús. kr. lækkun við forsrn., en þar er nánast um millifærslu að ræða við utanrrn., en þar kemur upphæð þessi til gjalda á liðnum „önnur rekstrargjöld", en það er vegna kostnaðar af rekstri bifreiðar.

Við ráðherrabústaðinn við Tjarnargötu er fyrirsjáanlegt, að ekki verður unnt að komast hjá að leggja í verulegan kostnað vegna viðhalds og umbóta á bústaðnum. Sem byrjunarfjárveiting í því skyni leggur n. til, að viðhaldskostnaður hækki um 927 þús. kr., og er þó aðeins um byrjunarfjárveitingu að ræða vegna þeirra framkvæmda, sem fyrirhugaðar eru á árinu 1971. Þá er næst till. um að hækka launalið við tilraunastöðina á Keldum um 572 þús. kr. Það er í fyrsta lagi vegna vanáætlunar við fjárlagagerðina, en einnig er hér um að ræða ráðningu á nýjum meinatækni við stofnunina og þess utan aukinn kostnað við rannsóknirnar. Við endurskoðun, sem átt hefur sér stað, kom í ljós, að ekki yrði hjá því komizt að veita nokkru fé til Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraskólans, vegna byggingarframkvæmda, en till. þar um var við 2. umr. málsins felld niður. Leggur n. nú til, að fjárveiting til þessa skóla verði 1 millj. kr.

Til Íþróttakennaraskóla Íslands, gjaldfærður stofnkostnaður, er lagt til, að liðurinn hækki um 400 þús. kr. og verði þá alls 1 millj. 650 þús. kr. Svo sem ég hef áður um getið, hafði n. við 2. umr. málsins ekki að fullu lokið till. sínum varðandi fjárveitingar til byggingar barna- og gagnfræðaskóla og íbúða fyrir skólastjóra. Leggur n. nú til, að þessi fjárlagaliður, sem er í frv. eins og það er eftir 2. umr. 234 millj. 560 þús. kr., hækki um 53 millj. 531 þús. kr. og verður þá heildarfjárveiting til þessara skólabygginga 288 millj. 91 þús. kr. Nemur þá hækkun alls á þessum fjárlagalið frá því, sem er í fjárl. yfirstandandi árs um 81 millj. 285 þús. kr. Um skiptingu milli einstakra framkvæmda vísast til þess, sem fram kemur á þskj. 268.

Þá er næst till. um, að liðurinn viðhald á vistheimilinu Breiðavík hækki um 300 þús. kr., og verður sá liður þá samtals 700 þús. kr. Að tilhlutan ríkisstj. leggur fjvn. til, að ákveðið verði, að til minningar um forsætisráðherrahjónin, dr. Bjarna Benediktsson og frú Sigríði Björnsdóttur ásamt ungum dótturs yni þeirra, sem fórust svo sem kunnugt er í eldsvoða á Þingvöllum á s. l. sumri, verði gefið andvirði 10 eininga í væntanlegum hjónagarði, sem reisa á við Háskóla Íslands. Samkv. upplýsingum, sem n. aflaði sér, er gert ráð fyrir, að verðgildi hverrar einingar miðað við núverandi verðlag verði um 810 þús. kr. Leggur því n. til, að inn verði tekin í þessu skyni sem fyrsta greiðsla fjárveiting að upphæð 3 millj. kr.

Í fjárl. yfirstandandi árs voru veittar 250 þús. kr. til Örnefnastofnunar. Kemur fjárhæð þessi fram í heildarfjárveitingu til Þjóðminjasafns Íslands samkv. sundurgreiningu í viðfangsefnum þeirrar stofnunar. Í ljós hefur komið, að umræddur fjárlagaliður í frv. hefur af vangá fallið niður. Leggur því n. til, að inn verði tekin fjárveiting til Þjóðminjasafnsins að upphæð 300 þús. kr., sem er ætlað að standa undir kostnaði vegna Örnefnastofnunarinnar.

Þá er lagt til, að framlag til bæjar- og héraðsbókasafna hækki um 2 millj. kr., og er þá gert ráð fyrir, að unnt verði að auka verulega bókakaup til hinna ýmsu bókasafna víðs vegar um landið. Við liðinn heiðurslaun listamanna er lagt til, að heiðurslaun listamanna samkv. ákvörðun Alþ. hækki um 239 þús. kr., og verður þá sá liður samtals að upphæð 1 millj. 925 þús. kr., og skal þeirri upphæð skipt milli 11 tiltekinna listamanna þannig, að í hlut hvers koma 175 þús. kr. Þá er einnig lagt til, að liðurinn 982 19 listamannalaun hækki um 500 þús. kr. og verði þá samtals 5 millj. 630 þús. kr. Til Náttúrugripasafns Neskaupstaðar hækkar fjárveiting um 25 þús. kr., og er það til samræmis við það, sem veitt er til annarra sambærilegra safna. Hjálparsveitir skáta, sem nú eru orðnar 10 talsins, höfðu í fjárl. yfirstandandi árs fjárveitingu að upphæð 300 þús. kr. Hvort tveggja er, að starfsemi hjálparsveitanna, sem fyrir voru, hefur aukizt verulega og einnig hafa nýjar hjálparsveitir bætzt við. Það, sem mest háir starfsemi hjálparsveitanna er, að þær búa við ófullnægjandi útbúnað til starfsemi sinnar. Slíkur útbúnaður, sem hér þarf til að koma, eru margs konar tæki, sem kosta verulega fjármuni. N. leggur því til, að liðurinn til hjálparsveita skáta hækki um 100 þús. kr. og verður þá samtals 400 þús. kr.

Þá hefur n. gert till. um skiptingu á fjárupphæð, sem er í fjárlagafrv., 600 þús. kr., en það eru byggingarstyrkir til dagheimila. Um skiptinguna vísast til þess, er fram kemur á þskj. 268.

Til samtaka íslenzkra kennaranema hækkar fjárveiting í 30 þús. kr. Frá nemendaráði Stýrimannaskólans í Reykjavík barst n. erindi, þar sem þess er farið á leit, að Alþ. veitti nokkurri fjárupphæð til Styrktarsjóðs nemenda Stýrimannaskólans í Reykjavík. Sjóður þessi var upphaflega stofnaður af nemendum Stýrimannaskólans árið 1921. Er hlutverk sjóðsins að styrkja nemendur vegna veikinda og enn fremur að styrkja efnalitla nemendur, sem vegna fjárskorts áttu erfitt með að ljúka námi. Þrátt fyrir það, að sjóðurinn er á næsta ári um hálfrar aldar gamall, er höfuðstóll hans í dag aðeins 400 þús. kr. Það er till. n., að inn verði tekinn nýr liður sem framlag til þessa sjóðs að upphæð 300

þús. kr. Ég tel hins vegar rétt að láta það koma fram í þessu sambandi, að það er skoðun fjvn., að nemendur Stýrimannaskólans og Vélskóla Íslands eigi að eiga aðgang að námslánum úr hinum almenna lánasjóði íslenzkra námsmanna. Það verður að teljast eðlilegt, að þessir nemendur, svo mikið sem öll íslenzka þjóðin á undir starfi þeirra komið, sitji ekki við skarðari hlut í þessum efnum en nemendur annarra skóla. Að vísu er hér ekki um langskólanám að ræða, en á hitt má aftur benda, að nemendur þessir eru í flestum tilfellum búnir að stofna heimili og hafa af þeim sökum erfiðari fjárhagsgrundvöll, og þeir eru einnig að venju nokkru eldri heldur en nemendur annarra framhaldsskóla.

Þá kemur næst till. n. um 250 þús. kr. fjárveitingu til safnahúss á Húsavík. Er þessi fjárveiting í tilefni af sérstöku afmæli, sem haldið var upp á í tilefni af því að talið er, að liðin séu um 11 hundruð ár frá fyrstu byggð á Húsavík.

Við utanrrn. hækka önnur rekstrargjöld um 100 þús. kr., en það er í samræmi við það, sem ég greindi áðan frá varðandi rekstur bifreiðar. Þá er lagt til, að inn verði teknir tveir nýir liðir við þetta rn. Það er til Flóttamálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, 800 þús. kr., og tillag til Eftirlitsnefndar Sameinuðu þjóðanna með alþjóðasamningi um afnám kynþáttamisréttis, 88 þús. kr.

Til Búnaðarfélags Íslands er lagt til, að liðurinn önnur rekstrargjöld hækki um 500 þús. kr. Var hér um vanáætlun að ræða. Tilraunastöðin á Skriðuklaustri. Lagt er til, að framlag vegna viðhalds hækki um 300 þús. kr. og til byggingar dýralæknisbústaða er lagt til, að fjárveiting hækki um 300 þús. Liðurinn fyrirhleðslur er lagt til, að hækki um 150 þús. kr. Er hér um nokkrar smærri framkvæmdir að ræða, sem ekki var lokið athugunum á við 2. umr. Þá er till. í 6 liðum varðandi landþurrkun að upphæð samtals 380 þús. kr. og vísast til þess, er fram kemur á sérstöku yfirliti á þskj. 268. Þessu næst er lagt til, að inn verði teknir nýir liðir, þ. e. til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands 2½ millj. kr. og til súgþurrkunar einnig 2½ millj. kr. Varðandi veðdeild Búnaðarbanka Íslands er það að segja, að veðdeildin hefur um langt tímabil haft erfiðan rekstrargrundvöll. Byggist það sérstaklega á því, að veðdeildin hefur haft til starfsemi sinnar lánsfé, sem greiddir hafa verið af hærri vextir en gildir um útlán veðdeildarinnar. Það má raunar segja, að hér gegni svipuðu máli og áður átti sér stað um aðra lánasjóði landbúnaðarins, meðan stöðugt gekk á höfuðstólinn í starfsemi þeirra. Gera má ráð fyrir, að þessi fjárveiting til veðdeildar Búnaðarbankans, sem væntanlega verður þá framvegis fastur liður í fjárlögum, verði til þess að rétta nokkuð við rekstrarafkomu deildarinnar.

Til Efnarannsóknastofu Norðurlands er lagt til, að fjárveiting hækki um 100 þús. kr. Til félagssamtakanna Landvernd er lagt til, að fjárveiting verði 150 þús. kr., en í því sambandi er rétt að geta þess, sem ég tók fram við 2. umr. málsins, að starfsemi þessi fái ókeypis fræ og áburð til landgræðslustarfseminnar frá Landgræðslustofnuninni, enda verði allt það starf, sem hér um ræðir, skipulagt í samræmi við heildarframkvæmdir Landgræðslunnar.

Þá er till. um 150 þús. kr. fjárveitingu til eftirlits með rækjuveiði. Svo sem kunnugt er, hafa veiðar þessar nú að undanförnu vakið almenna athygli, vegna þess að í ljós hefur komið, að um verulega rányrkju annarra fiskistofna getur verið að ræða og því brýn nauðsyn, að strangt eftirlit sé haft með veiðunum. 150 þús. kr. eru að sjálfsögðu ekki stór fjárupphæð til þess að verja í þessu skyni. En þess verður þá að vænta, að stofnunin sjái sér fært að verja einhverju til viðbótar af því fjármagni, sem hún hefur með höndum, ef þess gerist þörf. Hér er hins vegar orðið við þeirri beiðni um fjármagn, sem fram á var farið.

Til þjóðkirkjunnar er lagt til, að liðurinn kirkjubyggingasjóður hækki um 1 millj. kr. og verði þá alls 3 millj. kr. til kirkjubyggingasjóðs. Til vatnsveitna samkv. l. er lagt til, að fjárveiting hækki um 2½ millj. Þar af er til þess ætlazt, að til Vatnsveitu Vestmannaeyja gangi 2 millj. kr. til viðbótar því, sem áður var ákveðið, en að öðru leyti hækkar þá liðurinn um 500 þús. kr. Þessu næst er till. um 180 þús. kr. fjárveitingu undir liðnum aðrar vatnsveitur. Hér er um smáupphæðir að ræða til nokkurra býla, sem ekki falla undir hin almennu vatnsveitulög, en sem eiga við sérstaka erfiðleika að stríða varðandi vatnsöflun.

Orlofsheimili verkalýðssamtakanna, þar er lagt til, að fjárveiting hækki um 1 millj. kr. og verði þá liðurinn samtals 2 millj. 800 þús. kr. Til Styrktarfélags vangefinna er till. um 75 þús. kr. hækkun fjárveitingar. Rekstrarstyrkur til sjómannaheimila er lagt til, að hækki um 100 þús. kr. og að inn verði tekinn nýr liður, orlofsheimili húsmæðra í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Keflavík, að upphæð 200 þús. kr.

Vegna fyrirhugaðra blóðrannsókna ungbarna er till. um 300 þús. kr. fjárveitingu. Með þeirri upphæð er ætlað að hefja víðtækar rannsóknir allra nýfæddra barna á landinu til þess að komast að því, hvort um sé að ræða vissan hvataskort í blóðinu, sem gæti haft í för með sér andlegan og líkamlegan vanþroska barnanna. Erindi um þetta mál, sem ritað er af prófessor Kristbirni Tryggvasyni, barst n. fyrir fáum dögum. Telur n., að hér sé um mikilsvert mál að ræða og hefur því leyft sér að leggja til, að umrædd fjárveiting verði veitt, enda verði þær rannsóknir, sem hér um ræðir, skipulagðar í samráði við heilbrmrn.

Þá koma næst till. n. um auknar fjárveitingar til byggingar sjúkrahúsa og læknamiðstöðva, en samtals nemur hækkunin 8 millj. 700 þús. kr., en um skiptingu varðandi einstakar framkvæmdir vísast að öðru leyti til þess, sem fram kemur á þskj. 268.

Til viðbótar því leggur n. til, að byggingarstyrkur til St. Jósefsspítala í Landakoti hækki um 2 millj. kr. Þá leggur n. til, að til að bæta héraðslæknisþjónustu hækki fjárveiting um 250 þús. kr., til lækningatækja um 75 þús. kr. og liðurinn vegna

héraðshjúkrunarkvenna er lagt til, að hækki um 200 þús. kr. Liðurinn elliheimili, þ. e. rekstrarstyrkur til elliheimilanna er lagt til, að hækki um 240 þús. kr. og verður þá heildarfjárveiting 1 millj. 440 þús. kr. Mun það svara til þess, að í hlut hvers elliheimilis, sem rekstrarstyrks nýtur komi um 100 þús. kr. Þá leggur n. til, að framlag til gæzluvistarsjóðs hækki um 2 millj. kr. og verði þá 12 millj. kr. Hér er hins vegar um 3 millj. 700 þús. kr. hækkun að ræða frá því, sem er í fjárl. yfirstandandi árs.

Næst er till. n. um styrktarfé og eftirlaun embættismanna og styrktarfé og ýmis eftirlaun ekkna og vísast í því sambandi til þess, er fram kemur á sérstöku yfirliti á þskj. 268.

Þá leggur n. til, að inn verði tekinn nýr liður til styrktar dagblöðum að upphæð 1.2 millj. kr. Til orlofsheimilis Bandalags starfsmanna ríkis og bæja er till. um 2 millj. kr. hækkun fjárveitingar, sem verður þá samtals 4.5 millj. kr. Varðandi liðinn 999 03 er lagt til, að liðurinn orðist svo: „Til kaupa á 300 eintökum af hverju dagblaði og aðalmálgagni Samtaka frjálslyndra og vinstri manna.“ En till. n. er, að þessi fjárlagaliður hækki um 350 þús. kr. og verði þá samtals 3½ millj. kr.

Þá er næst brtt. varðandi vegagerð. Þar hækkar gjaldfærður stofnkostnaður um 5 millj., en það er, eins og ég hef áður skýrt frá, vegna hækkunar á tekjum í sambandi við söluskatt af bensíni.

Til viðhalds vita er till. um hækkun, sem nemur 400 þús. kr. og liðurinn hafnarmannvirki og lendingarbætur er lagt til, að hækki um 2 millj. kr., en það er fjárveiting vegna fyrirhugaðra dráttarbrautarframkvæmda í Hafnarfirði. Þá er lagt til, að liðurinn sjóvarnargarðar hækki um 100 þús. kr., en það er vegna framkvæmda í Borgarfirði eystra og Grenivík, 50 þús. kr. á hvorum stað.

Að lokum koma brtt. n. við 6. gr. frv. Það er fyrst við III, að í stað „Blindravinafélags Íslands“ komi: Blindrafélagsins í Reykjavík, en hér er aðeins um leiðréttingu að ræða. Við VII: Í stað „25 aura“ komi: 40 aura, en það eru tekjur þær, sem Krabbameinsfélag Íslands fær af hverjum seldum vindlingapakka. Þá er lagt til, að inn komi eftirtaldir nýir liðir á 6. gr. frv.:

a. Að greiða á matsverði öll hlutabréf í Áburðarverksmiðjunni hf., enda semjist við þá aðila, sem þegar hafa gert samning um sölu bréfa sinna, að andvirðið greiðist á 5 árum.

b. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af snjóbifreið, sem Hellulæknishérað hyggst kaupa.

c. Að ábyrgjast allt að 10 millj. kr. lán fyrir Orkusjóð til jarðborana á Krýsuvíkur- og Tröllladyngjusvæðinu.

d. Að ábyrgjast allt að 15 millj. kr. lán fyrir félagið Heilsurækt in, Reykjavík, enda gefi félagið yfirlýsingu um það, að ef félagið verður lagt niður, þá skuli eignum félagsins ráðstafað af heilbrigðisstjórn ríkisins til félags eða stofnunar, samkv. 17. gr. núgildandi laga félagsins. Hér er um starfsemi að ræða, sem n. skipaði í sérstaka undirnefnd til þess að kanna þetta mál. Félagsskapur þessi hefur með höndum víðtæka starfsemi á sviði heilsuræktarmála. Þarna starfa nú um 16 læknar, sem vinna störf sín öll í sjálfboðavinnu, og þeir, sem verða aðnjótandi þess, sem þarna fer fram til heilsuræktar og heilsubótar, fá sína fyrirgreiðslu með mjög vægu verði. En eins og kemur fram í till. n., þá er sá fyrirvari, sem hér er um, að fari svo, að þessi félagsstofnun hætti störfum, renna allar eignir félagsskaparins til ríkisins, og er það í samræmi við núgildandi lög þessa félagsskapar. Það er beinlínis gert ráð fyrir því, ef til þessa kæmi, og var að sjálfsögðu grundvöllur fyrir því, að hægt væri að verða við þessari umsókn þeirra um þessa ríkisábyrgð.

Þá kemur næst e-liðurinn. Það er að endurgreiða Rafveitu Snæfjallahrepps aðflutningsgjöld og söluskatt af vélum og tækjum til væntanlegrar virkjunar í Blævardalsá í Nauteyrarhreppi.

f. Að selja Rafveitu Vestmannaeyja neðansjávarstrenginn milli lands og Eyja og einnig raflínuna úr Landeyjasandi að Hvolsvelli, ásamt tilheyrandi útbúnaði (spennistöðvum). Enn fremur að selja Andakílsárvirkjun raflínustrenginn, sem liggur frá aðveitustöðinni við Elliðaár til Akraness yfir Hvalfjörð. Söluverð mannvirkjanna verði kostnaðarverð að frádregnum eðlilegum afskriftum.

g. Að selja sendiherrabústaðinn í Kaupmannahöfn og kaupa annað nýrra og hentugra húsnæði, að fengnu samþykki fjvn. Alþ.

h. Að endurgreiða Norræna húsinu í Reykjavík aðflutningsgjöld af einni bifreið, sem nota skal vegna rekstrar hússins.

i. Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af vélum og efni til stækkunar Andakílsárvirkjunar.

j. Að selja fasteignina Hof á Eyrarbakka.

k. Að selja áhaldageymslu og íveruskála Vegagerðar ríkisins við Upphéraðsveg ásamt tilheyrandi lóðarréttindum.

l. Að gerast fyrir hönd ríkissjóðs hluthafi í hlutafélagi um kaup og rekstur flóabáts, sem þjóni núverandi farsvæði Norðurlandsbáts, og skal hlutur ríkissjóðs vera allt að 50%, enda náist samkomulag um aðild sveitarfélaga eða annarra aðila um viðunandi rekstrargrundvöll.

m. Að taka lán í Seðlabanka Íslands, allt að 10 millj. kr., til þess að greiða aukið framlag til Hinnar alþjóðlegu framfarastofnunar.

n. Að taka lán, að fjárhæð allt að 260 millj. kr. eða jafnvirði hennar í erlendum gjaldeyri, og endurlána fé þetta Vegasjóði, 200 millj. kr. til lagningar hraðbrauta og 60 millj. kr. til vegaframkvæmda samkv. samgönguáætlun fyrir Austurland. Varðandi tvo þessa síðustu liði, um lántökuna í Seðlabankanum og lán vegna vegaframkvæmdanna, mun hæstv. fjmrh. gera nánari grein fyrir þeim till. hér á eftir.

Herra forseti. Ég hef þá lokið við að gera grein fyrir þeim till., sem fjvn. hefur leyft sér að flytja við þessa umr. um fjárlagafrv. Ég vænti, að hv. alþm. veiti till. n. stuðning og samþykki þær, en af því mun leiða, að á greiðsluyfirliti ríkissjóðs munu verða eftirfarandi breytingar.

Gjöld verða 11 milljarðar 18 millj. og 84 þús. kr. Tekjurnar verða 11 milljarðar 534 millj. og 706 þús. kr. Tekjur umfram gjöld verða þá 516 millj. 622 þús. kr. Lánahreyfingar út eru óbreyttar með mismun, sem nemur 241 millj. 75 þús. kr. Greiðslujöfnuður verður þá þannig, að á rekstrarreikningi verða tekjur umfram gjöld 516 millj. 622 þús. og á lánahreyfingum út mismunur upp á 241 millj. 75 þús. kr. og greiðsluafgangur þá 275 millj. 547 þús. kr.

Frsm. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Við 2. umr. fjárlagafrv. gerði ég grein fyrir afstöðu minni hl. n. svo og fyrir afstöðu Framsfl. sérstaklega til fjárlagafrv. og stefnu ríkisstj. við fjárlagagerðina og í efnahagsmálum. Ég mun því ekki við þessa umr. fara að endurtaka neitt af því. Um afstöðu okkar minni hl.-manna til þeirra till., sem n. flytur nú sameiginlega, höfum við þann sama fyrirvara, sem við höfðum við afgreiðsluna við 2. umr. fjárlagafrv. Ég tel, að þessar till., sem koma frá n. núna, séu flestar til bóta frá því, sem áður var, og ýmsir málaflokkar hafa nú fengið þar meiri áheyrn heldur en var við 2. umr. fjárlagafrv. T. d. vil ég geta þess, að á heilbrigðismálunum var verklega tekið nú á milli umr., og svo hafa skólamálin einnig komið hér til afgreiðslu hvað nýbyggingar snertir og þær framkvæmdir, sem er hægt að halda áfram að undirbúa. Um einstakar till. ætla ég ekki að fara að ræða sérstaklega, enda ekki ástæða til þess. Hins vegar vil ég geta þess í sambandi við heimildargr., g-liðinn, að ég er enginn áhugamaður fyrir því að selja sendiherrabústaðinn í Kaupmannahöfn, og þegar það mál var til meðferðar hjá undirnefnd fjvn. í sumar og gert ráð fyrir kaupum á húsi, sem þá var ákveðið tilboð um, þá var það stoppað af undirnefndinni, að til þeirra framkvæmda yrði farið. Hins vegar er hér heimild til að gera þetta og sú heimild er þó bundin því, að fjvn. Alþ., þeir, sem í henni verða, þegar þetta mál kann þá að koma til meðferðar, samþykki þessa ráðabreytni og með því fororði var heimildin gefin.

Við þessa umr. munum við í minni hl. flytja sameiginlega aðeins eina till., þar sem við endurflytjum ekki till. í heilbrigðismálunum vegna þeirra breytinga, sem urðu á milli umr. Það verður því að segja, að þessi eina till. okkar sýnir mikla hófsemi og raunar má segja of mikla hófsemi við svo fyrirferðarmikil fjárlög, sem hér er verið að afgreiða. En þessi eina till. er flutt á þskj. 279 og hún gerir ráð fyrir því að hækka styrk þann, sem nemendur úr strjálbýli eiga að fá til framhaldsnáms, úr 12 millj. í 25 millj. kr. Á yfirstandandi ári var þetta 10 millj. og það er kunnara en frá þurfi að segja, að það gekk mjög erfiðlega að skipta þessu og nemendur í heimavistarskólum voru alveg hafðir hér útundan. Þetta mál var til meðferðar eða til umr. á sveitarstjórnaþingi því, sem haldið var í september s. l. Ég var á því þingi og ég minnist þess, að hæstv. menntmrh. hafði orð á þessu eða ræddi þennan þátt, sem var verulega ræddur á þinginu, og gat þess, að þetta hefði verið hækkað um 20%, en mundi ábyggilega verða hækkað í meðferð þingsins meira heldur en fram væri komið, og það var ekki annað að heyra á hæstv. ráðh. en hann væri fylgismaður þess, að það yrði gert. Þegar fram fór fsp. út af framkvæmd þessa máls á árinu 1970, vék ég að því, hvernig með þá nemendur væri farið, sem stunduðu nám í heimavistarskóla, og hæstv. menntmrh. tók undir það, að hann skyldi láta athuga það betur, ef afgangur yrði af fjárveitingunni í ár, nota það til þess að bæta þeirra aðstöðu og ég gat ekki skilið annað en taka ætti það mál til meðferðar síðar. Með þessari fjárveitingu, sem hér er lagt til, að hafa þetta aðeins 12 millj., verður enn þá verra að standa að þessu máli heldur en nú er. Nemendunum hefur fjölgað og verðlagið í landinu hefur hækkað fyrir þetta fólk ekkert síður en aðra þegna þjóðfélagsins. Ég verð því að treysta því í lengstu lög, að þessu máli verði sinnt hér á hv. Alþ. Ég harma það, að það skyldi ekki nást samstaða um þetta mál í hv. fjvn. og veit, að það hefur verið fyrir áhrif frá stjórnvöldum, að svo var ekki. En ég geri og við í minni hl. gerum enn á ný tilraun til þess að fá hlustað á þetta mál, því að hér er sannarlega um réttlætismál að ræða og fyrst það var farið að sinna þessu máli, eins og gert var á þinginu í fyrra, þá er furðulegt, að það skuli ekki vera betur að því staðið en nú er gert. Ég treysti því enn á ný á það, að hv. alþm. láti sig þetta mál skipta og hækki þessa fjárhæð frá því, sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Og mig undrar það sannarlega, ef hæstv. menntmrh. virðir ekki meira sínar eigin yfirlýsingar en svo, að þrátt fyrir það, sem hann sagði á sveitarstjórnaþinginu í sumar í áheyrn sveitarstjórnarmanna af öllu landinu, skuli hann ekkert sinna þessu máli. Ég treysti því, að hann geri það, hæstv. ráðh., við afgreiðslu þessarar 3. umr.

Eins og fram kom í ræðu hv. 2. þm. Vesturl., formanns fjvn., er frv. nú til afgreiðslu án þess að vitað sé enn þá, hvað mikla fjárhæð þarf til þess að mæta hækkun á launum opinberra starfsmanna. Þetta er mjög svo mikill ljóður á afgreiðslu fjárlagafrv., að svo veigamikill þáttur í starfsemi ríkisins sem þessi skuli nú liggja utan dyra. Fjárlagafrv. er nú með 235 millj. kr. greiðsluafgangi. Ekki er séð eða vitað, hve mikið þarf af þessu að ganga til þess að greiða þessi laun, og þess vegna er í raun og veru rennt blint í sjóinn með það, hver hinn raunverulegi afgangur fjárlagafrv. er. Hér er um mjög alvarlegan hlut að ræða að afgreiða fjárlagafrv. án þess að svo veigamikill þáttur sem þessi liggi ljós fyrir.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar. En ég vil endurtaka það, sem ég sagði hér áðan, þar sem ég sé, að hæstv. menntmrh. er nú kominn hér í d., að ég treysti því, að hann sé minnugur þess, sem hann sagði á sveitarstjórnaþinginu í sumar, að það mundi í meðförum Alþ. verða hækkuð fjárveiting til að jafna aðstöðu nemenda úr strjálbýli vegna framhaldsnáms. Og ég tel það alveg óviðunandi, að það skuli enn á ný vera stefnt að því að láta nem-

endur í heimavistarskólum verða alveg utan þess að njóta þessarar aðstoðar. Og ég treysti því hv. Alþ. til þess að samþykkja þessa einu, mjög svo hófsömu till. okkar í jafnmiklu ágætismáli sem þetta er.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Sem betur fer er nú afgreiðsla fjárl. að komast á lokastig, og ég vil enn við þessa umr. láta í ljós þakkir mínar til hv. fjvn. fyrir hennar störf og þá samstöðu, sem orðið hefur í n. yfir höfuð að virðist vera um þær brtt., sem gerðar eru og sem allar í meginatriðum hafa verið gerðar í fullu samráði við mig og ég hef því ekkert við að athuga á neinn hátt. Það eru nokkur einstök atriði, sem ég vildi minnast á við þessa umr., því að ég tek undir það, sem hv. 3. þm. Vesturl. sagði, að hér er hvorki staður né stund til þess að fara að ræða almennt um fjárl. málefnalega. Það var gert við 2. umr. og þarflaust að endurtaka það og vona ég, að við getum því við þessa umr. haldið okkur við þær till., sem fyrir liggja, og þau sérstöku atriði, sem nauðsynlegt er að taka til athugunar.

Fyrst vildi ég víkja að tveimur síðustu heimildatill. við 6. gr. frv. Fyrri till. er um það, að heimilað sé að taka lán í Seðlabanka Íslands, allt að 10 millj. kr., til að greiða aukið framlag til Hinnar alþjóðlegu framfarastofnunar (IDA), sem eins og hv. þm. er kunnugt um er ein af dótturstofnunum Alþjóðabankans. Þessi stofnun gegnir geysilega mikilvægu hlutverki og í sívaxandi mæli hefur starfsemi hennar beinzt að því að aðstoða þróunarlöndin með mjög hagkvæmum lánveitingum og styrkjum til þess að byggja upp efnahagslíf sitt og menningarlíf. Starfsemi þessarar stofnunar hefur, eins og ég sagði, aukizt mjög stórlega á síðustu árum, sérstaklega undir forustu núverandi forseta Alþjóðabankans, McNamara, sem hefur lagt geysimikla áherzlu á það að veita aðstoð í gegnum þessa dótturstofnun bankans, og það er ætíð svo á aðalfundum Alþjóðabankans, að það er umfram allt starfsemi þessarar stofnunar, sem af hálfu fulltrúa þróunarlandanna er lögð áherzla á að efla og sem þróunarlöndin binda vonir sínar við. Það hefur oft verið um það rætt, að við Íslendingar ættum að styðja þróunarlöndin og hafa verið uppi ýmsar till. um það. M. a. er nú á Alþ. sérstakt frv. um það efni, sem gera má ráð fyrir að verði samþ. Ég hef áður látið í ljós þá skoðun, að gagnlegasta aðstoð, sem við gætum veitt þróunarlöndunum, væri sú að styrkja IDA, þá stofnun, sem hér er um að ræða. Við erum nú þegar meðlimir í IDA ásamt öllum öðrum þátttökulöndum Alþjóðabankans. En meðlimalöndum IDA er skipt í tvo flokka, þ. e. I. og II. flokks lönd, og við erum enn þá í II. flokki styrktarlanda IDA. Við höfum greitt að fullu framlag okkar sem slíkir, en þess hefur hvað eftir annað verið óskað af forráðamönnum Alþjóðabankans, að við gerðumst I. flokks land, sem kallað er, þ. e. a. s. veittum aðstoð í samræmi við þá sérstöku aðstoð, sem veitt er af hinum sérstaka hópi styrktarlanda stofnunarinnar. Og í þeim hópi eru öll hin Norðurlöndin og öll hin efnaðri lönd heims. Og á það hefur verið bent af Alþjóðabankanum hvað eftir annað, að þó að við að vísu værum fáir og smáir hér, væri því víðs fjarri, að við værum nokkurt þróunarland efnahagslega og ættum að vera í þessum flokki.

Síðustu árin höfum við bent á erfiðleika okkar í efnahagsmálum, sem væru því til hindrunar, að við gætum gerzt hér aðilar að, en nú er það skoðun ríkisstj., að rétt sé, að Ísland færist upp í styrktarland eða I. flokks styrktarland IDA, sem mun kosta væntanlega á þessu ári, þó ekki víst, að það þurfi að greiða það nú og því er það sett í heimildargrein, 10 millj. kr., sem er þriðjungurinn af því framlagi, sem nú er verið að safna, sem er þriðja aukaframlag til stofnunarinnar. Og mundi hlutur Íslands í því nema samtals 30 millj. kr. Þessi skýring taldi ég rétt, að kæmi sérstaklega fram hér varðandi þetta atriði, þar sem í þessu felst í senn heimild til lántöku og heimild til þess, að Ísland gerist I. flokks styrktarland þessarar mikilvægu stofnunar við þróunarlöndin og sem ég vil einnig benda á, að Alþjóðabankinn leggur mjög mikið upp úr, að við gerum og má segja, að að vissu leyti sé því hér um að ræða atriði, sem komi okkur sjálfum að gagni, vegna þess að við þurfum mikið til Alþjóðabankans að sækja, og tel ég því, að það skipti miklu máli, að við sinnum óskum bankans að þessu leyti um leið og við gerum ótvíræða skyldu okkar í því að styðja þróunarlöndin.

Varðandi síðasta lið heimildartill. við 6. gr., sem er í því fólginn að heimila lántöku að heildarupphæð 260 millj. kr. eða jafnvirði hennar í erlendum gjaldeyri, er það að segja, að hér er um tvíþætt mál að ræða. 200 millj. af þessari fjárveitingu er ætlað að gangi til hraðbrauta. Það er þegar áfallin 150 millj. kr. skuld vegna hraðbrautaframkvæmda á þessu ári, sem ekki greiðist af lánsfé Alþjóðabankans og er í sambandi við hraðbrautarlagninguna hér austur fyrir fjall. Í hraðbrautaáætluninni er jafnframt gert ráð fyrir því, að unnið verði að öðrum hraðbrautaframkvæmdum, þó að vísu í smáum stíl sé, umfram þær stóru framkvæmdir, sem hér er talað um á Vesturlandsvegi og Austurlandsvegi, en það er fyrst og fremst í grennd við Akureyri, þar sem er orðið mjög erfitt um vik, ef ekki verður ráðizt í veigamiklar lagfæringar á einmitt þeim vegarkafla, sem ætlunin er, að verði í hraðbrautaflokki, og er gert ráð fyrir því, að eitthvað verði unnið að þeim málum nú á þessu sumri og hluti af þessu fé gangi þá til þess að fjármagna þá framkvæmd.

Í þriðja lagi er hér vikið að máli, sem ekki hefur verið gerð grein fyrir hér á þingi áður og ég tel því nauðsynlegt að víkja að, en þar er rætt um, að 60 millj. komi til vegaframkvæmda samkv. samgönguáætlun fyrir Austurland. Ég hygg að vísu, að að þessu hafi verið vikið hér áður á hinu háa Alþ., að unnið væri að samgönguáætlun fyrir Austurland, sem er framkvæmdaáætlun í framhaldi af áður gerðum áætlunum, annars vegar samgöngu-

áætlun Vestfjarða og hins vegar atvinnumálaáætlun fyrir Norðurland, og er fyrir alllöngu síðan hafinn undirbúningur að þessari vegaframkvæmdaáætlun fyrir Austurland í samræmi við óskir Atvinnujöfnunarsjóðs, sem gert er ráð fyrir, að hafi með höndum þessa áætlanagerð, þó að vísu bæði samgönguáætlun Vestfjarða og áætlunin fyrir Norðurland hafi verið til komin, áður en Atvinnujöfnunarsjóður fékk þetta hlutverk og væru því unnar á vegum ríkisstj., en það skiptir ekki meginmáli. Þessari áætlunargerð er nú að ljúka, og það hefur ætíð verið á það lögð áherzla og verið svo framkvæmt í sambandi við þær tvær áætlanir, sem ég áður vék að, að kappkosta, að áætlanir þessar yrðu ekki neitt pappírsplagg, heldur yrði þegar hafizt handa um framkvæmd þeirra, en þær ekki lagðar niður í skúffu, og þó að ekki hafi endanlega verið gengið frá þessari áætlun og Atvinnujöfnunarsjóður ekki endanlega samþykkt hana né heldur ríkisstj., þá þykir samt vera rétt að gera hér ráð fyrir því, að hafizt verði handa um framkvæmd þessarar áætlunar þegar á næsta ári og það má gera ráð fyrir, að áætlun þessi muni kosta samtals um 300 millj. kr., sem mundi skiptast á 5 ár og mundi þá verða 60 millj. kr., sem kæmi til framkvæmda á árinu 1971.

Þetta eru þau tvö atriði, sem ég vildi sérstaklega geta um í sambandi við till. þær, sem fluttar eru af hálfu n., og skýra.

Þá tel ég rétt, að það komi fram í sambandi við brtt. þá, sem gerð er varðandi dagblöðin, að henni er skipt í tvennt, þeirri till.: Annars vegar um kaup á 300 eintökum af dagblöðunum, og jafnframt hef ég lagt áherzlu á, að það kæmi fram sú skoðun, hvort rangt væri að farið varðandi það, sem þegar hefur verið framkvæmt, að kaupa einnig í því sambandi höfuðmálgagn þess þingflokks, sem ekki hefur dagblað, þ. e. a. s. Samtaka frjálslyndra og vinstri manna, og því tel ég rétt, að það komi greinilega fram í fjárlagaheimildinni, þannig að ég verði ekki sökum borinn fyrir að hafa í frammi neina óhæfu í því efni. Í annan stað tel ég ekki auðið að fallast á að kaupa meira en 300 eintök og því verði það að liggja ljóst fyrir, ef menn vilja, að veittur verði frekari styrkur í því efni, þá verði það veitt sem beinn styrkur, og þess vegna er þessari upphæð skipt. Ég skal hins vegar geta þess, að hin upphæðin er miðuð við 300 eintök, þannig að þótt einhver verðbreyting verði á blöðunum, þá mun ekki verða lækkuð sú eintakatala, heldur mun það leiða þá aðeins til hækkunar á því framlagi. Þannig mun ég framkvæma þá heimild, ef veitt verður.

Í þriðja lagi er rétt, að það komi fram hér, að í sérstakri athugun er sérstök aðstoð við þingflokkana, en ég vék að því í sambandi við, þegar þessi mál voru til umr. á síðasta þingi, að það væri eðlilegra, að þetta væri tekið upp að einhverju leyti sem aðstoð við þingflokkana og það hefur, að ég hygg, orðið um það samkomulag, að á framhaldsþinginu verði undirbúin eða fyrir framhaldsþingið verði undirbúin sérstök löggjöf, sem geri ráð fyrir aðstoð við þingflokkana með sérstökum hætti, sem ég sé ekki ástæðu til þess að víkja efnislega nánar að hér, en tel rétt aðeins, að komi fram hér til skýringar því, að þessi upphæð, sem hér er veitt dagblöðunum sem slíkum, er ekki jafnhá eins og upphæðin var, sem veitt er í fjárl. ársins í ár. En það ber að skilja með hliðsjón af því, að þess er að vænta, að sérstök aðstoð verði veitt þingflokkunum og hef ég talið nauðsynlegt að setja um það sérstaka löggjöf.

Varðandi horfurnar um jöfnuð á fjárlagafrv., eins og nú standa sakir, er það að segja, að enn eru þar ekki öll kurl til grafar komin, því að eins og hv. 3. þm. Vesturl. vék hér réttilega að, er ekki enn þá lokið samningum við opinbera starfsmenn. Og meðan þeim er ekki lokið hef ég ekki talið rétt að taka inn í frv. neina sérstaka tölu í sambandi við kostnað af þeim samningum, en hins vegar er óneitanlega greiðsluafgangur frv. við það miðaður, að það sé hægt að rísa undir þeim tilkostnaði. Og enda þótt ég vilji ekki á þessu stigi nefna ákveðna tölu í því sambandi, þá er það skoðun mín, að með þeim greiðsluafgangi, sem er á frv., muni takast að jafna þann nettókostnað, sem verður á útgjöldum ríkissjóðs vegna samninganna við opinbera starfsmenn, en hins vegar sé ekki um að ræða neinn frekari afgang á fjárlagafrv. og því sé ekki auðið að hækka útgjöld ríkissjóðs meira, heldur verði að skilja eftir þennan afgang. Ég segi hér nettó, ég geri ráð fyrir, að útgjaldaaukningin verði hærri brúttó. En á móti kemur það, að niður munu verða felldar ýmsar aukagreiðslur, sem þróazt hafa á síðustu árum vegna bágborinna launakjara ýmissa hópa opinberra starfsmanna. Hér hafa áður verið til umr. á Alþ. aukagreiðslur, sem veittar hafa verið t. d. ríkisforstjórum. Þetta hefur einnig átt við um ýmsa sérfræðinga og starfshópa, og ákveðið er, að allt slíkt falli niður við tilkomu þeirra samninga, sem nú verða gerðir, og ég vonast til, þó að það sé rétt að fullyrða ekkert um það fyrr en allt er endanlega til skila komið og menn hafa sett nöfn sín undir samninga, að samningar náist nú fyrir þessa helgi, ef ekkert óvænt kemur fyrir. En þetta tel ég nauðsynlegt, að komi fram hér, bæði vegna þess að þm. eiga að sjálfsögðu rétt á að fá að vita um þetta atriði svo gerla sem auðið er og einnig vegna hins, að nauðsynlegt er í sambandi við brtt. að gera sér grein fyrir því, að þó að hér sýnist vera um töluvert mikinn greiðsluafgang að ræða, þá er sá greiðsluafgangur ekki til, og það hlýtur að marka afstöðuna til þess, hvort auðið er að fallast á hækkun fjárlagafrv. frá því, sem gert er ráð fyrir í till. fjvn. Það tel ég sem sagt ekki auðið og get bætt við þar því miður, vegna þess að sumar hugmyndir, sem uppi hafa verið, óskir um útgjöld, eru vissulega þess eðlis, að það hefði verið ánægjulegt að geta sinnt þeim, en um það er ekki að ræða, vegna þess að það kemur að mínu mati ekki til nokkurra mála að afgreiða fjárlögin með greiðsluhalla.

Ég held ekki, herra forseti, að það sé ástæða til, að ég ræði málið frekar, nema sérstakar fyrirspurnir komi fram eða tilefni verði til, en ég taldi rétt að

gera grein fyrir þessum einstöku atriðum, sem ég hef hér gert að umtalsefni.

Frsm. samvn. samgm. (Ásberg Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 258 er nál. um framlög til flóabáta og vöruflutninga frá samvn. samgm.

Nefndin hefur eins og áður unnið að undirbúningi og tillögugerð um framlög ríkissjóðs til flóabáta og vöruflutninga. Hefur hún haft samvinnu við forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, sem skv. venju hefur aflað upplýsinga um rekstur og afkomu einstakra flóabáta og samgöngufyrirtækja. Veruleg hækkun hefur orðið á rekstrarkostnaði flóabáta og samgöngufyrirtækja yfirleitt. Flóabátaferðirnar hafa verið reknar með svipuðum hætti og undanfarin ár. Hefur ekki verið mögulegt að fella niður ferðir einstakra flóabáta, þótt samgöngur hafi batnað verulega á landi í flestum landshlutum. N. hefur orðið að gera till. um verulega hækkun styrks til fjögurra stærstu flóabátanna. Að öðru leyti hafa framlög til minni bátanna lítið hækkað. Hins vegar hefur fjölgað nokkuð styrkjum til snjóbifreiða. Eru till. n. við það miðaðar að tryggja, að haldið verði uppi nauðsynlegum samgöngum milli héraða í landinu. Um rekstrarafkomu hinna einstöku flóabáta og samgöngufyrirtækja vill samvn. taka eftirfarandi fram:

Um Norðurlandssamgöngur: Norðurlandsbáturinn „Drangur" heldur nú aðallega uppi vetrarferðum um farsvæði sitt. Eftir að akvegasamband skapaðist við kaupstaðina Ólafsfjörð og Siglufjörð, þurfa þessir staðir aðeins á ferðum hans að halda að vetrarlagi, þegar vegir eru tepptir vegna snjóalaga. Hefur þar með orðið gjörbreyting á aðstöðu bátsins. Nokkur óvissa hefur því ríkt um það, hvort útgerðarmaður „Drangs" treystir sér til þess að halda þessari þjónustu áfram. Mun hann eiga kost á að selja bátinn til annarrar starfsemi, en það væri mikið áfall fyrir samgöngumál þessara byggðarlaga. Er því í ráði, að þessi byggðarlög myndi samstarf um kaup á bátnum með þátttöku ríkissjóðs. Að beiðni samgmrn. samþykkti n. að mæla með heimild í 6. gr. fjárlaga, til að ríkisstjórnin f. h. ríkissjóðs gerist hluthafi í hlutafélagi um kaup og rekstur flóabáts, sem þjóni núverandi farsvæði Norðurlandsbáts, og skal hlutur ríkissjóðs vera allt að 50%, enda náist samkomulag um aðild sveitarfélaga eða annarra aðila um viðunandi rekstrargrundvöll. Styrkur til Norðurlandsbáts er hækkaður í ár um 400 þús. kr., úr 2 millj. kr. í 2.4 millj. kr.

Þá leggur n. einnig til, að styrkur til Strandabáts hækki nú um 40 þús. kr. í 150 þús. kr. En þessi bátur annast farþega- og póstflutninga milli Hólmavíkur, Djúpavíkur og Gjögurs í Árneshreppi. Er gert ráð fyrir, að styrknum verði varið í samráði við sýslunefnd Strandasýslu, og þá fyrst og fremst haft í huga að tryggja vetrarsamgöngur við nyrzta hrepp sýslunnar, Árneshrepp.

Þá er lagt til, að styrkur til flugferða til Grímseyjar hækki um 50 þús. kr. í samtals 250 þús. kr. Einnig mun Norðurlandsbáturinn „Drangur" halda uppi nokkrum ferðum til Grímseyjar.

Styrkur til Flateyjarbáts á Skjálfanda lækkar nú um 30 þús. í 50 þús. kr., en byggð er nú horfin úr Flatey á Skjálfanda.

Og að lokum leggur nefndin til, að styrkur til snjóbifreiðar í Dalvíkurlæknishéraði hækki um 25 þús. kr. í 90 þús. kr.

Austfjarðasamgöngur: Austfjarðasamgöngur eru í svipuðu horfi og áður. Lagt er til, að styrkur til Mjóafjarðarbáts hækki um 65 þús. kr. í 300 þús. kr.

Mjög mikið gagn hefur orðið af rekstri snjóbifreiða á Austfjörðum og hefur þeim því fjölgað nokkuð og styrkir almennt verið hækkaðir vegna aukins tilkostnaðar. N. leggur þannig til, að styrkur til snjóbifreiðar á Fjarðarheiði hækki um 40 þús. kr. í samtals 320 þús., að styrkur til snjóbifreiðar á Fagradal hækki um 20 þús. í 110 þús., að styrkur til snjóbifreiðar á Oddsskarði hækki um 100 þús. í 200 þús., að styrkur til snjóbifreiðar læknishéraðanna á Fljótsdalshéraði hækki um 25 þús. kr. í 100 þús. kr., að styrkur til snjóbifreiðar milli Borgarfjarðar og Egilsstaða hækki um 35 þús. kr. í 100 þús. kr.

Þá er lagt til að taka upp nýjan styrk til snjóbifreiðar í Vopnafirði að upphæð 100 þús. kr. og til bifreiðar á leiðinni Stöðvarfjörður — Fáskrúðsfjörður — Egilsstaðaflugvöllur 50 þús. kr.

Suðurlandssamgöngur: Haldið er áfram að veita styrki vegna vöruflutninga til hinna hafnlausu héraða í Skaftafellssýslu. Leggur n. til, að styrkur til vöruflutninga á Suðurlandi hækki um 100 þús. kr. í 900 þús. kr. Enn fremur er styrkur til vatnadreka á Skeiðarársandi hækkaður um 10 þús. kr. í 50 þús. kr. Loks leggur svo n. til, að styrkur til Vestmannaeyjabáts vegna mjólkurflutninga hækki um 110 þús. kr. í 550 þús. kr.

Faxaflóasamgöngur: Rekstur „Akraborgar", sem heldur uppi ferðum milli Akraness og Reykjavíkur, hefur enn sem fyrr reynzt erfiður, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að gera rekstur skipsins hagkvæmari. Féllst n. á að leggja til, að styrkur til skipsins hækki um 800 þús. kr. í samt. 4 millj. og 300 þús. Og þá er lagt til, að styrkur til Mýrabáts hækki í 20 þús. kr.

Breiðafjarðarsamgöngur: Samvinnunefndin leggur til, að rekstrarstyrkur til Flateyjarbáts á Breiðafirði verði á næsta ári óbreyttur eða 475 þús. kr. Verkefni þessa báts fara minnkandi. Hann heldur uppi samgöngum milli Breiðafjarðareyja og enn fremur byggðarlaganna í Austur-Barðastrandarsýslu, sem mörg eru akvegasambandslaus meginhluta vetrar. Lagt er til, að styrkur til Langeyjarnesbáts hækki um 15 þús. kr. í 150 þús. kr. Loks er lagt til, að rekstrarstyrkur til Stykkishólmsbátsins „Baldurs" hækki um 400 þús. kr. í 3½ millj. kr. og auk þess fái hann 1200 þús. kr. byggingarstyrk vegna lengingar hans á s. l. ári. Til vetrarflutninga í Breiðuvíkurhreppi á Snæfellsnesi leggur n. til, að veittur verði nýr styrkur að fjárhæð kr. 50 þús.

Vestfjarðasamgöngur: Djúpbáturinn h/f á Ísa-

firði heldur sem fyrr uppi ferðum um Ísafjarðardjúp og til kauptúnanna í Vestur-Ísafjarðarsýslu. N. taldi óhjákvæmilegt að hækka styrk bátsins um 500 þús. kr. í 3 millj. kr. vegna minnkandi flutninga og aukins tilkostnaðar. Styrkur til Patreksfjarðarbáts er óbreyttur, kr. 35 þús., en styrkur til Dýrafjarðarbáts er hækkaður um 15 þús. kr. í 75 þús. kr. Hins vegar fellur styrkur til Skötufjarðarbáts niður.

Þá leggur n. til, að veittur sé styrkur til rekstrar og kaupa á snjóbifreið í Austur-Barðastrandarsýslu að fjárhæð kr. 250 þús. Byggðarlög þessi eru læknislaus og verða að sækja lækni ýmist til Hólmavíkur eða Búðardals og auk þess mjög einangruð samgöngulega séð yfir vetrarmánuðina.

Styrkur til vetrarflutninga yfir Kleifaheiði, leggur n. til, að verði óbreyttur eða kr. 150 þús. Þá leggur n. til, að rekstrarstyrkur til snjóbifreiðar yfir Botnsheiði hækki um 50 þús. kr. í 150 þús. kr. Suðureyri við Súgandafjörð er nú læknislaus og situr héraðslæknirinn á Ísafirði og mun svo sennilega verða áfram með tilkomu væntanlegrar læknamiðstöðvar á Ísafirði.

Skv. þessu, sem hér hefur verið sagt, leggur samvn. samgm. til, að heildarfjárveiting til flóabáta og vöruflutninga verði á árinu 1971 19 millj. 255 þús. kr., en það er 4 millj. 345 þús. kr. hærra en árið 1970.

Herra forseti, ég sé ekki ástæðu til þess að rekja þetta frekar. Það eru samtals 30 aðilar, sem njóta styrks skv. till. n. vegna flutninga og flóabáta, og það er svipað og verið hefur áður. Ég vænti þess, að þm. sjái sér fært að styðja þetta mál, eins og það liggur nú hér fyrir.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég hef, eins og þm. ber, lesið oft og kynnt mér vel fjárlagafrv. eins og það liggur fyrir, og það verð ég að segja, að ég hefði haft hug á því að flytja brtt. við það fleiri en eina, en það er aðeins ein, sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 272 ásamt hv. þm. Einari Ágústssyni. Ég hefði svo sannarlega haft hug á því að flytja margar brtt. í sambandi við ýmsar fjárfrekar framkvæmdir í kjördæmi því, sem ég er fulltrúi fyrir, en ég hef ekki farið inn á þá braut. Hins vegar ákvað ég með sjálfum mér að athuga, hvaða mál það væri, sem ég teldi að væri ekki nægilega góð skil gerð í fjárlagafrv., sem verður afgreitt nú fyrir helgi, og eftir því sem ég hef athugað þetta frv., þá finnst mér það vera framlag til launagreiðslna Kleppsspítalans. Og því hef ég á þessu þskj. ásamt áðurnefndum þm. flutt brtt. við launagreiðslur þessa sjúkrahúss, sem hljóða á þann veg, að í staðinn fyrir kr. 69 millj. 596 þús. komi kr. 72 millj. 596. Ég hefði vel getað hugsað mér að hafa þessa upphæð hærri en 3 millj. kr., sem ég kem hér með, en ég mun staldra þó við þessa upphæð. Ég vil fylgja þessari till. úr hlaði með nokkrum orðum og varpa þannig nokkurri birtu yfir ástandið í þessum málum, eins og það er í dag.

Í bréfi til fjvn. hafa yfirlæknar þessa spítala lýst ástandinu í sambandi við starfsfólkið. Ég held, að bréf þetta hafi ekki komið fyrir augu alþm. og ég tel fyllstu ástæðu, hvernig sem atkvgr. fer í dag eða á morgun, að hv. alþm. eyði nokkrum mínútum til þess að hlusta á það, hvernig ástandið er varðandi starfsfólk á þessu sjúkrahúsi. En í nefndu bréfi segir svo:

„Vegna skorts á starfsfólki hefur jafnan vantað mikið á, að veitt væri sú þjónusta á spítalanum, sem nauðsynleg er, og jafnvel hefur reynzt fullerfitt að fullnægja þjónustunni, svo sem lög gera ráð fyrir, vegna þess hversu vinnuálagið hefur verið mikið. Þess í stað hefur jafnan verið látið sitja í fyrirrúmi að leysa brýnustu neyð sjúklinga og aðstandenda þeirra. Jafnvel þótt læknafjöldi við spítalann hafi aukizt verulega á undanförnum árum, hefur það ekki orðið til þess, að hægt væri að komast yfir öll þau störf, sem ætlazt er til að sinnt sé, þegar jafnan hefur verið pressað mjög hart á utan frá að koma inn sjúklingum, sem vaxandi læknafjöldi hefur getað hjálpað yfir sárustu neyðina.“ Síðan segir í þessu bréfi: „Ekki hefur verið hægt að hafa nema eina hjúkrunarkonu á næturvakt yfir allan spítalann og er það þó auðvitað fráleitt á svo stóru sjúkrahúsi, sem Kleppsspítalinn er, sem tók á móti á 9. hundrað sjúklingum á s. l. ári, mörgum hverjum mikið veikum og utan venjulegs vinnutíma. Auk þessarar einu hjúkrunarkonu, sem hefur vakt á spítalanum 12 tíma sólarhringsins,“ — Ég les þessa setningu aftur. „Auk þessarar einu hjúkrunarkonu, sem hefur vakt á spítalanum 12 tíma sólarhringsins, hefur verið notazt við ófaglært fólk, en þá hefur ekki verið hægt að hafa næturvakt á öllum deildum, vegna þess að heimild hefur brostið til þess að greiða laun nógu margra starfsmanna. Er slíkt auðvitað algerlega óforsvaranlegt.“

Ég vil bæta þessu við þennan lestur: Um langt árabil hefur verið geigvænlegur skortur á sjúkrarúmum fyrir geðsjúklinga hér á landi, sem leitt hefur til þess, að allt of margir sjúklingar hafa verið teknir inn á Kleppsspítalann. Nú eru þar um 240 sjúklingar á plássi, sem er talið hæfilegt fyrir 203. Raunar er plássið ekki nema fyrir 162, þar eð gamli spítalinn er ekki lengur boðlegur sem sjúkrahús vegna eldhættu og vegna þess að ekki er hægt að hita hann nægilega upp. Það er fleira en þrengsli, sem háð hefur starfsemi spítalans. Þar er allt of fátt starfsfólk, eins og vikið var áðan að í upplestri bréfs yfirmanna sjúkrahússins. Fjárlög heimila enn ekki nema 157 starfsmenn, sem sinna sjúklingum beint. Yfirlæknar spítalans gera hins vegar ráð fyrir, að ekki verði komizt af með minna en 213 starfsmenn til þessara verka, ef vel á að vera. Til viðmiðunar má geta þess, að sjúkrahús í Danmörku, sem er ívið minna en Kleppsspítalinn, gerir ráð fyrir 214 starfsmönnum til þess að sinna sjúklingunum beint. Á hinu danska sjúkrahúsi, sem miðað er við og er í Postrup, munu innlagningar vera álíka margar árlega og á Kleppsspítalanum, en eftirmeðferðardeild danska sjúkrahússins mun hafa

mun færri sjúklinga og færri viðtöl heldur en er á Kleppsspítalanum. Til þess að geta ráðið þessa bráðnauðsynlegu viðbótarstarfsmenn þyrfti að gera ráð fyrir 15 millj. kr. hærri fjárveitingu til Kleppsspítalans vegna launa. Þetta er samkvæmt upplýsingum frá prófessorunum, sem þar vinna. Þá má og benda á, að áætlun vegna viðhalds er miklu lægri í fjárlögum, og út í það fór ég ekki neitt í þessari brtt. minni, en yfirlæknir, forstöðukona og umsjónarmenn gerðu ráð fyrir. Prófessor Tómas Helgason hefur upplýst mig um það, að til þess að ná þeim mismun þurfi 7 millj. kr. viðbótarfjárveitingu auk tveggja millj. kr. vegna nauðsynlegrar endurnýjunar á eldhúsi. Mér er líka kunnugt, að allir rekstrarliðir spítalans eru áætlaðir of lágir, þannig að mismunur á þeim upphæðum, sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir, og þeim upphæðum, sem yfirlæknar spítalans gerðu ráð fyrir, að þyrfti til viðunandi rekstrar, skipta tugum millj. kr.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu lengri, en ég verð að segja í lok þessarar stuttu ræðu, að það verður ekki annað sagt en að þeirri þjóð, sem stærir sig fyrst og fremst af andlegum verðmætum, en við höfum nú lengst af gert það, sé til minnkunar að vilja ekki kosta hinu sama til meðferðar þeirra, sem eru andlega sjúkir, og hún kostar til meðferðar hinna líkamlega sjúku. En þegar borinn er saman kostnaður við sjúkrahúsin, ríkissjúkrahúsin, þá kemur þetta alveg glöggt í ljós. Ég lýk máli mínu með því að skora á hv. þm. að greiða þessari brtt. atkv.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð út af þeirri till., sem ég flyt ásamt hv. 4. þm. Sunnl. til hækkunar á framlagi til gæzluvistarsjóðs. Þegar ég mælti síðast fyrir þessari till. hér við 2. umr., þá lét ég þess getið, að við mundum taka till. til baka til 3. umr. í trausti þess, að fjárveitingarvaldið kæmi til móts við þessar sanngjörnu óskir, sem í till. felast. Það er skylt að geta þess, að þetta hefur að nokkru leyti rætzt, till. fjvn. nú er tveim millj. kr. hærri heldur en hún var hér við 2. umr. Þannig að till. verður samkvæmt þeirri till. 12 millj. kr. á næsta ári og hækkar þá um tæpar 4 millj. frá því, sem er á yfirstandandi ári. Þetta er vissulega spor í rétta átt, en engu að síður höfum við endurflutt till. um tvöföldun framlagsins og það er gert vegna þess, að við erum sannfærðir um það, að fyrir 12 millj. kr. fjárveitingu verður ekki hægt að hefjast handa um þær nauðsynlegu byggingarframkvæmdir, sem gæzluvistarsjóði eru samkvæmt lögum faldar. Þegar haft er í huga, að rekstrarkostnaður við drykkjumannahælið í Gunnarsholti verður á næsta ári samkvæmt áætlun fjárlaga 9½ millj. kr., þá er það sjáanlegt, að afgangur fjárveitingarinnar hrekkur ekki til fyrstu framkvæmda við fyrirhugað drykkjumannahæli. Og það er vitað, að það eina, sem vantar til þess að hefjast handa, er fjármagn, því staðsetningin hefur verið ákveðin, teikningar liggja fyrir og það er hægt að byrja, ef fjármagnið leyfir. Þessi mál eru, samkvæmt lögunum um gæzluvistarsjóð, ákveðin verkefni ríkissjóðs og þar með tekin frá sveitarfélögunum. Engu að síður er það staðreynd, að meginverkefni félagsmálaráðs Reykjavíkur til að mynda er starf vegna drykkjusjúkdóms í einni eða annarri mynd. Þrátt fyrir það, að ríkissjóður hefur tekið á sig þá skuldbindingu að reisa lokuð drykkjumannahæli hefur Reykjavíkurborg ekki séð sér annað fært heldur en að reka bráðabirgðastofu í gamla Farsóttahúsinu, þar sem 10—15 manns geta á hverri nóttu fengið aðhlynningu. Þetta gerir félagsmálaráð að því óhætt er að segja með hálfum huga, svo ekki sé meira sagt, og þar hafa heyrzt raddir ábyrgra aðila um það, að kannske sé þetta verra heldur en ekki neitt, og þegar síðast var ákveðin fjárveiting í þessu skyni tók félagsmálaráð sér frest til þess að herða upp hugann um það að halda þessari starfsemi áfram, og ég hygg, að það sem úrslitum réði hafi verið það, að félagsmálaráðsmenn vildu ekki lesa það í blöðum einhvern morguninn, að einn drykkjusjúklingurinn enn hefði króknað á vegum úti.

Ég skal ekki bæta miklu við þau orð, sem ég sagði hér við 2. umr. Ég vil þó aðeins leyfa mér að minna á þær blaðafregnir, sem alveg síðustu daga hafa borizt af því, að hér sé starfrækt eitt heimili enn eða afdrep ef svo mætti kalla. En í einu dagblaða borgarinnar var frásögn af því í fyrradag. Í Þjóðviljanum í gær var svo birt viðtal við einn af félagsmálaráðsmönnum, Sigurjón Björnsson sálfræðing, og ég ætla að leyfa mér að bæta orðum hans við það innlegg, sem ég hef áður gert í þessu máli, en hann segir í áðurnefndu viðtali, með leyfi hæstv. forseta:

„Hann sagði," — þetta eru orð blaðsins — „að úrbætur í málefnum drykkjusjúkra væri í verkahring ríkisvaldsins að gera, en eftir öllum sólarmerkjum að dæmi væri þeirra ekki að vænta í bráð. Sagði hann, að allstór hópur drykkjusjúklinga þyrfti nauðsynlega á að halda vistun á lokuðu hæli og margir þeirra væru svo illa farnir og líkamlega sjúkir, að ógerningur væri að hafa þá á opnum heimilum eins og þeim, sem borgin og Vernd reka, en í önnur hús ættu þeir ekki að venda að svo stöddu. Kvað hann ástandið í þessum málum vægast sagt hörmulegt og skjótra úrbóta þörf, en því miður virtist viðkomandi rn., þ. e. félmrn., hafa lítinn skilning á þessum vandamálum."

Ég vil nú vænta þess, að hæstv. ríkisstj. og stuðningsmenn hennar hnekki þessum orðum og láti það sannast, að þeir hafi mikinn áhuga á þessum málum, þann áhuga, að þeir treysti sér til að tvöfalda framlagið til gæzluvistarsjóðs nú þegar á þessu þingi og gera sjóðnum þannig fært að byrja á því að standa við skuldbindingar sínar. Það er tæpast verjandi fyrir ríkissjóð, sem ætlar sér að hafa í tekjur á 12. þús. millj. kr. af sölu áfengra drykkja á næsta ári, að treysta sér ekki til þess að láta um 16 millj. kr. af þessum hagnaði renna til þess að bæta úr einhverju af því böli, sem þessi starfsemi orsakar.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að taka mjög eindregið undir þau orð, sem hv. síðasti ræðumaður lét falla hér um ákaflega mikið og alvarlegt vandamál. Ég trúi því ekki, að nokkur hv. alþm. treystist til þess að vefengja, að sú lýsing, sem hann gaf á ástandinu hér, er rétt, og ég tel það vera skyldu okkar alþm. að hegða störfum okkar í samræmi við þá vitneskju, sem við höfum alveg óvefengjanlega, og ég teldi hv. alþm. vera menn að meiri, ef þeir fylgdu nú þessari vitneskju sinni í verki, þegar þessi till., sem hv. þm. gerði grein fyrir, kemur til atkv. hér á morgun.

Að öðru leyti vildi ég aðeins gera grein fyrir þremur till., sem ég stend að, því það er ekki ráðrúm hér til þess að ræða almennt um fjárlagafrv. og þá stefnu, sem í því felst. Það mun verða gert síðar og vafalaust margsinnis. Við 2. umr. flutti ég tvær till., sem ég dró síðan til baka til 3. umr. Önnur þeirra fjallaði um svolitla fjárveitingu til sálfræðiþjónustu í barna- og gagnfræðaskólum og hin um ráðstafanir gegn mengun í höfnum. Ég dró þessa till. til baka til 3. umr., vegna þess að ég vildi gefa fjárveitinganefnd tækifæri til þess að athuga þessi vandamál, sem þar er hreyft, og íhuga, hvort hún gæti ekki komið til móts við þau sjónarmið, sem í till. felast, því þetta eru hvort tveggja till., þar sem vakin er athygli á vandamáli, sem er engan veginn flokkspólitísks eðlis, heldur ættu menn, ef þeir gera sér ljós þau vandamál, sem þar er hreyft, að geta fylgt þeim. Því miður hef ég orðið fyrir þeim vonbrigðum, að hv. n. hefur ekki talið sér fært að koma neitt til móts við þau sjónarmið.

Ég gerði grein fyrir þessum till. við 2. umr. og mun ekki endurtaka það að neinu leyti, sem þar er mælt. En fyrri tillagan er um 2 millj. kr. til sálfræðiþjónustu í barna- og gagnfræðaskólum. Slík þjónusta er rétt aðeins að hefjast hér á landi, en hún er tvímælalaust mjög mikilvæg og hún er orðin mjög ríkur þáttur í starfsemi skóla hér í nágrannalöndunum. Þar er um tvennt að ræða, bæði það að aðstoða börn, sem lenda í ýmiss konar andlegum erfiðleikum meðan á námi stendur, og einnig að veita leiðbeiningu og aðstoð við áframhald náms. Þessi starfsemi er þegar hafin í Reykjavík, þar hefur verið allmyndarlegur vísir tekinn upp að slíkri starfsemi. En svo undarlega hefur brugðið við, að þegar Reykjavíkurborg hefur snúið sér til ríkisins og farið fram á, að ríkið greiddi kostnað við þessa starfsemi af sinni hálfu í samræmi við ákvæði skólakostnaðarlaga, þá hefur þeirri beiðni verið hafnað. Ég geri ráð fyrir, að ástæðan sé sú, að hér er ekki um að ræða almenna starfsemi hér á landi enn sem komið er, en ég held, að það sé alveg augljóst mál, að þetta verður almenn starfsemi og mér finnst, að við alþm. eigum að stuðla að því, að hún verði það. Og þess vegna flutti ég þessa till., til þess að þessi vilji Alþ. kæmi fram og Alþ. gæti þá eða ríkisvaldið gæti greitt að sínum hluta þá starfsemi, sem þegar er hafin.

Hin till. var um, að tekinn yrði í þann kafla fjárlaga, sem fjallar um hafnarmál, nýr liður, ráðstafanir gegn mengun í höfnum, 5 millj. kr. Ég ræddi þetta mál þó nokkuð við 2. umr. og minnti menn á það, sem allir hljóta raunar að vita, að hér er um að ræða ákaflega alvarlegt vandamál einnig í sambandi við útflutningsiðnað okkar. Ég minnti þá á það, að einn af þm. Nd., hv. þm. Guðlaugur Gíslason, hefur flutt um það frv., að hafnarlögum verði breytt þannig, að ráðstafanir gegn mengun verði talið sjálfsagt verkefni við hafnarframkvæmdir. Og ég hef fulla ástæðu til að ætla, að það frv. verði samþ. á þessu þingi. En til þess að koma einhverju skriði á framkvæmdir í sambandi við þetta þá þarf fjármagn. Og það fjármagn, sem hér er rætt um, 5 millj. kr., er ekki mikið. Þetta verkefni er ákaflega stórt, og vissulega munu bæjarfélögin verða að taka á sig mestar byrðar í því sambandi, bæði bæjarfélögin sjálf og eins ýmiss konar verksmiðjur, fiskvinnslustöðvar og aðrar verksmiðjur, sem þar eru, og þar sem viðgengst nú, að frárennsli frá slíkum verksmiðjum rennur út í hafnir algerlega óhreinsað. Ég hef tekið eftir því, að margir aðilar í þjóðfélaginu gefa þessu vandamáli nú vaxandi gaum. Og einmitt að undanförnu hefur annað aðalmálgagn hæstv. ríkisstj., Alþýðublaðið, gert mengunarvandamálin að sérstöku umtalsefni, ekki sízt mengun í sjónum. Þannig að ég hefði getað vænzt þess, að þm. Alþfl. gæfu þessu máli sérstakan gaum og að þeir hefðu kannske beitt sér fyrir því, að örlítið væri komið til móts við þessa hugmynd, að Alþ. viðurkenndi þó ekki væri nema að formi til í upphafi, að það vildi taka þátt í þeim miklu framkvæmdum, sem þarna eru nauðsynlegar. Þess vegna vil ég mjög eindregið beina því til hv. alþm., að þeir íhugi það gaumgæfilega, hvort þeir sjái sér ekki fært að fylgja þessari till., þegar hún kemur til atkv. hér á morgun.

Nú við 2. umr. fjárl. flutti ég till. um það, að framlag til byggingarframkvæmda við Kennaraskóla Íslands yrði 20 millj. króna. Þegar fjárlagafrv. var lagt fyrir í upphafi, þá var ekki áætlaður einn einasti eyrir til slíkra framkvæmda. Á því varð nokkur bót í meðförum fjvn., hún lagði til, að til þessa verkefnis yrði varið 5 millj. kr., en raunar voru teknar 3 millj. frá æfingaskólanum og færðar yfir til þessa verkefnis, en æfingaskólinn er eins og kunnugt er almennur barnaskóli og hann er ekki í öðrum tengslum við Kennaraskólann en þeim, að kennaraefnin stunda þar æfingakennslu. Sú tala, sem ég gerði till. um, 20 millj. kr., var ekki nein tala, sem ég hafði spunnið upp í huga mínum. Þetta var ósk sú, sem skólastjóri Kennaraskólans hafði borið fram, og þessi ósk skólastjórans fékk stuðning menntmrn., það mælti með því við fjvn., að það yrði fallizt á 20 millj. kr. til Kennaraskólans. Samt gerðust þau tíðindi hér við 2. umr., að till. um 20 millj. var felld að viðhöfðu nafnakalli og meðal þeirra manna, sem felldu till., var hv. menntmrh., maðurinn, sem hafði mælt með því við fjvn., að 20 millj. yrði varið til þessara nota. Í þessu sambandi er ástæða til að minna á það, að sú fjárhæð, sem nú er talað um til Kennaraskóla Íslands af fjárlagafrv., hún á að fara

til þess að byggja íþróttahús. Nú er það vafalaust hin mesta nauðsyn að byggt sé íþróttahús í sambandi við Kennaraskólann. Það háir allri íþróttakennslu í Reykjavík mjög, hvílíkur skortur er á húsakynnum, en ég er nú þeirrar skoðunar, að ef að þurfi að velja á milli framkvæmda, þá séu kennslustofurnar nauðsynlegri. Hins vegar tel ég ekki, að það þurfi að velja þarna neitt á milli.

Ég held, að framkvæmdirnar í sambandi við Kennaraskólann séu dæmi um það, hvernig ekki eigi að haga framkvæmdum. Hv. menntmrh. féllst á áætlun um byggingu Kennaraskólans 1958, fyrir 12 árum, og þá byggingu í fulla stærð, og þegar fyrri áfangi er svo vígður nokkrum árum síðar eða allmörgum árum síðar, þá gerir hv. ráðh. að sjálfsögðu mikið veður út af hinni ágætu frammistöðu sinni í sambandi við það mál, en síðan gerist ekki neitt annað en það, að troðið er inn í þessa byggingu fleiri og fleiri nemendum, þangað til að þeir eru orðnir milli 900 og 1000 í húsakynnum, sem taka með góðu móti innan við 200 manns. Þarna verður að tvísetja og margsetja í kennslustofur, þarna verður að troða nemendum inn, hvar sem hægt er, meira að segja upp á hanabjálkaloftum, sem eru svo léleg, að heilbrigðisyfirvöld í Reykjavík hafa orðið að setja sérstakar reglur um það, hversu lengi nemendur megi hafast við þar. Auk þess er kennsla framkvæmd á 10 stöðum utan skólans. Þarna er um að ræða algert neyðarástand, sem kunnugt hefur verið um árum saman, og þetta er ekki aðeins neyðarástand hvað snertir kennslu og störf í þessum skóla.

Ég er alveg viss um það, að það er ekki hægt að haga framkvæmdum á kostnaðarsamari hátt en þennan, að byrja, framkvæma áfanga og hætta svo. Þetta kostar þar að auki stórfé að standa þannig að hlutum. Mér er kunnugt um það, að málsvörn ráðamanna í þessu sambandi er sú, að til standi að breyta Kennaraskólanum, fyrirkomulagi hans, og að ekki liggi fyrir teikningar að síðari áfanga hússins, breyttar teikningar, frá því sem áður var. Á síðasta ári voru veittar 5 millj. kr. til skólans og því hefur verið borið við, m. a. af formanni fjvn., að þessi upphæð hafi ekki verið notuð til þess að halda áfram að teikna. Í þessu sambandi vil ég geta þess, að ég hef hér í höndum mínum bréf frá skólastjóra Kennaraskóla Íslands til menntmrn., þar sem hann víkur sérstaklega að þessu máli. Þar minnir hann á það, að jafnskjótt og kunnugt varð um fullar líkur á fjárveitingu þessari, þ. e. a. s. fjárveitingu þeirri, sem samþykkt var fyrir einu ári, „hóf ég þegar viðræður við rn. um leyfi til þess að láta teikna áfangann. Í framhaldi af þeim umr. skilaði ég grg. til byggingardeildar rn. 17. nóv. 1969“ — þ.e. fyrir rúmu ári. „Ég átti fund með forstöðumanni byggingardeildarinnar og skilaði sundurliðaðri áætlun skólans um kennslustundafjölda í einstökum námsgreinum 8. jan. 1970. Forstöðumaður byggingardeildarinnar gerði á þessum forsendum skýrslu um málið og yfirlit um húsnæðisþörfina til ráðuneytisstjóra Birgis Thorlacius dags. 18. febr. 1970. Ráðuneytisstjórinn fól mér að gera grein fyrir óskum skólans um æskileg og skynsamleg áfangaskil þessara framkvæmda og gerði ég það í till. mínum til fjárl. fyrir árið 1971. Loks endurtók ég beiðni mína um leyfi til að láta hefja teikningar í bréfi til rn. 28. okt. s. l. Enn beiðist ég þess, að rn. láti gera eða veiti leyfi til, að gerðir verði uppdrættir af viðbótarbyggingu við Kennaraskólahúsið við Stakkahlíð og að íþróttahúsi fyrir skólana báða, Kennaraskólann og æfingaskólann, og sé þá stuðzt við þá undirbúningsvinnu, sem byggingardeildin hefur þegar látið í té, og till. mínar til rn. um fjárl. fyrir árið 1971.“

Þarna kemur sem sé fram, að skólastjóri Kennaraskóla Íslands hefur beðið um það í heilt ár, að fá að láta gera teikningar að viðbótarbyggingu við skólann. En hann hefur ekki fengið þetta leyfi og síðan er þessi staðreynd, að hv. menntmrh. hefur ekki leyft að byggja, notuð sem röksemd fyrir því að hafna þeirri till., sem studd er af sama ráðh., að skólinn fái þá fjárveitingu, sem hann biður um. Þetta er skollaleikur, sem menn eiga að taka gildan. Þarna er verið með fullum óheilindum að bregða fæti fyrir eðlilegar framkvæmdir við þessa skólabyggingu. (Gripið fram í.) Er búið að leyfa það núna? Það er ánægjulegt að heyra, að eftir árs baráttu er búið að leyfa teikningar, en skólastjóri Kennaraskólans hefur sagt mér, að hann telji, að skólanum mundi nýtast fullkomlega af því að fá upphæð til að halda áfram byggingu skólans sjálfs á þessum fjárl. Hann telur, að undirbúningsstörfum sé komið það langt, að þessi dráttur á því að leyfa teikningar, sem stóð í heilt ár, hann þurfi ekki að tefja framkvæmdir svo, að ekki sé gerlegt að veita fjármunum til þessara framkvæmda. Þessa till., sem ég flutti við 1. umr., hana flyt ég aftur nú ásamt hv. þm. Sigurvini Einarssyni. Við höfum lækkað upphæðina, vegna þess að það má ekki flytja tvívegis till. um sömu upphæð. Við höfum lækkað hana niður í 15 millj. og ég tel, að það ætti að vera hæstv. ríkisstj. áhugaefni að firra sig þeirri vansæmd, sem afskipti hennar af málum Kennaraskóla Íslands hafa verið nú um margra ára skeið.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Aftans bíður óframs sök, var einu sinni sagt. Það er kannske seint að koma fram með þá aths., sem ég ætla mér þó að hreyfa hér. Hún er ekki um upphæðir, heldur um tæknilegt atriði eða fyrirkomulag. En það var aðeins núna fyrir stuttu, sem ég varð þess var, að það er hér ein stofnun, sem heitir Rafmagnseftirlit ríkisins, sem alls ekki er hér á blaði í fjárlagafrv. Ég var að athuga, hvernig þessari stofnun væri fyrir komið að l. og það er í orkulögum, sem ákvæði eru um Rafmagnseftirlit ríkisins. Þar segir í 38. gr. l.: „Rafmagnseftirlit ríkisins skal rekið sem fjárhagslega sjálfstæð stofnun með sérstöku reikningshaldi.“ Þetta skilst mér, að gefi það ótvírætt til kynna, að átt hefði að vera sérstakur póstur í fjárlagafrv. um Rafmagnseftirlit ríkisins. Það er enn fremur í 42. gr. 6. kafla l.: Heimilt er ráðh. að

ákveða með reglugerð, að eigendur raforkuvera og raforkuveitna skuli árlega greiða til Rafmagnseftirlits ríkisins gjald. Og það er þetta gjald, sem á að standa undir rekstrarkostnaði rafmagnseftirlitsins. Ég þykist vita, að komið sé svo nærri afgreiðslu frv. að þessu sinni, að þessu verður ekki kippt í lag, áður en fjárl. verða afgreidd nú, og ég ætla heldur ekki að fara fram á það, en ég vildi hreyfa þessu hér, til þess að þetta yrði tekið til athugunar framvegis og ég vildi jafnframt segja það sem mína skoðun, að slík stofnun sem Rafmagnseftirlit ríkisins, hún á að minni hyggju að heyra beint undir ráðh. Samkvæmt l. um Orkustofnun, þá segir hér í 8. tölulið, þar sem hlutverk Orkustofnunar er rakið í 2. gr.: „Að hafa af hálfu ríkisins yfirumsjón með eftirliti með raforkuvirkjum og jarðhitavirkjum til varnar hættu og tjóni af þeim.“ Ég vil nú láta það koma fram hér, að ég hefði talið eðlilegra, að þessi stofnun heyrði beint undir ráðh. og væru þá um hana sérstök lög. Það er að vísu utan efnis þessa sérstaka máls, en ég vil benda á það, að allt fram til 1966, eða það var síðast árið 1966, sem komu sérstakir ársreikningar fyrir þessa stofnun, sem þá hét Raforkumálastofnun og þar voru sérstök reikningsskil fyrir Rafmagnseftirlit ríkisins. En eftir að þessi l. voru sett, breytingin, sem gerð var á orkulögunum á Alþingi 1966, — þau komu til framkvæmda 1. júlí 1967, — þá hafa ekki komið, að því er ég bezt veit, fram reikningar á sama hátt og áður um þessa starfsemi. En ég taldi rétt að minna á það hér við þessa umr. að ég álít að þetta þurfi að laga og ég geri ráð fyrir því, að það verði ekki mögulegt áður en þessi fjárl. eru afgr. að þessu sinni. En þetta verði tekið til athugunar næst. Ég vil enn fremur í leiðinni benda á, að hér er sérstök uppsetning fyrir það, sem heitir Jarðvarmaveitur ríkisins, en ég veit að það eru margir og þar á meðal ég, sem segja mikinn vafa á, að það séu nokkur lög — nokkur lagaheimild fyrir þessari stofnun eða þessum rekstri. Og það er því furðulegra, að ekki skuli þá sjást stofnun eins og Rafmagnseftirlit ríkisins í þessu frv. Þetta vildi ég láta koma fram áður en umr. lyki um fjárlögin.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 280, 284 og 286, sem útbýtt var á fundinum, leyfð og samþ. með 35 shlj. atkv.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér nokkrar brtt., og ég leyfi mér að fara um þær örfáum orðum.

Till. eru á þskj. 280 I og III og er þar fyrst að nefna till. um það, að gjaldfærður stofnkostnaður Menntaskólans á Akureyri verði hækkaður úr 500 þús. í 2 millj. Þessi hækkun er ætluð til þess að gera mögulegan frágang lóðar og til að standa straum af öðrum minni háttar stofnkostnaði við menntaskólann, sem talin er brýn nauðsyn á af skólastjóra þessarar virðulegu stofnunar. Fjárveitingar til Menntaskólans á Akureyri hafa að mínu viti ekki verið úr hófi fram á undanförnum árum, enda ekki sýnd mikil harka í kröfum um fjárveitingar til þeirrar stofnunar, og ég tel það ekki vera við hæfi að neita eindregnum óskum skólameistara þessarar stofnunar um þá hógværu ósk, sem hann hafði borið fram við fjárveitinganefnd þingsins um þessa upphæð, sem hér er gerð till. um.

Í öðru lagi er hér um að ræða till. III. 1, nýjan lið til bókasafna í orlofsheimili verkalýðssamtaka, 100 þús. kr. Það er kunnugt, að ríkið leggur allmikið fé til hvers konar bókasafna og sýnist ekki vera óeðlilegt, að það leggi einnig nokkuð af mörkum til þessara ágætu, myndarlegu og menningarlegu stofnana, sem hér er um að ræða á vegum verkalýðssamtakanna, þá styðji ríkisvaldið einnig að því, að á þeim stöðum geti komið upp nothæf og góð bókasöfn. Verkalýðshreyfingin hefur ráðizt í fjárfrekar og miklar framkvæmdir í sambandi við það að byggja upp tvö stór orlofsheimili og hið þriðja er í smíðum og það fjórða í áætlun. Þetta hefur auðvitað gengið nærri fjárhagsgetu verkalýðssamtakanna og slík upphæð, þó ekki sé stórvægileg, til þessa sérstaka verkefnis mundi þess vegna koma sér vel, auk þess sem ég tel, að í samræmi við aðrar fjárveitingar til bókasafna, þá sé hér um fullkomlega eðlilega fjárveitingu að ræða. Og vissulega mundi þetta verða hvöt fyrir verkalýðssamtökin til þess að sinna þessari hlið á málefnum orlofsheimilanna, því öllum er auðvitað ljóst, að á því er brýn nauðsyn, að dvalargestir á orlofsheimilum hafi aðgang að bókum til lestrar í frítímum sínum.

Í öðru lagi er lagt til, að liðurinn sumardvalarheimili, dagheimili og vistheimili fyrir börn úr bæjum og kauptúnum verði hækkaður úr 900 þús. kr. í 3 millj. kr. Ég held, að það fari ekkert á milli mála, að sú upphæð, sem ætluð er á fjárlögum sem greiðsla samfélagsins til þeirrar virðingarverðu og nauðsynlegu starfsemi, sem hér er um að ræða, er allt of lág og ég hygg, að það sé ekki fjarri lagi, að hér sé um það að ræða, að ríkið greiði á milli 5—10 kr. á dag miðað við vist barna. En sannleikurinn er sá, að sumardvalarheimili og dagheimili eru yfirleitt eða næstum því öll rekin af áhugamannafélögum, sem greiða stórfé með þessari starfsemi, og ég hygg t. d., að vistgjöld á slíkum heimilum geri ekki betur heldur en að borga vinnulaunin við heimilið, þannig að allur annar kostnaður, allur annar dvalarkostnaður hvílir með fullum þunga á þessum félögum, sem slíka starfsemi reka. Dvalarkostnaðurinn er sjálfsagt ekki mikið undir 250—300 kr. á dag, og þó að ríkið borgi þarna 5—10 kr. af þeirri upphæð, þá er það svo óverulegt, að ég tel, að ekki megi við svo búið standa. Ég held, að það sé fullkomlega eðlilegt og sanngjarnt, að ríkið rétti hjálparhönd þessum áhugamannafélögum, sem eru þarna að leysa samfélagslegt vandamál, en hafa litla áheyrn fengið um opinbera aðstoð fram til þessa, því að þessi upphæð gerir ekki stóra hluti til þess að létta undir með rekstrinum.

3. till. á þskj. 280 III er varðandi utanrrn. Er þar lagt til, að tekinn sé upp nýr liður: Utanríkisþjónusta í þróunarlöndunum, 5 millj. Það verður að

segja varðandi þessa till., að það verður auðvitað alltaf ákaflega takmarkað, hvaða utanríkisþjónustu við getum rekið og hverju við getum til kostað til þess að eðlilegt samband sé við erlend ríki. Þar verðum við auðvitað að sníða stakk eftir vexti. Og þetta hefur hins vegar leitt til þess, fámennið og fjárhagsleg vangeta þjóðarinnar, að við höfum ekki mikil stjórnmálaleg samskipti við önnur lönd en þau, sem næst okkur eru, og þau, sem hafa allra mesta þýðingu á verzlunarsviðinu, og þetta hefur leitt til þess, að hin fjölmennu þróunarlönd í Asíu og Afríku hafa orðið algerlega afskipt af okkar hálfu hvað utanríkisþjónustu snertir, og við þau höfum við nánast ekkert samband. Hér er bryddað upp á því að reyna að leysa þetta vandamál með því að koma upp eins konar hreyfanlegri utanríkisþjónustu, þannig að varið væri fé, sem svaraði nálægt því til kostnaðar við eitt venjulegt sendiráð, til þess að halda uppi eðlilegu stjórnmálasambandi við þessi lönd. Ég tel, að auk þess sem við höfum auðvitað, ekki sízt sem lítil þjóð, áhuga á öllu, sem gerist í þróunarlöndunum, og höfum að ýmsu leyti sýnt þá afstöðu, þá geti líka verið hér um stórkostlegt fjárhagslegt mál að ræða fyrir okkur. Það er enginn vafi á því, að í þróunarlöndunum eru miklir framtíðarmöguleikar fyrir okkur, fyrir okkar útflutningsframleiðslu og er þess vegna engan veginn sama, hvernig um samskipti við þessi lönd fer. Ég held, að hér sé bryddað upp á leið í þessu efni, sem væri vel fær og gæti komið að nokkru gagni til þess að bæta ástandið í þessum efnum frá því sem nú er. Og hér er sem sagt ekki gengið lengra en svo, að það er lagt til, að til eðlilegra samskipta við þessi lönd sé varið álíka upphæð og fer til eins sendiráðs, en sum þeirra eru nú þannig, að þau mættu kannske gjarnan missa sig, miklu frekar heldur en það verkefni, sem hér er um að ræða.

4. till. er um, að framlag til Fiskræktarsjóðs verði hækkað úr 1 millj. kr. í 3 millj. kr. Í fsp.-tíma á Alþ. nú fyrir skömmu kom það fram, að tekjur þessa sjóðs á árinu 1970 verða um 2½ millj. og áætlað er, að á næsta ári verði tekjurnar 3½ millj. Nú er það svo, að þegar þessi sjóður var stofnaður með lögum á s. l. þingi, þá varð framkvæmdin þannig, að hæstv. landbrh. kom því svo fyrir, að undir þennan sjóð félli að greiða gamlar vanskilaskuldir ríkissjóðs við þá, sem staðið höfðu í framkvæmdum við fiskvegi og annað slíkt og rétt áttu til þess að fá hluta kostnaðar greiddan úr ríkissjóði. Og þetta nemur mörgum milljónum króna. Þannig að um leið og þessi sjóður var stofnaður, var raunverulega framkvæmdin á þann veg, að hann er vængstýfður í byrjun fyrstu árin, vegna þess að honum er gert að taka á sig gamlar syndir. Ég held þess vegna, með tilliti til þess, að sjóðnum hefur verið ætlað að greiða lögbundin framlög ríkissjóðs frá eldri tímum, að þá sé það fullkomlega eðlilegt, að til þess sé tekið tillit í fjárveitingu til sjóðsins úr ríkissjóði, og held, að með þessari till. sé ekki gengið lengra heldur en góðu hófi gegnir í þeim efnum.

5. till. er um það, að til Félags áhugamanna um fiskrækt sé varið 100 þús. kr., en í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir, að þessi upphæð sé 25 þús. Hins vegar geri ég ráð fyrir því í minni till., að þetta framlag sé bundið því skilyrði, að fénu sé varið til útgáfustarfsemi. Þetta félag hefur unnið, að mínu viti, talsvert mikið og merkilegt starf til þess að auka áhuga landsmanna á fiskræktarmálum, sem ég tel vera mikið framtíðarmál þjóðarinnar, og það hefur fyrst og fremst gert þetta með útgáfustarfsemi, sem þó hefur verið sniðinn þröngur stakkur vegna féleysis. Ég held, að enginn annar aðili í landinu hafi á síðari árum lagt meira til þess að veita almennar upplýsingar um þessi mál, heldur en Félag áhugamanna um fiskrækt, og að þessu fé væri vel varið með þessum hætti.

6. brtt. er um það, að við Hafrannsóknastofnunina komi nýr liður: Til rannsókna á skelfisk- og krabbadýramiðum, 5 millj. Till., sem í svipaða átt gekk, var flutt hér við 2. umr. um fjárlagafrv. af hv. 5. þm. Austf., en náði ekki fram að ganga. Þ. e. a. s. hans till. var um leit að rækju- og humarmiðum, en hér er auðvitað um svipaða starfsemi að ræða, þó verkefnið sé nokkru víðtækara samkvæmt því orðalagi, sem er á minni till. og hv. 9. þm. Reykv. Ég held, að engum blandist hugur um það, hve mikil nauðsyn það er fyrir okkur að afla okkur fullkominnar þekkingar um magn stofna þessara sjávardýra, hvar þeir eru, hve víðáttumiklir og hve mikla veiði þeir þoli. Hér er vafalaust um mikla möguleika að ræða, sem geta haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir okkar atvinnulíf og okkar útflutning, en jafnframt er á því veruleg hætta, að einstakar tegundir verði uppurnar með of mikilli veiði, meðan menn hafa ekki næga þekkingu á þessu. En þekking okkar á þessum stofnum er svo lítil, að í sumum tilfellum er tæplega við annað að styðjast en munnmælasögur um það, hvernig þessi mið eru. Ég held, að þarna hljóti að vera ljós nauðsyn þess, að við fáum alveg fullkomið yfirlit yfir þessi mið, yfir magn stofnanna og getum þannig gert okkur grein fyrir því, í fyrsta lagi, hvar er hægt að veiða þá, og í öðru lagi, hvað mikið má veiða. En til þess höfum við engin skilyrði, eins og nú standa sakir. Ég held, að með tilliti til þess, hvað ásóknin í þetta er mikil þá sé raunar ákaflega eðlilegt, að hér verði að hafa talsvert hraðar hendur og Hafrannsóknastofnunin þyrfti að gera um það áætlun, sem fæli það í sér að ljúka þessu verki á tiltölulega stuttum tíma að gera fullkomið yfirlit yfir stofna þessara sjávardýra og möguleika okkar á að nýta þá og hvernig þeir skuli nýttir.

Loks er svo síðasta till. okkar, III. 7 á þskj. 280, hún er um það, að veitt verði sérstakt framlag til Atvinnujöfnunarsjóðs til úrbóta í atvinnumálum á Norðurlandi, 40 millj. kr. Á fjárlögum þessa árs hefur framlag til Atvinnujöfnunarsjóðs verið lækkað um 20 millj. kr. eða jafn mikið og nemur aukningunni á árgjaldinu til sjóðsins. Ég held, að þarna sé ekki rétt að staðið, ég tel, að nú sé sízt vanþörf á því að halda áfram ýmsum aðgerðum, sem að því lúta að útrýma atvinnuleysinu. Þó má vissulega um

það segja, að margt hefur horft þar til bóta að undanförnu og m. a. fyrir tilverknað stjórnarvalda. En þrátt fyrir það, þó atvinnuástand megi nú heita sæmilegt í landinu sem heild, þá er enn þá stórfellt atvinnuleysi á Norðurlandi, sem verður að taka alveg sérstökum tökum. Það er þannig, að nú er mikill meiri hluti af öllu því skráða atvinnuleysi, sem við höfum á landinu, á Norðurlandi. 1. nóvember s. l. var á Norðurlandi 70% af því atvinnuleysi, sem þá var skráð í landinu öllu. Og um helmingur af atvinnuleysinu í landinu var aðeins á Norðurl. v. einu og í tveimur kaupstöðunum, Akureyri og Siglufirði, meira en helmingurinn af öllu skráðu atvinnuleysi í landinu. Ég held, að þetta sýni svo glögglega sem verða má, að Norðurlandið sker sig algerlega út úr í þessum efnum, og að það verði að taka þau vandamál, sem þar er um að ræða, alveg sérstökum tökum. En auk þess, sem ég gat um atvinnuástandið á Akureyri og Siglufirði, þá má segja, að atvinnuleysið sé landlægt að vetrinum í flestum eða öllum sjávarþorpunum norðanlands.

Nú er það svo, að jafnframt því sem ríkið hefur dregið úr framlagi sínu til Atvinnujöfnunarsjóðs, þá hefur atvinnumálanefnd ríkisins, sem hefur orkað nokkru til þess að bæta ástandið í þessum efnum, lokið við að úthluta því fé, sem henni var fengið á sínum tíma, og ber því allt upp á sama tíma, að Atvinnujöfnunarsjóður hefur minni möguleika en áður til þess að greiða úr vandamálum í þessum efnum og atvinnumálanefnd ríkisins *raunverulega hættir úthlutun af því fé, sem hún* hefur haft. Ég held, að það ætti að vera öllum ljóst, að einmitt nú, þegar um er að ræða, að atvinnuástandið er almennt í landinu tiltölulega gott og ekki ástæða til sérstakra aðgerða nema á takmörkuðu svæði, þá eigi að vera hægara um vik að ráðast að þeim vandamálum, sem þar er um að ræða. Og þegar svo er komið, að ⅔ eða jafnvel ¾ af öllu atvinnuleysinu er í þessum landsfjórðungi, þá verði ekki undan því vikizt að gera þar sérstakar ráðstafanir. Ég játa að vísu, að 40 millj. kr. mundu *kannske ekki ráða öllu í þessum efnum og væri* engin fullnægjandi lausn á því vandamáli, mikla vandamáli, sem hér er um að ræða, en það væri þó alla vega sýndur litur á því að halda áfram þeirri starfsemi, sem í þessa átt hefur farið á undanförnum árum, með fjárveitingu sem þessari. Og það er sem sé miklu nær sanni að auka framlag ríkissjóðs til Atvinnujöfnunarsjóðs um 20 millj. nú á þessu ári, heldur en að minnka það um 20 millj. Því það tel ég algerlega óhæft, eins og ástandið er í atvinnumálum Norðlendinga.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín fleiri, herra forseti. Ég hef gert í stuttu máli grein fyrir þessum till., sem annars eru þess eðlis, að þær ættu ekki að þurfa mikilla útskýringa við fyrir hv. Alþ. Ég læt máli mínu lokið.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Áður en ég vík að þeim brtt., sem ég flyt ásamt hv. 4. þm. Norðurl. e., vil ég aðeins fara örfáum orðum um hinar þrjár till., sem fluttar eru af öðrum hv. þm.

Það er í fyrsta lagi varðandi till. þær, sem snerta ástandið á tveimur ríkisstofnunum, þ. e. a. s. geðveikrasjúkrahúsinu á Kleppi og Kennaraskóla Íslands. Okkur þm. hafa borizt skjöl frá bæði nemendum og kennurum Kennaraskóla Íslands og ég verð að segja það, að það hefur komið við mig að verða þess áskynja, áþreifanlega áskynja, að slíkt húsnæðisástand skuli ríkja í menntastofnun eins og Kennaraskólanum. Þar er slík húsnæðisneyð, að það eru engir möguleikar á því að framkvæma þá fræðslu- og uppeldisstarfsemi, sem rækja ber í Kennaraskóla Íslands, við þær ytri aðstæður, sem honum eru búnar. Og ég trúi því ekki, að hæstv. ríkisstj., hæstv. menntmrh. skilji ekki, hvernig ástandið er þarna og hvernig þetta hamlar öllum eðlilegum árangri af starfsemi stofnunarinnar, ef ekki er úr bætt. Og ég treysti því, að hann finni úrræði til þess, að tekið sé til við að bæta úr húsnæðisástandi Kennaraskólans, svo að eðlileg starfsemi þar geti átt sér stað. Ég undrast það raunar, að skólastjóri og kennaralið og nemendur Kennaraskóla Íslands skuli ekki vera búnir að hefja göngu sína bókstaflega til hv. Alþ. til þess að minna enn rækilegar á þetta neyðarástand. En ég skal ekki fara fleiri orðum um það, en vík þá að ástandinu á Kleppi og þarf þar engum orðum að bæta við það, sem sagt var hér í dag, það er óverjandi með öllu að láta sjúkt fólk hafast við í óupphituðum húsakynnum eða húsakynnum, sem ekki er hægt að hita upp í kuldum, né heldur í húsakynnum, þar sem eldhætta getur á hverri stundu boðið voðanum heim. Úr þessu verður Alþ. að bæta, það er ekki nokkur vafi á því. Það er mikill ábyrgðarhluti að draga aðgerðir í húsnæðismálum þeirrar stofnunar. Ég tek því af einlægum hug undir þær till., sem fara fram á það, að úr þessu ástandi sé bætt, að því er varðar Kennaraskóla Íslands og geðveikrahælið á Kleppi.

Þá skal ég ekki blanda mér í umr. um aðrar till. annarra þm., þó vil ég aðeins minna á þá einu till., sem *minni hluti fjvn. flytur*, um að jafna aðstöðu nemenda í strjálbýli til framhaldsnáms, þar sem lagt er til, að í stað 12 millj. komi 25 millj. Undir þá till. tek ég alveg sérstaklega og vildi mælast til þess, að hv. þm. gæfu þessu vandamáli gaum. Þetta var rætt mikið á s. l. vetri og þá voru teknar upp 10 millj. kr. í þessu skyni. Fjvn. hefur séð þörfina og hæstv. ráðh. lagt til, að þetta verði 12 millj. kr., en af reynslu síðasta árs af þeim misheppnuðu tilraunum, sem gerðar voru til þess að skipta þessari alltof lágu upphæð, til þess að hún næði að nokkru leyti *tilgangi sínum*, hafa allir *sannfærzt* um það, að það er algert lágmark, að þessi upphæð verði tvöfölduð, ef það á að nokkru marki að draga úr því misrétti, sem ungt fólk á við að búa varðandi aðstöðu til mennta í landinu, eins og ástandið er núna. Úr þessu verður að bæta og það hið fyrsta og við værum nokkru nær sómasamlegri lausn á málinu, ef till. hv. minni hluta fjvn. um 25 millj. kr.

framlag í þessu skyni fengist samþ., og vil ég því heita á þm. að veita henni stuðning.

Þá þarf ég vart að taka það fram, þar sem ég er meðflutningsmaður að þeim till. öllum, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. gerði hér grein fyrir áðan, að ég mæli með þeim mjög fastlega til samþykktar. Þær eru allar um nauðsynjamál, og þær eru allar af hófsemi fram bornar, þannig að einsætt er, jafnvel þótt um þröngan efnahag væri að ræða hjá ríkissjóði, þá bæri að verða við þeim, og því fremur, sem nú er frekar rúmt um hjá ríkissjóði og hóflega í sakir farið, þá er nokkurn veginn sjálfgefið, að viðsýnn þingheimur á að veita slíkum till. stuðning.

Þá flyt ég einar 6 till. til breytinga á fjárlögunum, allar varðandi 4. gr. fjárlaganna. Þar er fyrst nýr liður vegna þátttöku Alþýðusambands Íslands í Norræna lýðháskólanum í Genf. Við nutum þeirrar velvildar á s. l. ári, að þá var að beiðni Alþýðusambandsins tekin upp fjárveiting, til þess að Alþýðusambandið gæti gerzt aðili að Norræna lýðháskólanum í Genf. Okkur höfðu borizt tilmæli um það frá verkalýðssamtökunum á Norðurlöndum, að íslenzku verkalýðssamtökin gerðust aðilar að þessari gömlu, grónu og virtu menntastofnun, sem verkalýðssamtök Norðurlanda, önnur en Ísland, reka þarna, að meginstofni suður í Genf, en að nokkru leyti fer kennslan fram heima í Norðurlöndunum til skiptis. Þá var fjárveitingin hærri heldur en nú er farið fram á í okkar till. og stafaði það af því, að þá var einnig verið að greiða stofnframlag Íslands til skólans, auk þess sem ætlunin var að veita aðstoð, til að við gætum þá þegar á því skólaári haft einn nemanda á Genfarskólanum. Nú förum við aðeins fram á það, vegna þess hve gífurlegur er ferðakostnaður nemenda frá Íslandi og frá Genf til Íslands, að við tökum nokkurn þátt í þessum kostnaði Alþýðusambandsins að hafa nemanda á næsta vetrarnámskeiði skólans og yrði tekin upp fjárveiting í því skyni að upphæð 50 þús. kr. Þessa till. ásamt öllum þeim till., sem ég á eftir að gera grein fyrir, ber ég fram ásamt hv. 4. þm. Norðurl. e.

Önnur till., sem við flytjum, er um það, að Orlofssjóður húsmæðra fái 1½ millj. kr. til sinnar starfsemi í staðinn fyrir, að nú er inni á fjárlagafrv. 1 millj. kr. í þessu skyni. Ég sé nú, að aðrir þm. hafa flutt till. um hærri upphæð en þetta, 2 millj. kr., að ég held, en mér er kunnugt um það, að forstöðukonur orlofs húsmæðra hafa sent fjvn. beiðni um hækkun á framlaginu til Orlofssjóðs húsmæðra, þannig að þær 750 þús. kr., sem voru á þessa árs fjárlögum, 1970, yrðu hækkaðar um 100% í 1½ milljón. Ég taldi ekki ástæðu til að bera fram hærri óskir heldur en konurnar sjálfar höfðu borið fram, og staðnæmdist því við upphæðina 1½ millj., eins og þær höfðu rökstutt í erindi sínu til rn., að þeim væri nauðsyn á til þess að geta nokkuð aukið þessa starfsemi, en hún byggist að verulegu leyti á fórnfúsu sjálfboðastarfi kvenna, sem ekki reikna sér laun fyrir ærna fyrirhöfn í sambandi við það að reka sjálfar mötuneyti og stjórna þessum námskeiðum með því að taka skóla á leigu í staðinn fyrir það, að upphaflega var þetta gert með því að kaupa hótelvist handa orlofskonunum, sem var miklu fjárfrekara. En þetta byggist eingöngu á því, að konurnar leggja þarna á sig mikið starf, mikla fyrirhöfn. Það er því vel á þessu fé haldið og aðeins að litlum hluta hægt fyrir þetta fjármagn að veita húsmæðrum landsins orlofsdvöl í nokkra daga og þyrfti auðvitað að margfalda þessa starfsemi, því þær húsmæður eru miklu fleiri, sem þyrftu að geta notið slíkrar hvíldardvalar. Ég mundi því vilja óska þess, að þessi hógværa till. fengi stuðning hv. alþm.

Þá er 3. till., sem við flytjum, einnig við 4. gr. Það er um að hækka framlag, sem nú er á fjárlögum um 9 millj. kr., til lífeyrissjóða verkalýðsfélaga, og hækka það upp í 14 millj. kr. Þegar við vorum að undirbúa að koma á lífeyrissjóði verkamanna, þá höfðum við tryggingafræðinga í okkar þjónustu til þess að áætla, hvaða upphæðir þyrfti að ætla til þess að inna af hendi þær skuldbindingar, sem ríkissjóður tók á sig í þessari samningagerð til að eldri verkamenn gætu þegar í stað notið nokkurra lífeyrissjóðsréttinda. Það voru allháar upphæðir, sem tryggingafræðingarnir töldu að þyrfti til þess. Ef ég man rétt, þá held ég, að þeir hafi nefnt 20—25 millj. kr. og ef framkvæmdin yrði á þessum lögum í líkingu við það, sem við gerðum okkur hugmyndir um, þá er víst, að til þess þarf miklu meira fé heldur en 9 millj. kr. eins og á fjárlagafrv. er nú gert ráð fyrir. Það má vel vera að til þess að standa vel við þær hugmyndir, sem við gerðum okkur, þyrfti meira en 14 millj. kr. En ég kærði mig ekkert um að spenna þessa upphæð upp fyrir það, sem líklegt væri að vera nokkurn veginn lágmark þeirrar fjárhæðar, sem til þess þyrfti, það verður þá leiðrétt á næsta ári, en þetta er í vændum þess, að þau frv., sem nú liggja fyrir þinginu, mæti skilningi hæstv. ríkisstj. og verði samþ. eða aðrar lagfæringar gerðar, til þess að lagaframkvæmdin verði í samræmi við það, sem fyrir samningsaðilum vakti, þegar við vorum að semja um lífeyrissjóð aldraðra félaga í verkalýðshreyfingunni. Lagt er til, að upphæðin hækki um 5 millj. kr., úr 9 millj. í 14 millj.

Þá er fjórða brtt., sem við hv. 4. þm. Norðurl. e. flytjum, um það, að í sundurliðun bætist nýr liður, þ. e. a. s. undir liðnum bygging sjúkrahúsa o. fl. Við sundurliðunina bætist nýr liður á eftir a. 14, og samtalan breytist samkvæmt því og inn komi: Patreksfjörður, læknamiðstöð 6 millj. kr. Núna er mikil hreyfing í landinu í þá stefnu að breyta læknaskipuninni, þar sem svo hentar, að unnt sé að koma upp svokölluðum læknamiðstöðvum eða lækningamiðstöðvum, og virðist nú vera fullráðið, að þetta verði gert auk Húsavíkur, á Ísafirði, í Borgarnesi og á Egilsstöðum og e. t. v. fleiri stöðum, og ég sé í sundurliðun á fjárlagafrv., að víða er ætlað til þessara byrjunarframkvæmda um 6 millj. kr. á hverjum stað. Nú standa þessi mál þannig í V.-Barðastrandarsýslu, að fundur var nýlega haldinn með sýslunefnd og öllum sveitarstjórnarmönnum V.-Barðastrandarsýslu og þar m. a. rætt um

heilbrigðismálin, sérstaklega út frá því að koma upp læknamiðstöð á Patreksfirði. Það er að vísu augljóst mál, að fólkið í V.-Barðastrandarsýslu hefur ekki möguleika til þess að njóta þjónustu slíkrar stofnunar, svo að vel sé, nema þá því aðeins, að umbætur nokkrar séu gerðar vegna erfiðra samgangna að vetri til og hárra fjallgarða, sem aðskilja þennan landshluta. Þar er t. d. í samþykktunum talin nauðsynleg forsenda, að læknir hafi aðsetur á Bíldudal erfiðustu vetrarmánuðina, að þar verði að staðaldri búsett héraðshjúkrunarkona og ráðstafanir séu gerðar til þess að halda fjallvegum opnum að vetrinum, ekki sjaldnar en einu sinni til tvisvar í viku. Og þetta eru hlutir, sem ekki þætti mikið, að farið væri fram á, a. m. k. ef litið væri hér til Suðurlandsins eða nágrannabyggða höfuðborgarinnar, þó að það þætti kannske of mikið í lagt að moka aðalvegi einu sinni til tvisvar í viku í hinum dreifðu byggðarlögum. En án þess er ekki hægt að koma þessari skipan heilbrigðismálanna á. Nú hefði ég vænzt þess, að þessi erindi sýslunefndar og samþykkt þessa fundar væru komnar í dag eða seinustu daga til hæstv. heilbrmrh. og hv. landlæknis, en ég hef haldið uppi spurnum um það alla seinustu viku, hvort þessi erindi væru ekki komin. En þannig háttar nú samgöngum við Vestfirði á þessum vetri, að þessi bréf hafa ekki enn þá borizt, fyrr en þá ef þau hafa borizt með hraðpóstum í gærkvöld, en ráðh. sagði mér í dag, að það væri ekki komið í rn. þetta erindi, og landlæknir, sem að vísu er sjálfur sjúkur, en hans næsti maður, tjáði mér, að þessi erindi hefðu ekki borizt landlæknisskrifstofunni. En þar er farið fram á það, að læknamiðstöð verði komið á fót á Patreksfirði, því sjálfsagt þykir, að orðið verði við hinum sjálfsögðu skilyrðum, sem opni möguleika til þess, að fólkið geti unað slíkri skipan.

En það er þegar byrjað að framkvæma hugmyndina um læknamiðstöð á Patreksfirði, það sker náttúrlega úr, að sjúkrahús Patreksfjarðar segir til um staðinn. Það getur ekki orðið nein deila um það, að slík læknamiðstöð í V.-Barðastrandarsýslu verður á Patreksfirði, þar sem sjúkrahúsið er, og þar verða því að vera a. m. k. tveir læknar, og Patrekshreppur er þegar byrjaður að byggja læknisbústað, sem á að koma undir það, að ríkið greiði kostnað við byggingu hans í samræmi við lögin um læknamiðstöðvar. Þessi till. er borin fram í fullu trausti þess, að hinum sanngjörnu skilyrðum til þess að tryggja fólkinu í þessum byggðarlögum afnot af læknamiðstöð á Patreksfirði verði fullnægt og að þá þegar verði hafizt handa um framkvæmdir eins og á hinum stöðunum, Ísafirði, Borgarnesi, Egilsstöðum og Húsavík, sem þegar hafa gert samþykkt um að koma sínum heilbrigðismálum í þetta fyrirhugaða form. Þessi erindi hefðu áreiðanlega verið komin í hendur fjvn. og ráðh. og landlæknis, ef við hefðum ekki búið við svo hörmulegar aðstæður í samgöngumálum, sem raun ber vitni um, þar sem þessi töf hefur orðið á, að bréf bærust um þetta atriði. Það er því í raun og veru eftir dúk og disk, sem hægt er að hreyfa þessu máli, og því miður hefur sennilega engin vitneskja borizt um þessar samþykktir til fjvn. áður en hún lauk störfum. Ég gæti bezt trúað, að svo væri. Þá er það sá eini möguleiki, hvort hv. fjvn. sæi nokkra möguleika á því að kalla saman fund og taka þennan lið sérstaklega til athugunar, þó seint sé.

Þá er 5. till. okkar hv. 4. þm. Norðurl. e., einnig við 4. gr., vegna héraðshjúkrunarkvenna. Þetta mál er nátengt þeirri till., sem ég gerði núna seinast að umtalsefni, en það er alveg gefinn hlutur, að þegar læknamiðstöðvum verður komið upp, einkanlega í þeim landshlutum, þar sem samgöngumálin eru í erfiðasta lagi að vetrinum, þá verður að gera ráð fyrir, að héraðshjúkrunarkonur verði staðsettar í útjöðrum þessara stóru, nýju læknishéraða og starfi í nánu sambandi við lækni, eða lækni og lyfsala, til þess að annast milligöngu og veita fyrstu aðstoð, þegar sjúkdóma eða slys ber að höndum og erfitt er að ná til læknis. Ég hygg því, að það veiti ekki af því, að gera ráð fyrir hækkaðri fjárveitingu til héraðshjúkrunarkvenna einmitt í sambandi við hina fyrirhuguðu nýskipan, læknamiðstöðvarnar. Og hef ég lagt til, — höfum við lagt til, að í staðinn fyrir 787 þús. kr. undir þessum lið komi 1 millj. og 200 þús. kr. Það er þarna gert ráð fyrir, að við þyrftum að standa frammi fyrir því, að við þyrftum að fjölga þessum héraðshjúkrunarkonum um eina eða tvær umfram það, sem gert er ráð fyrir í fjárlögunum.

Og að lokum er svo till. einnig við 4. gr. um, að í fjárlögin bætist nýr liður, sem heiti: Til námskeiða og verkþjálfunar iðnverkafólks, 1 millj. kr. Það er nú svo, að öll okkar iðnmenntun byggist á meistarakerfi og iðnskólarnir eru eingöngu starfræktir til þess að framleiða og útskrifa viðurkennda iðnaðarmenn að loknu 3 eða 4 ára iðnnámi. Þetta er miðað við handverkið í iðnaðinum, en við verðum að viðurkenna að nú horfumst við í augu við það, ef við gerum ráð fyrir nokkurri verulegri iðnþróun í okkar landi, og ekki er hægt að komast hjá að horfast í augu við það, að við verðum að stofna til sérstakrar menntunar til verkþjálfunar fólks, sem á að starfa af sérþekkingu og kunnáttu í verksmiðjuiðnaði. Og það er allt annað heldur en hið lögskipaða iðnnám opnar möguleika til. Hér er því um þá hugmynd að ræða, að námskeiðum verði komið á fót til verkþjálfunar iðnverkafólks og lagaheimild verði fyrir allt að 1 millj. kr. í þessu skyni. Ég held, að hvort sem þessi till. fæst samþ. nú eða ekki, þá muni menn smám saman sannfærast um það, að hjá því verður ekki komizt að stofna til fræðslunámskeiða og jafnvel fasts skólahalds til iðnmenntunar verkafólks í verksmiðjuiðnaði. Ég vænti því, að menn telji, að þarna sé hóflega af stað farið um stórt og merkilegt mál, sem við verðum í vaxandi mæli að sinna.

Að svo mæltu læt ég máli mínu lokið og vænti þess, að þessar till. njóti skilnings hv. alþm.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflega brtt. frá samvn. samgm. (sjá þskj. 286, XI), sem útbýtt var á fundinum, leyfð og samþ. með 35 shlj. atkv.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Við 2. umr. fjárlagafrv. voru fluttar þó nokkuð margar brtt. frá minni hl. fjvn. og sömuleiðis frá einstökum þm., aðallega þó stjórnarandstæðingum. Þessar till. voru flestar hverjar teknar aftur til 3. umr., svo að fjvn. gæti athugað þær nánar, og eins og þm. almennt munu sjá þá hefur fjvn. tekið mjög tillit til margra þessara till. eða komið til móts við flm. þessara till. Sum málin áttu eftir að fá frekari meðferð í fjvn., en önnur voru aftur tekin til enn betri athugunar og ég tel, að það hafi verið komið mjög til móts við þm. almennt í sambandi við afgreiðslu þessara till. Hitt vil ég segja, að ég lýsi nokkurri furðu minni yfir, að þm. skuli við 3. umr. flytja fjölmargar brtt. upp á fleiri tugi millj., þannig að það er gersamlega útilokað að líta frekar á þær, og ég verð að ætla, fyrir mitt leyti, að slíkur till.-flutningur sé öllu fremur sýndarmennska heldur en að hann beri vitni um það, að menn ætli að vinna virkilega að framgangi slíkra mála.

Hér rétt áðan var að ljúka máli sínu hv. 9. þm. Reykv. og flutti skriflegar brtt. Meðal þeirra till., sem hann flutti, var 6 millj. kr. framlag til læknamiðstöðvar á Patreksfirði, og hann spurði í lok sinnar ræðu, hvort fjvn. gæti nú ekki skotizt á fund til að líta á þetta mál. Ég hygg, ef menn færu almennt að bera fram till., þegar 3. umr. er að ljúka, að við mundum seint ljúka afgreiðslu, ef fjvn. ætti að skjótast til fundar til þess að afgreiða svona eina og eina till., sem þm. flyttu eftir dúk og disk. Hv. þm. nefndi réttilega, að samgöngur hefðu ekki verið upp á marga fiska síðustu daga, og ég ætla ekki að koma inn á það, það gerði ég og fleiri hér fyrir örfáum dögum, en sem betur fer hefur mjög vel úr því rætzt nú síðustu 3 dagana. En mér er kunnugt um eitt í sambandi við læknamiðstöðvarmálið á Patreksfirði, en á þeim fundi sat hv. 9. þm. Reykv. sem oddviti í Ketildalahreppi, fundinum, þar sem þessi læknamiðstöð var til umr., að hann er kominn aftur frá fundi og til Alþ. og búinn að vera hér alllengi, og eins og hann komst heill á húfi, sem betur fer og guði sé lof í þessum veðraham, sem verið hefur, úr Barðastrandarsýslu og hingað til þings, þá hygg ég, að það hefði nú mátt taka með sér eitt bréf. Og ég segi fyrir mitt leyti, að þó málið snerti það kjördæmi, sem ég er þm. fyrir, þá tel ég útilokað að samþykkja þvert ofan í ákvæði læknaskipunarlaga um læknamiðstöðvar, fjárveitingu til læknamiðstöðvar á Patreksfirði. Ég segi það alveg eins og er.

Ráðh. er heimilt að stofna miðstöðvar samkvæmt till. landlæknis og eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum. Til þess að veita fé verður að liggja fyrir till. landlæknis til heilbrmrn. Og heilbrmrn. hefur lagt fram till. við fjvn. um þrjár læknamiðstöðvar. Eina, sem tekin var inn á fjárlög ársins 1970, læknamiðstöð á Egilsstöðum, og tvær læknamiðstöðvar, sem teknar eru nú upp í þetta fjárlagafrv., læknamiðstöð á Ísafirði og læknamiðstöð í Borgarnesi. Ég hygg, að það muni vera tvö læknishéruð, sem sameinast í Borgarnesi, og þess vegna uppfylla þau þau ákvæði laganna, ef tvö eða fleiri læknishéruð sameinast, og á Ísafirði liggur fyrir sameining fjögurra læknishéraða. Það liggur ekki fyrir okkur í fjvn. nokkur samþykkt um, að tvö læknishéruð hafi sameinazt í V.-Barðastrandarsýslu, en læknishéruðin í þeirri sýslu eru tvö, og það finnst ekki stafkrókur frá landlækni eða heilbrigðisstjórninni, en fjárlögin eru komin á lokastig. Og ég er hissa á jafnduglegum manni og hv. 9. þm. Reykv., sem er nú búsettur í þessu læknishéraði og hefur það fram yfir okkur hina, að hann skuli ekki hafa rætt við okkur í fjvn. um þetta mál og beðið n. að hraða því eða beðið n. að fá umsögn heilbrigðisyfirvaldanna í þessu máli. Þess vegna verð ég því miður að ætla, fyrst þessi vinnubrögð eru höfð á, — en vonandi er það röng tilgáta, — að þetta sé of mikil sýndarmennska en ekki sá áhugi, sem þyrfti að vera fyrir jafngóðu máli og hér er um að ræða. Við höfum vel getað rætt saman, þm. Vestf. og Hannibal Valdimarsson, um þau málefni, sem eru efst á baugi hverju sinni og miklu minni og lítilfjörlegri mál heldur en þessi, og það hefði verið mjög ákjósanlegt, að hann, sem einn okkar sat þennan fund, hefði snúið sér að 1. þm. Vestf. og sagt: Getum við ekki boðað hér til fundar, þm. Vestf., út af þessu máli? En hann gerði það ekki, blessaður. Já, forgangan er nú komin, þegar flutt er skrifleg till. hér á síðustu stundu við afgreiðslu fjárlaga.

Ég ætla svo ekki að ræða meira um þetta. En ég fór að lesa þessar brtt., sem liggja fyrir á þskj. 280, og mér varð starsýnt á till. frá hv. 2. þm. Reykn., Jóni Skaftasyni, þ. e. 2. lið b, til byrjunarframkvæmda við byggingu gagnfræðaskólahúss í Mosfellssveit, og ég fór til forseta og spurði, hvort Jón Skaftason mundi ekki mæla fyrir þessum till. sínum, sem hann flytur, — þær eru nokkuð margar, — og forseti sagði, að hann hefði ekki beðið um orðið, svo að ég bað þá um orðið, — það var áður en Hannibal Valdimarsson tók til máls. Ég ætlaði að spyrja flm. um það, hvað hann ætti við með till., til byrjunarframkvæmda við byggingu gagnfræðaskólahúss í Mosfellssveit 1 millj. og 500 þús. Mér kemur þessi till. í raun og veru á óvart, — ætlast hv. þm. til, að tveir gagnfræðaskólar verði byggðir í Mosfellssveit samtímis? Þannig stendur á, eins og þeir vita, sem hafa kynnt sér fjárlög ársins 1970, að það er veitt til byggingar gagnfræðaskóla á Varmá í Mosfellssveit, til framkvæmda 2 millj. 780 þús. Og við 2. umr. kom fram till. frá fjvn. um að veita til byggingar gagnfræðaskóla á Varmá 5 millj. 403 þús., svo að það eru komnar í byggingu þessa gagnfræðaskóla tæplega 8.2 millj. kr., en svo kemur hv. 2. þm. Reykn. og leggur til, að það verði byrjað að veita til byrjunarframkvæmda við skólann 1½ millj. Það getur vel verið, að það sé um einhvern misskilning hjá mér að ræða, að hann ætli sér að byggja þarna annan skóla, en ég tel, að það sé búið að veita anzi vel til þessa skóla á Varmá og eftir nákvæmlega sömu reglum og til annarra þeirra skóla, sem teknir hafa verið á framkvæmdastig.

Mér finnst ólíklegt, að þm. sé svo ókunnugur í sínu kjördæmi og fylgist svo illa með afgreiðslu fjárlaga, bæði á s. l. ári og eins það sem af er afgreiðslu fjárlaga á þessu ári, að þetta hafi virkilega getað farið fram hjá honum. Mér fannst rétt að þetta kæmi fram, en því miður er hv. 2. þm. Reykn. ekki viðstaddur.

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Það eru nokkrar viðbótarbreytingartill., sem fjvn. hefur leyft sér að flytja á þskj., sem búið er að leita afbrigða fyrir, en á því miður eftir að dreifa út á Alþ., en mun verða gert innan tíðar. Ég vil leyfa mér að gera í stuttu máli grein fyrir þessum viðbótartill. n.

Kemur þar fyrst brtt. við 4. gr. 401 15. Til að jafna aðstöðu nemenda í strjálbýli til framhaldsmenntunar. Þar leggur n. til, að í staðinn fyrir 12 millj. kr. komi 15 millj. Hér er um mál að ræða, sem er búið að ræða mikið í sambandi við afgreiðslu fjárlagafrv., bæði við 2. umr. málsins og aftur nú við 3. umr., og vænti ég, að hv. alþm. geti eftir atvikum fallizt á, að hér sé komið nokkuð á móti í þessum efnum, að fjárupphæðin verði 15 millj. í staðinn fyrir 12 millj., eins og í frv. er.

Þá hafði fallið niður eða láðst að ganga frá í prentun till., sem fjvn. var búin að ræða og samþykkja á fundum sínum, en það er við 1 04, landbrn., þ. e. töluliður 206, inn komi nýr liður; til kalrannsókna 1 millj. kr. Hér er um mál að ræða, sem ég hygg að allir séu sammála um, að sé og hafi verið mikið vandamál, og á sviði kalrannsókna munu enn um sinn verða viðfangsefni til rannsóknar og úrlausnar og er því talið nauðsynlegt, að þessi liður falli ekki niður úr fjárlögunum og er því till. um að verja 1 millj. kr. í þessu skyni.

Þá er till. við 4. gr., sjútvrn. 299, þar er lagt til, að inn komi nýr liður, þ. e. í viðfangsefninu 05 við þennan tölulið; til fiskiræktar í sjó 300 þús. kr. Þetta er m. a. samkvæmt tilmælum, sem komu frá Fiskifélagi Íslands. Við vitum það, að mikið er um það rætt, að gangi á hina ýmsu stofna nytjafiska hér við land, og það er vissulega þess vert, að hafizt sé handa um að koma á einhverri slíkri starfsemi, sem þessi till. felur í sér, þ. e. að komið verði á stað tilraunum með fiskirækt í sjó. Þessi fjárupphæð er í samræmi við þá beiðni, sem óskað var eftir.

Þá hefur láðst að taka inn í fjárlagafrv. eina stofnun, sem á þar að vera samkv. lögum, en það er umferðarráð. Á síðustu stundu, má segja, eða síðustu dögum komu tilmæli frá dómsmrn. um það að taka inn fjárveitingar í þessu sambandi og hefur orðið að samkomulagi að leggja til, að inn komi nýr liður 255 undir nafninu umferðarráð og þar er gert ráð fyrir, að launaliður verði upp á 450 þús. kr. og önnur rekstrargjöld verði jafnhá, 450 þús. kr., eða gjöld samtals 900 þús. kr.

Þá leggur n. til, að fengnum upplýsingum varðandi liðinn 4. gr. 1 09 384, þ. e. styrktarfé, að niður falli nöfn þriggja aðila, sem gert er ráð fyrir að fái styrk samkvæmt þessum lið, en samkvæmt nýjum upplýsingum eru þeir, sem hér er um að ræða, allir dánir.

Þá er till. n. við 5. gr. frv., þ. e. B-hluta fjárlagafrv., að inn verði tekin áætlun um rekstur Síldarverksmiðja ríkisins. Þessi áætlun barst ekki fyrr en nú nýlega, svo að hún var ekki með í prentun frv. á sínum tíma og náði því heldur ekki að koma með fyrri till. n. Hér er um yfirlit að ræða varðandi Síldarverksmiðjur ríkisins, sem fela í sér rekstrarhalla, sem nemur 25 millj. 413 þús. kr., en varðandi hraðfrystihús Síldarverksmiðja ríkisins er aftur á móti um rekstraráætlun að ræða, sem felur í sér 336 þús. kr. tekjuafgang. Að öðru leyti vil ég vísa til þess, sem fram kemur á þskj. varðandi einstaka liði í rekstri þessara stofnana.

Þá eru hér tveir liðir til viðbótar við 6. gr. frv., sem n. flytur, en það eru nýir liðir. Þ. e. í fyrsta lagi að heimila Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að greiða allt að 20 aurum af hverjum seldum eldspýtustokk til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra. Þetta er í samræmi við það, sem hér hefur verið rætt um varðandi að hætta að líma sérstaka miða á eldspýtustokkana, og til þess að greiðsla falli ekki niður eða tekjur innheimtist í þessu skyni til Styrktarfélagsins, þá er nauðsynlegt að samþ. þessa heimild, sem hér er lagt til.

Og loks er í öðru lagi till. um að selja prestssetur shúsin Hof í Vík í Mýrdal og Jónshús í Flatey á Breiðafirði.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég tók eftir því, að hv. 2. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, var dálítið úrillur hér áðan yfir því, að ég skyldi leyfa mér þann óskunda að bera fram till. um bráðaðkallandi nauðsynjamál í hans kjördæmi. Ég tek þetta nú ekki illa upp fyrir honum, hann er sjálfsagt orðinn þreyttur eftir störf fjvn. og þá getum við orðið úrillir, það get ég orðið líka. Og ég afsaka það nú með því, ég veit hver þrældómur hvílir á fjvn.-mönnum, þegar svona stendur á, eins og nú. Eitt sinn í gamla daga var ég í fjvn. og hef þess vegna af þessu persónulega reynslu.

En þær hnútur, sem hann sendi til mín varðandi þetta mál, hitta mig ekki. Ég var á fundi í mínu héraði fyrstu daga þessa mánaðar. Þeim fundi var stjórnað af sýslumanni Barðastrandarsýslu og auðvitað var það hans verk að senda út öll gögn og skjöl varðandi þau mál, sem þar voru afgreidd, en eitt af þeim málum var læknamiðstöðvarmálið, og það var öllum vitanlegt, að ef það átti að fá afgreiðslu á þessu þingi, eins og heimamenn á Patreksfirði virtust leggja mjög mikið upp úr, þá varð að hafa hraðan á að koma þeim gögnum frá sér í hendur réttra valdaaðila, heilbrmrh., landlæknis og svo þm. kjördæmisins. Og ég gat ekki látið mér detta í hug annað, af því nú er 17. desember, en að þetta hefði verið gert, fór að grennslast eftir þessu núna, þegar nálgaðist miðjan mánuðinn, 14.—15. þ. m. hjá landlækni. Því miður hafði landlæknir þá sjálfur verið sjúkur um sinn, en næsti maður hans, Benedikt Tómasson læknir,

hann sagði mér, að hann sæi þess hvergi merki, að þessi gögn hefðu komið. En það átti að vera nægilegt svigrúm til þess, að landlæknir væri búinn að gefa sína umsögn, væntanlega meðmæli með þessu máli.

Og um það vissi ég ekkert, hvernig málið hefði verið afgr. nú á síðustu fundum fjvn. Það gat ég ekki haft neina vitneskju um. Aðstaða okkar þm. til þess að neyta okkar þingmannsréttar við 3. umr. fjárlaga er nú slík, að við getum ekki séð, hvaða till. koma frá fjvn., fyrr en rétt í byrjun fundar. Þá fyrst förum við að setjast niður til þess að undirbúa okkar till. og þær eru ekki komnar úr prentun, þegar komið er að því að ræða þær. Þm. hafa þær ekki enn þá í höndum, þessar till. mínar, held ég. Þær eru ekki komnar úr prentun enn. Enda er að ljúka umr. um þær. Þetta er auðvitað ekki boðlegt þm. Þetta er jafnvel enn fáránlegra en það, þegar hæstv. ríkisstj. er að kasta stórkostlegum málum inn í þingið undir þinglok eða þingfrestun og fara fram á, að þau séu afgreidd án umhugsunar og umsvifalaust. Þetta eru ekki góð vinnubrögð, en mér gafst þó tóm til þess núna í byrjun fundarins að sjá það, að fjárveitingar eru teknar til læknamiðstöðvar í Borgarnesi 6 millj. kr., til Ísafjarðar, læknamiðstöðvar, 6 millj. kr. og á Egilsstöðum vegna læknamiðstöðvar 6 millj. kr. Því fannst mér einsætt, að það hlytu að vera einhver mistök þarna á eða viljaskortur, þar sem ekki væri tekin upp fjárveiting til læknamiðstöðvar á Patreksfirði, sem búið var að gera ályktun um heima í héraði og átti að vera búið að senda til heilbrmrh. og landlæknis, þannig að öll skilyrði væru fyrir hendi fyrir fjvn. til þess að afgreiða málið. Og einhver mistök hafa þarna orðið. Það er ekki hægt að tala um dugnað eða ódugnað minn í sambandi við þetta. Ég hef enga aðstöðu til þess að senda út bréf frá sýsluskrifstofunni á Patreksfirði.

Nú segir hv. þm., að það sé naumur tími. Það er vissulega naumur tími til allra skynsamlegra vinnubragða, þegar svona er að þeim staðið. En ég er nú ekki alveg að koma á þing núna í fyrsta skipti og ég veit til þess, að þegar mál hafa borið að undir 3. umr. fjárl., mál, sem ríkisstj. hefur borið fyrir brjósti, þá hefur verið haft svo mikið við að skjóta á fundi í fjvn. og taka ákvörðun um slík mál. Og þar sem þetta hefur oftar en einu sinni verið gert, þá er hægt að gera það nú, þess vegna. Nei, ég tel, að það væri æskilegt, að allt annar háttur væri hafður á um afgreiðslu fjárl. Þm. eiga vissulega rétt samkv. þingsköpum til þess að bera fram till. við mál á öllum stigum þess, þangað til umr. er lokið, og þann þingmannsrétt má ekki af okkur taka. Þá eru meir en lítil handaskol við afgreiðslu fjárl. Fram á síðustu stund á að vera frjálst að bera fram brtt. við frv., og þann rétt höfum við að sjálfsögðu notfært okkur hér eins fljótt og kostur var á. Það var ekki hægt að setjast við að semja till., fyrr en við sáum till. meiri hl. og minni hl. fjvn. Þetta var undireins gert, ráðstöfun gerð til þess að fá þær prentaðar og þær eru ekki komnar úr prentun enn, þegar við erum kannske að ljúka umr. um þær. Þetta vildi ég segja, og enn ítreka ég það, að ef nokkur möguleiki er til þess, að fjvn. geti tekið afstöðu til þessa máls, sem mjög er hliðstætt þeim málum, sem n. hefur afgreitt og gert till. um, þá mundi ég óska þess mjög eindregið, að það verði gert. Það mætti þá fresta umr., svo að fjvn. gæfist slíkt svigrúm, ekki aðeins vegna þessarar till., heldur annarra till., sem eiga fyllsta rétt á því að verða skoðaðar í n. En hér háttar svo, eins og hv. þm. Vestf. er kunnugt, að þarna er byrjað að ráðast í byggingarframkvæmdir, sem miðast við það, að þær séu áfangi í því að koma upp læknamiðstöð, og er þar, eins og ég áðan sagði, læknisbústaður á Patreksfirði í byggingu, sem samkv. l. um læknamiðstöðvar ætti að greiðast af ríkinu, og skiptir það Patrekshrepp nokkuð verulegu máli. Væri þá kannske öðrum heldur nær að berjast fyrir því að koma málunum þannig fyrir, eins og eðlilegt er, heldur en mér.

Forseti (BF): Forseti vill geta þess, að flm. að 3. lið till. á þskj. 280, þeir Björn Jónsson og Hannibal Valdimarsson, hafa fyrir ábendingu forseta breytt 2. tölul. till. þannig, að þar kemur nú talan 1800 þús. í stað 3 millj. kr. Forseti telur ekki þörf á að leita afbrigða fyrir þessari till., en fellst á fyrir sitt leyti, að till. liggi fyrir þannig breytt til umr. og afgreiðslu.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hv. 9. þm. Reykv., Hannibal Valdimarsson, hefur nú talað fyrir till., sem hann hefur flutt, en ekki er komin úr prentun, um 6 millj. kr. fjárveitingu til læknamiðstöðvar á Patreksfirði. Út af þessu hafa orðið hér umr., og hv. 2. þm. Vestf. hefur gert grein fyrir sinni skoðun í þessu máli.

Nú vil ég skýra frá því, að í gærkvöldi kl. hálf tíu barst mér express-bréf frá sveitarstjóranum á Patreksfirði og í því segir m. a.:

„Hreppsnefnd Patrekshrepps samþykkir, að skrifað verði öllum þm. Vestf. og þess eindregið óskað, að sett yrðu lög um læknamiðstöð á Patreksfirði á þessu þingi og fjárveiting í því tilefni verði sett á fjárlög komandi árs."

Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að bréfið kemur til mín kl. 9.30 í gærkvöldi, þegar fjvn. er búin að ljúka öllum sínum störfum, að bréfið er dagsett daginn áður, 15. desember, en samþykktin, sem hreppsnefndin gerði, var gerð 3. desember. Ég held, að hv. þm. hljóti nú að sjá, að við höfum ekki haft góð gögn í höndunum, þm. Vestfjarða, þó að við hefðum viljað verða við þessari beiðni, sem við erum allir sammála um, að sé mikil nauðsyn að koma á læknamiðstöð á Patreksfirði. Og ég tala fyrir hönd okkar þm. allra, því að við höfum borið okkar ráð saman, að við erum því allir fylgjandi og viljum styðja það mál, en við getum ekki stutt það núna, eins og sakir standa, af því að það vantar öll skilyrðin til þess, ekki aðeins það að samþykkja slíka till., heldur til þess að bera hana fram, og skal ég gera grein fyrir því nánar.

Patreksfjarðarlæknishérað hefur fyrir sitt leyti samþ., að komið verði á læknamiðstöð. En hitt læknishéraðið í Vestur-Barðastrandarsýslu, Bíldudalslæknishérað, hefur ekki samþykkt það nema með skilyrðum, m. a. skilyrðum um öruggar samgöngur að vetri til á milli þessara héraða. Hverjir eiga að fullnægja þeim skilyrðum? (HV: Heilbrigðismálastjórnin auðvitað.) Ég held, að það heyri undir samgrn., vegir í landinu. En hver sem á að gera það, það skiptir ekki neinu höfuðmáli, þá er ekki búið að fullnægja þessu. Þeim er ófullnægt, skilyrðunum til þessa. En það er ekki nóg með þetta, að læknamiðstöðin er ekki til enn, hún er ekki formlega til enn, heldur er það svo, að það munu engin gögn, a. m. k. engin fullnægjandi gögn, liggja fyrir hjá landlækni um þetta mál heiman að, og ég held, að ég hafi tekið svo eftir hjá hv. þm. áðan. Hann hefur spurzt fyrir um það á skrifstofu landlæknis og hann hefur fengið þau svör, að þau gögn fyndust ekki. (Gripið fram í.) Ætli þau séu komin enn? En það hefur engin kostnaðaráætlun verið gerð um læknamiðstöðina. Það held ég, að sé öruggt. Það er engin staðfesting heilbrmrn. fyrir því, að læknamiðstöðin sé samþykkt, sem ekki er von, því að þessi gögn vantar. Það held ég, að þm. hljóti að skilja, að við Vestf.-þm. höfum sannarlega áhuga á því að koma þessu máli fram, en hvernig eigum við að gera það, þegar svona er unnið að málinu? Ég held, að það hljóti allir að sjá, að það er útilokað. Það er ekki af óvilja okkar í garð læknamiðstöðvar á Patreksfirði og ætti ég að þekkja þetta alveg eins og hv. 9. þm. Reykv., þar sem ég á heima í næsta sveitarfélagi við Patreksfjörð. Okkur var ómögulegt að flytja nokkra till. um þetta núna vegna þess, hve gögnin voru ófullnægjandi, eða réttara sagt, þau voru engin, nema þetta eina bréf, og meira að segja það bréf er ekki komið til sumra Vestf.-þm. enn í dag. Þetta er ástæðan fyrir því, að það er erfitt fyrir okkur að samþykkja slíka till., sem væri alveg út í loftið. Að flytja till. um fjárveitingu til læknamiðstöðvar, sem er ekki til og alger vöntun á skilyrðunum til þess að geta veitt til hennar fé, það er til lítils. Hitt efast ég ekki um, áhuga hv. þm. í málinu. Hann þekki ég. En við erum allir sammála um þetta, Vestf.-þm., að þessi læknamiðstöð verði að koma upp. Og við munum vinna að því, að skilyrðunum sé fullnægt fyrst. Öðruvísi er þetta ekki hægt. Auðvitað eru hér mistök, eða við getum kallað það vettlingatök, hjá forustumönnunum fyrir vestan að undirbúa ekki málið betur en svona, senda þm. bréf daginn áður en á að ljúka atkvgr. um fjárlög og eftir að fjvn. hefur unnið sitt verk endanlega. Þetta held ég, að hv. þm. hljóti að skilja, og þeir munu þá sjá það, að við erum málinu fylgjandi, því máli, að komið verði upp sem allra fyrst læknamiðstöð á Patreksfirði. En við getum ekki unnið að málinu, þegar svona er í pottinn búið heima fyrir.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Við 2. umr. fjárl. bar ég fram nokkrar brtt. við fjárlagafrv. ásamt hv. 4. þm. Austf., 1. þm. Austf. og 5. þm. Austf. Þessar till. fjölluðu um fjárframlög til fyrirhleðslna og til hafnargerða á þremur stöðum á Austurlandi. Við atkvgr. eftir 2. umr. voru þessar till. teknar aftur í því skyni, að hv. fjvn. gæfist kostur á að athuga þau atriði, sem þarna voru borin fram. Nú kemur í ljós, að hv. fjvn. hefur tekið upp í till. sínar fyrirhleðslu við Hofsá í Álftafirði, sömu fjárhæð og við lögðum til, að veitt yrði í það verk, og vil ég fyrir mitt leyti þakka hv. fjvn. fyrir það. Hins vegar viljum við leyfa okkur að taka upp þessar till., sem teknar voru aftur eftir 2. umr., til þess að þessar till. komi til atkvgr. áður en fjárlög verða samþ., og þetta eru till. um framlag til fyrirhleðslu í Jökulsá á Dal, 200 þús. kr. og hækkað verði framlag til fyrirhleðslu í Norðurdalsá í Breiðdal upp í 100 þús. kr. Enn fremur, að veitt verði til hafnargerðar á Borgarfirði eystra 2 millj. kr., á Breiðdalsvík 2 millj. kr. og á Fáskrúðsfirði 1 millj. kr. Ég gerði grein fyrir þessum málefnum við 2. umr. og sé ekki ástæðu til að fara að endurtaka það eða lýsa þessum verkefnum nánar heldur en þá kom fram, en vísa aðeins til þess, sem ég tók fram um þetta við 2. umr.

Þá höfum við sömu þm. leyft okkur að bera fram till. til hækkunar á fjárveitingu til hafnargerðar á Djúpavogi, þannig að í stað 1100 þús. komi 4 millj. Það er nauðsynlegt að gera allverulegar hafnarbætur á Djúpavogi, og verður aðalverkefnið að gera garð nokkuð út frá höfninni, sem nú er, til skjóls og til viðlegu fyrir skip, sem athafna sig á hafnarsvæðinu. Þessar 1100 þús., sem gerð var till. um að veita í fjárl. af hv. fjvn., nægja engan veginn til þess að vinna þetta verk, heldur munu eingöngu hrökkva til þess að sprengja smásker eða klett, sem er til tafar og fyrirstöðu við að gera garðinn, og e. t. v. nægir þessi fjárhæð til þess að gera í höfninni einhverja dýpkun. Við teljum þörf á, að meira sé unnið að þessu verkefni og leyfum okkur því að bera fram þessa till. til hækkunar.

Og loks leggjum við til, að inn í kaflann um hafnargerðir bætist nýr liður, þ. e. til hafnarbóta á Reyðarfirði 3 millj. kr. Á Reyðarfirði hefur verið nokkur undirbúningur að því á undanförnum árum að gera nýtt átak í hafnargerð og fyrir nokkru var keypt efni til hafnargerðar í sambandi við þetta fyrirhugaða verk, en enn þá hefur ekki verið ráðizt í að nota það efni, sem keypt var, og berum við því fram þessa till. með það fyrir augum, að á næsta ári verði kleift að hefjast handa um þetta verk.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þessi efnisatriði við þessa umr.

Frsm. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 279 flytjum við í minni hl. fjvn. till. til breytinga á frv. um að hækka greiðslu vegna aðstöðumunar námsfólks til framhaldsnáms úr 12 í 25 millj. kr. og lýsti ég þeirri brtt. í ræðu minni í dag. Nú hefur orðið samkomulag í hv. fjvn. um að hækka þennan lið úr 12 millj. í 15 millj. kr. og enda þótt það sé allmiklu lægri fjárhæð heldur en við

fórum fram á, erum við þó sammála um það, minni hl., að það sé spor í rétta átt og hér hafi verið sýnd viljaviðleitni til að koma til móts við okkur og höfum við því staðið að flutningi þeirrar till., og leyfi ég mér því fyrir hönd minni hl. að lýsa því yfir, að við tökum til baka till. okkar á þskj. 279.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það gleður mig nú eins og aðra þm. að heyra, að hv. fjvn. hefur gert bragarbót nokkra að því er varðar fjárveitingu til þess að jafna aðstöðumun námsfólks í dreifbýli. En það sýnir, að það hefur verið skotið á fundi í fjvn. til þess að afgreiða mál núna á meðan á þingfundi stóð og virðist þá vera sannað mál, að þetta er mögulegt.

Varðandi svo það, sem hv. 1. þm. Vestf. sagði hér áðan um læknamiðstöðvarmálið á Patreksfirði, þá hef ég ekki borið fram nokkrar minnstu ásakanir í garð Vestf.-þm. fyrir að hafa ekki sinnt málinu, sízt af öllu eftir að þeir hafa upplýst, að svo slælega hefur verið eftir málinu fylgt heiman úr héraði, að þeim hefur aðeins sumum borizt bréfið um þetta nú, 14 dögum eftir að samþykkt er gerð heima í héraði um að fylgja málinu fram og 10 dögum eftir að almennur héraðsfundur um heilbrigðismál hefur gert samþykkt um að leggja málið einmitt í hendur réttra yfirvalda til að fá á því afgreiðslu á þessu þingi. En þetta upplýsist fyrst nú í umr. Ég gat ekki látið mér detta í hug, að svona slælega væri að málinu staðið um að koma gögnum um málið í hendur réttra manna. En nú er það upplýst og komin skýring á því, hvers vegna till. eru um einar þrjár aðrar læknamiðstöðvar, en þessi ekki tekin með þrátt fyrir það, þó að Vestf.-þm. væru í fjvn. Þeim hafa ekki verið send gögnin, 14 dögum eftir að samþykkt er gerð á Patreksfirði og einum 10 dögum eftir að samþykkt er gerð á almennum héraðsfundi allrar Vestur-Barðastrandarsýslu um heilbrigðismál. En þrátt fyrir það, þó að það sé nú upplýst, að svona hafi verið sofið á málinu, þá leggur það enga skyldu mér á herðar um að sofa með þeim hinum.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég vil taka undir þá gagnrýni, sem hér hefur komið fram á þessum afgreiðslumáta á fjárl. Það er mjög óþægilegt og nánast óviðunandi að fá ekki till. fjvn. fyrr en um leið og umr. byrjar og þurfa þá á engum tíma að setja sig inn í það, hvernig hún skilar af sér og gera sínar brtt. Þetta er alveg óviðunandi. Og það er auðvitað óþægilegt líka að tala fyrir skriflegum brtt., sem ekki hefur gefizt tími til að prenta. Það væri þó út af fyrir sig, en hitt finnst mér öllu verra.

En ég vil ásamt með þremur öðrum þm. úr Austurlandskjördæmi, Lúðvík Jósefssyni, Tómasi Árnasyni og Páli Þorsteinssyni, leyfa mér að flytja hér tvær brtt., sem báðar eru skriflegar. Hin fyrri er við 4. gr. 1 02 999 38 og er um dagheimili, byggingarstyrkir. Í sundurliðun (sbr. brtt. 268, 17) bætist nýr liður og samtala breytist samkv. því: 8. Eskifjörður 75 þús. kr.

Hin síðari er við 4. gr. líka, 1 08 381 03 bygging sjúkrahúsa o. fl. Í sundurliðun bætist við nýr liður á eftir a. 14, og samtala breytist samkv. því: Vopnafjörður, sjúkraskýli, 2 millj. kr.

Ég vil fara örfáum orðum um þessar brtt. Um fjárveitinguna til dagheimilis á Eskifirði vil ég aðeins geta þess, að Eskfirðingar hafa byggt myndarlegt dagheimili og okkur þykir eðlilegt, að þeir njóti nokkurs byggingarstyrks og leggjum því til, að það verði tekin upp 75 þús. kr. fjárveiting á viðkomandi lið fjárl. sem byggingarstyrkur til þessa dvalarheimilis.

Varðandi framlagið til sjúkraskýlisins á Vopnafirði vil ég fyrst geta þess, að heima fyrir hefur farið fram mikill undirbúningur vegna þessa máls. Það hafa verið gerðar áætlanir, byggingin teiknuð o. s. frv., heildarkostnaður áætlaður um 10 millj. kr., þar af í bygginguna sjálfa eitthvað um 6—7 millj. Heima fyrir hefur einnig farið fram annar undirbúningur og ekki þýðingarminni á þessu máli, þ. e. fjársöfnun. Ýmis félög og einstaklingar hafa lagt fram mjög verulegar fjárupphæðir í því skyni að standa straum af heimaframlagi til þessara framkvæmda, og heimamenn telja sig hafa handbærar um 2 millj. kr. til þessara hluta á næsta ári, ýmist sem framlög einstaklinga og félaga ellegar á annan hátt. Og það er eindreginn áhugi fyrir því heima á Vopnafirði að byrja þessar framkvæmdir nú í vor.

Í l. um sjúkrahús o. fl. er gert ráð fyrir því, að ríkið borgi ⅔ af byggingum af þessu tagi og heimaaðilinn um ⅓. Ég harma það, að hvorki ríkisstj. né fjvn. hefur tekið upp í frv. eða till. n. framlag til þessa máls. Við leggjum til, að veittar verði 2 millj. kr. og viljum jafnframt láta það koma fram, að með hliðsjón af heimafé, sem talið er að tiltækt verði um 2 millj. kr., og með hliðsjón af hlutföllunum, þá sýnist þetta ekki óeðlilega frekt í sakirnar farið. Ég vil að lokum minna á aðstöðu þessa héraðs, Vopnafjarðar, að því er varðar heilbrigðisþjónustuna. Þar háttar þannig til hvað samgöngur snertir, að austur eða suður á bóginn er nánast um ekkert samband að ræða að vetrinum, vegir bæði yfir Hellisheiði og Möðrudalsöræfi eru lokaðir löngum stundum, svo að það er útilokað að hafa nokkurt samband á þann veg um heilbrigðisþjónustu. Til norðurs er hins vegar haldið opnu eftir því, sem hægt er, en t. d. til Þórshafnar er yfir tvær heiðar að fara, og það hefur verið mjög strjált, sem læknir hefur setið á Þórshöfn, svo að þangað er ekki hjálp að sækja. Það liggur þess vegna alveg í augum uppi, að um alla næstu framtíð er það alveg óhjákvæmilegt, að héraðslæknir sitji á Vopnafirði. Það hafa öðru hverju verið miklir örðugleikar á því að ráða lækni til þessa héraðs, þó að nú sé það vel setið, og bygging sjúkraskýlis þýðir vitanlega stórbætta aðstöðu á staðnum og stóreykur þá um leið líkur fyrir því, að læknir fáist á þennan stað. Með hliðsjón af þessu og eins því, hversu vel er róið á það borðið, þar sem heimamenn halda um hlummana, þá vil ég mega vænta þess, að hv. þm. skoði vel hug sinn hvað þessa till. varðar. — Ég vil afhenda hæstv. forseta till. skriflega.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af einni brtt., sem við flytjum hér þm. Alþb. varðandi hækkun á bótum lífeyristrygginga almannatrygginganna. En það er 4. till. á þskj. 272. Í till. er ein prentvilla, eins og hún kemur fyrir á þessu þskj. Þar er gert ráð fyrir í till., að bætur lífeyristrygginga almannatrygginga verði hækkaðar frá því sem nú er um 33% og það áætlað, að nemi 175 millj. kr. En síðast í till. er gert ráð fyrir 210 millj. kr., sem er röng tala, en þar á að koma 175 millj. kr. og verður væntanlega leiðrétt í uppprentun.

Ég hafði við 2. umr. fjárlagafrv. rætt sérstaklega þessa till. okkar, sem gerir ráð fyrir allverulegri hækkun á fyrst og fremst örorku- og ellilaunum og öðrum skyldum bótum almannatrygginganna, en þá fluttum við till. um það, að þessar bætur yrðu hækkaðar um 40%. Sú till. náði ekki fram að ganga og við höfum því flutt till. um sama efni, en nokkru lægri nú en í hið fyrra skiptið, þar sem við gerum ráð fyrir, að þessar bætur hækki um 33%. Ég þarf ekki að bæta hér mörgum orðum við það, sem ég sagði um þetta mál almennt séð hér við 2. umr. málsins. Ég tel, að hér sé um mikið nauðsynjamál að ræða og með hliðsjón af því, sem nú er almennt að gerast hér í launamálum í landinu, tel ég, að það sé í rauninni ekki sæmandi af Alþingi að ganga svo frá fjárlagafrv. að þessu sinni, að ekki sé gert ráð fyrir a. m. k. þeirri hækkun, sem felst í till., til þessara lægst launuðu aðila í þjóðfélaginu.

Ég ítreka svo aðeins það, sem ég sagði um málið hér áður, og vænti þess nú, að þessi till. fáist samþykkt.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., en ég tel nauðsynlegt, að komi fram hér afstaða mín til einnar till., sem fyrir liggur, ekki hefur að vísu verið talað hér fyrir henni, en það skiptir út af fyrir sig ekki máli. Það er till. þess efnis að heimila ríkisstj. að veita ríkisábyrgð fyrir tiltekinni upphæð vegna fyrirtækis, sem nefnt er Blaðaprent h. f. Hér er um að ræða fyrirtæki, sem út af fyrir sig er allra góðra gjalda vert. Það er sameignarfyrirtæki fjögurra dagblaða, sem hafa slegið sér saman um það að koma upp prentsmiðju, og það hafa áður legið fyrir beiðnir til fjmrn. um það að beita sér fyrir ríkisábyrgð í þessu sambandi.

Það er vitanlega mjög æskilegt, að slíkt samstarf, sem hér er um að ræða, geti orðið milli blaða. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að það hefði verið hægt að koma upp þessu fyrirtæki án ríkisábyrgðar, og ég vil láta það koma hér fram, að ég er andvígur þessari till. Ég geri hins vegar ráð fyrir því, að till. verði samþ. — það standa að henni þrír flokkar þingsins — og ætla ég ekki að fara að efna til neinna umr. um málið annað en það, að ég tel rétt, að það liggi hér fyrir skjalfest, að ég er andvígur ábyrgðinni. Og ástæðan er, eins og menn hafa vafalaust gert sér grein fyrir, ekki sú, að ég sé andvígur fyrirtækinu, það er langt í frá, heldur sú að ég álít, að það hefði verið hægt að koma því upp án ríkisábyrgðar og það er hættulegt fordæmi, sem hér er skapað. Það hafa aldrei verið veittar ríkisábyrgðir í sambandi við prentsmiðjur, og ég sé ekki með góðu móti, hvernig á að einangra þetta mál þannig, að það verði ekki opnaður möguleiki fyrir því, að aðrir aðilar, sem koma sér upp prentverkum í landinu, geti komið til ríkissjóðs með alveg nákvæmlega sama rétti og þessir aðilar, sem hér er um að ræða, þó að þeir séu allra góðra gjalda verðir. Ég tek það fram, að ég er ekki að gagnrýna þá á neinn hátt og tel, að skynsamlega sé að málum unnið að efna til þessa samstarfs. En það gætu fleiri efnt til slíks samstarfs og komið sér upp prentsmiðju, sem gæti leitt til þess, að það væri óhjákvæmilegt að taka afleiðingunum af þeirri stefnu, sem yrði hér mörkuð, ef þessi till. verður samþ., og veita slíka ábyrgð. Þess vegna tel ég nauðsynlegt, að þessi skoðun mín komi hér fram.

Það var aðeins svo eitt atriði. Það var aths. hv. 3. þm. Austf. um, að skorti í fjárlagafrv. fjárhagsáætlun fyrir Rafmagnseftirlit ríkisins. Það var ósköp eðlilegt, að hann gerði slíka aths., vegna þess að slík fjárhagsáætlun er þar ekki sjáanleg, en ég vil aðeins taka það fram, að hún er innifalin í fjárhagsáætlun Orkustofnunar. Það er gert samkv. sérstakri ósk Orkustofnunar og þess rn., sem hún heyrir undir. Það kann vel að vera, að það hefði verið eðlilegt, og ég get vel á það fallizt, að um þessa stofnun væri gerð sérstök fjárhagsáætlun, en þetta tel ég rétt, að komi fram, að hér er ekki um gleymsku að ræða, heldur var þetta fyrirkomulag haft á fjárhagsáætlun þessarar tilteknu stofnunar.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það var aðeins í tilefni af þessum ummælum hæstv. fjmrh. varðandi heimild eða till. um heimild til ríkisábyrgðar fyrir Blaðaprent h. f. Það kom skýrt fram, að hæstv. ráðh. er andvígur till. í sjálfu sér, en ég vildi nú mega vænta þess, að það lægi þá einnig líka ljóst fyrir, að hann mundi notfæra sér þessa heimild, ef meiri hl. Alþ. samþykkir að veita heimildina, vegna þess að að sjálfsögðu mundi till. verða öðruvísi orðuð, að ég tel, ef það væri meining hæstv. ráðh., þar sem hann er á móti efni málsins, að hann vildi ekki nota sér þessa heimild. Ég sem sagt vil skilja það svo, að verði meiri hl. Alþ. með till., mundi hann notfæra sér heimildina, þrátt fyrir þá afstöðu, sem hann hefur lýst til málsins, ef ekki kemur fram annað hér frá hans hálfu.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég vil enga sérstaka yfirlýsingu gefa í því sambandi, hvort ég muni nota heimildina eða nota hana ekki. Það fer auðvitað alveg eftir atvikum, og þó að ég segði þessa skoðun mína hér, þá felst heldur ekki í því, að ég muni ekki nota heimildina. En það vantar margt í þetta efni til að gera það upp við sig, hvort heimild er notuð eða ekki, og það geta verið margar heimildir samþykktar í fjárl., sem ekki eru notaðar, vegna þess að það vantar skilyrði til þess að slíkt sé hægt. Ég t. d. tel ekki koma til mála að nota þessa

heimild nema því aðeins, að það sé hægt að setja öruggar tryggingar fyrir þeirri ríkisábyrgð, sem hér er um að ræða, og hér sé eðlilegt kostnaðarhlutfall af heildarkostnaði þess fyrirtækis, sem hér á hlut að máli, og ýmis önnur slík atriði, sem koma til greina, þannig að ég tel ekki tímabært á þessu stigi að vera að gefa neina yfirlýsingu um það, hvorki til né frá.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það er ein till. hér á þskj. 284, sem ekki hefur verið mælt fyrir enn þá, VI, sem er flutt af mér. Í till. fjvn. í fjárl. er gert ráð fyrir nokkurri fjárveitingu, raunar tveim fjárveitingum, annarri til styrktar dagblöðum og hinni til kaupa á dagblöðum. Dagblöð eru eingöngu gefin út í Reykjavík og má raunar geta þess, að þetta með kaupin, að ég ætla, tekur einnig til eins vikublaðs, sem gefið er út í Reykjavík. En mér finnst ekki eðlilegt, að þessi aðstoð sé eingöngu bundin við þessi blöð, sem öll koma út í Reykjavík, heldur séu einnig möguleikar til þess, að blöð, sem koma út reglulega og fjalla um þjóðmál en gefin eru út utan Reykjavíkur, geti einnig fengið nokkra aðstoð og að af þeim verði keyptur ákveðinn eintakafjöldi, en að vísu lægri en gert er ráð fyrir, að keyptur sé af dagblöðunum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 19. fundi í Sþ., 18. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 237, n. 258, 242, 268, 272, 279, 280, 284, 286).

ATKVGR.

Brtt. 268, 1—5 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 280, I felld með 32:18 atkv.
— 242 felld með 32:28 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EðS, EÁ, TÁ, GeirG, GilsG, GíslG, HS, HV, IG, JK, JSk, JónasÁ, KGuðj, LJós, MK, ÓlJ, PÞ, SE, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BGuðbj, BFB, BJ, BP.

nei: EggÞ, EmJ, FÞ, GeirH, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JónÁ, JÁH, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, GHG, PJ, ÞG, SI, StG, SvG, SvJ, AuA, AJ, ÁS, BGr, BK, EKJ, BrS, BF.

Brtt. 268, 6—7 samþ. með 56 shlj. atkv.
— 279 tekin aftur.
— 286, I samþ. með 60 shlj. atkv.
— 280, II. 1 felld með 32:22 atkv.
— 272, I felld með 32:22 atkv.
— 280, II. 2. a felld með 32:24 atkv.
— 280, II. 2.b tekin aftur.
— 268, 8—12 samþ. með 59 shlj. atkv.
— 280, III. 1 felld með 32:23 atkv.
— 268, 13—14 samþ. með 58 shlj. atkv.
— 286, II felld með 32:21 atkv.
— 268, 15—17 samþ. með 58 shlj. atkv.
— 286, III felld með 32:26 atkv.
— 280, III. 2 felld með 32:21 atkv.
— 272, II samþ. með 59 shlj. atkv.
— 268, 18—22 samþ. með 59 shlj. atkv.
— 280, III. 3 felld með 32:9 atkv.
— 268, 23—24 samþ. með 56 shlj. atkv.
— 286, IV samþ. með 55 shlj. atkv.
— 268, 25—26 samþ. með 57 shlj. atkv.
— 286, V felld með 32:23 atkv.
— 268, 27—28 samþ. með 59 shlj. atkv.
— 280, III. 4 felld með 32:22 atkv.
— 284, I. 1 felld með 31:26 atkv.
— 268, 29 samþ. með 58 shlj. atkv.
— 284, I. 2 felld með 32:23 atkv.
— 280, III. 5 felld með 32:13 atkv.
— 268, 30—31 samþ. með 58 shlj. atkv.
— 284, II felld með 31:19 atkv.
— 284, III felld með 32:22 atkv.
— 280, III. 6 felld með 32:24 atkv.
— 286, VI. 1 samþ. með 58 shlj. atkv.
— 268, 32 samþ. með 55 shlj. atkv.
— 286, VI. 2 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 268, 33—36 samþ. með 60 shlj. atkv.
— 272, III. 1 felld með 32:26 atkv.
— 268, 37 samþ. með 55 shlj. atkv.
— 272, III. 2 felld með 32:25 atkv.
— 286, VII. 1 felld með 31:25 atkv.
— 268, 38 samþ. með 54 shlj. atkv.
— 286, VII. 2 felld með 31:10 atkv.
— 268, 39 samþ. með 55 shlj. atkv.
— 280, III. 7 felld með 33:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁB, BFB, BJ, BP, EðS, GíslG, HV, IG, JK, JSk, JónasÁ, KGuðj, LJós, MK, ÓlJ, SE, SV, SP, VH, ÞÞ.

nei: AuA, AJ, ÁS, BGr, BK, BGuðbj, EKJ, BrS, EggÞ, EmJ, FÞ, GeirH, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JónÁ, JÁH, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, GHG, PJ, ÞG, SI, StG, SvG, SvJ, BF.

ÁÞ, EÁ, TÁ, GeirG, GilsG, HS, PÞ greiddu ekki atkv.

Brtt. 272, IV felld með 32:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EðS, EÁ, TÁ, GeirG, GilsG, GíslG, HS, HV, IG, JK, JSk, JónasÁ, KGuðj, LJós, MK, ÓlJ, PÞ, SE, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BGuðbj, BFB, BJ.

nei: EggÞ, EmJ, FÞ, GeirH, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JónÁ, JÁH, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, GHG, PJ, ÞG, SI, StG, SvG, SvJ, AuA, AJ, ÁS, BGr, BK, EKJ, BrS, BF.

BP greiddi ekki atkv.

Brtt. 268, 40 samþ. með 56 shlj. atkv.
— 286, VII. 3 felld með 33:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, BJ, HV, KGuðj, ÓlJ.

nei: SI, StG, SvG, SvJ, AuA, AJ, ÁS, BGr, BK, EKJ, BrS, EggÞ, EmJ, FÞ, GeirH, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JónÁ, JÁH, JÞ, JP, JR, MJ, MK, MB, MÁM, GHG, PJ, ÞG, BF.

SE, SV, SP, VH, ÁÞ, ÁB, BGuðbj, BFB, BP,

EðS, EÁ, TÁ, GeirG, GilsG, GíslG, HS, IG, JK, JSk, JónasÁ, LJós, PÞ greiddu ekki atkv.

Tveir þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Við Vestfjarðaþm. erum einhuga um það að veita væntanlegri læknamiðstöð á Patreksfirði stuðning okkar, eins og með þarf, m. a. með fjárveitingum á fjárlögum, þegar til þess kemur. En til þess að læknamiðstöð verði stofnuð, þurfa tvö eða fleiri læknishéruð að sameinast um hana. Í Vestur-Barðastrandarsýslu eru tvö læknishéruð. Annað þeirra, Patreksfjarðarlæknishérað, hefur þegar samþykkt aðild sína að þessari læknamiðstöð. En hitt héraðið, Bíldudalslæknishérað, hefur ekki gert það. Það hefur hins vegar sett fram skilyrði fyrir samþykki sínu, en þeim skilyrðum hefur ekki verið fullnægt. Af þessum ástæðum hefur landlæknir ekki getað lagt til, að læknamiðstöðin verði stofnuð né hefur heilbrmrn. aðhafzt neitt vegna þessara ástæðna, að samstaða er ekki heima fyrir um málið. Þar sem þessi læknamiðstöð er þess vegna ekki til, þá læt ég þessa till. hlutlausa og greiði ekki atkv.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég er samþykkur því, að læknamiðstöð verði stofnuð á Patreksfirði, en með tilliti til þess, að ekkert formlegt erindi hefur borizt til heilbrigðisstjórnarinnar og fjvn. um þessa læknamiðstöð, og ekki er vitað, hvort miðstöðin á að ná til eins eða tveggja læknishéraða, þá sé ég ekki, að hægt sé að veita framlag til framkvæmda, sem ekki hefur verið sótt um og þar af leiðandi engin athugun farið fram hjá þeim aðilum, sem um málið eiga að fjalla lögum samkv., og segi ég því nei.

Brtt. 286, VIII felld með 32:25 atkv.
— 268, 41—44 samþ. með 58 shlj. atkv.
— 286, IX felld með 32:27 atkv.
— 268, 45—46 samþ. með 58 shlj. atkv.
— 284, V felld með 32:28 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EðS, EÁ, TÁ, GeirG, GilsG, GíslG, HS, HV, IG, JK, JSk, JónasÁ, KGuðj, LJós, MK, ÓlJ, PÞ, SE, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BGuðbj, BFB, BJ, BP.

nei: EggÞ, EmJ, FÞ, GeirH, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JónÁ, JÁH, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, GHG, PJ, ÞG, SI, StG, SvG, SvJ, AuA, AJ, ÁS, BGr, BK, EKJ, BrS, BF.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Auðvitað hefði ég kosið, að hv. fjvn. hefði séð sér fært að gera till. um tvöföldun framlagsins, eins og það er ákveðið í lögum um gæzluvistarsjóð, sem er 7½ millj. kr. En með tilvísun til þess, að umtalsverð hækkun hefur þó fengizt með till. n. í 12 millj. kr. og vonir standa til, að rekstrarútgjöldum verði létt af sjóðnum, þannig að fjárráð sjóðsins ættu að vera næg til þess að undirbúningur væri nú þegar hafinn af fullum krafti að byggingu hælis fyrir áfengissjúklinga, segi ég nei.

Brtt. 268, 47—48 samþ. með 59 shlj. atkv.
— 286, X samþ. með 58 shlj. atkv.
— 268, 49 samþ. með 58 shlj. atkv.
— 284, VI. a felld með 38:11 atkv.
— 268, 50—51 samþ. með 54 shlj. atkv.
— 284, VI. b felld með 34:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GilsG, GíslG, HV, IG, JK, JSk, JónasÁ, KGuðj, PÞ, SV, SP, VH, ÁÞ, ÁB, BGuðbj, BFB, BJ, BP, EÁ, GeirG.

nei: GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JónÁ, JÁH, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, GHG, ÓlJ, PJ, ÞG, SI, StG, SvG, SvJ, AuA, AJ, ÁS, BGr, BK, EKJ, BrS, EggÞ, EmJ, TÁ, FÞ, GeirH, BF.

HS, LJós, MK, SE, ÞÞ, EðS greiddu ekki atkv.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég er samþykkur því að greiða blöðum úti á landi styrk hliðstæðan þeim, sem dagblöðum er greiddur að þessu leyti. En með þessari till. er ekki gert ráð fyrir því að hækka fjárveitinguna í þessu skyni, og vegna þess greiði ég þessari till. ekki atkv. og sit hjá við atkvgr.

Brtt. 268, 52—53 samþ. með 53 shlj. atkv.
— 286, XI samþ. með 56 shlj. atkv.
— 272, V samþ. með 53 shlj. atkv.
— 268, 54 samþ. með 56 shlj. atkv.
— 280, IV. 1 felld með 32:19 atkv.
— 284, IV. 1. a—b tekin aftur.
— 286, XII felld með 32:22 atkv.
— 268, 55 samþ. með 55 shlj. atkv.
— 272, VI felld með 32:17 atkv.
— 284, IV. 2 felld með 32:21 atkv.
— 280, IV. 2 felld með 32:19 atkv.
— 268, 56 samþ. með 58 shlj. atkv.
— 286, XIII felld með 32:24 atkv.
— 280, IV. 3 felld með 32:16 atkv.
— 286, XIV. 1 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 272, VII felld með 32:28 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BGuðbj, BFB, BJ, BP, EðS, EÁ, TÁ, GeirG, GilsG, GíslG, HS, HV, IG, JK, JSk, JónasÁ, KGuðj, LJós, MK, ÓlJ, PÞ, SE, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB.

nei: EKJ, BrS, EggÞ, EmJ, FÞ, GeirH, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JónÁ, JÁH, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, GHG, PJ, ÞG, SI, StG, SvG, SvJ, AuA, AJ, ÁS, BGr, BK, BF.

Brtt. 268, 57—58 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 286, XIV. 2 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 272, VIII samþ. með 33:22 atkv.
— 268,59 samþ. með 53 shlj. atkv

Frv., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 299).

13. Verðlagsmál.

Á 17. fundi í Sþ., 15. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. um verðlagsmál, nr. 86 frá 31. des. 1968 [178. mál] (stjfrv., A. 252).

Á 31. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Síðan gildandi lög um verðlagsmál voru sett 1968, hefur umboð verðlagsnefndar verið lögfest fyrir eitt ár í senn. Samkv. gildandi l. mundi því umboð verðlagsnefndar falla niður í desemberlok, ef ekki yrði gerð breyting á l. og umboð n. framlengt um eitt ár til viðbótar. Það eitt er efni þessa frv. að framlengja umboð núv. verðlagsnefndar til ársloka 1971.
Hliðstætt frv. var borið fram á síðasta Alþ. og var þá ágreiningslaust alveg og ekki vísað til n. Ég tel efni þessa máls vera alveg augljóst og enga ástæðu til þess að ætla, að um það sé ágreiningur nú frekar en áður, og leyfi mér því, herra forseti, að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr., en sé ekki ástæðu til að leggja til, að því verði vísað til n.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 33. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 36. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta mál er komið frá hv. Nd., þar sem það var samþ. með shlj. atkv., án þess að því væri vísað til n. Efni málsins er mjög einfalt. Síðan gildandi lagaákvæði um núv. skipan verðlagsnefndar gengu í gildi og voru fyrst samþ., hafa þau ávallt verið sett til eins árs í senn. Að óbreyttum lögum mundi því umboð verðlagsnefndar falla niður 31. des. n. k. Er vonandi enginn ágreiningur um, að eðlilegt sé, að n. haldi umboði sínu á næsta ári — á árinu 1971, og er það efni þess frv., að svo skuli vera — annað ekki.
Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. Ég sé ekki ástæðu til að vísa málinu til n. vegna þess, hversu einfalt málið er í eðli sínu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 300).

---

14. Vegalög (stjfrv.).

Á 16. fundi í Sþ., 10. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 23 16. apríl 1970 [170. mál] (stjfrv., A. 233).

Á 29. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr. um breyt. á vegalögum, hafa þm. haft til athugunar um tveggja vikna skeið. Hv. þm. er því ljóst, hvað hér er um að ræða. Ég hef rætt við þm. um þetta mál, stjórnarflokkana og stjórnarandstöðuna, og hef ástæðu til að ætla, að samkomulag verði um þá tekjuöflun, sem í frv. felst. Gert var ráð fyrir hækkun á benzíni og þungaskatti, þegar verðstöðvunarlögin voru sett, og þeim áhrifum á vísitöluna, sem af hækkuninni leiða. Kom það fram í umr. um verðstöðvunarlögin í hv. Alþ. Tekjuaukinn, sem lagt er til að lögfesta, fer til vegaframkvæmda, þ. e. til nýbygginga hraðbrauta, þjóðbrauta, landsbrauta og til viðhalds vega. Frá því að vegáætlunin var samin, hafa orðið breytingar á verðlagi og kauptöxtum, og er þess vegna ekki við því að búast, að vegáætlunin, eins og hún nú er, geti staðizt, nema auknar tekjur komi til. Tekjur Vegasjóðs hafa reynzt lægri en áætlað var, en útgjöldin aukizt vegna verðbreytinga og kaup-

hækkana. Ástæðurnar til þess, að tekjurnar hafa reynzt minni, eru aðallega þær, að innflutningur bifreiða árið 1969 var miklu minni en áætlað var.

Frv. þetta felur í sér nokkra breytingu á vegáætlunarkerfi því, sem gilt hefur frá 1964, og einnig nokkrar breytingar, sem nauðsynlegt er að gera í sumum tilfellum að fenginni reynslu. Gert er ráð fyrir, að sala á benzíni verði 77.9 millj. lítra á árinu 1971. Er lagt til, að innflutningsgjald af benzíni verði hækkað um 2.20 kr. — úr 5.67 kr. af hverjum lítra í 7.87 kr. Gefur sú hækkun Vegasjóði í auknar tekjur 171.4 millj. kr. Þá er lagt til, að þungaskattur bifreiða verði hækkaður um 50%, og gefur það í auknar tekjur á árinu 1971 65.9 millj. kr. Framlag ríkissjóðs er samkv. frv. 47 millj. kr. Þetta verða samtals 284.3 millj. kr., en það er sú aukna tekjuþörf, sem Vegasjóði er nauðsynlegt að fá til þess, að vegáætlunin standist og unnt verði að láta verulega upphæð til nýbygginga í landsbrautum, hraðbrautum og þjóðbrautum og standa við þær skuldbindingar, sem gerðar hafa verið vegna annarra framkvæmda, sem unnið er að. Samkv. endurskoðaðri tekjuáætlun Vegasjóðs reynast tekjurnar 29 millj. kr. lægri en gildandi vegáætlun segir til um, og er gert ráð fyrir, að tekjurnar samkv. endurskoðaðri áætlun verði 599.5 millj. kr. Verði frv. þetta lögfest og tekjur Vegasjóðs auknar um 284.3 millj. kr., hefur Vegasjóður til ráðstöfunar á árinu 1971 883.8 millj. kr. auk þeirra lána, sem tekin verða. Má því segja, að tekjur Vegasjóðs á einu ári séu auknar allmyndarlega, og gerir það mögulegt að vinna myndarlega í hraðbrautum, þjóðbrautum og landsbrautum auk þess, sem fært er að halda gildandi vegáætlun þrátt fyrir minnkandi tekjur undanfarið samkv. eldri áætlun og hækkanir á verðlagi og kaupgjaldi. Á árinu 1972 er tekjuþörfin nokkru minni en 1971, eins og fram kemur í fskj. með frv., og er gott til þess að vita, að nokkur varasjóður myndast, sem hægt væri að grípa til, ef halli verður á árinu 1970 eða 1971, sem mætti þá ýta á undan sér og greiða með tekjum, sem til falla á árinu 1972.

Fái Vegasjóður þær viðbótartekjur, sem hér er lagt til, mundi þeim verða ráðstafað að mestu leyti, eins og hér er greint:

Stjórn og undirbúningur framkvæmda, þ. e. launagreiðslur, skrifstofukostnaður og annað, mun hækka um 6.3 millj. kr. á árinu frá fyrri áætlun og verða 31.1 millj. kr. Viðhald þjóðvega, þ. á m. rekstur vélar, sem keypt verður til mölunar á efni í ofaníburð, mun hækka um 39.4 millj. kr., og verður viðhaldsfé þá á árinu 1971 354.2 millj. kr. Til nýrra þjóðvega verður hækkunin 25.4 millj. kr., og verður þá sá liður 255.9 millj. kr. Til brúargerða verður hækkunin 8.7 millj. kr., og verður fé til brúa 57.7 millj. kr. Til sýsluvega verður hækkun um 6.7 millj. kr. og framlag til sýsluvega því samtals 25.2 millj. kr. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum verður hækkunin 21.6 millj. kr. og fé til kaupstaða og kauptúna því samtals 87.7 millj. kr. Til tilrauna í vegagerð hækkar framlagið um 0.2 millj. kr. og verður því samtals 3.3 millj. kr. Halli á vegáætlun 1969 — 25.2 millj. kr. — verður greiddur á árinu. Auk þess kemur nýtt framlag til þjóðbrauta og landsbrauta samkv. frv. 39.2 millj. kr. Þá er hækkun vegna nýrra skuldbindinga, þ. e. hraðbrautarframkvæmda upp á 73.6 millj. kr., þjóð- og landsbrauta samkv. Vestfjarðaáætlun 2.6 millj. kr., vegna Skeiða- og Þjórsárdalsvegar 1.9 millj. kr. og Landvegar 1.8 millj. kr. Lækkun tekna á vegáætlun samkv. endurskoðun 29 millj. kr. Þegar þetta er upp talið kemur sú upphæð, sem áður er nefnd, þ. e. 883.8 millj. kr., sem verður til ráðstöfunar á árinu 1971.

Till. til vegáætlunar fyrir árið 1971 verður lögð fram, þegar þing kemur saman eftir áramót, til þess að skipta því fé og samþykkja áætlun fyrir það ár miðað við þær tölur, sem hér er um að ræða. Áætlunartekjur Vegasjóðs á árinu 1971—1972 eru byggðar á tekjuspá samkv. bifreiðaeign landsmanna og því, sem áætlað er, að þeim fjölgi á þessum árum. Á árinu 1970 er mjög mikill innflutningur bifreiða, og rennir það stoðum undir það, að tekjur ársins 1970 verði ekki minni eða litlu minni en áætlað hafði verið samkv. gildandi vegáætlun. Þá er einnig reiknað með miklum innflutningi bifreiða á árinu 1971 og 1972. Samkv. útgefinni bifreiðaspá er gert ráð fyrir, að á árinu 1970 séu bifreiðar 45292, 1971 48791 og 1972 52519, og eru þá 190.4 bifreiðar á þúsund íbúa 1970, 204.6 1971 og 219.5 1972. Má þá segja, að Ísland sé komið í tölu þeirra þjóða, sem eiga flestar bifreiðar, og er út af fyrir sig ekki nema eðlilegt, þar sem engar járnbrautir eru í landinu og bifreiðar svo að segja eina samgöngutækið.

Benzínverð og þungaskattur hækka allmikið samkv. því, sem hér er lagt til. Má reikna með, að eftir hækkunina verði benzínverðið kr. 15.60—15.70 fyrir hvern lítra. Benzínverð hér eftir hækkunina verður þó allmiklu lægra en gerist í nágrannalöndunum. Í Noregi er benzínverð nú sem svarar 18.50 kr., og í Svíþjóð mun það verða sem svarar nærri 19 kr. eftir þá hækkun, sem nú er fyrirhuguð þar. Þannig mætti nefna fleiri nágrannalönd, sem hafa hærra benzínverð en Ísland eftir þá hækkun, sem nú er fyrirhuguð. Það má segja, að það sé ekki ástæða til að vera að bera benzínverð saman við það, sem gildir í nágrannalöndunum. Þess má þó geta, að þar er færð sú ástæða fyrir benzínhækkun, sem einnig hlýtur að verða færð hér, en ástæðan er sú, að til veganna þarf meira fjármagn, til þess að þeir verði í því horfi, sem almenningur óskar eftir, og það er ljóst, að annaðhvort verður að auka tekjur Vegasjóðs og stuðla að því, að vegirnir batni, eða láta framkvæmdir og framfarir í vegagerð í landinu bíða, en njóta lága verðsins á benzíni og þungaskatti áfram. Það munu þó flestir vera sammála um, að sá kosturinn sé betri að borga nokkru meira fyrir benzínið og hærri þungaskatt til þess að fá betri vegi, því að það muni þegar til lengdar lætur borga sig, með því að eldsneytisnotkunin verður minni og minna slit á bíl-

unum, þegar ekið er eftir sæmilegum vegum en mjög lélegum vegum. Sé miðað við, að benzínverðið verði 15.70 kr. eftir hækkunina, þarf jafnmargar mínútur til þess að vinna fyrir benzínlítranum 1971 og fyrri hluta ársins 1970. Má segja, að kaupmáttur til benzínkaupa verði svipaður 1971 og var áður.

Þungaskattur verður þrátt fyrir þessa hækkun mun lægri en í nágrannalöndunum, en hægast er að bera sig saman við Noreg, sem hefur sams konar gjaldmæla í dísilbifreiðum og við höfum nú upp tekið. Eigi að síður munu margir telja, að þessi hækkun á þungaskatti sýnist vera hlutfallslega mun meiri en benzínhækkunin. En þess ber að geta, að benzínið hefur verið hækkað áður, án þess að þungaskatturinn væri hækkaður, og má segja, að hlutfallið eftir þessa hækkun verði mjög líkt því, sem það var 1963, þegar vegalögin voru sett. Þungaskatturinn er ekki mjög stór hluti af útgerðarkostnaði dísilbifreiða. Við ákvörðun almenns taxta vöru- og sérleyfisbifreiða er þungaskatturinn nú veginn sem 3% í sérleyfisbifreiðataxtanum og 4.55% í vörubifreiðataxtanum. Í sértaxta fyrir vörubifreiðar í samningum Vegagerðarinnar og Landssambands vörubifreiðastjóra vegur þungaskatturinn um 5%. Eftir hækkun verða tilsvarandi tölur 4.5% og 7.5% að öðru óbreyttu. Að öðrum liðum óbreyttum verður þungaskattur á km eftir hækkun: Hjá vörubifreiðum — miðað við 6 tonna hlassþunga — er almennur taxti fyrir breytingu 0.97 kr. á km, en eftir breytingu 1.45 kr. á km, og hjá sérleyfisbifreiðum — 30 sæta og 50% sætanýting — fyrir breytingu 1.50 kr. á km, en eftir breytingu 2.25 kr. á km. Hækkun þungaskatts benzínbifreiða er þannig, að nú eru greiddar 72 kr. fyrir hver full 100 kg, en eftir breytinguna 108 kr. fyrir hver 100 kg. Dísilvörubifreiðar hafa nú fengið gjaldmæla, og var skatturinn á s. l. sumri miðaður við, að tekjur Vegasjóðs í heild yrðu hinar sömu og áður, en þá var miðað við 30 þús. km meðalakstur á ári. Margir töldu sig ekki aka meira en 10—15 þús. km á ári, en urðu eigi að síður að greiða fullan þungaskatt. Með því að hafa gjaldmæla í bifreiðunum er þungaskattur greiddur í réttu hlutfalli við notkun bifreiðanna. Afleiðingin verður sú, að margir greiða mun minni þungaskatt en áður þrátt fyrir þá hækkun, sem hér er gert ráð fyrir að lögfesta, en aðrir, sem aka meira, greiða hærri skatt. Verður það að teljast eðlilegt og í samræmi við það, að þeir, sem aka benzínbifreiðum, borga nú tiltölulega miklu meira til veganna en hinir.

Þungaskattur og benzínskattur eru á lagðir til þess að afla Vegasjóði tekna og til þess ætlazt, að þeir, sem nota vegina mest, greiði hæst gjald til veganna. Samkv. yfirlitsáætlun Efnahagsstofnunarinnar þarf fjáröflun til hraðbrauta að nema 75.5 millj. kr. árið 1971 og 86.5 millj. kr. árið 1972 til þess að greiða að fullu innlendan kostnað á móti láni Alþjóðabankans. Er í þessari áætlun Efnahagsstofnunar gert ráð fyrir því, að það fjármagn, sem á vantar til greiðslu hraðbrautaframkvæmda á árinu 1969 og 1970, verði greitt með innlendu láni til 15 ára að upphæð tæplega 150 millj. kr., og eru greiðslur vaxta og afborgana af því láni teknar með í þeim útreikningum, sem þessi áætlun er byggð á. Lán hafa nú fengizt í Alþjóðabankanum til hraðbrautaframkvæmda og vélakaupa, sem nema 4.2 millj. dollara. Lán þessi eru tekin samkv. heimild í vegáætlun, og verður 320 millj. kr. varið til hraðbrautaframkvæmda og 45 millj. kr. til vélakaupa fyrir Vegagerðina. Lán þessi eru talin hagstæð. Þau eru til 20 ára og afborgunarlaus fjögur fyrstu árin. Áætlað er að ljúka gerð hraðbrauta austur að Selfossi og upp í Kollafjörð á árinu 1972. Það hefur stundum verið talið hæpið að taka erlent lán til vegagerðar, en aðrir telja það mjög hagkvæmt, þar sem arðgjöf af hraðbrautum sé mjög mikil, þar sem umferðin er mest. Þannig er samkv. Hansaáætluninni talið, að á leiðinni Reykjavík-Kollafjörður sé 48% arðgjöf árlega miðað við, að vegurinn verði með varanlegu slitlagi og góður yfirferðar, og vegurinn austur að Selfossi með 28% arðgjöf miðað við, að hann sé með bundnu slitlagi og góður yfirferðar. Það er talið, að sparnaður á eldsneyti, varahlutum og sliti bifreiða sé mjög mikill og það borgi sig því þjóðhagslega að leggja mikið fjármagn til þess að bæta vegina.

Eins og áður hefur verið getið, munu 45 millj. kr. af því láni, sem tekið verður í Alþjóðabankanum, verða notaðar til kaupa á vinnuvélum til vegaviðhalds. Stærsti liðurinn í þeim vélakaupum er mölunarvélasamstæða til að mala og vinna efni í slitlag á vegum, og mun hún kosta um 15 millj. kr. Samstæða þessi er hliðstæð vélasamstæðu þeirri, sem Vegagerðin keypti fyrir fáum árum og hefur malað efni í slitlög á svæðinu frá Skaftafellssýslu til Húnavatnssýslu. Hin nýja vélasamstæða yrði væntanlega notuð frá Holtavörðuheiði og austur til Vopnafjarðar. Líklegt er, að fleiri slíkar vélar verði keyptar bráðlega. Kostnaður við rekstur slíkrar vélasamstæðu fyrir átta mánaða tímabil nemur 12 millj. kr. á ári. Er enginn vafi á því, að rekstur slíkrar vélar er óumflýjanleg nauðsyn til þess að halda malarvegum í sæmilega akfæru ástandi með vaxandi umferð.

Ýmsar óskir liggja fyrir um endurskoðun á einstökum fjárveitingum á gildandi vegáætlun fyrir árið 1971 og 1972 og eins um það, að teknar verði upp nýjar fjárveitingar á því tímabili. Er gert ráð fyrir því í þessu frv., að allrífleg upphæð verði til ráðstöfunar til nýbygginga landsbrauta og þjóðbrauta og verði þannig hægt að koma til móts við óskir manna í því efni. Mér þykir rétt að taka til umr. hverja gr. þess frv., sem hér um ræðir.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir breytingu á 10. gr. vegalaga, þar sem mælt er svo fyrir, að vegáætlun sé gerð til fjögurra ára, en endurskoðuð, er hún hefur gilt í tvö ár, sbr. 14. gr. vegalaga. Af þessu leiðir, að síðasta áætlunarárið liggur ekkert fyrir um, hvað við tekur næsta ár eða næstu ár. Hefur þetta valdið nokkrum erfiðleikum, sem breytingu þeirri, sem felst í þessari gr., er ætlað að ráða bót á. Samkv. því,

sem hér er lagt til, mundi ný vegáætlun til fjögurra ára koma í stað endurskoðaðrar áætlunar til tveggja ára samkv. 14. gr. vegalaga nú. Af þessu mundi leiða, að alltaf væri til áætlun fyrir a. m. k. tvö ár. Telja verður, að slík áætlunargerð verði til þæginda fyrir stjórn vegamála, Alþ. og almenning, því að framkvæmdir hvers árs krefjast tímanlegs undirbúnings. Því er áríðandi að geta ávallt gert nauðsynlegar ráðstafanir, t. d. vegna verkfræðilegs undirbúnings, efnisútvegunar og öflunar vinnuvéla, með góðum fyrirvara, og það er því aðeins unnt, að verkefnin séu ákveðin.

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir breytingu á 14. gr. vegalaga, þar sem segir, að vegáætlun skuli lögð fram samtímis frv. til fjárl. Í framkvæmd hefur þetta reynzt miklum erfiðleikum bundið og ekki er talið æskilegt að tengja þetta tvennt fortakslaust saman. Því er lagt til, að orðalagið verði rýmkað nokkuð, þótt að sjálfsögðu sé til þess ætlazt, að till. til þál. um vegáætlun sé lögð fram sem fyrst, eftir að þing hefst.

Í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir breytingu á 15. gr. vegalaga, þar sem kveðið er á um, að ráðh. leggi fyrir Alþ. skýrslu um framkvæmd vegáætlunar við upphaf hvers reglulegs Alþ. Í framkvæmd hefur þetta reynzt ókleift. Alþ. kemur saman fyrir miðjan október, þá er vegaframkvæmdum sama árs víða ólokið og því ekki unnt að gera Alþ. tæmandi grein fyrir því, hvernig framkvæmd vegáætlunar hefur gengið á árinu. Reikningsár Vegagerðar ríkisins fylgir almanaksárinu, og ef gera á skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 15. sept. eða 1. okt. miðað við rauntölur fram að þeim tíma og áætlun um það, sem eftir er af árinu, verður ávallt ósamræmi milli slíkrar skýrslu og reikningsins, sem gerður er miðað við áramót. Það leikur vart vafi á, að skýrsla, sem gerð væri nálægt árslokum, mundi gefa Alþ. betri og sannari upplýsingar en skýrsla, sem gerð er, þegar ¼ hluti ársins er enn eftir.

Í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir breytingu á 17. gr. l. Er hér um samsvarandi breytingu að ræða varðandi sýsluvegaáætlun og lagt er til í 1. gr., að gerð verði á vegáætlun, og þarfnast þessi gr. því ekki sjálfstæðra skýringa.

Í 5. gr. frv. er gert ráð fyrir breytingu á 23. gr. l. Á næsta ári mun nýtt fasteignamat taka gildi og núgildandi fasteignamat þá tvítugfaldast í flestum tilvikum. Þar sem sá skattgrundvöllur, sem sýsluvegasjóðsgjald samkv. 23. gr. vegalaga miðast við, hækkar þannig stórlega, en ekki er stefnt að auknum álögum, er nauðsynlegt að lækka þá prómilltölu af matsverðinu, sem skattinum nemur. Er lagt til, að talan verði 0.3 af þúsundi af fasteignamatsverði mannvirkja í stað 6, og 0.6 í stað 12 af þúsundi eða $^1/_{20}$ af því, sem nú er.

Um 6. og 7. gr. frv. hefur áður verið rætt og fram tekið, hvað í þeim felst í sambandi við hækkun á benzínskatti og þungaskatti.

Það skal fram tekið, að nýtt framlag ríkissjóðs er samkv. þessu frv. 47 millj. kr., en ríkissjóður hefur auk þess greitt á árinu 1970 vexti og afborganir af vegalánum, sem nema 82.7 millj. kr. Afborganir eru af þessari upphæð 56 millj. kr. Vaxtagreiðslur munu lækka á næsta ári, en greiðslur ríkissjóðs munu eigi að síður nema í heild á árinu 1971 um 125 millj. kr. Greiðslur Vegasjóðs af vegalánum 1970 voru vextir 4.4 millj. kr. og afborganir 10.9 millj. kr. Má því segja, að ríkissjóður hafi tekið á sig meginhlutann af þeirri byrði, sem af lánunum leiðir, og auk þess talsvert betur, þegar tekið er tillit til nýja framlagsins. Ég geri ráð fyrir því, að flestir telji eðlilegt, að vegáætlun sú, sem nú er í gildi, geti ekki staðizt eftir þær verðbreytingar og launahækkanir, sem orðið hafa. Útgjöld vegna vegagerðar eru að miklum hluta launagreiðslur, þótt talsverð breyting hafi orðið á því, eftir að vélakostur var aukinn og tæknin varð meiri. En með því að lögfesta þær tekjur til Vegasjóðs, sem hér er lagt til, eru Vegasjóði tryggðar stórum auknar tekjur til framkvæmda — tekjur, sem gera það mögulegt að halda hraðbrautaframkvæmdunum áfram, tekjur, sem gera það mögulegt að standa við vegáætlunina, eins og hún var upphaflega samin, og gera auk þess fært að verja talsverðri upphæð til nýrra framkvæmda í þjóðbrautum og landsbrautum, en þess gerist vitanlega þörf. Stöðugt er óskað eftir betri vegum. Umferðin á vegunum vex, og stöðugt þarf meiri vegaframkvæmdir og aukið viðhald.

Ég vil vænta þess, að samkomulag verði um þetta frv. á hv. Alþ. og það fái afgreiðslu nú fyrir jólin. Ég vil mælast til þess, að samgmn. beggja d. vinni saman við athugun málsins til þess að flýta fyrir afgreiðslu þess. Ég tel, herra forseti, ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um málið að sinni, en legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. samgmn. að umr. lokinni.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég mun ekki í sambandi við það, sem ég segi hér, fara að hefja deilur um þetta mál, enda geri ég ráð fyrir því að fylgja framgangi þess. Hins vegar þykir mér hlýða í sambandi við umr. um þetta frv. um vegamálin að víkja nokkuð að þeim áhrifum, sem verðbólga hefur haft á framkvæmdir í vegamálum. Eins og kemur fram í grg. þessa frv., kemur það í ljós, að vegna þeirra verðlagsbreytinga, sem orðið hafa, síðan vegáætlunin var samin, þarf 231 millj. kr. til þess að mæta þeim verðhækkunum á þeim tveimur árum, sem eftir eru af vegáætlunartímabilinu, þ. e. árin 1971 og 1972. Þessi verðhækkun hefur að sjálfsögðu geysilega mikil áhrif á framkvæmd í vegamálum, og svo hefur verið allt frá því, að Vegasjóður var stofnaður. Auk þess hefur erlent lánsfé verið notað til vegaframkvæmda. Gengisbreytingar, sem gerðar hafa verið, síðan þau voru tekin, hafa kostað Vegasjóð um 164 millj. kr., svo að verðlagsbreytingin þessi tvö ár, sem eftir eru af vegáætlunartímabilinu, og gengisbreytingarnar, sem gerðar hafa verið, síðan farið var að taka erlend lán til vegagerðar, hafa kostað Vegasjóð tæpar 400 millj. kr. Frá þessu vildi ég skýra í sambandi við

umr. um vegamálin, því að það sýnir okkur betur — og er svo augljóst, sem verða má — að tekjustofnar, sem ákvarðaðir eru með krónutölu, rýrna ár frá ári í þeirri verðhækkunarskriðu, sem í okkar þjóðfélagi er. Það er því ekki minnst atriði fyrir Vegasjóð og áframhaldandi vegagerð í landinu, að okkur takist að hefta verðútþensluna og halda verðlagi í skefjum. Þá færu þær áætlanir, sem gerðar eru, að verða raunhæfar, svo að hægt væri að framkvæma eftir þeim.

Ég hef áður látið í ljósi þá skoðun hér á hv. Alþ. og get endurtekið það nú, að ég tel, að þrátt fyrir þær breytingar, sem orðið hafa nú tvö síðustu árin á þátttöku ríkissjóðs í kostnaði vegna vegamála af þeim tekjum öðrum, sem ekki ganga beint til ríkissjóðs — þó að þátttaka ríkissjóðs hafi nú aukizt og geri það með þessu frv., sem ég gleðst yfir — þá er hér um of lítið framlag af hálfu ríkissjóðs að ræða, þ. e. af þeim tekjum, sem ríkissjóður fær beint til sín. Í okkar landi er vegagerð það skammt á veg komin, að nauðsyn ber til að hraða henni og vinna ötullega, og það getum við því aðeins gert, að aukið sé fjármagn til framkvæmda. Samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef fengið frá Hagstofu Íslands, hafði ríkissjóður í tekjur af umferðinni árið 1969 362 millj. kr., þ. e. tekjur, sem fást auk þeirra tekjustofna, sem ganga beint til Vegasjóðs. Og það er gert ráð fyrir því, að á árinu 1970 muni þessar tekjur ríkissjóðs nema um 920 millj. kr. Ég vil taka það fram, þó að ég hafi gert það hér áður á hv. Alþ., að í grein, sem fyrrv. vegamálastjóri, Geir Zoëga, skrifaði og út kom í Fjármálatíðindum 1955, gerði hann samanburð á tekjum ríkissjóðs af umferðinni allt frá 1874 til þess dags eða ársloka 1955 og sýndi fram á framlög ríkissjóðs til vegagerðarinnar annars vegar og tekjur ríkissjóðs af umferðinni hins vegar, af því að vegir höfðu verið lagðir í landinu, og fram til þess tíma sýndi það sig, að tekjurnar höfðu nokkurn veginn gengið til vegagerðarinnar. Ég lýsi þess vegna yfir þeirri skoðun minni, að áfram verði að halda á þeirri braut, að ríkissjóður verði að leggja Vegasjóði meira fé vegna hinna gífurlegu framkvæmda, sem verða að vera í vegagerð, því að enda þótt við reynum að auka þær árlega, eru verkefnin svo stór, að þjóðin verður að eyða verulega háum fjárhæðum til framkvæmda í vegamálum. Ég tel, að það sé svo mikils virði og sé svo mikið hagsmunamál fyrir þjóðina í heild að bæta vegina, að við verðum að leggja hart að okkur til þess.

Í sambandi við þetta frv. og framkvæmdir á hraðbrautum vil ég geta þess, eins og fram kom í ræðu hæstv. samgrh., að það hefur verið gerð athugun á umferðinni, og sá kafli, sem ég tel, að sé einhver mesti umferðarkaflinn, er Vesturlandsvegur upp í Kollafjörð. Ég tel mig hafa um það frásagnir, að þar muni vera mesta umferðin á einstökum kafla, þ. e. héðan og að vegamótum á Þingvallavegi. Þess vegna vona ég, að þessi kafli dragist ekki aftur úr, og mig langar í sambandi við þessa umr. að fá að heyra frásögu hæstv. ráðh. af því, af hverju hefur verið tekin upp sú stefna, sem mér skilst, að eigi að gera, að leggja veginn gegnum Mosfellssveitina eins og hann nú er, en hætta við að leggja hann yfir Leiruvoginn, eins og ég tel mig hafa séð till. um, hvort kostnaðarmismunur er þar svo mikill, að þess vegna hafi þetta verið gert, eða hvaða ástæður aðrar hafa ráðið því. Það orkar ekki tvímælis, að það styttir veginn verulega til Vestur- og Norðurlands og Austurlands að taka af þennan krók. Ég tel, að það hljóti að verða grundvallarreglan í sambandi við að meta, hvar leggja skuli vegi, þar sem umferðin er mest.

Eins og ég gat um í upphafi máls míns, geri ég ráð fyrir því að styðja þetta frv. Ég vil segja það í sambandi við ákvæðin í 2. og 3. gr. frv., að þau eru frekar óljós, þar sem talað er um að leggja fyrir sameinað Alþingi till. til þál. um vegáætlun, svo fljótt eftir þingsetningu sem auðið er. Þetta er auðvitað nokkuð teygjanlegt. Ég tek undir það með hæstv. ráðh., að það er eðlilegra að gefa skýrsluna um framkvæmdir á vegáætlun, eftir að árinu er lokið en miða hana við haustið, eins og gert hefur verið og gert var ráð fyrir í l. áður. Hins vegar er ekki óeðlilegt, þó að sett væru einhver hámarkstímatakmörk frá áramótum, þangað til sú grg. yrði lögð fram. En ég tel hins vegar alveg sjálfsagt, að það sé miðað við að taka allt árið, eins og áætlunartímabilið einnig er miðað við, og þess vegna eigi að breyta því, en hvort þetta á að vera eins rúmt og hér er, finnst mér, að ætti að athuga betur.

Ég endurtek það, að ég lít svo á, að hér sé um það mikið nauðsynjamál að ræða, að þó að það kosti verulega fjármuni að halda framkvæmdum í horfi eins og hér er gert ráð fyrir og auka við þær eins og er niðurstaða í þessu frv., þótt það hafi kostað það, að það hafi orðið að hækka skatta þá, sem teknir eru af umferðinni til þess að koma þessu í framkvæmd, þá hefði hitt orðið enn þá dýrara, ef það hefði átt að hætta við að framkvæma það, sem vegáætlunin gerði ráð fyrir, og ef við hefðum orðið að horfast í augu við það nú í sambandi við endurskoðun á vegáætlun að geta engum nýjum verkefnum bætt við. Það hefði ég talið algerlega fráleitt og óhugsandi, að hv. Alþ. gæti staðið frammi fyrir því. Þess vegna tel ég, að hér sé betri kosturinn valinn, þ. e. að hækka þessa tekjustofna til þess að geta aukið framkvæmdirnar frá því, sem gert var ráð fyrir, en draga ekki úr þeim, eins og við hefðum orðið að gera að öðrum kosti.

Ég vil svo enda þessi orð með því að endurtaka það, að ég tel, að það eigi að stefna að því, að ríkissjóður eigi að leggja fram meira fé til vegamála, vegna þess að vegagerð í landinu er það arðsöm fjárfesting fyrir ríkissjóð, að hann gæti þess vegna lagt meira þar til. Ég vona einnig, að tekjuáætlun af benzínskatti muni reynast betur á árinu 1971 og 1972 en áætlunin gerir ráð fyrir, vegna þess að bifreiðum hefur fjölgað verulega hér á landi á þessu ári, 1970, en hins vegar varð samdráttur á árinu 1969. En ekki er nema gott um það að segja,

ef tekjurnar reynast betri, því að það verður þörf fyrir þær. En verkefnin í vegagerð eru það stórfelld og nauðsynleg, að þjóðin verður að leggja hart að sér til þess að koma þeim í framkvæmd.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. 3. þm. Vesturl. fyrir góðar undirtektir við málið, þar sem hann lýsir því, að hann muni fylgja því og þá væntanlega hans flokkur. Það er eðlilegt, að menn hugsi sem svo, að það væri gott að fá eigið fé frá ríkinu til veganna. Þannig hugsum við vitanlega allir, en höfum um leið það í huga, að það eru takmörk fyrir því, sem ríkissjóður getur látið af hendi, og það kemur svo greinilega í ljós, þegar verið er að semja fjárl. En það er þó augljós framför í þessu. Ríkissjóður hefur aukið mikið framlög sín til Vegasjóðs frá því, sem áður var, þannig að hann hefur borgað 82 millj. kr. á þessu ári, þar af 56 millj. kr. afborgun af vegalánunum. Og með þessum 47 millj., sem nú er lagt til að lögfesta, mun framlag ríkissjóðs á næsta ári verða, að mér skilst, 125 millj. kr., enda þótt vextir af eldri lánum lækki á næsta ári frá því, sem var á árinu 1970. En það er alveg rétt, sem hv. þm. sagði hér áðan, að vegirnir gætu vissulega tekið við meira fjármagni — við gætum notað meira fjármagn en það, sem lagt er til að lögfesta hér, og það, sem ríkissjóður leggur fram. En við erum svo fáir, Íslendingar, og við búum í stóru landi, en vegamálin þurfa að vera ofarlega á dagskrá hjá okkur, og nú leggjum við tiltölulega mikið fjármagn til veganna, þótt enn megi segja, að við það megi bæta.

Hv. þm. spyrst fyrir um það, af hverju breytt hafi verið um vegarstæðið á Vesturlandsvegi. Vegamálastjóri og verkfræðingar hans gerðu till. um það að fara ekki að sinni í hið fyrirhugaða vegarstæði, sem er talsvert neðar og stytti leiðina nokkuð vestur, eins og hv. þm. gat um. Og það var vegna þess, að það sparast allmikið fjármagn með því að fara gömlu leiðina — ekki aðeins í lagningu þessarar hraðbrautar, heldur einnig í vegalagningu um byggðina, sem komin er þarna í Mosfellssveitinni í kringum Brúarland og Lágafell. Þar verður vitanlega að vera vegur — og allgóður vegur, og vegamálastjóri hefur talað um, að næstu 10 árin mundi ekki verða lagður vegur á hinu áður fyrirhugaða vegarstæði, en það eru vitanlega hugmyndir hans, en ekki þó ólíklegt, að það verði dregið talsverðan tíma. Ég býst við, að flestir sætti sig við þessa breytingu, ef vegurinn verður góður á þessari leið, sem hann hlýtur að verða. Og þarna er umferðin mest; það er rétt. Það eru yfir 3000 bílar á dag frá Reykjavík og upp í Kollafjörð, a. m. k. yfir sumarmánuðina. En þegar komið er vestur í Kollafjörð, þá dettur umferðin niður, þannig að umferðin verður ekki yfir 1000 bílar á dag. Á leiðinni austur yfir fjall til Selfoss hefur umferðin verið mæld í Svínahrauni og reynzt vera eitthvað tæplega 1800 bílar.

Hv. þm. talar um, að ákvæðin í 2. og 3. gr. séu nokkuð teygjanleg og óljós. Þetta má nú vera. En er nú ekki betra að hafa ákvæðin svona eins og lagt er til í frv. en lögfesta einhvern ákveðinn mánaðardag, sem ekki er svo mögulegt að fylgja? Ég held, að það þurfi ekki að efast um það, að till. til þál. um vegáætlun samkv. 10. gr. verði lögð fyrir þingið, svo fljótt sem auðið er, enda þótt ekki sé nánar kveðið að orði. Ég held það. En vitanlega er það á valdi þingsins að breyta þessu — á valdi samgmn., sem fær málið til athugunar, hvort ástæða þykir til þess. Og sama máli er að gegna um 3. gr. Mér er vitanlega ekki svo fast í hendi að halda alveg við þetta orðalag, ef það þykir að athuguðu máli hentara að breyta því. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að segja meira um þetta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til samgmn. með 28 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 233, n. 247).

Frsm. (Ásberg Sigurðsson): Herra forseti. Samgmn. Nd. hefur tekið frv. til athugunar og leggur til, að það verði samþ. Einstakir nm. áskilja sér þó rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt., er fram kunna að koma. Fjarstaddur við afgreiðslu málsins var Guðlaugur Gíslason.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða mikið um þetta mál. Frv. í heild er greinilega til bóta. Ákvæðin um að breyta gerð vegáætlunar og framkvæmdaáætlun sýsluvegasjóðanna eru sjáanlega til bóta og tryggja betur framkvæmd og undirbúning þeirra mannvirkja, sem á að vinna að. Í grg. frv. kemur skýrt fram, að höfuðtilgangur lagabreytingarinnar er að leysa fjárhagsvanda Vegasjóðs, en tekjur hans hafa reynzt lægri en áætlað var, en útgjöldin hins vegar aukizt vegna verðlagsbreytinga. Til þess að ljúka þeim framkvæmdum, sem áætlað var að ljúka samkv. gildandi vegáætlun, er höfuðnauðsyn að auka tekjur Vegasjóðs. Auk þess er nauðsynlegt að afla frekara fjár til nauðsynlegra framkvæmda við þjóðbrautir og landsbrautir víða um land.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þetta frekar, en vona, að dm. hraði afgreiðslu málsins.

Steingrímur Pálsson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. á þskj. 247 með fyrirvara, og það var raunar í þeirri von, að einhverjar breytingar kæmu fram, en samgmn. Nd. hélt aðeins einn fund um málið, og sá fundur stóð ekki nema í mesta lagi í fimm mínútur. Ég hafði búizt við, að annar fundur yrði haldinn í n., en svo varð ekki. Þetta mál var engum sent til umsagnar.

Það liggur nokkuð ljóst fyrir, að þm. Sjálfstfl., Alþfl. og Framsfl. styðja málið, svo að tilgangslítið er að berjast gegn slíkum meiri hluta. Þó vil ég leyfa mér að minnast hér á nokkur atriði.

Frv. þetta um breytingu á vegalögum á að

tryggja aukið fjármagn til Vegasjóðs til að fjármagna þær hraðbrautaframkvæmdir, sem nú er verið að vinna að og eru á áætlun 1971 og 1972 og að nokkru til að auka fjármagn til nauðsynlegra framkvæmda við þjóðbrautir og landsbrautir. En nú vantar hvorki meira né minna en 532.7 millj. kr., sem að langmestu leyti eiga að fara í hraðbrautaframkvæmdir. Við getum allir orðið sammála um lagningu hraðbrauta upp að vissu marki og með hæfilegum framkvæmdahraða. En þegar slíkar hraðbrautaframkvæmdir eru byggðar að mestu leyti á erlendum lántökum, þá vaknar sú spurning, hversu arðbærar þær eru fyrir þjóðarheildina. Við getum verið sammála um, að rétt sé að taka erlend lán til að fjárfesta í framkvæmdum hér heima, sem eru arðbærar eða hagstæðar fyrir þjóðarheildina — framkvæmdum, sem standa sjálfar undir erlendu lánunum og efla þjóðarbúskapinn í heild. En það verður að teljast vafasamt að taka stórlán erlendis til að leggja hraðbrautir, því að mikið fjármagn þarf til að standa undir afborgunum og vöxtum af slíkum lánum. Reynslan hefur sýnt, að stefna ríkisstj. í efnahagsmálum þjóðarinnar er röng, því að dýrtíðin eykst jafnt og þétt og eyðir þessum erlendu lánum jafnvel örar en við getum framkvæmt hlutina. Við tökum lán erlendis, síðan lækkum við gengið og skuldirnar vaxa.

Viðbótarfjárþörf Vegasjóðs er, eins og ég sagði áður, 532.7 millj. kr. fyrir næstu tvö ár, og þessu fjármagni skal nú náð með því að stórhækka benzínið um allt að 38% og í öðru lagi með því að hækka þungaskattinn um 50%. Og allt þetta kemur, þegar búið er að segja þjóðinni, að í landinu ríki verðstöðvun. Hefði ekki verið réttara að leita annarra ráða eða fara eitthvað hægara í hraðbrautaframkvæmdir, a. m. k. á meðan verðstöðvun á að vera í gildi? Það er mín skoðun.

Það eru sum ákvæði í þessu frv., sem ég get samþykkt, t. d. um áætlunargerðina, sem er í 1. gr. og 4. gr. Í 7. gr. í þessu frv. er heimild til ráðh. til að ákveða með reglugerð, að ökumælar skuli settir í bifreiðar, sem nota annað eldsneyti en benzín, og skulu þessar bifreiðar greiða sérstakt gjald fyrir hvern ekinn km samkv. ökumælum. Enn fremur er ráðh. heimilt að endurgreiða þungaskatt af sérleyfisbifreiðum að vissu marki, en engin slík ákvæði eru um vöruflutningabifreiðar, sem annast vöruflutninga frá Reykjavík og út á land. Allir vita, að á vorin, þegar frost er að fara úr vegunum, auglýsir Vegagerðin ákveðinn öxulþunga á mörgum vegum landsins, og það gefur auga leið, að þegar ökumælar eru komnir í slíkar vöruflutningabifreiðar og þeim er bannað að flytja meira en t. d. hálffermi, þá mun ekki borga sig fyrir þá að standa í slíkum vöruflutningum. Þess vegna bendir allt til þess, að þessir vöruflutningar muni falla niður á ákveðnu tímabili á vorin, en það gæti skapað öngþveiti í aðflutningum, því að þessir vöruflutningar eru nú að vissu leyti lífæð margra byggðarlaga. Þarna þyrfti því einnig að koma til heimild til ráðh. til að endurgreiða þungaskattinn að ákveðnu marki, þegar Vegagerðin auglýsir ákveðinn öxulþunga á vorin.

Við 1. umr. um þetta mál var því haldið fram sem rökum, að þótt þessi hækkun á benzíni kæmi til framkvæmda, væri þó benzín hér á landi ódýrara en í öðrum nálægum löndum. Slík rök eru auðvitað léttvæg fundin, nema samtímis sé minnzt á launakjör almennings í þessum sömu löndum, svo að hægt sé að fá réttan samanburð. Allir vita, að árið 1969 var okkur hagstætt. Aukning þjóðartekna varð 6—7% og allt bendir til, að þetta ár verði enn þá hagstæðara. Í slíku árferði hefði átt að vera hægt að halda áfram hraðbrautaframkvæmdum af fullum krafti, en vegna stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum þjóðarinnar hefur dýrtíðin aukizt jafnt og þétt, og við vitum, að á þessu ári hafa verðhækkanir dunið yfir, þar til ríkisstj. kom fram með verðstöðvun, sem gildir í dag. Og hvað skyldi fólkið í landinu hugsa um þessa verðstöðvun, þegar ríkisstj. leggur nú fram breytingu á vegalögum, sem leggur aukalega á alla bifreiðaeigendur í landinu skatt, sem nemur um 532 millj. kr.? Þeir verða vissulega margir undrandi. Við vitum líka, að ríkissjóður hefur margvíslegar tekjur af bifreiðum og rekstrarvörum til þeirra. Hvers vegna ganga ekki þessar tekjur til Vegasjóðs, ef bifreiðaeigendur eiga að standa að miklu leyti undir vegagerð landsins? Það væri sjálfsagt, að þessar tekjur gengju til Vegasjóðs. Framlag ríkissjóðs til Vegasjóðs ætti að aukast, og það ætti að vera þannig, að ákveðin prósenta af þjóðartekjum færi hverju sinni í samgöngukerfið eða vegina og þá gæti það orðið sá mælikvarði, sem farið væri eftir í vegaframkvæmdum og hraðbrautaframkvæmdum. Flestir hefðu ætlað, að í jafngóðu árferði hefði ekki þurft að leggja svona gífurlega skatta á bifreiðaeigendur til að standa undir hraðbrautaframkvæmdum í nágrenni Reykjavíkur og einmitt á sama tíma og verðstöðvunarlög ríkisstj. eru í fullu gildi. Það er mín skoðun, að ríkisstj. hefði átt að fara aðrar leiðir í þessu máli, en þar sem engar breytingar hafa komið fram til bóta, mun ég ekki greiða þessu máli atkvæði mitt.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég hef undanfarna daga fylgzt af nokkurri athygli með fréttum frá Noregi, og ég geri ráð fyrir, að það séu fleiri þm., sem fylgzt hafa með þeim fréttum af nokkurri athygli. Norska ríkisstj. bar fram frv. um nokkra hækkun á þungaskatti á bifreiðum, og því frv. var tekið af það mikilli alvöru og svo mikilli festu í norska þinginu, að ríkisstj. var að því komin að falla. Tveir af stuðningsmönnum stjórnarflokkanna lýstu yfir því, að þeir mundu ekki fylgja þessu frv. í óbreyttu formi. Að vísu er því haldið fram og vafalaust með réttu, að þarna hafi fleira komið til en þetta mál eitt; það hafi verið korn, sem fyllti mæli. Engu að síður litu norskir þm. slíka till. svo alvarlegum augum, að þeir töldu hana geta rökstutt það að fella ríkisstj. Og ríkisstj. sá að lokum sitt óvænna og gerði þær breytingar á þessu frv.,

sem nægðu til þess, að þessir tveir þm. töldu sig að lokum geta fylgt því.

Ég minnist á þetta vegna þess, að það er greinilegt, að í Noregi taka þm. vandamál af þessu tagi mun alvarlegar en gert er hér á Íslandi. Hér á Íslandi er auðsjáanlega ekki mikill hugur í þm. í sambandi við frv. af þessu tagi. Við heyrðum, hvernig hv. síðasti ræðumaður greindi frá því, að n. sú, sem um málið fjallaði, hefði verið fimm mínútur að ræða um það. Og það er greinilega engin hætta á því, að framtíð ríkisstj. sé í nokkurri hættu út af þessu máli. Það getur vel verið, að það sé ókyrrð í einhverjum þm. stjórnarflokkanna; ég veit það ekki. En hitt veit ég, að talsmaður stærri stjórnarandstöðuflokksins, Framsfl., gerði sér ferð upp í ræðustólinn gagngert til að tilkynna ríkisstj., að hann og hans flokkur mundu hjálpa henni í þessu máli. Þarna væri mál, sem Framsfl. væri í öllum meginatriðum sammála hæstv. ríkisstj. um. Og þessi hv. þm. talaði um þetta mál af miklum alvöruþunga og mikilli þekkingu, eins og honum er lagið, og hann talaði eins og stjórnarstuðningsmaður og raunar eins og ráðherrastóll væri innan seilingar, sem svo sem má vel vera.

En mér finnst það dálítið furðulegt, að menn skuli taka frv. af þessu tagi svona léttilega. Það er að vísu alkunna, að það munar ekki mikið um einn kepp í sláturtíðinni, og hæstv. ríkisstj. hefur nú að undanförnu staðið í því að fá þm. til þess að samþykkja með sér hækkun á fjárlögum, sem nemur yfir 3000 millj. kr. Kannske hefur það verið sálfræðileg athöfn hjá hæstv. samgrh., þegar hann geymdi þetta frv. fram yfir þann verknað, svo að mönnum yxu ekki í augum þær upphæðir, sem í þessu frv. felast. En engu að síður tel ég, að mönnum eigi að vaxa slík stefna sem þessi í augum. Þetta frv. gengur greinilega í berhögg við þá svokölluðu verðstöðvun, sem ríkisstj. hefur lögleitt og telur sig fylgja. Efni þessa frv. er algerlega andstætt verðstöðvuninni, og það er að minni hyggju fullkomið blygðunarleysi bæði gagnvart alþm. og gagnvart almenningi að bera slíka till. fram. Ef hæstv. ríkisstj. væri nokkur raunveruleg alvara með verðstöðvun sinni, hefði henni ekki til hugar komið að leysa vandamál Vegasjóðs á þennan hátt, en ég hygg, að alþm. öllum sé það mjög vel ljóst, að ríkisstj. er engin alvara með verðstöðvuninni. Þar er aðeins verið að fresta fram yfir kosningar þeim hlutum, sem ríkisstj. veit að eiga að gerast næsta haust, og verðbólguaukning í sambandi við benzín og akstur bíla er í fullu samræmi við hina raunverulegu stefnu hæstv. ríkisstj.

Hvernig stendur á því, að Vegasjóður er í vandræðum? Það stafar ekki af því, að ákveðið hafi verið að leggja í verulegar nýjar framkvæmdir. Það er um sáralitlar nýjungar að ræða í þessu frv. Aðalástæðan fyrir vandkvæðum Vegasjóðs er sú, að áætlanir hæstv. ríkisstj. hafa ekki staðizt. Skerðing á líflskjörum leiddi um skeið til þess, að bílum fjölgaði ekki eins ört og hæstv. ríkisstj. hafði gert ráð fyrir, og í annan stað hafa allar áætlanir um kostnað vegna vegaframkvæmda stórhækkað vegna óðaverðbólgunnar. Sú upphæð, sem gerð er till. um, að bætt verði í Vegasjóð núna, er í rauninni fyrst og fremst upphæð, sem hefur brunnið upp á báli verðbólgunnar að undanförnu.

Nú veit ég, að hæstv. samgrh. býr sig eflaust undir það að koma hér upp og halda því fram, að ég sé andvígur stórframkvæmdum í vegamálum, svo að mér þykir rétt að gera grein fyrir því nú þegar, að það er ég alls ekki. Mér hefur raunar verið það dæmi um glundroðann í stjórnarfari nú á Íslandi, hvernig stjórnarvöld hafa um langt skeið látið flytja inn bifreiðar fyrir hundruð og aftur hundruð millj. kr. án þess að gera á sama tíma ráðstafanir til þess, að hér væru vegir, sem hægt væri að aka á. Í þessari stefnu hefur falizt alveg óhemjuleg sóun — sóun, sem engum hefur að gagni komið nema þá helzt innflytjendum. Ég tel, að það sé mikil nauðsyn að stórauka framkvæmdir í vegamálum. En ég er á móti þeirri aðgerð að afla ævinlega og einvörðungu tekna með neyzlusköttum. Og það er algerlega ástæðulaust að binda till. um fjáröflun í Vegasjóð við neyzluskatta.

Þegar rætt er um að hækka vöru eins og benzín í verði, finnst mér, að hv. alþm. ættu að minnast þess, að hér á Íslandi eru starfandi þrjú olíufélög, sem halda uppi þreföldu dreifingarkerfi og þreföldum skrifstofubáknum og þreföldum tilkostnaði. Það er ríkið, sem kaupir vörurnar til landsins, en afhendir þær síðan þessum þremur félögum til þess að dreifa þeim. Þessi þrjú félög selja öll sömu vöruna. Það er engin samkeppni á milli þeirra. Í rauninni er þetta aðeins einokunarhringur — þríofinn einokunarhringur. Og þessi félög hafa á undanförnum árum safnað mjög verulegum gróða. Eitt þeirra, Olíufélagið hf., greindi frá því fyrr á þessu ári, að hreinn gróði félagsins á síðasta ári hefði verið 50 millj. kr., þegar búið var að afskrifa allt, sem afskrifa mátti, og fela allt, sem fela mátti samkv. hinum mjög svo rúmu ákvæðum skattalaga, þegar fyrirtæki eiga í hlut. Vafalaust hafa hin olíufélögin grætt engu minni upphæðir. Aðeins með því að höggva í gróða þessara félaga væri hægt að ná mjög verulegri upphæð af því, sem nú er talið skorta í Vegasjóð, og þó mundi muna miklu meira um hitt, ef Alþ. ákvæði loksins að fella niður þetta dýra og spillta kerfi og koma upp í staðinn einfaldari og nútímalegri aðferð til þess að dreifa olíu og benzíni á Íslandi. Af því mundi hljótast mikill þjóðhagslegur sparnaður, sem væri þá m. a. hægt að nota sem framlag fyrir Vegasjóð.

Þegar farið er að ræða um þessi mál, þá eru fleiri aðilar, sem koma upp í hugann, og hægt væri að skattleggja í stað þess að leggja á nýja neyzluskatta. Hvað er t. d. að segja um verktaka þá, sem nú er falið að leggja vegi á Íslandi á sama tíma og vélar Vegagerðarinnar eru í vaxandi mæli látnar standa ónotaðar? Má ég minna á félag, sem heitir Íslenzkir aðalverktakar og hóf starfsemi sína sem þjónustufélag fyrir erlent hernámslið á Íslandi og safnaði þar mjög verulegum gróða og m. a. mjög stórvirkum

tækjum. Þetta félag hefur á undanförnum árum verið að búa um sig í okkar þjóðlífi einnig með því að leggja vegi og byggja hús og standa í ýmiss konar fleiri slíkum framkvæmdum. Ég hygg, að margir þm. muni eftir því ekki síður en ég, þegar þetta félag lánaði ríkissjóði peninga, til þess að hægt væri að leggja vegarspotta hér í námunda við Reykjavík, því að þessu láni fylgdi aðeins eitt ofurlítið skilyrði, og það var það, að Íslenzkir aðalverktakar fengju að leggja veginn, án þess að verkið væri boðið út. Síðan sannaðist það á óvefengjanlegan hátt, að félagið hafði hirt tugi millj. kr. umfram venjulegan gróða af þessari vegarlagningu einni saman. Ef hæstv. ríkisstj. hefði hug á því að skerða gróða þessa auðhrings — þessa raunverulega auðhrings eftir íslenzkum aðstæðum, þá væri hægt að finna þar mjög verulegar upphæðir til þess að leggja í Vegasjóð.

Það má minna á fleiri aðila í þjóðfélaginu. Ég minntist á það áðan, að Vegasjóður væri í vanda, vegna þess að peningarnir höfðu brunnið upp fyrir honum á eldi verðbólgunnar, en þegar peningar brenna upp fyrir einum í verðbólgu, þá eru aðrir aðilar, sem safna fé. Það eru til aðilar ekki sízt hér í Reykjavík, sem á undanförnum verðbólguárum hafa hagnazt mjög stórlega á hverri einustu gengislækkun og hverri einustu óðaverðbólguskriðu. Við höfum þetta fyrir augunum nú þessa mánuði hér í Reykjavík, þegar hér er til að mynda verið að reisa veglegt verzlunarmusteri, sem áður hefur verið gert að umtalsefni hér á þingi og talið er hýsa stærstu kjörbúð á Norðurlöndum — hvorki meira né minna. Fjárfesting í þeirri höll einni saman mun, þegar allt verður talið að lokum, nema hundruðum millj. kr. Og samt hygg ég, að skortur á ágætum verzlunum hafi engan veginn háð Reykvíkingum að undanförnu. Einnig þarna væri hægt að safna fjármunum, ef einhver áhugi væri á því að leggja byrðarnar á aðra en almenning og neytendur. En eina úrræði þeirrar ríkisstj., sem nú situr, er sívaxandi neyzluskattar, söluskattur, benzínskattur, þungaskattur og hvað þeir heita allir þessir skattar. En gagnvart atvinnurekendum — gagnvart auðfyrirtækjum — er áhuginn eingöngu sá að breyta enn skattalögum, þó að þessir aðilar borgi minni gjöld hér á Íslandi en í nokkru landi, þar sem ég þekki til.

Munurinn á þeirri aðferð, sem ég hef verið að lýsa, og þeirri aðferð, sem hæstv. ríkisstj. leggur til, er einnig annar. Neyzluskattar eins og benzínskattur eru verðbólguaukandi. Þeir menn, sem fyrir slíkum skatti verða, munu vafalaust finna úrræði til þess að velta honum af sér áfram. En ef skertur væri gróði stórtekjumanna, sem ég var að benda hér á, þá er sú aðgerð ekki verðbólguaukandi. Þannig væri enginn vandi að finna leiðir til þess að leysa þennan vanda, sem hér er verið að ræða um, ef áhugi væri á því. Ég geri ráð fyrir því, að hv. framsóknarmenn hefðu einnig getað komið auga á slíkar leiðir, en þeir eiga vissulega í nokkrum vanda. Ég skil það ákaflega vel, að það sé erfitt fyrir framsóknarþingmenn að koma hér upp og tala um, að olíufélögin stundi óeðlilega starfsemi á Íslandi. Ég skil það einnig vel, að framsóknarþingmenn eigi erfitt með að koma hér upp og tala um Íslenzka aðalverktaka, vegna þess að það er gamalt helmingaskiptafyrirtæki, sem miðar að því, að Framsfl. fái hlutdeild í hernámsgróðanum til jafns við stjórnarflokkana. Það er af þessum ástæðum, sem Framsókn kemur hér og lýsir fylgi við þetta mál, vegna þess að Framsókn vill ekki ráðast að þeim forréttindaaðilum, sem hægt væri að taka þessa peninga frá, ef það ætti að hætta við að leggja á neyzluskatta.

Hv. síðasti þm. talaði í ræðu sinni hér áðan um það, að það væri hæpin stefna að taka erlend lán til vegagerðar. Ég er algerlega sammála þessu. Ég tel, að það sé mjög hæpin stefna almennt séð. Ég held, að sú skoðun sé rétt, sem lengi var ríkjandi á Íslandi, að erlend lán geti menn tekið til þess að auka útflutningsframleiðsluna, en þegar um sé að ræða mikilvæg verkefni til þess að bæta þjónustu hér innanlands og gera á ýmsan hátt lífvænlegra í landinu, þá verðum við að finna leiðir til að afla þeirra peninga fyrst og fremst innanlands, og þetta er sannarlega ekki óvinnandi vegur, þegar þjóðartekjur Íslendinga eru komnar upp í 40 þús. millj. kr. eins og þær verða á þessu ári eða vel það. Aðeins 1% af þjóðartekjunum er 400 millj. kr., en það er svipuð upphæð og búið er að taka í erlendu láni til vegagerðar. Ég held, að varla verði um það deilt, að auðvelt á að vera að finna slíka upphæð, ef eitthvert lágmarksskipulag er á fjárfestingu í landinu. Sú aðferð að taka erlent lánsfé til þjónustuframkvæmda er hvergi fráleitari en í þjóðfélagi verðbólgu og gengislækkana. Eða hafa menn hugsað þá hugsun til enda, hvernig ástatt verður hjá Vegasjóði eftir gengislækkun? Þá hækkar ekki aðeins aðalundirstaða teknanna, benzínverðið sjálft, heldur yrði að margfalda benzínskattinn til þess að standa undir hinum erlendu lánum, vöxtum og afborgunum af þeim. Menn ættu að kannast við þá endileysu í sambandi við Keflavíkurveginn. Og þá er hætt við, að byrðarnar af umferðinni, sem svo eru kallaðar, verði æðibungar fyrir bílaeigendur, nema hæstv. ríkisstj. grípi þá til þess ráðs gjaldþrotamannsins að taka ný erlend lán til þess að geta staðið í skilum með vexti og afborganir af þeim fyrri. Þetta, sem ég er að segja hér, er engin fjarstæða. Þetta er sú þróun, sem við þekkjum á seinasta áratug. Og þetta er sú þróun, sem við sjáum óhjákvæmilega fram á.

Ég hef minnzt á það nokkrum sinnum síðustu dagana og skal ekki þreytast á því að minna á það, að sú þróun, sem nú er að gerast á Íslandi, stefnir öll á nýja óðaverðbólgu og nýja kollsteypu næsta haust. Á þessu sumri hækkaði vöruverðið á Íslandi um 2—3 milljarða. Fjárlögin munu hækka um 3—4 milljarða, og áætlanir sveitarfélaganna munu hækka um ótalda milljarða. Það getur engum manni dulizt, að með þessari stefnu er vitandi vits stefnt að nýrri gengislækkun. Og þetta mál, sem við

erum að ræða um hér, þ. e. hækkun á benzíni og þungaskatti, er einn liður í þessu dæmi öllu saman. Það er vissulega rétt, að þetta er ekki stærsti liðurinn. Þetta er liður af minna taginu, en samt hefði það verið maklegt, að það hefði orðið sá dropi, sem holar steininn. Ég held, að það hefði verið enn þá eðlilegra hér á Íslandi en í Noregi, að þm. hefðu tekið máli af þessu tagi mjög illa og rætt það mjög alvarlega í sinn hóp, hvort ekki væri kominn tími til að leysa þessa ríkisstj. frá störfum. En því miður skortir okkur þm. enn einlægni og alvöru til að bregðast þannig við vandamálum. Hitt verður maður þó að vona, að sá þingmannahópur, sem kemur hér inn að afloknum kosningum á næsta ári, hafi svolítið aðra eiginleika.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Mér var það ljóst, að skoðanir mínar og hv. 6. þm. Reykv. eru um margt ólíkar. Mér var það ekki eins ljóst, að hans afstaða til mála byggðist fyrst og fremst á einhverjum annarlegum sjónarmiðum. Þegar ég lýsi stuðningi mínum eða andstöðu, þá get ég gert það út frá málinu einu saman, en þarf ekki að hafa neitt annað annarlegt sjónarmið, eins og þessi hv. 6. þm. Reykv. taldi mig hafa. Ég hef oft og mörgum sinnum talað um vegamál hér á hinu hv. Alþ. Ég hef alltaf lýst þeirri skoðun minni og þeirri bjargföstu stefnu, að það yrði að gera verulegt átak til þess að bæta vegakerfi landsins. Framsfl. hefur sýnt það í afstöðu sinni til vegamála hér á Alþ., að hann hefur lagt sig allan fram um það að hverfa að því, að einmitt yrði bætt úr vegamálunum. Þess vegna er aðdróttunum hv. 6. þm. Reykv. um annarleg sjónarmið vísað hér með heim til föðurhúsanna.

Ég vil í því sambandi minna á það, að Framsfl. stóð að vegalögunum 1963. Hann stóð líka að tekjuöflun í sambandi við Vegasjóð oft og mörgum sinnum. Ég minni einnig á það, að við höfum bent á það, framsóknarmenn, og sérstaklega hef ég haldið því á lofti, að meira af tekjum þeim, sem ríkissjóður fær af umferðinni, yrði að ganga til Vegasjóðs. Ég man ekki til þess, að hv. 6. þm. Reykv. hafi þá staðið upp og reynt að leggja því máli lið, en það er þó eitt af höfuðatriðunum til þess, að við getum gert stórt átak í vegamálum. Hv. 6. þm. Reykv. drap á það, hver væri ástæðan til þess, að Vegasjóð skorti fé. Við 1. umr. þessa máls hér á hv. Alþ. benti ég á það með rökum, að ástæðan væri verðbólgan. Hv. 6. þm. Reykv. var ekki einn um að benda á það. Ég sýndi fram á það, að gengisbreytingarnar hefðu kostað Vegasjóð 164 millj. kr. og verðhækkanirnar á þeim hluta vegáætlunartímabilsins, sem eftir er, þ. e. 1971 og 1972, ásamt gengisbreytingunni kostuðu Vegasjóð um 400 millj. kr. Ég vil benda á, að mergur málsins er, að það þarf að fá meira af þeim tekjum, sem ríkissjóður hefur nú beint frá umferðinni í landinu í vegagerðina, til þess að hægt sé að gera þar stórt átak. Ég vil líka taka það fram, að það hefur ekki verið út í bláinn, þegar er verið að tala um að bæta vegakerfið í landinu. Það er ekki lítill benzínsparnaður í því að keyra góða vegi fremur en þá vegi, sem við verðum að keyra nú. Þarna eru í húfi miklu meiri fjármunir fyrir bílaeigendur en hækkunin á benzínskattinum. Það er stórfelldur munur á benzíneyðslunni, þegar vegirnir eru orðnir góðir eða þegar þeir eru eins og okkar vegir eru almennt.

Ég vil líka benda á það m. a. í sambandi við það, sem kom fram hjá hv. 8. landsk. þm., Steingrími Pálssyni, að eitt af því, sem við höfum orðið að standa frammi fyrir í vetur, hv. alþm., ef þessi breyting væri ekki gerð, yrði að skera niður vegáætlunina. Það var ekki eingöngu verið að afla fjár til hraðbrautanna. Til þess að standa við þær fjárhagsskuldbindingar, sem þegar voru orðnar, hefðum við orðið að skera niður vegaframkvæmdir, sem næmi 128 millj. kr., ef við hefðum ekki haft meiri tekjur til ráðstöfunar en vegáætlunin gerði ráð fyrir. Og ég er ekki reiðubúinn að trúa því, að hv. 8. landsk. þm., Steingrímur Pálsson, eða aðrir hv. þm. hefðu viljað taka þátt í þeim niðurskurði. Ég vil benda á það, að það hafa næstum árlega hrunið brýr á aðalleiðum, eins og á Norðurlandsleiðinni, vegna þess að þær þola ekki orðið þá umferð, sem á þær er lögð. Síðast í fyrra hrundi brú í Heiðarsporði á Holtavörðuheiði. Hvernig var hún byggð? Hún var byggð með því að færa fjárveitingu frá brú, sem á að ljúka við að byggja á næsta ári. Hefði nú hv. 8. landsk. þm. viljað taka þátt í því að skera niður þessa framkvæmd? Ég trúi því ekki. Hv. þm. verða að gera sér grein fyrir því, að það er ekki hægt að skjóta sér þar á bak við hraðbrautaframkvæmdirnar, vegna þess að við urðum að skera niður áætlaðar framkvæmdir um 128 millj. kr.

Ég vil líka spyrja þess í sambandi við hraðbrautaframkvæmdirnar hér út frá Reykjavík: Hvaða hv. þm. hefði viljað koma í veg fyrir það að byggja nýjar brýr yfir Elliðaár? Þegar flóðin miklu voru hér fyrir 2—3 árum, þá gat farið svo, að Elliðaárbrýrnar hefði tekið af. Hvernig hefði staða hv. þm. verið þá? Við skulum gera okkur grein fyrir því, að hér er ekki um neitt smámál að ræða og hér er um mikið nauðsynjamál að ræða. Það er engin löngun hjá stjórnarandstöðu til þess að taka þátt í því að leggja á skatta, en stjórnarandstaðan og aðrir hv. þm. verða að gera sér grein fyrir málunum og meta þau, eins og hér hefur verið gert.

Ég skal ekki fara að orðlengja þetta, en ég vil endurtaka það, að það, sem ég sagði hér um daginn, var yfirlýsing um mitt fylgi við þetta mál, og ég vil undirstrika það, að ég met mál að verðleikum, en þarf engin annarleg sjónarmið til þess að fylgja þeim eftir.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Það er dálítið sögulegur atburður, þegar málsvari Framsfl. kemur hér fram til þess að verja stjfrv. fyrir gagnrýni frá stjórnarandstöðunni, og þessi atburður sýnir ákaflega vel, á hvaða leið tilteknir aðilar a. m. k. innan Framsfl. telja sig vera um þessar mundir.

Raunar var málflutningur þessa hv. þm. ekki sérlega heiðarlegur heldur. Hann leyfði sér að halda því fram hér, að það væri áhugamál mitt og hv. þm. Steingríms Pálssonar að skera niður vegaframkvæmdir; þetta er fjarri öllum sanni. Ég sagði það hér áðan, að ég teldi það vera mikið ásökunarefni á hæstv. ríkisstj., hve illa hún hefði haldið á þeim málum að undanförnu, og það væri mikið og stórfellt verkefni að halda áfram vegaframkvæmdum á Íslandi. En ágreiningsefnið er hitt, hvar á að taka fjármunina? Það getur vissulega staðizt sem almenn regla, að taka eigi þessar tekjur af umferðinni, eins og það er kallað. Því miður er hluti af þeim tekjum tekinn til annarra þarfa en vegaframkvæmda, og það eru fleiri aðilar en ríkisvaldið, sem taka skatta af umferðinni. Það eru aðilar, sem ég minntist hér á áðan, en hv. þm. forðaðist að ræða um. Það eru olíufélögin; þau taka einnig skatt af umferðinni. Það eru þeir aðilar, sem leggja vegi á Íslandi — einkaaðilar, sem hagnast stórlega af þeim framkvæmdum. Þeir taka einnig skatt af umferðinni. Og það eru bílainnflytjendurnir, sem margir hverjir hafa byggt mjög veglegar hallir yfir þessa einu vörutegund sína hér í Reykjavík, þó að þeir lentu í vandræðum í eitt eða tvö ár. Þessar hallir eru vitnisburður um það, að þessir aðilar hagnast einnig stórlega á umferðinni.

Það, sem ég var að spyrja um hér áðan, var það, hvort það væri ekki eðlilegra — ekki sízt á verðstöðvunartímum — að sækja peningana þangað, en að halda áfram dýrtíðar- og verðbólgustefnunni. Það er ekki stefna þessa hv. þm., sem talaði hér á undan mér. Hann vildi ekki fallast á neina aðra aðferð en þá að taka peninga með skattheimtu frá neytendum. Hann sagði, að hann hefði oft talað hér á þingi um vegamál, en ég sjaldan. Það er alveg rétt. Þessi hv. þm. veit miklu meira en ég um vegamál, og ég læri alltaf mikið um þau mál, þegar ég ræði við hann. Hins vegar er það einkenni á þessum hv. þm. og raunar á mörgum þm., að þeim hættir við að skoða vandamálin algerlega einangruð, eins og þau séu í tómarúmi. Þeir sjá ekki skóginn fyrir trjám. Það vandamál, sem við ræðum hér, er ekki einangrað. Það er hluti af allri fjármálastefnunni í þjóðfélaginu, og við skiljum ekki þetta vandamál og náum engum tökum á því, nema við gerum okkur þessa staðreynd ljósa. Það er ekki hægt að afgreiða mál eins og þetta án þess að muna um leið eftir því, að nú eiga að heita gildandi lög um verðstöðvun á Íslandi, og það er ekki hægt að afgreiða mál eins og þetta án þess að gera sér ljóst, í hvaða átt efnahagsþróunin á Íslandi stefnir. Það var þetta, sem ég reyndi að gera grein fyrir í ræðu minni hér áðan. En það eru vissar ástæður fyrir því, að tilteknir aðilar í Framsfl. vilja ekki átta sig á þessu mikla samhengi, enda stefna þeir í þá átt, að það geti orðið eðlilegur atburður, en ekki dálítil spaugileg undantekning, að þm. úr Framsfl. komi hér fram sem fulltrúar fyrir viðreisnarstjórnina til að bera blak af frv. hennar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
6.—7. gr. samþ. með 24:1 atkv.
8. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 33. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 36. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta hafa hv. alþm. haft nokkuð lengi undir höndum. Fengu það sem trúnaðarmál fyrir u. þ. b. tveimur vikum, áður en málinu var útbýtt, svo að málið er hv. alþm. mjög kunnugt. Þegar verðstöðvunarlögin voru til umr. hér í hv. deild, þá var frá því sagt, að von væri á till. um hækkun á benzíni og þungaskatti til þess að auka tekjur Vegasjóðs. Um leið og þetta frv. felur það í sér að auka tekjur Vegasjóðs, þá eru ofursmávægilegar brtt. við vegalögin, sem talið er nauðsynlegt að fá fram vegna þeirrar reynslu, sem fengin er.

1. gr. frv. er breyt. á 10. gr. laganna, þ. e. að þegar vegáætlun hefur gilt í tvö ár, skuli samin ný vegáætlun til fjögurra næstu ára, þannig að ávallt sé fyrir hendi gildandi áætlun fyrir a. m. k. tvö ár. Það hefur verið svo, að síðasta áætlunarárið liggur ekkert fyrir um það, hvað við tekur næsta ár. Þetta hefur valdið nokkrum erfiðleikum, sem þessari breytingu er ætlað að bæta úr.

Þá er það 2. gr. frv., sem felur í sér breytingu á 14. gr. laganna, þ. e. að leggja skal fyrir sameinað Alþingi till. til þál. um vegáætlun, samkv. 10. gr., svo fljótt eftir þingsetningu sem auðið er. Eins og lögin eru núna, þá er gert ráð fyrir því, að hún skuli fortakslaust lögð fram, um leið og þing kemur saman. Þetta hefur ekki verið framkvæmanlegt og er leiðinlegt að hafa lögin þannig, að það sé ekki unnt að fylgja þeim bókstaflega fram.

3. gr. frv. fjallar um breytingu á 15. gr. l., og þar er lagt til að leggja fyrir hvert reglulegt Alþ. skýrslu um framkvæmd vegáætlunar. En eins og þetta er nú, þá er ákveðið, að það skuli leggja þessa skýrslu fram í upphafi hvers reglulegs Alþ. Þetta hefur stangazt nokkuð á. Vegaframkvæmdum er ekki lokið svo snemma hausts, þegar þing kemur venjulega saman, og því alls ekki hægt að leggja fram nákvæma skýrslu um framkvæmdir á árinu. Það er

ekki unnt að gera það fyrr en undir áramót, þegar framkvæmdum er lokið, og þykir því eðlilegt að breyta lögunum í samræmi við þetta.

5. gr. frv. er um breyt. á 23. gr. l., þar sem gert er ráð fyrir að breyta vegaskattinum vegna nýs fasteignamats, sem undir flestum kringumstæðum hefur hækkað um nærri 20%. Og er þá gert ráð fyrir því í frv., að vegaskattur skuli nema 0.3 af þúsundi af fasteignamatsverði landa og lóða. Ætti þetta að verða nokkuð í samræmi við það, sem var, áður en nýja fasteignamatið kom til.

6. gr. er um breyt. á 85. gr. laganna, og er gert ráð fyrir því að greiða innflutningsgjald af benzíni, sem nemur kr. 7.87 af hverjum lítra í staðinn fyrir kr. 5.67, þ. e. hækkun um kr. 2.10 á lítra. 7. gr. er um þungaskattinn, þar sem gert er ráð fyrir, að hann hækki um 50%. Fyrir bifreiðar, sem nota annað eldsneyti en benzín og eru allt að 2000 kg að eigin þunga, greiðast 22 þús. kr. Fyrir þyngri bifreiðar greiðast auk þess kr. 750 fyrir hver full 100 kg umfram 2000 kg. Af bifreiðum, sem nota benzín að eldsneyti, skal greiða 108 kr. af hverjum 100 kg af eigin þunga þeirra í staðinn fyrir kr. 72. Og 7. gr. er einnig um mælagjald og skatt af bifhjólum, eins og fram kemur.

Í ákvæðum til bráðabirgða segir svo:

„Svo fljótt sem auðið er eftir gildistöku l. þessara, skal leggja fyrir Alþ. till. til vegáætlunar, er gildi fyrir árið 1971, og till. til bráðabirgðavegáætlunar fyrir árið 1972. Fyrir reglulegt Alþ. haustið 1971 skal leggja till. til vegáætlunar samkv. III. kafla vegalaga, sbr. 1. gr. laga þessara, og nái áætlunin yfir árin 1972—1975." Er þetta í samræmi við þá breytingu, sem lagt er til að gera samkv. 1. gr. frv. Og enn fremur segir í bráðabirgðaákvæðunum: „Framkvæmdaáætlanir fyrir sýsluvegi 1972—1975 skulu gerðar fyrir 1. október 1971."

Þetta eru nú aðalatriði frv., en með því að hækka benzín og þungaskatt, eins og hér er lagt til, aukast tekjur Vegasjóðs af benzíngjaldi um 171.4 millj. kr. 1971 og af þungaskatti um 65.9 millj. kr. — samtals 237.3 millj. kr. En þá er einnig gert ráð fyrir því, að framlag ríkissjóðs verði 47 millj. kr., þannig að tekjuaukningin nemi 284.3 millj. kr. En það er talið nauðsynlegt að auka tekjur Vegasjóðs sem þessu nemur á næsta ári. Tekjur Vegasjóðs eða tekjuþörf Vegasjóðs á árinu 1972 er aftur á móti nokkru minni, vegna þess að hallinn á árinu 1969, sem nú verður að borga, var 25 millj. kr. og tekjuáætlunin hafði verið 29 millj. kr. minni en áætlað var. Nú er það leiðrétt og gert ráð fyrir, að með þessari tekjuaukningu verði byggt á réttri vegáætlun og að hallinn frá fyrra ári verði greiddur.

Nú má það vera, að það verði einhver halli á árinu 1970. Það liggur ekki ljóst fyrir enn. En það standa vonir til, að tekjurnar standist betur á þessu ári en 1969, vegna þess að nú hefur verið mikill bifreiðainnflutningur og þess vegna meiri benzíneyðsla. Það hafa sennilega orðið meiri tekjur af gúmmígjaldi, og tekjuáætlun Vegasjóðs ætti að standast betur á árinu 1970 en 1969. Meginástæðan fyrir því, að tekjuáætlun Vegasjóðs stóðst ekki á árinu 1969, var það, hversu bifreiðainnflutningur var lítill. Verði einhver halli á árinu 1970, sem ekki er gert ráð fyrir að brúa með þessu frv., þá er ekki um annað að ræða en ýta því á undan sér og nota þann varasjóð, sem verður til á árinu 1972 til þess að borga þann halla, ef einhver verður. Til þess að jafna tekjuáætlunina með sem nemur 29 millj. kr., borga halla frá árinu 1969, sem nemur 25 millj. kr., og hækka framlag til vegalagninga þjóðvega, til landsbrauta og þjóðbrauta og til vegaviðhalds og brúa bil vegna aukins tilkostnaðar, þarf 128.8 millj. kr. Þessi hækkun er nauðsynleg til þess, að hægt sé að halda fast við þá vegáætlun, sem nú er í gildi, og það er vegna þess, að verðbreytingar hafa orðið miklar, kaup hefur hækkað og kostnaður við framkvæmdirnar aukizt. Þess vegna er ekki við því að búast, að það hafi verið hægt að standa við gildandi vegáætlun nema með því að auka tekjurnar. Tekjur Vegasjóðs uxu ekki í samræmi við það, sem reiknað var með, og miklu minna en kauphækkanir og tilkostnaður við allar framkvæmdirnar. Þess vegna er nauðsynlegt að fá 128.8 millj. kr. til þess að brúa þetta bil og til að borga hallann frá fyrra ári.

Auk þess hefur Vegasjóður tekið á sig skuldbindingar, sem nema 76.3 millj. kr. vegna hraðbrauta, og ákveðið hefur verið að taka lán til hraðbrautagerða samkv. heimild í vegáætlun, sem gefin var á Alþ. fyrir rúmlega ári síðan. Þá er það skuldbinding vegna Vestfjarðaáætlunarinnar, sem nemur 2.6 millj. kr., vegna Skeiða- og Þjórsárdalsvegar 1.9 millj. kr. og vegna Landvegar 1.8 millj. kr. Skeiða- og Þjórsárdalsvegur var endurbyggður, áður en byrjað var að virkja við Búrfell, og borgaði Landsvirkjun helminginn af kostnaði, en Vegasjóður tók að láni helminginn. Eru þetta vextir og afborganir af því láni. Landvegur eyðilagðist á s. l. vori, þegar Hekla gaus og umferðin varð 50- eða jafnvel 100-föld á við það, sem venjulegt var. Þetta var, áður en klakinn fór úr jörðu, og varð því að ráðast í að endurbyggja hluta vegarins. Var tekið lán til þess til tveggja ára, sem verður að endurgreiða á árinu 1971 og 1972. Þetta eru 82.6 millj. kr. Þá er gert ráð fyrir að verja 39.2 millj. kr. til nýbygginga landsbrauta og þjóðbrauta, og hækkun á þéttbýlisframlagi verður 5.7 millj. kr., en þéttbýlisframlagið verður þá samtals, ef þetta frv. verður samþ., 21 millj. kr. Verði þetta lögfest, þá verða til ráðstöfunar hjá Vegasjóði á árinu 1971 auk þeirra lána, sem Vegasjóður tekur á árinu 883.8 millj. kr. Má því búast við, að vegaframkvæmdir gætu orðið allmiklar á næsta ári í hraðbrautum. Það verði þá staðið við gildandi vegáætlun, og auk þess verði nokkurt fé til nýrra framkvæmda, sem mikil þörf er á.

Með þessu frv. eru nokkrar töflur, sem sýna spá um tekjur Vegasjóðs á næstu árum og bifreiðaeign landsmanna eins og áætlað er, að hún verði nokkuð fram í tímann. Það er gert ráð fyrir því, að í árslok

1970 verði bifreiðar samtals rúmlega 45 þús., en í árslok 1972 rúmlega 52 þús. Með auknum bifreiðafjölda aukast tekjur Vegasjóðs, með því að það þarf meira benzín, það þarf meira gúmmí og þungaskattur verður meiri. Það má nú kannske ætla það, að sumum finnist hér nokkuð langt gengið í sambandi við hækkun á benzíni og þungaskatti, og vissulega er hér nokkuð stórt spor stigið. En tekjur Vegasjóðs aukast verulega með þessu, og það verður þá hægara en áður að halda í horfi og auka framkvæmdir.

Hvað hraðbrautaframkvæmdir snertir, er ákveðið að ljúka hraðbrautargerð upp í Kollafjörð á árinu 1972 og einnig austur að Selfossi á því sama ári. Hraðbrautaframkvæmdir eru ákveðnar eftir því, hversu umferðin er mikil. Umferðin á Vesturlandsvegi við Kollafjörð er um 3000 bifreiðar á dag, a. m. k. yfir sumarmánuðina. Og í Svínahrauni hefur umferðin verið mæld 1780 bifreiðar á dag. Þetta eru langfjölförnustu þjóðvegirnir, og er þess vegna fyrst lagt í það að gera hraðbrautir á þessum vegum. Þegar komið er fram hjá Kollafirði, þá snarminnkar umferðin, þannig að hún verður 1100—1200 bílar á dag. En það er vissulega það mikil umferð, að nauðsyn ber til sem fyrst að hraða betri vegagerð á þeim vegi, Vesturlandsveginum, og liggur það vitanlega fyrir, þegar þeim áföngum er lokið, sem nú eru hafnir. Þá er hægt að gera sér grein fyrir því, að þjóðbrautir og landsbrautir víða um land þurfa lagfæringar við og endurbyggingar, og er hér nokkurt fé til ráðstöfunar í því skyni.

Eins og getið er um í frv., þá er gert ráð fyrir því að gera áætlun fyrir árið 1971 og bráðabirgðaáætlun fyrir árið 1972. En haustið 1971 verði hins vegar gerð áætlun fyrir árið 1972 til 1975, og hef ég lýst því, hvers vegna talið er eðlilegt að breyta þessu í lögunum frá því, sem verið hefur.

Frv. þetta var samþ. í hv. Nd. í gær með 24 atkv. gegn einu, og kom það fram, að alþm. voru yfirleitt fylgjandi því að auka tekjur Vegasjóðs með þeim hætti, sem hér er lagt til. Benzínverð eftir þessa hækkun verður hátt á 16. kr. Það er nú kr. 13.30. Það hækkaði á s. l. sumri um 80 aura lítrinn vegna hækkana á flutningsgjöldum og innkaupsverði erlendis. Það er auðvitað engu hægt að spá um það, hvort innkaupsverð lækkar á benzíni eða flutningsgjöld lækka á næstunni, en vissulega getur maður vonað það. Það kom á óvart þessi mikla hækkun, og kæmi það þá til góða. En eins og ég sagði, þá má segja, að benzínið verði hátt á 16. kr. — 15 kr. og 60—70—80 aura. Það er vitanlega nokkuð hátt, en þess má geta, að í Noregi er benzínverðið nú kr. 1.50 norskar, sem gerir kr. 18.45 íslenzkar. Það má einnig geta þess, að benzínverð í Svíþjóð mun vera nú sem svarar um 19 kr. íslenzkum, og benzínverðið í nágrannalöndunum er víðast hvar hærra en hérna.

Þungaskattur er einnig mjög hár í flestum nágrannalöndunum, en hægast er að bera sig saman við Noreg, sem hefur gjaldmæla í dísilbifreiðum eins og við. Og í fréttum heyrðum við það, að það varð nokkur úlfaþytur í stjórnarliðinu út af þungaskattinum. En þungaskatturinn í Noregi er allmiklu hærri nú fyrir þá hækkun, sem er fyrirhuguð hjá þeim, en hann verður hér, þó að þetta frv. verði lögfest. En menn geta sagt sem svo: Það þýðir ekkert að vera að bera þetta saman, hvorki benzínverð né þungaskatt, m. a. vegna þess að greiðslugeta er hærri þar en hér. Þetta geta menn sagt, en jafnvel þótt launatekjur undir vissum kringumstæðum séu hærri erlendis en hér, þá er ekki þar með sagt, að kaupmáttur launanna þar sé mun betri en hér eða að það sé hægara að lifa af launum þar en hér. En þegar tillit er tekið til alls, svo sem trygginga, verðs á nauðsynjum — brýnustu nauðsynjum, húsnæði og því um líku — og skatta, kemur í ljós, að það er mjög vafasamt, að þótt menn í nágrannalöndunum fái sums staðar nokkru hærra mánaðarkaup, verði launin nokkuð drýgri hjá þeim eða lífskjörin betri hjá þeim en okkur.

En það, sem máli skiptir, er það, að þegar þungaskattur og benzín er hækkað í Noregi og nágrannalöndunum, þá eru rökin fyrir þeirri hækkun nákvæmlega þau sömu og hér. Ég las það í norsku blaði fyrir stuttu, að þeir þyrftu að nota þessa hækkun til þess að endurbyggja vegina, gera burðarþol þeirra meira og gera vegina betri til aksturs víða um Noreg en þeir nú eru. Og það er nákvæmlega þetta, sem við ætlum að gera. Við notum þessa tekjuaukningu til þess að bæta vegina. Og við erum sannfærðir um það, að þegar til lengdar lætur, þá er það betra fyrir bifreiðaeigendur og fyrir vegfarendur að borga nokkuð meira fyrir benzínið og meira í þungaskatt til þess að fá betri vegi til þess að aka eftir. Með því verður slitið minna á ökutækinu og minna brennsluefni þarf til en ef við búum áfram við lágt benzínverð, lágan þungaskatt en lélega vegi. Þetta veit ég, að hv. alþm. í Ed. vita allt saman.

Ég veit einnig, að þeir hafa kynnt sér nákvæmlega þetta frv., og það er þess vegna ekki þörf á því að hafa fleiri orð að sinni um málið til skýringar því, sem er ætlunin með þessu frv. Ég vænti þess, að það verði samstaða í þessari hv. d. eins og í hv. Nd. um málið og við getum afgr. það og gert það að lögum nú fyrir jólin. Ég legg til, herra forseti, að að aflokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég skal ekki þreyta hv. þdm. með langri ræðu um þetta mál. Mig langar aðeins til þess að gera grein fyrir atkv. mínu með örfáum orðum.

Það ber talsvert á þeirri skoðun, að það sé sjálfsagt, að stjórnarandstæðingar séu yfirleitt á móti málum, sem frá stjórninni koma, og greiði atkv. gegn þeim. Það er kannske afsakanlegt, að þetta er talsvert útbreidd skoðun, vegna þess að málgögn stjórnarinnar og stjórnarsinnar eða talsmenn þeirra hafa verið ákaflega iðnir við það á undanförnum árum að halda því fram, að stjórnarandstaðan væri ábyrgðarlaus og að hún væri bara alltaf á móti.

Allir þeir, sem hér sitja, vita, að þetta er rangt. Við höfum margoft greitt atkv. með málum, sem stjórnin hefur flutt, og í þessu sambandi er þess skemmst að minnast, að þegar vegalögin voru sett 1963, þá var samstaða um þau og stjórnarandstæðingar greiddu atkv. með þeim. Og með þeim átti miklum áfanga að vera náð, og Vegasjóður var stofnaður. En Vegasjóður hefur því miður annað slagið síðan orðið tómur eða tómahljóð nokkurt verið í honum, og þá hefur komið til kasta þm. á nýjan leik að fylla í þær eyður. Og þm. hafa brugðizt ákaflega vel við málaleitun í því efni, verð ég að segja. Og það er ekki lengra síðan en 1968, að tómahljóð var í Vegasjóði, og það varð samkomulag um það að auka þá þær tekjur, sem Vegasjóði eru ætlaðar og það mjög verulega.

Ég er ekki þeirrar skoðunar, að sú kenning sé rétt, að stjórnarandstaða hljóti alltaf og eigi yfirleitt að vera á móti því, sem frá stjórn kemur. Ég mun fyrir mitt leyti ekki fylgja þeirri aðferð, heldur mun ég meta þau mál, sem frá ríkisstj. koma hverju sinni, og fylgja þeim, sem mér þykja horfa til heilla og gagns, og eins fylgja þeim ráðstöfunum, sem ég tel nauðsynlegar til þess að leysa úr brýnum vanda eða úr þjóðfélagslegri þörf.

Það frv., sem hér liggur fyrir, er að vísu ekkert álitlegt eitt út af fyrir sig, og það má sannarlega segja, að það sé ekkert fagnaðarefni. En ég mun samt fylgja þessu frv. Ég geri það að vísu ekki með neitt glöðu geði, heldur af illri nauðsyn. Ég tel það neyðarúrræði að þurfa að samþykkja jafnstórfelldar álögur, eins og hér er um að tefla, því að vitaskuld er þetta mjög tilfinnanlegur skattur, sem þarna er ráðgert að leggja á ökutæki og ekki sízt, þegar þess er gætt, að hér er vegið í sama knérunn, ef svo má segja. Það er ekki lengra síðan en 1968, að þessi gjöld voru hækkuð mjög verulega, þungaskatturinn t. d. hækkaður um 100%, ef ég man rétt. Það liggur í augum uppi, að ef þeir aðilar, sem þessi skattur er á lagður, eiga að bera hann án þess að geta komið honum yfir á aðra að einhverju leyti, þá er hann og verður hann þeim verulega tilfinnanlegur. En hitt finnst mér ekki ósennilegra, að þessar álögur komist með einhverjum hætti út í verðlagið og það óðar en varir. Og þá er það náttúrlega ekki ánægjuleg staðreynd að þurfa að samþykkja slíkar álögur sem þessar, rétt eftir að búið er að samþykkja verðstöðvun.

En á hinn bóginn er á það að líta, að þörf fyrir vegagerð er mjög mikil. Þörfin kallar á nýja vegi, bæði að því er snertir landsbrautir og þjóðbrautir. Því miður búa margir enn í þessu landi við algerlega ófullnægjandi vegi og nánast vegleysur. Það þarf að gera brýr, og við þurfum auðvitað að fara að vinna að því og erum byrjaðir að vinna að því — og það tel ég rétta stefnu — að gera hér varanlega vegi. Þessi þörf er því mjög mikil, og það þarf auðvitað ekki að vera að eyða orðum að því hér, hver nauðsyn góðir vegir eru og hvílík skilyrði þeir eru fyrir öðrum framförum og velferðarlífi í landinu.

Ég verð þess vegna að segja um þetta mál, að mér finnst vera um tvo kosti að velja og hvorugur kosturinn er góður. Annars vegar að láta ástand í vegamálum fara versnandi, en á það má sízt bæta, vegna þess að viðhaldi vega er, eins og flestir þekkja til, mjög ábótavant víða, og þörfin fyrir nýja vegi er, eins og ég sagði áðan, víða brýn og aðkallandi, þannig að ef ekki væri að gert og ekki væri hægt að standa við þá vegáætlun, sem síðast var gerð, þá mundi að mínum dómi ástandið í þessum efnum verða mjög óviðunandi. Hinn kosturinn er sá að auka tekjur Vegasjóðs, svo sem hér er ráð fyrir gert og með þeim hætti, sem þar er um að tefla. Og eins og ég hef lítillega vikið að, þá er sá kostur engan veginn góður, en hann er þó að mínum dómi skárri, og af tveimur slæmum vel ég skárri kostinn og mun þess vegna, eins og ég sagði, fylgja þessu frv.

Við framsóknarmenn höfum yfirleitt að undanförnu — og ég held alltaf, þegar þessi mál hefur borið á góma og þau hafa komið til kasta þingsins — fylgt því fram að veita meiri tekjum til Vegasjóðs. Og það er raunar margyfirlýst stefna okkar, sem hefur verið undirstrikuð með þingmálum æ ofan í æ, að tekjur af umferðinni á landi ættu að sem mestu leyti að ganga til veganna. Það sjónarmið hefur ekki náð fram að ganga, þó að segja megi, að nokkuð hafi þokazt í þá átt.

Hinu geta menn svo velt fyrir sér, af hverju þessi fjárþörf Vegasjóðs sé nú fyrir hendi og hvers vegna það skorti mjög mikið upp á, að tekjur hans hrökkvi til þess að standa við þá vegáætlun, sem gerð var fyrir tveimur árum síðan. Og þá geta menn auðvitað sagt eins og hæstv. ráðh.: Kostnaður hefur aukizt, og kaup hefur hækkað. Og vissulega er það rétt. Hvers vegna hefur kaup hækkað? Og hvers vegna hefur kostnaður vaxið á þessum tveimur árum? Skyldi ekki framfærslukostnaður hafa hækkað? Og skyldu menn ekki hafa haft þörf fyrir hærra kaup? Jú. Og hvers vegna hefur verðlag hækkað? Ég held án þess að fara frekar út í það að sinni, að rótin verði ekki vandfundin til þeirrar stórkostlegu verðbólgusveiflu, sem átt hefur sér stað á s. l. tveimur árum. Það eru gengisfellingarnar — gengisbreytingarnar 1967 og 1968. Þetta er mjög einfalt mál, og það skilur hver maður, þegar um er talað á venjulegan hátt, og fram hjá þeirri staðreynd verður ekki komizt, hvernig sem menn reyna að vefja umbúðir utan um. En það er staðreynd, sem verður að horfast í augu við nú, að svona er komið, hver svo sem orsökin er til þess, og verður náttúrlega að haga sér í samræmi við það í þessu sambandi. En eigi að síður er auðvitað rétt að gera sér grein fyrir rótinni í þessum efnum. En eins og þetta frv. ber með sér, fer einmitt verulegur hluti af þessum auknu tekjum, sem hér er um að ræða og Vegasjóði eru ætlaðar, til þess að standa undir því, sem þarf til þess að halda í horfi með þá vegáætlun, sem gerð var fyrir tveimur árum síðan, og til þess að standa undir halla, sem í því efni varð á s. l. ári. Um leið hefur þó nokkuð fengizt til nýrra framkvæmda, eins og gerð er grein fyrir í þessu frv. og hæstv. ráðh. vék að. Það tel ég ávinning, og það er ein ástæðan

fyrir því, að ég fylgi nú þessu frv. þrátt fyrir það, að ég sjái þarna ýmsa annmarka á.

Og það er náttúrlega satt að segja ekki ánægjuleg tilhugsun að eiga kannske von á því að þurfa alltaf á tveggja eða þriggja ára fresti — eða hvað sem það nú er — að vera að samþykkja nýjar og nýjar álögur til þess að fylla í tómarúm í þessum sjóði. En sagan að undanförnu hefur eiginlega verið á þá lund — því miður. Og þó að nú sé verið að gera hér fallega áætlun um framtíðartekjuástand í þessum efnum, hver er þá kominn til með að segja, að sagan muni ekki endurtaka sig? Hún endurtekur sig, ef sagan á öðrum sviðum verður látin endurtaka sig hér, ef það er t. d. gripið til nýrra gengisfellinga, því að það gefur auga leið, hvernig slíkt fer með aðstöðu Vegasjóðs — ekki aðeins vegna þess að auðvitað hækkar tilkostnaður og kaup, eins og hæstv. ráðh. sagði, heldur er það líka svo, að við höfum verið — sem ég tel réttmætt út af fyrir sig — að framkvæma fyrir lánsfé, og það lánsfé er fengið erlendis frá, og það liggur í augum uppi, hver áhrif það hefur á afborganir og greiðslur í sambandi við slík lán, ef þannig breytingar verða. Ég skal ekki fara lengra út í það, og ég er þegar búinn að gera grein fyrir mínu atkv., svo sem ég ætlaði að gera. Ég mun fylgja málinu, enda þótt mér sé satt að segja um og ó í því efni, og ég held, að við verðum að átta okkur á því, að það verður að eiga sér stað breyting í þessu efni. Ég held, að það verði að athuga, hvort það þarf ekki að festa meira af tekjum af umferðinni handa Vegasjóði í framtíðinni. Ég hef ekki raunverulega trú á því, að við komumst frá þessum stóru og miklu málum, sem vegamálin eru, nema með þeim hætti.

Ég skal ekki neita því, að mér hefði þótt æskilegt, að það hefði verið hægt að hafa þessar álögur á ökutækin allmiklu lægri, en ríkissjóður hefði í þess stað komið til móts við þörfina og lagt meira af mörkum en hann gerir. En um það tjóar ekki að tala. Um það hefur ekki náðst samkomulag, og allir vitum við það, að á ríkissjóð hafa þegar verið lagðir nokkuð þungir baggar, og má vera, að nokkuð sé óvíst, hvort hann stendur undir þeim þyngri. Þó hygg ég, að tekjuöflun hjá ríkissjóði hljóti að verða svo mikil, að hann hefði með góðum vilja getað lagt eitthvað meira af mörkum í Vegasjóð. Og ég held, að það þyrfti í öllu falli að marka alveg þá stefnu, að ríkissjóður tæki að sér afborganir og vaxtagreiðslur af eldri lánunum, því að hann gerir það að verulegu leyti núna. En það verður náttúrlega líka að hafa framtíðina í huga í þessu efni, og sé haldið áfram að taka lán, erlend lán, og svo skellur kannske á mjög svipað eins og áður, þ. e. gengisbreytingar, sem ég vil ekki spá og er ekki að spá, þá verður Vegasjóður alltaf magnlítill, ef honum er ætlað að standa undir slíku.

Ég skal ekkert fara út í það að ræða það, sem hæstv. ráðh. vék að í þessu sambandi, því að hann svaraði sér þar í raun og veru alveg sjálfur, þegar hann taldi það fram sem rök fyrir og réttlætingu á þessari hækkun á benzín- og þungaskatti, að þetta væri nú hærra erlendis. En eins og hann sjálfur réttilega tók fram, þá er allur slíkur samanburður út í bláinn, því að það eru svo margar óþekktar stærðir, sem er um að tefla, og mörg atriði, sem yrði að taka inn í þann samanburð, ef hann ætti að gefa rétta niðurstöðu, þannig að hann segir eiginlega ekki neitt. En hitt er vitað mál líka, sem verður að taka með í reikninginn í því sambandi, að vegirnir eru nú víðast hvar í útlöndum mun betri en hér. Þess vegna verður úthald bílanna betra en hér, kostnaður af þeim sökum minni við þá en hér og líka hygg ég — t. d. í sambandi við þungaskattinn — að þeir geti flutt þar þyngra hlass en hér. En hæstv. ráðh. vék að því, að upp úr þessu væri ekki mikið leggjandi, svo að ég skal ekki tefja tímann á því frekar.

Um einstök atriði í þessu frv. skal ég svo ekki ræða nema 2. gr., sem ég felli mig ekki við. En þar er það lagt til, að því ákvæði, sem nú er í l., um, að vegáætlun skuli lögð fram samtímis fjárlagafrv. eða hún skuli verða samferða því, verði breytt á þá lund sem segir í 2. gr., að leggja skuli fyrir sameinað Alþ. till. til þál. um vegáætlun svo fljótt eftir þingsetningu sem auðið er. Það eru í aths. færðar fram ástæður fyrir þessu, en um þær ástæður verð ég að segja, að mér þykja þær ekki sannfærandi. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í framkvæmd hefur þetta reynzt miklum erfiðleikum bundið og ekki talið æskilegt að tengja þetta tvennt jafnfortakslaust saman.“

Hver segir þetta? Og sjónarmið hvers er þetta? Það má segja, að hæstv. ráðh. hafi gert það að sínu með því að leggja þetta frv. fram. En ég lít nokkuð öðruvísi á þetta. Ég lít svo á, að vegáætlunin sé ekkert annað en þáttur fjárl. og það veigamikill þáttur fjárl., og ég álít það í alla staði eðlilegt, að þetta tvennt fylgist að, og ég álít, að á þessu eigi ekkert að slaka. Ég veit, að framkvæmdin hefur ekki verið alveg í samræmi við þetta. En ég trúi því ekki, að það séu nein veruleg vandkvæði á því að fylgja þessu fram í framkvæmd, eins og nú er lögboðið, þ. e. að vegáætlunin fylgi fjárlagafrv. Skýrslan um vegáætlunina og framkvæmdin á henni eru sitt hvað. Það er eðlilegt, að ekki sé hægt að leggja hana fram alveg í upphafi þings. Ég hef ekkert við það ákvæði að athuga. Ekki ætla ég að fara að gera þetta að neinu stóru atriði, en skýt því svona til n., sem fær þetta til meðferðar, hvort hún ætti ekki að taka þetta til yfirvegunar og hvort það sé ekki rétt að halda sig við það, sem í l. er ákveðið. Ég get ekki sætt mig við það, sem mér virðist allt of mikið bera á, að það er um sinn ekki farið eftir l. í framkvæmd, og svo kemur framkvæmdavaldið og fer þess á leit, að l. sé bara breytt í samræmi við sleifarlag, sem hefur verið. Ég held, að þetta sé ekki góður háttur. Ég held, að handhafar framkvæmdavaldsins, ríkisstofnanir — í þessu tilfelli vegamálaskrifstofan — verði að laga sig eftir l. að þessu leyti, og ég held, að það eigi ekki að vera nein veruleg vandkvæði á því.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. Það er ekki ástæða til þess, þar sem það er svo, eins og hæstv.

ráðh. gerði grein fyrir, að við höfum séð þetta áður og um það er samkomulag í meginatriðum. En ég taldi rétt að gera þessa stuttu grein fyrir mínum sjónarmiðum í þessu máli.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til að segja hér nokkur orð nú þegar við 1. umr. þessa máls, áður en það frv. til l. um breyt. á vegalögum, sem hér liggur fyrir, fer til n. í þessari hv. d. Það er kunnara en þurfi að rekja í löngu máli, að í sambandi við þau vegalög, sem Alþ. hefur samþ. á undanförnum tíma allt frá því, að tekinn var upp sá háttur að ganga frá sérstökum vegalögum og sérstakri fjárveitingu utan fjárl. til veganna, hefur alltaf innan skamms rekið að því með vaxandi dýrtíð og vaxandi verðbólgu, að sú löggjöf og sá rammi, sem Alþ. hefur sett í sambandi við vegaframkvæmdir, var sprunginn fyrr en varði. Verðbólgan hafði séð fyrir því. Það er þess vegna ekkert nýtt, að Alþ. verði að standa frammi fyrir því að afla nýrra og stóraukinna tekna í Vegasjóð, ef ekki ætti að verða um stórfelldan samdrátt að ræða í sambandi við vegalagningu í landinu, en allir eru sammála um, að þar þurfi að gera stórátak á tiltölulega skömmum tíma.

Nú er enn einu sinni að því komið, að fjáröflun til vegaframkvæmda í landinu er gersamlega komin í þrot, og það var raunar vitað fyrir nokkru, að svo mundi vera, og þess vegna biðu menn eftir því með nokkurri eftirvæntingu, til hvaða ráða hæstv. ríkisstj. ætlaði nú að grípa til að fjármagna þær vegaframkvæmdir, sem ýmist er þegar búið að samþykkja í vegáætlun eða stendur fyrir dyrum, að verði samþykktar þar á næstunni. Það er í rauninni svo, að þessi rammi utan um vegaframkvæmdir, þ. e. vegáætlun, sem gildir til fjögurra ára, hefur að undanförnu verið lítið nema nafnið, þ. e. það hefur ekki tekizt að ganga þannig frá þessum hlutum, að þeir hafi getað staðið nema í mesta lagi eitt eða tvö ár í senn. Eftir það hefur orðið að afla nýrra, stórfelldra tekna og gera ýmsar breytingar á vegáætlun, til þess að hægt væri að fjármagna hinar samþykktu og ákvörðuðu framkvæmdir. Ég fæ ekki betur séð en með þessu frv. sé a. m. k. að nokkru leyti verið að játa þá staðreynd, að í verðbólguþjóðfélagi, sem við búum við, er í rauninni ekki hægt að gera áætlanir af viti um hluti eins og vegaframkvæmdir til fjögurra ára. Það kemur í rauninni þegar fram hér í 1. gr. frv., að það er verið að breyta þessu. Að vísu verð ég að segja, að mér finnst breytingin gerð með dálítið einkennilegu og grautarlegu orðalagi, þar sem segir svo í 1. gr., með leyfi hæstv. forseta, að aftan við 10. gr. l. eigi að koma ný mgr., svo hljóðandi:

„Er vegáætlun hefur gilt í tvö ár, skal samin ný áætlun fyrir fjögur næstu ár, þannig að ávallt sé fyrir hendi gildandi áætlun fyrir a. m.k. tvö ár."

Með þessu er í rauninni verið að breyta þessari fjögurra ára áætlun í tveggja ára áætlun, ef ég skil þetta rétt. Það er það, sem í raun er að gerast með þessari breytingu. Þegar það kom svo í ljós, til hvaða ráða hæstv. ríkisstj. hygðist grípa nú í sambandi við fjáröflun til vegaframkvæmda, þá kom upp úr kafinu það, sem hún hefur alveg sérstaklega í huga í því efni, og er í rauninni ekkert nýtt og þó er það að nokkru nýtt. Ætlunin er að taka mjög stórt erlent lán til vegaframkvæmda. Óneitanlega hlýtur maður að staldra dálítið við sérstaklega með tilliti til fenginnar reynslu m. a. af Keflavíkurveginum, þegar ætlunin er að taka stórfelld lán erlendis til vegaframkvæmda. Og ég get ekki látið hjá líða að nefna það hér eða spyrja að því, hvort bæði hæstv. ríkisstj. og hv. alþm. telji sig ekki þurfa að hugsa sig tvisvar um, áður en þeir taka slík stórfelld erlend lán, og hvort það hefði ekki verið þess vert að reyna að afla lánsfjár innanlands til þeirra vegaframkvæmda, sem ætlunin er að fjármagna að verulegu leyti með erlendum lántökum. Ég spyr að þessu vegna þess, að í því verðbólguþjóðfélagi, sem við búum við, þarf ekki mikla spádómsgáfu til þess að láta sér detta í hug, að ekki líði langur tími, þangað til enn verði gengisfelling hér á landi, og þá er ég hræddur um, að nokkuð erfitt verði fyrir Vegasjóð að eiga að standa straum af mjög stórfelldum, erlendum lánum. Þetta vildi ég nefna til umhugsunar um þessi mál í heild, að það er vissulega verið að fara þarna út á braut, sem er engan veginn áhættulaus.

En það, sem er þó sérstaklega til umr. nú í sambandi við þetta frv., er sú fjáröflun, sem það gerir ráð fyrir til vegaframkvæmda eða til Vegasjóðs. Eftir að hæstv. ríkisstj. hafði mannað sig upp í það í haust að setja hér á tímabundna verðstöðvun, sem á að standa nokkuð fram yfir næstu alþingiskosningar, þá gerðu ýmsir ráð fyrir því, að sú leið að hækka stórlega þær álögur, sem lagðar eru á benzínið, og hækka aðra þá skatta af umferðinni, svo sem áður hefur margsinnis verið gert, væri nánast útilokuð, a. m. k. væri útilokað að fara hana í stórum stíl. En þetta frv. sýnir að hæstv. ríkisstj. hikar ekki við það að fara enn hina gömlu leið þrátt fyrir sína verðstöðvun — þ. e. að hækka verulega benzínverðið og hækka þungaskattinn um hvorki meira né minna en 50%.

Hv. síðasti ræðumaður, hv. 1. þm. Norðurl. v., er búinn að gera hér grein fyrir atkv. sínu og segist fylgja þessu frv. og þar með þeirri fjáröflunaraðferð, sem þar er lögð til. Hann sagði að vísu — ég skrifaði það orðrétt upp eftir honum — að hér væri enn með þessum hækkunum vegið í sama knérunn og áður. Þetta er hárrétt, því að þessi aðferð hefur verið notuð hvað eftir annað, þegar Vegasjóð hefur skort fé. Hv. 1. þm. Norðurl. v. var raunar í öðru orðinu nokkuð lukkulegur yfir því að vera nú samherji hæstv. samgrh. í þessu efni, enda þótt hann viðurkenndi, að hér væri enn vegið í sama knérunn og fyrr. Hann sló að vísu dálítið úr og í og sagði, að sér væri um og ó í þessu efni og gerði það nú allhreystilega, enda býst ég við, að hann væri tæplega orðinn form. Framsfl., ef hann kynni ekki þá list svona heldur í betra lagi. En ég er satt að segja dálítið hissa á því, að hv. form. Framsfl. skuli fagna

því, að enn skuli vegið í sama knérunn í þessu efni og ætlunin skuli vera sú ofan á allar þær hækkanir ... (Gripið fram í.) Efnislega hygg ég, að það sé rétt, sem ég fékk út úr ræðu hv. þm., þar sem hann lýsir yfir fullum stuðningi við þetta frv. Því gefur það auga leið, að hann ætlar að styðja þessa fjáröflunaraðferð og hefur raunar lýst því yfir, að hann muni styðja hana, enda þótt vitað sé, að ríkið, eins og hann tók sjálfur fram, tekur enn til ýmissa annarra nota en til vegaframkvæmda verulega skatta af bifreiðum og af umferðinni í landinu.

Ég mun ekki fara út í einstök atriði þessa máls, en vil aðeins leggja áherzlu á það og vænta þess, að sú hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, athugi vel sinn gang og athugi, hvort ekki sé nú með því að vega enn í hinn sama knérunn, þ. e. með því að hækka enn benzínverð mjög verulega og þungaskattinn enn fremur, verið að ganga einum of langt í þessu efni, hvort ekki séu möguleikar á því að afla fjár til þessara framkvæmda, sem allir viðurkenna, að séu þarfar og nauðsynlegar, með öðrum hætti og þá alveg sérstaklega, hvort ríkissjóður í því góðæri, sem nú er óneitanlega, væri ekki fær um það að sjá af nokkru meira til Vegasjóðs en hann gerir af þeim tekjum, sem hann hefur af umferðinni.

Sú hækkun, sem hér er ráðgerð, þ. e. að hækka benzínlítrann úr 13.30 kr. í 15.50 kr. eða um 2.20 kr. ofan á benzínhækkun, sem varð fyrr á þessu ári af erlendum rótum runnin, þýðir enn mjög verulega aukna skattlagningu — ekki aðeins á alla þá, sem eiga og nota bíla, heldur á alla, sem nota bíla með ýmsu móti, því að það gefur auga leið, að þessi hækkun er það mikil, að hún verður áreiðanlega talin næg forsenda fyrir einhverjum hækkunum í sambandi við bílanotkun. Reynslan hefur verið, að slíkar hækkanir eru leyfðar, þegar rök eru talin fyrir þeim, jafnvel á verðstöðvunartímum, sem svo eru kallaðir. Ég ætla aðeins að nefna hér nokkrar tölur í sambandi við það, hvað þessi aukna skattlagning þýðir, og kem þá fyrst að benzínverðinu. Mér er tjáð, að það sé ekki óeðlilegt að gera ráð fyrir, að bíll af venjulegu tagi, sem til að mynda iðnaðarmaður notar til sinna þarfa, fari með 2000 benzínlítra á ári, og er þá gert ráð fyrir 15—18 þús. km akstri. Og sé reiknað með þessari benzínnotkun á ári, sem ekki mun teljast mikið, þá er hér um að ræða nýjan skatt ofan á það, sem fyrir er, sem nemur 4—5 þús. kr. á venjulegan smábíl á ári. En á stóra bíla og eyðslufreka eins og jeppa þá munar þetta að sjálfsögðu miklu meira. Þá er um hærri upphæðir að ræða. Þetta kemur, eins og ég sagði, ofan á það, að allur rekstrarkostnaður bíla hefur hækkað verulega á þessu ári. Samkv. því, sem Fél. ísl. bifreiðaeigenda hefur gefið upp, þá hefur rekstrarkostnaður sparneytins smábíls frá 1. október 1969 til 1. október 1970 hækkað um 13 þús. kr. Það er vitað mál, að hér eru þeir margir — og hefur farið fjölgandi á undanförnum árum — sem þurfa að nota bíl við vinnu sína, og þetta eru engan veginn eingöngu efnaðir menn. Þetta eru menn, sem hafa miðlungstekjur, og þá munar vissulega um það að verða enn að bæta við skatti, sem nemur 4—5 þús. kr. á ári í hækkuðu benzínverði.

Að því er snertir þungaskattinn, þá skilst mér, að þar sé um allmiklu meiri hækkun að ræða en á benzínverðinu. Og þó að ég sé ekki e. t. v. nægilega vel kunnugur þeim málum, þá skilst mér, að þarna muni vera um 50% hækkun að ræða — eða geta verið það. Mér er tjáð, að þungaskattur af bíl, sem er talinn meðalbíll — meðalvörubíll, sem brennir dísilolíu, muni vera um 1.30 kr. á ekinn km. Og ef reiknað er með meðalnotkun slíks meðalbíls, þá borgar hann, að því er mér er tjáð, nú um 42 þús. kr. í þennan þungaskatt, en sú greiðsla yrði eftir hækkunina, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, um 63 þús. kr. Þetta er svo verulega mikið hærra af stórum vörubílum, því að þar getur gjaldið komizt upp í 2.05 kr. á hvern ekinn km, og mér er tjáð, að hækkunin ein, sem frv. gerir ráð fyrir, geti numið um 30 þús. kr. á bíl á ári.

Hæstv. samgrh. hefur bæði nú og áður vikið að því og fært fram sem rök fyrir benzínhækkunum og hækkunum á þungaskatti, að hér sé benzínverð — og verði jafnvel ekki eftir þessar hækkanir — ekki hærra og jafnvel lægra en sums staðar í nálægum löndum. Eins og þegar hefur verið bent á, þá er nú erfitt um samanburð í þessu efni milli landa, þar sem kaupgjald og kaupgeta er mismunandi. Það er einnig annað, sem kemur þarna til greina svo sem styrkleiki benzíns, en ég hygg, að það sé ekki óruggt, að það sé um sömu tegund eða sama styrkleika benzíns að ræða, þ. e. að sums staðar, þar sem verðið kann að vera eins hátt eða hærra en hér, kunni oktantala benzínsins að vera hærri en hér. Þetta er mér að vísu ekki fullkunnugt um. Ég veit, að þessi styrkleiki var allmiklu lægri hér á landi fyrir nokkrum árum en í nálægum löndum. Það mun hafa verið hækkað eitthvað, en ég efa þó, að oktantalan eða styrkleikinn sé hinn sami hér og í nágrannalöndunum, sem nota annars konar benzín.

En loks er það, sem ég tel ástæðu til að leggja áherzlu á og hafa í huga, þegar er enn á ný einmitt verið að auka skatta á bifreiðar hér á landi, og það er, að bíllinn gegnir í raun og veru stærra hlutverki hér en í flestum nálægum löndum — og ég vil segja í flestum eða öllum Evrópulöndum. Þar er um ýmis önnur flutningatæki að ræða svo sem járnbrautir og sporvagna og ýmis rafknúin farartæki, en hér í þessu stóra og strjálbýla landi er óhætt að fullyrða, að bíllinn sé alls ekki lúxus lengur, heldur nauðsynlegt farartæki, og á ég þá í rauninni ekkert síður við sendiferðabíla og fólksbíla af venjulegri og hæfilegri stærð og gerð en vörubíla. Í rauninni er bíllinn hér á landi orðinn það, sem hesturinn var fyrir Íslendinga hér áður fyrr, og sem betur fer, þá hafa margir með meðaltekjur og jafnvel minna en meðaltekjur komizt yfir slíkt farartæki og telja það ekki aðeins gagnlegt, heldur jafnvel nauðsynlegt í sumum tilfellum fyrir sína vinnu. Það hljóta að vera takmörk fyrir því, hvað hægt er að leggja mikla skatta á þá menn, sem nota bíla þannig í

rauninni í þágu atvinnu sinnar að meira eða minna leyti — fyrir utan önnur þau lífsþægindi, sem bílarnir geta veitt og veita mönnum.

Hér hafa orðið miklar hækkanir á undanförnum árum bæði fyrir tilverknað hins opinbera, Alþ. og ríkisvalds, og fyrir utanaðkomandi áhrif vegna vaxandi tilkostnaðar á mörgum sviðum. Og ég spyr, hvort nú sé ekki e. t. v. of langt gengið í þessum efnum og hvort það sé ekki alveg sérstaklega varhugavert og slæmt fordæmi af ríkisvaldsins hálfu að láta lögfesta slíkar hækkanir sem þessar á verðstöðvunartímum. Hver er þá alvara hæstv. ríkisstj. með verðstöðvun sinni, ef ríkisvaldið sjálft gengur þannig á undan með heldur slæmu fordæmi og leyfir sér að hækka verð á nauðsynlegum hlutum, en bannar öðrum slíkt? Annaðhvort er þá um það að ræða, að ríkisvaldið ætli sér hér annan og betri hlut en öðrum — að það megi hækka verð, þó að það banni öðrum slíkt, eða þá hitt, að þetta sé vottur um það, að þessari verðstöðvun verði ekki framfylgt svo út í æsar, að ekki verði um ýmis frávik að ræða bæði hjá ríkisvaldinu og öðrum.

Ég vil að lokum leggja á það áherzlu, að sú n., samgmn., sem fær þetta mál til athugunar, kanni það rækilega, hversu háar upphæðir það eru, sem ríkisvaldið tekur enn einu sinni af umferðinni og af bifreiðaeigninni og notar til annarra hluta en vegaframkvæmda, og hvernig og hvort ekki séu möguleikar á því að ná hluta af því í Vegasjóð og hvort ríkissjóður sé ekki fær um það einmitt nú að sjá þar af meira fé en hann hefur áður gert í þessar vegaframkvæmdir og láta meiri hluta og helzt allt, sem af umferðinni er tekið, ganga til Vegasjóðs eða vegaframkvæmda. Enginn neitar því, að hér er þörf á verulegu átaki í sambandi við vegamálin, en hitt er, held ég, verulegt umhugsunarefni, hvort hægt er, eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. orðaði það réttilega, sí og æ að vega í sama knérunn. Ég hygg, að það hljóti að vera einhver takmörk fyrir því, hve miklu er hægt að hlaða á umferðina bæði með hækkuðu benzínverði og hækkuðum þungaskatti.

Ég tel svo að lokum, herra forseti, ástæðu til þess að kynna hér stutta ályktun, sem Landssamband vörubifreiðastjóra hefur gert í sambandi við þetta mál. Það kann nú að vísu að vera, að alþm. kippi sér ekki upp við það, þó að þeir, sem þessi mál mæða einna mest á eins og bifreiðarstjórar, mótmæli, en ég tel þó, að í þeirri ályktun, sem ég hef hér fyrir framan mig frá Landssambandi vörubifreiðastjóra, sé um að ræða nokkrar upplýsingar, sem ástæða væri til, að hv. alþm. hefðu í huga í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Ályktunin er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Landssamband vörubifreiðastjóra leyfir sér hér með að mótmæla harðlega frv. því um breytingar á vegalögum, sem ríkisstj. hefur nú lagt fram á Alþ. og felur í sér nýjar og auknar álögur á eigendur ökutækja í landinu og stórfellda árás sérstaklega á lífskjör þeirra, sem hafa akstur eigin vörubifreiða að atvinnu sinni. Er þetta þriðja stórhækkunin á útgjöldum þessarar atvinnustéttar á rúmlega tveggja ára tímabili. Með l. nr. 7 frá 1968 var þungaskattur bifreiða hækkaður um rúmlega 100% frá því, sem hann hafði verið áður, en jafnframt var heimilað í sömu lögum að setja ökumæla í bifreiðir yfir 5 tonn, en með þeirri innheimtuaðferð átti að greiða þungaskatt miðað við hvern ekinn km. Var reglugerðin um ökumæla sett 1970 og byrjað að reikna þungaskattinn eftir ökumælum hinn 1. ágúst 1970. Var í það látið skína, að hér væri aðeins um breytta innheimtuaðferð þungaskattsins að ræða, sem ekki ætti að hafa í för með sér heildarhækkun skattsins, heldur mundi skattinum með henni, þeirri skattahækkun, sem ákveðin var í lögunum frá 1968, verða jafnað niður réttlátlega á eigendur vörubifreiða eftir notkun þeirra og nýtingu. Það hefur hins vegar sýnt sig þann tíma, sem ökumælarnir hafa verið í notkun, að innheimtuaðferðin sjálf, þ. e. þeir taxtar, sem eftir er farið, virðist hafa í för með sér verulega hækkun þungaskattsins ofan á hækkunina, sem ákveðin var með lögunum nr. 7 frá 1968. Er því harðlega mótmælt sem lögleysu, að hægt sé að hækka með reglugerðarákvæðum einum saman opinber gjöld, sem ákveðin hafa verið með lögum og eiga að ákveðast með lögum. En þrátt fyrir þessar staðreyndir á nú enn einu sinni að hækka þungaskattinn um 50% með því lagafrv., sem nú hefur verið lagt fram, og er þá miðað við, að sú hækkun komi ofan á þungaskattinn, eins og hann er nú orðinn eftir hækkunina 1968 og eftir hina breyttu innheimtuaðferð með ökumælum. Er augljóst, að með þessum gegndarlausu stórfelldu hækkunum á útgjöldum atvinnubifreiðastjóra á tímabili almennrar verðstöðvunar er verið að kippa heilbrigðum rekstrargrundvelli undan rekstri vörubifreiða í landinu. Leyfir Landssamband vörubifreiðastjóra sér að skora á hæstv. ríkisstj., að hún taki tillit til þessara mótmæla og breyti frv. sínu um hækkun þungaskattsins í samræmi við þau."

Vörubílstjórafélagið Þróttur í Reykjavík hefur einnig gert samþykkt um þetta mál, og fer hún mjög í sömu átt, án þess að ég sjái ástæðu til þess að lesa hana hér.

Ég vil að lokum leggja á það áherzlu, að ég tel, að hv. n., sem kemur til með að fjalla um þetta mál, eigi að leggja á það áherzlu að athuga, hvort ekki er gengið helzt til langt í álögum í þessu frv. og hvort ekki gæti verið um að ræða, að einmitt nú, þegar heldur vel horfir hjá ríkissjóði, væru tök á því, að hann skilaði því eða hluta af því, sem til hans rennur af umferðinni, eins og hún er nú.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það var rétt hjá hæstv. samgrh., að þm. hefðu fengið að sjá þetta frv. nokkru áður en það kom fram. Það var rætt í mínum þingflokki, og ég gerði þá þegar í stað aths. við þá hækkun, að þungaskattur ætti að hækka um 50% — taldi hér alltof stórt stökk á ferðinni og varla réttlætanlegt. Þess vegna vildi ég gera fsp. um það til hæstv. ráðh., hvort ekki væru tök á því með einhverju móti að skoða hlutföllin hér á milli

benzínskattsins og þungaskattsins í þeim tilgangi, að benzínið færi þá upp í heila krónu og stæði ekki á aurum, eins og hæstv. ráðh. nefndi, en þungaskatturinn lækkaði.

Það er augljóst mál, að hér bitnar þungaskatturinn á vissum bílategundum — bílategundum, sem eru í framleiðslu landsmanna, landbúnaði og sjávarútvegi fyrst og fremst og einnig að verulegu leyti í vöruflutningum. Þessi þungaskattur mun koma inn í verðlagið. Og ég spyr hæstv. ráðh.: Hefur það verið reiknað út, hversu mikið vöruverð hækkar vegna þessara hækkana? Um hversu margar krónur? Hvernig kemur þetta fram á verði á mjólkurlítranum? Hvaða áhrif hefur þetta á flutning á vörum til Akureyrar eða Austfjarða með langferðabílum? Þetta skiptir verulegu máli. Einnig er það mjög óeðlilegt, að ein stétt manna, sem eru vörubílstjórar — þótt þeir vinni með mismunandi hætti að flutningum — taki á sig á svo stuttum tíma jafnstórkostlega hækkun og fram kom í ályktun þeirri — en ég hafði nú ekki heyrt hana áður — sem lesin var hér upp af síðasta ræðumanni, og er það næsta undarlegt að elta eina stétt manna með svo snöggum hækkunum á svo skömmum tíma. Það hygg ég einsdæmi, og væri gott ef hæstv. ráðh. gæti nefnt mér dæmi um aðra hliðstæðu. Það má segja, að eftirspurn hjá þessum mönnum er nokkuð teygin, og hækki þeirra taxtar mjög ört, þá leitast mjög mörg fyrirtæki við að eiga sína eigin bíla og reyna að draga úr notkun vörubíla eftir beztu getu. Það eru eðlileg viðbrögð við slíkri skyndihækkun. Það kynni því að koma fram bókstaflegt atvinnuleysi hjá þessari stétt manna, ef svo snögglega er ráðizt í hækkun. Það er mín skoðun.

Hins vegar vil ég láta það í ljósi, að ég er tilbúinn að standa að því, að benzín hækki. Ég vorkenni ekkert því fólki, 20—30 þús. manns, sem fer út úr Reykjavík um verzlunarmannahelgina og eyðir fleiri þúsundum króna í benzín og aðra vitleysu um þessa einu helgi, en ég hef samúð með þeim mönnum, sem búa við stopula atvinnu og verða að treysta á, að landbúnaður og sjávarútvegur og aðrir vöruflutningar séu eðlilegir hér á landi. Ég bið hæstv. samgmn. að athuga þetta gaumgæfilega, og það væri æskilegt, ef hæstv. ráðh. vildi tjá sig eitthvað í þessu efni. E. t. v. hefur þetta verið unnið svo hávísindalega, að ekki sé nokkur leið að hnika þessu til. En ég vil þá spyrja: Hvaða aðilar unnu það? Ef það er Vegagerð ríkisins eingöngu, þá treysti ég henni ekki, þar sem ég bý í Kópavogi og hef séð jafnátakanlega vitleysu og þar hefur átt sér stað. Ef þeir hafa unnið það einir, þá trúi ég þeim varlega. Einnig mætti spyrja: Hvernig verður háttað endurgreiðslum vegna jeppabifreiða í landbúnaði? Mér er tjáð, að þar séu allveruleg brögð í tafli í sambandi við þungaskatt og jafnvel eignaraðild að bílunum. Allt þetta þarf að koma fram, þegar við erum að meta og vega tekjumöguleika, og eins og kemur fram í frv., gera rn. eða Vegagerð ríkisins ákveðnar áætlanir um tekjur, en svo stendur hér, að brúttóarðtekjur séu yfirleitt lægri, og er hér reiknað með í frv. 23% afföllum, eins og segir í aths. Það er kannske erfitt að koma því við, að menn misnoti ekki rétt sinn til að fá endurgreiðslu, en e. t. v. væri það athugandi að fella hana alveg niður. Það er líka viðkvæmt mál, en fyrst við erum með stórauknar álögur, sem nema tugum milljóna á ákveðna stétt manna, mætti þá ekki athuga, að sumir hefðu ekki möguleika á að hagnast á því ólöglega. Það finnst mér a. m. k. lágmarkið.

Að öðru leyti vil ég taka undir það, sem sagt hefur verið hér af ræðumönnum, að við þurfum auðvitað að tryggja Vegasjóði nægilegar tekjur, og ég vil standa að því, og ég vona, að menn misskilji mig ekki þannig, þó að ég ætlist til, að tekjuöflun eigi að vera með eilítið öðrum hætti. Þeir, sem eyða miklu benzíni hugleiða það yfirleitt mjög lítið. Menn fara hér ákaflega mikið í bifreiðum á morgnana í vinnu, heim í mat og svo á bíó, og þeir hugsa yfirleitt lítið um þessi rekstrarútgjöld. Hins vegar er það mjög viðkvæmt mál, þegar þungaskattur hækkar upp í 40—60 þús. kr. eða jafnvel enn meir. Það kemur hér fram, að yfir 1000 bílar samkv. skrá á bls. 8 eru yfir 6 tonna þunga, og þetta sýnist mér vera veruleg og tilfinnanleg skattahækkun, sem þessir bílar verða að taka á sig — mjög veruleg — og nemur fljótlega alls nokkuð yfir 40 millj. kr. og hækkunin þá samtals mikið á 3. tug milljóna. Þetta er veruleg skattaálagning og kemur skyndilega.

Okkur er öllum ljóst, að betra skipulag þarf að vera á framkvæmd vegáætlunar. Ég veit ekki, hvort það er rétt áætlað, en verði vegaframkvæmdin ekki með meiri hraða en á henni var hér upp úr Reykjavík, þá virðist mér, að það muni taka hátt í 100 ár að komast bara til Akureyrar. Auðvitað er slíkur hraði óhugsandi, og það fagna allir því að eiga góða vegi, og ég vil taka undir það, að það er mikill ávinningur að góðum vegum. Það dregur úr eldsneytisnotkuninni, og það dregur geysilega úr viðhaldi bifreiða, sem er líka fé fyrir bíleigendur bæði meiri háttar og minni háttar. Að öðru leyti skal ég ekki lengja þessar umr., en ég vildi vonast til þess, að það væri tekið til mjög vinsamlegrar athugunar, hvort ekki eru einhver tök á því að færa þungaskattinn niður á við frá því, sem frv. gerir ráð fyrir, og athuga um eilitla hækkun á benzíngjaldi á móti.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð hér um. Vitanlega er það eðlilegt, að hv. þm. taki til máls og ræði um þetta mál, og ekkert óeðlilegt, þótt sitt sýnist hverjum í þessu máli. Hér er um stórmál að ræða. Hér er um það að ræða að afla Vegasjóði tekna. Allir þeir, sem tekið hafa til máls, eru sammála um það, að þess þyrfti. Það hefur verið á það minnzt, að æskilegt væri, að ríkissjóður legði meira fram og hægt væri að lækka þungaskattinn og benzínið jafnmikið. Ég er þessu algjörlega sammála. En nú er verið að afgreiða fjárlög, og ég held, að hæstv.

fjmrh. og fjvn. séu sammála um það, að það sé óvarlega farið að auka útgjöld ríkissjóðs að þessu sinni meira en fjvn. hefur lagt til — eða a. m. k. meiri hluti hennar. Og það er alveg áreiðanlegt, að bæði ríkisstj. og þm. eru sammála um það, að það væri æskilegt, að ríkissjóður stæði þannig, að hann gæti lagt meira fjármagn til veganna, til þess að þungaskattur og benzínverð gæti verið lægra, en það eru margar kröfur á ríkissjóð, og það er talið alveg sjálfsagt og nauðsynlegt að afgreiða fjárlög greiðsluhallalaus. Það hefur komið fram í þessum umr. hjá fleirum en mér, að ríkissjóður hefur í seinni tíð aukið framlög sín til veganna. Ríkissjóður greiðir á árinu 1970 82 millj. kr. til veganna í vexti og afborganir og hefur þannig tekið að sér meginhluta af þeim þunga, sem af lánunum stafar. Vegasjóður hefur hins vegar greitt á þessu ári aðeins 14 millj. kr. í þessu skyni. Þótt vextirnir vitanlega lækki vegna afborgana, sem hafa farið fram á þessu ári, má gera ráð fyrir, að með því viðbótarframlagi, sem lagt er til, að ríkissjóður leggi fram, þá verði ríkissjóðsframlagið á næsta ári 125 millj. kr. Þetta viðurkenna nú allir, að er framför og er spor í rétta átt, en það er sannleikurinn í málinu, að það þótti ekki fært að láta ríkissjóð að þessu sinni leggja meira fram en þær 47 millj. kr., sem í frv. eru.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. gerði aths. við 2. gr. frv. og taldi eðlilegt að athuga það mál frekar og ákveða það, hvort ekki væri eðlilegt, að vegáætlun væri lögð fram um leið og fjárlagafrv. En þetta hefur ekki verið talið fært, og vegamálastjóri og rn. eru sammála um það. Ég tel ekki eðlilegt að tala um sleifarlag í þessu efni, þótt þetta hafi ekki verið talið fært, og ég tel eðlilegt, að í lögunum verði þetta orðað eins og í frv. er lagt til, að þetta verði gert, svo fljótt eftir þingsetningu sem auðið er. Það geta vitanlega mörg atvik til þess legið, að það sé ekki fært að gera þetta fortakslaust samtímis og fjárl. eru lögð fram, en eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði, að hann teldi ekki ástæðu til að gera þetta að neinu stórmáli, þá gildir það sama um mig, þ. e. ef hv. alþm. að athuguðu máli sýnist sjálfsagt að breyta þessu, verður það ekki heldur neitt stórmál hjá mér.

Hv. 5. þm. Reykn., Gils Guðmundsson, taldi mjög óeðlilegt að leggja þetta frv. fram og bera fram svona miklar hækkunartillögur á verðstöðvunartíma. Það má segja, að þetta hefði verið óeðlilegt, ef ekki hefði verið ráð fyrir þessu gert, um leið og verðstöðvunarlögin voru rædd og hv. alþm. gert það ljóst, að það væri von á tillögum um hækkun á benzini og þungaskatti. Og það var gert ráð fyrir því í öllum útreikningum, að þetta gæti valdið hækkun á vísitölunni, og það er allt með í dæminu. Þess vegna er það ekkert óeðlilegt, að það kemur mönnum ekkert á óvart í þessu sambandi. Það má vera, að hv. þm. hafi ekki verið hér á Alþ., þegar verðstöðvunarlögin voru rædd. Ég held, að það hafi ekki verið og þess vegna sé honum þetta ekki eins ljóst og öðrum hv. þm., og má það eðlilegt teljast, þar sem hann var fjarverandi.

Hv. landsk. þm., Jón Árm. Héðinsson, gerði aths. við þungaskattinn og fannst hann vera of hár og ekki rétt hlutfall á milli hækkunar þungaskattsins og benzínverðsins. Hv. þm. telur eðlilegt að hækka benzínið meira, en lækka þungaskatt að sama skapi. En það er nú svo, að það hafa verið gerðir nákvæmir útreikningar í þessu sambandi. Það hefur verið gert hjá Vegagerðinni, þótt hv. þm. trúi henni misjafnlega, það hefur verið gert í Efnahagsstofnuninni og það hefur verið gert í samgrn., og það er talið eðlilegt hlutfall milli þungaskattsins og benzínverðsins, eins og lagt er til í frv. Þótt þungaskatturinn verði nú hækkaður um 50%, þá er hann ekki sérstaklega stór hluti af útgerðarkostnaði bílsins. Í samningum við Vegagerðina er gert ráð fyrir því, að þetta vegi 5% af útgerðarkostnaði eins og þungaskatturinn er nú og yrði þá væntanlega 7.5% eftir hækkunina. Af þessu leiðir, að þetta er ekki stór hluti af útgerðarkostnaðinum. Það er rétt, að þungaskatturinn hefur hækkað nokkuð mikið hjá mörgum á þessu ári, eftir að gjaldmælarnir komu í bílana, en það er vegna þess, að atvinna hefur verið meiri hjá vörubílum seinni hluta þessa árs en var t. d. í fyrra. Og ég hef rætt við forystumenn vörubifreiðastjóra um þetta, og þeir viðurkenndu það, að það hefði verið meiri atvinna seinni hluta þessa árs en oft áður. Það leiðir til þess, að það er meiri akstur, það er greitt eftir gjaldmæli og það veldur hærri skatti. En það verður ekki til þess að gera gjaldgetu þessara manna minni, þótt þeir greiði hærri skatt eftir gjaldmæli, vegna þess að skatturinn hækkar aðeins vegna þess, að það er meira ekið.

Nú var það svo, að það var gefin út reglugerð á s. l. vori, áður en gjaldmælarnir voru settir í, og þá var miðað við, að með sama akstri greiddi bifreiðarstjórinn sama gjald og áður. Það var miðað við 30 þús. km, og með því að aka 30 þús. km, þá átti hann að greiða jafnmikinn skatt og hann hafði greitt áður en gjaldið var tekið samkv. gjaldmæli. Og með því að setja gjaldmæla í bifreiðarnar leiðir það til þess, að margir borga hærra vegna þess, að gjaldmælirinn er í bílnum, en þeir munu verða fleiri, sem borga minna, af því að þeir aka lítið. Og þar vil ég nefna þá, sem aka í sjávarþorpum. Þeir borga minna, eftir að gjaldmælirinn er kominn í bifreiðina en áður. Það hafa margir talað við mig og sagt: Ja, bifreiðin mín, henni er aðeins ekið niður á bryggju og upp í frystihús, og þetta eru kannske 10 þús. km á ári. En áður en gjaldmælirinn kom, þá var þessi bifreiðarstjóri látinn greiða samkv. 30 þús. km taxtanum, og það var óréttlátt. Þess vegna voru gjaldmælarnir upp teknir. Og ég fullyrði það, að það verður meiri hluti vörubifreiðastjóra, sem greiða lægra gjald eftir þessa hækkun en þeir greiddu áður, á meðan þungaskatturinn var miklu lægri, áður en gjaldmælirinn kom. Það mun sannast og sýna sig. Og það er vitanlega réttlátt að borga þungaskatt samkv. gjaldmæli á þessum þungu bílum eftir því, hvað þeir nota vegina og hvað þeir aka mikið, eins og það er réttlátt að taka benzínskatt. Þeir, sem aka mikið á benzínbifreiðum, aka um

vegina og slíta þeim, en þeir borga líka miklu meiri benzínskatt en hinir, sem aka lítið. Þannig er þetta hvort tveggja eðlilegt, þ. e. að það sé gjaldmælir í dísilbílnum og að það sé skattur á benzíninu, og að athuguðu máli hefur þetta hlutfall verið talið eðlilegt.

Það hefur stundum verið talað um, að það væri ekki nægilega gott skipulag hjá Vegagerðinni, þ. e. að framkvæmdirnar þar gengju ekki nógu vel, og það hefur þá stundum verið vitnað í það, hvað langan tíma hefur tekið að gera veginn hér út úr Reykjavík, sem nú er loksins búinn. En menn hafa ekki tekið það með í reikninginn, að þessi vegur er miklu breiðari en venjulegur þjóðvegur, þótt hraðbraut sé, og þarna hefur orðið að sprengja og brjótast í gegnum klappir, þannig að það er sem betur fer ekkert sambærilegt. Menn geta talað um 100 ár sér til gamans, en ég vil þá minna á það, að það er gert ráð fyrir því, að hraðbraut verði lokið upp í Kollafjörð á árinu 1971—1972 og austur að Selfossi á sama tíma, og það hlýtur þó að vera talinn eðlilegur hraði í vegaframkvæmdum hér á landi.

Það er talað um endurgreiðslur vegna benzíns á jeppabifreiðar. Það er gert ráð fyrir þessum endurgreiðslum, sem eru, að mig minnir, 21 millj. kr., þ. e. að endurgreiða benzín, sem notað er á dráttarvélar. Dráttarvélum, sem nota benzín, fer nú fækkandi, en eru þó allmargar til í landinu, og ég hygg, að menn séu sammála um, að það sé ekki sanngjarnt að láta greiða benzínskatt af dráttarvélum, sem aldrei fara út á vegi — skatt, sem er ætlaður til þess að byggja upp vegina. Það eru endurgreiðslur vegna benzíns á jeppa líka, dísiljeppa, landbúnaðarjeppa, og það er ekki gert ráð fyrir því að breyta því fyrirkomulagi. Það á að haldast. En ég er sammála hv. síðasta ræðumanni um það, að það er nauðsynlegt að tryggja það, að þessar endurgreiðslur séu ekki misnotaðar. Fjmrn. hefur gefið út reglugerð í þessu efni. Það hefur verið sagt stundum, að þetta fyrirkomulag hafi verið misnotað, en ég held, að það hafi aldrei verið sannað. Og ég trúi því, að hreppstjórar og sýslumenn gæti þess, að þessi reglugerð sé ekki brotin, og haldi sig innan þess ramma. Ég trúi því. Og ég veit ekki til þess, að það hafi komið fram sem staðreynd, að þetta hafi verið misnotað. En vitanlega er það sjálfsagt að tryggja það, að það verði ekki.

Hv. samgmn. tekur þetta mál fyrir. Form. hv. n. sagði mér, að vegamálastjóri kæmi til fundar í n., og tel ég það mjög gott, að hann sé kallaður fyrir n. til þess að gefa upplýsingar í málinu, sem n. kynni að óska eftir, en hv. alþm. hafa ekki enn fengið.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég má til með að leiðrétta þann meinlega misskilning, sem kom fram hjá hv. 5. þm. Reykn., þegar hann lét að því liggja, að í minni ræðu hefði það falizt, að ég fagnaði þessu frv. Það er nú alveg þveröfugt. Ég sagði í mínu máli einmitt, að þetta frv. væri sannarlega ekki fagnaðarefni. Ég sagðist að vísu mundu fylgja þessu frv. af illri nauðsyn. Ég sagði, að hvorugur þeirra kosta, sem fyrir hendi væru, væri góður, og margt fleira sagði ég í þeim dúr. Þess vegna er mér alveg ráðgáta, hvernig hann hefur fengið þann skilning út úr mínu máli. Ég vona, að það stafi af því, að hann hefur eitthvað truflazt af hávaða, sem kom annars staðar frá, á meðan ég var að tala hér í þessari hv. d., því að mér dettur ekki í hug að væna hann um það að hafa viljað fara skakkt með þetta, enda vitnaði hann orðrétt í önnur ummæli mín, sem hann hafði skrifað niður, þar sem mitt sjónarmið í þessu máli kom nokkuð glögglega fram. Hann hneykslaðist á því, hv. ræðumaður, að ég hafði sagt, að mér væri um og ó í þessu sambandi, en ég verð nú að segja eftir að hafa hlýtt á þá ágætu ræðu, sem hv. 5. þm. Reykn. flutti hér áðan, þá mundi ég segja frá henni á þá lund, að honum hefði verið um og ó. Ég heyrði hann aldrei lýsa því yfir, hvort hann væri með málinu eða á móti, hvort hann mundi greiða atkv. með þessu eða á móti. Nei, það er sannleikurinn, að það er hvorugur kosturinn góður í þessu máli.

Út af því, sem hv. 5. landsk. þm. sagði, þá álít ég rétt og vil taka undir það með honum, að það, sem hann setti hér fram, verði athugað í samgmn., og ég tel eðlilegt, að samgmn. fái auk vegamálastjóra til viðtals við sig fyrirsvarsmenn vöruflutningabifreiða, sem hafa sérstaklega sett fram kvörtun einmitt í sambandi við þá nýju innheimtuaðferð, sem tekin hefur verið upp á þessu gjaldi. Ég álít sjálfsagt að skoða þetta mál þannig, því að þó að það hafi verið samkomulag um að fylgja þessu máli í megindráttum, þá er það vitaskuld ekki á þann veg, að það megi ekki athuga ýmsar breytingar á þessu, ef unnt er að færa það til betri vegar.

Hitt er svo annað mál, að þegar hæstv. ríkisstj. kemur til stjórnarandstöðu og leitar samkomulags og samstöðu um eitthvert mál, þá gerum við gjarnan ráð fyrir því, án þess að það sé orðað sérstaklega, að stjórnarflokkamenn standi þar allir að, því að það gæti náttúrlega haft sína þýðingu fyrir framvindu mála, ef stjórnarflokkamenn fengju að leika lausum hala í málum eins og þessum. En ég vil segja það, að ég er alls ekki að halda því fram, að hæstv. samgrh. hafi neitt sagt um það, að allir stjórnarflokkamenn væru sammála um þetta mál — alls ekki, en ég gekk út frá því. Og ég vil segja það, að það verður maður náttúrlega að gera, þegar við mann er þannig talað, en ég geri ekki ráð fyrir því, að það hafi átt að skilja hv. 5. landsk. þm. þannig, að hann væri á móti málinu. **(Gripið fram í:** Ber að skilja þetta sem kvörtun um það, að það sé ekki nógur agi í stjórnarliðinu?) Það er ekki mitt að dæma um það. Ég hef ekkert um það að segja og læt það alveg lönd og leið, en að sjálfsögðu er mér það ekkert óánægjuefni, þó að agi sé þar ekki nægur.

En að lokum vil ég aðeins drepa á það, sem kom fram hjá hæstv. samgrh. og er náttúrlega stærsta atriðið í öllum þessum málum og við þurfum að athuga og ræða, og það er framkvæmdin í vegamálum og allt skipulagið á þeim málum. Það kann

allt að vera í góðu lagi. Ég vil ekki dæma um það, en það er mjög mikil ástæða til þess að fylgjast með í þeim efnum. Og við höfum heyrt það, að það er ekki langt síðan, að hingað kom maður frá Ameríku og taldi sig geta gert vegina með allt öðrum og fljótari hætti en hér hefur verið gert. Ekki veit ég, hvort slíkt hefur við rök að styðjast. En það, sem ég vil undirstrika, er það, að við verðum að vera opnir í þessum efnum og læra af öðrum.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður, 1. þm. Norðurl. v., sagði út af þeim fáu orðum, sem ég lét falla í hans garð eftir þá ræðu, sem hann hélt hér fyrr í dag, að ég hefði víst eitthvað truflazt í sambandi við hávaðann í flokksbróður hans í Nd. hér áðan. En það var held ég ekki. Mér fannst hins vegar ástæða til þess að vekja aðeins athygli á þeim einkennum ræðu hv. þm., hversu hann sveiflaði sér lipurlega fram og til baka ýmist yfir að hæstv. samgrh. til að vera fylgjandi málinu eða út á hinn kantinn til að vera svona næstum því á móti málinu, þannig að ég dáðist að þessum léttleika hans — hvernig hann sveiflaði sér þannig fram og til baka eins og Íslandsmeistari í stórsvigi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til samgmn. með 16 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 233, n. 287 og 288).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Meginefni þessa frv. er að hækka annars vegar innflutningsgjald af benzíni um 2.20 kr. af hverjum lítra eða um 39% og hins vegar að hækka þungaskatt af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín um 50%. Þessar hækkanir á að gera í því skyni að auka tekjur Vegasjóðs, en honum eru nú tekna vant af þremur ástæðum aðallega.

1. Tekjur sjóðsins hafa á síðustu tveimur árum orðið minni en ráðgert var vegna mikils samdráttar í innflutningi bifreiða á árinu 1969.

2. Miklar hækkanir verðlags og kaupgjalds á yfirstandandi ári hafa leitt til þess, að kostnaður við vegagerð hefur aukizt verulega.

3. Fyrir dyrum standa meiri framkvæmdir í vegagerð á árinu 1971 og 1972 einkum við hraðbrautir en ráð var fyrir gert í vegáætlun fyrir árin 1969—1972.

Í þessu frv. felast þó fleiri atriði en aukinn skattur til vegamála. Þar vil ég sérstaklega víkja að 1. gr. frv., en í henni segir, að er vegáætlun hefur gilt í tvö ár, skal samin ný áætlun fyrir fjögur næstu ár, þannig að ávallt sé fyrir hendi gildandi áætlun fyrir a. m. k. tvö ár. Þetta orðalag hefur hjá sumum valdið vangaveltum og e. t. v. misskilningi, en þannig er mál með vexti, að vegáætlun hefur verið gerð til fjögurra ára í senn, og svo þegar tvö ár eru liðin, hefur hún verið endurskoðuð. Þetta er samkv. gildandi lögum. Yfirstandandi vegáætlun tekur t. d. yfir árin 1969—1972. En með þessu breytta ákvæði er ætlunin að gera vegáætlun til fjögurra ára á tveggja ára fresti. Og þetta lítur út sem eins konar þversögn, en getur þó staðizt, þegar betur er að gáð. Manni virtist, að ef áætlunin er gerð til fjögurra ára og síðan eftir tvö ár er gerð ný fjögurra ára áætlun til næstu fjögurra ára, þá séu tvö síðustu ár yfirstandandi vegáætlunar strikuð út, og það er það, sem raunverulega er gert. En í reynd yrði þetta þannig, að við hverja nýja fjögurra ára áætlun eru tvö síðustu ár yfirstandandi vegáætlunar endurskoðuð, en ný áætlun kemur fyrir næstu tvö ár þar á eftir. Með þessu hafa þeir, sem standa fyrir vegaframkvæmdum og hafa gert áætlun, alltaf vaðið fyrir neðan sig, hafa alltaf tvö ár framundan, og það er mjög mikill kostur, eins og reyndar er lýst í grg. með þessu frv.

Frv. þessu var að lokinni 1. umr. vísað til samgmn. N. bárust mótmæli gegn frv. frá mörgum aðilum, og þar má helzt til nefna Landssamband vörubifreiðastjóra, Félag ísl. bifreiðaeigenda, Bandalag ísl. leigubifreiðastjóra og fjölda vörubifreiðastjórafélaga víðs vegar um landið. Mótmælin beinast aðallega gegn þeim gjaldhækkunum, sem í frv. felast, og m. a. með skírskotun til þess, að það fer illa saman að leggja nýjar álögur á bifreiðaeigendur á sama tíma og verðstöðvunarlög séu í gildi. Það er út af fyrir sig eðlilegt, að nýjum álögum sé mótmælt af þeim, sem hlut eiga að máli. Hinu mega menn heldur ekki gleyma, að fjárþörf Vegasjóðs er brýn og sú fjáröflun, sem frv. þetta miðar að, gerir það kleift að auka vegaframkvæmdir og bæta vegakerfið, en það er mikið hagsmunamál bifreiðaeigenda og reyndar þjóðarinnar allrar.

Skattgjöld þau, er frv. þetta tekur til, greinast aðallega í tvennt, þ. e. í benzíngjald og þungaskatt. Síðan má aftur greina þungaskattinn í þrennt. Í fyrsta lagi þungaskatt af benzínbifreiðum, sem er tiltölulega lágt gjald, sem miðast einvörðungu við eigin þunga bifreiðanna. Í öðru lagi þungaskatt af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, en eru undir 5 tonnum að eigin þyngd. Hér er um allhátt gjald að tefla, sem einvörðungu miðast við þunga bifreiðanna. Í þriðja lagi kemur svo þungaskattur af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín og eru 5 tonn eða meira að eigin þyngd. Þessum þungaskatti var á s. l. sumri með reglugerð breytt í kílómetragjald. Þetta gjald er að vísu mishátt eins og annar þungaskattur eftir þyngd bifreiðanna, en fyrir bifreiðar í sama þyngdarflokki er kílómetragjaldið hið sama og óbreytt á hvern kílómetra, sem bifreið ekur yfir árið án tillits til þess, hvort kílómetrarnir eru margir eða fáir. Þetta kílómetragjald leggst einkum á vörubifreiðar og langferðabifreiðar, enda er yfirgnæfandi meiri hluti slíkra bifreiða með dísilvélum.

Í mótmælum, sem fram hafa komið gegn þessu frv. af hálfu vörubifreiðastjóra, er vakin sérstök athygli á því, að breytingar úr föstum þungaskatti í kílómetragjald hafi, þegar á heildina er litið, orðið vörubifreiðastjórastéttinni óhagstæð. Með þessum breytingum, sem gerðar voru 1. ágúst s. l., var ekki meiningin að leggja á neinar nýjar álögur. Það átti aðeins að taka upp nýtt gjaldakerfi, sem gæfi Vegasjóði sömu tekjur og áður, en væri réttlátara að því leyti, að menn greiddu það misjafnt eftir því, hvað bílunum væri ekið mikið á ári, en ekki, að allir greiddu jafnt án tillits til aksturs. Vörubifreiðastjórastéttin var út af fyrir sig alveg samþykk þessari kerfisbreytingu í grundvallaratriðum og taldi, að þetta væri réttlátara en gamla kerfið. En í þessu nýja kerfi, þ. e. með greiðslu kílómetragjaldsins, var við það miðað, að eigandi bifreiðar, sem ekið er 30 þús. km yfir árið, stæði jafnt að vígi eftir báðum kerfunum, og það þýddi, að eigendur bifreiða, sem ekið er minna en 30 þús. km yfir árið, hagnast á breytingunni, en hins vegar bíða eigendur þeirra bifreiða, sem ekið er meira en 30 þús. km, tjón af þessari breytingu. Nú halda vörubifreiðastjórar og þeir, sem þetta kílómetragjald greiða, því fram, að með þessari kerfisbreytingu verði lagðar á þyngri álögur en samkv. gamla þungaskattinum, og telja, að þetta nýja kílómetragjald muni yfir árið gefa Vegasjóði hærri tekjur en gamli þungaskatturinn. Þeir færa fram ýmis dæmi og rök máli sínu til stuðnings, en þeir viðurkenna þó, að um þetta verði ekkert endanlega sagt, fyrr en farið verður að lesa af gjaldmælunum, sem verður í fyrsta lagi að nokkru ráði núna um áramótin og svo þegar líður á næsta ár.

Vörubifreiðastjórar telja, að komi það í ljós, að þarna hafi verið reiknað þeim í óhag, þegar kerfisbreytingin tók gildi, verði að leiðrétta það, og ég hygg, að samgrn. hafi tekið mjög jákvætt undir slík sjónarmið, þegar úr þessu yrði endanlega skorið með aflestri. En hvað sem því líður, hvort eigendur dísilbifreiða hafa, þegar á heildina er litið og þeir eru teknir sem heil stétt, farið illa út úr þessari breytingu eða ekki, þá er það hins vegar alveg ljóst, að fyrir bifreiðaeigendur eða bifreiðarstjóra, sem aka flutningabifreiðum á langleiðum og ná þess vegna miklum kílómetrafjölda yfir árið, svo að skiptir kannske, svo að ég taki dæmi, 50, 60 eða 70 þús. km, verkar þessi kerfisbreyting sem nýjar og miklar álögur. Og segja má, svo að dæmi sé tekið, að bifreiðarstjóra, sem ekur 60 þús. km yfir árið og fær við kerfisbreytinguna 1. ágúst þar af leiðandi raunverulega tvöföldun á sínum þungaskatti, sé — ef maður lítur í hans eigin barm — lítil huggun í því, þó að einhverjir aðrir bifreiðaeigendur, sem aka 10—15 þús. km, hafi hlotið ávinning. Og það er alveg ljóst, að fyrir þessa bifreiðarstjóra, sem aka mjög langar vegalengdir, hefur þessi breyting komið þungt niður. Að vísu getur maður sagt, að eigandi eða ökumaður slíks bíls, sem ekur svo mikið yfir árið, hlýtur að hafa þeim mun meiri atvinnu en hinn, sem ekur skemmra. Hann hlýtur að hafa þeim mun meiri hagnað af sínum rekstri og þess vegna sanngjarnt, að hann borgi meira.

En málið er þó ekki svona einfalt, vegna þess að flestar flutningabifreiðar, sem aka vörum á langleiðum milli landshluta, aðallega á milli Reykjavíkur og einhverra staða úti á landi, eru — þótt ekki sé um nein sérleyfi að ræða og þau gildi ekki um vöruflutninga — í einhvers konar áætlunarferðum, þannig að þessir menn aka nokkuð reglulega, hvort sem hlössin eru mikil eða lítil, og hafa stundað þetta sem fasta atvinnu árið um kring. Því er í raun og veru alls óvíst, að hagnaður þeirra, þótt þeir skili svona mörgum km yfir árið, sé í nokkru samræmi við það. En þegar samgmn. fór að skoða þetta frv., var það einmitt þetta atriði, sem við nm. ýmsir rákum sérstaklega augun í, að fyrir þessa menn, sem aka kannske 40, 50 eða 60 þús. km yfir árið, hefði þessi breyting 1. ágúst orðið þungbær, og ef nú enn á ný ætti að fara að hækka þetta kílómetragjald þeirra um 50%, þá gæti það orðið þeim sumum jafnvel ofviða. Þarna þyrfti helzt að geta átt sér stað einhver leiðrétting. Og það væri sanngjarnt eða gæti verið sanngjarnt, að þetta kílómetragjald færi lækkandi hlutfallslega eða eftir að 30 þús. km akstri væri náð.

Að vísu má e. t. v. um það deila, hvort slíkt kílómetragjald, sem ákveðið var í sumar með reglugerð og gjaldskrá, eigi, þegar lengra fram í tímann er horft, að vera hið sama á sama bíl fyrir hans fyrsta og síðasta km, hvort sem hann ekur langt eða skammt yfir árið, en hins ber þó að gæta, að þessi kerfisbreyting hefur komið illa við. Þessir bifreiðaeigendur hafa, ef svo má segja, ekki fengið neinn aðlögunartíma, og ef þetta er t. d. borið saman við benzíngjaldið, þá er það að vísu rétt, að allir borga sama benzíngjald af lítra, hvort sem þeir kaupa marga lítra eða fáa yfir árið, en þar má þó reyndar benda á, að miðað við það, að þessir peningar fari í það að bæta vegina, þá eyða bifreiðar minna benzíni við það að aka betri vegi, og þannig sparar þetta benzíngjald bifreiðaeigendum gjaldið á vissan hátt, en hinir, sem borga kílómetragjald, njóta þessa ekki. En þá var á það að líta, á hvern hátt væri hægt að leiðrétta þetta fyrir þá, sem aka mestu vegalengdirnar yfir árið og borga kílómetragjaldið, hvort til þess þyrfti lagabreytingu eða ekki. Og þegar það var skoðað og um það rætt við ráðuneytisstjóra samgrn., kom í ljós, að þess mundi ekki þurfa með til þess að koma því fram, ef vilji væri fyrir hendi, og það væri hægt að gera með breytingu á reglugerð og gjaldskrá. Og í viðræðum við mig sem formann n. hét hæstv. samgrh. því að taka þessi sjónarmið til greina, og ég geri ráð fyrir, að hann geri grein fyrir sínu máli hér á eftir. Taka átti þessi sjónarmið til greina á þann hátt, að við breytingar á reglugerð eða gjaldskrá í kjölfar þessa frv., ef að lögum verður, verði kílómetragjaldið hlutfallslega lækkað, eftir að 30 km vegalengd er náð.

Það er líka rétt að vekja athygli á því, að mótmæli vörubifreiðastjóra gegn frv. byggðust líka á

því, að þeir verða að bera þessa hækkun sjálfir. Það á hér við vörubifreiðastjóra, sem eru í stéttarfélögum vörubifreiðastjóra og eru háðir samningum við vinnuveitendur. Til þess að leigugjaldið fyrir bifreiðarnar breytist, þarf að eiga sér stað meiri breyting en hér yrði við 50% hækkun á kílómetragjaldinu. Bílstjórarnir yrðu að bera þetta sjálfir, a. m. k. meðan samningum er ekki sagt upp, og þetta stafar líka að nokkru leyti af því, að ákvæði þessara samninga eru mjög gömul og þar er þungaskatturinn raunverulega metinn allt of lágt. Hann er miðaður þar við eldri tölur, áður en hann fór að hækka að ráði, eins og gerzt hefur á síðari árum, og þess vegna hafa þeir m. a. mótmælt þessu af þeim sökum. Auðvitað eru svo aðrir en þessir svonefndu sjálfseignarbifreiðarstjórar — aðrir flutningaaðilar, sem eiga bíla, sem auðvitað þurfa að taka á sig hækkanir samkv. þessu frv., en mér er ekki kunnugt um það, hvert viðhorf verðlagsyfirvalda og ríkisstj. yrði til þess, ef frá slíkum aðilum kæmi fram beiðni um hækkanir vegna hækkandi gjalda samkv. þessu frv.

Í mótmælum, sem komu frá Félagi ísl. bifreiðaeigenda og komu til n. og sjálfsagt hafa verið send öllum þm., þá er frv. mótmælt og talið, að þetta sé algerlega óþarft, vegna þess að gjöld af umferðinni, eins og þeir orða það, séu svo mikil, að þau nægi fullkomlega til þess að standa undir útgjöldum Vegasjóðs og vegaframkvæmdum. Í þessum mótmælum segir m. a.: FÍB bendir á það, að þær tekjur, sem Vegasjóð vanti til að ljúka við áætlaðar hraðbrautir, hafi þegar verið greiddar af bifreiðaeigendum. Árið 1969 greiddu bifreiðaeigendur 852 millj. kr. Til vegamála var varið 482 millj. kr., og mismunur er 370 millj. kr.

Slík sjónarmið hafa komið hér fram áður í umr. um vegagerð og samgöngumál. Það er í raun og veru ákaflega hæpin ályktun að tala um það, að aðflutningsgjöld af bifreiðum og tolltekjur af ökutækjum séu eins konar tekjur af umferðinni og ekkert af því eigi að renna til samfélagsins, heldur eigi allt þetta að renna til vegaframkvæmda. Og auðvitað leysti það engan vanda, þó að þessar tekjur væru fluttar í Vegasjóð, því að þá mundi bara ríkissjóð vanta annað eins í staðinn og þá yrði vandi hans hinn sami og Vegasjóðs er nú, þannig að á þennan hátt verður málið auðvitað ekki leyst, og ætti það að vera öllum augljóst.

Við, sem skipum meiri hl. samgmn., höfum mælt með því, eins og fram kemur í nál. okkar, að þetta frv. verði samþ., og það hefur verið gert í trausti þess, eins og ég hef gert grein fyrir, að þegar gjaldskrá og reglugerð yfir kílómetragjaldið verði endurskoðuð, verði létt undir með þeim, sem gjaldabreytingin bitnar þyngst á. En einstakir nm. innan meiri hl. hafa áskilið sér rétt til þess að fylgja brtt. við frv., er fram kynnu að koma.

Frsm. minni hl. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Þetta frv. um breytingu á vegalögum er, eins og hér hefur verið rakið af hv. frsm. meiri hl., þess efnis, að áformað er að hækka þungaskatt á bifreiðum um 50% og benzíngjald, sem rennur til Vegasjóðs, um nálega 39%. Hvort tveggja er þessu ætlað að gera samtals á næsta ári 284 millj. kr. rúmlega, en það er sú upphæð, sem talið er, að vanti til Vegagerðar ríkisins á því ári. Engu að síður starfar Vegagerð ríkisins eftir kostnaðaráætlun, sem Vegasjóður hefur fengið um tekjur hans og gjöld, en ástæðurnar fyrir því, að þessa aukafjár er nú talin þörf, eru aðallega þrjár: Í fyrsta lagi þær, að tekjur Vegasjóðs hafa ekki staðizt áætlun að undanförnu, aðallega vegna þess að bílainnflutningur hefur verið miklum mun minni á síðustu árum en reiknað var með. Í öðru lagi hefur tilkostnaðurinn við vegagerð og vegaviðhald hækkað af ástæðum, sem allir munu kannast við, þ. e. vegna verðbreytinga og kaupbreytinga, sem urðu á s. l. ári aðallega. Og í þriðja lagi vegna þess að aukið hefur verið við þau verkefni, sem Vegagerðinni eru ætluð á næsta ári umfram það, sem gert var ráð fyrir í vegáætlun.

Það má segja, að hér sé um hluti að tefla, sem ekki eru í sjálfu sér óeðlilegir. Að vísu er það ekki nógu gott, að inn þurfi að taka verulega stórar fjárhæðir, til þess að Vegagerðin geti annazt ný verkefni, þegar gerð hefur verið fyrir fram áætlun um verkefni hennar, sem í gildi á að vera. En við þetta allt er það að athuga, að allir þessir liðir voru þekktir. Menn vissu gjörla um þá, þegar hér voru samþykkt verðstöðvunarlög, og þá var þetta mál ekki tekið upp. Ráðh. mun hafa ýjað í þá átt í sínum ræðum, að eitthvað þyrfti að gera, en það kom ekkert fram skjalfest um það, að svo væri. Almenningur í landinu hefur þess vegna tekið verðstöðvunarlögin svo, að hið opinbera, ríkisstj. alveg sérstaklega, sem að l. hefur staðið, mundi þó ekki, eftir að l. voru gengin í gildi og allra sízt á fyrstu dögum þess tímabils, sem verðstöðvunin átti að ná til, gera ráðstafanir til þess, að dýrtíð í landinu færi vaxandi um fjallháar upphæðir. En hér er það einmitt það, sem gerzt hefur með þessari nýju áætlun, með þessari nýju gjaldheimtu. Það er auðvitað býsna slæmt, að þessi aðili skuli ganga hér fram fyrir skjöldu í framkvæmdum, sem auka á skattheimtuna og auka á dýrtíðina í landinu, þegar sá sami aðili hefur gengizt fyrir því að setja verðstöðvunarlög, sem a. m. k. heimila, að fólkinu í landinu verði ekki borgað kaup eftir þeim samningum, sem það hefur gert, heldur verði þær kaupupphæðir gerðar lægri.

Hér er enn fremur um það að ræða, að þessi lög munu koma fram í þeirri mynd, að þau leggjast á atvinnustéttir landsins ákaflega misjafnlega þungt, eins og hér hefur reyndar verið vikið að af hv. frsm. meiri hl., þannig að bifreiðarstjórar landsins, bæði vörubifreiðarstjórar og einnig leigubílstjórar á fólksflutningabílum, hafa ekki möguleika til þess að velta þessu gjaldi yfir á aðra. Vörubifreiðastjórarnir eru bundnir af samningi við Vinnuveitendasamband Íslands, og sá samningur er þess háttar, að honum verður ekki breytt, þó að þetta gjald komi

til, heldur kemur það beinlínis á bifreiðarstjórana sjálfa sem rýrðar tekjur þeirra. Þá hefur enn fremur verið grennslazt fyrir um það, hvort gjaldskrár fyrir leigu- og flutningabifreiðar fáist hækkaðar, og það hefur ekkert komið fram, sem bendir til, að svo muni verða. Þar af leiðandi verða leigubifreiðarstjórar einnig að taka þetta hækkaða benzíngjald á sig sem rýrðar kaup- eða atvinnutekjur. Félag ísl. bifreiðaeigenda hefur sýnt fram á það, að gjöld af bifreiðum og bifreiðahlutum eru svo há, að ríkissjóður hefur af því ósmáar tekjur umfram það, sem rennur í Vegasjóð. Þeir hafa sýnt fram á með bréfi, sem ég hygg, að allir alþm. hafi fengið, að á s. l. ári muni ríkissjóður hafa fengið 370 millj. kr. tekjur með þessum hætti og á yfirstandandi ári muni þessar tekjur nema eitthvað yfir 350 millj. Hér er um geysiháar upphæðir að ræða. Ég er ekki talsmaður þess, að ekki komi til mála, að ríkissjóður geti haft neinn hagnað af bifreiðum í landinu. En hér er bara um svo háar upphæðir að ræða, að það sér hver maður, að það er ekki hægt að vega endalaust í þann sama knérunn, þ. e. að láta borga af bifreiðunum sjálfum svona háar fjárhæðir árlega sem skatta og einnig að hækka stöðugt gjaldið af eldsneytinu, sem þær brenna.

Því hefur verið haldið fram sem nokkurri réttlætingu fyrir þeirri breytingu á benzíngjaldi, sem hér er fyrirhuguð, að til séu lönd ekki allfjarri okkur, þar sem benzín sé álíka dýrt eins og verða mundi hér að þessu nýja gjaldi lögleiddu. Vera má, að þetta sé rétt, en miðað við allt okkar vegakerfi er augljóst, að kostnaður við ekinn km mun óvíða — ef nokkurs staðar — vera hærri en hér.

En þá komum við að öðru atriði málsins. Þegar slíkt megingjald er komið á eldsneyti bifreiða — á benzín, hvaða réttlæting er þá fyrir því að taka svo há leyfisgjöld og tollgjöld af bifreiðum, sem gert er hér, því að það mun algerlega vera einsdæmi í nokkru landi? Ef benzínverðið hér má vera jafnhátt því hæsta, sem tíðkast í öðrum löndum, þá fæ ég ekki séð, að réttlæting sé fyrir því, að aðflutningsgjöld af bifreiðum séu eftir sem áður miklum mun hærri hér en nokkurs staðar á byggðu bóli. Ég held þess vegna, að samfara slíkum samþykktum, sem hér eru í uppsiglingu, ætti að taka það mál alvarlega til athugunar, að Íslendingar viðurkenni, að bifreiðin sé eitt af þeim tækjum, sem þeir þurfi að nota, og skattleggi þau tæki í samræmi við það, sem tíðkast um aðrar notkunarvörur í landinu, en ekki sem lúxusvarning eða svo ofboðslega hátt, sem nú er.

En það, sem ég tel skipta hér sköpum, er það, að slíkar hækkanir, sem hér eru fyrirhugaðar, tel ég fásinnu, að megi leyfa nú, þegar samþykkt hafa verið lög um verðstöðvun í landinu. Þessi lög eiga að standa fram til 1. sept. árið 1971, og það verður greinilega margur að fresta ýmsum þeim framkvæmdum, sem hann annars hefði viljað koma á og nauðsynlegar kynnu að vera, á meðan á slíku stendur, og því þá ekki, að ríkissjóður verði að hafa þar fordæmi og ganga ekki fram fyrir skjöldu til þess að brjóta niður sín eigin lög, jafnvel þótt nauðsynlegar framkvæmdir bíði.

Ég hef ekki getað orðið sammála öðrum nm. í samgmn. þessarar d., þar sem þeir leggja til — auðvitað með mismunandi og yfirleitt lítilli ánægju, að þetta verði samþ. Ég tel, að að svo komnu máli eigi ekki að koma til svona framkvæmda, og hef því lagt til, að málinu verði vísað frá með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Með því að frv. þetta samrýmist ekki hugmyndum landsmanna um verðstöðvun, sem skv. nýsettum l. á að ríkja til 1. sept. 1971, og felur auk þess í sér mikið misrétti þjóðfélagsþegnanna eftir atvinnustéttum, þá tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka meiri hl. hv. samgmn. fyrir afgreiðslu málsins. Hv. 6. þm. Sunnl. hefur skilað séráliti og gert hér grein fyrir því, hvað það er, sem hann finnur frv. til foráttu, og það er aðallega það, að honum finnst óeðlilegt að samþykkja þetta frv., þar sem verðstöðvun hefur verið lögfest. Um þetta ræddi ég hér við l. umr. málsins og eiginlega um alla þá punkta, sem hv. 6. þm. Sunnl. dvaldi við, og sé ég því ekki ástæðu til þess að fara að orðlengja þetta hér. Í nál. hv. meiri hl. segir, að meiri hl. n. mæli með því, að frv. verði samþ. í trausti þess, að með reglugerðarbreytingu megi hamla gegn hækkun kílómetragjaldsins í þeim tilvikum, þar sem hún yrði tilfinnanlegust. Þessu var lýst af hv. frsm. meiri hl. og jafnframt því, að rætt hefði verið við vörubílstjóra um þetta og komið hefðu mótmæli og kvartanir frá þeim. Ég hef einnig rætt við stjórn Landssambands vörubifreiðastjóra um þetta mál og mun gera það aftur. Var það allt illindalaust og í góðum tón, og virtist mér, að bifreiðarstjórarnir hefðu nú skilning á þörfum Vegasjóðs og þeir gætu, þegar frá líður, notið þess, ef vegirnir yrðu betri en þeir annars yrðu. En eins og fram hefur verið tekið, var miðað við 30 þús. km akstur árlega á dísilbifreiðum, áður en mælagjaldið kom til, og eftir að mælarnir voru settir í, var miðað við það, að tekjur Vegasjóðs yrðu hinar sömu og þær áður voru og reglugerðin miðuð við það. En nú er það öruggt, að margir munu aka talsvert meira en 30 þús. km. Það hafa verið nefndir 60—80 þús. km, og þá er því ekki að neita, að það verður mikið, sem þeir eiga að borga í skatt, ef gjaldið verður það sama, hversu mikið sem þeir aka. Þegar þetta frv. var í smíðum, ræddi ég við ráðuneytisstjórann um þetta mál, og hann taldi þá öruggt, að það mætti, ef mönnum sýndist svo, ákveða í reglugerðinni að lækka gjaldið, þegar akstur væri kominn upp að vissu marki, og er það í samræmi við það, sem hv. frsm. meiri hl. sagði hér áðan. Það mundi milda þetta mál gagnvart vörubifreiðastjórunum, ef þetta væri gert. Og í tilefni af því vil ég segja það hér, að ákveðið verður með reglugerð, sem gefin verður út, að gefa afslátt af þungaskatti á dísilbifreiðum með 5 tonna öxulþunga eða meira, þegar árlegur akstur fer yfir 30

þús. km. En hversu mikill afslátturinn verður, get ég ekki ákveðið nú. Þetta verður að vega og meta. Auðvitað missir Vegasjóður nokkrar tekjur við það og óvíst, að sú upphæð náist, sem hér er reiknað með, en það verður þá að ýta því á undan sér, og eins og fram kemur í frv., er ætlazt til, að nokkur varasjóður myndist fyrir árið 1972, þar sem tekjuþörfin samkv. bráðabirgðaáætluninni sýnist vera minni 1972 en 1971.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta meira. En ég vildi taka þetta fram, að með reglugerð, sem út verður gefin, verður ákveðið að gefa afslátt, þegar akstur hefur orðið yfir 30 þús. km. Hvort það verður haft í tveimur þrepum eða einu, t. d. að afslátturinn sé minni meðan akstur er undir 50 þús. km, en meiri, eftir að komið er yfir 50 þús. km, það get ég ekki sagt um nú, en mér skilst, að það sé aðalatriðið, að þetta verður ákveðið til þess að koma til móts við vörubifreiðastjóra.

ATKVGR.
Rökst. dagskrá á þskj. 288 felld með 15:3 atkv.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 301).

---

15. Tollskrá o. fl. (stjfrv. um lækkun tolla).

Á 24. fundi í Ed., 2. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 11. febr. 1970, um tollskrá o. fl. [161. mál] (stjfrv., A. 205).

Á 27. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Svo sem hv. þdm. er kunnugt, var gerð mjög veigamikil breyting á tollskránni snemma á þessu ári vegna aðildar Íslands að fríverzlunarbandalaginu. Það hefur komið í ljós síðan, sem raunar mátti gera ráð fyrir, að ýmsum fleiri liðum þyrfti að breyta vegna aðildar að bandalaginu, þar sem bæði voru nokkur vafaatriði, sem þegar var vitað um og þurfti nánar að ræða við EFTA-ráðið í Genf, og enn fremur var vitað um, að gera þyrfti nokkrar breytingar vegna ýmissa vörutegunda, en ætlunin var að leysa þetta með öðrum hætti, eins og vikið er að í grg., og skal ég taka það fram, að það, sem þar er við átt, er, að það hefði verið hugsanlegt að leysa með þeim hætti að leggja á innlent tollvörugjald til þess að jafna þar metin og ná sama tilgangi. Það þótti hins vegar við nánari athugun ekki fært ekki sízt vegna þess, að þó að það hefði verið gert vegna tveggja vörutegunda, en það var ætlunin að leysa þetta með þeim hætti, þá voru svo mörg önnur atriði, sem þurfti að taka upp til endurskoðunar og athugunar, að réttast þótti að flytja breytingar á tollskránni, þó að ég skuli játa það, að það er alltaf með nokkrum ugg, sem maður leggur upp með slíkt, vegna þess að það koma þá mörg önnur atriði til sögunnar.

En ég vil taka alveg sérstaklega fram, til þess að það valdi engum misskilningi, að með þessu frv. er ekki ætlunin að hefja neina allsherjarendurskrá tollskrárinnar, og ég legg á það ríka áherzlu, að ekki verði gerðar frekari breytingar á tollskránni en þær, sem hér er um að ræða og ef einhverjar hliðstæðar breytingar koma fram við meðferð málsins hér á Alþ., sem eru sama eðlis, þ. e. sem mundu ella valda misræmi vegna breytinganna, sem leiða af EFTA-tollbreytingunum, ef ekki yrðu hliðstæðar breytingar gerðar. Það kann auðvitað alltaf að vera, að einhver einstök atriði komi þannig upp.

En þó að hér sé að vísu um allmörg tollskrárnúmer að ræða, þá eru þetta ekki veigamiklar breytingar á tollskránni. Þó er gert ráð fyrir, að ef færi yfir til EFTA-landa allur sá innflutningur, sem hér um ræðir, þá geti það numið nokkrum fjárhæðum eða allt að 26 millj. kr. miðað við innflutning 1969 og kannski eitthvað meira miðað við innflutning nú, ef allur innflutningurinn færðist yfir til EFTA-landa. En breytingin verður ekki nema að því leyti til, sem það færist yfir til EFTA-landa. Það, sem hér er langveigamesta breytingin, varðar rafmagnseldavélar, tvöfalt gler og ýmis lýsingartæki, sem gert er ráð fyrir að lækka toll á, þannig að fullunnu vörurnar lækki samkv. sömu reglu og notuð var við tollabreytinguna fyrr á þessu ári, þ. e. að fullunnu vörurnar lækki um 30%, en hráefni í umræddar vörur lækki um 50%. Nokkrar aðrar smábreytingar eru gerðar, sem leiða af eðli málsins og eru til samræmingar, en hafa ekki neina verulega þýðingu. Það er t. d. lækkun á tolli á plastplötum; tollur af þeim fer niður í 15%. Þær eru notaðar í alveg sama tilgangi og bárujárnsplötur, en ekki hafði verið athugað að gera breytingar á þessum lið. Nokkrir aðrir liðir, sem nefndir eru í grg., eru einnig lækkaðir.

Einn liður er sérstaklega lækkaður vegna GATT-tollalækkana, sem áður hafa verið framkvæmdar. Það voru tollabreytingar á skrifstofuvélum, sem annars mundi kannski ekki vera mönnum sérstaklega skiljanlegt, að væru nauðsynlegar, en það er lokaþátturinn í breytingum þeim, sem við gengumst undir með aðild okkar að GATT.

Heimildarákvæði, sem hér eru sett inn, eru að meginhluta til tengd þeim breytingum, sem ég gat um áðan, þ. e. breytingu á t. d. eldavéla- og rafmagnsvélatollunum. Það er nauðsynlegt að taka inn heimildir til þess að endurgreiða tollmismun af

efnivörum, svo sem gert er í tollskránni, þegar álíka stendur á. Það er jafnframt tekin inn heimild, sem ætluð er til hægðarauka, þannig að það megi sameina í einn tollflokk smásendingar, sem eru innan við 10 þús. kr. að verðmæti. Þá er gert ráð fyrir að endurgreiða efni til vatnsúðunartækja í kartöflugörðum og tæki til vökvunar í gróðurhúsum, en þetta er samræmingaratriði, því að vatnsúðunarkerfið sjálft í kartöflugörðunum er nú í 10% tolli. Varðandi þá heimild, sem lagt er til að fella niður í 5. tölul. heimildargreinarinnar, þá er þar aðeins um að ræða heimildir, sem samþykktar voru í tollskrárfrv. í vor, um endurgreiðslur og nokkur önnur atriði, en allt var það tímabundið og á þar af leiðandi ekki lengur heima í tollskránni.

Þá er bráðabirgðaákvæði, sem hér er tekið upp, þess eðlis, að verðlagsnefnd sé heimilt — og er það gert með hliðsjón af verðstöðvunarlögunum — ef ástæða þykir til og ef um verulegar tollabreytingar er að ræða, að endurskoða álagningu, þannig að hún megi áfram vera hin sama, þ. e. óbreytt að krónutölu þrátt fyrir tollabreytinguna.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að orðlengja frekar um þetta frv. Það er gert ráð fyrir því, að það taki gildi nú 1. jan. Því hefur seinkað meira en gert hafði verið ráð fyrir, þegar gengið var frá þessu ákvæði. Að vísu hefði það verið mjög æskilegt, en mér hugkvæmdist ekki að ætlast til þess, að hv. þd. afgreiddi það með þeim hraða. Ég mundi hins vegar vilja mæla með því, að þd. kynnti sér hjá tolladeild fjmrn., hvernig þetta frv. er byggt upp, og endurtaka það, sem ég sagði í upphafi míns máls, að með þessu frv. er ekki ætlunin að endurvekja hugleiðingar um tollabreytingar almennt, heldur er hér um að ræða óhjákvæmileg atriði, sem leiða af aðild okkar að EFTA, og nokkrar eftirhreytur í því sambandi, sem annaðhvort verður ekki beinlínis komizt hjá vegna aðildarinnar eða nauðsynlegt og eðlilegt þykir að gera til samræmingar við breytingar, sem þegar hafa verið gerðar.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Það eru örfá orð í sambandi við það frv., sem hér er til umr. um breyt. á l. um tollskrá. Eins og hæstv. fjmrh. raunar rakti, gerðist það í byrjun þessa árs vegna þeirrar ákvörðunar meiri hl. Alþ., að Ísland skyldi frá 1. marz s. l. vera aðili að EFTA, að lagðar voru fram mjög margar till. til breytinga á tollskránni. Samkv. EFTA-samningnum áttu verndartollar á vörum frá EFTA-löndunum að lækka strax um 30%. Sú lækkun á að standa í stað næstu fjögur árin, en síðan eiga tollarnir að lækka jafnt árlega á næstu 6 árum og verða algerlega úr sögunni, þegar 10 ár verða liðin frá inngöngu Íslands í EFTA. Með l. frá því í fyrra var jafnframt gerð nokkur lækkun á tollum á efni og vélum til iðnaðarins til þess að bæta iðnaðinum að hluta lækkun verndartollanna. Eins og hv. þm. muna, var það ætlun ríkisstj. að afgreiða umrætt frv. á örfáum dögum fyrir jólin í fyrra. Stjórnarandstaðan mótmælti því þá strax, að svo umfangsmikið og flókið mál væri látið sæta jafnófullkominni og óþinglegri meðferð. Í fyrstu vildi hæstv. ríkisstj. þó ekki láta af fyrirætlan sinni, og það var ekki fyrr en eftir talsvert þóf, sem á það var fallizt að fresta afgreiðslu málsins fram yfir áramótin. Í því tómi, sem þannig gafst til að íhuga málið, voru bæði tollskrárnefnd og fjhn. beggja d. starfandi, enda barst fljótlega mikill hluti óska og ábendinga frá einstaklingum og félagssamtökum um breytingar á frv. Fjöldamargar af þessum ábendingum voru teknar til greina, og áður en meðferð málsins lauk hér á hv. Alþ., varð niðurstaðan sú, að ég held, að um 200 breytingar voru gerðar á frv. samkv. till. stuðningsmanna hæstv. ríkisstj. sjálfrar, sem þó aðeins fjórum vikum fyrr virtust albúnir að samþykkja frv., eins og það lá þá fyrir.

Langflestar af þessum till. stefndu að því að bæta aðstöðu iðnaðarins, og þær tollalækkanir, sem af þeim leiddu, námu mörgum milljónatugum. Ég hef ekki upplýsingar um það nákvæmlega, hvað ráðgert var, að þær mundu nema, en ég hygg, að hér sé ekki ofmælt, að það hafi verið þó nokkrir milljónatugir — a. m. k. fjórir. Þrátt fyrir þessa ítarlegu málsmeðferð, sem frv. fékk þó að lokum í byrjun árs 1970, er þó enn komið fram frv. til breytinga á tollskránni, og vissulega getur það verið fullkomlega eðlilegt, að tollskrána þurfi að endurskoða í ljósi þeirrar reynslu, sem fæst af EFTA-aðildinni í framkvæmd. Efni þessa frv., eins og hæstv. fjmrh. hefur raunar gert grein fyrir, er mjög í anda þeirra breytinga, sem gerðar voru með l. nr. 1 frá 1970 á tollheimtunni, en meginstefnan samkv. því frv. var sú, að verndartollar lækkuðu um 30%, tollar af hráefnum til iðnaðarins voru taldir lækka um 50% og tollar af vélum til iðnaðarins úr 25% í 7%. Það ber þó að hafa í huga, að lækkun hráefnistollanna er ekki jöfn á öllum vörum. Í sumum tilfellum er um meira en 50% lækkun að ræða, en í öðrum minni lækkun.

Þegar málið var til meðferðar hér á hv. Alþ. í byrjun þessa árs, bentu fulltrúar Framsfl. í fjhn. d. á það, að jafnhliða og tollar væru afnumdir á vélum til iðnaðarins bæri einnig að fella niður tolla á hliðstæðum vélum og tækjum til sjávarútvegs og landbúnaðar. Slíkir tollar voru 10% á vélum til landbúnaðarins, áður en breytingin var gerð, en lækkuðu í 7%. Sú lækkun nægir ekki til að vega á móti 3½% hækkun söluskatts, og því leiðir af þeim breytingum, sem gerðar voru við EFTA-aðild, hækkun á þessum vörum. Tollar af vélum og tækjum til sjávarútvegsins eru og voru 4%, og á það leggst svo söluskattur, þannig að þessar vörur hækka í verði við breytingar, sem af EFTA-aðildinni leiða. Því var það, að á síðasta þingi fluttu fulltrúar Framsfl. till. um afnám tolla á nokkrum vélum og tækjum, sem iðnaðurinn, sjávarútvegurinn og landbúnaðurinn nota. Og því var jafnframt lýst, að það væri vandasamt verk og

ekki á færi annarra en sérfræðinga að gera till. um allar lækkanir á tollum á hráefnum til iðnaðar, og þess vegna var jafnframt flutt till. um svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða með leyfi forseta:

„Tollskrárnefnd skal í samráði við Félag ísl. iðnrekenda, Samband ísl. samvinnufélaga, Landssamband iðnaðarmanna, Verzlunarráð Íslands og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna endurskoða öll atriði tollskrárinnar, sem snerta hráefni og hjálparefni til iðnaðar, með það fyrir augum, að tollar á þessum efnum verði felldir niður. Till. n. um þetta efni skulu lagðar fyrir næsta þing."

Þessar till. voru að sjálfsögðu ekki samþykktar. Og frv. á þskj. 205 kemur nú fram eftir um það bil árs reynslu af tollunum, eins og þeir voru ákveðnir með l. 1970. Það kemur ekki nema að mjög óverulegu leyti til móts við þær kröfur, sem framsóknarmenn settu fram í fyrra og ég var hér að lýsa. Ég áskil mér þess vegna allan rétt til þess að flytja svipaðar brtt. nú og þær, sem ég nefndi áðan, við meðferð málsins hér á Alþ. Ég hef ekki haft nema stuttan tíma til að lesa þetta frv., en við fljótan yfirlestur virðist mér þess vera gætt, að samræmi sé haft á milli tollalækkana á fullunninni vöru annars vegar og hráefnis til framleiðslu sams konar varnings hér innanlands hins vegar, en ég endurtek það, og ég undirstrika það, að við nánari athugun kann þó annað að koma í ljós.

Þá undirstrika ég það jafnframt, sem hæstv. fjmrh. gerði hér að umtalsefni í sinni ræðu, að hvorki með l. nr. 1 frá 1970 né með þessu frv. er nokkur allsherjarendurskoðun á tollalöggjöfinni framkvæmd. Hér er eingöngu eða svo til eingöngu fjallað um breytingar, sem leiða af EFTA-aðild. Önnur atriði tollskrárinnar hafa yfirleitt ekki komið til athugunar, þótt þar sé víða orðin þörf mikillar breytingar. Ég álít, að slík heildarathugun sé aðkallandi, en ég viðurkenni, að hún kemur tæpast til greina nema sem liður í allsherjarendurskoðun á tekjustofnum ríkisins. Það er mín skoðun, að sú endurskoðun þurfi að fara fram og það verði löngum erfitt að komast hjá því að hafa misjafna tolla á hinum ýmsu tegundum vöru og nota þá aðferð til þess að draga úr verðhækkunum á nauðsynjum með því að skattleggja þá hluti, sem almenningur getur frekar verið án, og það verði um langa hríð a. m. k. að nota verðtollinn til tekjuöflunar og til að skapa verðmismun, vegna þess að söluskatturinn er eins og hann er; hann leggst jafnt á alla hluti. En mat á því, hvað telst nauðsyn almennings hverju sinni og hvað minni nauðsyn, er breytingum háð, og það þarf að skoða það hverju sinni. Það má vel vera, að ég sé kominn hér eitthvað út fyrir umræðuefnið, og ég skal ekki ræða þetta atriði frekar að sinni. En þrátt fyrir það, sem hæstv. fjmrh. sagði, að hann ætlaðist ekki til, að nein önnur breyting yrði gerð á tollskrá nú en sú, sem leiðir af EFTA-aðildinni, og einhverjar hliðstæðar breytingar, sem menn kynnu að koma auga á við meðferð málsins, þá áskil ég mér a. m. k. að svo stöddu allan rétt til þess að flytja þær brtt. við tollskrána, sem mér kann við athugun að sýnast mest aðkallandi, þó að þær snerti ekki beint aðildina að EFTA.

Ég ætla svo að leyfa mér að fara fram á nokkrar frekari útskýringar á ákvæði til bráðabirgða, sem hæstv. fjmrh. vék að og taldi, að væri sett með hliðsjón af verðstöðvunarlögum. En þetta bráðabirgðaákvæði er þannig, að verðlagsnefnd er heimilað að hækka hundraðshluta leyfðrar álagningar á vöru, sem lækkar í verði vegna fyrirhugaðra tollabreytinga, þannig að álagningin verði hin sama í krónutölu eftir breytinguna og hún er nú, þ. e. fyrir breytinguna. Hæstv. ráðh. sagði, að þetta ákvæði væri sett með hliðsjón af l. um verðstöðvun. Ég kem þessu ekki alveg heim og saman, vegna þess að ég man ekki betur en það ákvæði í verðstöðvunarlögunum, þar sem vikið er að álagningu, væri þannig, að hundraðshluti í heildsölu og smásölu mætti ekki hækka frá því, sem hann var 1. nóv. 1970. En þetta ákvæði hef ég skilið svo, að þrátt fyrir verðstöðvun skyldi verðhækkun erlendis á vörum koma til álagningar — verzluninni til góða. Og ég skildi það svo við meðferð verðstöðvunarlaganna hér, að það væri talið eðlilegt að halda því, meðan við búum við álagningu, sem miðast við hundraðshluta innfluttrar vöru. Vissulega fylgja því margir gallar, sem hér hafa verið ræddir og ég hef m. a. oft gert hér að umtalsefni, þannig að verzlunin fær þeim mun meira í sinn hlut, sem hún gerir lakari innkaup, þ. e. miðað við það, að varan seljist. En engu að síður er þetta þó regla, og a. m. k. sýnist mér, að það megi með nokkrum rétti halda því fram, að það beri að hafa eina og sömu regluna í þessum hlutum og það sé erfitt í framkvæmd og í eftirliti að nota tvær eða fleiri reglur.

Ég man ekki betur en hér kæmi brtt. við meðferð verðstöðvunarlaganna, sem gekk í þá átt — a. m. k. var henni lýst, og ég hygg, að hún hafi verið flutt hér — að yrði verðhækkun á erlendri vöru, skyldi þó álagningin ekki hækka umfram það, sem hún er í krónutölu við upphaf verðstöðvunartímabils. Og ég tók það svo, að rökstuðningurinn gegn þessari till. væri einfaldlega sá, að ein og sama reglan yrði látin gilda. En nú sé ég, að það er ekki gert, vegna þess að hér er ákveðið, að þó að verð vöru lækki, þá á álagning ekki að vera hlutfallsleg, heldur á hún að vera sú sama í krónutölu eftir lækkunina og hún var fyrir. Þetta finnst mér þurfa frekari útskýringa við, og ég óska eftir þeim. Ég óska eftir frekari útskýringum á þessu, hvers vegna það er nú rétt að hafa óbreytta álagningu í krónum, en þegar verðstöðvunarlögin voru sett, var það eina rétta að hafa hana áfram hlutfallslega.

Ég skal svo ekki þreyta dm. með því að ræða þetta mál við 1. umr. meira. Ég geri ráð fyrir, að þessu frv. verði vísað til fjhn. d. og þar gefist mér og öðrum tækifæri til þess að kanna þessi mál betur, og læt þá máli mínu lokið að sinni, en ég endurtek það, að mig fýsir mjög að fá frekari útskýringar á þessu ákvæði með álagninguna, annaðhvort nú við 1. umr. eða þá við meðferð málsins hjá nefndinni.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Hv. 11. þm. Reykv. hefur gert hér nokkrar aths. Varðandi það, sem hann gat um sérstaklega í sambandi við bráðabirgðaákvæði frv. — þ. e. um heimild til þess þrátt fyrir ákvæði verðstöðvunarlaganna, að breyta megi álagningu á þær vörur, sem lækka hér í tollflokkum eða lækka í verði samkv. því, þannig að áfram megi haga verðlagningu þannig, að það fáist sama krónutala — þá held ég, að það sé réttast, að ég orðlengi ekki mikið um það á þessu stigi málsins, heldur verði það rætt, og sjálfsagt er að gefa á því fullar skýringar í n. eftir því, sem ástæða þykir til, og kemur það þá til umr. við 2. umr. málsins. Þetta er ekki atriði, sem beint snertir tollabreytinguna sem slíka. Það skal fúslega viðurkennt. En það þótti hins vegar rétt, að a. m. k. í vissum tilfellum, án þess að það þurfi að vera almenn regla, væri þessi heimild fyrir hendi, því að samkv. l., eins og þau eru nú, mundi það ekki verða heimilt. Þetta eru auðvitað engin fyrirmæli til verðlagsnefndar um það, nema hún sjái ástæðu til vegna verðbreytinga, að þetta verði gert, og þá ekki sízt kannske vegna þess, eins og hv. þm. vék að, að það gæti verið hagkvæmt engu að síður til þess að stuðla að því, að þessi vöruinnflutningur færðist þá til þeirra landa, þar sem hagstæðari innkaupin eru gerð. En það má endalaust um það ræða, hvort þetta sé rétt og ekki rétt og hvort það eigi að útiloka algerlega þann möguleika, að það megi taka þetta til greina. Og það er ekkert sáluhjálparatriði frá minni hendi, að slík heimild sé veitt, þannig að þyki hv. n. það ekki rétt að veita slíka heimild, sem ég tel þó rétt, að hún skoði rækilega, áður en slíku yrði breytt eða frá því vikið að hafa þetta ákvæði í l., þá að sjálfsögðu er það ekki atriði, sem beinlínis snertir tollskrárbreytinguna sem slíka. Ég hygg þó, að það eigi að vera óhætt að hafa heimild sem þessa og ekki ástæða til þess að halda það, að verðlagsnefndin muni fara að leyfa óeðlilegar breytingar á álagningarprósentu þrátt fyrir það, þó að heimildin sé fyrir hendi. Þetta eitt vil ég segja um þetta á þessu stigi málsins.

Ég vil taka mjög undir það, sem hv. þm. sagði um endurskoðun tollalaganna, að það væri þáttur í heildarendurskoðun tekjuöflunar ríkissjóðs. Það er mjög satt og rétt mál, og einmitt með hliðsjón af því tel ég, að það væri ekki rétt að taka upp þær brtt., sem hann vék hér að og ég man eftir, að fluttar voru af honum og flokksbræðrum hans og kannske einhverjum fleiri hv. þdm. og þm. við tollalagafrv. fyrr á þessu ári um að fella niður tolla af vélum bæði til iðnaðarins og til atvinnuveganna yfirleitt. Þar er um að ræða mjög veigamikla grundvallarbreytingu, og ég er ekki með því að segja, að það væri ekki rétt að stefna að því, að það væri gert. Það er önnur saga. En ég held, að það sé alveg ljóst, að það verður ekki gert nema með því móti að sjá fyrir tekjum með öðrum hætti til handa ríkissjóði eða létta af honum útgjöldum og þess vegna séu slíkar grundvallarbreytingar þáttur í þeirri heildarendurskoðun, sem ég get alveg verið honum sammála um, að æskilegt sé, að fari fram á tekjustofnamálum ríkissjóðs.

Og sú endurskoðun er í rauninni í gangi, vegna þess að í heildarathugun eru bæði skattamál atvinnurekstrarins — það frv., sem var hér lagt fyrir seint á síðasta þingi — og framhaldsathugun þess máls á miklu víðara grundvelli. Að henni hefur einnig verið unnið í sumar og er enn unnið að, þar sem hún tekur einnig til athugunar á því, með hverjum hætti ríki og sveitarfélög eigi í framtíðinni að afla sér tekna. Það er engum efa bundið, að það mál allt þarfnast endurskoðunar, og þó að það, eins og hann réttilega sagði, sé ekki mál til þess að fara út í hér í einstökum atriðum, þá er ég honum nákvæmlega sammála um það, að það er nauðsynlegt að gera víðtæka breytingu á tekjuöflunarmálum bæði ríkis og sveitarfélaga og það hlýtur að koma á dagskrá við þá endurskoðun á skattaálagningu atvinnurekstrarins, sem mun koma til meðferðar á þessu þingi og þar sem jafnframt er gert ráð fyrir, að vikið verði að fleiri þáttum þessa vandamáls, og jafnframt gerð grein fyrir því, hvaða veigamikil atriði þurfi að íhuga í sambandi við þetta grundvallarvandamál allt.

En ég mundi ákveðið vilja fara fram á það — þó að ég að vísu ráði ekki, hvað hv. þm. gera varðandi tillöguflutning — við hv. d., að í sambandi við þetta frv. verði ekki tekið upp jafnveigamikið mál og það, hvort eigi að fella niður alla vélatolla fyrir atvinnuvegina. Þetta frv. gefur ekkert sérstakt tilefni til þess, að það sé gert, heldur hlýtur það að vera þáttur í hugleiðingum um það, að hve miklu leyti tollar eða aðflutningsgjöld eiga að vera þáttur í tekjuöflun ríkissjóðs. Ég er ekki í neinum vafa um það, að almennt séð þarf að ýmsu leyti að breyta þeim, og ég er hv. þm. sammála um, að auðvitað hljóta þessir tollar á hinum ýmsu vörum að vera stighækkandi og mismunandi. Það liggur í augum uppi. En það liggur jafnframt í augum uppi, held ég, að ekki er hægt í jafnríkum mæli og nú hefur verið gert, jafnvel þó að ekki hefði komið til aðild okkar að fríverzlunarbandalaginu, að halda uppi eins háum aðflutningsgjöldum og gilda hér á Íslandi.

Ég tók það fram, að þetta frv. væri leifar af endurskoðun tollskrárbreytingarinnar í sambandi við EFTA-aðild. Hv. þm. vék að því, að það hefði átt að knýja slíkt frv. fram fyrir jól í fyrra, en ríkisstj. hefði verið fæld frá því á síðustu stundu. Ástæðan til þess, að það var gert, og það tel ég rétt, úr því að að þessu er vikið, að rifja upp, var sú, að ætlunin var að fresta þingi til janúarloka, og vegna fyrirhugaðrar aðildar að EFTA, sem átti að taka gildi 1. marz, var engin von til þess, að það væri búið að ljúka meðferð málsins fyrir þann tíma. Hins vegar var sá kostur valinn — og var ríkisstj. á engan hátt þvinguð til þess, heldur var sá kostur valinn, vegna þess að það kom í ljós, að menn töldu sig ekki geta afgreitt þetta mál á svo skömmum tíma — að þing var kallað saman miklu fyrr en ella hefði verið í janúar til þess að gefa nógan tíma til athugunar málsins. Það er alveg rétt hjá hv. þm., að það koma upp margvísleg atriði í sambandi við þetta og eftir

atvikum var fallizt á breytingar, þó að það væri nú ekki allt, sem snerti EFTA-aðild, heldur telst til aukinnar hagræðingar fyrir iðnaðinn. En okkur var þá þegar ljóst, að það mundu koma fram ýmis frekari atriði, þar sem hér er um geysilega flókið mál að ræða, sem tollskráin er, og raunverulega hefur komið í ljós, að sumt er hér verndartollar, sem ekki var haldið, að þá væru verndartollar. Það hefur jafnvel komið til ný framleiðsla í landinu, sem leiðir það af sér, að um framleiðsluvörur er að ræða, sem verða þá að hljóta EFTA-aðild, og jafnframt, eins og alltaf verður, eitt og annað, sem reynslan hefur sýnt samræmis vegna, að rétt sé að breyta.

En ég endurtek það og vonast til, að ég geti náð um það samstöðu við þm. almennt, að ekki verði í sambandi við þetta tollalagafrv. hér farið út í neinar veigamiklar breytingar á tollskránni, og vísa enn til þess, sem hv. 11. þm. Reykv. sagði, að til þess, að svo geti orðið, tel ég, að það þurfi að fara fram miklu víðtækari athugun á öllu tekjustofnamáli ríkissjóðs, áður en ríkissjóður er sviptur nokkrum tekjum að ráði af aðflutningsgjöldum.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég ætla ekki hér við 1. umr. um þetta mál að stofna til neinna allsherjarumræðna og skal ekki gera það. Ég ætla aðeins að víkja að þeim atriðum, sem komu fram í ræðu hæstv. fjmrh. og snerta það mál, sem ég flutti áðan.

Ég vil þá til að taka þetta í sömu röð og hann gerði lýsa því yfir hér, að ég get vel fellt mig við það, að athugun á bráðabirgðaákvæðinu bíði, þangað til n. fær frv. til meðferðar, og skal ekki orðlengja frekar um það hér. En ég mun þar fara fram á frekari og skýrari rökstuðning fyrir þessu heimildarákvæði — þótt hugsanlegt sé, að það verði ekki notað — hvers vegna það er nauðsynlegt eða telst nauðsynlegt og hvaða tilgangi það á að þjóna. Hæstv. ráðh. sagði, að það mundi ekki við þetta tækifæri gefast tóm til þess að skoða tollalöggjöfina í heild. Það má vel vera, að svo sé, og raunar vék ég að því í minni fyrri ræðu.

En ég vil, og til þess stóð ég upp, undirstrika það, að þær till., sem ég lýsti, að fulltrúar Framsfl. hefðu flutt við meðferð málsins í janúarmánuði s. l., lúta mjög eindregið að þeim breytingum, sem þá voru gerðar á tekjuöflun ríkissjóðs. Annars vegar er þar um að tefla frekari hagræðingu í iðnaði til þess að mæta þeim innflutningi, sem hann fyrirsjáanlega verður að mæta, þegar tollarnir lækka, svo sem gert var og svo sem áfram verður gert. En hins vegar er sú verðhækkun á tækjum og vélum til landbúnaðar og sjávarútvegs, sem varð bein afleiðing af því raski, sem gert var á skattlagningu af ríkisins hálfu, þar sem tollur er annars vegar lækkaður ofurlítið og hins vegar ekkert lækkaður til þess að mæta söluskattshækkun, sem lögð er á og leiðir beint af því, sem hér hefur margsinnis verið tekið fram, þ. e. aðild okkar að Fríverzlunarsamtökum Evrópu. Þess vegna get ég með engu móti fallizt á, að þessar brtt. séu þessu máli óviðkomandi, hvað sem segja má, og ég get tekið undir það að nokkru leyti, sem hæstv. ráðh. sagði um endurskoðun tollskrárinnar að öðru leyti. Þess vegna endurtek ég það, að ég mun flytja þessar brtt., og ég mun fara fram á stuðning hv. þdm. við þær, vegna þess að ég tel það fullkomlega eðlilegt og samkv. eðli málsins, að þær séu til umr., þegar breytingar vegna EFTA-aðildarinnar komast hér á dagskrá.

Hæstv. ráðh. vék að því, sem ég gerði að umtalsefni, að afgreiðslu tollskrárbreytinganna í fyrra var frestað. Hann greindi frá þeim ástæðum, sem hæstv. ríkisstj. hafði til þess að óska hraðrar afgreiðslu. Því hef ég aldrei mótmælt. Ég veit það vel, að ástæðan var þessi, sem hæstv. ráðh. greinir. En það breytir ekki því, sem ég hér sagði, að við endurskoðun frv. kom það í ljós, að það voru á því svo margir gallar, að það þurfti um 200 brtt. til þess að koma því í það horf, sem hæstv. ríkisstj. vildi endanlega hafa l., því að allar þær brtt., sem samþykktar voru við frv., voru fluttar af talsmönnum hæstv. ríkisstj. í fjhn. beggja d., svo að ég held, að það sé nokkuð ljóst, að sú frestun, sem varð á afgreiðslu málsins, hafi verið mjög svo þörf, að ekki sé meira sagt og hitt sé þá einnig rétt frá greint, að vegna þess að komast átti hjá þinghaldi í janúar, þá var það ætlun hæstv. ríkisstj., að frv. yrði að l. fyrir jól.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 205, n. 254, 255, 261).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Frv. til laga um breytingu á tollskrá er enn til meðferðar hjá þessari hv. þd. Að þessu sinni eru breytingarnar tiltölulega óverulegar og bornar fram af hæstv. fjmrh. á þskj. 205, mest til leiðréttingar.

Fjhn. hefur haft þetta frv. til yfirvegunar og skilar sameiginlegu áliti á þskj. 254, en leggur jafnframt fram brtt. á þskj. 255 og 261. Það mun óvanalegt, að sameiginlegt nál. sé gefið út um tollskrárbreytingar. Ég vil því þakka fjárhagsnefndarmönnum fyrir, hversu mikla sanngirni þeir hafa sýnt við meðferð málsins í n. Síðast þegar tollskráin var til meðferðar, þá voru, eins og ég sagði, verulegar breytingar gerðar aðallega vegna inngöngu okkar í EFTA. Var ætlunin, að tollabreytingarnar næmu þá 545 millj. kr. til lækkunar. Hér er hins vegar um meiri leiðréttingar að ræða til samræmis og vegna ákveðinna óska, sem fram hafa komið við tollskrárnefnd, og eins vegna óska frá einstaklingum og félagssamtökum, sem fram hafa komið við meðferð málsins í fjhn. Hæstv. fjmrh. skýrði við 1. umr. málsins hinar ýmsu breytingar, sem fram

koma á þskj. 205. Fjhn. fékk einnig á sinn fund ráðuneytisstjórann Jón Sigurðsson og Björn Hermannsson fulltrúa til að útskýra frekar ýmis atriði. Í grg. prentaðri með frv. er upplýst, að tollabreytingarnar, sem þar eru ákveðnar, valdi tekjutapi fyrir ríkissjóð, er nemur 26 millj. kr. miðað við innflutning ársins 1969. Brtt. fjhn. er hins vegar áætlað, að kosti um 11 millj. kr. tekjutap fyrir ríkissjóð miðað við 1969. Eru þá ekki metin til fjár heimildarákvæðin við 50. gr. N. hefur sérstaklega haft í huga með sínum aðgerðum að íþyngja ekki íslenzkum iðnaði með breytingum sínum — lækka ekki tolla hjá ýmsum greinum iðnaðar eða fullunnar iðnaðarvörur, nema samtímis komi heimildarákvæði til að endurgreiða efnistollinn í viðkomandi framleiðslu. Þetta á einnig við, þar sem óskir iðnaðarins hafa ekki gengið í sömu átt, eins og oft vill verða. Heimildarákvæði til niðurfellingar tolli á efnisvörum og svokölluðum „komponentum" hefur einnig verið sett inn, þar sem erfiðleikar hafa verið á því að fá að skipta tollaflokkum, sem gefa ríkissjóði verulegar tekjur. Ég skal nú fara fljótt yfir þær breytingar, sem n. leggur til, að gerðar verði.

28.04, þ. e. vatnsefni og eðalgös: Þar er aðallega um að ræða argongas, sem notað er til suðu í járniðnaði og ekki framleitt hér á landi. Þetta er lítið atriði.

38.19, þ. e. mulinn steinn. Þetta er nýtt efni, sem notað er til vegamerkinga og er fært niður til samræmis við svipaða flokka úr öðru efni.

39.01, þ. e. blöð, þynnur og plötur úr plasti, sem er meira en 0,4 mm að þykkt. Er þetta einnig vegna iðnaðarins — plastiðnaðarins. Áður höfðu þynnri plötur verið færðar niður. Og sama gildir um 39.02, en það er úr einhverri annarri blöndu.

40.07, þ. e. þræðir og snúrur úr toggúmmíi. Þetta er teygja til sokkaframleiðslu.

40.08, þ. e. þéttilistar, og er þetta gert til samræmingar við aðra lista fyrir glugga, sem notaðir eru við glerísetningu.

42.03, þ. e. rafsuðuhanzkar og hlífðarsvuntur, sem ekki er framleitt hér á landi að marki og er með óeðlilega háum tolli.

Sama er að segja um 65.06, þ. e. hlífðarhjálma, en Öryggiseftirlit ríkisins hefur nú krafizt þess við margs konar vinnu, að slíkir hjálmar væru notaðir, og farið er að setja slíkt í samninga við stéttarfélögin.

Í 68. flokki eru tveir liðir. Það eru aðallega slípisteinar og eru notaðir í rafmagnsverkfæri, sem á er 7% tollur síðan síðast í janúarmánuði, þegar tollskránni var breytt, en þessi tæki í þessi verkfæri voru þá ekki færð til samræmis.

70.14, þ. e. lampar og lampaskermar. Í tollskrárbreytingunni eru þessir lampar og lampaskermar færðir til EFTA-meðferðar — með 65% tolli frá EFTA-löndum, en þessi flokkur, sem er plastflokkur, hafði ekki verið tekinn með, eins og margir liðir um þau efni, sem notuð eru til lampagerðar.

73.27 02, þ. e. girðingarnet, og það er samkv. beiðni Skógræktar ríkisins, sem það er flutt úr 20% í 10% toll. Gaddavír er með 15% tolli og þykir ekki mjög skemmtileg vörn. Þetta ætti að verða til þess, að gaddavírinn félli meira niður og það yrði meira notað af vírneti, sem yrði þá með lægri tolli.

73.40 30, þ. e. grófunnið járn. Hér er aðallega um að ræða textabreytingu, en textinn, eins og hann var, hefur valdið nokkrum misskilningi hjá tollskoðunarmönnum.

74.03, þ. e. suðuvír úr kopar. Allur annar vír er með 7% tolli. Þessi koparvír mun hafa gleymzt, síðast þegar tollinum var breytt.

74.05, þ. e. samkv. ósk framleiðanda. Þetta er efni til að smíða sjálfvirka hluti, og þetta er lítið atriði.

Næstu þrír liðir úr 82. flokki eru handverkfæri. Þessir þrír liðir voru líka skildir eftir í fyrri endurskoðun, en alveg nauðsynlegt er að breyta þessu, og er þetta að sjálfsögðu kærkomin jólagjöf frá Alþ. til iðnaðarmanna.

84.11, þ. e. þjöppur. Í tollskránni var því síðast breytt í þjöppur fyrir frystikerfi og þær færðar niður í 7%. Nú eru mjög ákveðnar beiðnir sérstaklega frá iðnrekendum um að lækka toll á öðrum þjöppum, sérstaklega minni loftþjöppum, sem sjálfstýritæki eða loftþrýstitæki, og þá hefur n. miðað hér við minnstu afköst allt að 2 m^3 á mínútu. Það er mál, sem er notað fyrir slíkar loftþjöppur.

84.13 01, þ. e. brennarar fyrir fljótandi eldsneyti. Hér er flokknum skipt og brennarar til iðnaðarnota, þ. e. olíubrennarar, teknir hér út úr 25% tollinum og settir í sérstakan flokk — í 7% toll. Þá er miðað við, að þessir brennarar séu fyrir þunga olíu og ekki til almennrar húsahitunar.

84.62, þ. e. kúlu- og keflaleg, einnig með áföstum festingum eða leguhúsum, sem áður var í 25% tolli, en þetta er flutt inn ýmist samsett eða ósamsett, og það veldur misskilningi, að það sé í tveimur tollflokkum.

85.17, þ. e. brunavarnarkerfi og þjófavarnarkerfi og hlutir til þeirra tækja. Við eigum víst Íslendingar heimsmet í brunum, og n. þótti það við eiga að örva fremur en letja menn til að setja brunakerfi í a. m. k. verksmiðjubyggingar sínar, eftir því sem hægt væri.

Svo kemur hér 90.01. Þetta eru gleraugnagler án umgerða. Það hefur n. fært úr 50% niður í 20%. Þetta atriði kostar ríkissjóð hins vegar 600—700 þús. kr. Hér er ekki um að ræða sjálfa umgerðina, heldur aðeins glerin.

Næsti tollflokkur undir lið 90.04 eru hins vegar hlífðar- og öryggisgleraugu, sem notuð eru við iðnað að kröfu Öryggiseftirlits ríkisins.

Þá kemur að stilli- og rannsóknartækjum, sem tekin eru út úr flokkunum og flokkunum skipt. Hér ætti ekki að vera verulegur tekjumissir fyrir ríkissjóð, þar sem tekin eru út aðeins brýnustu rannsóknartæki. Þetta var á dagskrá síðast líka, þegar tollskránni var breytt, en þótti þá ekki fært að gera þessar breytingar. Hins vegar hefur n. reynt að skilja hér frá þau nauðsynlegustu rannsóknartæki, sem hún taldi nauðsynlegt að breyta tolli á.

Svo kemur hér kafli 92.12. Mjög ákveðnar óskir voru um að lækka tolla af öllum grammófónplötum. Síðast voru plötur með námsefni færðar niður í núll í tolli, og þá var líka lækkaður tollur á plötum með íslenzku efni niður í 30% og erlendu efni niður í 75%. N. gerir það að till. sinni, að nú séu innlendu plöturnar enn færðar niður í 20% toll, en tollur á grammófónplötum með erlendum texta látinn standa óbreyttur.

Þá koma hér heimildarákvæði, 2. gr., 4. liður, 50. tölul. Með frv. hæstv. fjmrh. eru eldavélar settar með EFTA-toll 65% í stað 90%. Þetta mun vera samkv. ábendingum, sem hafa komið frá öðrum EFTA-löndum og því ekki hægt að standa á móti því. Þá er hér sett inn í frv. að endurgreiða tolla af slíkum eldavélum, þannig að tollar af efni séu hvergi hærri af slíkri framleiðslu en 25%, en n. hefur talið, að það væri nauðsynlegt að færa þetta niður í 15%.

Ákvæði til bráðabirgða í frv. leggur n. til, að sé látið falla niður. Þetta er hreint verðlagsmál, en ekki tollamál, og á því heima annars staðar.

Við 50. lið 2. gr. leggur n. til að bætt verði heimild til hæstv. fjmrh. til að endurgreiða toll af rakavarnarefni og þéttilími til framleiðslu á tvöföldu gleri. Þannig er, að við framleiðslu á tvöföldu gleri eru notuð mismunandi efni og sumir framleiðendur nota önnur efni en aðrir. N. fannst of veigamikið að taka allan flokkinn, enda hliðstæð efni framleidd hérlendis, og kom n. sér saman um það að hafa þarna heimildarákvæði fyrir fjmrh.

Við 2. gr. 50. lið hefur n. einnig borið fram brtt. vegna kröfu um hreinlæti í fiskiðnaði, og sé fjmrh. samkv. henni heimilt að endurgreiða toll af gólf- og veggflögum. Þetta mál kom til fjhn. frá frystihúsunum, en kröfur um aukið hreinlæti á Ameríkumarkaði hafa stórfelldan kostnað í för með sér fyrir frystihúsin. Núverandi tollur af slíkum flísum er 35%, og er ekki lögð fram till. um að breyta þeim tolli, enda er þessi vara mikið notuð til húsbygginga. Hins vegar er ákvæði í þessum lið um það, að fjmrh. verði heimilt eftir ákveðnum reglum að endurgreiða toll í þessu skyni, meðan þessi mikla skipulagsbreyting fer fram hjá frystihúsunum.

Við 50. lið 2. gr. er einnig sérstaklega bætt heimild til endurgreiðslu á tolli af sjálfvirkum still- og stýribúnaði fyrir skip og vélar. Hér er um mál að ræða, sem mikil áherzla hefur verið lögð á af hálfu Félags ísl. iðnrekenda að vísu ekki í þessu formi, heldur hafa þeir farið fram á lækkun margra tollflokka, sem slíkar vörur heyra undir. N. fannst, að endurgreiðsluformið yrði til mikilla bóta, þar til heildarendurskoðun tollskrár fer fram, enda er hér ekki lengur um meiri háttar fjárhagsatriði að ræða.

Á þskj. 261 leggur n. fram fimm brtt. við tollskrárfrv. Er hér eingöngu um að ræða svokallaðan hótelborðbúnað og áhöld til hótelrekstrar, enda séu þessar vörur sérstaklega og greinilega merktar. Þessar breytingar eru gerðar samkv. mjög ákveðnum óskum frá Félagi veitingahúsaeigenda, enda má segja, að þegar Íslendingar sækjast eftir auknum erlendum ferðamannastraumi til landsins, þá verði löggjafinn einnig að sýna í verki, að veitingastarfsemin sé einhvers metin.

Ég vænti þess, að hæstv. þd. hafi nú fengið nokkra innsýn í þær breytingar, sem hér liggja fyrir og fjhn. mælir samhljóða með.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að þakka hv. fjhn. fyrir það, hve rösklega hún hefur unnið að þessu máli. Þegar ég lagði það hér fram, þorði ég ekki að ætlast til þess af hv. n., að hún afgreiddi það svo skjótlega, að það gæti orðið að l. fyrir áramót, en hins vegar er það að vísu mjög mikilvægt, að svo geti orðið, og því gleðilegra er það, að hv. n. hefur haft frumkvæði um það að taka málið til svo skjótrar meðferðar, sem raun ber vitni um.

Hv. n. flytur hér vissulega allmargar brtt. að tölunni til, og má segja, að eins og hv. form. n. og frsm. gat um kosta þær náttúrlega eitthvað, en ég tel þó, að í þetta hafi eftir atvikum verið farið með fullri hófsemd og það sé einstakt, eins og hv. frsm. sagði, að ná samkomulagi um tollskrárbreytingar, vegna þess að þær eru auðvitað þess eðlis, að það eru alltaf líkur til þess, að það séu margar óskir, sem hv. þm. hafi fram að færa, og ég tel ástæðu til þess að taka undir þakkir hans til hv. n. og allra flokka hér í hv. þd. fyrir það að hafa tekið höndum saman um að afgreiða málið með þessum hætti. Þessar brtt. hafa verið gerðar í samráði við rn. í öllum meginefnum, enda kemur það í ljós, að sumar þeirra snerta einmitt EFTA-breytingar, þannig að það var nauðsynlegt að gera þær. Og það er rétt, sem hv. frsm. sagði, að meginhluti till. að öðru leyti er í samræmi við þær breytingar, sem gerðar voru á tollskránni snemma á þessu ári, þ. e. að létta undir með iðnaðinum, og er í fullu samræmi við tollalagabreytingar, sem þá voru gerðar. Ég vil því þakka þá hófsemd, sem í þessari meðferð n. felst, og jafnframt taka undir það, að mér finnst það eðlilegt og sanngjarnt, þó að það hafi ekki verið gert í upphaflegu frv. rn., sem eingöngu var miðað við nauðsynlegar breytingar vegna EFTA-aðildar, að létta hér undir með gistihúsarekstrinum, því að það má vissulega segja, að þar sé orðið um nokkurs konar útflutningsgrein að ræða í okkar þjóðlífi í vaxandi mæli, sem skilar okkur dýrmætum gjaldeyri, og því er rétt og eðlilegt að ganga til móts við gistihúsin með þessum hætti, úr því að hv. n. hefur fallizt á að gera það með þeim hætti, sem hún leggur til, því að ella hefði það að sjálfsögðu valdið allt of miklum tekjumissi fyrir ríkissjóð.

Ég vil til viðbótar geta þess, sem ég raunar gat um í upphafi eða við framsögu í sambandi við fsp., sem kom fram við 1. umr. málsins, að 3. gr. frv. er í rauninni ekki tollskrármál, heldur verðlagsmál, og ég get fullkomlega fallizt á þá skoðun hv. n., að sú gr. falli niður og hún eigi ekki heima í þessu frv. Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að orðlengja um þetta frekar, en endurtek aðeins þakkir mínar til hv.

n. fyrir það, hve vel og skynsamlega hún hefur unnið að afgreiðslu þessa máls.

ATKVGR.
Brtt. 225,a samþ. með 15 shlj. atkv.
— 261, 1—5 samþ. með 15 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 255,b. 1—2 samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 255,c (3. gr. falli niður) samþ. með 16 shlj. atkv.
4. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 267).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 32. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 34. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Svo sem segir í grg. með frv. þessu um breytingar á tollskránni, er hér fyrst og fremst um að ræða eftirhreytur af endurskoðun þeirri, sem fór fram á tollskránni um síðustu áramót í sambandi við aðild Íslands að EFTA. Það var þá vitanlegt, að ýmis vafaatriði voru þá enn óljós og síðan hefur komið fram, að nokkrar vörutegundir falla undir EFTA-ákvæðin, sem ekki lá þá ljóst fyrir, að féllu það. Sumar vörur eru framleiddar í landinu, sem þá ekki var í rauninni vitað um, að framleiddar væru eða sumt af því komið til síðar, og allt leiðir þetta af sér, að það er óumflýjanlegt að gera breytingar varðandi viss atriði tollskrárinnar. Það var þá vitað að vísu um veigamestu atriðin í þessu sambandi svo sem tvöfalt gler og rafmagnseldavélar, en jafnvel haft þá í huga að leysa það mál með því að leggja á sérstakt tollvörugjald til þess að vega hér upp á móti og ná sama árangri og hægt er að ná með lækkun tolla.

En þar sem ljóst var, að það þurfti að gera allvíðtækar aðrar breytingar af þeim ástæðum, sem ég gat um, þá var horfið að því ráði að undirbúa sérstakt frv. um breytingar á tollskránni, þar sem auk EFTA-varanna voru teknar inn nokkrar breytingar, sem efnislega eru ekki veigamiklar, en eru til samræmis við aðrar breytingar, sem þá voru gerðar á tollskránni. Talið er, að þetta muni samtals, eins og segir í grg., geta valdið ríkissjóði tekjutapi, sem nemi allt að 26 millj. kr. miðað við innflutning s. l. árs, ef allar þessar vörur færast yfir til EFTA-landa, sem að sjálfsögðu er mjög óvíst og ólíklegt, að þær geri, þannig að tekjutapið verði nokkru minna. En jafnhliða þessum breytingum, sem gert er ráð fyrir að gera í þessu sambandi og valda nokkrum tollalækkunum á framleiðslu t. d. rafmagnseldavélum, tvöföldu gleri, lömpum og lýsingartækjum, þá eru sett sérstök ákvæði í heimildargr., sem gera mögulegt að endurgreiða hluta af efnivörum í innlenda framleiðsluvöru af þessu tagi, vegna þess að í mörgum tilfellum er þar um að ræða efnivöru, sem hægt er að nota til margra annarra þarfa, og verður því að hafa þessa endurgreiðsluaðferð. Er hér um fullt samræmi að ræða miðað við þá grundvallarreglu, sem fylgt var við tollskrárbreytinguna nú í byrjun ársins, þ. e. að þar sem um er að ræða 30% lækkun á hinni fullunnu vöru, þá verður lækkunin 50% á hráefnum.

Í hv. Ed. var tollskráin tekin til allítarlegrar athugunar og samráð haft við hv. fjhn. þessarar d., og þar voru gerðar á frv. töluverðar breytingar. Sumt af því var gert í beinu samráði við rn., en annað ekki. Ég skal ekkert dæma um þessar breytingar. Þær eru ekki mjög veigamiklar og valda ekki, að því er bezt verður séð, neinu verulegu tekjutapi. Ég hefði þó talið, að það hefði verið æskilegt að takmarka mjög þær breytingar, sem gerðar yrðu, af því að ég lýsti því yfir þá, að miðað við, að þetta yrði afgreitt með þeim hraða, sem æskilegt væri, þá væri það mjög óheppilegt að fara að hreyfa mikið við tollskránni almennt, þar sem erfitt væri að takmarka þær óskir, sem menn kynnu þá að hafa uppi um breytingar. En engu að síður voru þessar breytingar gerðar, og ber að taka það fram, að um það var alger samstaða í hv. Ed., og sá ég því ekki ástæðu til þess að vera að fetta fingur út í þær breytingar, þar sem þær höfðu ekki efnislega mjög mikla þýðingu.

Ein breytingin var þess eðlis að fella niður gr., sem gerði ráð fyrir, að með hliðsjón af verðstöðvunarlögunum væri engu að síður heimilt að halda álagningu óbreyttri að krónutölu, þó að um verulega lækkun tolla væri að ræða. Það varð samkomulag um það, og ég lýsti því þegar yfir við 1. umr. málsins, að ef mönnum sýndist, að óheppilegt væri að hafa þessa heimild, sem að sjálfsögðu er aðeins til bráðabirgða, þá væri það mér algerlega að meinfangalausu, að hún væri felld niður, og var þar samkomulag um, að það yrði gert.

En vegna þeirra breytinga, sem gerðar voru í Ed. og af því að þetta var gert af nokkurri skyndingu — og ber að vísu að þakka það, að hv. Ed. skyldi svo fljótt afgreiða málið frá sér, því að ég hafði ekki mikla von um það, að það yrði auðið að afgreiða það fyrir áramót, og sannast sagna treysti ég mér ekki til að fara fram á það við hv. Ed., að hún gerði það, en n. vann engu að síður með þessum hraða — eru ýmsir tæknilegir gallar á þessum brtt., sem samþykktar voru í hv. Ed. Vildi ég því beina því til fjhn. þessarar hv. d., að hún hefði samráð við deildarstjóra tollamála í fjmrn. og færi með honum

yfir þær breytingar, sem samþykktar voru á frv. í Ed., til þess að það a. m. k. verði ótvírætt, að það séu ekki gallar tolltæknilega séð á þeim breytingum, sem þar hafa verið gerðar. Það kynni að koma í ljós, að svo væri, þar sem þetta hefur ekki verið íhugað nægilega vel, og undir öllum kringumstæðum veit ég, að hv. þdm. eru sammála um, að ekki má það gerast, að breytingar séu samþykktar það athuganalítið, að ekki sé alveg ótvírætt, hvað við sé átt, og það leiði til vandræða, þegar til túlkunar kemur.

Miðað hins vegar við það, að fjhn. þessarar hv. d. mun hafa verið með í ráðum í sambandi við breytingarnar í Ed., þá vildi ég leyfa mér að vænta þess, að hv. n. sæi sér fært að afgreiða málið með þeim hraða, að það yrði unnt að lögfesta þessar breytingar á tollskránni fyrir áramót, en það er af mörgum ástæðum mjög æskilegt og raunar nauðsynlegt, að það gæti orðið. Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að hafa um þetta fleiri orð, en legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég hef ekkert við þetta frv. að athuga í sjálfu sér og ekki heldur það, að afgreiðslu þess sé hraðað. Hitt hefði mér þótt dálítið fróðlegt, ef hæstv. fjmrh. hefði getað gefið okkur svolitla skýrslu um reynsluna af þeirri tollalækkun, sem við samþykktum hér í fyrra. Þar var um að ræða miklu umfangsmeiri tollalækkun en þessa. Ef ég man rétt, þá nam hún um 500 millj. kr., og þegar það mál var afgreitt hér á þingi, voru bornar fram nokkrar efasemdir um það, að þessi tollalækkun mundi koma fram í verðlagi. M. a. var borin fram till. hér á þingi um það, að það yrði tekið upp með því sérstakt eftirlit, en hæstv. ráðh. taldi það óþarfa og taldi, að þetta mundi gerast af sjálfu sér. Því tel ég víst, að hæstv. ráðh. hafi látið fylgjast með því vandlega, að þessi tollalækkun hafi komið fram í verðlagi. Ég get einnig látið þess getið, að ég hef orðið var við það hjá almenningi, að hann telur sig ekki hafa orðið varan við þetta nema í ákaflega sjaldgæfum tilvikum. En mér finnst, að við þurfum að vita staðreyndir um þetta efni, og ég vildi því mælast til þess við hæstv. fjmrh., að hann greindi okkur frá því, hvort ríkisstj. hafi fylgzt með því, að þessar lækkanir hafi stuðlað að lækkun verðlags í verzlunum, og hvort sú lækkun hafi komið til framkvæmda eða að hve miklu leyti hún hafi komið til framkvæmda.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það var að sjálfsögðu hlutverk verðlagsyfirvalda að fylgjast með því, að þau áhrif kæmu til framkvæmda, sem tollabreytingin á síðasta þingi hafði. Og það eitt út af fyrir sig, hvort fyrirmæli hafi verið samþykkt um það, að hún skyldi koma til framkvæmda með einhverjum hætti, svo sem hv. fyrirspyrjandi orðaði það, hefði ekki haft ákaflega mikla þýðingu, nema verðlagsyfirvöld hefðu gert það, sem í þeirra valdi raunverulega stóð, til að sjá til þess, að áhrifin yrðu þau, sem til var stofnað. Þetta held ég, að okkur þurfi ekki að greina á um. Efnislega var það að sjálfsögðu ætlunin, að hún yrði almenningi til góðs í lækkuðu vöruverði, og að því var stefnt. Nú hygg ég, að það sé ákaflega erfitt að svara því, hvort svo sé. Og ég skal taka það fram — sem ég býst raunar ekki við, að hv. þm. hafi ætlazt til — að ég hef hér ekki tæmandi skýrslu um það, að hve miklu leyti tollabreytingin hefur komið til framkvæmda. En mér er hins vegar kunnugt um, að í ýmsum tilfellum kom hún greinilega til framkvæmda og í öðrum tilfellum kannske síður. En þetta er mjög erfitt við að fást, vegna þess að þær spurnir, sem ég hafði af þessu — og ég skal taka það fram, að ég spurðist nokkuð fyrir um þetta hjá viðkomandi aðilum — leiddu í ljós, að mjög verulegar verðlagshækkanir höfðu orðið á mörgum vörum, sem leiddu til þess, að þessar tollabreytingar skiluðu sér ekki eins og til hafði staðið og hefði mátt vænta, ef ekki hefði komið til hækkað verðlag á hinum innfluttu vörum. Að öðru leyti, eins og ég sagði, var það að sjálfsögðu hlutverk verðlagsyfirvalda að sjá til þess, að vörur lækkuðu, svo sem eðlilegt var, með hliðsjón af þessari tollabreytingu, sem þarna kom fram. Nú skal það jafnframt tekið fram, að það er ekki endilega víst, að það hafi komið fram lækkun á vörum, þó að tollabreytingin hafi verið heimiluð, vegna þess að hér var aðeins um að ræða tollabreytingar á vörum frá vissum löndum. Og það var að sjálfsögðu ekki hægt að skylda einn né neinn til þess að kaupa þessar vörur. Það eru mismunandi tollar, eins og hv. þm. vita, og þeir voru áfram látnir gilda. Breytingin var ekki nema að sáralitlu leyti á tollum á vörum frá öðrum löndum en EFTA-löndum. En ég get því miður ekki svarað þessari fsp. hv. þm. Hún er vissulega athyglisverð, og það gæti vel verið ástæða til þess, ef það er framkvæmanlegt, að verðlagsyfirvöld láti fara fram sérstaka athugun á því, að hve miklu leyti þessi tollabreyting hafi komið mönnum að gagni í verðlaginu, því að það var vissulega ætlunin, að svo yrði.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjhn. með 28 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 267, n. 289, 290, 291).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft frv. til l. um breytingu á tollskrá til meðferðar, en frv. er komið frá hv. Ed., sem gerði á frv. breytingar, er fjhn. Ed. flutti sem brtt. á þskj. 255 og 261. Við athugun málsins í hv. fjhn. þd. kom í ljós, að gera þyrfti breytingar við frv., þ. e. sér í lagi vegna brtt., sem samþykktar höfðu verið í Ed. Þær brtt., sem n. flytur á þskj. 290, eru einungis til leiðréttingar, og vegna þess, hvernig tollskráin er upp byggð, eru þær gerðar í samráði

við — eins og fram kemur í nál. á þskj. 289 — þá Björn Hermannsson og Ögmund Guðmundsson, sem eru fulltrúar fjmrn. í tollskrárnefnd. A-liður brtt. fjhn. á þskj. 290 er, eins og ég sagði áðan, eingöngu til leiðréttingar og samræmingar við tollskrána. Þó er eitt atriði, sem ég vil sérstaklega benda á. Í hv. Ed. á þskj. 261 er lagt til, að borðbúnaður, sem sérstaklega er notaður í sambandi við hótelrekstur, verði lækkaður úr 100% tolli í 50% toll og var sú tillaga samþ. Það er talið, að hagkvæmara sé í alla staði að halda ákvæðum þessara liða óbreyttum, þ. e. tollinum í tollskránni óbreyttum, en veita hins vegar fjmrh. heimild til þess að lækka eða endurgreiða toll allt að 50% af því, sem brtt. á þskj. 261 átti við, og er það b-liður brtt. frá hv. fjhn. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um málið. N. leggur til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr. og að gerðar verði á frv. þær breytingar, sem lagðar eru til á þskj. 290.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt, er þetta frv. flutt af ríkisstj. eða af fjmrh., og er tilefnið það, að í ljós hefur komið, að sú tollskrá, sem sett var á s. l. ári á síðasta þingi, fullnægir ekki að öllu leyti þeim skyldum, sem við tókum á okkur samkv. EFTA-samningi, þannig að nauðsynlegt hefur reynzt að lækka tolla á nokkrum vörum umfram það, sem þá var gert ráð fyrir. Þær breytingar, sem voru í frv. fjmrh., munu aðallega hafa fjallað um þessar leiðréttingar á tollskránni í samræmi við EFTA-samninginn, ef svo mætti segja.

Við meðferð málsins í Nd. hafa hins vegar verið gerðar nokkrar eða allmargar breytingar til viðbótar, og yfirleitt má telja, að þær séu til bóta og stefni sérstaklega að því að lækka tolla á umsömdum tækjum, sem iðnaðurinn notar til rannsókna. Mér finnst rétt að láta það koma fram, að það var hv. form. iðnn. í Ed., Sveinn Guðmundsson, sem átti mestan þátt í því, að þessar breytingar voru gerðar, sem eru yfirleitt allar til verulegra bóta, frá því sem áður var. Eins og þm. vafalaust muna, þá var það aðalbreytingin, sem gerð var á tollskránni í fyrra, að lækkaður var tollur á iðnaðarvörum frá EFTA-löndunum um 30%, en jafnframt var tollur á hráefnum til iðnaðar lækkaður um 50% og tollur af vélum til iðnaðar lækkaður úr 15% í 7%. Enn fremur var gerð sú lækkun á tollum á vélum til landbúnaðarvara, að tollur á þeim var lækkaður í 7%.

Við meðferð málsins þá var það till. okkar framsóknarmanna, að tollar á vélum til atvinnuveganna, þ. e. til iðnaðar, sjávarútvegs og landbúnaðar, yrðu alveg felldir niður. Einnig yrðu felldir niður tollar af hráefni til iðnaðarins, sem enn eru mjög verulegir, en þar sem erfitt var að koma þeim breytingum við á seinasta þingi, vegna þess að það þarf mikinn undirbúning, þá lögðum við til, að það bráðabirgðaákvæði yrði látið fylgja tollskránni í fyrra, að tollskrárnefnd ríkisins tæki málið til endurskoðunar með það fyrir augum, að felldir yrðu niður tollar á hráefnum til iðnaðar og breytingar á tollskránni samkv. því yrðu lagðar fyrir næsta þing. Þessar till. fengust ekki samþykktar þá, en okkur hefur eigi að síður þótt rétt að endurnýja þessar till. í því formi, að það ákvæði yrði látið fylgja þessum lögum, að tollskrárnefnd tæki tollskrána til nýrrar athugunar eða endurskoðunar í samráði við samtök sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar með það fyrir augum að endurskoða öll atriði tollskrárinnar, sem snerta vélar og efni til þessara atvinnuvega og í þeim tilgangi, að tollar á þessum vörum verði alveg felldir niður og till. um þetta efni verði svo lagðar fyrir næsta þing. Ég get að mestu leyti vísað til þeirra röksemda, sem við höfðum fyrir þessum till. okkar í fyrra, en þessar röksemdir eru m. a. þær, að það væri óhjákvæmilegt innan tiltölulega fárra ára að fella alla þessa tolla niður vegna EFTA-samningsins, því að að sjálfsögðu er það óeðlilegt, eftir að búið er að fella niður alla verndartolla, að áfram séu tollar á vélum til iðnaðarins eða hráefnum til iðnaðarins.

Við lítum svo á, að fyrst þessi tollabreyting er fram undan á næstu árum, verði óhjákvæmilegt, að sjálfsagt sé að gera hana strax og skapa iðnaðinum þannig betri aðstöðu til að búa sig tækjum og búa sig á annan hátt undir það að mæta þeirri auknu samkeppni, sem af því hlýzt, ef verndartollarnir falla alveg niður. Þess vegna sé betra að láta þessa tollalækkun koma til framkvæmda nokkrum árum fyrr en seinna, þar sem hún er, hvort eð er, alveg óhjákvæmileg innan ekki mjög langs tíma. Það má líka minna á það, að af hálfu forráðamanna iðnaðarins hefur það hvað eftir annað komið fram, að hann telur það eðlilega afleiðingu af EFTA-aðild, að tollar af vélum til hans og hráefni til hans verði felldir niður nú þegar. Þar sem það er hins vegar allvandasamt mál og allflókið að gera breytingar á tollskránni, þannig að þessi stefna sé fullkomlega tekin til greina, og tíminn er naumur nú til afgreiðslu á tollskránni, þá höfum við ekki talið okkur fært að leggja fram beinar till. um það, heldur lagt til, að sú leið verði valin, að sett verði í lögin eða þetta frv. ákvæði til bráðabirgða á þann veg, sem ég áðan lýsti, þannig að málið verði undirbúið af tollskrárnefnd ríkisins fyrir næsta þing og það þá tekið til afgreiðslu.

Ég sé ekki ástæðu til þess að gera nánari grein fyrir þessari till. að þessu sinni. Enda held ég, að efni hennar sé svo ljóst, að þess sé ekki þörf, en ég vænti þess, að hv. stjórnarsinnar telji eðlilegt og sjálfsagt að samþykkja þessa till. Því miður gafst ekki tækifæri til þess að leggja hana fyrir iðnn. vegna þess, hve mikill hraði var á störfum hennar, en ég vænti eigi að síður, að hún hljóti stuðning annarra iðnaðarnefndarmanna en okkar tveggja, sem stöndum að till.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég tek enga efnislega afstöðu til þess, hvort rétt sé að fella niður tolla af vélum, eins og hér er stefnt að, eða

ekki — um það er ekki að ræða nú af minni hálfu. Ég tel þessa till. á þskj. 291 alveg óþinglega og ekki sé viðeigandi að samþykkja slíka till. á þessu þingi. Hér er gert ráð fyrir, að n. embættismanna og tilnefndra manna athugi niðurfellingu tolla og síðan er sagt, að þær till. skuli lagðar fyrir næsta þing. Ég veit ekki, hver á að leggja þær fyrir næsta þing. Það er væntanlega ríkisstj., sem gert er ráð fyrir, að eigi að gera það, og með hliðsjón af því, að almennar alþingiskosningar fara fram í vor og ekkert er vitað um ríkisstj. að þeim loknum, þá finnst mér það í hæsta máta óþinglegt að vera að samþykkja slíka till., eins og hér er um að ræða. Af þeim ástæðum einum finnst mér, að það eigi ekki að samþykkja þessa till.

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Mér láðist í framsögu minni fyrir málinu að geta þess, að við prentun þskj. nr. 290, þ. e. brtt. frá n. urðu prentvillur — fjórar prentvillur, og þess vegna hefur þskj. verið sent aftur til prentunar. Hér er um að ræða eina niðurfellingu í texta. Í 6. tölul. a-liðar á að standa á eftir o. þ. h.: óáletrað, glært eða mattað gler. Í 8. tölul. á ekki að vera tollnr. 69.11 01, heldur 69.11 00. Í 30. tölul. er tollnr. ekki 30.29, heldur 90.29, og í textann við þá brtt. vantar orðið til. Þessar villur hafa engin efnisáhrif á brtt., en þskj. mun að sjálfsögðu prentað upp.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég held, að það sé mesti misskilningur hjá hæstv. forsrh., að þessi till. okkar hv. 5. þm. Austf. sé nokkuð óþingleg. Ég held, að það megi finna þess fjölmörg dæmi í þingsögunni, að Alþ. hafi samþ. till., sem hafa falið það í sér, að ríkisstj. eða einhverjum ákveðnum aðila væri falið að fjalla um ákveðið verkefni eða undirbúa ákveðið mál og leggja það fyrir næsta þing. Það vannst að sjálfsögðu ekki tími til þess að finna þessi dæmi núna, vegna þess að umr. er að ljúka alveg í svipinn, en ég held, að færum við hæstv. forsrh. í það saman að blaða í þingtíðindum, þá mundum við finna æðimörg dæmi þess, að þetta hafi verið gert, þannig að það er hinn mesti misskilningur hjá honum, að fordæmi sé ekki fyrir þeim vinnubrögðum, sem lagt er til, að hér verði viðhöfð. Það er rétt, að ákveðinni embættismannanefnd er falið að vinna þetta verk, en það er alveg skýrt tekið fram í till., hvernig verkefnið skuli unnið og að hverju hún skuli stefna, þannig að hér er ekki um annað en hrein formleg vinnubrögð af nefndarinnar hálfu að ræða, en hún þarf ekki að taka neina afstöðu til mála, heldur eingöngu fara eftir því, sem sagt er í till., þ. e. að fella niður þá tolla, sem nú leggjast á efni og vélar til iðnaðarins. Það er ekki frambærileg ástæða til þess að vera á móti þessari till., að hún sé óþingleg, þ. e. ef menn eru á móti henni, þá eru aðrar ástæður, sem valda því.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það er alveg ástæðulaust að hefja deilur um þetta atriði. Það er auðvitað alveg ástæðulaust að vera með neinar getsakir um það, að annað liggi til grundvallar en formsatriðin, sem ég gerði grein fyrir áðan, þ. e. að mér fyndist óeðlilegt og óþinglegt að samþykkja þessa till. Það er alveg rétt hjá hv. þm., að það eru mýmörg dæmi þess, að þing leggi fyrir einhverja n. að undirbúa eitthvert mál og leggja fyrir næsta þing, en ég held, að það sé í langflestum tilfellum þannig — og ég sagði ekki, að það væri ekki neitt fordæmi fyrir þessu — að það er sama þing, sem ákveður þetta, og viðkomandi ríkisstj., sem í slíku tilfelli undirbýr mál fyrir næsta þing. Ég benti á það, að fyrir dyrum standa almennar alþingiskosningar og það eru aðrir þm., sem þá eiga að taka fyrir þessi mál og fjalla um þau, og það finnst mér ekki þinglegt. Það má auðvitað um það deila. Mér finnst ekki þinglegt, að þm. nú séu að segja þessum mönnum fyrir verkum — hvort sem það er þingið sjálft eða einstakir þm. eða ríkisstj. — um það, hvaða mál þeir eigi að leggja fyrir það þing og með hvaða hætti. Það má sjálfsagt deila um þetta. Ég er ekki að segja það. Þetta er mín skoðun, og ég lít á það svona og vil þess vegna alls ekki taka efnislega afstöðu til þess máls, þ. e. hvort eigi að afnema tollana eða ekki. Við skulum ekki einu sinni hefja neinar umr. um það, en ég hef lagt það til, að þessi till. væri felld eingöngu af þessum formlegu ástæðum, sem ég hef nú áréttað hér í þessari ræðu minni.

ATKVGR.
Brtt. 290,a.1 — 30 samþ. með 30 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 290,b samþ. með 30 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 291 felld með 20:16 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 294, 295).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. 295. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég mun nota þetta tækifæri, þó að við 3. umr. sé, til að þakka hv. fjhn. fyrir mjög rösklega afgreiðslu á þessu máli. Það þurfti að gera lagfæringar, eins og hv. frsm. þeirrar n. gat um, vegna þess að ekki höfðu verið athuguð til hlítar við afgreiðslu málsins í Ed. ýmis formsatriði. Þar sem hér er um, eins og þdm. öllum er vel kunnugt, ákaflega flókið mál að ræða, þá gat vel komið fyrir, að slíkir annmarkar yrðu við skjóta athugun málsins, úr því að þar var valinn sá kostur að gera nokkrar fleiri brtt. Ég er mjög sáttur við þær brtt., sem hér hafa verið samþykktar, en hins vegar hefur verið gerð sérstök athugun á málinu í dag í fjmrn. í samræmi við óskir Félags ísl.

iðnrekenda, og eru þar nokkur atriði, sem eru nánast í samræmi við það, sem nú er búið að samþykkja hér í hv. d. og rétt þykir að breyta. Og ég hef leyft mér að flytja á sérstöku þskj., sem nú var verið að útbýta, að ég hygg, nokkrar brtt., sem fyrst og fremst eru til þess að lækka í tolli ýmsa svokallaða „komponenta“ til rafmagns- og rafagnaiðnaðar, en ýmis slík tæki og hliðstæðar vörur voru einmitt lækkaðar í tolli með þeim breytingum, sem gerðar voru í hv. Ed., og einnig því, sem hér hefur verið breytt í hv. Nd.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þetta frekar. Hér er ekki um veigamiklar breytingar að ræða, en nánast til samræmingar við annað, sem hér hefur verið samþ., og vildi ég leyfa mér að vonast til, að hv. d. gæti á það fallizt, án þess að við þyrftum að tefja tímann við það að láta málið fara aftur til n.

ATKVGR.

Brtt. 295 samþ. með 30 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 38. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 296).

Á 39. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Tollskrárfrv. er komið hér aftur til hv. Ed. vegna allmargra breytinga, sem á því voru gerðar í hv. Nd. Það kom í ljós við athugun á frv. eftir samþykkt þess hér í hv. d., að það voru ýmsir tæknilegir annmarkar á orðalagi þess og flokkun, þannig að það var tekið til ítarlegrar athugunar í fjmrn. í samráði við hv. fjhn. Nd. Varð um það samkomulag, að gerðar voru nauðsynlegar breytingar á málinu, til þess að hægt væri að orða það með eðlilegum hætti og til þess að það gæti ekki valdið neinum misskilningi, hvað við væri átt. Ég skal taka það fram, að hér er ekki um neinar efnisbreytingar, sem máli skipta, að ræða, heldur aðra flokkun og atriði, sem hv. þm. munu væntanlega reka augun í, þ. e. að færðir hafa verið aftur upp í 100% tollar á ýmsum búsáhöldum og borðbúnaði vegna hótelrekstrar, en það stafar af því, að það þótti heppilegra að hafa tollinn óbreyttan, en hafa hins vegar heimildargr. um að lækka þetta, svo sem lagt hafði verið til í þessari hv. d., vegna þess að vitanlega getur verið hætta á því, að þetta verði misnotað, ef það er skilyrðislaust ákveðið svo, að það þurfi ekki annað en vera merkt tilteknum hótelum, til þess að það sé tollfrjálst, heldur verður að gera sér fulla grein fyrir því hverju sinni, hvort hér er raunverulega um innflutning til hótels að ræða eða ekki. Hér er auðvitað ekki um efnisbreytingu að ræða, því að ég veit það, að þessi hv. d. er sammála um það, að það verði að koma í veg fyrir misnotkun á þessari heimild, sem hér var veitt.

Þá voru einnig að minni till. gerðar nokkrar breytingar, sem ekki skipta höfuðmáli, á frv. í hv. Nd., og allar eru þær til samræmis við það, sem gerzt hafði hér í þessari hv. d., og það, sem áður hefur verið gert í samráði við Félag ísl. iðnrekenda. Það er fyrst og fremst um að ræða, að lækkaðir eru nokkrir tollar af nokkrum „komponentum“ til rafmagns- og rafagnaiðnaðar, og er það í fullu samræmi við það, sem gert hefur verið hér við meðferð málsins og reyndar var að nokkru leyti gert í breytingu þeirri, sem gerð var á tollskrárlögunum fyrr á þessu ári. Þó að hér sé um allmargar breytingar að ræða, eins og ég segi, þá er hér ekki um nein atriði að ræða, sem efnismáli skipta, þannig að ég vildi leyfa mér að vonast til, að hv. d. gæti fallizt á það að afgreiða frv. án þess, að það þyrfti að fara hér aftur til n.

Frsm. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Fjhn. skaut á skyndifundi, þar sem fram komu veigamiklar brtt. við tollskrárfrv. frá Nd. Eins og hæstv. fjmrh. tók fram, gerði fjhn. á frv. nokkrar breytingar aðallega á númeraröð og til að viðhalda skýrara orðalagi á frv. Ákvæðið um borðbúnað og fleira til hótelrekstrar, sem fjhn. hafði lagt til, að tollur yrði lækkaður á, er nú gert að heimildarákvæði, eins og hæstv. ráðh. tók fram, og náttúrlega kemur það í einn stað niður, en ætti að fyrirbyggja misnotkun, sem hugsanleg væri við þessa miklu tollalækkun. Brtt., sem var samþ. í Nd. frá hæstv. fjmrh. á þskj. 295, er til bóta fyrir iðnað á rafmagnssviði og margs konar atvinnurekstur landsmanna. Fjhn. Ed. hafði mikinn áhuga á að taka þessar breytingar inn í till. sínar, en fjmrn. þótti þær þá of kostnaðarsamar. Ég lýsi ánægju yfir breyttri afstöðu fjmrn. Fjhn. mælir eindregið með samþykkt frv. með á orðnum breytingum.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Það er auðvitað gott og sjálfsagt að hafa tollskrárlögin eins fullkomin og verða má, en ég lýsi nokkurri furðu á því, að hæstv. fjmrh. skuli upplýsa, að þær brtt., sem gerðar voru í Ed. á frv., hafi við nánari athugun reynzt svo ófullkomnar, að það hafi þurft 20—30 brtt. til þess að skýra þær. Ég er út af fyrir sig ekki hissa á því, þó að við, sem eigum sæti í d., séum ekki kannske menn til þess að búa tollskrána þannig úr garði, að hún sé 100% fullkomin, en ég minni á, að til aðstoðar n. voru embættismenn fjmrn. og þeir voru með í ráðum um að útbúa þessar till. Og ég lýsi því hér með yfir, að við vorum í góðri trú í því — a. m. k. nm. fjhn., að við værum að gera tollskrána þannig úr garði, að hægt væri að starfa eftir henni. Og furða ég mig á því, að það skuli hafa komið í ljós, að svo reyndist ekki, þegar þess er gætt, hvaða aðstoðar við nutum. Það er alveg rétt, sem hv. form. fjhn. Ed. upplýsti hér, að mörg atriði af því, sem bætt er við í Nd., vildum við, að ég hygg, flestir, ef ekki allir nm. gjarnan taka inn, en það var

vegna þeirra upplýsinga, sem lágu fyrir frá starfsmönnum fjmrn. um, að málin væru ýmist svo örðug í framkvæmd eða svo kostnaðarsöm, að það þætti ekki fært. Ég vildi gjarnan að þetta kæmi fram, að það, sem form. okkar upplýsti um það, er algerlega rétt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 302).

16. Lífeyrissjóður bænda.

Á 1. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um Lífeyrissjóð bænda [6. mál] (stjfrv., A. 6).

Á 3. fundi í Ed., 19. okt., var frv. tekið til 1. umr. Forseti tók málið af dagskrá.

Á 4. fundi í Ed., 22. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta um Lífeyrissjóð bænda, sem hér liggur fyrir, var lagt fram á síðasta Alþ., en það seint á þinginu, að þess var enginn kostur, að það gæti fengið afgreiðslu, enda var það í rauninni flutt þá, svo sem ég gerði ráð fyrir í framsögu, til þess að sýna hv. þm. málið, þar sem hér er um nokkuð nýstárlegt mál að ræða, eins og ég mun nánar víkja að, en ekki gert ráð fyrir því, að það yrði þá endanlega afgreitt. Þá fylgdi frv. sérstök grg., sem ekki hefur verið talin ástæða til að endurprenta hér með þessu frv., en vísað er til hennar til nánari skýringar á hinum einstöku atriðum frv., en frv. er þannig til orðið, að hæstv. landbrh. skipaði 12. jan. s. l. nefnd til þess að semja frv. til l. um lífeyrissjóð fyrir bændur, og var tekið fram í skipunarbréfi þeirrar nefndar, að höfð skyldi hliðsjón af sérstöku lagafrv., sem n., er skipuð hafði verið á Búnaðarþingi og af stjórn Stéttarsambands bænda, hafði afhent landbrh. í s. l. desembermánuði. Þetta mál hefur verið alllengi á dagskrá og verið lengi áhugamál bændastéttarinnar, að það næði fram að ganga og komið yrði á fót lífeyrissjóði fyrir bændur, og till. um það efni hafa margsinnis komið fram.

En þegar farið var að vinna að athugun á möguleikum á því að koma upp lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn, varð nokkurt hlé á þessu sérstaka lífeyrissjóðsmáli bænda, þar sem gert var ráð fyrir, að það mundi falla undir það viðfangsefni. En hins vegar tók lífeyrissjóðsmálið í heild eða hugmyndin um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn aðra stefnu, þegar það gerðist með samningum bátaútvegsmanna og sjómanna í febrúar 1969 og síðan annarra samtaka vinnumarkaðarins, þ. e. í sambandi við kjarasamninga vinnuveitenda og verkalýðsfélaga í maímánuði sama ár, að samið var um sérstaka lífeyrissjóði fyrir þessar stéttir og með nokkuð sérstökum hætti. Þá var ljóst, að hugmyndin um lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn mundi þurfa að þróast með öðrum hætti og stefnan mundi verða sú, að það yrði haldið áfram á þeirri braut að mynda sérstaka lífeyrissjóði fyrir einstakar stéttir, sem síðan gæti þá aftur komið til álita, að unnið yrði að heildarathugun á, hversu mætti samræma með þeim hætti, að komið yrði á lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn, hvort sem það yrði einn sjóður eða með einhvers konar samstarfi eða samræmingu á lagaákvæðum og reglum um hina einstöku lífeyrissjóði. Eftir að málið hafði tekið þessa stefnu, var eðlilegt, að það yrði einnig tekið upp af hálfu bændasamtakanna, enda var það svo, að á Búnaðarþingi 1969 var kosin milliþinganefnd til að fjalla um málið, og á aðalfundi Stéttarsambands bænda skömmu síðar var skorað á stjórn sambandsins að taka upp baráttu fyrir stofnun Lífeyrissjóðs bænda. Og mþn. Búnaðarþings og stjórn Stéttarsambandsins störfuðu síðan saman að framgangi málsins, svo sem áður hefur verið sagt.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er í öllum meginefnum mjög í samræmi við þær till., sem Stéttarsamband bænda og Búnaðarþing höfðu gert, og áður en endanlega var gengið frá frv., var rætt við stjórn Stéttarsambands bænda, og vona ég, að ég fari ekki með rangt mál í því sambandi, þó að ég segi, að í öllum meginatriðum hafi forráðamenn bændasamtakanna talið, að þetta frv. væri viðhlítandi, eins og frá því er gengið. Í frv. er gert ráð fyrir því, að yfirleitt verði allir bændur á lögbýlum, með örfáum undantekningum, skyldaðir til þátttöku í sjóðnum, þannig að hér verði um skyldubátttöku að ræða, en ekki frjálsan lífeyrissjóð, og jafnframt verði heimilað að taka fastráðið starfsfólk við landbúnað í tölu sjóðfélaga.

Það var alveg sérstakt vandamál, sem reis varðandi Lífeyrissjóð bænda, þ. e. hvernig ætti að byggja upp iðgjaldagreiðslur til sjóðsins. Allir þeir sjóðir, sem hingað til hafa verið settir á laggirnar — þ. e. á því eru að vísu örfáar undantekningar, en það er kannske réttara að segja nær allir þeir sjóðir — eru þannig til komnir, að launþeginn greiðir ákveðinn hluta launa sinna, sem í flestum tilfellum er 4%, til sjóðsins, en vinnuveitandi greiðir á móti 6%. Ég sagði, að á þessu væru örfáar undantekningar, en það munu vera til einstaka sjóðir, þó að ekki séu þeir stórir, þar sem menn, sem vinna sjálfstætt, hafa byggt upp lífeyrissjóði og greiða þá að öllu leyti iðgjald til sjóðsins sjálfir. Varðandi bændur er sýnilega ekki um neinn vinnuveitanda í venjulegum skilningi þess orðs að ræða, og þá var spurningin sú, hvernig mætti finna grundvöll til þess að ákvarða iðgjaldagreiðslurnar og hver ætti hér að greiða á móti. Og sú aðferð hefur verið valin í þessu sambandi, sem ég hygg, að menn við nánari athugun geti fallizt á, að sé ekki óeðlileg, þ. e. að líta svo á, að það séu í raun og veru neytendurnir, sem séu vinnuveitendur bænda. Frv. er því þannig upp byggt, að bændur greiði af sínum eigin launum — eða það mundi reiknað þeim til frádráttar í launum þeirra í verðlagsgrundvelli búvöru — 4%, eins og

launþegarnir greiða, og síðan komi til mótframlag, sem svari til 6%, þegar það kemur til fullra framkvæmda, og verði það lagt ofan á búvöruna. Má gera ráð fyrir, að útsöluverð hækki af þessum sökum um tæp 2%, en þessi hækkun kemur þó ekki að fullu fyrr en að þremur árum liðnum, því að það er gert ráð fyrir því í frv. að iðgjaldagreiðslur verði lægri fyrstu þrjú starfsár sjóðsins, og það er í samræmi við ákvæði, sem eru í l., sem sett voru til staðfestingar á samkomulagi verkalýðsfélaganna og vinnuveitenda um lífeyrissjóð fyrir verkalýðsfélögin.

Það er gert ráð fyrir því einnig í þessu frv., svo sem í l. um lífeyrissjóði verkalýðsfélaga, að það taki þegar gildi varðandi aldraða bændur eða þá, sem réttindi geti átt að hluta til strax eftir gildistökuna. Gildistakan er áætluð í frv. 1. jan. 1972, og með hliðsjón af þessu er ljóst, að það verður halli á sjóðnum um alllangt árabil, og er gert ráð fyrir því, að hann geti orðið allt til ársloka 1985. Gert er ráð fyrir því, að þessi halli verði borinn uppi að 2/5 hlutum af Stofnlánadeild landbúnaðarins og 3/5 hlutum af ríkissjóði, en það er þannig með sjóði stéttarfélaganna — verkalýðsfélaganna, svo sem kunnugt er, að þar tók ríkissjóður á sig að greiða hluta af halla sjóðsins fyrstu árin, en að öðru leyti er það Atvinnuleysistryggingasjóður, sem ber hallann af þeim sjóði.

Gert er ráð fyrir því varðandi þennan sjóð, að nokkur hluti af ráðstöfunarfé hans sé bundinn eða sem nemi um 25% af árlegum iðgjöldum og framlögum til sjóðsins og fái Stofnlánadeild landbúnaðarins rétt til lána að þessum hluta til. Þykir það sanngjarnt með hliðsjón af því, að Stofnlánadeildin á að bera halla af rekstri sjóðsins, svo sem ég áður gat um, og að auki er svo heimilt að veita eins og úr öðrum lífeyrissjóðum lán til íbúðabygginga fyrir sjóðfélaga gegn veðrétti í fasteigninni.

Ég held ekki, herra forseti, að það sé ástæða til þess að rekja nánara einstök atriði frv. Meginhluti þeirra er tæknilegs eðlis og er alveg í samræmi við þau ákvæði, sem gilda varðandi aðra lífeyrissjóði, og eru til nánari skilgreiningar á því, með hverjum hætti menn fá rétt til lífeyris úr sjóðnum, hvernig lífeyrisréttindi skuli reiknuð, um lífeyrisréttindi maka sjóðfélaga, ef sjóðfélagar falla frá o. s. frv., og tel ég ekki ástæðu til þess að tefja tíma hv. d. við að rekja það mál allt saman í einstökum atriðum.

Ég vil að lokum aðeins skýra frá því, að snemma í vor var skipuð af hálfu fjmrn. n. til þess að kanna það, hvaða stéttir þjóðfélagsins byggju enn ekki við nein lífeyrisréttindi og með hvaða hætti auðið væri að koma á laggirnar lífeyrissjóðum fyrir þessar stéttir. Ég hygg, að það geti orðið um nokkra lífeyrissjóði að ræða og unnið verði þá eftir þeirri áætlun, sem þegar hefur verið gerð, þ. e. að mynda sérsjóði fyrir hina ýmsu starfshópa. Það getur vafalaust orðið ýmsum vandkvæðum bundið að finna gagnaðila til þess að greiða mótframlag til lífeyrissjóðsins — jafnvel erfiðara en það hefur reynzt hér í sambandi við bændastéttina. En þó hygg ég, að með því sé mörkuð nokkuð ákveðin stefna í því, hvernig hugsanlegt sé að leysa það vandamál og hver eigi að greiða mótframlög á móti framlögum viðkomandi sjóðfélaga. Ætlunin var sú, að að þessu máli yrði unnið nú í sumar, og hefur það nokkuð verið gert, en þetta er töluvert flókið mál, og hér er um fleira starfsfólk að ræða en jafnvel hefur verið reiknað með. En það verður unnið að því að móta þessi mál á þann hátt að lögfesta lífeyrissjóði fyrir aðrar stéttir, eftir því sem undirbúningi þeirra mála er þokað áfram, með þá meginstefnu í huga, að stofnaðir verði sem allra fljótast fyrir alla þjóðfélagsborgara sérsjóðir, sem veiti þeim lífeyrisréttindi, og síðan verði það vandamál skoðað ofan í kjölinn, hvernig auðið verði að samræma þetta mál allt með þeim hætti, að það geti fallið inn í viðhlítandi lífeyriskerfi fyrir landsmenn alla.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. þessu verði að lokinni umr. vísað til 2. umr., og ég hygg, að efni málsins samkvæmt ætti það að fara til fjhn., en tel þó a. m. k. álitamál, hvort ekki væri rétt, að það færi til landbn., vegna þess að þessu frv. fylgir annað frv., sem flutt er af hæstv. landbrh., þar sem um er að ræða nauðsynlegar breyt. á l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins, og það gæti því eins komið til álita, að málið færi til landbn., ef mönnum sýndist svo. Þó að hér sé um lífeyrissjóðsmál að ræða, er hér að sjálfsögðu fyrst og fremst um hagsmunamál bænda að ræða, en hins vegar munu lífeyrissjóðsmálin almennt hafa verið í fjhn. Ég tel því ekki rétt á þessu stigi að gera ákveðna tillögu um það efni, en vildi gjarnan, ef fleiri töluðu hér, heyra skoðanir manna á því, í hvora n. eðlilegt væri, að málið færi, en að öðru leyti leggja það í vald forseta, til hvorrar n. hann teldi rétt, að málinu væri vísað.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég vildi þakka hæstv. fjmrh. fyrir það, að hann hefur lagt þetta frv. fram á hv. Alþ. Það má með sanni segja, að lífeyrissjóður hafi lengi verið óskadraumur bænda, og vonandi er, að þegar til framkvæmdanna kemur, verði þetta mál þannig vaxið, að bændur telji sig hafa mikið gagn af og ekki sízt bændur framtíðarinnar, því að eins verður það með þennan lífeyrissjóð og aðra, að það tekur sinn tíma að byggja hann upp, þannig að hann geti sinnt þeim fyllstu skyldum, sem lífeyrissjóðir almennt gera, þegar þeim hefur vaxið fiskur um hrygg.

En frv. þetta um Lífeyrissjóð bænda er fyrst og fremst ávöxtur af frv. því, sem samið var af mþn., sem Búnaðarþing kaus 1969, og í þeirri n. áttu sæti Sigurður Líndal bóndi á Lækjamóti, sem bar þessa till. um Lífeyrissjóð bænda fram á Búnaðarþingi 1969, og með honum voru kosnir í n. þeir Gunnar Guðbjartsson, form. Stéttarsambands bænda, og Lárus Ágúst Gíslason, bóndi í Miðhúsum. Eftir að stéttarsambandsfundur hafði verið haldinn, var fjölgað í þessari nefnd, og kom þá Páll Diðriksson bóndi á Búrfelli í nefndina. Þessi nefnd gekk frá

allítarlegu frv. ásamt grg., og er það frv. uppistaðan í því frv., sem hér er til umræðu á Alþ. En eins og hæstv. fjmrh. drap á, er við meiri vanda að etja, þegar stofna skal lífeyrissjóð bænda, en þegar stofna skal aðra lífeyrissjóði, þar sem um er að ræða atvinnurekendur og launþega. Það liggur nokkurn veginn ljóst fyrir þar, hver mótaðilinn er, en hér er það hins vegar ekki, þar sem um lífeyrissjóð bænda er að ræða. Þó held ég, að í meginatriðum í þessu frv. sé stuðzt við þau lög, sem til eru um lífeyrissjóði, og sömuleiðis höfðu þá nýlega verið gerðir samningar á milli Alþýðusambands Íslands um kaup og kjör og myndun lífeyrissjóðs fyrir verkamenn, og er einnig í þessu frv. stuðzt við þann lífeyrissjóð, sem nýlega hefur verið myndaður fyrir verkamenn.

En margt er og verður sameiginlegt um lífeyrissjóði, hver sem í hlut á, en sjóðsmyndanir hljóta alltaf að taka sinn tíma til að geta veitt full réttindi og ekki sízt hér á landi, þar sem taumlaus verðþensla hin síðari ár rýrir sparifé og alla sjóði mjög mikið með hverju ári, sem líður. En mér sýnist á frv. þessu, að ákvæði þessi um lífeyrissjóðsréttindi séu ekki mjög frábrugðin því, sem gerist í öðrum lífeyrissjóðum nema að því leyti, að yfirleitt mun það vera þannig í lífeyrissjóðum, að menn öðlast réttindi samkvæmt greiðslum, sem þeir inna af hendi. En hér gegnir öðru máli. Samkv. þessu frv. öðlast menn ekki réttindi í hlutfalli við þær greiðslur, sem þeir inna af hendi í lífeyrissjóðinn, vegna þess að hér er gert ráð fyrir svokölluðu stigakerfi, þannig að sá, sem hefur það litla framleiðslu, að hann innir ekki af hendi fulla greiðslu til sjóðsins, öðlast í raun og veru meiri réttindi en þær greiðslur segja til um, sem hann innir af hendi. Aftur á móti fær sá, sem hefur mikla framleiðslu eða er stórbóndi, eins og maður segir, stundum ekki réttindi í hlutfalli við það, sem hann greiðir í lífeyrissjóðinn. Þarna er um nokkurn jöfnuð að ræða til að brúa þann mikla aðstöðumun, sem er á milli einstakra bænda innan bændastéttarinnar. Ég vil, að það komi skýrt fram strax, að þetta er ósk bændanna sjálfra og þeirra samtaka, að það sé gerður þarna nokkur jöfnuður á milli, og hygg ég, að í tillögum bændafulltrúanna, sem áttu sæti í mþn., hafi verið gengið nokkru lengra í þessa jöfnunarátt en þetta frv. gerir þó ráð fyrir.

Það eru að sjálfsögðu ýmis ákvæði í þessu frv., sem eru óljós og þurfa mikillar athugunar við, og vil ég sérstaklega í því sambandi benda á 11. gr. frv., sem er mjög óljóst orðuð og þarf frekari skýringa við. En vafalaust er þarna um að ræða margt fleira, og ég get tekið það fram, að ég hef ekki ítarlega kynnt mér þetta frv., en við fljótan yfirlestur virðist vera ýmislegt, sem þarf að tilgreina nánara, og vera má, að það hafi verið hugmynd þeirra, sem sömdu frv., að reglugerðir kvæðu nánara á um það, sem mjög er óljóst í frv. sjálfu. En þó þarf að vera einhver fótur fyrir því, sem í reglugerð er sett; það þarf að vera stoð í lögunum sjálfum.

En það, sem ég vil aðallega gera hér að umræðuefni, er fjáröflun í Lífeyrissjóð bænda, og þar hljóta að gilda aðrar reglur en almennt um lífeyrissjóði, vegna þess að bændur eru hvort tveggja í raun og veru — atvinnurekendur og eigin verkamenn. Aðalreglan í lífeyrissjóðum er sú, að atvinnurekandinn borgar 6% af kaupi hlutaðeigandi aðila, en sá, sem á launum er, borgar 4%, þannig að 10% af launum renna í lífeyrissjóð, og eins og ég gat um áðan, er þetta auðvelt, þegar um tilgreinda atvinnurekendur er að ræða og starfsmenn hjá þeim. Ýmsar þjóðir, sem hafa komið sér upp lífeyrissjóðum undir svipuðum kringumstæðum og hér um ræðir, hafa mætt þessu misjafnlega, og vil ég benda á það, að t. d. Finnar, sem hafa stofnað lífeyrissjóð bænda, borga mótframlagið að mjög verulegu leyti úr ríkissjóði. En í frv. því, sem hér um ræðir, er samkv. 7. gr. frv. gert ráð fyrir, að kvæntur bóndi borgi 4% af hálfum öðrum launum samkv. verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara næsta haust á undan. Og í grg. frv. frá s. l. vori á bls. 13 er gert ráð fyrir, að þessi meðallaun, sem þar um getur, séu 214 þús. kr. eða hálf önnur laun 321 þús. kr., og 4% af því mundu því vera 12.840 kr., eða nálægt 13 þús. kr., sem væri framlag hjónanna sjálfra í lífeyrissjóðinn. Og ef maður reiknar með þeim verðhækkunum, sem orðið hafa síðan, mundi þessi upphæð vera sem næst 15 þús. kr. á næsta ári eða 1971 eða sem næst um 20%, eins og verðlagsgrundvöllur hækkaði á s. l. ári. Iðgjöld skulu samkv. ákvæðum til bráðabirgða hækka úr einum fjórða á fyrsta ári í fullt iðgjald á fjórða ári, þannig að innan fjögurra ára frá því, að lífeyrissjóður hefur verið stofnaður, borga bændur fullt iðgjald í sjóðinn, eins og 7. gr. frv. gerir ráð fyrir.

Í grg. frv. í fyrra segir enn fremur, að full iðgjöld og mótframlög muni verða 90—100 millj. kr. á ári miðað við þágildandi verðlag. En ekki er ósennilegt miðað við núgildandi verðlag, að ársiðgjöld og mótframlög nemi 120 millj. kr. Þessi tala er að vísu ónákvæm og getur orðið mun hærri, en það er erfitt að reikna þetta nákvæmlega, vegna þess að það er margt, sem hefur þarna áhrif á, og reynslan ein sker úr um það, hvað mikið kann að falla til þessa sjóðs á ári hverju, þegar full iðgjöld renna til hans. Bæði eigið iðgjald og mótframlagið á að koma í lífeyrissjóð af búvöruverði. En ég hef dálítið um það hugsað, að ef til þess kæmi, að grundvallarverðið skilar sér ekki til bændanna, hver borgar þá mótframlagið í raun og veru? Og þetta hefur býsna oft komið fyrir, að bændur hafa ekki fengið fullt grundvallarverð fyrir sínar afurðir. En það er svo ráð fyrir gert, og í 7. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Þeir aðilar, sem taka búvörur bænda til sölumeðferðar, svo sem mjólkurbú, sláturhús og verzlanir, skulu innheimta iðgjöld og framlög samkv. 1. og 3. mgr. eftir fyrirmælum sjóðsstjórnar, gera skil á þeim til sjóðsins og sundurliða jafnframt eftir sjóðfélögum iðgjaldagreiðslur samkv. 1. mgr.“

Þannig skilst mér, að það sé svo ráð fyrir gert, að bæði iðgjaldi bænda og mótframlaginu sé haldið eftir af verðlaginu. Og þegar verðið skilar sér ekki til

bændanna sjálfra, þ. e. vörurnar seljast ekki fyrir fullt verð, hver borgar þá mótframlagið? Mér er spurn, og ég spyr þá, sem eru mér fróðari í þessum efnum: Eru það ekki bændurnir sjálfir, sem borga þá hvort tveggja? Það er mjög æskilegt, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, kanni þetta mál allítarlega, því að þetta er nokkuð stór liður í þessu máli.

Það þarf ekki hér að vekja athygli hv. þm. á efnahag bænda, né heldur á því, hversu tíðarfarið hefur leikið þá grátt og hve mikið hefur vantað á, að þeir hefðu það kaup fyrir vinnu sína, sem verðlagsgrundvöllur landbúnaðarvara reiknar með. Ég vildi í því sambandi minna á það, að í úrtaki Hagstofu Íslands á yfirstandandi ári yfir tekjur bænda 1969 kemur í ljós, að þeir hafa haft í kaup 149 þús. kr. á sama tíma og viðmiðunarstéttirnar, sem kaup bændanna er reiknað út frá, höfðu 277 þús. kr. Þeir höfðu 128 þús. kr. minna í árslaun en þeim bar samkv. verðlagsgrundvelli árið 1969.

Það gefur auga leið, að þegar um er að ræða lífeyrissjóð fyrir bændur, verða vandamálin mörg, sem þarf að athuga og ekki eiga sinn líka, þegar um lífeyrissjóði annarra stétta er að ræða, og það vænti ég, að hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, íhugi gaumgæfilega.

Herra forseti. Ég vil að lokum undirstrika það, að ég tel það mikilvægt fyrir bændastéttina að fá lífeyrissjóð og njóta á því sviði þeirra réttinda, sem fjöldinn allur af þjóðinni nýtur í dag, og vonandi kemur öll þjóðin til með að njóta fullra lífeyrissjóðsréttinda, áður en langir tímar líða, og vart er annað sæmandi menningarríki en að gera þjóðfélagsþegnana jafna að þessu leyti til. Ég vil einnig minna á það, að þegar fjallað er um frv. þetta, þarf margs að gæta og vel um að búa, svo að mál þetta nái tilgangi sínum. En bezta leiðarvísinn í þessu máli tel ég vera þann, að frv. það, sem mþn. samdi á sínum tíma, verði gert að leiðarljósi, því að þar ætla ég, að sé komið inn á flest þau vandamál, sem ég hef drepið á, og ég held, að við yfirvegun málsins og samanburð á þessum tveimur frv. getum við með því að tileinka okkur í ríkara mæli það frv. lagað ýmsa agnúa, sem ég tel, að e. t. v. komi greinilega í ljós í því frv., sem hér liggur fyrir.

Ég vonast líka eftir því, að sú n., sem fær þetta mál, leiti umsagnar bændasamtakanna, þ. e. Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda um þetta frv. Ég ætla ekki að gera till. um, í hvaða n. þetta mál fer. En ég verð að taka undir orð hæstv. ráðh. með það, að ég tel ekki óviðeigandi, að landbn. þessarar d. fái málið, þar sem mér finnst, að það varði mun meira bændastétt landsins en það falli undir það, sem hægt er að segja, að séu almenn fjárhagsatriði, sem yfirleitt munu vera látin fara til umsagnar hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til landbn. með 14:1 atkv.

Á 19. fundi í Ed., 19. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 6, n. 158, 159).

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Eins og nál. á þskj. 158 ber með sér, varð landbn. sammála um að mæla með samþykkt frv. til l. um Lífeyrissjóð bænda, sem er á þskj. 6, sem hér er til 2. umr., með þeirri breytingu, sem n. flytur á sérstöku þskj. nr. 159. Ekki ætti að vera þörf á því að hafa mörg orð um frv. nú, þegar þess er gætt, að hæstv. fjmrh. skýrði það rækilega við 1. umr. í þessari hv. d., svo að mönnum ættu að vera ljós öll helztu málsatriði þess. Þegar nm. tóku að ræða frv., kom það fljótlega í ljós, að það er æðimargslungið, og hver sú breyting, sem mönnum sýndist, að gera mætti til þess að auðvelda eða gera einfaldari framkvæmd l., varð ekki framkvæmanleg nema með mjög róttækum og viðamiklum tilfærslum í því kerfi öllu, sem frv. er byggt á, og eftir nánari skoðun og eftir að hafa fengið skýringar hjá tryggingafræðingi um margs konar tæknileg atriði frv. varð n. sammála um að mæla með því við hv. d., að frv. yrði samþ.

Ég mun ekki fara inn á það að ræða nú einstök efnisatriði frv., enda hefur það verið gert áður, eins og áður sagði, og það rækilega. En mér þykir rétt að benda á það, og á það legg ég áherzlu, að frv. þetta er í meginatriðum í samræmi við till. Búnaðarþings 1970, eins og segir í umsögn stjórnar Búnaðarfélags Íslands. Einnig vil ég vekja athygli á því, að aðalfundur Stéttarsambands bænda 1970 hefur sent Alþ. áskorun um að hraða samþykkt frv., svo að lífeyrissjóðurinn geti tekið til starfa um næstu áramót. Það er gott til þess að vita, að tekizt hefur að finna það form fyrir lífeyrissjóðinn, að stéttarsamtök þeirra, sem hans eiga að njóta, skulu taka frv. jafn heils hugar og raun ber vitni. Bændur hafa í langan tíma haft áhuga á því að koma lífeyrissjóði á laggirnar og hafa bundið miklar vonir við, að hann styrkti aðstöðu þeirra í heild. Ég hef þá trú, að þetta frv., ef að lögum verður, stuðli að eflingu stéttarinnar og landbúnaðarins í landinu. Á það hefur oftlega verið bent, að meðalaldur bænda sé mun hærri en æskilegt og eðlilegt sé. Margir þeirra verða að halda áfram búrekstri miklu lengur en starfskraftar þeirra leyfa, vegna þess að á þann hátt einan er þeim unnt að sjá sér farborða. Lífeyrissjóðurinn mun gerbreyta aðstöðu hinna eldri manna og verða til þess, að kynslóðaskipti verði með eðlilegum hætti innan bændastéttarinnar, en það ætti að tryggja örari þróun atvinnuvegarins og eflingu hans til hagsbóta fyrir þjóðarheildina.

Herra forseti. Að síðustu vil ég gera grein fyrir þeirri einu breytingu, sem n. leggur til, að gerð verði á frv. Til meðferðar er hér einnig í d. frv. til l. um breyt. á l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins, sem er fylgifrv. með því frv., sem hér er til umr. Í 19. gr. frv. um Lífeyrissjóð bænda segir svo: „Til ársloka 1985 skal fé til lífeyrisgreiðslna samkv. 18. gr. greitt að 2/5 af Stofnlánadeild landbúnaðarins og að 3/5 úr ríkissjóði.“ En í frv. til l. um breytingu á Stofnlánadeild landbúnaðarins er gert ráð fyrir

37.5% úr stofnlánadeild og 62.5% úr ríkissjóði. Hér er ekki samræmi milli þessara tveggja frv. Hér ber að vísu ekki mikið á milli, en er þó nægilegt til þess, að þetta fær ekki staðizt, og n. hefur því orðið sammála um að breyta þessu á þann hátt, sem gert er ráð fyrir á þskj. nr. 159, sem sé til samræmis við stofnlánadeildarfrv., þannig að 19. gr. frv. um Lífeyrissjóð bænda verði breytt á þann veg, að þar komi 37.5% í hlut stofnlánadeildarinnar, en 62.5% í hlut ríkissjóðs. Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta frv., nema sérstakt tilefni gefist til, en eins og ég hef áður tekið fram, mælir n. með því, að þetta frv. verði samþ. með þeirri breytingu, sem ég hef gert grein fyrir.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls lét ég í ljós álit mitt á frv. þessu jafnframt því, sem ég gat þess, að frv. þetta mundi þurfa mjög mikillar athugunar við. Þótt ég flytji enga brtt. við frv. nú, þá er það ekki vegna þess, að engu þurfi að breyta, heldur vegna hins, að það er svo margt, sem er samofið í frv., og sé einu atriði breytt, knýr það á um að breyta ýmsu öðru — nákvæmlega eins og hv. 5. þm. Sunnl. lýsti því í sinni framsöguræðu hér áðan. Þess vegna er það skoðun mín, að bezt sé á þessu stigi málsins, að lögfesta þetta frv. og breyta síðar l., eftir að reynsla er fengin á framkvæmd þeirra. Það virðist ekki vera reynt að sneiða hjá skriffinnskunni í frv., því að þar úir og grúir af greiðslum og endurgreiðslum og skráningu á gjaldendum, sem aldrei munu öðlast lífeyrisréttindi samkv. frv. þessu, en hafa smáinnlegg og eiga að fá endurgreidd þau gjöld, sem af þeim verða tekin.

Það, sem ég tel mikilsverðast í sambandi við þetta mál, eru þau réttindi, sem bændastéttin öðlast, er frv. þetta verður að l. — fyrst og fremst örorkubætur. Þegar heilsan bilar eða slys ber að höndum, þá eru greiðslur úr lífeyrissjóði mikils virði til að fleyta áfram heimili, sem annars væri engin von til, að gæti komizt af án hjálpar annars staðar að. Sama máli gegnir, þegar bóndinn eða húsfreyjan falla í valinn, þá skapar lífeyrissjóður meira fjárhagslegt öryggi en annars væri fyrir hendi. Og þegar þreyta og elli fara að gera vart við sig, er auðveldara fyrir hina öldnu, sem öðlast réttindi við 67 ára aldur, að hægja á sér við búskapinn og njóta meiri hvíldar en ella væri. Það er enginn vafi á, að þegar tímar líða, verða bændur einnig búnir að leggja drjúgan pening í lífeyrissjóð á langri starfsævi. Þá má einnig á það minna, að mjög trúlegt er það, að bændur fái aukin lán til framkvæmda úr lífeyrissjóðnum, t. d. til íbúðarhúsabygginga með meira. En það, sem eykur erfiðleika margra bænda nú, er það, hve öll framkvæmdalán eru lítil miðað við kostnað, og þess vegna er lausaskuldasöfnun hjá þeim mikil. Hér er stiklað á stóru varðandi þau réttindi, sem bændur öðlast við myndun lífeyrissjóðs.

Sú sérstaða er hér um lífeyrisréttindin, að þau eru jöfnuð að nokkru, þannig að sá bóndi, sem framleiðir minna en meðalbóndinn, fær hlutfallslega meiri réttindi miðað við það, sem hann hefur greitt í lífeyrissjóð, en sá, sem hefur meiri framleiðslu, en meðalbúið fær hlutfallslega minni réttindi en framleiðslumagn þess segir til um — það verður jafnað á milli með því stigakerfi, sem frv. gerir ráð fyrir. Þessi jöfnuður er gerður að ósk bændasamtakanna. Mikill meiri hluti þeirra bænda, sem um þetta mál hafa fjallað, eru þessu fylgjandi. Bændurnir eru félagshyggjumenn, sem á mörgum sviðum hafa byggt sinn félagsskap á því að greiða götu hver annars. Það nægir í því sambandi að minna á samvinnufélögin og búnaðarfélögin, sem hafa fleytt mörgum þeim, sem minna máttu sín, yfir örðugan hjalla á lífsleiðinni.

Um leið og maður hugleiðir þau réttindi, sem í frv. þessu felast, kemst maður ekki hjá því heldur að gera sér grein fyrir því, að réttindi þessi öðlast bændur með þeim fjármunum, sem þeir leggja fram ásamt því mótframlagi, sem á að innheimta af búvöruverði. Samkv. ákvæði því til bráðabirgða, sem fylgir frv. þessu, inna bændur af hendi fulla lífeyrisgreiðslu frá og með ársbyrjun 1974, en iðgjaldið, sem þeir eiga að greiða, hækkar í áföngum og er komið í hámark á fjórða ári frá stofnun lífeyrissjóðsins eða í ársbyrjun 1974. Sérstakar greiðslur frá Stofnlánadeild landbúnaðarins og ríkissjóði eiga að veita þeim réttindi, sem þegar eru orðnir 70 ára og verða það næstu árin og hafa hætt búskap, og innir stofnlánadeildin og ríkissjóður greiðslur af hendi í þessu skyni til þessara aðila til ársloka 1985. En eftir að 15 ár eru liðin frá því, að Lífeyrissjóður bænda er stofnaður, á hann að vera þess megnugur að standa undir öllum þeim skyldum, sem á hann eru lagðar. Mér er það ljóst, að það verður mörgum bóndanum erfitt fjárhagslega að borga í lífeyrissjóð nema því aðeins að geta létt af sér gjöldum á öðrum sviðum, og minna vil ég á það í þessu sambandi, að bændahallargjaldið er þegar niður fallið, en það hrekkur skammt upp í lífeyrissjóðsgjaldið.

Hins vegar liggur hér fyrir hv. Alþ. frv. til l. um breyt. á l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins með meira um að fella niður þetta gjald á 20 árum, sem bændur hafa greitt nú frá árinu 1962, að ég ætla. Þessi tími er of langur. Það þarf að létta þessum skatti af bændum á skemmri tíma, og kem ég nánara inn á það mál, er það verður hér til umr., áður en langir tímar líða. En þessa vildi ég geta hér nú af því, að þessi mál eru nátengd og bæði ætluð til að standa straum af fjárhagslegu öryggi lífeyrisréttinda bænda.

Það er trú mín, að í framtíðinni hafi bændur sjálfir ráð yfir lífeyrissjóðnum og Stofnlánadeild landbúnaðarins og það fjármagn, sem þar til fellur, megi verða bændastéttinni styrkur og stoð í allri uppbyggingu. Stofnun Lífeyrissjóðs bænda er stórt spor í áttina til þess, að landsmenn allir megi búa við sömu kjör á þessu sviði, og það er ósk mín, að þess verði skammt að bíða, að þeim áfanga verði

náð, að til sé lífeyrissjóður, sem allir landsmenn hafa aðgang að.

Herra forseti. Ég hef í stórum dráttum gert grein fyrir afstöðu minni til þessa frv. Ég mun fylgja því, þótt mér sé ljóst, að það þurfi ýmissa breytinga við, sem munu koma betur í ljós, þegar til framkvæmdanna kemur, og þá ber að taka afstöðu til málsins á nýjan leik.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—16. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
17.—18. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 159 samþ. með 14 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
20. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
21.—25. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., 23. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 168).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 22. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 23. og 24. fundi í Nd., 25. og 26. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 25. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. það um Lífeyrissjóð bænda, sem hér liggur fyrir, var lagt fram í lok síðasta Alþ., en hlaut þá ekki endanlega afgreiðslu, enda var ekki til þess ætlazt, þar sem málið kom seint fram, en hins vegar um að ræða mál, sem var þess eðlis, að það var talið æskilegt, að hv. þm. gætu kynnt sér efni þess og þau grundvallarsjónarmið, sem liggja hér að baki, þar sem hér er um nokkuð breytt form að ræða á uppbyggingu lífeyrissjóðs frá því, sem varðar lífeyrissjóði í landinu almennt.

Frv. sem slíkt á sér ekki langan aðdraganda, en hugmyndin um Lífeyrissjóð bænda á sér þó lengri aðdraganda. Fyrir nokkrum árum var skipuð sérstök n. til þess að kanna, hvernig hægt væri að tryggja lífeyrissjóð fyrir bændur, og varð þá ekki endanleg niðurstaða úr starfi þeirrar n., sem um það fjallaði, þar sem á því þóttu vera ýmsir annmarkar að finna form fyrir því, hvernig hægt væri að byggja slíkan lífeyrissjóð upp. Síðan hefur það gerzt, að í byrjun árs 1970 skipaði hæstv. landbrh. n. manna til þess að semja frv. til l. um Lífeyrissjóð bænda, en þar áður hafði málið verið til sérstakrar meðferðar hjá bændasamtökunum, og höfðu þau raunar gengið frá frv., sem hafði bæði verið rætt og fengið afgreiðslu hjá Stéttarsambandi bænda og Búnaðarþingi. Og það varð niðurstaðan varðandi undirbúning þessa frv. hér, að sérstök hliðsjón skyldi höfð af því frv., sem undirbúið var af mþn. Búnaðarþings, en till. þeirra höfðu verið afhentar landbrh. rétt fyrir árslok 1969. Áður en endanlega var gengið frá þessu frv. í vor, þá var það rætt við forystumenn stéttarsambandsins, og það varð um það samkomulag efnislega, að rétt væri að leita eftir lögfestingu á lífeyrissjóði bænda á þann veg, sem segir í þessu frv. Frv. hefur nú gengið í gegnum hv. Ed. og hlotið þar almennan stuðning, og vildi ég leyfa mér að vænta þess, að svo gæti einnig orðið í hv. d., og sérstaklega leggja á það áherzlu, áður en ég vík að nokkrum meginatriðum í efni málsins, að það ber brýna nauðsyn til þess, að frv. verði afgr. nú í desember, ef það á að geta tekið gildi um næstu áramót, svo sem gert er ráð fyrir í frv., og vildi ég leyfa mér að beina þeim tilmælum til þeirrar hv. n., sem fær málið til meðferðar, að hún hagi störfum sínum í samræmi við þessa nauðsyn.

Það má segja, að meginhluti frv. þurfi ekki sérstakrar skýringar við, vegna þess að hann er í samræmi við hefðbundin form í uppbyggingu lífeyrissjóða, þar sem settar eru reglur um það, hvernig sjóðir skuli starfa, hverjir eigi rétt til að taka lífeyri úr honum og ýmis önnur atriði, sem eru nánast meira og minna formlegs eðlis. En það, sem var sérstakt vandamál í sambandi við uppbyggingu þessa sjóðs umfram aðra lífeyrissjóði, er það, að allir þeir lífeyrissjóðir, sem hingað til hafa verið settir á laggirnar, hafa það sameiginlegt, að þeir eru fjármagnaðir annars vegar með gjöldum frá lífeyrissjóðsþegum eða meðlimum lífeyrissjóðanna — oftast nær 4%, þó að til séu stærri sjóðir, og síðan er mótframlag greitt — oftast 6% — frá viðkomandi launagreiðanda. Varðandi bændur er þessu hér ekki til að dreifa með venjulegum hætti. Þar er enginn vinnuveitandi, þeir eru sjálfstæðir vinnuveitendur eða atvinnurekendur, og það er því ekki um neinn mótframlagsaðila í þessum skilningi að ræða. Það, sem hér hefur því verið gert og er nýtt í þessu frv. um þennan fyrirhugaða lífeyrissjóð, er það, að mótframlagsaðilinn er í þessu tilfelli talinn neytandi landbúnaðarvaranna, og gert ráð fyrir því, að mótframlagið greiðist með sérstöku álagi á landbúnaðarvörur, en bændur greiði aftur af sínum launum, sem svari þá því framlagi, sem aðrir launþegar verða að greiða til síns lífeyrissjóðs. Það er því í rauninni verið að marka stefnu, sem ræður úrslitum um það, hvernig til tekst með að byggja upp lífeyrissjóði fyrir þær stéttir aðrar, sem eftir eiga að fá sinn lífeyrissjóð.

Svo sem hv. þdm. er kunnugt, þá var fyrir nokkru sett á laggirnar n. til þess að undirbúa löggjöf eða till. um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn. Eftir að verkalýðsfélögin með samningum fengu því framgengt fyrir ári síðan, að lífeyrissjóður var settur á laggirnar fyrir verkalýðsfélögin öll, þá var sýnilegt,

að grundvöllurinn undir því að setja á laggirnar nú sameiginlegan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn var ekki fyrir hendi eða var að verulegu leyti brostinn. Þess vegna hefur verið gripið til þess ráðs að leggja á það áherzlu að koma á fót lífeyrissjóði fyrir hinar ýmsu stéttir, sem enn eiga eftir að fá lífeyrissjóð, og hefur rn. á s. l. vori skipað sérstaka n. til þess að kanna annars vegar hvaða starfshópar eru eftir utan lífeyriskerfisins og hins vegar með hverjum hætti hægt sé að byggja upp lífeyrissjóðinn fyrir þessa aðila. Það er mismunandi aðstaða þessara starfshópa, sem flestir eru þannig settir eins og bændur, að þeir hafa ekki launagreiðanda annars vegar til þess að greiða fyrir sig launin og verða þá með einhverjum hætti að fá mótframlagið greitt á annan veg, en þetta spor, sem hér er stigið með Lífeyrissjóði bænda, er fyrsta sporið í þá átt að marka nýja stefnu varðandi uppbyggingu lífeyrissjóðanna að þessu leyti, og það þótti rétt að fá viðbrögð hins háa Alþ. við þessari hugmynd, sem hér er mörkuð eða sett fram, áður en hafizt yrði handa um að leggja fram frv. um lífeyrissjóði fyrir fleiri stéttir, sem nokkuð svipað er ástatt með. En að því er sem sé unnið og verður stefnt að því, að lífeyrissjóðir fyrir einstaka starfshópa aðra, sem eru töluvert fjölmennir, geti sem fyrst tekið til starfa eða fengið lögfestingu og þá sé skoðað hverju sinni, hvernig hægt er að byggja sjóðina upp með framlögum aðila og mótframlögum.

Með þessu vil ég taka það fram, að það er ekki horfin sú hugmynd að setja upp lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn, þegar tímar líða fram, en á því eru miklir annmarkar vegna mjög mismunandi aðstöðu lífeyrissjóðanna, styrkleika þeirra og margvíslegra sérstakra viðhorfa, þannig að ég held, að það sé engum efa bundið, að eftir tilkomu hinna sérstöku lífeyrissjóða verkalýðsfélaganna og nú Lífeyrissjóðs bænda verði að fara þessa leið, sem ég gat um, þ. e. að reyna fyrst að stofna sérstaka lífeyrissjóði fyrir alla starfshópa strax og tímabært verður að koma þessu í fastara form og mynda heilsteypt kerfi lífeyrissjóða og ellitrygginga, sem er vitanlega annar veigamikill þáttur þessa sama máls. Ég hef viljað fara um þetta nokkrum orðum, vegna þess að þetta er aðalnýmæli þessa frv.

Varðandi frv. að öðru leyti vildi ég geta þess, að það er gert ráð fyrir því, að lífeyrissjóðurinn taki til starfa nú þegar um næstu áramót og það gerist með svipuðum hætti og með lífeyrissjóð verkalýðsfélaganna. Það verður sjáanlega ekkert fjármagn komið til sjóðsins, enda eiga iðgjöld til sjóðsins að taka gildi í áföngum, eins og segir í bráðabirgðaákvæði með frv., og verða ekki komin í fulla upphæð fyrr en árið 1974, og verður því að brúa þetta bil. Gert er ráð fyrir, að það verði gert með þeim hætti, að ríkissjóður leggi fram nokkurt fé af sinni hálfu, eins og gert er ráð fyrir í l. um lífeyrissjóð stéttarfélaganna, en að hinu leytinu verði það Stofnlánadeild landbúnaðarins, sem leggi fram fé á móti til að standa undir þessum lífeyrisgreiðslum. Er þá jafnframt gert ráð fyrir því, að létt verði kvöðum á stofnlánadeildinni með því að breyta því framlagi stofnlánadeildarinnar, sem verið hefur, og auka tekjur hennar að nokkru leyti í bili, en síðan á það framlag að breytast aftur eftir ákveðnum reglum, sem ég ræði ekki hér, en um það er fjallað í öðru frv., sem liggur hér fyrir þinginu og nú er í hv. Ed. til meðferðar um breytingu á stofnlánadeildarlögunum. En stofnlánadeildinni er sem sé ætlað að leggja fram 62.5% af þessum upphaflegu lífeyrisgreiðslum, sem hefjast á næsta ári, og ríkissjóði 37.5%, og gildir það til ársloka 1985, en þá taki lífeyrissjóðurinn að öllu leyti við þessum greiðslum. Á þessu varð svolítil breyting í Ed. í þessa átt, sem ekki skiptir meginmáli, en það stafar af því, að það var ekki fullt samræmi á milli þessa frv. og frv. um Stofnlánadeild landbúnaðarins, vegna þess að á því hafði orðið nokkur breyting frá því, að annað frv. var undirbúið og þetta var samræmt í Ed. á þennan hátt og hefur ekki neina grundvallarþýðingu, en er nauðsynlegt, að sé samhljóða í báðum frv.

Þegar lífeyrissjóðurinn er farinn að taka fullar greiðslur eða fá fullar greiðslur, þá er gert ráð fyrir því — og er þá miðað að vísu við núverandi verðlagsgrundvöll — að það muni nema rúmum 100 millj. kr. á ári, sem að sjálfsögðu fer hækkandi eftir því, sem verðlagsgrundvöllur hækkar, þannig að hér er um allverulegan sjóð að ræða. Það er gert ráð fyrir því, að hluti hans verði bundinn, þannig að Stofnlánadeild landbúnaðarins eigi rétt á lánum, sem nemi 25% af árlegum iðgjöldum fyrstu 15 starfsár sjóðsins, og er það m. a. gert til þess að bæta fjárhagsaðstöðu stofnlánadeildarinnar vegna þeirra kvaða, sem á deildina eru lagðar í sambandi við lífeyrissjóðinn fyrstu árin.

Ég held, herra forseti, að það sé ekki ástæða til, að ég sé að lengja mál mitt meira. Með frv., eins og það var lagt hér fram á síðasta þingi, fylgdi mjög ítarleg grg., og ég teldi jafnframt mjög æskilegt, að hv. n., sem fengi málið til meðferðar, fengi Guðjón Hansen tryggingafræðing til viðtals, ef hún óskar sérstakra upplýsinga varðandi frv. og tæknileg atriði þess, en að öðru leyti er ég að sjálfsögðu reiðubúinn til þess að gefa n. þær upplýsingar eða afla þeirra upplýsinga, sem hún telur þörf á, en endurtek aðeins að lokum hina brýnu nauðsyn þess, að frv. verði afgr. sem skjótast til þess, að hægt verði að haga gildistöku þess, svo sem gert er ráð fyrir í frv.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði vísað að þessari umr. lokinni til 2. umr. og hv. fjhn.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég mun ekki tala langt mál nú, þar sem ég á sæti í þeirri hv. n., sem þetta mál mun fara til. En hins vegar vil ég ekki láta það hjá líða að fagna því, að þetta mál skuli vera þó komið á það stig, að við eygjum það, bændur, að þetta verði lögfest á þessu þingi. Þetta er gamalt baráttumál bændastéttarinnar, sem hefur staðið yfir í rúman áratug. Hins vegar vil ég líka taka það fram í þessu sambandi, að það er ýmislegt, sem ég tel þó, að þurfi að athuga. Jafnvel

þó að þetta frv. verði lögfest nú í því formi, sem það liggur fyrir, þá mun ekki verða hægt að komast hjá því að taka það upp strax á næsta þingi til athugunar, og þar á ég fyrst og fremst við það, að frv. gerir ráð fyrir því, að bændur greiði 4% af hinum tryggðu tekjum, sem eru langt fram yfir það, sem þeirra tekjur í raun og veru eru. Þannig að ef við miðum við það, sem hefur verið, þá er þetta ekki 4%, sem þeir mundu borga, heldur miklu fremur 8% af hinum raunverulegu nettótekjum. Og þar sem hér er einnig um að ræða annað frv., sem er nokkurs konar fylgifrv., um stofnlánasjóðsgjaldið og þar sem það gjald á ekki að lækka fyrr en á árinu 1976, þá mundu bæði gjöldin hvíla af fullum þunga á bændum í tvö ár, þ. e. 1974 og 1975 — lífeyrissjóðsgreiðslan er komin alveg á af fullum þunga 1974. Og ef þetta verður þannig, að munurinn verður jafnmikill á hinum raunverulegu tekjum bændastéttarinnar og þeim tekjum, sem þeim er ætlað að hafa eða aðrir hafa, þá sjá allir, að þetta verður það mikil byrði, að það verður að finna einhverja leið til þess að losa þá við eitthvað af þessum greiðslum.

Þá komum við að öðru atriði í þessu sambandi, sem bændurnir hafa lagt áherzlu á, og það er það, að stofnlánasjóðsgjaldið sé fellt niður á þessu tímabili, þ. e. á þessum fjórum árum, og það væri náttúrlega annað mál. En ef við förum að athuga aftur hvernig Stofnlánasjóður landbúnaðarins stendur og hvernig þróunin hefur verið, þá sjáum við það, að með þeim greiðslum, sem honum er nú ætlað að inna af hendi, eins og hæstv. fjmrh. sagði áðan á þessum næstu 15 árum, þá lítur þetta dæmi ekki nógu vel út. Ég vil bara minna á það, að þegar hæstv. ríkisstj. komst til valda, þá var það þannig, að í árslok 1958 átti Ræktunarsjóður 61.7 millj. kr. og Byggingarsjóður 43.4 millj. kr. eða samtals rúmar 105 millj. kr. En í árslok 1969 á Stofnlánasjóður landbúnaðarins, sem er nú samsettur af þessum tveimur sjóðum, tæpar 125 millj. kr. En á þessu tímabili hafa bændurnir með sínu stofnlánasjóðsgjaldi greitt um 100 millj. kr., þannig að staða stofnlánadeildarinnar í krónutölu er nú ekki nema tæpum 20 millj. kr. skárri en hún var, þegar stjórnin kom til valda, og ég sé ekki betur en efnahagslíf okkar sé nú þannig, að ekki sé annað líklegt en komið geti nýir skellir á stofnlánadeildina, vegna þess að enn þá eru erlend lán, sem hvíla á henni, 38% af heildarlánum deildarinnar. En þegar maður athugar þetta allt saman, þá er ekki hægt að sjá það, að það verði svo gott við þetta mál að eiga, en hins vegar er það ljóst, að bændur geta ekki innt þessar greiðslur af hendi, nema það verði séð til þess, að þeir fái meiri tekjur en þeir hafa haft á undanförnum árum miðað við aðrar stéttir þjóðfélagsins.

Og því segi ég það, að ég geri ekki ráð fyrir því, að ég muni koma fram með brtt. í þetta sinn, vegna þess að ég vil ekki hefta framgang þessa máls, en hins vegar er mér ljóst, að ef ekki verður stefnubreyting í þessu máli, þá verður ekki um flúið að taka þetta mál til meðferðar strax á næsta þingi, hvaða leiðir sem verða þá farnar. Ég mun að sjálfsögðu ræða þetta mál betur við 2. umr., en ég taldi rétt, að þetta kæmi fram nú, og það væri gott, ef hæstv. fjmrh., sem leggur þetta mál nú fyrir, athugaði það, hvort hann sæi einhverjar leiðir til þess að breyta þessu, því að það verður ekki gert öðruvísi en í samráði við hæstv. ríkisstj. Ég mun standa að lögfestingu þessa frv. eins og ég sagði áður, þó að mér sé ljóst, að það getur ekki staðið lengi óbreytt, í von um það, að á næsta ári eða næsta þingi verði meiri hl. Alþ. þannig skipaður, að það hafi meiri skilning á þessum málum en er í dag.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins vekja athygli á máli, sem snertir þetta mál, og það er í sambandi við greiðslur til aldraðra bænda, sem frv. þetta gerir ráð fyrir. Þegar þetta mál var í undirbúningi var einnig á döfinni framkvæmd laganna um eftirlaun til aldraðra í verkalýðsfélögunum, og þá kom í ljós — og var raunar vitað vegna þeirra reglna, sem þar gilda — að nokkrir falla niður á milli, ef svo mætti orða það, þ. e. fá hvorki rétt samkv. þeim lögum né heldur þessum lögum, nema sérstakt tillit sé tekið til þess arna. Ég á hér við bændur, sem hafa hætt búskap fyrir lok ársins 1967 og eru komnir á mölina, en eru búnir að vinna í kaupstöðum eða kauptúnum svo skamman tíma, að þeir fá heldur ekki réttindi samkv. lögum um eftirlaun til aldraðra í öðrum stéttarfélögum. Ég átti nokkrar viðræður við menn, sem unnu að undirbúningi þessarar lagasetningar og lögðu áherzlu á, að reynt yrði að byggja einhverja brú þarna á milli. Ég sé ekki, að það hafi enn orðið, en legg áherzlu á, að það sé gert. Hér yrði í raun og veru um óréttlæti að ræða, þegar bændur almennt væru búnir að fá þennan rétt og einnig fólk almennt í verkalýðsfélögunum. Ég held, að það væri einfaldast að smíða þessa brú á þann hátt að breyta lögunum um eftirlaun til aldraðra í stéttarfélögum, en þá verður með einhverjum hætti að sjá fyrir þeim fjármunum, sem til þess þarf. Ég vil leggja áherzlu á, að jafnframt því, sem þetta mál yrði afgreitt, þá yrði þetta atriði grandskoðað og vildi gjarnan mælast til þess, að ríkisstj. gæfi einhverjar yfirlýsingar þar um.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ætlunin er ekki að gera aths. við neitt af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði. Það er vafalaust rétt, að það muni koma að því, að það muni þurfa að endurskoða þetta frv. eða þessi l. seinna. Það eru ýmis atriði þar, eins og ég gat um, sem eru með nýjum hætti, og ég tek undir það með honum, að vandamál Stofnlánadeildar landbúnaðarins er vissulega mikið. Það má þá jafnframt að vísu segja sem svo, að það mun verða erfitt um vik að afnema gjald, sem fer til hennar núna nema þá með því að sjá fyrir því með einhverjum öðrum hætti. Það mál er hér ekki beint á dagskrá, svo að ég skal ekki út í þá sálma fara. En það, sem er eiginlega ástæðan til

þess, að ég kom hér upp, var það að breyta till. minni frá því, sem ég gerði áðan varðandi n. Ástæðan til þess, að ég lagði til, að málinu yrði vísað til fjhn., var sú, að frv. var flutt hér á síðasta þingi af hv. fjhn., en það hefur verið til meðferðar í Ed. í hv. landbn. Lífeyrissjóðamálið er að vísu fjhn.-mál út af fyrir sig, en hér er mál, sem snertir líka Stofnlánadeild landbúnaðarins, og það frv. mun koma til landbn., og er því æskilegt, að bæði málin séu í sömu n. Þess vegna vildi ég leggja til, að frv. verði vísað til hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Nd., 14. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 168, n. 218).

Frsm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Frv. þetta um Lífeyrissjóð bænda er flutt af hæstv. ríkisstj. og hefur verið samþ. í Ed. Um það má segja, að það hefur verið mjög vandlega undirbúið af n., sem hæstv. landbrh. skipaði hinn 12. jan. s. l., en formaður þeirrar n. var Guðjón Hansen tryggingafræðingur. Sú n. fékk til meðferðar drög að frv., sem önnur n. skipuð af Búnaðarþingi og stjórn Stéttarsambands bænda hafði samið. Þetta mál er yfirgripsmikið og að mörgu leyti vandasamt. En það má segja, að mikil samstaða hafi náðst um það form, sem hér er valið til að ákveða iðgjöld til tryggingganna, en það er að taka þau af söluverði á búvöruframleiðslunni. Það verður heldur ekki séð í fljótu bragði, að annað form hefði verið framkvæmanlegt eða a. m. k. eðlilegra til að ákveða iðgjöldin eftir. En í þessu felst, að það verður meiri félagslegur svipur á lífeyristryggingum bænda en segja má, að sé á hliðstæðum tryggingum í lífeyrissjóðum. Málið allt er þannig vaxið, að það hljóta að koma í ljós ýmis atriði, sem breyta þarf og bæta, þegar framkvæmd þessa máls er hafin. Þess vegna er mikilvægt, að þessi lög komist sem fyrst í framkvæmd, enda er gert ráð fyrir því í þessu frv., að sjóðurinn taki til starfa frá næstu áramótum 1. jan. 1971, þegar 8. tugur 20. aldar hefst. Hér er um verulega söfnun, árlega söfnun fjár, að ræða, og það er gert ráð fyrir því í aths. við frv., að þetta geti numið 90—100 millj. kr. árlega, þegar l. eru komin til fullra framkvæmda. Er þá miðað við síðasta verðlagsár landbúnaðarins, en mundi vera nokkru hærra miðað við það verðlag, sem gildir nú. Ég vil vekja athygli á því, að óhætt er að segja, að það hafi ríkt harðæri í landbúnaði hér mestan hluta þessa áratugs — harðæri í árferði miðað við það árferði, sem framfaraskeið okkar frá því laust eftir 1920 og fram um 1960 einkenndist af. Og ég vil bara nefna sem dæmi, að ég heyrði nýlega sagt frá, að það væri nú orðið ekki óalgengt að finna 2—3 klakalög í jörðu. Þetta var óþekkt með öllu á því 40 ára tímabili, sem ég var áðan að vitna til — þess veðurfarslega góðviðrisskeiðs, sem framfarasaga okkar gerist mest á. En það er augljóst mál, að árferðisáhrifin eru ákaflega mikil á fjárhagsafkomuna og ekki sízt eða fyrst og fremst kannske hjá landbúnaðinum. Þess vegna er það alveg ljóst, að það verður mörgum erfitt að hefja lífeyristryggingar um þessar mundir. En ég hef nú verið að hugleiða það, að líklega eru bezt skilyrði til að byggja til framtíðar, þegar á móti blæs. Ég vil aðeins minna á það, að í einhverjum mestu harðærum, sem yfir þetta land hafa gengið, kringum 1880 og síðustu ár síðustu aldar var grunnur byggður að ýmsu í landbúnaði, sem hefur skipt sköpum og orðið bændastétt og þjóðinni til mikilla heilla. Ég er sannfærður um, að með lögfestingu þessa frv. eru stigin farsæl spor og ákvarðanir teknar, sem síðar verða taldar með hinum merkari fyrir bændafólk í landinu.

Ég vil að lokum aðeins minnast á eitt atriði, sem nokkuð kom til umr. í landbn. Nd., sem hafði þetta mál til athugunar á tveimur fundum, og það snertir aldraða bændur, sem t. d. nýlega eru hættir, eru fluttir í þéttbýlið fyrir örfáum árum, fá þar ekki rétt samkv. l. um eftirlaun aldraðra í stéttarfélögum og verða þannig sem sé á milli, ef svo mætti segja, án réttinda. Þetta atriði þarf að hugleiða og leita eftir úrræðum til að ráða þarna á einhverja bót, og í trausti þess, að það verði meðal þeirra atriða, sem sérstaklega verður gefinn gaumur, þegar þetta mál kemst til framkvæmda, þá leggur n. til, eins og fram kemur í áliti hennar á þskj. 218, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og það liggur hér fyrir komið frá Ed.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Eins og ég gat um við 1. umr. þessa máls, tel ég, að gera þyrfti ýmsar breytingar á þessu frv., eigi það að ná þeim tilgangi, sem ætlazt mun til. En þegar þetta mál var til umr. í hv. landbn., kom í ljós, að ekki var meiri hl. fyrir því að gera neinar breytingar á frv. og því sýnt, að þær mundu ekki ná fram að ganga hér á hv. Alþ. í þetta sinn. Þar sem hér er um að ræða gamalt baráttumál bændastéttarinnar, þá vildi ég ekki verða til þess að tefja framgang málsins, því að það þarf að lögfesta þetta frv., áður en þinghlé verður gert fyrir jólin, ef það á að koma til framkvæmda, eins og er í ráði, 1. jan. n. k. Af þessum ástæðum tók ég þann kost að flytja enga brtt., þó að mér sé hins vegar ljóst, að ýmsir agnúar eru á þessu máli eins og það hefur verið fram borið — agnúar, sem þarf að taka rækilega til athugunar á næsta þingi og reyna að fá samstöðu um að sníða af. En þó að ég ekki flytji neinar brtt. við frv., tel ég rétt að skýra nánara í stuttu máli, hverju ég tel, að þurfi fyrst og fremst að breyta.

Ég tel það alranga stefnu að leggja gjald á búvörur. Við hljótum að stefna að því, að búvörur verði á sem hagstæðustu verði til neytendanna, og leiðin til þess er ekki að hlaða ýmiss konar gjöldum á þessar nauðsynlegu neyzluvörur almennings,

heldur hið gagnstæða. Ef við eigum að viðhalda þessu margbrotna lífeyriskerfi, sem er að komast á í landinu — sem ég tel nú í raun og veru vafasamt, að sé rétta leiðin í þessum málum — þá tel ég, að þetta mótframlag eigi að koma beint úr ríkissjóði, eins og t. d. er gert í Finnlandi. Um þetta atriði væri hægt að segja margt, en ég geri það ekki að þessu sinni, en þó vil ég segja það, að það getur orðið mjög tvísýnt, að þetta gjald, sem er sett ofan á búvöruverðið, skili sér nema þá að einhverju leyti frá neytendunum og komi því niður á bændunum sjálfum að einhverjum hluta a. m. k. Það gæti a. m. k. farið svo. Þessi verðlagsmál okkar eru í raun og veru komin þannig, og það mun koma betur í ljós, þegar verðstöðvunarstíflan brestur að kosningum loknum.

Ég gat um það við 1. umr. málsins, að þessi 4%, sem reiknað er með, að bændur í raun og veru borgi af þeim tekjum, sem þeim eru ætlaðar samkv. verðlagsgrundvellinum, verði þeim mjög þung í skauti, vegna þess, að þeir hafa ekki náð þessum tekjum, eins og ég hef áður komið inn á hér og þarf ekki að endurtaka nú. Og sérstaklega verður þetta erfitt á árunum 1974—1975, vegna þess að á þeim árum verða iðgjöldin komin í hámark. Þau hækka á fjórum árum, en stofnlánasjóðsgjaldið aftur á móti lækkar ekki fyrr en á árinu 1976 miðað við það frv., sem liggur hér fyrir Alþ. nú.

Það eru ýmis fleiri atriði, sem ég tel, að þurfi að athuga.

Ég minnist þess, að hér liggur fyrir hv. d. frv. um breytingu á l. um eftirlaun til aldraðra manna í stéttarfélögum. Í því er ákvæði um það, að greiðslan skuli aldrei vera minni en 2 þús. kr. á mánuði. Nú er þetta mál að vísu komið aðeins til n., en ég nefni þetta vegna þess, að í ljós kemur, að miðað við þetta frv. eru þessar greiðslur, sem menn fá eftir 10 ára réttindatíma, ekki nema rúmar 16 þús. kr. — 16.200 kr. á ókvæntan mann, en um 20 þús. kr. á kvæntan mann, þannig að vegna þessa frv., sem hér liggur fyrir um hækkun til aldraðra í verkalýðsfélögunum, þyrfti líka að endurskoða einmitt þessar greiðslur, sem hér er gert ráð fyrir miðað við þetta frv. óbreytt.

Hér í 5. gr. er gert ráð fyrir því, að sjóðsstjórninni sé heimilt að veita lán til íbúðabygginga fyrir sjóðsfélaga gegn veðrétti í fasteigninni og enn fremur segir svo: „Heimilt er og sjóðsstjórninni í samráði við Stofnlánadeild landbúnaðarins að lána fé til vinnslustöðva landbúnaðarins, gróðurhúsa . . .“ o. s. frv. Ég hefði talið, að það hefði verið eðlilegra, að það væri stofnlánadeildin, sem fengi þessa fjármuni þá að láni, og hún lánaði þetta fjármagn, fremur en sjóðsstjórninni sé heimilað að lána til sjóðsfélaganna, vegna þess að stofnlánadeildin lánar eingöngu til þeirra manna, sem verða þarna í lífeyrissjóðnum. Að vísu gegnir aftur öðru máli með vinnslustöðvarnar, en þó tel ég, að það hefði verið rétt, að stofnlánadeildin sæi um allar lánveitingar, en sjóðsstjórnin ekki.

Eins og hv. síðasti ræðumaður, hv. þm. Jónas Pétursson, gat um áðan, er eitt atriði, sem er mjög óréttlátt, og það er það, að þeir bændur, sem hafa hætt á árinu 1967 eða áður, fá ekki aðild að þessum lífeyrissjóði og fá ekki greiðslu eftir þessum l. Þetta mál verður að athuga, og í raun og veru — eins og hæstv. 2. landsk. þm. sagði hér við 1. umr. þessa máls — mun vera alveg það sama uppi á teningnum í sambandi við þá, sem eiga að fá greiðslur samkv. l. um eftirlaun aldraðra í stéttarfélögunum. Ég hefði talið, að þetta mál þyrfti að athuga sem allra fyrst og reyna að finna sameiginlega lausn á þessu máli, og ég verð að segja það, að mér finnst, að það kæmi helzt til mála að breyta l. um almennar tryggingar, þannig að þeir, sem ekki fá greiðslu úr lífeyrissjóðum, fái hærri ellilífeyri en aðrir. Þar með væri leystur í einu lagi vandi allra þeirra, sem verða þarna á milli. Annars gæti ég trúað því, að það komi í ljós, að það muni verða svo margir agnúar á framkvæmdinni í sambandi við þessa sérsjóði — lífeyrissjóði, að það væri það raunhæfasta að hækka eingöngu elli- og örorkulífeyri og hafa hann þannig, að menn gætu lifað á því, en þyrftu ekki að tryggja sig á þennan hátt, eins og hér er gert ráð fyrir í ýmsum öðrum lífeyrissjóðum.

Björn Pálsson: Herra forseti. Frsm. lét þess getið, að frv. þetta væri vandlega undirbúið. Ég er ef til vill ekki meira en í meðallagi skilningsgóður, en það er þannig úr garði gert, að ég gat ekki skilið það aðstoðarlaust og sneri mér því til þess manns, sem samdi það og er búinn að eiga fimm sinnum við hann viðræður. Ég fór til þeirra sem aðallega hafa með þetta mál að gera í d., og ég hef ekki rekizt á neinn, sem mér virtist skilja frv., en mér fannst á hv. síðasta ræðumanni, 5. þm. Norðurl. e., að hann áliti, að hann skildi það, en ég er ekki viss um það. Eftir að ég var búinn að ræða fimm sinnum við höfund þessa frv., spurði ég hann að því alveg í einlægni, hvort hann héldi, að í nokkru landi væri til svona vitlaust frv. um tryggingar, og vildi hann eigi neita því. Hann var ekki sannfærður um, nema það væri rétt hjá mér, að þetta mundi vera vitlausasta frv., sem til er um þessi efni. Enda er frv. þannig, að ég get ekki dáðst að undirbúningnum, og það er þannig úr garði gert, að það er meira en það sé allt að því óskiljanlegt — það er óframkvæmanlegt, og það er stórhættulegt fyrir íslenzka bændastétt.

Hvað viðvíkur félagslegum svip þess, þá veit ég ekki, hvað hv. frsm. hefur átt við — hvort það er það, að það á að mismuna í tryggingagjöldunum þannig, að í raun og veru á að ræna einstaka menn. Af þeim, sem borga meira en í meðallagi, á að taka visst, þ. e. þeir fá ekki fullan lífeyri miðað við það, sem þeir greiða. Og hvað því viðvíkur, að tryggingarnar eigi að taka til starfa við næstu áramót, þá held ég, að það verði ekki. Það eiga að vera smávægilegir betlipeningar frá ríkissjóði og Stofnlánadeild landbúnaðarins, sem á að vera að mingra í sómabændur hliðstætt sveitarstyrk áður fyrr. Þetta er tekið eftir verkalýðsfélögunum, og það sagði mér

einn af þessum úthlutunarmönnum verkalýðsfélaganna, að það væri fáránlegt fyrirkomulag og svo litlar upphæðirnar, að það tæki því ekki að vera að ómaka sig með því.

Viðvíkjandi því, að þetta séu 90—100 millj. kr., sem gjöldin nema fyrir bændur, þá er það ekki rétt reiknað miðað við það verðlag, sem er nú, því að það er einhvers staðar á milli 150—165 millj. kr., árlegur skattur, sem lagður verður á íslenzka bændur. Frv. þetta hefur þegar verið samþ. í Ed. Þessi lög munu þrengja kjör bænda, meðan þeir stunda búrekstur. Lífeyrissjóðurinn tekur til sín árlega hlut af andvirði afurðanna. Sölufélögin þurfa að standa skil á þeirri fjárhæð, sem líklegt er, að nemi 150—165 millj. kr. árlega. Stærri félögin þyrftu þá að skila 10—20 millj. kr. á ári. Eigi verður það til að auðvelda rekstur þeirra.

Í 7. gr. frv. eru ákvæði um iðgjöld bænda. Gert er ráð fyrir, að þeir greiði 40% iðgjalda og neytendur 60% á þann hátt, að söluverð landbúnaðarvara hækki sem því nemur. Þetta atriði er óframkvæmanlegt. Sé kjöt og smjör óeðlilega dýrt miðað við önnur matvæli, dregur það úr sölu á landbúnaðarvörum. Landbúnaðarvörur hafa verið greiddar niður um mörg undanfarin ár eigi eingöngu til að lækka vísitölu, heldur einnig til að gera viðkomandi vörutegund seljanlega. Og það var svo komið fyrir núverandi niðurgreiðslur, að mjög var dregið úr smjörkaupum og kindakjöt var keypt mjög takmarkað. Landbúnaðarvörur eru nú greiddar óeðlilega mikið niður. Á því verður orðin breyting í árslok 1971, enda verða kosningar þá um garð gengnar. Tæpast getur sanngjarnt talizt, að neytendur greiði 60% iðgjalda. Hluti afurða bænda er fluttur út. Kaupendur þeirra greiða engin iðgjöld. Það hækkar því iðgjaldahlut innlendra neytenda. Viðurkenna ber, að það er í þágu innlendra neytenda, að bændur framleiða landbúnaðarvörur, en það er jafnt í þágu framleiðenda, að neytendur kaupi þær og eti.

Kaupmenn og iðnrekendur geta að sjálfsögðu stofnað lífeyrissjóð hliðstæðan fyrirhuguðum bændasjóði og krafizt þess að fá að leggja 60% iðgjalda á vörur, sem þeir selja eða framleiða til sölu. Við skulum eigi vera með sjálfsblekkingar. Vilji atvinnurekendur stofna lífeyrissjóð, verða þeir annaðhvort að greiða allt iðgjaldið sjálfir eða ríkið verður að greiða hluta af því. Sanngjarnt væri þá, að hvor aðili greiddi 50%. Það er lögmál, sem gildir hjá öllum tryggingafélögum, að þau innheimta meira en þau greiða. Rekstrarkostnaður er mikill, og öll slík félög vilja safna í sjóði — og helzt mikla sjóði. Breytilegt og lækkandi gengi gerir sjóðssöfnun ótrygga og kemur illa við starfsemi þeirra. Með jafnótryggu gengi og hefur verið undanfarinn áratug eru lífeyrissjóðir órekandi, enda eru allir lífeyrissjóðir á Íslandi lamaðir einmitt vegna óstöðugs gengis. Tryggingastofnun ríkisins er ekkert annað en lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn. Einstaklingar greiða ¼ iðgjalda, sveitarfélög ¼ og ríkið helming. Eðlilegast er, að allir búi við hliðstæð kjör í tryggingamálum, hvað snertir iðgjaldagreiðslur af hálfu opinberra aðila. Vilji einstaklingar eða starfshópar viðbótartryggingar, á það að vera án allra lögþvingana, og þeir eiga að greiða sín iðgjöld sjálfir. Slíkar tryggingar eru ekki gróðavegur fyrir ráðdeildarmenn, en geta verið óskaðlegar fyrir starfshópa, sem hafa lágan starfsaldur og einstaklinga, sem fara ógætilega með fjármuni sína.

Ýmsir halda því fram, að bændur hafi beðið um lífeyrissjóð. Ég hef eigi orðið þess var, að það mál hafi verið rætt að ráði á bændafundum og eigi heyrt á neinum bónda, að hann hefði áhuga á slíku. Á stéttarsambandsfundi árið 1969 var samþ. svofelld ályktun:

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda að Reykjaskóla 1969 skorar á stjórnina“ — þ. e. stjórn Stéttarsambandsins, — „að taka þegar upp baráttu fyrir stofnun lífeyrissjóðs bænda, þannig að þeir hafi tryggan lífeyri, þegar þeir hætta störfum vegna aldurs.“ Nú vil ég biðja hv. þm. að taka eftir framhaldinu: „Bendir fundurinn í því sambandi á framlag bænda í Stofnlánadeild landbúnaðarins frá upphafi ásamt mótframlagi annarra aðila sem stofnfé sjóðsins.“

M. ö. o., það, sem fundurinn óskar eftir, þ. e. stéttarsambandsfundur bænda, er, að framlaginu í stofnlánasjóðinn verði breytt í framlag bænda í lífeyrissjóð, og þeir ætlast ekki samkv. þessari till. til, að bændur greiði meira, svo að þeir fái framlag annars staðar frá. Og þeir vilja meira að segja, að það sé endurgreitt, sem stofnlánadeildinni hefur verið greitt undanfarin ár. Ég hef aldrei hafið miklar deilur út af þessari stofnlánadeild, því að satt að segja erum við búnir að fá þetta borgað, þó að það hafi ekki komið alveg til skila til réttra aðila, því að okkur eru lánuð ógengistryggð lán. Stofnlánadeildin hefur tapað á þeim, og þeir, sem skulda mikið, þ. e. þeir, sem tekið hafa lán síðari árin, hafa eðlilega grætt mest á því, að lánin voru ekki gengistryggð, en við, sem tókum fyrri lánin og tókum minni lánin, höfum eðlilega grætt minna, en allir höfum við haft hagnað af ógengistryggðum lánum, og við höfum verið að endurgreiða þetta. Í sjálfu sér kemur stofnlánadeildin ekki þessu lífeyrissjóðsfrv. við, vegna þess að ef bankinn þarf ekki endilega að fá þetta framlag, þá getum við afnumið það eða lækkað án þess að stofna nokkurn lífeyrissjóð. En ósk fundarins er sem sé þessi, að það á að breyta framlaginu til stofnlánadeildar í iðgjald fyrir bændur, en það er ekki eitt orð um það, að þeir óski eftir að leggja eyri fram af eigin fé fram yfir það, heldur óska þeir þess, að mótframlag komi. En lífeyrissjóðsfrv. er bara allt annað en þetta.

Ég skil þessa ályktun þannig, að stéttarsambandið óski þess, að framlagi bænda til stofnlánadeildar í fortíð og framtíð verði breytt í framlag af þeirra hálfu í lífeyrissjóð fyrir bændur, en að öðru leyti komi mótframlag frá öðrum aðilum. Frv. það, sem fyrir Alþ. liggur, er annars eðlis. Þar er bændum raunverulega eigi tryggt mótframlag. Í öðru frv., sem fyrir liggur, er gert ráð fyrir að byrja á

því að lækka framlag til stofnlánadeildar 1976, en eigi á að afnema það til fulls fyrr en 1990. Ég sé eigi, til hvers er að samþykkja lög nú, sem byrja á að framkvæma 1976. Lífeyrissjóðsfrv. mun hafa verið lesið upp og samþ. á stéttarsambandsfundi 1970. Ég met þá samþykkt lítils. Frv. er flókið — raunar nær óskiljanlegt. Á stéttarsambandsfundi hittast vinnulúnir menn, óvanir að fást við tryggingamál. Þeir eru á fundi í 1—2 daga, spjalla um verðlag á búsafurðum og veðurfar. Fulltrúarnir hefðu mátt hafa meira en mannlegt vit til að geta gert sér fulla grein fyrir þessu máli, þó að þeir heyri frv. lesið upp einu sinni. Bændur hafa enga aðstöðu haft til að kynna sér þetta mál og engar óskir látið í ljós um, að þeir óskuðu eftir lífeyrissjóðsgreiðslum í þeirri mynd, sem fyrir liggur í þessu frv., þar sem gert er ráð fyrir að taka 11% af grunnlaunum hjóna árlega, sem reka meðalbú, leggja þær fjárhæðir í sjóð, sem líklegt er, að falli oft í verði áður en hluti af honum er endurgreiddur til aldraðra manna.

Lífeyrissjóðsmálið hefur verið lauslega rætt á Búnaðarþingi og stéttarsambandsfundi. Ég hef ástæðu til að ætla, að engan veginn hafi allir verið einhuga í því máli. Ég hef ráðfært mig um það við tvo af vitrari starfsmönnum þessara samtaka, hvaða afstöðu ég ætti að taka til frv. Þeir hafa báðir ráðlagt mér að vera á móti því í þeirri mynd, sem það er nú. Fjármagnsþörf bænda er meiri nú en fyrr á árum. Gerðar eru meiri kröfur til húsa yfir fólk og fé. Margþættar umbætur aðrar á jörðum kosta sitt. Verðmæti nauðsynlegra búvéla nemur alltaf 1 millj. kr. nú. Til þess að bera uppi þennan kostnað þurfa búin að vera tiltölulega stór. Þróunin mun líka verða sú, að þau býli, sem minnsta möguleika hafa, fari í auðn, en betri býlin stækka með auknum umbótum. Vafalaust eru skiptar skoðanir um, hvort þessi þróun er æskileg, en þannig mun þetta verða.

Þetta þýðir það, að eigi er gerlegt fyrir aðra að reka búskap en þá, sem eiga verulegar eignir. Eigi er hægt að fá að láni allt það fé, sem þarf til búrekstrar, og þó að slíkt fjármagn væri fáanlegt, gæti enginn greitt vexti af öllu því fé. Þeir, sem eigi hafa aðstöðu til að afla sér einhvers eigin fjármagns, geta því ekki rekið búskap til lengdar. Bændur verða því í framtíðinni efnamenn — eða þeir geta alls ekki búið. Gera má ráð fyrir, að feður láti syni hafa fasteign, með vægu verði til að gera þeim búrekstur gerlegan, en þrátt fyrir það eru miklar eignir eftir. Í mörgum tilfellum geta foreldrar eytt elliárum hjá börnum sínum, og er það oft bezt fyrir báða aðila. Roskinn bóndi, sem flytur í kaupstað, slítur rætur, sem illa gengur að græða. Aðstaða aldraðra bænda er og verður því önnur en launamanna í kaupstað, sem hvorki hafa þurft eða getað safnað eignum og fá eigi að vinna nema að ákveðnu aldursmarki. Bændur vantar yfirleitt rekstrarfé, meðan þeir stunda búskap og þó aldrei eins tilfinnanlega og fyrstu búskaparárin. Það kostar mest að vera fátækur. Ég er þess vegna á móti því að lögþvinga bændur — 20 ára og eldri — til að greiða 25—50 þús. kr. árlega í lífeyrissjóð og endurgreiða þeim síðan hluta af því fé, eftir að þeir eru orðnir 67 ára, ef þeir eru þá ekki dauðir áður, því að mikið af því fé fer í kostnað og gengistöp. Þetta er að taka fé af bændum, þegar þeir mega eigi missa það og endurgreiða þeim hluta þess, þegar þeir þurfa þess síður með eða alls ekki.

Fyrsta aflaféð er mikilsverðast. Orkan er þá mest til að nýta það og vaxtatíminn lengstur. Bændur fara fæstir illa með fé sitt. Geri þeir það reka þeir búskap tæpast lengi. Ég hygg því, að varðveizla bænda sjálfra á eigin fé verði eigi lakari, hvað snertir vexti og verðgildi, en þó að það sé geymt ógengistryggt í einhverjum bankasjóði. Meðalbúið þarf nú að greiða 33 þús. kr., því að ég tek ekki til greina, að neytendur greiði neitt, því að það væri ekki hægt að láta þá greiða neitt. Sumt af vörunum er flutt út, og hitt er selt svo dýrt, að það væri óseljanlegt dýrara. Þess vegna kemur það ekki til greina. Það er bara rugl í mönnum, sem ekki vilja skilja hlutina. Greiði bóndi árlega 35 þús. kr. í 40 ár — og það er líklegt — og sé reiknað með 8% vöxtum og vaxtavöxtum, nemur sú fjárhæð í lok 40 ára tímabilsins 5 millj. 740 þús. kr. Ég endurtek 5 millj. 740 þús. kr., og flestir bændur þurfa að greiða meira en 8% vegna viðskiptavíxla og verzlunarviðskipta — við verðum að greiða 10%. 8% vextir af þeirri fjárhæð eru 459 þús. kr. Hámarkslífeyrir slíks bónda úr sjóðnum mundi með óbreyttu verðlagi vera 180—200 þús. kr. Ætli margir vildu ganga að þeim kjörum að afhenda ákveðnum aðila 5 millj. 740 þús. kr., þegar þeir eru 67 ára gamlir gegn því að fá greiddar 200 þús. kr. á ári? Ég tek þennan útreikning eftir logaritma og vaxtareikningi. Þeir mundu fá 200 þús. kr. á ári þann tíma, sem þeir ættu eftir ólifað. Ætli landbrh. vildi t. d. gera slíkan samning við mig? Ég mundi fúslega taka við þeirri fjárhæð, 5 millj. 740 þús. kr., gegn slíkri endurgreiðslu. Þetta eru þau kjör, sem bændum eru boðin samkv. þessu frv.

Vera má, að þessi kjör séu hagkvæm fyrir eyðsluseggi og ráðleysingja, en þeir hafa lítið með búskap að gera. Ég get a. m. k. eigi verið með því að lögþvinga bændur til að ganga að kjörum sem þessum. Ég skal taka það fram, að meiri háttar bændur eiga að greiða 50% álag, þ. e. fyrst grunnkaupið, sem er um 300 þús. kr. fyrir mann og konu, síðan 10% í viðbót, og fari framleiðsla þeirra upp í 1200 þús. kr., verða þeir að borga 50% í viðbót. Það þýðir, að stórbóndinn verður með núverandi verðlagi — ef við köllum þann stórbónda, sem framleiðir fyrir 1200 þús. kr., það eru bændur eins og við Stefán eða þó heldur minni, — að borga 49 þús. kr. á ári. Þá lagast nú fjárhæðin. Ég reiknaði það líka út á logaritma, að það væri eftir 40 ár með 8% vöxtum og vaxtavöxtum 8 millj. 240 þús. kr. Vextir af því eru með 8% vöxtum 660 þús. kr. og lífeyri á bóndinn að fá 210—220 þús. kr. Hann fær ekki nema hluta endurgreiddan, því að þegar hann er kominn í vissa tryggingarhæð, þá er tryggingin orðin hjá honum full 70%. Svo bætast við elli-

launin, þannig að þá hefur viðkomandi aðili meira kaup en hann hafði meðan hann bjó og þurfti að koma upp börnunum sínum og gera umbætur á jörð sinni — þá hefur kaup hans hækkað, hann er kominn yfir 100% með hinum almennu tryggingum. Þetta kalla ég fíflsku. Bæði er maðurinn rændur og þar að auki á hann að hafa mestar tekjur, þegar hann er orðinn gamall og hefur lítið við peningana að gera. Kannske landbrh. og þessir ágætu menn, sem sömdu frv., vildu semja við mig, og borga mér 8 millj. 240 þús. kr., þegar ég væri 67 ára. Ég skal svo borga þeim, þótt það væri 300 þús. kr. í vexti á ári eða í ellilaun þangað til þeir deyja, eftir að þeir eru 67 ára. Þetta eru viðskiptin, sem okkur eru boðin — bændunum.

Að vera að tala um, að neytendur eigi að borga ellilífeyri fyrir okkur, er bara fíflska. Ætli þetta fólk hafi ekki nóg að gera með að hugsa um eigin lífeyri? Það getur alveg eins komið til okkar og sagt: Þið eigið, góðu bændur, að borga lífeyrinn okkar, af því að við étum kjötið ykkar. Þetta er hrein fíflska. Svona tryggingarfrv. þekkist ekki í allri veröldinni. Það eru hvergi sértryggingar fyrir bændur nema í Finnlandi helzt. Þeir eru tryggðir eins og aðrir menn í Noregi og Svíþjóð. Atvinnurekendur eru ekki skyldir til að tryggja sig í Svíþjóð. Það eru sömu tryggingar fyrir alla í Danmörku. Finnar leggja iðgjöldin á jarðirnar, og ríkið leggur helming á móti. Nei, það er hvergi nokkurs staðar svona kjánaháttur á ferðinni nema á landi voru — Íslandi.

Í 7. gr. frv. eru ákvæði um, að hjón eigi að greiða 4% af áætluðu grunnkaupi og neytendur 6% á móti, sem er hvorki sanngjarnt né framkvæmanlegt. Sé um meira en meðalbústærð að ræða, getur iðgjaldið hækkað um 50% til viðbótar. Ósamræmi er í hæð iðgjalda og endurgreiðslu lífeyris milli einstaklinga. Þar er um eignarán eða lögverndaðan þjófnað að ræða. Bændur, sem búa með konu í óvígðri sambúð, eiga að greiða jafnt og kvæntir. Deilur geta af því risið í vissum tilfellum. Það gefur auga leið, að það þarf að sanna, að maðurinn sofi hjá konunni til að geta látið hann borga þetta. Iðgjöld á að innheimta af búvöruverði bænda, og reiknar stjórn sjóðsins út, hve mörg prósent eigi að taka af búvörunni. Iðgjaldaákvæði hliðstæð þessu eru hvergi til í heiminum, eins og ég sagði ykkur áðan. Á það skal einnig bent, að margir leggja inn búfjárafurðir, sem eigi eru sjóðfélagar. Þeirra meðal eru unglingar innan 20 ára, börn, skepnueigendur í kauptúnum og lausamenn. Á að greiða þessum aðilum annað og hærra verð fyrir innlendar afurðir, eða á að láta þá greiða iðgjaldaprósentur eins og aðra? Eigi þeir, sem ekki eru sjóðfélagar, að fá hærra verð, er opin leið fyrir bændur að leggja afurðir inn hjá börnum sínum og sleppa þannig með lægri iðgjöld eða jafnvel losna alveg við þau.

Það er ofurhlægilegt skilningsleysi hér í 7. gr. með leyfi hæstv. forseta. Það er smáliður, og þar stendur svo:

„Í reglugerð skal ákveða iðgjöld og framlög af tekjum af eggjatöku, fuglatekju, dún, selveiði, grásleppuveiði, lax- og silungsveiði og reka. Skal við það miðað, að iðgjald samkv. 1. mgr. nemi 4%, en framlag samkv. 3. mgr. 6% af þeim hluta þessara tekna, sem talinn er vinnutekjur. Aldrei skal þó reikna iðgjald af veiðileigu."

Ég hef nú skrifað „endileysa" við þessa gr. Hvernig í ósköpunum á að innheimta þetta 6% framlag af eggjatekju og fuglatekju? Hver á að borga það? Og dúnninn er seldur út, og selskinnin eru seld út. Hver á að borga þessi 6%? Það metur enginn þetta hér innanlands. Grásleppuveiði og grásleppuhrognin eru seld út. Laxinn er veiddur aðallega af sportveiðimönnum, og það er nú það skoplegasta, en það má ekki reikna prósentur af veiðileigunni, heldur af laxinum. Hvernig í ósköpunum á nú að fara að framkvæma svona hlut?

Og svo lítur út samkv. frv., að bændum sé alveg geysileg þægð í að fá að greiða þessi iðgjöld — að fá að láta fé fletta sig. „Iðgjöld af launþegum, sem eru sjóðfélagar samkv. 3. og 2. mgr., skulu vera 10% af umsömdum föstum launum með þeim takmörkunum, sem nefndar eru í 2. mgr. þessarar gr. Teljast 4% vera iðgjöld sjóðfélaga, en 6% framlag vinnuveitanda." Það er strangt fram tekið, að ekki megi vera meira en 10% af þessu drasli. Þeir halda, að okkur sé sérstök þægð í að losna við aurana í þennan afbragðssjóð, sem margir fá ekkert úr, því að þeir verða auðvitað steindauðir — því að þegar þeir eru skattlagðir svona manntetrin, þá hafa þeir ekki einu sinni að éta, þangað til þeir eru 67 ára. Já, þetta er nú svona táknrænt um, hve skilningurinn er mikill hér á öllu. Ég veit eiginlega ekki, hvernig á að innheimta þetta. Hvaða neytendur eru þarna öðrum megin, sem eiga að borga 6%? Ég sé það ekki — af selskinnum og grásleppuhrognum og öðru slíku. Það er margt snjallt í þessu frv.

Bændur eru yfirleitt ekki sértryggðir, en búa við sömu almannatryggingar og aðrar stéttir. Samkv. þeim upplýsingum, sem frv.-nefndin aflaði sér, er helzt um sértryggingar að ræða í Finnlandi. Þar er iðgjaldið miðað við stærð jarða, og ríkið greiðir 50% af því. Bændur greiða sín iðgjöld beint, eins og er siður góðra manna. Slík trygging er annars eðlis en að láta einhverja sjóðsstjórn ákveða, hve mörg prósent á að taka af innlegginu. Tæpast verða iðgjöldin vanreiknuð á þann hátt. Gert er ráð fyrir að taka ákveðna prósentutölu af heildarinnleggi hvers bónda, en skila svo aftur, ef of mikið er tekið. Ekki er vinnusparnaður í slíku. Svona kúnstir þekkjast hvergi. Það á fyrst að taka af allri upphæðinni, síðan á að reikna þetta út sennilega niðri í Búnaðarbanka, síðan á að skila nokkrum krónum aftur til þeirra, sem hafa borgað meira en 50 þús. — þ. e. til þeirra, sem leggja inn fyrir meira en 1200 þús., ef einhverjir gera það. Þá á að skila bændunum aftur af þeim prósentum, en ekki er minnzt á það, hvað á að gera við þessa menn, sem ég taldi upp áðan, sem ekki eru sjóðfélagar, en leggja inn mikið af afurðum.

Það virðist vera sérstök árátta hjá okkur að skattleggja alla framleiðslu, m. a. til ótal sjóða. Mest hefur þetta bitnað á sjávarútvegi, en nú virðist eiga að fara að leggja rækt við landbúnaðinn. Þetta stuðlar m. a. að því, að atvinnuvegirnir bera sig illa, og þá er gengið lækkað, og verðgildi sjóðanna rýrnar. Réttara væri að stjórna þannig, að fólkið gæti treyst verðgildi peninga, m. a. með því að hlaða eigi skatt á skatt ofan. Ef þannig hefði verið stjórnað hér, væri um engan rekstrarfjárskort að ræða, því að allir vildu sparifé eiga. Hér hefur verið rekin Bakkabræðrapólitík í fjármálum, og á því virðist engin breyting væntanleg. Ég vil láta þess getið, að ég er á engan hátt að deila á þann mann, sem aðallega samdi frv. Fyrir hann hefur verið lagt, hvaða leiðir bæri að fara. Enginn getur bakað gott brauð úr skemmdu mjöli.

Rétt er að geta þess, að bændur, sem orðnir eru 70 ára nú og hættir búskap, en hafa búið 1967, eiga að fá nokkrar krónur í lífeyri, en sjóðurinn á að hefja greiðslur til fulls í árslok 1985, en ekki nú um áramótin, eins og hv. frsm. sagði. Þar til í árslok 1985 eiga stofnlánadeild Búnaðarbanka og ríkissjóður að greiða þann litla lífeyri, sem greiddur verður. Það eru betlipeningarnir, sem öllum myndarbændum, sem hafa búið vel, þykir skömm að að taka á móti og þurfa þess ekki, því að ég hef ekki heyrt einn einasta aldraðan bónda vera að væla um það, að hann hefði ekki nóg að éta og kæmist ekki vel af. Og þeir hafa sagt mér, Akureyringarnir, að það sé ekki eins gott að selja neinum eins og eyfirzkum bændum. Þeir borgi íbúðirnar út, þegar þeir komi til Akureyrar. Bezt er auðvitað fyrir þá að vera heima hjá sér hjá börnum sínum, því að þar líður þeim bezt og þar gera þeir mest gagn. Bændur, sem hafa búið til sjötugs, eru ekki að flana af kjánaskap í kaupstað. Þeir geta séð fyrir sér án þess að fá þessa eymdarpeninga úr stofnlánadeildinni, sem hefur raunar hingað til lifað á okkur og ríkissjóðnum, sem á einnig nóg með sig. Nei, það er furðulegt, ef á að fara að borga þeim 1—2 þús. kr. og einhver á að trítla með þessa góðgerðarfjárhæð á milli þeirra. Ég blæs nú á svona lagað. Þessar greiðslur nema lægri fjárhæð en bændur greiða á sama tíma í iðgjöld.

Iðgjöldin fram að 1985 eru ekki nema brot af því, sem á að kroppa af þeim bændum, sem eru að basla við búskapinn, en svo á að hlaupa með þessa aura til bændanna, sem eru hættir að búa og hafa nóga peninga, en láta hina borga þá, sem eru í erfiðleikum fjárhagslega, eins og allir eru, þegar þeir byrja búskap. Ég get sagt ykkur það, að ég fann aldrei eins til skorts á fjármunum og fyrstu búskaparárin. En ég kunni að ávaxta þær krónur, sem ég eignaðist, og hafði 50% upp úr þeim. Ég ávaxtaði þær þannig. Ég komst létt af með ærnar og setti lömbin á. Fyrir mína drengi þarf ég engan lífeyrissjóð til þess að taka við aurunum, sem þeir eignast, ef þeir byrja búskap, og til að verðfella þá og gera þá verðlausa. Frv. er í raun og veru tóm vitleysa, eins og ég sagði manninum, sem samdi það. Það er eins og með nýju fötin keisarans, en það þorir enginn að segja það. Það var barnið — það var óvitinn, sem sagði, að keisarinn væri ber, af því að barnið var hreinskilið.

Þessar greiðslur nema lægri fjárhæð en bændur greiða á sama tíma í iðgjöld. Mun þetta gert til samræmis við hliðstæð ákvæði, sem samið var um við verkalýðsfélögin. Ég hef rætt við mann, sem annaðist útborganir samkv. nefndum samningi. Þetta var alþingismaður; þeir eru greindir — margir. Taldi hann greiðslurnar svo lágar, að litlu skipti — og fyrirkomulagið óhagkvæmt. Eigi er ólíklegt, að hið margþætta skraf um lífeyrissjóði launafólks hafi haft einhver áhrif á fulltrúa bænda, Staðreynd er, að vitleysa er meira smitandi en vizka, því að sé einn maður hálfvitlaus, þá gæti hann gert allt vitlaust í kringum sig.

Hér á landi eru starfræktir um 70 lífeyrissjóðir. Annars eru þeir nú flestir bara til að nafninu. Sumir hafa lífeyri frá a. m. k. þremur sjóðum og hafa í vissum tilfellum meiri fjárráð en þeir hafa áður haft á lífsleiðinni. Tryggingakerfið er að verða tvöfalt eða þrefalt. Þörf er á að skipuleggja þessi mál betur. Öfugþróun er að skattleggja ungt fólk svo, meðan það er að skapa heimili og ala upp börn sín, að það sé í stöðugum efnahagsörðugleikum, sem óhjákvæmilega hafa lamandi áhrif á athafnir þess og sálarlíf og greiða síðan þessu fólki, ef það er ódautt 67 ára, margfaldan lífeyri og í sumum tilfellum meira en þörf er fyrir eða ástæða er til.

Eigi ber að skilja orð mín svo, að ég sé á móti öllum lífeyrissjóðum, en hófs skal gætt í hverjum leik. Ég álít almannatryggingar okkar réttmætar, þó að vafasamt sé að láta unglinga á námsárum greiða iðgjöld. Ég get einnig verið með því, að sett verði sérstök löggjöf um Lífeyrissjóð bænda. Ég álít hins vegar, að það ætti að vera frjáls trygging. Þeir tryggðu sig, sem vildu og þegar þeir vildu, þannig að yngri bændur þyrftu eigi að greiða iðgjöld, meðan fjárhagur þeirra væri þröngur. Þeir, sem vildu tryggja sig, greiddu sín iðgjöld í peningum, en ríkið greiddi hluta iðgjalda svipað og er hjá Finnum. Enginn bóndi hefði ástæðu til að vera á móti slíkri löggjöf, því að þar er engri þvingun beitt. Lífeyrissjóður fyrir bændur, eins og nefnt frv. gerir ráð fyrir, mun gera marga fátæka en engan ríkan. Ég er ráðinn í að vinna á móti þessu máli með öllum ráðum, sem ég get beitt, meðan frv. er í þessari mynd, og þó að það komist í gegn, skal ég á hverju þingi, sem ég sit, vinna að því, að því verði breytt. En ég vona það, að ríkisstj. sjái að sér. Ég skal skila því til bændanna, hvernig á að féfletta þá á þennan hátt. Ég ætla að reikna út fyrir þá, hvað þeir borga samkv. þessari blessaðri vaxtatölu. Og bændur eru engir skynskiptingar. Þeir hafa ekki óskað eftir þessu. Þetta var fundið upp á stéttarsambandsfundi, og forsendurnar voru þær, sem ég er búinn að segja, þ. e. að ná þessu tillagi frá stofnlánadeildinni, sem þeir hafa alltaf séð ofsjónum yfir — ná því, fá framlag á móti og hafa þetta svo sér til gamans í ellinni. En það er bara allt annað, sem er

verið að gera. Það á að taka um 11% af kaupi bóndans og konunnar og meira af stórbændunum, þriðjungi meira. Þetta gerir 4—5%.

Við skulum vara okkur á þessari leið, sem verið er að fara í sjávarútvegsmálunum. Það er hlaðið skatti ofan á skatt. Það er allt annað að borga af brúttótekjum en nettótekjum, og þeir verða að borga, sem ef til vill hafa engar nettótekjur. Og það er verið að leika þennan sama leik nú við landbúnaðinn. Það hafa verið tekin 2% — það þýðir 5% af kaupi bóndans — í stofnlánadeildina, bændahöllina, stéttarsambandið og Bjargráðasjóð. Þetta fer þangað. Síðan á að bæta þarna svona 3—4% við, og þá erum við komnir upp í það, að við erum farnir að taka svona 16% alls af kaupi hvers bónda. Það er ráðgert að lækka framlagið í stofnlánadeildinni. Það á fyrst að gera 1976, og það á ekki að afnema það til fulls fyrr en 1990. Við verðum þá að borga tvöfalt, þannig að þetta er ekkert nema leikaraskapur, enda þarf stofnlánadeildin enn þá þess með. En að vera sífellt að bæta skatti ofan á skatt á rekstrarvörur, á framleiðsluvörur atvinnuveganna, jafnvel þó að þær séu fluttar út, það er hlutur, sem engin þjóð gerir, og þetta hefur átt meiri þátt í að eyðileggja verðgildi okkar peninga en nokkurn grunar.

Allir lífeyrissjóðir eru í raun og veru ekkert nema skrípaleikur, á meðan alltaf er verið að fella gengið. Það er fjórum sinnum búið að fella krónuna á þessum 10 síðustu árum, og þetta er svo barnalegt að ætla að fara að taka fleiri tugi þúsunda á ári hverju af bændum, sem berjast í bökkum við að geta rekið búið sitt. Hvað haldið þið, að menn skaðist mikið á rekstrarfjárskortinum í byrjun búskapar? Þeir geta t. d. ekki keypt tæki, sem þeir þurfa. Það eru enn þá margir bændur, sem ekki hafa efni á að kaupa áburðardreifara, þannig að þeir geta ekki dreift húsdýraáburðinum sómasamlega um túnin. Áburðardreifari kostar ekki nema á milli 60—70 þús. kr. — rúmlega eins eða tveggja ára iðgjald. Það nær engri átt að taka peningana af þessum mönnum, geyma þá í einhverjum sjóði og verðfella þá. Ég held, að þetta sé ekkert vandlega unnið frv. og væri rétt að athuga það betur.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24:1 atkv.
2.—16. gr. samþ. með 23:1 atkv.
17.—25. gr. samþ. með 23:1 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 25:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22:1 atkv.

Á 31. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 33. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Frsm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Mér þykir rétt að segja nokkur orð í tilefni af ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v. hér við 2. umr. málsins, þar sem hann vitnaði í samþykkt frá Stéttarsambandi bænda frá aðalfundinum 1969 — las hana reyndar upp, svo að það fór ekkert á milli mála, en lagði að vísu út af henni, sem kannske gæti orðið meiri ágreiningur um. En vegna þess að ég hef hér í höndum bréf frá stéttarsambandinu til Alþ. með samþykkt frá síðasta aðalfundi stéttarsambandsins, en þetta bréf barst til landbn. hv. Ed., á meðan málið lá þar fyrir, þykir mér rétt út af ræðu hv. þm. sérstaklega, að þetta bréf, sem er mjög stutt, verði bókað í þingtíðindum, og þess vegna vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa það hér. Bréfið er dagsett í Reykjavík 16/9:

„Á aðalfundi Stéttarsambands bænda, 29.—31. ágúst 1970, var samþykkt eftirfarandi tillaga:

Aðalfundur Stéttarsambands bænda 1970 lýsir stuðningi við frv. það um Lífeyrissjóð bænda, sem fram kom á síðasta Alþ. Jafnframt skorar fundurinn á löggjafarvaldið að hraða samþykkt frv., svo að lífeyrissjóðurinn gæti tekið til starfa um næstu áramót, enda treystir fundurinn því, að stofnlánadeildargjaldið verði fellt niður í áföngum.

Virðingarfyllst,
f. h. Stéttarsambands bænda,
Gunnar Guðbjartsson,
Árni Jónasson."

Ég þarf ekki að láta nein orð fylgja þessu. Þetta er alveg skýrt og eindregið, en eins og ég sagði, kann ég betur við, að þetta standi í þingtíðindum.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég var aldrei í vafa um, að þetta hefði verið samþykkt á stéttarsambandsfundi. Það tók ég fram í ræðu minni í gær, að það mundi hafa verið gert, og efaðist ekkert um það, að frv. var borið þar upp, lesið þar upp og samþykkt. En ég tók það líka fram, að þeir hefðu orðið að hafa meira en mannlegt vit, ef þeir hefðu skilið frv., þó að það væri einu sinni lesið upp. Ég veit það líka — og á fundinum árið áður kemur það fram — að þeir ætlast til, að stofnlánadeildarframlagið falli niður og einmitt sú prósenta sé notuð sem þeirra framlag í Lífeyrissjóð bænda. Þetta kemur fram í till. Mér virðist það felast í till., sem ég las hér upp í gær. Það má segja, að það hefði ekki verið athugavert, ef framlag bænda hefði ekki verið meira.

Ég skal ekkert fullyrða um það, hvort þeim fulltrúum, sem voru á stéttarsambandsfundinum, hafi verið sent þetta frv. heim til athugunar, en ég hefði ekki getað skilið frv., ef ég hefði ekki farið til mannsins, sem samdi það. Og ég hef ekki rekizt á aðra, sem hafa skilið það til fulls. Ég hef ekki rætt það við alla, en þeim fáu, sem ég hef rætt það við, hafa ekki verið ljós öll atriði frv., það er torskilið. Og ég hygg, að m. a. s. í framkvæmd verði deilt um ýmis atriði í því. Tryggingamálin eru ekki auðveld mál og engan veginn eðlilegt, að menn átti sig á því, þó að þeir heyri slík frv. lesin upp einu sinni. Þess vegna þýðir ekkert fyrir okkur að ætla að skella allri

ábyrgðinni á fulltrúa á stéttarsambandsfundinum. Í raun og veru er ég ekkert að álasa þeim. Þeir hafa vafalaust gert þetta allt saman í góðri meiningu. En frv. er þannig, að ég álít það vera illframkvæmanlegt og ekki skynsamlegt.

Það er t. d. eitt í þessu blessaða frv., að fyrst á að taka jafna prósentu af öllu, síðan á að reikna það út, hvað hverjum ber, skilst mér, og ef einhver hefur borgað meira en sem svarar 50% fram yfir vísitölubú, þá á að skila þeim aurum aftur. Hve mikil vinna er nú við þetta allt saman? Og svo á að taka þetta af afurðum bænda. Þetta þekkist hvergi í heiminum.

Mín hugmynd er einföld. Ég vil lofa þeim bændum að stofna lífeyrissjóð, sem vilja það. Þeir borga bara sitt framlag. Það má vera dálítið rúmt, hversu hátt menn óska eftir að tryggja sig í ellinni; það má vera alveg frjálst eða eitthvert visst lágmark og visst hámark. Svo borga menn sitt tillag, og ríkið borgar svo á móti. Kaupmenn hafa sagt mér það, að þeir bíði bara eftir, að þetta frv. sé samþykkt — næsta verk þeirra sé að fara fram á að fá hliðstæðan lífeyrissjóð fyrir sig. Ætli þetta geti ekki orðið dálítið kátlegt, ef allir, sem hafa vinnu — byggingameistarar, málarameistarar og öll hjörðin — koma og heimta eins og bændur að leggja þetta á vinnuna. Ekki held ég, að það lækki vísitöluna.

Nei, þarna er farin leið, sem er í raun og veru alveg óhæf. En ef lífeyrissjóðurinn væri byggður upp eins og venjulegir lífeyrissjóðir, þ. e. að menn legðu eitthvað ákveðið fram og svo annar aðili á móti; það væri allt annars eðlis. Því fylgdi miklu minni vinna, og ef það væri ekki nein skyldukvöð, þá væru ungir bændur ekki neyddir til þess að fórna sínu takmarkaða rekstrarfé í þetta. Það væri allt annar hlutur. Það hefði enginn neitt út á það að setja, ef þetta væri frjálst. Þó tekur út yfir að vaða í afurðir manna og taka ákveðnar prósentur, sem einhver sjóðsstjórn samþykkir. Það eru líkur til, að þetta verði svona 4% af bruttóinnleggi hvers bónda. Hitt atriðið að halda, að það sé hægt að láta neytendur borga, er fáránlegur hlutur. Við vissum allir, að áður en þessar kosninganiðurgreiðslur komu, seldust eiginlega alls ekki ostar, sáralítið af smjöri og kjötið dræmt. Fjöldi af fólki var farinn að borða smjörlíki, og það er hættulegt fyrir bændur, ef á að venja fólkið af að borða landbúnaðarafurðir vegna þess, hve þær eru dýrar — og svo á að bæta þessu ofan á. Ég er ekki að deila á framleiðsluráð fyrir þetta. Bændum veitir ekkert af þessu.

Það eru mörg ár, síðan það kom fram frumvarp um að fella söluskatt niður af smjöri og kjöti. Við Jón Skaftason fluttum það. Síðar hafa aðrir flutt það frv. og bætt fleiri liðum við. Ég álít rangt að leggja söluskatt á niðurgreiddar vörur. Hitt er mér ljóst, að það er ekki hægt að taka margar vörutegundir og fella niður af þeim söluskatt. Það verður einhvers staðar að fá tekjur á móti eða lækka útgjöld ríkisins. Við getum eigi endalaust hækkað neyzluvörur fólksins. Það er takmörkuð kaupgeta, og fólk leitar að þeirri vöru, sem hagkvæmast er að kaupa. Ef matvörutegundir eins og smjör og kjöt og annað, sem við framleiðum, fer að verða óeðlilega dýrt, þá dregur það úr sölunni, og við venjum fólkið meira og minna af að borða landbúnaðarvörur. Það var fjöldi fólks farinn að borða smjörlíki af sparnaði. Og hvað ætli það væru margir, sem keyptu smjörið nú, ef það væri ekki niðurgreitt? Það væri takmarkaður hópur. Við skulum ekki vera að blekkja okkur á því, að þetta sé hægt. Ég hef ekkert á móti lífeyrissjóði, en ég vil engar þvinganir, og ég vil, að hver borgi það, sem hann telur sig geta borgað, og fái þá framlag á móti eftir einhverjum leiðum. Svo jaðrar það við hreinan þjófnað að taka vissan hluta af þeim, sem mest borga. Ég veit ekki, hvort þetta er hægt með lögum, en þetta er út af fyrir sig stjórnarskrárbrot að mínu áliti. Þetta á sér ekki stað í verkalýðsfélögunum samkv. hinu nýja kerfi. Ég veit a. m. k. ekki til þess.

Til viðbótar við þetta er starfsemi lífeyrissjóða gerð óhæf með því að vera alltaf að fella gengið, og þess vegna eru þessir gömlu lífeyrissjóðir lamaðir. Það er ekkert að marka með ríkisstarfsmennina. Þeir fá það, sem þeim ber, því að ríkið borgar það, sem á vantar, til þess að þeir fái það, sem ákveðið er í l. En þarna er ekki því til að dreifa auk þess, sem þarna er dregið stórfé úr vasa bænda, sem ég álít, að þeir megi ekki missa.

Ég er ekkert að álasa stéttarsambandsfulltrúum. Þeim hefur ekki gengið nema gott til. En það ólánlega og leiðinlega við þetta allt saman er, að sennilega er það þetta 1%, sem stofnlánadeildin fær, sem kallar þessa plágu yfir okkur. Það má vel vera, að það hefði verið réttara að lána bændum öllum með gengisáhættu — a. m. k. að einhverju leyti — sem svaraði því erlenda fé, sem var tekið að láni á hverjum tíma. Hinu getum við ekki neitað, að við, sem fengum ógengistryggðu lánin, sluppum þarna við greiðslur, og eins og ég hef tekið fram við ýmis tækifæri, þá hef ég frá minni hlið aldrei séð eftir þessu 1% í stofnlánadeildina. Þar með er ekki sagt, að þetta þyrfti að vera lengur en meðan við borguðum gengistöpin og mynduðum dálitla sjóði. En það hefur verið rekinn áróður á móti þessu framlagi. Þarna vorum við í raun og veru að borga það, sem við græddum á því, að hafa ógengistryggð lán, þó að það kæmi ekki til réttra aðila í hvert skipti, þannig að við þurftum ekki að telja þetta gjald eftir. Það má deila um, hvort við áttum að byggja þessa bændahöll. Ég vildi byggja yfir skrifstofurnar, en deila má um hvort við áttum að byggja hótelið, og nauðsyn var það ekki. Það var hægt að fá einhverja aðra aðila til að gera það.

Ég fékk aðfinnslur hjá hv. 5. þm. Austf. um daginn, að mér skildist. Ég held, að orsökin hafi verið, að ég minntist á, að stéttarsambandið tæki meira en það þyrfti. Ég hef athugað reikninga stéttarsambandsins. Það innheimti 5 millj. kr., en eyddi 2 millj., og þurfti ekki að eyða svo miklu. Þó vil ég taka það fram, að Sæmundur Friðriksson fer vel með fé. Tveir fundir voru haldnir, sem ekki var brýn ástæða til og gefnar gjafir, en látum það vera.

Stéttarsambandið þurfti 2 millj., en tók 5 millj., en næst verða það 7 millj., því að verðlag hækkar, þó ekki þurfi að eyða nema 2 millj. Þetta er ef til vill ekki neitt til að deila um, en mér finnst, að bændafulltrúarnir ættu að ganga á undan og vera ekki að taka af okkur meira fé en þarf, en þá gætu þeir komið á eftir og rifizt út af þessu stofnlánasjóðsgjaldi í Búnaðarbankann. En það er bara ekki búið að lækka það, og það getur ýmislegt breytzt þangað til 1980. Við verðum þá komnir undir græna torfu, þannig að ég sé ekki, hve mikið við vinnum við það að koma lögum um þá lækkun fram, þegar þau eiga fyrst að byrja að taka gildi 1976. Það getur margt breytzt þangað til.

Annars hef ég ekki miklu við þetta að bæta. Í raun og veru er það hið óstöðuga gengi, sem veldur því, að lífeyrissjóðir eru í raun og veru óstarfhæfir. Lífeyrissjóður opinberra starfsmanna er starfhæfur af því, að ríkið borgar hallann. Það liggur alls ekki fyrir hér. Þarna er verið að taka stórfé af bændum og leggja í sjóð, og við höfum enga tryggingu fyrir því, að verðgildi þess haldist, og tökum því miklu meira fé af bændum en þörf væri á, ef gengið væri öruggt, og tökum af þeim fé á því tímabili, sem þeir mega ekki missa það. Ég er ánægður að standa einn við atkvgr. í þessu máli. Ég hef ekki annað sagt í þessu máli en það, sem ég álít, að sé satt og rétt. Þið um það, hvaða afstöðu þið takið, ég get ekki við það ráðið. Ég hef varað við þessu, og betur get ég ekki gert. Ég ætla að biðja um nafnakall, svo að þeir hafi heiðurinn, sem hann ber. Ég tel það enga afsökun, þó að menn segi að lögunum megi breyta. Það er engin afsökun að samþykkja vitlaus lög og ranglát og segja svo, að það sé hægt að breyta þeim. Það er vitanlega hægt að breyta öllum lögum, en við eigum að taka afstöðu til málsins, eins og það liggur fyrir. Ég hef ekki heyrt það á einum einasta bónda, að hann hefði áhuga á þessu máli. Það er eins og oft gerist á fundunum, að menn þurfa að finna upp á einhverju. Það er það hættulega við alla fundi og öll þing. Menn vilja eitthvað gera, en það er miklu betra að gera ekki neitt en að gera vitleysu. Það eru ekki vitlausustu mennirnir, sem gera lítið. Hættulegast er að gera mikið og gera vitleysur.

Ég kem ekki með brtt. við frv., því að það er tilgangslaust. Það verður að gerbreyta öllu frv. Þó að það væri farið að koma með einhverja brtt., þá er það ekki nægilegt. Ég get alls ekki fallizt á þetta frv. Það þekkist hvergi í heiminum að taka lífeyrissjóðsgjald af afurðum bænda; það þekkist hvergi. Og það er hættuleg leið að taka vissar prósentur af brúttótekjum hvers einstaklings til einhverra sjóðmyndana, sem eru þó ekki varðveittir betur en gert er hér á Íslandi. Ég efast um, að bændur hafi nokkur efni á því að leggja í sjóði, sem eru svo gerðir verðlausir — taka af sínu takmarkaða rekstrarfé, sem undantekningarlítið er of lítið, því að það eru tiltölulega fáir bændur í landinu, sem ekki líða fyrir það, hvað þeir hafa lítið rekstrarfé, meðan þeir stunda búskap. Það má raunar segja um fleiri atvinnurekendur, sem eðlilegt er. Meðan verðþróunin er þannig, að alltaf þarf fleiri og fleiri krónur til að reka atvinnuna, þá er ekkert óeðlilegt, þó að menn skorti rekstrarfé.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég þarf ekki að tefja þessar umr. lengi, en vildi þó fá að segja örfá orð um það mál, sem hér liggur fyrir. Það er orðin nokkuð löng forsaga að þessu máli, og má segja, að hún byrji strax, þegar aðrar stéttir þjóðfélagsins tóku að mynda sína lífeyrissjóði. Þeim hefur fjölgað jafnt og þétt, og þeir hafa yfirleitt verið byggðir þannig upp, eins og mönnum er kunnugt, að annars vegar leggja sjóðfélagar fram fé, en hins vegar koma til mótframlög frá öðrum aðilum — atvinnurekendum — á móti launþegunum og frá ríkissjóði; þannig hafa þessir sjóðir orðið til. Það er nokkuð langt, síðan bændasamtökin tóku að velta fyrir sér með hverjum hætti væri mögulegt að koma á hliðstæðum tryggingum fyrir íslenzka bændur og félagar ýmissa lífeyrissjóða höfðu. Á fundum bændasamtakanna voru gerðar samþykktir um þetta mál, og þær hnigu í þá átt í fyrstu að stofna skyldi einn lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn. Nú skal ég ekkert fullyrða um það hér, hvort þetta hafi verið rétt stefna, en ég álít þó, að það væri æskilegt, að þessir lífeyrissjóðir væru færri en þeir eru. Ég skal ekkert fullyrða um, hvort það hafi verið rétt stefna út af fyrir sig að hafa sjóðina marga eða hvort það eigi að framkvæma þá stefnu, að stofna einn lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn. En þetta var viðhorfið í bændasamtökunum á sínum tíma, og raunar mun hafa komið víðar fram sá vilji að leysa lífeyristryggingarnar á þennan hátt.

Síðan gerðist það nú fyrir skömmu, að það má segja, að endanlega hafi verið frá þessu horfið, þegar gengið var í það að stofna nýja lífeyrissjóði fyrir mjög fjölmennar atvinnustéttir í landinu. Mátti þá segja, að ekki vantaði mikið á, að allir landsmenn væru komnir í lífeyrissjóðakerfin aðrir en bændastéttin. Og það er þá, sem bændasamtökin taka þá stefnu að beita sér fyrir því að stofna sérstakan lífeyrissjóð fyrir bændur. Þetta mál hefur mikið verið rætt á landsfundum bændasamtakanna, bæði í Stéttarsambandi bænda, á búnaðarþingum, einnig á héraðsfundum búnaðarsamtakanna og víða í smærri einingum þ. e. í búnaðarfélögum hreppanna, sem bæði stéttarsambandið og Búnaðarþing eru með vissum hætti sprottin upp af. Auk þessara almennu umræðna og almennu samþykkta, sem gerðar hafa verið á landsfundum, þá voru nefndir settar á milli funda bæði af hálfu Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands, og þær unnu að því að móta stefnu bændanna í þessum málum á milli landsfunda. Þær skiluðu síðan frá sér áliti, og það var svo til meðferðar hjá stjórnskipaðri nefnd, sem starfaði undir forystu tryggingafræðings, en í þá nefnd var m. a. skipaður formaður Stéttarsambands bænda. Eins og reyndar þegar hefur komið fram í þeim fáu orðum, sem ég hef sagt, þá er að því stefnt með þessu af hálfu bændasamtakanna, að bændur fái notið trygginga,

sem eru hliðstæðar tryggingum annarra stétta og þar með hliðstæðra réttinda. Og það þarf vitanlega ekki að vera að rifja það upp hér, að þar er um að ræða lífeyristryggingu á efri árum og tryggingu við örorku o. s. frv.

Auk þess gerist svo það við þessar tryggingar, eins og allar aðrar tryggingar, að þarna verður myndun fjármuna, sem auðvitað yrði að lána út fyrst og fremst í þágu sjóðfélaganna sjálfra, eins og venja er með aðra lífeyrissjóði. Þarna gerist það enn fremur, að stofnlánasjóðsgjaldið leggst niður sem slíkt og rennur til þessara trygginga. Og þarna gerist enn fremur það sama og á sér stað um aðra lífeyrissjóði, að verulegir fjármunir koma frá sameiginlegum sjóði landsmanna, frá ríkissjóði inn í þetta kerfi. Það má segja um fjármuni lífeyrissjóðsins, að sumpart greiðast þeir út sem bætur og sumpart leggjast þeir í sjóð, sem fyrst og fremst yrði ávaxtaður í þágu sjóðfélaganna.

Nú hefur því verið haldið fram og m. a. alveg sérstaklega hér í hv. deild, að bændur þurfi ekki á neinum slíkum tryggingum að halda. Mér finnst sú fullyrðing ákaflega ósennileg, að bændur séu það mikið betur á vegi staddir en aðrar stéttir, að þeir þurfi ekki á að halda sams konar tryggingu og aðrar stéttir, þegar aldur færist yfir þá ellegar þegar eitthvað bjátar á af því tagi, sem undir tryggingar lífeyrissjóðanna heyrir. Mér finnst þetta satt að segja svo ósennileg fullyrðing, að það taki því varla að ræða hana sérstaklega.

Einnig hefur því verið haldið fram, að það væri allt of dýrt fyrir bændur að byggja upp lífeyrissjóð fyrir sig. Nú er það vissulega svo, að fjárhagur bændastéttarinnar er oft þröngur, og á undangengnu erfiðleika- og harðæristímabili hefur hann þrengzt enn meir. En varðandi þessar fullyrðingar um, að bændur hafi ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að koma sér upp tryggingum hliðstæðum þeim, sem aðrar stéttir hafa, þá vil ég í rauninni aðeins minna á tvennt. Annars vegar er það, að eftir að tryggingakerfið, eins og það er upp byggt í frv., er komið að fullu í gang, þá er ekki stórmunur á því, hvað bændur leggja fram til trygginganna, eins og þá verður komið, og því, sem þeir leggja fram til stofnlánadeildarinnar, eins og nú á sér stað. Það er talið, að bein framlög bændanna sjálfra yrðu þá eitthvað um það bil 20% hærri en framlög þeirra til stofnlánadeildarinnar núna. Hins vegar vil ég svo minna á það, að þetta frv. er í meginatriðum undirbyggt á sama hátt.

Hér er byggt á alveg sama grundvelli eins og hjá öðrum lífeyrissjóðum, og ef við viljum slá því föstu, að bændur geti ekki byggt upp tryggingu fyrir sig á sama hátt og aðrar stéttir, erum við um leið að slá því föstu, að afkoma bænda sé langt fyrir neðan það, sem aðrir búa við. En ég hygg, að á þetta verði að reyna, og ef það kemur í ljós, að þetta er svo, að þeir geti ekki byggt upp tryggingar á sama hátt og aðrir, þá verði að grípa til annarra ráða til að bæta úr því en þeirra að neita þeim um rétt til að byggja upp sínar tryggingar á líkum grunni og aðrir. Ég held, að það verði að reyna á þetta. Og ég vil bara árétta það, að iðgjöldin eru tekin sem hluti af launum á sama hátt og hjá öðrum sjóðum og bæturnar sem hluti af tekjum eins og hjá öðrum sjóðum. Þetta er þannig í grundvallaratriðum hliðstætt eftir því, sem við verður komið. Nú er að vísu um nokkuð aðrar aðstæður að ræða hjá bændunum, þeim, sem eru hreinir launþegar. Því er hér farið inn á nýjar brautir að nokkru leyti og það er nánast óhugsandi að byggja þetta mál þannig upp í byrjun, að ekki þurfi að breyta því í samræmi við reynsluna, þegar hún er fengin. Ég held, að það sé óhugsandi.

En ég álít, að frv., eins og það liggur fyrir nú, sé mjög vel unnið, enda hafa bændasamtökin fjallað um það í nokkur misseri og einnig nefnd, eins og ég vék að áðan, þar sem tryggingafræðingur, kunnur tryggingafræðingur, leiddi starfið, og fulltrúar bænda og fleiri lögðu einnig hönd að. Hér er um það að ræða annars vegar, að fé er fengið frá ríkissjóði og frá mótaðilum, og eins og venja er, þannig upp byggður sjóður með beinum framlögum einnig. Hins vegar er svo um að ræða tilfærslu innan stéttarinnar. Á hverju ári rennur mikið fé út og inn — inn koma iðgjöldin og lífeyrisgreiðslur renna út. Og það er auðvitað alltaf álitamál, hvað langt við megum halda á tryggingabrautinni, ef svo má segja. Það er auðvitað alltaf hægt að deila um það, og það þarf í sjálfu sér ekkert að undrast það út af fyrir sig, þó að ágreiningur komi upp um þetta einnig varðandi þessar tryggingar eins og allar aðrar. En ég hygg, að það sé varla unnt að byrja þessar tryggingar, sem hér er verið að stofna, á allt öðru plani en aðrar hliðstæðar tryggingar og þess vegna sé það mjög eðlilegt að byrja þær á þann hátt, sem hér er lagt til, hvað sem reynslan kann að segja, þegar til framkvæmda kemur.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri að sinni, en mín till. er sú, eins og fram hefur komið í þessum orðum, að frv. verði samþ. hér á þinginu og það er í fullu samræmi við einróma samþykkt aðalfundar Stéttarsambands bænda, sem hv. frsm. n. skýrði frá hér áðan, — í fullu samræmi við hana.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Lífeyrissjóðsmál hafa verið mjög til umr. hjá mörgum stéttum þjóðfélagsins að undanförnu og á tímabili var um það talað sem mjög einfalt mál, en æskilegt takmark, að komið væri á fót lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn. Smátt og smátt hafa ýmsar stéttir bætzt við í hóp þeirra stétta, sem áður höfðu lífeyrissjóðsréttindi. Upprunalega voru það fáar aðrar stéttir en embættismannastéttirnar, en nokkrir starfshópar og stéttir eru þó enn eftir, sem ekki hafa öðlazt lífeyrissjóðsréttindi. Mþn., sem vann í tvö ár að því að undirbúa löggjöf um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn, skilaði — fyrir tæpu ári líklega — nál. til ríkisstj. og taldi, að málin hefðu þróazt mjög og viðhorf breytzt til hugmyndarinnar um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn á starfstíma þessarar mþn. Og í raun og veru var þá, eftir að verkamannastéttin

var komin undir lífeyrissjóðskerfið, ekki annað eftir en bændastéttin og ýmsir starfshópar í þjóðfélaginu, sem ekki voru þá komnir undir lífeyrissjóðskerfið að einhverju leyti. Þegar þessi n. skilaði af sér, setti hún það í vald hæstv. ríkisstj. að taka um það ákvarðanir, hvaða tökum skyldi taka málið, þegar það hefði breytzt á þennan veg, en mér er ekki kunnugt um, hvort hæstv. ríkisstj. hefur komizt að niðurstöðu um það mál, hvernig eigi að tryggja þeim starfshópum, sem eftir eru og utan við lífeyrissjóðina standa nú, þann rétt, sem fyrir mönnum vakti, að allir fengju — allir þegnar þjóðfélagsins — með hugmyndinni um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn. En sýnilegt er það, að þetta frv. er svona.

Þetta frv. kemur á dagskrá í framhaldi af því frv., sem afgr. var á síðasta þingi, um lífeyrissjóð fyrir meðlimi Alþýðusambandsins og er byggt á svipuðum forsendum, þ. e. samningum, að ég hygg, milli stéttasamtaka og ríkisvalds. Við höfðum, þegar við stóðum í kjarasamningum og höfðum ákaflega lítið svigrúm, nauma möguleika til þess að þoka launamálum verkalýðsstéttarinnar fram, svo sem nauðsyn þá krafði. Þá tókum við upp lífeyrissjóðsmálið og ákváðum, að það væri mikið réttindamál fyrir verkalýðsstéttina. Og lausn þess máls varð raunar til þess að leysa þá launadeilu, sem þá geisaði. Við vorum engir samningamenn, við vorum engir sérfræðingar í tryggingamálum, en við kvöddum okkur til aðstoðar tryggingafræðinga — ekki aðeins einn, heldur bárum við þetta undir fleiri. Þeir voru með í ráðum um allan grundvöll að samningagerðinni um lífeyrissjóð fyrir verkamenn.

Það var þegar ljóst, að á margan hátt yrði að byggja á öðrum forsendum og setja aðrar reglur um lífeyrissjóð fyrir verkamenn með stopula vinnu og dvínandi atvinnutekjur eftir því, sem liði á ævina, en um lífeyrissjóð embættismannanna með stöðuga vinnu, sem þeir höfðu áður byggt á sín lífeyrissjóðakerfi, og með laun hins opinbera embættismanns, sem að öllum jafnaði hækka með ári hverju. Grundvöllurinn var gerólíkur. Það var okkur ljóst í byrjun, og tryggingafræðingarnir játuðu það, að þeir sæju ekki út yfir vandamálin, sem fylgdu því, að undirstaða lífeyrissjóðs fyrir verkafólk væri allt öðruvísi í meginatriðum en hjá þeim stéttum, sem áður höfðu notið lífeyrissjóðsréttinda. Samt töldum við með þeim bráðabirgðarannsóknum, sem við gerðum í allmörgum verkalýðsfélögum, á fjölda aldraðra verkamanna og verkakvenna og á tekjum þeirra á vinnumarkaði á sjötugsaldrinum og þegar menn hefðu náð sjötugsaldri, að við gætum byggt nokkurn veginn viðeigandi grundvöll undir þessu tryggingakerfi, sem við vorum að semja um.

En þó að ekki sé liðið nema ár, síðan þessir samningar voru gerðir, og við höfðum þá talið, að við byggðum á traustum grunni, eins og hér var sagt áðan, þá kom það í ljós strax og átti að fara að framkvæma þessa samninga, að við höfðum farið villir vegar í mörgum meginatriðum og tryggingafræðingarnir líka. Við sjáum það nú, að það hefði verið miklu hyggilegra að byggja, að því er snertir lífeyrissjóði verkamanna, á samningsákvæðunum, eins og þau voru milli okkar og atvinnurekenda og ríkisstj., og láta síðan reynsluna leiðbeina okkur og vera ekki búin að koma málunum í það stirðnaða form, sem málið er þó alltaf komið í, þegar búið er að setja um það lög. Það hefði þurft miklu fremur að halda þannig á málinu, að heiðarlegir samningsaðilar hefðu getað sveigt framkvæmdina til jafnóðum og í ljós kom, að málin þróuðust öðruvísi en við höfðum á undirbúningsstiginu reiknað með, að þau þróuðust.

En því miður var sett um það löggjöf, að því er við héldum náttúrlega í samræmi við samninga, en það reyndust vera svo margar gloppur á samningunum, að það hefði verið miklu betra að setja ekki löggjöf og geta staðið þannig frjálsari að því að laga framkvæmdina að þeim anda, sem fyrir samningsaðilunum hafði vakað með samkomulaginu. En vegna þess að löggjöfin var sett, þá hefur komið í ljós, að framkvæmdin er svo fjarri þeim hugmyndum, sem við og tryggingafræðingarnir gerðu sér um framkvæmdina, þegar málið var á samningastiginu. Þær bætur, sem við reiknuðum með, að öldruðu verkamennirnir fengju, áttu samkvæmt þeim athugunum, sem við höfðum gert af handahófi á tekjum þeirra á vinnumarkaðinum og sem tryggingafræðingarnir byggðu á, voru, þegar til kom og átti að fara að framkvæma löggjöfina, smámunir einir móts við það, sem við höfðum gert okkur í hugarlund. Það var reiknað með, að þetta mundi kosta ríkið, sem ætlaði að borga einmitt iðgjöldin fyrir öldruðu verkamennina næsta áratuginn, tugi milljóna á hverju ári. En eftir lögunum eru þetta smápeningar einir, og í raun og veru hefur þetta valdið okkur geysilega miklum vonbrigðum. Nú er það hins vegar von okkar, að ríkisvaldið sýni þann drengskap að standa við anda samkomulagsins og verði fúst til þess að breyta lögunum í samræmi við það, sem ætlunin var, að andi samkomulagsins væri, þó að þetta hafi farið á allt aðra lund; það er þó ekki séð.

Fyrir þinginu liggja tvö frv. til breytinga á frv. á lögunum um lífeyrissjóð verkamanna, og það eru eingöngu vonir við það bundnar, að hæstv. ríkisstj. fái sem sé að breyta þeim í anda samkomulagsins, sem löggjöfin átti að byggja á. Ég gæti ímyndað mér, að eins og það var mikið nýmæli fyrir tryggingafræðinga að móta tryggingalöggjöf — lífeyrissjóðslöggjöf — fyrir verkalýðsstéttina með ekki önnur fordæmi en lífeyrissjóði embættismannastéttanna — sérstaða verkalýðsstéttarinnar kom þar skýrt í ljós við fyrstu reynslu — þá eigi það eftir að sýna sig, að bændastéttin hafi ekki síður sérstöðu meðal stétta þjóðfélagsins og það þurfi að byggja lífeyrissjóðagrundvöll þessarar stéttar verulega á öðrum grundvelli en lífeyrissjóði embættisstéttanna og lífeyrissjóði verkalýðsstéttarinnar, því að staða þessara stétta er á margan hátt mjög ólík. Og ég held því, að þó að vafalaust hafi með samningu þessa lífeyrissjóðsfrv. bændanna verið höfð hliðsjón

af bæði embættismannalífeyrissjóðunum og lífeyrissjóðum verkamanna, þá komi það á daginn — ég óttast það a. m. k. — að það þurfi mörgu að breyta, þegar reynslan fer að tala, af því að aðstaða stéttanna er svo gerólík. Við töldum, að frv., sem við gengum frá og byggðum okkar samkomulag á, væri mjög vel unnið, og ég hygg, að sá ágæti tryggingafræðingur, sem þar vann verkið, hafi áreiðanlega neytt sinnar sérfræðiþekkingar og unnið málið eftir beztu getu og vitund. En gallarnir koma samt sem áður í ljós, þegar á að fara að framkvæma löggjöfina.

Hér var sagt áðan, að frv. þetta væri undirbúið á sama hátt og hjá öðrum lífeyrissjóðum. Ég veit ekki nákvæmlega, hvað fyrir hv. þm. hefur vakað, þegar hann sagði þetta, en sannarlega gæti þarna verið um ýmiss konar lífeyrissjóði að ræða, þeir eru margs konar og margvíslega upp byggðir. Mér sýnist þó, að frv. sé að meginstofni sniðið eftir hinu stórgallaða og misheppnaða frv., sem er ávöxtur af samningum verkalýðssamtakanna við atvinnurekendur og ríkissjóð og hefur ekki gefið þá raun, sem við vonuðumst eftir strax núna fyrstu mánuðina, sem þessi löggjöf væri framkvæmd. Ef hv. þm., sem þessi orð sagði, hefur hins vegar verið að miða við lífeyrissjóði opinberra starfsmanna, sem eru verðtryggðir, þá held ég, að þar sé um allt aðra tegund lífeyrissjóða að ræða en hér er verið að fjalla um. Ef mig misminnir ekki, kostar það ríkissjóð marga tugi millj. á ári að verðtryggja lífeyrissjóð ríkisstarfsmanna, svo að þeir haldi gildi sínu vegna verðbólguþróunarinnar, og að því leyti hefur hv. 3. þm. Norðurl. v. alveg hárrétt fyrir sér, að það er geysilega mikil verðmætaskerðing, sem tekur til lífeyrissjóða í okkar verðbólguþjóðfélagi. Þar er ekki margra góðra kosta völ til að varðveita verðgildi sjóðanna, meðan sú þróun, sem við höfum búið við að undanförnu, á sér stað.

Ég skil það svo, að þessi lífeyrissjóður bændanna verði ekki verðtryggður. Væri hann það, væri a. m. k. um allt annað mál að tala en ég hygg, að hér sé um að ræða. Það er við það miðað í þessu frv., eins og að því er snertir launastéttirnar, að fram séu lögð 4% af launatekjum bændanna, eins og launastéttirnar leggja fram 4% af launum sínum sem iðgjöld, og svo á að innheimta 6% af búvöruverði sem tiltekinn hundraðshluta þess, og skal hann ákveðinn fyrir fram fyrir hvert almanaksár, þannig að hann samsvari 4% af grundvallarlaunum. Svo er mótframlagið á móti iðgjöldum sjóðfélaganna. Samkv. 1. mgr. skal leggja gjald á allar búvörur, og skal gjald þetta vera ákveðinn hundraðshluti ár hvert, þannig að hann samsvari 6% framlagi af reiknuðum heildarlaunum allra bænda, er þeim ber að greiða iðgjöld af samkv. 1. og 2. mgr. Heimilt er að hækka útsöluverð allra búvara sem þessu nemur.

Að svo miklu leyti sem þessi 6% eru þá ekki borguð af bændunum sjálfum, þá a. m. k. getur það farið svo, eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. hefur bent á, að þetta verði til hækkunar á búvöruverðinu. Þegar við erum rétt við mörk þess, að varan sé seljanleg, vegna þess að fólk brestur kaupgetu til þess að kaupa landbúnaðarafurðirnar, getur 10% verðhækkun á búvörunum orðið til þess að draga mjög úr sölumöguleikum og þannig orðið dýrt spaug fyrir bændastéttina sjálfa. Þessum rökum hv. 3. þm. Norðurl. v. verður ekki mótmælt. Þetta er bláköld staðreynd og blasir alveg við allra augum. Þarna gæti orðið um mikla tekjuskerðingu að ræða hjá bændastéttinni við það, að sölumöguleikar rýrnuðu við það, að þetta bættist ofan á afurðaverðið.

Mér virðist nú svona við fljótan lestur á þessu mikla lesmáli, sem hér er í þessu frv., að vandlega sé það ekki unnið — svona fljótt á litið. Ég skal ekki leggja dóm á fræðilegu hliðina, því að ég er ekki fræðimaður á þessu sviði, en bara hvað fráganginum viðvíkur sé ég ekki annað en ein og sama setningin komi fyrir hingað og þangað á lesmálssíðum frv. — og þyrfti þó ekki að taka það sama fram nema á einum stað. Á bls. 2 stendur: „... teljast 4% vera iðgjöld sjóðfélaga, en 6% framlag vinnuveitanda.“ Í næstu mgr. kemur þessi setning óbreytt aftur og flytur engan nýjan boðskap: „Teljast 4% vera iðgjöld sjóðfélaga, en 6% framlag vinnuveitanda.“ Texta frv. er bara hrúgað þannig upp, að sömu setningarnar ganga aftur hvað eftir annað hingað og þangað um frv., án þess að það sé verið að segja nein ný sannindi. Ég fæ a. m. k. aukna vantrú á, að vandleg vinna liggi á bak við þetta frv. við að sjá annað eins og þetta.

Ég hlustaði af gaumgæfni á ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v. í gær einmitt vegna þess, að við höfðum orðið fyrir sárum vonbrigðum um framkvæmd þess frv., sem við stóðum að að semja og byggðum á samningum við atvinnurekendur og ríkisvald fyrir ári, þó að hvorugur aðili vildi þar beita hrekkjum — alveg áreiðanlega. Þar gengu allir heils hugar að því verki að ganga frá því, eins og menn hefðu frekast þekkingu til, og höfðu sérfræðinga í þjónustu sinni engu síður en hér. Og þegar ég rifjaði það upp fyrir mér, hvernig þetta hafði orðið í framkvæmd, og minntist þeirra vonbrigða, sem við höfðum orðið fyrir út af þessu, þá hlustaði ég gaumgæfilega á hv. þm., þegar hann var að segja okkur ýmiss konar sannindi um, hvernig þetta mundi gerast. Og ég var sannarlega ekki mjög vantrúaður á það, að hann hefði rétt fyrir sér í mjög mörgum atriðum.

Eitt var það, sem ég t. d. tók eftir og hann lýsti mjög skilmerkilega, það er þessi sérstaða bændanna. Þeir eru ekki aflögufærir, þegar þeir eru að byrja búskap. Það munar þá talsverðu að eiga að taka á sig, þó að ekki sé nema 4% iðgjöld — allra helzt þegar má með nokkrum sanni segja, að þeir taki líka á sig 6% vegna hækkaðs afurðaverðs, þ. e. 10% alls. Þá eru þeir að basla við að rækta sína jörð, byggja sín hús, kaupa sínar vélar, koma upp sínum bústofni o. s. frv., o. s. frv.; þá eru þeir sannarlega ekki aflögufærir. En hins vegar er búskapur þess eðlis, að sé sæmilega búið, eins og hv. þm. sagði, þá safnast saman með ári hverju og hverjum áratug viðbótarverðmæti af vinnu bóndans og hans fjöl-

skyldu, og þegar hann hættir búskap, hefur hann undir flestum kringumstæðum möguleika til að losa allmikið fjármagn úr vélakosti sínum, úr bústofni sínum, úr húsaverðmæti sínu og úr ræktun sinni. Og með þetta fjármagn er hann venjulega í höndunum, þegar hans starfsævi er lokið og hann heldur af stað til kaupstaðarins. Hann er betur stæður en margir einstaklingar þar til þess að eignast þak yfir höfuðið og hafa nokkur fjárráð, ef þetta hefur ekki verið algert uppgjafareymdarbasl. Þá á hann að fara að fá einhver smáellilaun, eftir að búið er að taka af honum iðgjöld á hans erfiðustu árum og íþyngja honum þá. Þetta kemur verr við bændastéttina og hennar aðstandendur en aðrar stéttir, og ég veit ekki, hvort sérfræðingar hafa sett sig svo mjög inn í þessa sérstöðu bændastéttarinnar. En þessu lýsti hv. 3. þm. Norðurl. v. af gjörhygli og þekkingu, og ég er alveg sannfærður um það, að þessi sérstaða bændastéttarinnar á eftir að valda erfiðleikum í sambandi við það að framkvæma löggjöf sem þessa.

Það eitt, að þróun teknanna hjá opinberum embættismönnum og verkamönnum er gerólík, olli okkur og okkar sérfræðingum, sem í okkar þjónustu voru, miklum erfiðleikum. Annars vegar var embættismaðurinn með síhækkandi og öruggar tekjur en hins vegar verkamaðurinn með dvínandi tekjur, eftir að líða tekur á ævina, og mjög misjafnar eftir því, hvort hann hefur stöðuga atvinnu eða stopula. Þetta olli okkur miklum erfiðleikum í sambandi við mótun tryggingafrv., sem hér var samþ. í fyrra. Ég er alveg viss um, að sérstaða bændastéttarinnar á eftir að verða mjög erfið í sambandi við tryggingamál í þessu formi. Í raun og veru þyrfti að láta fjáraðstoðarkerfið við bændastéttina snúa alveg þveröfugt. Það þyrfti að veita þeim viðbótartekjur á fyrstu árunum, og síðan gætu þeir fremur borið byrðar hækkandi iðgjalda eftir því, sem liði á búskaparárin og á ævina. Þeirra aðstaða er þannig, og skal ég ekki fara fleiri orðum um það.

Ég held, að ef það er rétt, að þetta frv. sé byggt á samningum milli Stéttarsambands bænda og ríkisstj., væri það þjálla í framkvæmd og skynsamlegra að byggja eingöngu á bókstaf og anda þess samkomulags en að lögfesta það, því að það eru allt of margar óþekktar stærðir í framkvæmd máls eins og þessa. Og þá held ég, að málinu væri betur borgið. Það væri sveigjanlegra í framkvæmdinni, ef eingöngu væri byggt á samningagerð og lögfesting látin bíða, þangað til reynslan væri búin að skera úr um það í meginatriðum, hvernig slík tryggingalöggjöf mætti vera með hagkvæmustum hætti fyrir bændastéttina. Hraðsaumuð föt lífeyrissjóða fyrir þessar stéttir, sem eru allt annars eðlis en gömlu embættismannastéttirnar — en þar höfum við reynslu fyrir lífeyrissjóðum — hafa farið illa og munu fara illa.

Umr. frestað.

Á 34. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 3. umr. um frv.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ræða hv. 9. þm. Reykv. við umr. í gær gaf mér tilefni til að skýra örlítið nánar mitt viðhorf. Hv. þm. virtist eiginlega gera það að aðalatriði fannst mér, að réttast væri að láta bíða að setja nokkur lög um þetta mál, þangað til reynsla væri fengin! En ég kem því satt að setja engan veginn heim og saman, því að ég held, að reynsla fáist ekki í þessu tilliti nema með því að setja löggjöfina og framkvæma hana.

Það er rétt, sem hv. þm. sagði. Ég held, að það hafi komið fram í minni ræðu líka, að það er vissulega töluverður vandi að móta lífeyrissjóð fyrir bændur, vegna þess að í ýmsum atriðum er þar um sérstöðu að ræða. En það hefur heldur ekki verið flanað að neinu í þessu máli, eins og ég gerði rækilega grein fyrir í gær, heldur hefur það verið undirbúið mjög rækilega og langur tími tekinn í að meðhöndla það bæði á vegum samtaka bændanna og einnig í n. undir forystu mjög kunns og reynds tryggingafræðings. Ég hef kannske ekki skýrt það nógu vel, hvað ég meinti með því, þegar ég sagði, að lífeyrissjóður bændanna væri undirbyggður á líkan hátt og algengast er. Ég átti þar auðvitað við meginatriðin, þ. e. að fjármuna til þessara aðgerða — til sjóðsmyndunarinnar — er aflað á hliðstæðan hátt og hjá öðrum sjóðum, til sjóðsins eiga að greiða þeir tryggðu og mótaðili þeirra og svo ríkissjóður.

Það er rétt, sem kom fram í ræðu þessa hv. þm. og fleiri ræðum hér, að þessi sjóður er ekki verðtryggður fremur en sumir aðrir lífeyrissjóðir. Það hefði auðvitað verið æskilegt, að hann hefði verið það, og það er ýmislegt fleira í þessu sambandi, sem við úr bændastétt hefðum gjarnan viljað hafa á annan veg. Við hefðum t. d. viljað láta skattinn til stofnlánadeildarinnar falla niður jafnskjótt og iðgjöld leggjast á, en hann gerir það nú ekki. Og það var upphaflega okkar ósk, að allir gætu fengið jafnan lífeyri, en svo er ekki samkv. þessu frv., þó að réttindin séu ekki að öllu í samræmi við það, sem greitt er í sjóðinn, það er nokkuð jafnað út — þá hafa þó ekki allir jafnan lífeyri. Það hefði líka verið æskilegt, að ríkissjóður hefði greitt allt mótframlagið — einnig það, sem neytendum er ætlað að greiða — og þá í þeim tilgangi að halda niðri tilkostnaði við framleiðsluna og þar með vöruverðinu á líkan hátt eða hliðstætt því, sem nú er gert í mjög ríkum mæli eftir síðustu ákvarðanir um niðurgreiðslur.

Og það eru auðvitað fleiri atriði í þessu frv., sem ég hefði getað hugsað mér á annan veg. En það hefur orðið samkomulag um málið, eins og það liggur hér fyrir, milli forsvarsmanna bænda og ríkisstj., sem flytur málið hér á þingi sem sitt frv., og ég tel, eins og ég tók fram í gær, tvímælalaust rétt að fara á flot með málið svona. Ég þarf ekki að taka fram, — það leiðir af sjálfu sér, að það eiga auðvitað

allir rétt til þess síðar að leggja til breytingar á þessu kerfi. Það leiðir alveg af sjálfu sér. Ég vil aðeins vekja athygli á því, að þegar talað hefur verið hér í umr. um þetta mál um 4% og 6% framlög, þá er þar miðað við launalið verðlagsgrundvallarins, en þetta þýðir aftur í prósentum á framleiðsluna í heild um 1.5 og 1.8%. Það er ekki hægt að segja um það nákvæmlega, en það er svona nálægt því.

Það kom fram í ræðu hv. 9. þm. Reykv. í gær, að hann teldi, að bændur væru ekki aflögufærir í byrjun sinnar starfsævi eða framan af henni og gætu ekki greitt til lífeyrissjóðanna. Þá þyrftu þeir að byggja upp sína aðstöðu á margan hátt. Ég held, að þetta hljóti að vera ákaflega líkt með aðrar þjóðfélagsstéttir. Ég hef sjálfur verið vitni að því hér, eins og við vafalaust allir þm., hverjir erfiðleikar það eru fyrir ungt fólk í bæjum og þéttbýli að byggja upp heimili sín og koma sér upp íbúðum og ég hugsa að þetta sé nokkuð líkt alls staðar. Ungir menn leika sér heldur ekkert að því að koma sér fyrir í þéttbýlinu. Það kom einnig fram í ræðu þessa hv. þm., að þegar bændur aftur á móti stæðu upp frá búskap á efri árum, væru þeir yfirleitt orðnir efnaðir menn, gætu selt sínar fasteignir fyrir góðan pening og keypt sér íbúðir, þar sem þá lysti, og þeim væri ekki neinn vandi á höndum með framfærslu það sem eftir væri ævinnar. Það er vonandi, að þetta sé rétt um einhvern hluta bændastéttarinnar. En vitanlega er þetta fjarskalega misjafnt með bændur alveg eins og allar aðrar þjóðfélagsstéttir, a. m. k. hvað varðar allar þær lægra launuðu, er þetta ákaflega misjafnt, eins og gengur. Og þar fyrir utan þá er það nú svo a. m. k. víða um landið, að það er mjög erfitt um vik að losa þá fjármuni, sem í fasteignum eru fastir, þ. e. að koma fasteignunum í verð, svo að ég held, að það sé ósköp hæpið að halda því fram, að bændur séu svo vel settir, þegar þeir taka að fullorðnast, að þeim sé enginn vandi á höndum og þess vegna engin ástæða fyrir þá að vilja byggja upp sinn lífeyrissjóð. Og ég held, að þessi atriði bæði séu þannig vaxin, að þau geti á engan hátt ráðið úrslitum um það, hvort bændur leggja út í að byggja upp sinn lífeyrissjóð eður ei.

Meginatriðið í þessu máli, held ég, að sé þetta, að bændur vilja ekki standa utan við, þegar nær allar aðrar stéttir byggja upp lífeyrissjóði sína og fá til þess eins og ég hef þegar vikið að, auk eigin framlaga stórar fjárfúlgur frá mótaðila og úr ríkissjóði. Bændur telja sig hafa full not bæði fyrir trygginguna sjálfa og einnig fyrir þá sjóði, sem myndast við þessa tryggingarstarfsemi eins og aðra og ávaxtaðir verða að sjálfsögðu fyrst og fremst í þágu sjóðfélaganna sjálfra víðs vegar um landið á ýmsum stöðum og með ýmsu móti eftir því, sem hentast þykir hverju sinni. Þetta vildi ég láta koma fram.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég hef mikla ánægju af að rökræða við hv. 5. þm. Austf., en mér þykir lakast, hvað fækkar í salnum, þegar hann talar. Það er búið að ræða þetta mál allmikið. Það hringdi í mig einn búnaðarþingsfulltrúi í morgun, sem líka var á stéttarsambandsfundi, og var að þakka mér fyrir afstöðu mína í þessu máli. Hann sagði, að það hefði komið fram á Búnaðarþingi, að það hefði ekki verið ætlazt til, að þetta mál næði fram að ganga, nema það væri búið að bera það undir bændur áður. Ég spurði hann um stéttarsambandsfundinn, og hann sagði, að það væru tvö öfl, sem þar réðu. Það væru formaður stéttarsambandsins og landbrh., og yfirleitt væri allt samþykkt, sem borið væri upp, enda réðu þeir línunni. Ég veit eiginlega ekki, hvers vegna hv. 5. þm. Austf. er að basla við að verja þetta mál, því að landbrh. gerir það ekki, sem á sennilega miklu meiri þátt í því. Ég hygg, að hv. 5. þm. Austf. hafi ekki fengið að ráða miklu í þessu máli. Þetta er þegnskapur hjá honum, og það er ekkert nema gott um það að segja. Það er ágætt að rökræða um hlutina.

Það kom fram hjá honum hér í gær, að það mundi ekki vera nema 1.2%, sem bóndinn þyrfti að borga af sínum hluta og síðan ætti framleiðandinn að borga samkv. því 1.8%, því að hann á að borga þriðjungi meira. Ég reiknaði þetta nákvæmlega út. Það er rétt, að það er af grunnkaupi, og það hef ég alltaf sagt, að grunnkaup hjóna er 300 þús. kr., en það er bara bætt 10% við þann grundvöll, sem er áætlaður fyrir væntanlegum hækkunum, því að enginn trúir á stöðvunina hjá okkar ágætu ríkisstj., svo að það á að leggja 4% á 330 þús. kr. Það eru sama sem 13 200 kr.

Nú er gert ráð fyrir, að meðalbú skili 800 þús. kr. Þið getið fylgzt með, því að það eru margir góðir reikningsmenn hér — 800 þús. kr. í brúttótekjur, og því verður að deila — ef maður vill fá prósentuna, sem kemur á brúttótekjurnar — 8 í 13.2. Þá kemur út 1.65% nákvæmlega reiknað, og neytandinn á að borga — auðvitað verður það aldrei nema í orði — þriðjungi meira, og þá eru það nákvæmlega 2.48% og hvort tveggja er 4.13%. Það á að taka 4.13% af brúttóframleiðslu okkar á hverju einasta ári, meðan við búum, og til viðbótar þessu, ef menn framleiða t. d. fyrir 1200 þús. kr., þá má hækka þetta um 50%, þannig að bóndinn, sem framleiðir fyrir 1200 þús. kr. brúttó — þið getið reiknað þetta sjálfir — borgar þá þriðjungi meira, og það hygg ég, að meginþorri bænda í Eyjafirði og mikill meiri hluti sennilega í Árnessýslu og Rangárvallasýslu geri — þau eru með betri héruðum landsins. Og þegar 4.13% eru reiknuð af 800 þús. kr., þá eru það kringum 33 þús. kr. með því verðlagi, sem nú er, en vitanlega hækkar það. Og þess vegna reikna ég með 35 þús. kr., því að ég geri ráð fyrir, að vísitölubúið sé heldur neðan við meðallag, en ef á að taka þetta af brúttótekjunum hjá stærri búunum eða af 1200 þús. kr., þá eru það um 50 þús. kr. Ég reiknaði með 35 þús. kr., og ég fæ þessar 5.7 millj. kr., sem er enn þá óhrakið. Í 40 ár verða 35 þús. kr. með 8% vöxtum og vaxtavöxtum 5.7 millj. kr. Þetta er nú þessi fjármálasnilli, sem er verið að framkvæma. Það sjá allir lifandi menn, að ellilífeyrir af því er ekki helmingur af vöxtunum. Þetta er alger féfletting á bændum, því að eðlilega kemur þetta allt á þá, því

að þegar afurðirnar hækka upp í það, sem þær voru áður en þessar niðurgreiðslur komu, þá voru þær ekki keyptar vegna þess, hvað þær voru dýrar.

Og hver á að borga af útflutningnum? Því hefur aldrei verið svarað. Á að bæta því ofan á þessa 3/5 sem neytendur eiga að borga, eða eiga bændur að borga það? Það er ekki talað um, að ríkið borgi nema þessa betlipeninga næstu árin, sem hv. 9. þm. Reykv. var að tala um hér í gær, að hefðu orðið miklu minni og á allt annan hátt en gert hefði verið ráð fyrir og tryggingafræðingarnir hefðu alls ekki gert sér vandann ljósan. Það er ekki von, að tryggingafræðingarnir geri sér þetta ljóst. Þetta er sérstætt mál, þegar atvinnurekendur fara að tryggja sig. Það er vinnuveitandinn, sem vanalega borgar þessa 3/5, en sá, sem vinnur, 2/5. Annars er það bara orðaleikur, hver borgar. Í raun og veru kemur þetta allt á atvinnuvegina. Það væri alveg eins hægt að segja, að sá, sem vinnur, fengi þetta allt í kaup og borgaði bara 10% af því eins og að vera að deila þessu. Það væri alveg eins hægt að hafa kaupið hærra. En þarna er allt önnur aðstaða. Það eru atvinnurekendur, sem eru að tryggja sig, og það hefur ekki verið gert hér á landi fyrr. Þess vegna komst tryggingafræðingurinn, sem samdi frv., í fullkominn vanda. Honum var sagt, hvaða leiðir hann átti að fara. Tryggingafræðingar eru eins og aðrir menn. Þeir eru ekki alvitrir.

Frv. er á margan hátt furðulegt eins og allur þessi örorkubálkur, sem er í því. Hann á að fara að verða tvöfaldur allur þessi blessaði örorkubálkur, sem er í almannatryggingunum og er meira og minna misnotaður. Sumir fá örorkubætur og geta unnið hér um bil fulla vinnu. Það er eins og með bílana, sem er verið að láta þá fötluðu og lömuðu hafa. Þá meina ég sjötugar kerlingar og þá, sem aldrei hafa snert á bíl. Menn fá bíl út á þær, ef þeir meiða sig í löpp eða eitthvað svoleiðis. Það er allt í lagi með örorkubætur, ef þær væru ekki misnotaðar. En trippin eru ekki alltaf eins rekin. Sumir hafa aðstöðu til þess að koma sínum málum fram, en aðrir ekki og verða út undan, þannig að ég held, að það sé alveg nóg misnotkun á þessum örorkubótum hjá almannatryggingum og nóg vitleysa í þeim, þó að bændur fari ekki sérstaklega að bjástra við þetta örorkukerfi.

Ég veit eigi til, að bændur hafi falið stéttarsambandinu að finna upp skatta. Mér er ekki kunnugt um það. Það átti fyrst og fremst að vinna að verðlagningu á landbúnaðarvörum. Ég veit ekki til, að í mínu héraði hafi verið haldnir fundir til að tala um það við bændur, hvort þeir vildu líftryggja sig á þennan hátt. Því síður hafa þeir haft aðstöðu til þess að kynna sér þetta kerfi, sem er verið að koma hér á, því að þeir hafa ekki séð frv. Og þó að maður sjái frv., þá er það ekki auðskilið.

Verði þetta frumvarp að lögum, geta þingmenn komið heim til bændanna og sagt: Við erum búnir að samþykkja þenna skatt. Þú átt að borga 50 þús. kr., segja þeir við gildari bændurna, en við hina nefna þeir 35 þús. kr. og við þá, sem eru við það að flosna upp, 25 þús. Þetta eigið þið að borga á ári í viðbót við það, sem þið hafið borgað. Hinir efnaminni bændur hafa svona 2—3 þús. kr. útsvar, ef þeir hafa nokkurn skapaðan hlut annað en aðstöðugjöldin. Og svo á að taka rúmlega 4% af bruttótekjum árlega út úr reikningum þeirra í leyfisleysi. Ef þið haldið, að þið aflið ykkur atkvæða á þessu, er sjálfsagt fyrir ykkur að vinna að þessu. Ég ætla ekki að vera með því. Hinir, sem koma til neytendanna, geta glatt þá með því, að það eigi að hækka landbúnaðarafurðirnar um 2.48%, en það má nú vera, að þú sleppir við það, góði, vegna þess að þú kaupir ekki neitt. Raunar er mín skoðun sú, að neytendur borgi þetta ekki, því að það er ekki hægt að selja vöruna dýrara en gert hefur verið, og það hefur aldrei staðið á stéttarsambandinu að hækka vöruna; við þurfum að skamma það fyrir það, bændurnir. Þeir hafa verið duglegir við það. Það er bara, hvort ekki er gengið of langt. Fólkið sé vanið af að borða landbúnaðarvörur, og það er alvarlegur hlutur.

Ég hef ekkert umboð fyrir hönd bænda í mínu kjördæmi að greiða atkv. með þessu. Það hefur ekki einn einasti bóndi óskað eftir því að fá lífeyrissjóð í mínu umdæmi, ekki einn einasti. Þessi fulltrúi, sem talaði við mig í morgun, sagði mér, að undirrótin undir þessu öllu hefði verið að losna við að greiða stofnlánagjaldið í Búnaðarbankann. Það er góð aðferð til að losna við gjald að fimmfalda það, því að þarna er komið ferfalt gjald á við það, sem gengur til Búnaðarbankans. Ef við þurfum að borga þetta, sem gert er ráð fyrir, að neytendurnir borgi, þá er það ferfalt, því að við erum ekki enn þá lausir við gjaldið til Búnaðarbankans. Mér finnst þetta ekki gáfulegar aðferðir. Og ef bændur hafa kvartað og hljóðað undan þessu gjaldi til Stofnlánadeildar landbúnaðarins, þá held ég, að þeir segi eitthvað yfir þessu. Okkur fannst þessar upphæðir alveg nógu háar, sem voru teknar af eignum okkar í búnaðarmálasjóðsgjald og til stofnlánadeildarinnar. En hvað verður nú?

Ég sagði það hér um daginn, og ég endurtek það, að það er engrar vægðar að vænta af mér í þessu máli. Ég rek miskunnarlausan áróður meðal bændanna fyrir því, að þeir hrindi þessum ófögnuði af sér, því að þarna er um hreina vitleysu að ræða. Lífeyrissjóðir eru lítils virði, ef þeir eru ekki gengistryggðir. Það er eins og hv. 9. þm. Reykv. sagði í gær; það er ekkert gagn að þeim. Það vita allir menn, að lífeyrissjóðir eru úreltir, þegar gengið er alltaf að breytast, ef þeir eru ekki tryggðir, svo að þarna er um hreina vitleysu að ræða. Það er hægt að skipta um fulltrúa á stéttarsambandsfundi; þeir standa ekki það föstum fótum. Og það gæti skeð, að það yrði gert. Við látum ekki fara með okkur eins og rollur, bændurnir. Það er búið að gera nóg af því. Ég afbið mér og mínum afkomendum þessar álögur. Ég hef ekkert að gera með svona fáránlega endaleysu. Ég held, að þeir séu ekkert aflögufærir með fjármálavit, þessir herrar, sem hafa búið þetta til.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að lengja þessar umr. Og þó að ég verði að segja það, að sumt af því, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði, væri að vissu leyti rétt athugað, þá var flug hans það hátt, að ég held, að hann hafi aldrei í raun og veru séð öll atriðin í þessu máli. Það má segja það, að hann hafi komið nær jörðinni núna einmitt í dag miðað við a. m. k. hans fyrstu ræðu, því að þá talaði hann um 10—11%, en nú er hann kominn þó ofan í 4.13%. En sannleikurinn er sá, að þetta munar ekki miklu hjá hv. þm. í reikningslistinni. Þetta munu verða, ef verðlagið væri alveg óbreytt eftir fjögur ár, um 4%, en núna fyrsta árið verður þetta 0.4%, sem bændur þurfa að borga — 0.4% fyrsta árið, 1/4 af því, sem iðgjaldið verður, þegar það er orðið fullt. Ég skildi aldrei hv. 9. þm. Reykv. í gær, þegar hann var að tala um, að það hefði verið hægt að prófa þessi mál án þess að lögfesta þau. Hvernig er hægt að prófa þessi mál án þess að lögfesta þau? Hvernig er hægt að stofna lífeyrissjóð öðruvísi en að lögfesta hann? Ég segi fyrir mig, að ég botna nú bara ekki í þessu. En hefur hv. þm., Björn Pálsson, athugað það, hvernig komið er fyrir bændastéttinni? Hefur hann athugað það einnig, hv. þm., hvernig verður, þegar kosningastíflan brestur næsta haust, og frammi fyrir hvaða vanda bændastéttin stendur þá? Eða ætlar Björn Pálsson að horfa framan í sína kjósendur og segja: Ég greiddi atkv. á móti þessu máli, til þess að aldraðir bændur fengju þó ekki þessa hungurlús, sem þetta frv. gerir ráð fyrir? Ég held nefnilega, að það þurfi að taka öll þessi mál til endurskoðunar, og það skiptir kannske ekki svo miklu máli með þetta miðað við allt annað.

Ég held, að við séum alveg á rangri leið í þessum lífeyrissjóðamálum. Ég hef alltaf haldið það, að það væri réttast, að það væri lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn, og ég er alveg sannfærður um, að það er leiðin. En ef við gerum ekki eins og aðrir, þá verður það fjarlægara takmark. Ég held, að einmitt með því að lögfesta þetta séum við að nálgast það takmark, að til verði lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn. Og það er fyrst og fremst ástæðan fyrir því, að ég stend með þessu frv. En mér er alveg ljós vandinn, og ég tók það fram við 1. umr. þessa máls, að bændurnir væru ekki færir um að borga þessi iðgjöld og það væri röng stefna — það væri algerlega röng stefna — að bæta þessu ofan á búvöruverðið; þetta yrði að koma öðruvísi. Ég tók það fram. Ég veit þá betur um það en hv. þm., Björn Pálsson, hvernig efnahagur bænda er. Þeim veitir ekki af í ellinni að fá það, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, og þó meira væri, a. m. k. ef sú stefna á að verða áfram, sem verið hefur um hríð í landbúnaðarmálum.

Ég er ekki að styðja þetta mál til þess að veiða út á það atkv., og Björn Pálsson, hv. þm., fiskar áreiðanlega ekki atkv. í sínu kjördæmi með því að vera á móti því. Það skal ég fullvissa hann um. En ég held bara, að flug hans í þessum umr. hafi verið það hátt, að hann hafi alls ekki séð málið. (Gripið fram í.) Hann þarf a. m. k. að sjá niður úr skýjunum, en það held ég, að hv. þm. hafi ekki gert.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það er bara smáleiðrétting. Ég þarf ekki að halda langa ræðu út af því, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði. Hv. þm. var að tala um, að ég hefði verið að tala um 10—11%, og það er alveg rétt. En það var 10—11% af grunnkaupi, og það er bara allt annað en bráttótekjur. 33 þús. kr. eru 11% af 300 þús. kr. grunnkaupi. En sé um bráttótekjur að ræða, þá er það miðað við 800 þús. kr., og það er allt annað. Þá eru þetta 4.13% á vísitölubúið. Þessu má ekki rugla saman. Ég er ekki að gera lítið úr gáfum hv. þm.; því fer fjarri. Það er eðlilegt, að slíkt geti farið fram hjá mönnum, og satt að segja skal ég viðurkenna, að hv. þm. hefur sett sig töluvert inn í þetta frv. og miklu betur en ýmsir aðrir, enda er hv. þm. skilningsgóður. Ég hef sennilega verið háfleygur. Það er eðlilegt, því að því stærri sem fuglinn er, þeim mun hærra svífur hann. Vængjahafið er meira. Það eru mörgæsir og grátittlingar, sem eru alltaf niðri við jörðu.

Ég er búinn að skýra þetta mál.

Landbrh. er ekki hér, því að hann veit, að það er allt satt, sem ég hef sagt, og hann er búinn að segja það við mig, að það sé hægt að laga þetta. En hvaða afsökun er það fyrir þm. að samþykkja vitlaust frv. í þeim tilgangi, að það sé hægt að laga það einhvern tíma? Eiga aðrir að vera vitrari en við? Þegar vitleysan er augljós, þá er hún alveg ástæðulaus.

Viðvíkjandi því, að ég muni tapa atkvæðum á þessu, þá er ég alveg óhræddur um það. Annars held ég, að samúð Eyjólfs sé með mér, því að hann studdi mig vel í Morgunblaðinu og „refereraði" málið, þannig að ég veit, að í hjarta sínu er hann mér sammála. Ég er óhræddur að bera undir bændurna, hvort þeir vildu greiða hver meðalbóndi 5.7 millj. kr. á 40 árum og fá svo 200 þús. kr. í ellinni á ári... (Gripið fram í.)... til að byrja með. Það eru 200 þús. kr., þegar þeir eru orðnir 67 ára, þegar þetta er komið í fullan gang. Þegar bóndinn er búinn að borga 5.7 millj. kr., þá fær hann 200 þús. kr. á ári — 180—200 þús. kr. — og stórbændur 220 þús. kr. Svo fær hann 100 þús. kr. frá tryggingunum, og þá er hann kominn í 320 þús. kr. Það er 20 þús. kr. meira en grunnkaup hans er samkv. núgildandi reglum. Það er 20 þús. kr. meira en meðan hann var að koma sér upp búi og kosta börnin sín. Grunnkaup bóndans og konunnar eru 300 þús. kr. fyrir utan eftirvinnu, og það er von, að þú hristir hausinn; þú manst þetta náttúrlega ekki. Grunnkaupið er áætlað það á pappírnum, ég tek það fram. En hitt er svo annað mál, að sumt af þessum efnaminni bændum, sem þurfa að borga þennan skatt, fá auðvitað aldrei þetta kaup, og það kemur hvað harðast niður á þeim að greiða þetta, sem eru getuminnstir, þó að það eigi pínulítið að ræna af þeim, sem borga meira í framkvæmdinni. Það er ekki þar fyrir, að þeim veitist enn erfiðara að borga, þannig að þetta er allt í lagi. Ég er búinn að skýra þetta, og ég get það ekki betur.

En ég vara við því, að ég held þessum áróðri áfram. Ég læt ekki þegjandi fara svona með mína stétt, eins og gert er. Fyrir utan það, að þetta lífeyrissjóðstal núna um ógengistryggða lífeyrissjóði er tóm endileysa. Það er eins og þegar ein kýr baular, þá baular önnur. Þegar menn heyrðu talað um lífeyrissjóð hjá verkamönnum í fyrra, hlupu allir af stað með lífeyrissjóði. Þetta hljóta að vera óskapleg hlunnindi.

Svo held ég, eins og hv. 9. þm. Reykv. sagði, að þetta séu blekkingar. Auðvitað á aldrei að semja svona. Þeir áttu miklu frekar að borga þeim hærra kaup. Það versta og vitlausasta, sem atvinnurekendur ganga inn á, er að ganga inn á þessa aukaskatta, eins og launaskattinn og aðra slíka skatta. Því að kaupkrafan kemur ævinlega á eftir, en þeir sitja eftir með þessar álögur. Og það er alvarlegur hlutur. Nú er launaskatturinn kominn í 2½%. Ég er ekki farinn að sjá kostina við hann. Hvernig gengur yfirleitt að losna við skatta, sem búið er einu sinni að leggja á? Hvernig hefur okkur gengið að losna við bændaskattinn, sem átti að standa í fjögur ár? Ég veit ekki betur en hann sé kominn yfir í Bjargráðasjóð, þ. e. sú lækkun, sem varð á honum. Og hvernig gengur okkur bændunum að losna við skattinn til stéttarsambandsins, þegar við erum búnir að byggja bændahöllina? Þeir eiga vitanlega að lifa á vöxtunum af því, sem við erum búnir að leggja í bændahöllina; ég ætlaðist til þess. Nei, þeir eru ekki að tala um að afnema hann, heldur eru þeir að tala um að leggja á okkur nýja skatta.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths. Það situr ekki á mér að finna að því, þó að hér séu fluttir skemmtiþættir, úr því að við erum svo heppnir að hafa hér í þingsölum menn, sem eru hlutgengir í skemmtiiðnaðinum. En aftur á móti frábið ég mér allar ákúrur frá hv. 3. þm. Norðurl. v., þó að áheyrendum fækki, þegar ég tala, því að ég er svo miklu minna á því sviði en hann. En það er skrýtinn málflutningurinn hjá honum og ég verð að eyða einni mínútu í að gera aths. við það, sem hann sagði hér síðast, um leið og hann fór úr ræðustóli, þ. e. að það væri ekki verið að afnema skattinn til bændahallarinnar, þó að búið væri að byggja höllina. Nú er skatturinn niður felldur. (**BP:** Ha!) Og þessi hv. þm. er ekki betur inni í málefnum bændasamtakanna en þetta, að hann bara hváir, þegar ég greini honum frá því, að skatturinn til bændahallarinnar hafi verið felldur niður. (Gripið fram í.)

Það er fleira í málflutningi hv. þm., sem er líkt og þetta. Mér finnst t. d. alveg rétt að slá niður þær fullyrðingar hans, að þetta mál hafi ekki verið kynnt í bændasamtökunum. Nú get ég auðvitað ekki fullyrt um það, hvernig bændasamtökin eru rekin í hans kjördæmi. En þó er það alveg ósatt hjá hv. þm., að enginn bóndi úr því héraði hafi óskað eftir því, að lífeyrissjóði yrði á komið, því að hérað hans á a. m. k. 6 fulltrúa á aðalfundi Stéttarsambands bænda, og eins og hv. frsm. n. í þessu máli skýrði frá í gær, þá var einróma samstaða á stéttarsambandsfundinum um að óska eftir því, að málið yrði afgr. einmitt í því formi, sem það er núna. En að öðru leyti skal ég ekkert segja um það, hversu rækilega þetta mál hefur verið rætt í hverju einstöku kjördæmi landsins, en ég veit, að á Austurlandi var þetta sent út til Búnaðarsambandsins og það til búnaðarfélaganna og það var rætt á þessum slóðum og m. a. síðast á búnaðarsambandsfundi í vor og ályktun gerð um málið þar.

Annars er málflutningur hv. 3. þm. Norðurl. v. þannig, að það er eiginlega ómögulegt að taka á honum. Mótsagnirnar eru svo stórkostlegar. Annars vegar hefur hann í þessum ræðum sínum verið að tala um sveitarstyrk til bænda, sem þeir gætu ekki verið þekktir fyrir að þiggja, og hins vegar hefur hann sagt, að bændur væru féflettir alveg hroðalega. Hvernig menn eiga að koma þessu heim og saman, er ekki gott að segja. Og að taka þátt í logaritmareikningum hans hér í hv. d. það geri ég að sjálfsögðu ekki. Talnameðferðin núna er að mér sýnist dálítið svipuð og þegar hann var að tala um öryggisgrindur á traktora og sagði, að þær kostuðu 20 þús. kr., en vissi þá ekki um það, sem þó var búið að senda út til allra bænda, að vegna tilboða, sem Stéttarsamband bænda hefur látið gera í smíði þessara grinda, þá eru grindurnar sjálfar nú fáanlegar á 6500 kr. — þær ódýrustu.

Annars er það auðvitað mergurinn málsins í sambandi við málflutning hv. 3. þm. Norðurl. v., sem hann sagði í lok sinnar ræðu áðan, að hann sagðist frábiðja sér og sínum afkomendum allar tryggingar fyrir bændastéttina af því tagi, sem hér er um að ræða og mér skildist helzt allar tryggingar. Þetta er í sjálfu sér ekkert nýtt. Að vísu tel ég, að bændur séu mjög félagslega sinnaðir. Þeir hafa sýnt það í uppbyggingu sinna verzlunarsamtaka, búnaðarsamtaka og á margan annan hátt. En þó að þetta sé svona, þá eru alltaf á næsta leiti mjög margir einstaklingar í bændastétt, sem eru miklir sérhyggjumenn. Það er auðheyrt á þessum orðum hv. þm., þegar hann frábað sér og sínum afkomendum allar tryggingar af þessu tagi, að hann er einn af þessum röktu einstaklingshyggjumönnum í stéttinni, og þess vegna er eðlilegt, að hann sé andvígur máli eins og þessu. Ég man vel eftir því, þegar var verið að stofna sjúkrasamlag heima í minni sveit. Þá voru þar menn, sem börðust um á hæl og hnakka til að koma í veg fyrir þá tryggingu. Seinna sáu þeir svo ekki eftir öðru meira, þegar þeir sáu, hvernig samlagið starfaði og við höfum í öllum áttum dæmi um svona einstaklingshyggju. Í bókmenntunum hefur nóbelsskáld okkar gert þessa einstaklingshyggju ódauðlega í Bjarti í Sumarhúsum, og hér í hv. d. höfum við hv. 3. þm. Norðurl. v.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Án þess að ég ætli að fara á nokkurn hátt að taka þátt í þeim skemmtiatriðum, sem fram fara hér í hv. Nd., þá er

mér samt skylt að segja örfá orð. Og þá fyrst og fremst að taka það fram, að þetta frv. er flutt af mér, en ekki hæstv. landbrh., þannig að það er ekki hægt að ætlast til þess, að hann út af fyrir sig sitji hér undir umr. og hlýði á alla þá speki, sem hér er flutt, heldur hef ég reynt að sitja hér. Ég kannske skil ekki allt, sem fram hefur farið, og verða þá hv. þm., sérstaklega hv. 3. þm. Norðurl. v., að virða mér það á betri veg, að ég er ekki eins snjall í logaritma og hann, en ég mun þó reyna að fá lánaðar töflur hans og útreikninga til þess að átta mig betur á þessu máli, því að ekki er þetta svo, að við séum fyrir alla lífstíð að ákveða hvernig þessum málum skuli háttað, heldur erum við hér að stíga byrjunarskref í þá átt að gera tilraun til að koma á stofn enn einum lífeyrissjóði í landinu.

Mér skildist, að hv. 3. þm. Norðurl. v. út af fyrir sig væri því ekki andvígur, að til væru lífeyrissjóðir. Mér skildist ekki, að orð hans hnigju í þá átt, þó að hann teldi, að lífeyrissjóðir án verðtryggingar væru einskis virði. Því fer auðvitað víðs fjarri, að þeir séu einskis virði. En það er rétt, að það er auðvitað geysilegt hagræði, ef hægt er að verðtryggja lífeyrissjóði, og vitanlega verður í framtíðinni að reyna með einhverjum hætti að gera það. En það breytir auðvitað engu um það, að þó að allt ávinnist ekki í einu, þá sé ekki rétt að stíga fyrstu skrefin, ef þau eru stigin í rétta átt. Það hefur verið svo með allar þjóðfélagsstéttir yfirleitt, að þær hafa leitazt við — nú síðast verkalýðssamtökin — að koma á hjá sér lífeyrissjóðum, þó að þessir annmarkar væru á þeim, og ég hygg, að það sé engum efa bundið, að þróunin verður í þessa átt.

Það er alveg rétt, að þetta mál varðandi lífeyrissjóð bænda — og á það lagði ég áherzlu við 1. umr., þegar ég gerði grein fyrir málinu í hv. d. — er alveg sérstaks eðlis og allt annars eðlis en allir aðrir lífeyrissjóðir, og það er rétt hjá hv. 3. þm. Norðurl. v., að þessir lífeyrissjóðir eru með þeim sérstaka hætti, að hér er enginn vinnuveitandi til þess að greiða mótframlag. Þess vegna hefur þetta æðilengi þvælzt fyrir mönnum, með hvaða hætti þetta skuli gert. Um það geta menn að sjálfsögðu haft mismunandi skoðanir, og ég hef heyrt því varpað fram, að það væri eðlilegt í rauninni, að ríkissjóður greiddi mótframlagið. Nú held ég, að þegar þetta er skoðað nánar niður í kjölinn, liggi það í augum uppi, að fyrir því er erfitt að finna nokkur rök, og hætt er við, að aðrar stéttir fyndu þá svipaðar ástæður til þess að gera sambærilegar kröfur á hendur ríkissjóði, en þær stéttir, sem eiga eftir að fá lífeyrissjóði, eru einmitt þeir hópar manna, þar sem enginn vinnuveitandi er. Og þessir hópar eru einmitt alls ekki svo litlir.

Að því er nú unnið að reyna að finna í framhaldi af þessu frv. hér um lífeyrissjóð bænda einhverjar hliðstæðar leiðir til þess að mynda lífeyrissjóði fyrir alla aðra starfshópa í þjóðfélaginu. Og ég álít, að eftir að það hefur verið gert eða a. m. k. eftir að langt er komið í þá átt, þá yrði reynt að leita eftir því að sameina þessa sjóði með einhverjum hætti almannatryggingakerfinu, þannig að á verði komið annaðhvort lífeyrissjóði eða tryggingakerfi fyrir alla landsmenn — samræmdu kerfi, sem er auðvitað mjög erfitt vegna þess, hve sjóðirnir eru ákaflega mismunandi sterkir og hve aðstaða er mismunandi að þessu leyti. Þess vegna er hætt við, að það geti orðið nokkuð vandasamt að ná samkomulagi um slíka gerbyltingu, en það er hins vegar engum efa bundið, að þetta verður framtíðarþróunin í þessu efni. Það hefur verið fundið það úrræði hér, að það sé neytandi landbúnaðarvara, sem í rauninni sé vinnuveitandi bóndans, sem út af fyrir sig er ekkert óeðlileg skoðun, og með þessu móti er verið að þreifa fyrir sér um það, hvaða hljómgrunn það fær á hv. Alþ., að vandamál þeirra stétta, sem eftir eru, verði leyst með eitthvað svipuðum hætti, þ. e. þeirra stétta, sem ekki eiga sér ótvírætt vinnuveitendur með venjulegum hætti.

Ég ætla ekki, eins og ég áðan sagði, að taka þátt í þeim umr., sem hér hafa farið fram um annmarka þessa frv. Ég hef ekki í alvöru trú á því, að hv. 3. þm. Norðurl. v. sé hatrammur andstæðingur þess, að lífeyrissjóður verði myndaður fyrir bændur, þó að hann kunni að telja á þessu frv. einhverja ókosti, og ég efast ekkert um það, að á því eru ýmsir ókostir. Þetta er mál, sem þarf að þreifa sig áfram með, og það, sem ég vildi aðeins á þessu stigi leggja áherzlu á, að svo miklu leyti sem ég kann að bera ábyrgð á framkvæmd þessara mála, er það, að ég tel sjálfsagt, að það verði sem skjótast hafizt handa um það, eftir að byrjað er að framkvæma þessi lög, að athuga, hvernig þau reynast og gera þá nauðsynlegar breytingar eftir því, sem reynslan sýnir, að þörf er á. En ég tel, að þó að menn telji einhverja annmarka á málinu, þá réttlæti það ekki það að leggja það algerlega fyrir róða og að innleiða alls ekki þá grundvallarlöggjöf, sem hér er verið að leggja til að verði sett. (Gripið fram í.) Ég efast um það, vegna þess að ég hef ekki enn þá komið auga á — og hv. þm. hefur með allri sinni snilli ekki sannfært mig um — með hvaða hætti ætti að laga það.

Ég verð að biðja hv. þm. að afsaka það. Ég hef hlustað, en það hefur verið dálítið erfitt að átta sig á því, hvað væri efnislega mikilsverðast í máli þm. í einstökum atriðum. Að vísu hafa verið mjög snjallir útreikningar á því, hvað bændur væru búnir að leggja fram — 5—7 millj. kr., þegar þeir fara að taka lífeyri úr þessum sjóði, en ég held, að eitthvað sé bogið við þá, jafnvel þótt logaritmatöflur hafi verið notaðar. En það er a. m. k. ekkert, sem fram hefur komið, sem sannfærir mig um það, að það sé ekki rétt að lögfesta þetta mál núna og athuga síðan bæði ábendingar frá þessum hv. þm., sem ég veit, að er velviljaður málinu efnislega, og frá öðrum hv. þm. og öðrum aðilum um það, hvernig þetta reynist. Ég efast ekkert um, að þó að bændasamtökin, stéttarsambandið og Búnaðarþing hafi mælt eindregið með því, að lög í þessa átt yrðu sett, þá eru þessir aðilar sömu skoðunar, þ. e. að það sé nauðsynlegt að fylgjast með því, hvernig þetta reynist, en hins vegar sé það mikið hagsmunamál

bændastéttarinnar, að það fáist viðurkenning fyrir lífeyrissjóði fyrir bændur og þess vegna sé á það lögð áherzla að fá þetta mál lögfest nú.

Og ég vildi aðeins að lokum taka það fram nú, að þrátt fyrir þær ræður, sem hér hafa verið fluttar af hv. 3. þm. Norðurl. v., þá hef ég ekki skipt um skoðun í því efni, að ég tel það rétt, að þetta mál verði lögfest. Ég skal játa, að það hefur að vísu ekki verið undirbúið í mínu rn., heldur af starfsbróður mínum, hæstv. landbrh., í samráði við Stéttarsamband bænda og eftir ábendingum og till., sem þaðan hafa komið. En engu að síður þá ber ég ábyrgð á því, hvort málið verður lögfest eða ekki, og ég vildi aðeins taka það fram, að ég tel, að hér sé um það mikilvægt mál efnislega að ræða fyrir bændur að rétt sé að gera þetta, þó að á því kunni að vera einhverjir annmarkar að fá viðurkenndan lífeyrissjóð eins og allar starfsstéttir þjóðfélagsins yfirleitt sækjast eftir. En ég lýsi jafnframt yfir, að að svo miklu leyti sem ég hef með málið að gera á næstunni, þá verður að sjálfsögðu lögð áherzla á það að endurskoða það með þeim hætti, að það komi að því gagni, sem forsvarsmenn málsins hafa óskað eftir.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Ég vildi með nokkrum orðum lýsa minni afstöðu til þessa máls. Ég átti sæti í þeirri n., sem fékk það til meðferðar, og gat því kynnt mér það. Um lífeyrissjóðsmál yfirleitt mætti tala langt mál, og ég vil mjög gjarnan taka undir það, sem hér hefur verið sagt af ýmsum hv. ræðumönnum, að þau mál hafa ekki þróazt eins og kannske skyldi, og það hefði verið hægt að finna betri farveg þeim málum. En til þess liggja margar orsakir, að málunum er háttað eins og er í dag — orsakir, sem ekki er auðvelt að breyta nú. Eins og málum nú er komið, þá er áreiðanlega erfiðara að leiðrétta þau en ef það hefði verið gert fyrr. Það var mjög lengi búið að tala um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn, og í nokkrum kosningum hafði það mál verið mjög á dagskrá. Verkalýðshreyfingin hefur lagt býsna mikla áherzlu á lífeyrissjóðsmálin, og það var svo komið fyrir samningana í maí 1969, þegar almennu verkalýðsfélögin sömdu um lífeyrissjóði, að þó nokkur hópur verkalýðsfélaga hafði þegar fengið lífeyrissjóði. Og aðstöðumunurinn hjá þeim samtökum, sem lífeyrissjóðina höfðu, og hinum, sem ekki voru þeirra aðnjótandi, var mjög mikill. Þess vegna var það, að þegar við sáum möguleika til þess í samningunum 1969 að semja um almenna lífeyrissjóði fyrir verkalýðshreyfinguna og við gátum ekki séð annað en lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn væri enn í blámóðu fjarskans, þá gripum við þetta tækifæri og sömdum um lífeyrissjóðina.

Það mál, sem hér liggur fyrir, skilst mér, að sé áhugamál stéttarsamtaka bænda að fá fram. Til þess vil ég taka mikið tillit. Það er hins vegar ýmislegt athugavert við þetta mál, og það er ekki sízt hið sérstaka eðli þess, sem orsakast af því, að hér eru ekki í raun og veru neinir eiginlegir vinnuveitendur, sem hægt er að semja við um lífeyrissjóðinn, sem gerir þetta nokkuð vandasamt. Ég sé hins vegar í raun og veru engan mun á því, hvort það er t. d. verzlunarfólk í búðum hér í Reykjavík, sem semur við kaupmenn um lífeyrissjóð — alveg er öruggt, að kaupmennirnir leggja á vöruna það 6% gjald, sem þeir eiga að greiða til lífeyrissjóðsins — og á því, að samið sé um eða komið sé á lífeyrissjóði fyrir bændur og það lagt á vöruna, sem annars ætti að koma frá atvinnurekendum — beint á vöruna. En hins vegar held ég, að við verðum að hafa opin augun fyrir því, að hér er um svo mikilvæga vöru að ræða, að það væri ákaflega hæpið að bæta þessum gjöldum þar ofan á. Og ef við höfum í huga, hvernig er háttað hinu eiginlega útsöluverði varanna eins og það er nú, og það, sem framleiðendurnir eiga að fá, þ. e. niðurgreiðslurnar, þá sé ég ekki, hvers vegna ætti að leggja þetta beint á ríkissjóð í stað þess að hækka vöruna og síðan sjálfsagt auka niðurgreiðslurnar. Mér sýnist, að hér sé í raun og veru aðeins um fyrirkomulagsatriði að ræða, og það væri að öllu leyti að mínu viti betra, að þetta kæmi þá beint frá ríkissjóði, því að það gerir það engu að síður með því fyrirkomulagi, sem nú er.

Það er annað atriði í þessum lögum, þ. e. II. kafli laganna um sérstakan lífeyri til aldraðra bænda, sem mig langaði til að minnast á. Í þessum lagagreinum eru endurtekin í raun og veru sömu mistökin og gerð voru með lagasetningunni fyrir aldraða í stéttarfélögum í Alþýðusambandinu. Ég held, að það hefði verið óþarfi að endurprenta svo að segja alveg sömu mistökin. Ég benti á þetta í hv. landbn. og taldi, að það hefði þurft að lagfæra þar ýmis atriði, þar sem þegar hefðu komið alveg augljóslega í ljós margs konar erfiðleikar á framkvæmd þeirra vegna þeirrar reynslu, sem þegar hefði fengizt af framkvæmd sams konar laga. En það virtist vera það mikill áhugi á að lögfesta þetta einmitt núna og láta það taka gildi um áramót, en við vitum sem sé, að í þessum kafla a. m. k. eru mistök, sem hægt hefði verið að gera æðimikið til að leiðrétta þegar í upphafi. En það bíður síns tíma.

Það er býsna mikið talað um það, að það væri jafnvel æskilegt, að í stað lífeyrissjóðanna yrðu almannatryggingalögin endurskoðuð og lagfærð og í raun og veru ýmsir þættir lífeyrissjóðanna sameinaðir þeim. Ég er ekki viss um, að þetta sé möguleiki, vegna þess að það eru ýmis atriði, sem varða lífeyrissjóðina, sem ekki er svo gott að koma heim og saman við lögin um almannatryggingar — ýmis hlunnindi, sem félagar í lífeyrissjóðnum njóta hjá lífeyrissjóðnum, sem þeir gætu ekki notið hjá almannatryggingum. Enda hefur þróunin orðið sú í öllum nágrannalöndum okkar, að til viðbótar almannatryggingum, sem mætti segja, að væru svipaðar og hér, hafa einmitt verið stofnaðir sérstakir lífeyrissjóðir á vinnumarkaðinum og þeir ná nú orðið til flestra þjóðfélagsþegna þ. á m. einnig bænda. Ég held hins vegar, að það hefði verið verkefnið að gera þessa sérstöku lífeyrissjóði utan almannatryggingarinnar meira að einni heild en lík-

legt er, að þeir geti nú orðið um a. m. k. einhverja framtíð, því að þegar þetta er einu sinni farið af stað, þá er erfiðara að sameina aftur og leiðrétta mistök, sem gerð hafa verið, sem eru að mínum dómi alveg augljós. En ef ekki hefði verið stigið það skref í maí 1968 að koma á almennum lífeyrissjóði verkalýðsfélaganna, þá sé ég heldur ekki annað en við hefðum orðið að bíða í æðimörg ár eftir hinum almenna lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn. Það er sem sé af brýnni nauðsyn, að þessi leið hefur verið farin. Mér skilst, að stéttarsamtök bænda telji, að það sé jafnbrýn nauðsyn fyrir bændasamtökin, og þess vegna fylgi ég þessu máli.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þegar ég talaði um þetta mál á þingfundi í gær, vildi ég láta í ljós, að með mér bærðust margvíslegar efasemdir um það, að þetta mál væri nægilega gaumgæfilega athugað og nægilega vel undirbyggt til þess að ná þeim tilgangi, sem fyrir mönnum vakir með lífeyrissjóði fyrir bændastéttina, og eins og hv. 2. landsk. þm. vék að núna, þá vitnaði ég til þeirra vonbrigða, sem við höfðum orðið fyrir í verkalýðshreyfingunni með fyrstu reynslu af þeim samningi, sem við gerðum í sambandi við síðustu kaup- og kjarasamninga. Agnúar miklir eru komnir í ljós á lagasetningunni, og tvö frv. liggja þegar fyrir þinginu, þar sem farið er fram á leiðréttingar á þessu, og ég tók það fram, að við ættum allt undir víðsýni og lipurð manna, sem voru okkar samningsaðilar, um það, hvaða leiðréttingar við fengjum á þeirri löggjöf, þannig að hún samsvaraði þeim hugmyndum, sem fyrir báðum samningsaðilum vöktu við samningagerðina. Ég vona, að við fáum það. En þess vegna er það furðulegt, að einmitt skuli vera lagður fram núna í þessu vandlega undirbúna frv. — eftir að agnúarnir eru komnir fram hjá okkur — nokkurn veginn orðréttur II. kafli þessa frv. og prentaður hér upp, og hann á að gilda fyrir bændastéttina. Það ber ekki vott um gaumgæfilega athugun, og hefur þó áreiðanlega verið fylgzt með því af fleirum en okkur, að annað hafi komið í ljós, sem leiðrétta verður. Ég skal ekki fara fleiri orðum um það.

Það er undirstöðuatriði allrar tryggingalöggjafar, að engum tryggingum verður komið á nema með því, að hinir tryggðu greiði iðgjöld, og það er út á iðgjöldin, sem þeir öðlast tryggingarréttinn. Og þessi iðgjöld koma venjulegast frá tveimur aðilum, — þeim, sem á að tryggja, og þeim, sem hann starfar hjá. Frá atvinnurekendum koma í flestum tilfellum 6%, en launþeginn leggur til 4%. Þetta er mjög algengt í þeim lífeyrissjóðum, sem starfandi eru. Í þessu frv. liggur það ljóst fyrir — og ég hygg, að það sé ekki af neinu arnarflugi, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. kemst að þeirri niðurstöðu, — að það séu 4—5%, sem bændur verða að leggja fram frá tvítugsaldri og fram undir sjötugt til þess að kaupa sér lífeyrisréttinn. (**BP:** Af brúttótekjum.) Af brúttótekjum bóndans, já. Ég tók eftir því, að þú miðaðir við annað, þegar þú varst að tala um 10—11%. Hins vegar fá þeir tryggðu eftir 5 ár makalífeyri, sem getur numið 10% af tekjum þeirra, og fyrstu 10 árin fá þeir engan ellilífeyri — borga iðgjöld í 10 ár án þess að fá nokkurn ellilífeyri — en að 10 árum liðnum geta þeir fengið 12.5% af launum sínum í ellilífeyri og 15% í makalífeyri. Síðan geta þeir fengið hækkandi prósentutölu upp í 30% af launum í ellilífeyri og 25% hámark í makalífeyri. Þetta er það, sem um er að ræða — framlög af hendi bændanna og þá möguleika til lífeyrisgreiðslna, sem l. ákveða.

Hvort þetta kemur peningalega vel út, er mörgu háð, og það hygg ég, að fjármagnið, sem bændurnir leggja fram, sé í mestri hættu vegna hugsanlegrar og líklegrar verðbólguþróunar, því að verðbólgan er eins og mölur í mjöli gagnvart öllum sjóðum. Það vita allir. Þetta má segja um alla óverðtryggða lífeyrissjóði að vísu og er ekkert sérstakt um lífeyrissjóð bændanna. Þarna eiga menn geysilega mikla fjármuni í hættu vegna verðbólguþróunarinnar — við sem aðrir.

Ég hélt því fram í gær, að þegar við horfum nú fram á margs konar missmíði á þeirri löggjöf, sem sett er á grundvelli okkar samninga fyrir hönd verkalýðshreyfingarinnar við atvinnurekendur og ríkisvald, þá lét ég í ljós þá skoðun, að það hefði verið skynsamlegra, betra og auðveldara að laga framkvæmdina eftir nauðsyn í samræmi við það, sem fyrir samningsaðilum vakti, ef við hefðum farið af stað á samningagrundvellinum, eins og hann var markaður, án þess að festa samningsákvæðin í löggjöf, fyrr en nokkur reynsla væri á þetta komin. Þetta hefði verið hægt hjá okkur a. m. k., því að samningagerð okkar var ekki aðeins staðfest af samninganefnd, heldur var einnig sú skuldbinding, sem við gáfum, með fyrirvara um samþykki verkalýðsfélaganna. En þegar verkalýðsfélögin og þar með öll verkalýðshreyfingin hafði gerzt formlegur samningsaðili að samkomulaginu, bæði að því er kjarabæturnar snerti og lífeyrissjóðsmálið, þá var hvert einasta stéttarfélag í verkalýðshreyfingunni orðið þarna lögformlega bundið af þessu, sem samið hafði verið um. Þess vegna sagði ég, að það hefði verið æskilegra nú að festa ekki samningsákvæðin í löggjöf, þegar farið var af stað í annað sinn með lífeyrissjóðsmyndun fyrir stétt, sem hefur margvíslega sérstöðu gerólíka þeirri aðstöðu, sem lífeyrissjóðir t. d. embættismannastéttarinnar byggja á. Bændastéttin hefur einnig verulega sérstöðu miðað við verkalýðsstéttina, eins og ég gerði grein fyrir í gær og fer ekki inn á aftur.

Nú kemur hv. 5. þm. Austf. og segir, að það hafi ekki verið hægt að fá reynslu af lífeyrissjóði bænda nema með lagasetningu. Má vera, að hann hafi rétt fyrir sér. En í hverju liggur þá munurinn? Þetta hefði verið hægt, að því er snertir verkalýðshreyfinguna. Er ekki þetta mál um samið út í yztu æsar af Stéttarsambandi bænda og ríkisstj.? Hefði ekki verið hægt að framkvæma þetta á grundvelli þess samkomulags? Það hefði að mínu áliti verið hægt í

sambandi við samkomulagið við verkalýðshreyfinguna, verið þjálla í framkvæmd og auðveldara að laga framkvæmdina að því, sem fyrir samningsaðilum vakti.

Hv. ræðumaður upplýsti einmitt, að þetta væri samningamál milli stéttarsamtaka bændanna — hann nefndi ekki stéttarsambandið, en ég hygg þó, að það sé það og ríkisstj. Af hverju bindur slíkt samkomulag stéttarsambandsins ekki alla bændastéttina? Af því að það er engin félagsleg undirbygging til undir stéttarsambandið. Ég þykist vita, að þarna liggi hundurinn grafinn, og það er sannarlega athyglisvert, að Stéttarsamband bænda er eins og fljúgandi diskur einhvers staðar uppi í geimnum og hefur engar félagslegar rætur. Það hefur ekki sínar félagslegu rætur í búnaðarfélögunum. Það vantar alla undirbyggingu undir stéttarsambandið, til þess að stéttarsambandið geti á lögformlegan, lýðræðislegan hátt skuldbundið heila stétt. Og í þessu atriði kemur það mjög tilfinnanlega í ljós, en þetta skýrði ég mjög rækilega í sambandi við frv. mitt um Stéttarsamband bænda o. fl. fyrir nokkrum árum, þegar ég flutti það hér í þinginu. Það er staðreynd, að það þarf að byggja félagslegan grundvöll undir Stéttarsamband bænda með eitthvað svipuðum hætti og verkalýðsfélögin eru hinn félagslegi grundvöllur undir heildarsamtökum verkalýðsstéttarinnar. Það er nokkuð djarft af stéttarsambandi fyrir bændastéttina að gera samþykktir og samninga við ríkisvaldið um mál eins og þetta að stéttinni fornspurðri og án þess að hafa nokkrar lýðræðislegar samþykktir um það, hver sé vilji bændanna. Það er nokkurn veginn eins og umboðslaus maður sé að gera samninga.

Það má því vera, að þetta sé rétt hjá hv. 5. þm. Austf., að þeir hafi ekki getað framkvæmt byrjun lífeyrissjóðsrekstrar fyrir bændastéttina án lagasetningar vegna þess, hvernig stéttarsambandið er upp byggt. Það svífur í lausu lofti og hefur ekki félagslegar rætur. En þá held ég því fram, að það hefði átt að hinkra við með lagasetninguna, þótt aldrei nema bændastéttinni væri þetta brennandi áhugamál eins og okkar stétt — verkalýðsstéttinni — að koma á lífeyrissjóðum fyrir sig. Það hefði samt átt að hinkra eftir því, hvernig reynslan yrði af okkar kornunga lífeyrissjóði, sem við erum að mynda. Þá hefði verið hægt að sneiða hjá mörgum mistökum, a. m. k. að því er snertir þá hlið, sem sameiginleg er um þessar stéttir báðar. Þó játa ég, að okkar reynsla mundi ekki alveg leysa úr óreyndum vandamálum bændastéttarinnar, af því að hún er að ýmsu leyti með algera sérstöðu miðað við allar aðrar stéttir.

Ég skal ekki ræða lengi um þetta mál nú, enda umr. orðnar nokkuð miklar um það. Meginmunur á lífeyrissjóðum, þegar menn tala um lífeyrissjóði, er tvenns konar, þ. e. hvort lífeyrissjóðir eru verðtryggðir af ríkisvaldinu eða ekki verðtryggðir og hvort það geti . . . (**BP:** Það ræður alveg úrslitum.) . . . já, ég vil nærri segja það, að það ráði úrslitum. Lífeyrissjóður opinberra embættismanna er verðtryggður af ríkissjóði. Hvað kostar það, hæstv. fjmrh.? Hvað kostar það á ári hverju? Er það ekki milli 50 og 60 millj. kr.? Jú, það er það. Þetta eru maðkarnir í mysunni; þeir rýra sjóð opinberra starfsmanna um 50—60 millj. kr. á ári. Og þá sér maður, að það er nokkur háski á ferðum á næstu 20—30 árum með sama áframhaldi fyrir þá sjóði, sem ekki eru verðtryggðir. Þessi sjóður er ekki verðtryggður, og hann verður því einnig fyrir eyðingu verðbólgunnar eins og sjóðir verkalýðsstéttarinnar — því miður. Ég vil staðnæmast við þá hugsun, hvort það hefði ekki verið skynsamlegra jafnvel fyrir bændastéttina að láta sér eingöngu nægja það form lífeyrissjóðs, sem vissulega er til, sem er nánast skyldusparnaður og ekkert annað. Það eru til lífeyrissjóðir, sem byggja eingöngu á eigin framlagi þeirra, sem ætla að tryggja sig, og hafa ekkert gagnframlag frá atvinnurekendum. Þetta er í raun og veru alger skyldusparnaður. Ef lífeyrissjóður bændanna hefði verið í þessu formi, þá hefði ég talið það alveg sjálfsagt mál og sjálfsagt og siðferðilega réttmætt, að ríkissjóður hefði verðtryggt þennan skyldusparnað og lífeyrissjóður bændanna væri þannig í skyldusparnaðarformi með verðtryggingu ríkissjóðs. En að taka þetta af afurðaverðinu getur kostað bændastéttina mikið, þegar verð landbúnaðarvara, eins og oftast er, er svo hátt, að varan selst illa, vegna þess að kaupgeta neytendanna í þéttbýlinu er ekki nógu mikil. Þegar svo á að bæta — þó að vegna gagnlegs málefnis sé — nokkrum prósentum ofan á verðlagið, þá getur það orðið til þess að skapa slíka sölutregðu, að bændum verði meira tjón en gagn að þessari framkvæmd.

Ég fer því ekki dult með það, að ég ber ýmiss konar ugg í brjósti í sambandi við framkvæmd þessa máls. Ég held, að það hafi ekki fengið fullnægjandi undirbúning og sé ekki nægilega vel frá því gengið. Ekki er einu sinni stuðzt við þá litlu reynslu, sem fyrir hendi er, og eins gott hefði verið að leita a. m. k. umsagnar bændastéttar um það, hversu mikið brennandi áhugamál henni væri þetta, áður en þetta væri lagt á bændastéttina sem skattlagning, því að það er ekki til neins að dyljast þess, að þetta er skattlagning á bændastéttina að vísu til þess að tryggja öldruðum bændum lífeyrissjóðsréttindi. En er ekki ástæða til þess að fá svör bændanna sjálfra um það, hvort þeir vilji leggja á sig það, sem frv. leggur þeim á herðar, til þess að fá þá þau lífeyrisréttindi, sem frv. hins vegar ákveður þeim? Ég álít, að þetta liggi ekki ljóst fyrir, þó að Stéttarsamband bænda hafi gert um þetta samþykktir á sínum tiltölulega fámennu fundum og síðan farið að samningaborði til ríkisstj., því að málið mun mjög lítið hafa verið rætt almennt í bændasamtökunum, þ. e. búnaðarfélögunum eða öðrum samtökum þeirra eða á almennum fundum í sveitum. Að því leyti held ég einnig, að hv. 3. þm. Norðurl. v. hafi rétt fyrir sér, þ. e. að málið sé ekki byggt á óskum eða vilja bændastéttarinnar og svífi þannig að nokkru leyti í lausu lofti eins og Stéttarsamband bænda sjálft.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég held, að allir þeir hv. ræðumenn, sem tekið hafa til máls um þetta frv., hafi mælt á þá leið, að reynslan þurfi að skera úr því, hvernig þessi lög muni reynast, og ég held, að allir beri nokkurn kvíðboga fyrir því, að hér sé um mjög gallað frv. að ræða. Þeirrar skoðunar er ég líka. En einn hv. þm., 3. þm. Norðurl. v., hefur mælt hér mjög harðlega gegn frv. og talað af fullri alvöru og flutt margar röksemdir gegn málinu. Nú er það varla á færi okkar að hrekja eða samþykkja allar þær tölulegu upplýsingar, sem hann hefur komið með. En ég er sannfærður um, að hann hefur ákaflega mikið til síns máls. Það kann að vera, að hann hafi eitthvað ofmælt eins og oft vill koma fyrir, en ég efast ekkert um það, að hann hafi líka margt rétt að mæla. Mér finnst því full ástæða til, að það sé sett það ákvæði inn í þessi lög, að þau skuli endurskoðuð innan skamms tíma, og þess vegna höfum við þrír þm. leyft okkur að flytja skrifl. brtt. við frv., sem hljóðar þannig:

„Lög þessi skulu endurskoðuð fyrir árslok 1972."

Með þessu viljum við tryggja það, að ágallar þessa frv. verði ekki til frambúðar, og með því erum við að gefa bændastéttinni, samtökum bænda í landinu, vísbendingu um það, að þeir skuli nú þegar, eftir að lög þessi hafa verið sett, bera saman ráð sín, skoða rækilega þessi nýju lög og undirbúa till. um breytingar á þessum lögum, svo að þau verði endurskoðuð innan tveggja ára eða eftir tvö ár. Við, sem flytjum þessa till., erum Sigurvin Einarsson, Þórarinn Þórarinsson og Ágúst Þorvaldsson. Ég vil því biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir þessari skriflegu brtt., svo að hún geti komið hér til umr. og atkvgr. Hún er ósköp einföld og felur ekkert annað í sér en þetta að tryggja það, að l. verði endurskoðuð ekki síðar en fyrir árslok 1972.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 273) leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Björn Pálsson: Herra forseti. Má ekki tala um þessa dagskrá líka? Það er nú dálítið erfitt að fá svona í lokin, þegar maður er búinn að tala sig dauðan, jafntungulipran mann og hæstv. fjmrh., því að það er dálítið skemmtilegt að slá svona úr og í: „Jú, þetta er nú satt, góði, en þetta er nú reynandi samt." Þetta mýkir allt saman, eins og þegar verið er að bera feiti á vélar, þá snúast hjólin betur á eftir, og m. a. var hæstv. ráðh. að tala um viðurkenningu á Lífeyrissjóði bænda. Ég hélt, að það þyrfti engin stétt að fá neina sérstaka lagalega viðurkenningu. Það er heimilt að stofna lífeyrissjóði fyrir bændur eins og aðra menn, en það er ekkert góðverk að veita einhverjum viðurkenningu til að fá að stofna lífeyrissjóð með sínum eigin peningum.

Ég ætla að gera í örfáum orðum grein fyrir því, hvað ég vil, því að hæstv. ráðh. lét það í ljósi, að sér væri það ekki alveg ljóst. Ég vil hafa tryggingunа frjálsa. Ég vil, að þeir sem vilja tryggja sig, greiði í peningum. Ég vil, að ríkissjóður greiði 50% á móti. Þetta er svipað og í Finnlandi. Það þekkist hvergi í heiminum trygging eins og verið er að koma á hér fyrir bændur — hvergi í heiminum. Það er hvergi skyldutrygging á bændum í heiminum nema í Finnlandi, og þar greiða þeir helming af iðgjöldunum, ríkið verður að borga helming og miðað er við jarðir. En að vaða í reikning manna, taka þar ákveðna prósentu af brúttótekjum bóndans — þó að hann hafi engar nettótekjur — eftir ákvæðum einhverrar sjóðsstjórnar, senda það svo suður í Reykjavík, láta einhverja fimm manna stjórn — eða ég veit ekki, hve margt starfslið — reikna út fyrir hvern einstakan bónda, hvað hann á að greiða og endurgreiða svo eitthvað ofurlítið þeim, sem hafa allra mestu tekjurnar. Nei, þetta er skoplegt.

Hitt skil ég vel, að þegar ríkisstj. kemur með frv., vill hún ekki láta fella það, enda er ég búinn tvisvar eða þrisvar að tala við Ingólf um að draga frv. til baka. Það var hér á árunum, að það kom frv. frá menntmrh. um að setja alla í tukthúsið, sem létu unglinga innan 18 ára vinna eftir kl. 5 á daginn; tveggja ára fangelsi lá við. Þeir höfðu vit á að draga þetta frv. til baka. Ég stóð þá eiginlega alveg einn hér líka. Það er alveg eins nú. Það var sjálfstæðismönnum að þakka, að það frumvarp var dregið til baka. Þeir sáu, að þetta var endileysa, og þeir hefðu nú átt að sjá, að þetta frumvarp er endileysa og draga það til baka fremur en senda mann, sem er háll í svörum, upp í ræðustólinn undir lokin til þess að bera á ryðið og sprungurnar.

Þetta er í fáum orðum sagt mín skoðun. Ég vil ekki þvinga bændur inn í neinn svona félagsskap. Þeir um það, hvort þeir vilja tryggja sig, borga sín iðgjöld sjálfir, og ríkið leggur á móti. Sá kostur er við þetta, að það tryggir sig varla nokkur bóndi, svo að það verða lítil útgjöld fyrir ríkið. Hitt er algerlega gert í heimildarleysi af stéttarsambandinu að fara að semja fyrir hönd allra bænda, því að stéttarsambandið hefur ekkert umboð til þess. Ég hef aldrei gefið stéttarsambandinu neitt umboð fyrir mína hönd, og ég veit ekki til, að neinn maður hafi gert það, sem ég þekki til. Og það er dálítið erfitt að skilja, að það eru menn eins og 9. þm. Reykv. og Eðvarð Sigurðsson — ég man ekki númerið á honum þessa stundina — sem tala hér af langmestri þekkingu um þessi mál. Það er af því, að þeir hafa meiri reynslu. Þeir eru búnir að sjá gallana. Þó að ekki sé annað en þetta sífellda verðfall peninga, þá eru ógengistryggðir lífeyrissjóðir lítils virði. Það er verið að gera þarna hlut, sem hvergi þekkist í heiminum — vaða í reikninga bændanna og taka þaðan eftir ákvörðun einhverrar sjóðsstjórnar ákveðna prósentu af brúttótekjum bænda. Ég er búinn að skýra fyrir mína hönd að hverju ég gæti gengið — að frjálsri tryggingu, ef iðgjöldin eru borguð beint og ríkissjóður leggur helming á móti. Þetta er ákaflega einfalt og kostar litla vinnu — margfalt minni vinnu.

Frv. er þannig allt saman meira og minna vit-

laust og gallað, að það er ekki til neins að koma með brtt. Það verður að semja frumvarp eftir allt öðrum reglum. En að endurskoða eftir tvö ár; það er að gera þetta þinghald meinlausara. Mennirnir eru nefnilega sannfærðir um, að það sé lítið vit í frv. Miklu hreinlegra og eðlilegra er að greiða bara atkv. á móti því, eins og ég ætla að gera. En það þarf ekkert að vera að koma með neinar samþykktir, því að frv. fær engan frið að hafa, þó að það verði samþ. nú. Og ef enginn verður til að kveikja eldinn, þá skal ég gera það.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., enda ástæðulaust. Það hefur áður komið fram, og ég vil aðeins leggja á það áherzlu, að þó að þetta frv. hafi verið undirbúið af stjórnskipaðri n. — að tilhlutan hæstv. landbrh. á sínum tíma — þá var það í framhaldi af samþykktum bæði Stéttarsambands bænda og Búnaðarþings, sem eru þeir aðilar, sem út á við hafa komið fram fyrir hönd bænda. Varðandi það atriði, sem hv. 9. þm. Reykv. nefndi hér, að stéttarsamtök bænda héngju í lausu lofti og stéttarsambandið mundi ekki hafa vald til þess að binda bændur að þessu leyti, þá er það vitanlega rétt, að stéttarsambandið hefur það ekki, og það má vera, að það sé nauðsyn að koma fastara formi á félagsskap bænda. En mér er ekki heldur kunnugt um, að Alþýðusamband Íslands hafi neina heimild til að binda verkalýðsfélögin, t. d. í sambandi við það að leggja á þau kvaðir um lífeyrissjóð og annað. (Gripið fram í.) Ekki nema stéttarfélögin hafi samþykkt það, nei. Þannig að ... (Gripið fram í.) Já, en sú forsenda þarf að vera fyrir hendi, að stéttarfélögin hafi samþykkt það, til þess að Alþýðusambandið geti gert slíkt. Og meira að segja var það talið nauðsynlegt að festa með l. ákvæðin um lífeyrissjóð stéttarfélaganna. Og það var óskað eftir því af viðkomandi aðilum, að það yrði gert með l., því að öðruvísi er það auðvitað ekki hægt. Það er rétt, að stéttarsambandið hefði auðvitað ekki getað komið þessu á, nema þetta yrði gert með l., og því var samþykkt áskorun um það að óska eftir því, að ríkisstj. undirbyggi þetta mál, og það var gert í samráði við stéttarfélögin.

Ég vil taka það skýrt fram út af því, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði, að þetta er ekkert úrslitakostamál af hálfu ríkisstj., þ. e. hvort þetta mál verður samþ. hér á Alþ. eða ekki. Það er síður en svo. Og ríkisstj. lítur ekki á það sem neitt vantraust á sig, þó að það verði ekki samþ. Ég tók það fram, þegar málið var lagt hér fram, að þetta yrði að vera algerlega mat hv. þm., hvort þeir teldu, að þetta væri til hagsbóta fyrir bændur eða ekki. Og það er auðvitað jafnfjarri lagi, að ríkisstj. fari að afturkalla þetta frv., ef það hefur fylgi hér á hinu háa Alþ. Ég hef áður lýst því yfir, að það sé sjálfsagt og óumflýjanlegt að endurskoða þessi lög. Þau eru nýsmíði á margan hátt, og það sýnir sig, eins og kom fram hjá hv. talsmönnum verkalýðshreyfingarinnar, að það sé þörf á að endurskoða ýmis atriði í þeim l., sem sett voru um lífeyrissjóð verkalýðsfélaganna. En ég sé ekki, að það breyti neinu um það, að það geti verið rétt að setja þessi lög núna og sjá síðan, hverju fram vindur. Hvort menn vilja samþykkja þá till., sem hér var sett fram um, að l. skuli endurskoðuð innan tveggja ára, skal ég ekkert segja um og læt hv. þm. algerlega um að meta það, hvort rétt sé að gera þá breytingu á frv. eða ekki. Það felur auðvitað ekki í sér neina efnisbreytingu á frv., en ég tel, að enda þótt slík ákvæði væru ekki sett, þá leiddi það þegar af eðli málsins, að frv. mundi verða endurskoðað samstundis og ástæða þykir til — hvort sem það verður innan tveggja ára eða eins árs — að gera breytingar, ef gallar koma í ljós við framkvæmd laganna.

Hvað því viðvíkur að hafa lífeyrissjóðinn frjálsan, þá er það auðvitað alveg út í hött. Enda kom það fram hjá hv. 3. þm. Norðurl. v., að hann taldi, að útgjöld ríkissjóðs — sem hann vildi, að borgaði 50% á móti í sjóðinn — mundu verða lítil vegna þess, að fáir mundu nota sér þetta. Enda er sannleikurinn sá, að frjálsir lífeyrissjóðir hafa ákaflega litla þýðingu, og ég held, að það mundi ekki leggja traustan grundvöll eða vera til neinna bóta. Ég fyrir mitt leyti mundi ekki vilja standa að neinni löggjöf um það að koma á frjálsum lífeyrissjóði og tel, að það mundi ekki þjóna neinum tilgangi, enda hygg ég, að allir, sem standa að lífeyrissjóðum, telji, að það komi að litlu gagni.

Þetta er auðvitað alveg rétt, að það eru mikil útgjöld, sem ríkissjóður hefur vegna Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins við verðtryggingu þess sjóðs, og það er náttúrlega meira en verðtrygging, sem fólgin er í þeim sjóði, vegna þess að lífeyrisþegarnir njóta beinlínis þeirra kauphækkana, sem verða, þannig að verðtryggingin er hér mjög fullkomin, og enginn annar sjóður hefur hliðstæðan rétt. Það er alveg rétt. Og það hefur oft verið rætt um það, hvort það væri hægt að koma á verðtryggingu annarra lífeyrissjóða, t. d. á þann hátt að nota ráðstöfunarfé sjóðanna til þess að ávaxta þá með einhverjum þeim hætti, að sjóðirnir gætu tryggt fé sitt og verið þess umkomnir að borga a. m. k. að einhverju leyti verðtryggingu. Þetta er auðvitað mál, sem er hárrétt, að hefur grundvallarþýðingu varðandi það, að lífeyrissjóðirnir geti náð fullkomlega sínum tilgangi. Engu að síður hefur það verið skoðun allra, að ég hygg — og ég hygg, að það sé sameiginleg skoðun allra, sem standa að lífeyrissjóðum — að enginn þeirra vildi missa sína lífeyrissjóði, enda þótt það hafi ekki tekizt enn þá að verðtryggja þá.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 36. fundi í Nd., 18. des., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 273 samþ. með 24:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, GíslG, HS, HV, IngJ, IG, JK, JSk,

JónasÁ, JP, LJós, MK, PJ, SE, SV, SP, VH, ÞÞ, MÁM, ÁÞ, BF, EKJ, EðS, TÁ.
nei: FÞ, GeirH, GuðlG, GÞG, JóhH, MB, ÞG, SI, SvJ, ÁS, BK, BrS, EmJ, BGr.

BP greiddi ekki atkv.

1 þm. (GunnG) fjarstaddur.

Frv., svo breytt, samþ. með 37:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HS, IngJ, IG, JóhH, JK, JSk, JónasÁ, JP, LJós, MK, MB, PJ, ÞG, SI, SE, SV, SP, SvJ, VH, ÞÞ, MÁM, ÁÞ, ÁS, BF, BK, EKJ, BrS, EðS, EmJ, TÁ, FÞ, GeirG, GeirH, GíslG, GuðlG, GÞG, BGr.
nei: BP.

HV greiddi ekki atkv.

1 þm. (GunnG) fjarstaddur.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Með tilvísun til ályktunar aðalfundar Stéttarsambands bænda um þetta mál og til brtt., sem samþ. hefur verið við frv., segi ég já.

Frv. endursent Ed.

Á 38. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 298).

Á 39. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Sú eina breyting, sem þetta mál hefur tekið í hv. Nd., er sú, að samþ. var þar, að lögin skyldu endurskoðuð innan tveggja ára og þá gerðar á því þær breytingar, sem nauðsynlegar þættu miðað við þá reynslu, sem þá væri fengin. Þessu tel ég rétt að skýra frá, og að öðru leyti varð engin breyting á frv. Ég vonast til, að þessi breyting sé þess eðlis, að hún breyti ekki afstöðu manna hér til málsins, og ég tel ekki þörf á því, að það fari hér aftur til nefndar.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 304).

---

17. Háskóli Íslands (stjfrv. um þjóðfélagsfræði).

Á 11. fundi í Sþ., 24. nóv., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 84/1970, um Háskóla Íslands [147. mál] (stjfrv., A. 179).

Á 23., 24. og 25. fundi í Nd., 25., 26. og 30. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., 2. des., var frv. enn tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Haustið 1969 var hafin undirbúningskennsla í þjóðfélagsfræðum við Háskólann og unnið á s. l. vetri og s. l. sumri að því að undirbúa fasta skipun á þeirri kennslu. Niðurstaðan varð sú að haga þessari kennslu með nokkuð nýjum hætti, þ. e. að stofna ekki sérstaka deild innan Háskólans til þess að annast þessa kennslu, né heldur að fela hana alla einstakri deild, sem hafði þó verið mjög rætt, t. d. viðskiptadeild, heimspekideild eða lagadeild, heldur varð niðurstaða Háskólans og menntmrn. sú að efna til nýjungar í starfi Háskólans með því að stofna til sérstakrar námsbrautar, sem ekki tilheyri einni ákveðinni deild, heldur fleiri en einni deild, og skuli þá þessari námsbraut stjórnað af fulltrúum frá þeim deildum, sem hlut eiga að máli auk fulltrúa frá stúdentum. En þetta gat því aðeins orðið, að gerð yrði breyting á l. Háskólans, og til þess að þessi kennsla gæti hafizt í hinu nýja formi þegar í byrjun háskólaársins, þá féllst forseti Íslands á að gefa út brbl. um þetta efni 21. ágúst 1970, og það eru þau brbl., sem hér eru til staðfestingar.

Efni þeirra er það, að við Háskóla Íslands skuli stofna sjálfstæða námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum og lúti hún sérstakri námsstjórn. Í námsstjórn eiga sæti fastráðnir kennarar í þjóðfélagsfræðum við námsbrautina, einn fulltrúi tilnefndur til tveggja ára af forseta viðskiptadeildar úr hópi prófessora deildarinnar, og er hann formaður, tveir fulltrúar tilnefndir til tveggja ára af háskólaráði úr hópi prófessora, dósenta og lektora og tveir fulltrúar stúdenta tilnefndir af aðalfundi Félags stúdenta í almennum þjóðfélagsfræðum.

Eins og ég gat um áðan, hófst undirbúningskennsla í þjóðfélagsfræðum í fyrra við Háskólann, en endanlegu formi var samkv. þessum brbl. komið á þá kennslu á s. l. hausti. Við nám í þjóðfélagsfræðum eru nú 115 stúdentar. Það, sem nefnt hefur verið almenn þjóðfélagsfræði, er samheiti á allumfangsmiklu fræðasviði. Er gert ráð fyrir, að á þjóðfélagsfræðanámsbrautinni verði aðalgreinarnar félagsfræði og stjórnmálafræði, en aðrar kennslugreinar verði hagfræði, sálarfræði og tölfræði auk sérstakra kjörgreina stúdenta, en náminu á að ljúka með B.A.-prófi.

Í þessu sambandi er rétt að láta þess getið til fróðleiks, að á árinu 1968—1969 var hafin kennsla í ýmsum greinum náttúruvísinda til B.S.-prófs innan verkfræðideildar og var nafni deildarinnar breytt í samræmi við aukið verksvið hennar í verkfræði- og raunvísindadeild. Samkv. nýsettum reglugerðarákvæðum við deildina veitir hún nú kennslu til B.S.-prófs í undirstöðugreinum raunvísinda, þ. á m. stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði og líffræði, en undir hana falla auk almennrar líffræði og lífefnafræði dýrafræði, grasafræði, jarðvísindi og landafræði. Aðsókn stúdenta að hinum nýju kennslugreinum á sviði náttúruvísinda hefur reynzt mjög mikil, og stunda nú alls 174 stúdentar nám í þessum greinum til B.S.-prófs. Samkv. hinum nýju reglugerðarákvæðum um deildina, sem gildi tóku í

sumar, verður hér eftir unnt að ljúka almennu verkfræðiprófi, B.S.-prófi, við deildina í byggingarverkfræði, vélaverkfræði og rafmagnsverkfræði. En eins og kunnugt er, hafa verkfræðistúdentar fram til þessa þurft að fara utan til síðari hluta námsins. Kennaralið verkfræði- og raunvísindadeildar eins og raunar flestra annarra deilda Háskólans hefur verið aukið að mun á síðustu missirum í sambandi við aukið starfssvið deildarinnar.

Auk þessara nýju námsbrauta, sem ég hef nú nefnt, má geta þess, að námsskipan margra deilda Háskólans hefur verið endurskoðuð á síðustu árum eða missirum, m. a. í framhaldi af starfi háskólanefndarinnar, sem skilaði áliti haustið 1969. Ný heildarákvæði í háskólareglugerð hafa verið sett um læknadeild, lagadeild, viðskiptadeild og verkfræði- og raunvísindadeild og ákvæðum um heimspekideild breytt, en nýskipan náms í þeirri deild var komið á skv. reglugerðarbreytingu árið 1965. Hið nýja námsfyrirkomulag í framangreindum deildum felur m. a. í sér aukna fjölbreytni kennslugreina og víkkun á starfssviði deildanna, m. a. í sambandi við framhaldsnám. Þetta taldi ég rétt, að fylgdi upplýsingum um þetta frv. til staðfestingar á brbl. um nám í almennum þjóðfélagsfræðum.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 179, n. 248, 249).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Háskóli Íslands er í hröðum vexti um þessar mundir, stúdentum fjölgar ört, og munu allir sammála um nauðsyn þess að gefa þeim kost á fjölbreyttara námi við skólann en þeir hafa notið hingað til. Í þessum anda voru 21. ágúst s. l. gefin út brbl. til þess að koma á kennslu í almennum þjóðfélagsfræðum við Háskólann. Þessi brbl. hafa nú verið lögð fyrir hæstv. Alþ. til staðfestingar.

Það kemur fram í brbl., að undirbúningur þessa máls, sem mun efnislega hafa verið allmikill hjá Háskólanum, hefur orðið næsta óvenjulegur, þegar kom til framkvæmda. Umrædd kennsla var sett á stofn, en ekki vildi háskólaráð, að þetta yrði sjálfstæð deild, og ekki vildi Háskólinn heldur, að þetta yrði kennsla innan þeirra deilda, sem fyrir voru. Þess vegna var búið til fyrirbrigði, sem heitir „námsbraut", sem er hvorki deild né ekki deild í Háskólanum, og með sérstökum ákvæðum sett sérstök stjórn yfir þá námsbraut.

Menntmn. hefur tekið þetta frv. til athugunar, og rektor Háskólans hefur mætt á fundi n. um það. Voru bæði n. og rektor sammála um, að þessi skipan væri óeðlileg. Hins vegar er þetta þegar orðið, og n. sér ekki ástæðu til þess að breyta því með einu pennastriki algerlega, en hefur valið þann kost að fylgja till. rektors um að leggja til, að bætt verði í það, sem verður 41. gr. háskólalaganna, ef þetta frv. verður samþ., málsgr., sem hljóðar svo:

„Heimilt er, að námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum verði sérstök þjóðfélagsfræðadeild eftir ákvörðun menntmrh. að fengnum till. háskólaráðs og eftir umsögn rektors og háskólaritara." Fer þá um stjórn þeirrar deildar eftir almennum ákvæðum þessara laga, þ. e. háskólalaganna, þó með hliðsjón af 1. málsgr. 42. gr. Vil ég því láta í ljós þá von, sem ég hygg, að menntmn. styðji öll, að það verði unnt að gera þjóðfélagsfræðakennsluna — eða námsbrautina, eins og hún heitir að lögum nú — að venjulegri háskóladeild. Það er trú okkar, að hlutverk þessarar kennslu sé mikið, enda er það efni, sem hún á að spanna yfir, ærið mikilvægt og fjölbreytilegt.

Þá kom í ljós við athugun málsins, að nauðsynlegt var talið af Háskólanum að setja nokkur viðbótarákvæði, og eru þau í brtt. n. á þskj. 249. Brtt. er aðeins ein við 1. gr., en í þessari einu till. felst það, sem væntanlega að frv. samþykktu verða 41., 42., 43. og 44. gr. háskólalaganna, sem verið er að breyta. Þarna er um framkvæmdaratriði að ræða, sem ég sé ekki ástæðu til þess að fara ítarlegar út í.

Með þessum brtt. eða að þeim samþykktum mælir menntmn. einróma með samþykkt frv., og ég vil taka fram, að á nál. á þskj. 248 vantar nafn Tómasar Árnasonar, sem er sammála öðrum nm. um málið.

Háskólinn hefur svo látið í ljós eindregna ósk um það, að mál þetta verði afgreitt nú fyrir jólin, og telur, að ekki sé grundvöllur fyrir því að ganga frá ráðningu prófessors í embætti, sem þegar er búið að auglýsa og tveir umsækjendur munu vera um — né heldur sé grundvöllur undir útgáfu nauðsynlegra reglugerða — nema frv. þetta nái staðfestingu með þeim breytingum, sem menntmn. leggur til að ráði rektors Háskólans.

ATKVGR.

Brtt. 249 (ný 1. gr.) samþ. með 26:1 atkv.
2. gr. samþ. með 26:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25:1 atkv.

Á 32. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 262).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Björn Pálsson: Herra forseti. Af því að ég greiddi víst einn atkvæði á móti þessu frv., þá þykir mér hlýða að gera með örfáum orðum grein fyrir minni afstöðu í því máli.

Það hefur verið þannig hin síðari árin, að það hefur fjölgað gróflega ört prófessorum og dósentum í þessari stofnun, en ég er ekki viss um, að jafnmikið hagnýtt hafi komið frá þessari ágætu stofnun. Ég hef ekki haft tíma til að kynna mér þetta nógu rækilega, en maður getur ekki snúizt í öllu. Ég var að hugsa um lífeyrissjóðinn núna síðast, og ég vil ekki fara að deila um mál nema setja mig nógu vel inn í það. Ég er orðinn það aldraður, að ég veit, að það er ekki skynsamlegt, en mér hefur borizt til eyrna, að í þessari nýju deild séu komnir eitthvað á annað hundrað nemendur til að læra einhverja þjóðfélagsvizku. Ætli það verði ekki svo, áður en langir tímar líða, að þeir einir verða gjaldgengir sem þm., sem hafa dundað þarna í þessari þjóðfélagsfræði í nokkur ár. Mér skilst það, að þetta miði allt að því. Og svo er búið að gera mikið meira þarna í Háskólanum. Það er fjöldi af stúdentum, prófessorum og dósentum og alls konar herrum þarna upp frá. Og þetta er ágætt; menntun er ágæt, og allt vel um það. En hún verður bara að vera hagnýt að einhverju gagni, en ég held, að það séu ýmsar deildir þar, sem gerði lítið til, þótt hefðu færri nemendur. Þeir gætu unnið ýmislegt annað þarfara í þjóðfélaginu.

Menntmrh. var nú að segja í ræðu einhvern tíma í vetur, að það væri búið að ráða mann til að leiðbeina mönnum um það, hvaða fög þeir ættu að velja að stúdentsnámi loknu, og það er ekkert nema vel um það og gæti vel verið, að það væri réttara að hafa fleiri leiðbeinendur t. d. þrjá. Þeir þyrftu ekki að vera á fullum launum allir, en það er margt, sem þarf að læra. Það má vera, að einn maður geti ekki ráðið yfir svo mikilli þekkingu, að hann geti leiðbeint á öllum sviðum inn á réttar námsbrautir, og ég hef ekkert út á það að setja.

En ég held, að það sé margt lært í Háskólanum, sem ekki hefur hagnýta þýðingu og er vafasöm menntun. Það er vafasamt að hanga yfir litlu eða engu námi í 4—5 ár fyrir unga, efnilega og vel gefna menn, sem ég efast ekki um, að þessir menn eru að eðlisfari, því að það getur verið, að þeir verði að slæpingjum. Þeir eru orðnir of fínir til að vera svona í almennri vinnu eins og ég og mínir líkar. Ég fór að dunda við að græða smávegis, svo að ég gæti rekið búskap, meðan ég var ungur, en þarna sitja þeir og læra þjóðfélagsfræði, og ekki geta þeir allir orðið þm. Og það er spurning, hvort það er þeim til góðs, hvort þeir ættu ekki að læra eitthvað annað, sem gæti verið hagnýtara fyrir þá í lífinu. Þannig er það með þessa menn, sem við erum að senda út í lönd að læra. Mér skilst, að þeir hafi fengið að læra, hvað sem þeir vildu. Svo fara þeir í sendiráðin og vippa út einhverjum sendiráðsritaraaumingja, ef þá vantar peninga. Ég held, að það væri réttara, eins og hæstv. fjmrh. minntist hér á einu sinni í ræðu, en því miður hefur hann bara ekki framkvæmt það. Og hæstv. ráðh. hefur betri aðstöðu en ég til að framkvæma hlutina — til að ákveða fyrir fram, hvers þjóðfélagið þarfnast, þ. e. að menn læri og séu svo styrktir til þess, en séu ekki að dunda við eitthvert nám úti í löndum, sem þjóðfélagið hefur ekki þörf fyrir. Þetta þarf allt að skipuleggja betur.

Ég sagði áðan, að ég hefði ekki getað kynnt mér þessi háskólamál, en ég ætla að reyna að gera það við tækifæri, og mér lízt þannig á þessa deild, að það hefði verið skaðlaust, þó að það hefði eitthvað beðið að stofna hana, og þeir ættu að geta dundað við annað þessir væntanlegu félagsmála- eða þjóðfélagsfræðingar en sitja þarna. Þess vegna vil ég ekki vera að greiða atkv. með frv. Ég held satt að segja, að Háskólinn hafi ekki verið of góður fyrir, þó að þessi deild bættist ekki við. Þegar við fáum þessa hálærðu menn eins og lækna, presta og sýslumenn, sem ekki reynast í sumum tilfellum neinir ofvitar, þá vilja þessir herrar ekki vera hjá okkur úti á landsbyggðinni. Við höfum aldrei verið læknislausir í mínu héraði, en það eru mörg héruð, sem ekki hafa lækni. Ef . . . (Gripið fram í.) Það ætti þá ekki að vanta lækna þarna á Austurlandinu, þegar þetta gengur svona. Það er nú svo, að það geta ekki allir verið í skjólinu. Þó að það sé eitthvað næðingssamara úti á landi, þá verða menn að sýna karlmennsku, því að þjóð án þreks og karlmennsku er á vafasömum vegi. Þá held ég a. m. k., að þetta hljóti að einhverju leyti að stafa af því, að andrúmsloftið sé ekki rétt þarna. Því þyrfti einhverju að breyta, ef menn geta ekki unnið í þágu þjóðfélagsins það, sem þarf að gera, og þykjast of stórir og fínir menn til þess á einhvern hátt, þá er það ekki réttur andi, sem ríkir í þessari stofnun, og ég held, að þetta sé víða svona í menntamálum okkar, að þar sé ekki nógu hagnýt kennsla. Áróður er fyrir því, að menn þurfi endilega að verða stúdentar. Það er minni áherzla lögð á ýmsa hluti, sem alveg er nauðsynlegt að menn læri.

Ég las grein í blaði eftir íslenzkan mann í Ameríku um úthlutun á námsstyrkjum. Hann var að tala um, að það væri dálítið óeðlilegt hjá þjóð, sem lifði aðallega á fiskveiðum og vinnslu á fiski, að af öllum þessum styrkjum fór ekki einn einasti til þess að nema þau fræði, sem þjóðinni lá hvað mest á, að við hefðum færa menn í. Það er allt vel um menntun, en menntun svona skipulagslaus og óhagnýt, eins og ég álít satt að segja í mörgum tilfellum, að hún sé hjá okkur, er engri þjóð til góðs. Og svo þegar þessir herrar eru búnir að sitja í 4—5 ár í háskóla — sumir læra ekkert, en aðrir eitthvað, þá eru þetta orðnir of fínir menn til að gera það, sem þarf að gera. Við höfum margt af lögfræðingum, hagfræðingum og viðskiptafræðingum. Mér er sagt það með viðskiptafræðingana, að þeir fái nú vinnu, þegar þeir eru búnir að læra. Þeir fari í bankana, og hagfræðingarnir fái eitthvað til þess að dunda við, en það er alveg brennt fyrir, að þessir menn hafi vit á nokkru, sem þeir þurfa að hafa vit á, enda væri okkar landi miklu betur stjórnað, ef menn hefðu nógu góða þekkingu á því, sem þarf að gera, þá væri ekki svo mikið að hlutunum. Ég held, að við höfum nóg af viðskiptafræðingum, hagfræðingum og jafnvel lögfræðingum. Það vantar ekki hér á skrifstofurnar lögfræðinga.

Ég held, að það þurfi að endurskoða allt þetta kerfi, og þetta er ástæðan fyrir því, að ég greiddi ekki atkv. með þessu nýja frv. Það er orðið nóg af vitleysu í Háskólanum, þó að þessi deild bættist ekki við. En það er ekki þannig, að ég sé að reyna að hafa nein áhrif á, að þið greiðið ekki atkv. með frv. Og satt að segja held ég, að það væri ekki alveg vonlaust, að fjármálastjórn okkar væri betri, ef hagfræðingar hefðu þar aldrei komið nálægt. Maður, sem hefur fjármálavit, hefur ekkert að gera með að læra hagfræði. Ég hef ekki orðið var við, að þessir viðskiptafræðingar okkar hafi gert miklar rósir á viðskiptasviðinu. Okkar beztu verzlunarmenn hafa aldrei farið í viðskiptaháskóla. Hvað á maður, sem hefur fjármálavit, að gera með að dunda í þessu? Og hvað eiga þessir hagfræðingar að gera? Jú, þeir eru alltaf að reikna út, hvað sé hagnýtt við að fella gengi og hvað græðist mikið á að fella gengi. Þeir reikna ekki út fyrir okkur, hvað er mikið tap á því að fella gengi. Fæddir fjármálamenn hafa ekkert að gera með að vera í neinum hagfræðiskóla. Mér var sagt, að gamli Churchill hefði ekki viljað láta hagfræðinga koma nálægt fjármálum, og ég held, að karlinn hafi verið nokkuð vitur í því eins og fleira.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 33. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 36. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. var flutt í hv. Nd. til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út í september s. l. Efni brbl. var það að taka inn í háskólalög ákvæði um nám í almennum þjóðfélagsfræðum. Háskólinn hafði ekki óskað eftir því, að sérstök háskóladeild væri stofnuð í sambandi við þetta nýja nám í almennum þjóðfélagsfræðum, heldur eftir því, að stofnað yrði til sérstakrar námsbrautar og skyldi námið stundað í nokkrum af deildum Háskólans og yrði það undir sérstakri stjórn. Féllst ríkisstj. á þetta sjónarmið Háskólans, og voru brbl. sett í samræmi við óskir stofnunarinnar. Hv. menntmn. hefur aukið við frv. nokkuð í samráði við mig og Háskólann. Aðalbreytingin er fólgin í því, að nú skuli heimilað að stofna sérstaka deild, sérstaka þjóðfélagsfræðadeild, í Háskólanum að fengnum till. háskólaráðs og umsögn rektors og háskólaritara. Það var andstaða gegn því á s. l. sumri í Háskólanum, að slík deild yrði stofnuð. Nú virðist svo sem sú andstaða sé orðin minni. Ég mun ekki stofna sérstaka deild, nema Háskólinn geri till. um það. Málið var afgr. shlj. í hv. Nd. samkv. einróma meðmælum hv. menntmn. Ég vona, að eins fari hér, að ekki verði ágreiningur um málið. Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til menntmn. með 16 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 262, n. 297).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Guðmundur H. Garðarsson): Herra forseti. Menntmn. hefur fjallað um frv. og er sammála um að mæla með samþykkt þess. Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru tveir nm.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 303).

---

18. Fyrirframinnheimta opinberra gjalda.

Á 30. fundi í Ed., 14. des., var útbýtt:
Frv. til l. um fyrirframinnheimtu opinberra gjalda [176. mál] (stjfrv., A. 250).

Á 32. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Svo sem öllum hv. þdm. er kunnugt, þá er svo ákveðið í gildandi lögum bæði varðandi ríkisskatta og útsvör, að heimilt sé að innheimta allt að 50% gjalda á hverju ári miðað við upphæð gjalda viðkomandi gjaldanda næsta gjaldár á undan. Með þessum hætti má í rauninni segja, að hafi að nokkru leyti verið komið á staðgreiðslukerfi skatta, þannig að menn byrja að greiða gjöld sín þegar í febrúar að því einu fráskildu eða með því afbrigði, að það er miðað við, hvað viðkomandi hafði í tekjur og gjöld árið áður. Það hefur oft verið á það bent einmitt í sambandi við nauðsyn þess að innleiða staðgreiðslu opinberra gjalda, að verði miklar sveiflur í tekju-

öflun, þá komi það mjög illa við menn að geta ekki hagað beinum mánaðarlegum greiðslum sínum í samræmi við það, sem þeir raunverulega eiga að greiða. Nú horfir þannig, að það eru allar líkur til þess, að á árinu 1970, þegar menn greiða af gjöldum ársins 1969, muni skattar hækka töluvert. Ég skal ekki segja, hvað mikið þeir hækka, það er enn óákveðið. Skattvísitala hefur að sjálfsögðu áhrif á það að vega upp á móti hækkun gjaldanna, að svo miklu leyti sem nemur vísitöluhækkunum, en það auðvitað þarf ég ekki að skýra fyrir hv. þdm., að það hefur aldrei komið til álita, að skattvísitala hefði áhrif í þá átt, að hún lækkaði beinlínis skattana að því marki, sem tekjur manna vaxa að raungildi til. Þannig að það er auðvitað ljóst öllum, að á næsta ári munu útsvör manna og skattar hækka töluvert. Með hliðsjón af þessu blasir það við, að við þann vanda verði að glíma að óbreyttum lögum á næsta ári, að menn greiði fyrri hluta ársins skatta miðað við álögð gjöld, þ. e. ársins í ár, og síðan síðari hluta ársins standi þeir andspænis því að þurfa að borga mun hærri hluta mánaðarlega af sínum tekjum í opinber gjöld en ella hefði verið, ef fyrir fram hefði verið vitað, hver þeirra gjöld endanlega yrðu.

Í sannleika sagt skiptir þetta ekki ýkja miklu fyrir ríkissjóð vegna þess, að tekjur ríkisins af tekjusköttum nema ekki nema 10% af ríkistekjum. Þetta skiptir fyrst og fremst máli fyrir sveitarfélögin og getur skapað þeim stórfelld vandræði auk þess, sem ég segi, að það skipti ekki minna máli fyrir gjaldandann, að hann greiði með nokkuð jöfnum greiðslum árið út þessi gjöld sín, en fái ekki neina óvænta sveiflu, eftir að álagning hefur verið birt á tilsettum tíma. Frv. þetta, sem hér liggur fyrir, er flutt af hálfu ríkisstj., en í nánu samráði og í rauninni eftir ósk Sambands ísl. sveitarfélaga, og er þar gert ráð fyrir því, svo sem segir í 1. gr. frv., að hækki kaupgjald almennt í landinu um 15% eða meira árið áður, þá sé heimilt að hækka umframgreiðsluna umfram þau 50%, sem nú eru í gildi. Með þessu segir ekkert um það, að umframgreiðslan eigi að hækka um 15%, heldur aðeins, að það er viðmiðun til þess, að verði kauphækkunin 15%, þá er svo fyrir mælt, að fjmrn. geti að fengnum till. Efnahagsstofnunarinnar ákveðið í janúarmánuði, strax þegar fyrirframgreiðslur hefjast, að hve miklu leyti fyrirframgreiðsla á að hækka. Nú er það auðvitað rétt, að það verður aldrei fyrir fram nákvæmlega vitað, hvernig skattar manna verða, þannig að þetta yrði að vera áætlunartala, en það er auðvitað ljóst, að jafnvel þó að hún yrði eitthvað of há, þá hefði það engin áhrif á gjöld manna í reynd, vegna þess að þau verða ákveðin að sjálfsögðu við skattlagninguna á sínum tíma. En með þessu móti yrði jafnvægi. Þetta er hugsað til þess að orka til jafnvægis á gjaldgreiðslur manna þá 10 gjalddaga, sem nú eru notaðir hjá öllum launþegum til þess að innheimta gjöld manna viðkomandi ár.

Ég skal taka það fram, af því að ég hef heyrt það úr einstaka átt og ég hef rætt þetta við forystumenn einstakra stjórnarandstöðuflokka, að það er auðvitað ljóst, að þetta mál fer ekki í gegn fyrir áramót nema með samkomulagi, og í öðru lagi er það jafnljóst — og ég legg á það áherzlu — að þetta er ekkert ríkisstjórnarmál í þeirri merkingu, að ríkisstj. sem slík leggi áherzlu á, að þessi heimild verði lögfest. Það er ekki vegna sérstakrar tekjuöflunar fyrir ríkið, heldur eins og ég segi — og ég hygg, að við getum verið sammála um það — bæði til hagsbóta fyrir gjaldendur og ekki síst sveitarfélögin. Vegna þessa tel ég nauðsynlegt, að um það geti orðið samstaða, og af þeim sökum hef ég ekkert á móti því, þó að þessu ákvæði yrði breytt. Ég hef heyrt það orðað jafnvel, að það væri óeðlilegt að láta fjmrh. ákveða þetta. Þetta er ekki til komið, vegna þess að ég hafi nokkra löngun til þess að ákveða þetta. Það er langt frá því. Og ef menn finna eitthvert annað form á því, þá er það mér gersamlega að meinfangalausu. Þetta er þannig orðað í frv.-uppkasti því, sem kom frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, og því er þetta ákveðið með þessum hætti. En þar sem hér er um sameiginlegt atriði að ræða varðandi bæði útsvör og skatta, þá er þetta ekki flutt sem breyting á útsvars- og skattalögum — þá hefði orðið að breyta hvorum tveggja þeim lögum — heldur er þetta flutt sem sérstakt mál, og ég skal jafnframt taka það fram, að í þeim skattalögum, sem má vænta, að verði að skattalagafrv., sem lagt yrði fyrir framhaldsþingið, þá verður gert ráð fyrir einhverju sambærilegu ákvæði, sem þar verði sett sem föst heimild.

Ég vildi leyfa mér að vonast til þess, að um þetta gæti orðið efnisleg samstaða, þótt — eins og ég segi — menn kunni að óska einhverra breytinga á orðalagi og það sé sjálfsagt. Höfuðatriðið er, að um það geti orðið samstaða, en því aðeins verður auðið að afgreiða þetta fyrir áramót, að hv. þd. báðar verði sammála um það, að það skuli ná fram að ganga með eðlilegum hætti, og hafi nokkuð hröð handtök. Og þess vegna vil ég leyfa mér að óska eftir því, að hv. fjhn. d., sem málið fer til, gæti afgr. málið frá sér það snemma, að það væri hægt að taka það fyrir, ef það væru deildarfundir á morgun, og væri þá hægt að koma því áfram, því að ég reikna með því, að reynt verði að stefna að því, að ljúka þingi fyrir helgi. Ef ekki er neitt sérstakt, sem er óljóst fyrir mönnum í þessu efni, þá sé ég ekki ástæðu til þess, herra forseti, að ræða þetta mál frekar við þessa umr., en legg til, að frv. verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 250, n. 281 og 283, 282).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Guðmundsson): Herra

forseti. Frv. til laga um fyrirframinnheimtu opinberra gjalda, 176. mál, flutt af hæstv. ríkisstj., hefur verið til umsagnar hjá fjhn. Ed. Á þskj. 282 flytur meiri hl. n. till. um breytingu og umorðun á 1. gr. Frv. þetta kveður á um, að innheimta opinberra gjalda megi hækka óákveðið á fyrri hluta árs, ef kaupgjald almennt í landinu hefur hækkað 15% eða meira. Slíkt skyldi í framkvæmd vera gert samkv. úrskurði fjmrn. að fengnum till. Efnahagsstofnunarinnar. Með brtt., sem fyrir liggur frá meiri hl. fjhn. á þskj. 282, er gert ráð fyrir að takmarka heimild til hækkunar á innheimtu fyrir fram greiddra gjalda í 57% — þó því aðeins að kaupgjald hafi hækkað meira en 15% árið áður, eins og áður var í frv. Einnig hefur orðalagi 1. gr. verið breytt og það gert skýrara. Að þessari brtt. standa allir nm. nema háttv. 4. þm. Norðurl. e., sem er andvígur frv. og skilar nál. á þskj. 283. Nál. meiri hl. á þskj. 281 er undirritað með fyrirvara af hv. 11. þm. Reykv., hv. 3. þm. Vestf. og hv. 4. þm. Reykn. Benda má á, að í brtt. meiri hl. er ekki gert ráð fyrir, að fjmrn. þurfi að afla sér umsagnar eða fá till. Efnahagsstofnunarinnar, eins og frv. gerir ráð fyrir. Í aths. við 1. gr. frv. er talið, að hér sé verið að bæta þá ágalla, sem verið hafa á því að jafna greiðslubyrði gjaldenda milli fyrri og síðari árshelmings þegar kaup hækkanir fyrra árs ná 15% eða meira. Fjhn. lítur nokkuð öðrum augum á þetta mál en þeir, sem samið hafa frv. þetta. Þess vegna liggur hér fyrir brtt. við 1. gr., eins og ég hef áður getið.

Mín persónulega skoðun er sú, að kaupgjald eigi aldrei að hækka 15% eða meira á einu ári. Hið óæskilega ástand, sem skapazt hefur hér á yfirstandandi ári og reyndar oft áður, er hið óheppilegasta, og til þess eru vítin að varast þau. Ég er ekki í vafa um, að sú þróun, sem átt hefur sér stað, sé sú óhagkvæmasta, sem fyrir getur komið og megi ekki endurtaka sig undir neinum kringumstæðum. Að mínum dómi fara hér saman hagsmunir þess opinbera, launþega og vinnuveitenda. Það er ekki ætlun mín að ræða þessa þróun frekar nú, þótt full ástæða væri hins vegar til þess og þetta frv. gefi til þess kærkomið tækifæri. En ég fullyrði, að þessi stóra stökkbreyting kaupgjalds er eins óheppileg og verið getur, en ekki verður snúið til baka, og því er þetta frv. fram komið. Ég tel hins vegar ekki, að ganga eigi út frá þessu sem algildri reglu. M. a. af þeim sökum hefur meiri hl. fjhn. ekki viljað ganga eins langt og gert er ráð fyrir í frv. Með þessum orðum segi ég ekki, að laun séu óeðlilega há í dag. En hefði ekki verið skynsamlegra fyrir alla aðila að taka stökkið annaðhvort með lengri aðdraganda eða fá aðila vinnumarkaðarins til að semja um hækkun, sem dreifðist á lengri tíma, en kæmi ekki í stóru stökki, sem veldur slíkum erfiðleikum, sem raun ber vitni? Í framsögu fyrir frv. þessu sagði hæstv. fjmrh., að sú hækkun, sem frv. gerir ráð fyrir, skipti ekki miklu máli fyrir ríkissjóð, en þetta hefði úrslitaáhrif á afkomu margra sveitarfélaga.

Ég skil vel vandræði margra sveitarfélaga, þegar slíkar snöggar stökkbreytingar verða á tilkostnaði, sem er líklega í beinu samræmi við hækkun kaupgjalds auk þess, sem sveitarfélögin verða að halda uppi stórfelldum framkvæmdum yfir sumarmánuðina, t. d. gatnagerð, holræsagerð, undirbúningi lóða og öðru, sem er beinlínis ekki hægt að framkvæma á öðrum árstímum. Hins vegar verð ég að segja það, að ég skil ekki, til hvers hið stóra útþanda bankakerfi okkar er, ef það á ekki að hlaupa undir bagga með tímabundnar lánveitingar — og ætti það að gilda að jöfnu fyrir bæjarfélögin sem fyrirtæki og einstaklinga ekki síst, þar sem fyrirgreiðslan er jafntímabundin og hjá bæjarfélögum, þótt þeir þyrftu að bíða nokkuð eftir greiðslu gjalda. Ég er þess vegna viss um, að afstaða vinnuveitenda og vinnuþiggjenda er nokkurn veginn sú sama í reynd, þegar þetta er skoðað niður í kjölinn. Afstaða meiri hl. fjhn. hefur því verið sú að draga úr verkan frv. og takmarka möguleika til innheimtu opinberra gjalda við 57% í þeim einstöku tilfellum, sem nú eru fyrir hendi.

Í þessu sambandi er vert að minna á svokallaða skattvísitölu, sem sett var inn í l. um tekju- og eignarskatt fyrri hl. árs 1965 og tók gildi frá og með gjaldárinu 1966. Samkv. 10. gr. nefndra l. er skylt að hækka eða lækka álagða skatta í samræmi við skattvísitölu, sem fjmrh. skal ákvarða að fengnum till. kauplagsnefndar, hagstofustjóra og ríkisskattstjóra. Hækkun skattvísitölu frá því, að hún var tekin í lög, sem að sjálfsögðu þýðir lækkun skatta, hefur svo frá byrjun verið 40%. 1965 var skattvísitalan 100 stig, 1966 var hún 112½ stig, 1967 var hún 129 stig, 1968 var hún 129 stig aftur, 1969 129 stig, en 1970 fór hún hins vegar upp í 140 stig. Skattvísitala fyrir gjöld yfirstandandi árs, sem nefnist skattvísitala fyrir árið 1971, er enn óákveðin. Væri fróðlegt að heyra umsögn hæstv. fjmrh. um, hvað hann telur, að hún muni verða, og hvenær birting hennar verði kunngjörð. En einmitt í sambandi við skattvísitölu verður að minnast á þróun tímakaupsins. Þróun tímakaups hins almenna verkamanns í Reykjavík var sú, þegar skattvísitalan var sett við 100, að meðalkaup Dagsbrúnarmannsins var 40.21 kr., og ef það er nefnt 100, þá var hún 1966 117.27, 1967 123.1, 1968 132 og 1969 153.5, og 1. des. núna er meðalkaup verkamanna Dagsbrúnar 84.43 kr., og ætti þá stigatala tímabilsins að vera 209.5. Ef litið er á þróun kaupmáttar tímakaups Dagsbrúnarmanna í dagvinnu, þá er hækkun 15.8% frá 1965 miðað við síðasta ársfjórðung 1970. Kaupmáttur er þar með sá hæsti, sem orðið hefur á 10 ára bili. Áður hafði hann orðið hæstur á 4. ársfjórðungi 1966, 13.4%.

Eftir þær tölur, sem ég hef nú nefnt og miðað við óskertan kaupmátt, þá lætur að líkum, að skattvísitalan á nú að stórhækka. Eins og ég sagði áðan, þá væri fróðlegt að heyra álit hæstv. fjmrh. á því, hvenær von sé á endanlegri ákvörðun hans, og eins á því, á hvern hátt þær reglur eru, sem farið er eftir við ákvörðun skattvísitölu, er farið er eftir till. hinnar opinberu nefndar, sem l. kveða á um, og hvaða forsendur þessir aðilar gefa sér við útreikn-

inginn. Á ég að sjálfsögðu við kauplagsnefnd, hagstofustjóra og ríkisskattstjóra, sem eiga að leggja fyrir hæstv. fjmrh. till. eftir fyrir fram ákveðnum reglum þar um.

Frsm. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Þegar hæstv. fjmrh. lagði þetta mál fyrir í hv. d., þá gat hann þess, að hann ætlaðist ekki til, að þetta mál næði fram að ganga nú fyrir hátíðir, nema um það væri fullt samkomulag. Þegar málið var síðan tekið fyrir í hv. fjhn., þá kom það í ljós, að raunverulega var þar meiri hl. á móti frv. a. m. k. í þeirri mynd, sem það var þá, og ég hygg, að raunverulega sé ekki meiri hl. fyrir þeirri breytingu, sem frv. fjallar um, í hv. fjhn. En þrátt fyrir það er nú á síðustu stundu reynt að þvinga þetta mál í gegnum hv. d., og tel ég það ekki vera í samræmi við þær yfirlýsingar, sem hæstv. fjmrh. gaf hér, þegar málið var til 1. umr.

Upphaflegt efni frv. var það, eins og menn gera sér grein fyrir, að leggja það í sjálfsvald fjmrh. hverju sinni, hver hækkun yrði á fyrirframgreiðslum, ef kaupgjald hefði hækkað um 15% eða meira árið áður. Þá var honum það í sjálfsvald sett eftir að hafa fengið um það till. Efnahagsstofnunarinnar. Nú hefur frv. að vísu verið fært í annað form með till. þeirri, sem meiri hl. hv. fjhn. hefur lagt fram — og að mínu viti er það talsvert geðþekkara form. A. m. k. er nú ljóst, um hvað er verið að fjalla, og hv. þm. geta gert sér grein fyrir því, hvað raunverulega er verið að samþykkja. En eftir stendur það, sem auðvitað er aðalatriði þessa máls, að ákveðið er að auka mjög fyrirframgreiðslu opinberra gjalda, ef svo stendur á sem í frv. segir, að kaup hafi hækkað árið áður um þar til greinda prósentutölu. Og þetta er rökstutt með ríkum þörfum sveitarfélaganna annars vegar og hins vegar hagsmunum almennra gjaldenda.

Ég held, að séu aðalröksemdirnar fyrir hagsmunum sveitarfélaganna skoðaðar í þessu sambandi, þá sé það augljóst, að hér er ekki um neitt nýtt vandamál að ræða — ekkert sérstakt vandamál, sem hefur einmitt komið upp um þessar mundir, heldur er hér um atriði að ræða, sem sveitarfélögin hafa átt við að glíma árum og jafnvel áratugum saman, og stundum hefur kaupgjald hækkað meira en það hefur gert nú á s. l. ári. Ég nefni t. d. árið 1963, þegar kaupgjald hækkaði um eða yfir 30%. Ég vil ekki synja fyrir það, að sveitarfélögin hafi ekki þarna talsverðra hagsmuna að gæta og þau þurfi með einhverjum hætti að geta leyst þann vanda, ef minni hl. af tekjunum kemur inn fyrri hluta árs, en ég tel, að gjaldheimta þeirra sé nú almennt svo vel tryggð, að það ætti ekki að vera nein goðgá, þó að bankakerfinu væri ætlað að hlaupa þarna undir bagga, þegar sérstaklega stendur á, og tel það raunverulega sjálfsagða skyldu þess og öllu eðli málsins samkvæmt.

Sannleikurinn er nefnilega sá, að það er ekki aðeins, að hér sé ekki um neitt nýtt vandamál að ræða, sem þurfi sérstakrar meðhöndlunar við nú, heldur er það svo, að gjaldheimta hins opinbera bæði sveitarfélaga og ríkis er miklum mun betur tryggð nú en hún hefur nokkurn tíma verið áður. Það er augljóst, að það er með ýmsum hætti verið að færa gjaldheimtuna í það horf að tryggja betur en áður hagsmuni gjaldheimtuaðilanna, ríkis og bæjarfélaga, og nú síðast með því að setja t. d. það sem skilyrði fyrir frádráttarhæfni útsvara við álagningu næsta árs, að helmingur útsvara miðað við þær reglur, sem gilt hafa, væri greiddur fyrir 31. júní, og ýmislegt fleira hefur verið gert á s. l. árum til þess að tryggja betur en áður hagsmuni hins opinbera og sveitarfélaganna í þessum efnum. Það er þess vegna síður en svo, að það sé nokkur ástæða til þess að knýja nú fastar á með strangari gjaldheimtuaðferðir en áður. Það er ekkert nýtt, sem hefur gerzt í þessum efnum. En þar fyrir er það auðvitað alltaf einhver hagur fyrir þann, sem innheimtir, að ákveða, að hann fái það sem fyrst greitt. Ég get auðvitað ekki synjað fyrir það, að þetta sé til þæginda fyrir sveitarstjórnarmenn, en ég held, að þarna sé ekkert óyfirstíganlegt á ferðinni, sem ekki verður leyst með öðrum og eðlilegri hætti en hér er um fjallað.

Þá er að líta á aðra hlið málsins, þ. e. þá, sem séð verður frá hlið gjaldendanna, og er ég þar alveg á öndverðri skoðun við þá, sem fram kemur í málflutningi fyrir þessu frv., að hér sé sérstaklega verið að gæta hagsmuna gjaldendanna, þ. e. bæði atvinnurekenda og launþega. Ég held, að það sé síður en svo. Í fyrsta lagi kemur það til, að ég tel, að allir gjaldendur almennt eigi auðveldara með að greiða eitthvað meira á síðari árshelmingi og það sé þess vegna þeim í hag, að ekki sé gengið of ríkt eftir gjöldum á fyrri hlutanum, þó að þar verði auðvitað að vera hóf á, hvernig með er farið, og þetta stafar af þeirri augljósu staðreynd, að menn hafa almennt meiri tekjur og meiri tekjumöguleika á síðari árshelmingi miðað við þá atvinnuhætti, sem við búum við í þessu landi. Hér er sérstaklega fjallað um tíma „örra kauphækkana“ og ráðstafanir rökstuddar með því. En einmitt á tímum örra kauphækkana hlýtur það auðvitað að vera augljóst, að kaup er þá almennt hærra á síðari helmingi ársins, og höfum við auðvitað um þetta glögg dæmi, hvar sem við grípum niður á síðari árum, að þetta er svo. En það er ekki aðeins um það að ræða, að á slíkum tímum, sem hér um ræðir, hafi fólk að krónutölu eitthvað hærra kaup, heldur eru tekjumöguleikar manna almennt meiri. Sumarið er t. d. sá tími, sem fleiri fjölskyldumeðlimir vinna, og jafnframt þá sá tími, sem útgjöld eru eitthvað minni en á öðrum árstímum, þegar börn eru í skóla, vetur sezt að og annað því um líkt, sem hefur ýmis útgjöld í för með sér, þannig að almennur gjaldandi á líka af þessum ástæðum auðveldara með að greiða eitthvað meira af sínum gjöldum á síðari árshelmingi. Varðandi fyrirtækin er það auðvitað alveg auðsætt, að því hraðari sem gjaldheimtan er á fyrri hluta árs og því fyrr á árinu sem menn verða að greiða, þeim mun

meira vex lánsfjárþörf þeirra, og yfirleitt er talið, að henni sé illa fullnægt hér í okkar landi.

Ég held þess vegna, að það sé alveg auðsætt, að hér eiga almennir gjaldendur, vinnuþiggjendur og atvinnurekendur, sameiginlegra hagsmuna að gæta, og kom það raunar beint fram í ræðu hv. frsm., að hann taldi, að hér ættu menn sameiginlegra hagsmuna að gæta, bæði atvinnurekendur og launþegar, enda kom það skýrt í ljós á fundum hv. fjhn., að hv. 7. landsk. þm. er á móti þessu frv. og telur báðum aðilum hag í því, að það verði ekki samþ., þó að hann af einhverri skilinni eða misskilinni þægð við hæstv. fjmrh. gerist talsmaður fyrir framgangi málsins. Við þetta bætist svo það, að nú á þessu ári stendur alveg sérstaklega á að því leyti, að með þessari löggjöf hefur á hv. Alþ. a. m. k. verið gerð tilraun til þess að lækka kaup með lögum og er tvísýnt, hvort það tekst ekki að einhverju leyti a. m. k., þannig að það er nokkuð auðsætt, að á fyrri árshelmingi og fyrri hluta síðari árshelmings verður hér um sérstaka kaupskerðingu að ræða af hálfu löggjafans eða a. m. k. gerð tilraun til að koma henni á. Aftur á móti mætti ætla, að eftir 1. sept. og sérstaklega eftir 1. okt. n. k. yrði hér veruleg breyting á, og það styður auðvitað þá skoðun, sem ég held fram, að það sé ekki hagsmunamál almennra gjaldenda, að hér sé gengið of hart að á fyrri helmingi ársins.

En við þessar röksemdir, sem ég hef fært fram fyrir þeirri afstöðu minni að vera andvígur þessu frv., bætist það, að ég hef sérstaka óbeit á þeirri þróun, sem hefur átt sér stað hér á undanförnum árum og ég vil kalla þróun í átt til vélræns miskunnarleysis í sambandi við alla innheimtu opinberra gjalda. Þetta hófst ekki sízt með því, þegar núverandi stjórnarflokkar breyttu útsvarslöggjöfinni á þá lund, að ekki er lengur lagt á eftir efnum og ástæðum og sveitarstjórnum er meinað að taka tillit til ýmissa atriða, sem áður mátti hafa hliðsjón af. Síðan var stöðugt hert á gjaldheimtunni með öllum hugsanlegum hætti og nú síðast með því að setja sérstök lög um það, að menn skuli greiða gjöld sín á þeim árstíma, sem þeim er miklu óhentugra en það fyrirkomulag, sem verið hefur. Ég hef óbeit á þessari þróun og tel hana í alla staði vera andstæða okkar hugsunarhætti og hagsmunum almennings, og ég held, að það sé kominn tími til þess, að hér sé spyrnt við fótum. Og ég tel, að einmitt sé tækifæri til að gera það í sambandi við flutning þessa frv. Og ég vænti þess því, að fleiri hv. þdm. en ég hafi á þessu svipaða skoðun og greiði atkv. gegn frv.

Axel Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Það er út af fyrir sig eðlilegt, að framgangur þessa máls sé kannske ekki sérstakt áhugamál hæstv. fjmrh. Þau gjöld, sem þarna er kveðið á um, eru ákaflega lág prósenta af heildartekjum ríkissjóðs, en hins vegar verulegur hluti af tekjustofnum sveitarfélaganna eða aðaltekjustofnar þeirra. Það mun vera svo, að útsvörin eru frá 65% af heildartekjum sveitarfélaganna, eins og það mun vera hér í Reykjavíkurborg, og allt upp í 70 og yfir 70% af tekjum annarra sveitarfélaga eins og t. d. þar, sem ég er kunnugastur, í nágrannasveitarfélaginu í Kópavogi. Þar eru útsvarstekjur um 70% af öllum tekjum sveitarfélagsins. Ég þekki ekki til eða hef ekki haft spurnir af fjárhagsáætlun nema þessara tveggja sveitarfélaga, sem ég hef hér minnzt á. En samkvæmt þeim athugunum, sem liggja til grundvallar þessari fjárhagsáætlunargerð á báðum stöðum, þá kemur í ljós geysilega mikið aukinn rekstrarkostnaður miðað við s. l. ár, og þar er gert ráð fyrir í krónutölu verulegri útsvarshækkun frá s. l. ári. T. d. er það svo í Kópavogi, að þar er gert ráð fyrir 33% hækkun í krónutölu.

Ég ætla aðeins að minna hv. þdm. á, að við stöndum þar andspænis því, að að óbreyttum lögum í þessu efni getum við innheimt 48 millj. kr. á fyrstu sjö mánuðum ársins 1971, en ættum þá eftir að innheimta 80 millj. kr. eftir júlílok miðað við þá fjárhagsáætlun, sem þar hefur verið gerð. Það er sem sé rúmlega ⅓, sem sveitarfélagið getur vænzt að fá inn á fyrstu sjö mánuðum ársins, en tæplega ⅔, sem gera mætti þá ráð fyrir, að innheimtist á seinni hluta ársins. Og þess vegna er það, að óskin um breytingu á þeim lögum, sem hér liggur frammi, er fyrst og fremst komin frá sveitarfélögunum og sér í lagi sveitarfélögum hér í nágrenninu. Það er þarna, sem skórinn kreppir að, og ég vil benda á, að þetta er ekkert sérstakt vandamál þeirra, sem með sveitarstjórnarmálin fara á hverjum stað. Ég tel, að sveitarstjórnarmennirnir séu þar á alveg sama báti og aðrir þegnar sveitarfélaganna; ég vil ekki gera þarna neinn greinarmun á. Ef sveitarfélagið er í vanda, þá eru það ekki aðeins sveitarstjórnarmennirnir, heldur og allir þegnar þess, sem standa andspænis því. Það er eðlilega gerð krafa um það, að haldið sé uppi þjónustu og framkvæmdum með eðlilegum hætti árið út, þó að auðvitað verulegur hluti af verklegum framkvæmdum komi fyrst og fremst á þann tíma ársins, sem hagkvæmast er að vinna þær, en margháttuð þjónusta og framkvæmdir að öðru leyti standa yfir hjá sveitarfélögunum allt árið, og það eru kröfur uppi um það af íbúum sveitarfélaganna, að svo sé gert. Þess vegna vil ég alveg frábiðja mér það, að sveitarstjórnarmenn séu þar einhver annar aðili og íbúar sveitarfélaganna í öðrum báti. Þetta er sameiginlegt vandamál þegna sveitarfélagsins allra.

Ég skal viðurkenna, að sú breyting, sem hér er lagt til að gera frá því, sem er í gildandi lögum, er til bóta, en ég tel þó, að hún hefði átt að ganga lengra. Og það hefði verið til hagræðis fyrir sveitarfélögin og íbúa þess og yfirleitt alla. Það er vitnað í það, að bankakerfið eigi að hlaupa undir bagga til þess að jafna metin í þessu. Ég get enn vitnað til míns sveitarfélags. Við þurfum verulega að leita til bankakerfisins á komandi ári til þess að geta haldið uppi þeim framkvæmdum, sem nauðsynlegar eru í því sveitarfélagi burtséð frá því, hvort þessi breyting, sem hér liggur fyrir, verður gerð á lögunum eða

ekki. Og mér skilst, að það sé ekkert sérstakt vandamál í því sveitarfélagi, sem ég geri hér fyrst og fremst að umtalsefni. Mér skilst, að þannig sé það a. m. k. hér í nágrenni Reykjavíkur. Ég hef ekki fregnir annars staðar frá.

Stundum heyrir maður um áhuga á því, að tekin verði upp staðgreiðsla á þessum gjöldum, og mér skilst, að það séu margir, sem hafa áhuga á því, að slíkt komist á. Ef það væri tekið upp, þá væri slíkt vandamál sem hér um ræðir auðvitað ekki á dagskrá. En ef það er ekki sanngjarnt fyrir alla aðila að leitast við að deila útsvarsgreiðslunni sem mest og jafnast á árið, þá get ég ekki séð, að það séu rök fyrir því að taka upp staðgreiðslukerfi skatta, eins og ég hef heyrt, að svo víða sé áhugi á.

Ég skal viðurkenna það, að það er mikil nauðsyn á því að endurskoða tekjustofnalög sveitarfélaganna og endurskoða verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, en það verður vart gert, svo að það komi til verulegra framkvæmda á árinu 1971. Og þess vegna er sá vandi, sem staðið er andspænis verulega mikill, ef ekki er gengið til móts við þær till. sveitarstjórnarmanna í þessu efni, sem ég hef hér getið um. Ég trúi því ekki, að hv. þdm. skilji ekki það vandamál, sem sveitarfélögin og íbúar þeirra eiga við að etja í þessu efni, og verði því hlynntir því að gera þá breytingu, sem hér er farið fram á. Og ég endurtek, að ég hefði viljað ganga lengra; ég hefði viljað setja markið við 60%. Og þó að það væri gert, þá væri talsvert stærri hluti eftir af ógreiddum gjöldum á seinni hluta ársins. Um það, að menn hafi betri greiðslugetu á seinni hluta ársins, skal ég ekki dæma; það getur verið í einstaka tilfellum og öðrum sjálfsagt ekki. Við skulum ekki gleyma því, að síðari hlutar ársins eru oft kostnaðarsamir fyrir þá, sem hafa börn og unglinga í skóla, og jólamánuðurinn er kannske talinn einhver kostnaðarsamasti mánuðurinn fyrir fjölskyldufeður. Ég vil ekki ræða það frekar, en tel, að það sé til hagsbóta fyrir gjaldendur sveitarfélaganna að greiða sín gjöld sem jafnast yfir árið og þeir tryggja einnig á þann hátt sem eðlilegastar og jafnastar framkvæmdir, hvort heldur er í verklegum efnum eða í þjónustustarfsemi.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Þetta frv. virðist vera eitt af óhreinu börnunum hæstv. fjmrh.; hann hefur ekki tíma til þess að fylgjast með afgreiðslu þess hér. Kannske heldur ekki áhuga á því. Hann sagði það við 1. umr., að sér væri það ekki kappsmál að knýja þetta mál fram, nema full samstaða væri um það hér í d., og vegna þessara ummæla og afstöðu fjmrh. hefur þetta frv. fengið mjög óvenjulega meðferð — vil ég segja. Það hefur verið afgr. hér á hlaupum innan um önnur stórmál. Þegar í ljós kom, að áhugi í hv. fjhn. var vægast sagt takmarkaður á framgangi málsins, þá litum við nm. svo til, að málið væri þar með úr sögunni. Og hæstv. fjmrh. var látinn vita um þessa afstöðu nm., að það væri a. m. k. ekki neinn sérstakur áhugi á því að samþykkja frv., en síðan kom það þó aftur til okkar með þeim ummælum, að líklega væri það rétt að láta þetta ná fram að ganga. Þá var það, sem við fulltrúar Framsfl. nánast utan fundar gerðum það upp í háttv. fjhn., að ætti þetta mál fram að ganga, þá væri það skárra, þegar gerð hefði verið sú breyting á því, sem felst í brtt. á þskj. 282 og form. hv. fjhn. sýndi okkur, heldur en upphaflega frv., sem satt að segja var óskapnaður og illskiljanlegt — og auk þess lagt undir einhverja stofnun úti í bæ, sem ég a. m. k. fyrir mitt leyti kem ekki auga á, að eigi að hafa úrslitavald um það, hvaða útsvarsfyrirframgreiðslu sveitarfélögin innheimti. Ég tel alveg nægilega mikið af ráðum þangað sótt, þótt þessu væri sleppt.

Eins og till. er nú orðuð eða lagagreinin, er þó hægt að skilja, hvað við er átt. Efni hennar er það, að ef kaupgjald hefur almennt hækkað um 15% eða meira á fyrra ári, þá megi hækka þann hundraðshluta, sem sveitarfélög hafa leyfi til að ákveða samkv. 47. gr. tekjustofnalaganna, að innheimtur sé á fyrstu 6 mánuðum ársins með tveimur gjalddögum. En þessi ákvörðun er lögð á vald fjmrn. Það, sem mér finnst fyrst og fremst óaðgengilegt við þetta lagaákvæði, er það, að með því slær Alþ. því föstu, að allar launahækkanir, sem nema meira en 15%, hljóti að þýða skattahækkun. En ég vil fyrir mitt leyti ekki slá þessu föstu. Ég vil, að sérstakar reglur gildi fyrir þær launahækkanir, sem fram fara til þess að jafna metin fyrir launþegann, þ. e. til að bæta honum upp þau efnahagslegu áföll, sem hann hefur orðið fyrir. Og þess er skemmst að minnast, að launþegar hafa orðið fyrir verulegum efnahagslegum áföllum, þegar gengið var fellt tvisvar sinnum með árs millibili og launin voru mjög lítið hækkuð vegna þeirra verðhækkana, sem af gengisfellingum leiddi. Slík efnahagsáföll ætti samkvæmt mínum dómi að vera unnt að leiðrétta fyrir launþega án þess, að kúfurinn eða jafnvel allt sé tekið með hækkuðum tekjusköttum, hvort sem það heitir nú tekjuskattur til ríkissjóðs eða útsvar til sveitarfélaga. Hins vegar geta svo verið aðrar kauphækkanir á ferðinni, sem eðlilegt megi telja, að hið opinbera fái nokkurn hluta af. Og þegar þannig hagar til, þá má segja, að ekki sé óeðlilegt, að sveitarfélag njóti þeirrar auknu gjaldheimtu og hafi einhvers konar heimild til þess að innheimta þá örlítið meira kannske. En ég vil ekki viðurkenna það, að jafnan þegar laun hækka um 15%, þá sé það alveg sjálfsagt, að skattar þessir, sem hér um ræðir, hækki að einhverju marki svo verulega, að það þurfi að gera lagalegar ráðstafanir til þess, að sveitarfélögin fái hluta af þeim tekjuhækkunum.

Ég sé, að hæstv. fjmrh. er kominn á fundinn. Ég fagna því, að . . (**Fjmrh.:** Ég var því miður við umr. í Nd.) Eg geri ekki þá kröfu til hæstv. fjmrh., að hann sé á tveim stöðum í einu, en æskilegt væri raunar, að þingstörfum mætti haga þannig, að hæstv. ráðh. ynnist tóm til þess að fylgjast með afgreiðslu sinna mála, og oft er það nú gert. En nú liggur mikið við að ljúka þingi, og ég lái hæstv.

fjmrh. ekki þetta. En ég vil af því tilefni, að hann er nú kominn hér til okkar góðu heilli, undirstrika og taka undir þær fsp., sem hv. 7. landsk. þm. setti hér fram áðan um það, hvenær vænta megi upplýsinga um skattvísitölu þá, sem gilda muni á næsta ári, því að það er auðvitað verulegt atriði, þegar menn reyna að gera sér grein fyrir því, hvernig tekjuskattarnir verði á næsta ári. Og það hefur bein áhrif á þann mismun, sem ég var að reyna að gera hér grein fyrir, að samkvæmt mínu mati ætti að gera á launahækkunum.

Ég viðurkenni það, sem hv. 4. þm. Reykn. benti hér á, að vissulega hafa sveitarfélögin talsverða þörf fyrir aukið fjármagn til starfsemi sinnar, þegar verðbólgan geisar eins og raun ber vitni. En það er bara ekkert nýtt vandamál, eins og hér hefur verið bent á. Ég veit ekki, hvort verðbólgan hefur farið hraðar nú um skeið eða hvort hún fer hraðar á næsta ári en hún hefur gert. Við búum við verðstöðvun og þar af leiðandi enga hækkun á vísitölu a. m. k. eitthvað fram eftir næsta ári, og ég get ekki fallizt á, að þetta eitt út af fyrir sig réttlæti það, að þessi ákvæði verði lögfest.

Samkvæmt 47. gr. tekjustofnalaganna þá á engin fyrirframgreiðsla að eiga sér stað fyrr en 1. febr. á næsta ári. Hæstv. forsrh. mælti fyrir till. hér áðan þess efnis, að þing skyldi koma saman eigi síðar en 25. jan. eða fyrr, ef þurfa þætti, eins og mig minnir, að hann segði í till. Ég sé þess vegna ekki þörfina á því að knýja þetta frv. fram hér nú í báðum deildum á þessum dagparti, sem eftir er, þangað til fresta skal þingi. Ég held, að það væri rétt að fresta þessu máli. Það getur þá orðið 1. mál framhaldsþingsins, ef mönnum sýnist þá enn svo rík þörf á lagasetningu í þessu skyni. Að vísu segir í 47. gr. áðurnefndra l. — það skal ég taka fram til þess að halla ekki réttu máli — að tilkynningar um fyrirframgreiðslu gjalddaga skuli birtar 15. jan., og verður það þá að sjálfsögðu ekki hægt í þessu tilfelli, en vafalaust mætti komast fram hjá því ákvæði á einhvern hátt t. d. með einhverju bráðabirgðaákvæði hér, sem allir gætu þá fellt sig við og skamma stund tæki að samþykkja, ef vilji væri fyrir hendi. Ég held, að þetta mál ætti að athuga betur.

Hv. 4. þm. Reykn. benti á það alveg réttilega, að hér á hv. Alþ. virðist vera áhugi á því, að staðgreiðsla skatta komist á, og a. m. k. hef ég fyrir mitt leyti oft lýst þeirri skoðun minni, að það væri æskilegt. En staðgreiðslukerfi skatta skil ég þannig, að maður eigi að greiða skattinn, um leið og tekjurnar myndast. En það er auðvitað annars eðlis en það, sem hér er farið fram á. Hér er farið fram á það, að maður greiði hærri skattaprósentu af sköttum fyrra árs alveg án tillits til þess, hvað miklar tekjur maður hefur á því tímabili. Hér er aðeins talað um það, ef almenn hækkun er 15%, en auðvitað getur hækkunin verið minni í sumum tilvikum en 15%. En því verða allir að hlíta, svo að ég fyrir mitt leyti a. m. k. jafna þessu ekki fyllilega saman. Ég er enn þá þeirrar skoðunar, að æskilegt væri, að við gætum búið við staðgreiðslukerfi skatta, þó að á því séu vissulega mörg vandkvæði, eins og hæstv. fjmrh. hefur gert okkur glögga grein fyrir.

Þá vil ég líka benda á það í sambandi við sveitarfélögin, að aðalframkvæmdatímabil þeirra er á miðju ári og eftir það. Það tímabil, sem nú fer í hönd, þ. e. fyrstu 5 mánuðir árs hvers, er það tímabil, sem minnstar framkvæmdir fara fram. En í ár . . . Já, já, lagafrv. miðar við það, að þetta gerist á 6 mánuðum. Er það ekki? 1. febrúar, 1. marz, 1. apríl, 1. maí og 1. júní. Þá eru nú samkvæmt mínum reikningi liðnir 5 mánuðir af árinu, þegar 1. júní er kominn. Ég held, að það sé nú svo. Og 1. júní eru í mörgum tilfellum framkvæmdir lítt eða ekki hafnar. Þær framkvæmdir, sem sveitarfélögin standa aðallega í, þ. e. byggingarframkvæmdir, gatnagerð og holræsagerð, sem við allir þekkjum, og þá ekki sízt hv. 4. þm. Reykn., sem er sjálfur sveitarstjórnarmaður. Þetta var þá um hagsmuni sveitarfélagsins. Ég viðurkenni, að þeir eru nokkrir; það skal ég sízt draga í efa. Það er betra fyrir sveitarfélag að fá tekjurnar fyrr. Ég skal fyllilega kannast við það. Ég hef sjálfur starfað svolítið að sveitarstjórnarmálum, og ég veit þetta. En spurningin er bara, hvort það réttlætir þetta.

Í öðru lagi hafa menn svo viljað leggja áherzlu á það, að það væri miklu betra fyrir gjaldendurna sjálfa, að það væri tekið svona af þeim frekar en þeir fengju í hendur peninga, sem þeir svo yrðu að standa skil á. En ég náttúrlega verð að benda á það í þessu sambandi, að það er engum bannað að greiða meira en 50% af fyrra árs sköttum, ef þeir vilja. Þannig að þetta ákvæði virðist mér eitthvað í anda þess, sem hv. stjórnarsinnar oft hafa viljað tala um við okkur framsóknarmenn, að við vildum endilega hafa vit fyrir öllum, en það væri langsamlega réttast, að fólk hefði vit fyrir sér sjálft. Í þessu tilfelli vil ég, að fólkið hafi vit fyrir sér sjálft og fái að ráða því sjálft, hvort það sér ástæðu til þess að greiða meira af sköttunum til þess að fá útsvarið frádregið, því að það er það, sem keppt er að fyrst og fremst, og svo hitt, að ekki falli allt í gjalddaga í einu. En ef við hækkum þessa prósentu, þá þýðir það það, að verði greiðslufall, þá er allt útsvarið fallið í gjalddaga.

Og ég endurtek það, að ég sé ekki ástæðu til þess að knýja þetta mál hér fram, eins og nú hagar til. Við höfum ekki sent frv. til umsagnar nokkurs aðila. Við gerðum það ekki vegna þess, að við bjuggumst jafnvel við því, að frv. yrði tekið aftur, þegar ljóst yrði, hvaða undirtektir það fengi. En ég álít, að það væri mjög svo eðlilegt, að um frv. sem þetta, sem fjallar um greiðslubyrði alls almennings og allra fyrirtækja í landinu, fengi Alþ. umsögn þeirra aðila eða forsvarsmanna þeirra aðila, sem þetta mál snertir, og ég segi það hiklaust, að umsagnir hafa verið sendar frá deildum þingsins af minna tilefni en þessu. Ég skal ekki fara að halda hér lengri ræðu nú, en ég vonast til þess, að þetta mál verði endurskoðað og ætla ekki að segja fleiri orð að svo stöddu.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég bið afsökunar á því, að ég hef ekki getað verið hér við allar umr. um þetta mál í hv. d., en það stafaði eingöngu af því, að ég þurfti að vera viðstaddur afgreiðslu tollskrárfrv. í Nd. Og ég get tekið undir það, að vitanlega er það óheppilegt, að þetta þurfi að falla saman, þannig að ráðh. geti ekki sinnt sínum málum og verið viðstaddur umr.; undir það get ég tekið. En það vill nú þannig til, að flest mál, sem nú eru á ferðinni, hafa fallið í minn hlut, m. a. þetta frv. hér. Ég tók það fram, þegar ég lagði þetta frv. fram hér í hv. d., að hér væri ekki um pólitískt mál að ræða í venjulegri merkingu, sem ríkisstj. setti á oddinn, og lagði áherzlu á það, að leitazt yrði við að ná samkomulagi um afgreiðslu málsins. Og mér er vel ljóst, að mönnum hefur sýnzt sitt hvað um málið, og það getur vafalaust orkað nokkuð tvímælis, hvernig við skuli bregðast. Mér er það ljóst, að á síðustu stundu, nema við verðum fram yfir helgi, er auðvitað hægt að tefja málið þannig, að það nái ekki fram að ganga, ef hv. þm. vildu svo vera láta, og væri auðvitað hægt að stöðva það með þeim hætti. Og það má auðvitað segja, eins og hv. 11. þm. Reykv. hér sagði, að það er hugsanlegt að afgreiða málið á framhaldsþingi, þannig að það mundi að vísu leiða til þess, að það yrði að breyta tilkynningunni, sem þegar hefur verið gefin út um fyrirframgreiðslu skatta í febrúarmánuði. Það er rétt, að það er engin fyrirframgreiðsla í janúar, og ég skal ekki segja, hvað mönnum sýndist um það, hvort það þætti ekki óeðlilegt að koma þannig aftan að fólki. Ég a. m. k. tel, að það geti orkað tvímælis, eða a. m. k., að menn verði að gera sér grein fyrir því, en ég geri ráð fyrir, að gæti að öðru leyti verið samstaða um það að afgreiða málið fyrir mánaðamótin janúar — febrúar, þá auðvitað þarf þetta ekki að koma að sök. Þetta að sjálfsögðu veltur aðeins á því, hvort menn eru ekki að deila um formsatriði.

Ég hef ekki hlustað á umr., svo að ég get ekki fullkomlega um það sagt, en að vísu er mér kunnugt um, að fram er komið álit minni hl. hv. fjhn. eða álit hv. 4. þm. Norðurl. e., sem leggst gegn málinu efnislega. En ég hefði haldið, að það mundi þó verða meirihlutafylgi fyrir því út af fyrir sig hér í hv. d. og væntanlega í þinginu, að það væri heppilegt — ef það lægi ljóst fyrir, sem það sýnist nú gera ótvírætt, að skattar manna að krónutölu hækkuðu allverulega — að koma því þannig vel fyrir, að það væri hægt að deila þeirri hækkun nokkurn veginn jafnt á árið, og það er auðvitað í samræmi við þá hugsun, sem felst bak við staðgreiðslukerfi skatta, sem hv. 11. þm. Reykv. vék hér réttilega að. Ég er ekki í neinum vafa um það sjálfur, að það er hér um veigamikil atriði að ræða. Ég tók það fram í byrjun í framsöguræðu minni fyrir málinu, að það snerti ekki ýkja mikið hag ríkissjóðs; beinir skattar eru ekki svo stór hluti af hans tekjum. Ég tel, að hér sé fyrst og fremst um að ræða verulegt hagsmunamál sveitarfélaganna, sem mér er ekki ljóst, hvernig þau fá undir risið, ef þau eiga ekki að fá aukinn hluta útsvara fyrri hluta árs. Þar sem það liggur fyrir, að öll sveitarfélög gera ráð fyrir yfir 30% hækkun á útsvarstekjum, þá hlýtur þetta að leiða til stórvandræða, og einnig — og ég tala þar frá eigin brjósti — held ég, að menn muni almennt geta orðið sammála um það, að það sé æskilegra að deila skattgreiðslum sínum með nokkurn veginn jöfnum upphæðum á ár hvert en að fá seinni hluta árs mjög háa skatta. Við höfum þegar eitt dæmi fyrir okkur um þetta frá árinu 1964, og ég geri ráð fyrir, að öllum sé í fersku minni, að vegna stórhækkaðra álagna í krónutölu leiddi það til þess, að það varð jafnvel að fresta skattgreiðslum milli ára. Þetta hygg ég, að við getum allir verið sammála um, að ekki sé æskilegt, að komi fyrir aftur, þannig að efnislega eigi menn ekki að þurfa um það að deila.

Hér skilst mér, að hafi verið borin fram fsp. um það, hver yrði skattvísitalan. Ég get ekki svarað þeirri fsp. endanlega. Það hefur verið leitað álits alveg nýlega hjá þeim aðilum, sem um það eiga að gefa álit, og þau álit eru að vísu komin í mínar hendur, en þau hafa ekki verið athuguð það gerla, að ég geti skýrt það endanlega, þannig að á verði byggt, hver skattvísitalan verður. En ég get þó sagt það og segi það þó með fyrirvara, að ég tel líklegt, að skattvísitala hækki um nálægt 20%, þ. e. muni verða um 28 stig, og það er reiknað með þeirri breytingu á skattvísitölu í fjárlögum. Ég tek það skýrt fram, að með þessu er ég ekki að fullyrða, að það verði nákvæmlega þessi tala — ég á eftir að skoða þessa hluti betur, en mér sýnist þó, að yrði þessi tala valin, þá mundi það fullkomlega ná þeim kauphækkunum, sem orðið hafa, og væri mjög verulega umfram þá hækkun, sem hefur orðið á framfærslukostnaði á árunum 1969—1970. Það liggur ljóst fyrir.

Raunar skiptir þetta engu máli í sambandi við þetta mál hér, hver verður skattvísitalan. Það er algert aukaatriði, vegna þess að þurfi sveitarfélögin að fá vissar tekjur til sinna þarfa, mundi mikil hækkun skattvísitölu aðeins leiða til þess, að þau yrðu að hækka álagið á útsvarsskatt. Þau þurfa að ná þessum tekjum með einhverjum hætti, og verði skattvísitalan áætluð enn lægri, ef svo má segja, þá hefur það aðeins þessar afleiðingar. Úr því að það liggur ljóst fyrir hjá ýmsum stærstu sveitarfélögunum, að það þarf að verða mjög veruleg útsvarshækkun, þá breytir skattvísitalan engu þar um. Það verður þá að ná þeirri útsvarshækkun með álagi á skattstigann. Þetta hygg ég, að við þurfum ekki að deila um.

Ég hef á þessu stigi ekki haft aðstöðu til þess að bera mig saman við þá menn, sem sérstakra hagsmuna hafa að gæta í því, né við fulltrúa sveitarfélaganna, sem leggja áherzlu á að sjálfsögðu, að þetta nái fram að ganga, og vitanlega væri betra, að það biði en það félli hér í hv. d. Ég hafði hins vegar ímyndað mér, að menn hefðu haft nú orðið nokkuð samstöðu um það, að með þeirri brtt., sem hér er flutt, gætu menn eftir atvikum stutt málið, þannig að ég skal ekkert segja að vísu, hvort það kæmist í

gegnum Nd.; það veit ég ekki um — því að kannske er það til of mikils ætlazt, að d. afgreiði málið án n. En ég hafði ímyndað mér að vísu, þótt menn séu með fyrirvara varðandi afstöðu sína til málsins, að það væri nóg eftir atvikum og meiri hl. þessarar d. teldi, að það ætti að fallast á að afgreiða málið með þeirri brtt., sem hér hefur verið samþ. Og ég mundi nú gjarnan, nema það komi fram veruleg andstaða gegn því, óska eftir því, að málið fengi að fara í gegnum þessa d. með þessari breyt., sem hv. n. hefur lagt til, og það verði þá síðan látið sjá til með það, hvort auðið verður að afgreiða málið til fulls. Því að ég held, þegar allt er skoðað niður í kjölinn, ef menn eru á annað borð efnislega sáttir við að afgreiða málið 25. jan. eða fyrir 1. febr., þá væri heppilegra, að fólk vissi það á réttum tíma fremur en þurfa að fara að gera breytingar á nýútgefinni ákvörðun um það, hver fyrirframgreiðslan ætti að vera eða auka verulega fyrirframgreiðsluna fyrir næstu mánuði, sem að vísu mundi, að mér skilst, ekki vera heimilt samkv. þeirri brtt., sem gert er ráð fyrir í frv., eða a. m. k. mjög hæpið.

Að vísu mætti gjarnan taka fyrir hér annað mál á dagskránni, sem þarf að komast hér í gegn, og fresta umr. um þetta um sinn, meðan menn bera saman bækur sínar um þetta efni. En ég legg áherzlu á það, sem ég sagði í upphafi, að þetta er mál, sem er hér flutt af þeirri ástæðu, að það er talið vera til hægðarauka — fyrst og fremst fyrir sveitarfélögin og fyrir almenning, en ekki pólitískt mál ríkisstj., og þess vegna leitaðist ég nú við, áður en málið var flutt, að ná um það samstöðu, þó að það hafi því miður ekki tekizt.

Frsm. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Það er ekki um málið sjálft, sem ég ætla að ræða hér frekar en ég gerði í minni framsögu fyrir mínu minnihlutaáliti. Ég hef ekki neinu við það að bæta, sem ég sagði þá, og tel mig hafa fullskýrt afstöðu mína til málsins, en það, sem ég vildi aðeins segja hér, varðar meðferð málsins. Ég hlýt að benda á það, að það, sem hæstv. fjmrh. sagði um meðferð málsins, er ekki það sama, sem hann sagði hér við 1. umr., því að þá tók hann skýrt fram, að þetta mál yrði ekki af sinni hálfu látið ganga fram, nema um það yrði fullt samkomulag. Nú hefur bæði verið eindregin andstaða gegn því í hv. fjhn., og báðir stjórnarandstöðuflokkarnir, sem þar eiga fulltrúa, hafa óskað sérstaklega eftir því, að afgreiðslu málsins verði frestað. Mér finnst þess vegna, að það sé ekki lengur um það að ræða, eins og hæstv. ráðh. sagði, að afgreiðsla mundi velta á því, hvort deilan sé um formsatriði eða efnisatriði. Mér finnst það einfaldlega velta á því, hvort hæstv. ráðh. stendur við orð sín eða ekki.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. og 43. fundi í Ed., 27. jan. og 1. febr., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Ed., 3. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 282 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 10:7 atkv.
2. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:4 atkv.

Á 45. fundi í Ed., 4. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 250, 282, 336).

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Eins og hv. þdm. er kunnugt, var tekin aftur til 3. umr. brtt., sem meiri hl. fjhn. hafði flutt fyrir jól á þskj. 282. Síðan hefur fjhn. haldið fund um málið, og verður þessi brtt. nú endanlega dregin til baka, en þess í stað hefur meiri hl. n. flutt aðra brtt. á þskj. 336. Því miður hefur þessi meiri hl. að vísu minnkað frá því, sem var fyrir jólin, því að þeir tveir hv. framsóknarmenn, sem sæti eiga í n., sáu sér ekki fært að vera meðflm. að þessari nýju útgáfu af brtt. Það, sem ég álít veigamestu rökin fyrir því að flytja þetta frv., eru erfiðleikar sveitarfélaganna, sem fyrirsjáanlegir eru á fyrri hluta þessa árs vegna þess, hve útgjöld þeirra hafa hækkað geysimikið vegna almennra kauphækkana fyrst og fremst, sem urðu á s. l. ári, án þess að tekjur þeirra hækki samsvarandi. En eins og kunnugt er, eru útsvörin, sem fyrst og fremst má skoða sem tekjuskatta, aðaltekjustofn bæjar- og sveitarfélaganna, en þar sem fyrirframgreiðsla útsvara er miðuð við skatta fyrra árs, þá er auðsætt, að þau útsvör, sem á verða lögð á þessu ári, verða ekki — nema að miklu minni hluta en áður hefur verið, þegar kaupgjald hefur verið stöðugra — innheimt á fyrri hluta næsta árs, en aðalþungi útsvarsgreiðslunnar kæmi þá auðvitað á seinni hluta ársins. Nú mætti að vísu segja sem svo eða spyrja sem svo, hvort bankarnir og aðrar lánastofnanir geti þá ekki fleytt bæjar- og sveitarfélögunum yfir þennan hjalla. En ég býst við, að bankarnir muni segja, að vandi þeirra sé ærinn að standa undir þeim lánum, sem þeir af öðrum ástæðum verða að veita, þó að þeir þyrftu ekki að bæta þessu á sig, en þar yrði auðvitað um mjög verulegar fjárhæðir að ræða. Auk þess væri slík lánsfjárþensla af hálfu bankanna tæplega æskileg fyrir efnahagskerfið að mínu áliti, þó að ég ræði það ekki frekar. Þetta tel ég meginástæðuna fyrir því, að eðlilegt sé að samþykkja frv. með þessu sniði, og með tilliti til þess hefur meiri hl. n. gert þá breytingu á sinni till., að sú heimild, sem í frv. felst, mundi aðeins vera fyrir yfirstandandi ár.

Annað atriði hefur eðlilega blandazt inn í þetta — nefnilega það, að væri þessi heimild upp tekin í lög, þ. e. að breyta þeirri prósentu, sem fyrir fram er innheimt, þá mundi það vera spor í áttina til staðgreiðslukerfisins. Það segir svo í grg. fyrir frv., að slíkt, að ekki er heimilt að innheimta meira en

50% af álögðum gjöldum fyrra árs, sé bagalegt bæði fyrir hið opinbera og ekki síður fyrir gjaldendur, svo sem dæmi eru um.

Það getur varla farið á milli mála, að þetta er bagalegt fyrir hina opinberu aðila, sem þarna eiga hlut að máli, og þá auðvitað fyrst og fremst bæjar- og sveitarfélögin, því að þetta skiptir ríkið miklu minna máli vegna þess, hve beinu skattarnir eru tiltölulega lítill hluti af tekjum þess. En að þetta sé hagnaður fyrir gjaldendurna, það kann hins vegar kannske að koma sumum einkennilega fyrir sjónir, og sé litið algerlega stærðfræðilega á þetta, þá er auðsætt, að reikningslega séð, eins og ég sagði, getur það varla verið til baga að fá vaxtalaust lán í nokkra mánuði, því að ég hygg, að hv. þm., sem eru að reyna að fá lán fyrir skjólstæðinga sína í lánastofnunum, telji sig vel gera, ef það tekst að útvega slík lán, þó að þau séu með allt að því 10% vöxtum eða meira, hvað þá ef lánin væru vaxtalaus.

Þó að maður voni allt hið bezta um verðstöðvunina, þá munu fæstir hv. þm. telja líkur á því, að peningarnir vaxi við það og verðgildi peninganna verði meira á komandi hausti en það er nú, þannig að það yrði meiri fórn að láta þá af hendi þá en nú. Þrátt fyrir þetta er það kannske ekki algerlega út í bláinn að tala um, að það gæti verið a. m. k. sumum gjaldendum til góðs að losna sem fyrst við þessa skuldbindingu sína til ríkisins. Reynslan hefur oft og tíðum sýnt það, að mönnum hefur ekki orðið gott af því að skulda ríkinu. Þannig að eins og fólk nú einu sinni er, þá eru það a. m. k. margir, sem ekki hafa þá fyrirhyggju að leggja fyrir vegna skatta, sem þeir skulda.

Og að vissu leyti gæti það auðvitað verið spor í átt til staðgreiðslukerfis að breyta þessari fyrirframinnheimtu. Þó ber að hafa í huga í því sambandi í fyrsta lagi, að hér eru aðeins heimildir til þess að hækka innheimtuna, ef kaupið hækkar þannig um visst mark, en ekki samsvarandi heimild til lækkunar, sem þyrfti að vera, ef þetta væri hliðstætt staðgreiðslukerfinu. Og auk þess ber að hafa í huga — þó að sú röksemd, sem ég nefndi, hafi verið færð fram til stuðnings staðgreiðslukerfinu, þ. e. að það sé gott, að skattarnir breytist sjálfkrafa til samræmis við tekjurnar — ófyrirsjáanlegar sveiflur, sem á tekjunum verða, eins og t. d. þegar afli bregzt og svo það, sem allir gera sér ljóst, að hafi tekjur s. l. árs verið hærri en ársins á undan, komi þeir til með að greiða hærri skatta.

En hvað sem því líður, er persónuleg skoðun mín sú, að æskilegra væri þá einmitt út frá þessu sjónarmiði að hraða því, að tekið væri upp staðgreiðslukerfi en lappa upp á fyrirframinnheimtuna. En það, sem er frá mínu sjónarmiði aðalatriðið í því sambandi, er, að þar sem vitað er, að breytingar á skattalögunum munu síðar koma fyrir þetta þing, þá er eðlilegt að taka þetta mál upp í sambandi við það, og út frá því sjónarmiði einnig, að það er fyrst og fremst hagur bæjar- og sveitarfélaga, sem hér er borinn fyrir brjósti, þá leggur meiri hl. n. til þá breytingu, sem hér liggur fyrir á þskj. 336, og væntir þess, að hv. d. geti á það fallizt að samþykkja frv. með þeirri breytingu.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Mig langar aðeins til þess að gefa hér örlitlar upplýsingar um afstöðu okkar, hv. 3. þm. Vestf. og mín, til þessa máls. Það er rétt, sem hv. frsm. fjhn. var að segja hér áðan, að undir nál., sem gefið var út 17. des. eða rétt fyrir jólin, skrifuðum við, en með fyrirvara. Þetta mál var afgreitt í flaustri. Hæstv. fjmrh. sagði í framsöguræðunni, að það mundi ekki verða afgreitt, ef ekki yrði samstaða um það hér í d. Margir tóku það svo, þegar við 1. umr. kom fram ákveðin rödd gegn frv., og töldu, að þá mundi það þar með vera úr sögunni að sinni.

En á síðustu annadögum þingsins var þó þetta frv. tekið fyrir í fjhn., og við, ég og hv. 3. þm. Vestf., tókum þátt í því að laga tillgr. að mínum dómi, því að eins og hún var upphaflega, var ómögulegt, alveg fráleitt, að samþykkja hana, vegna þess að þar var það lagt á vald stofnunar úti í bæ, efnahagsstofnunar ríkisins — og fjmrh. að vísu, að ákveða, hver innheimtan skyldi vera, og engin takmörk á því, hver hún gæti orðið, þannig að allt upp í 100% var mögulegt eftir frv. Það fannst okkur fjarstæða, að ég held, flestum í n. — ekki bara okkur framsóknarmönnunum þar, heldur öllum, og við stóðum því að því að gera brtt., þar sem prósentan var lækkuð niður í 57% að hámarki. Nú hefur hv. meiri hl. enn á ný breytt tillgr. að sumu leyti til bóta, en að öðru leyti til hins verra, þar sem prósentan er hækkuð úr 57% í 60%, en aftur á móti er heimildin nú miðuð aðeins við yfirstandandi ár. Nú skal ég engu spá um það, hvort við það verður látið sitja í framtíðinni, að það verði aðeins á þessu ári, 1971, sem fyrirframinnheimtan fær að nema 60%, en miðað við reynslu af ýmsum ákvæðum, sem látin eru gilda til ársins, þá kæmi mönnum það ekkert á óvart, þó að það kæmu framlengingarfrv., eins og í svo mörgum tilfellum á sér stað. Ég man ekki t. d., hvað það eru mörg ár síðan ýmis gjöld með viðauka . . . (**Fjmrh.:** Mjög langt síðan.) Það er mjög langt síðan, eins og hæstv. fjmrh. segir, og löngu fyrir hans tíð, sem byrjað var á því að framlengja þau frá ári til árs, og þannig er þetta í mörgum tilfellum. Ég veit það ekki, en gæti það ekki orðið í þessu tilfelli þá líka?

Það er vissulega hárrétt hjá hv. 10. þm. Reykv., að það er ekki líklegt, að peningarnir vaxi að verðgildi á næstu mánuðum. Það er ákaflega hætt við því, að þegar 1. sept. rennur upp yfir okkur alla, þá verði það a. m. k. nokkuð gefið, að peningar manna hafa ekki vaxið að verðgildi. Og það er sennilega ráðlegt fyrir fólk að borga opinber gjöld. Ég er ekkert frá því, að menn ættu að gera það og taka þessi varnaðarorð hv. þm. til greina. En ég sé ekki beinlínis þörf á því að lögskylda fólk til þess að greiða þessi gjöld frekar en orðið er. Það er alveg rétt, að sveitarfélögin hafa talsverðra hagsmuna að gæta með að fá þetta. Ég skal ekkert gera lítið úr því. Ég hygg t. d., að fyrir Reykjavíkurborg sé hér

um 80 millj. kr. fjármagn að tefla. Fyrir fram greidd útsvör eru miðuð við útsvör fyrra árs. Mig minnir, að útsvör Reykvíkinga 1970 hafi verið röskar 800 millj. kr. Fyrirframinnheimtan á þessu ári ætti þá eftir gömlu reglunni að vera 400 millj. kr., en getur farið upp í 480 millj. kr., ef þessi regla verður samþykkt. Það er nokkurt fé 80 millj. kr., ég geri ekki lítið úr því. En annað eins hefur nú sézt eins og það að útvega í fjóra mánuði 80 millj. kr. að láni, þ. e. 20 millj. kr. á mánuði þá fjóra mánuði, sem eftir eru af tímabilinu, ef fjárhagur borgarinnar er þá þannig, að þess þurfi. En það er enn þá rétt, sem ég benti á hér við 1. umr. þessa máls, að aðalútgjaldatímabil sveitarfélaganna er tæpast komið, þegar þessari fyrirframgreiðslu á að verða lokið — a. m. k. er það ekki komið að svo stöddu.

Ég skal ekki vera að þreyta hv. þdm. á ræðuhöldum um þetta mál. En ég vil bara lýsa yfir því fyrir mína hönd, að ég er nú við nánari athugun, eftir að raunverulegt tóm hefur gefizt til þess að hugleiða þetta mál, mótfallinn því, að þetta frv. nái fram að ganga og mun greiða atkv. gegn því.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það var fallizt á það hér fyrir jól að fresta þessu frv., þar til Alþ. kæmi saman að nýju, vegna þess að því var haldið fram af ýmsum, að þeir hefðu ekki haft aðstöðu til þess að skoða það sem skyldi. Niðurstaðan virðist hafa orðið sú, að þessi nánari skoðun hafi leitt til þess, að jafnvel þeir séu nú á móti því, sem þá voru hlynntir málinu eða ekki kannske beint hlynntir því, en í vafa um það, hvort ekki væri rétt eftir atvikum að fallast á það. A. m. k. sé ég, að tveir þeirra, sem þá stóðu að nál. meiri hl. og brtt., eru ekki skráðir á síðari brtt. (Gripið fram í.) Já, það kann vel að vera, en það mun rétt ályktað út frá því, að þetta er með þessum hætti nú á till., eins og hún liggur fyrir. Ég ætla ekki að fara að orðlengja um þetta mál. Það er alveg þarflaust. Það var búið að ræða það, svo að þess gerist ekki þörf. Ég vil hins vegar vekja athygli á því, að síðan það var flutt, hafa ýmsar sveitarstjórnir og — að ég hygg — allra stærstu kaupstaðir landsins lagt á það ríka áherzlu, að málið næði fram að ganga alveg án hliðsjónar af því, að mismunandi stjórnmálaaðilar stjórna þar málum. Enda lagði ég áherzlu á það, þegar ég lagði frv. fram, að það væri Samband ísl. sveitarfélaga, sem hefði fyrst og fremst átt frumkvæði að því að koma málinu áleiðis, og ég hefði talið mér skylt að koma á framfæri þeirri ósk, af því að hún væri réttlát og eðlileg, en hér gæti ekki verið um flokkspólitískt mál að ræða, heldur er vandamálið allt annars eðlis.

Ég vil taka það fram, að ég get mjög vel fellt mig við þá till., sem hv. meiri hl. fjhn. nú við 3. umr. flytur við frvgr., þ. e. að hún orðist sem þar segir, og tel, að það nái fullkomlega tilgangi sínum, þó að þetta nái aðeins til ársins 1971. Ég vil því hugga hv. 11. þm. Reykv. með því — til þess að hann vaði ekki í neinni villu eða efasemdum um, hvað fyrirhugað sé í því efni — að það er fyrirhugað að lögfesta þetta til frambúðar í skattalagafrv. því, sem væntanlega verður lagt fram, og það er svo aftur þingsins mál, hvort það fellst á það eða ekki. Það er önnur saga. En ég vil jafnframt vekja athygli á því, að færi svo, að hv. Alþ. teldi rétt að innleiða staðgreiðslukerfið, þá yrði þessi vandi algerlega úr sögunni, vegna þess að þá mundi koma af sjálfu sér það, sem felst í þessu, að það er einmitt ætlunin með því, að reynt verði að meta það hverju sinni, hverjar álögurnar muni verða á viðkomandi ári og að þær komi til greiðslu með eðlilegum hraða. Þetta er svo í öllum þeim löndum, þar sem staðgreiðslukerfi er, og mundi að sjálfsögðu hafa sömu afleiðingar hér. Þetta er meginþáttur í staðgreiðslukerfinu og ein af veigamestu röksemdunum fyrir því, að menn séu ekki með í vasanum fjármuni, sem vitað er, að þeir í rauninni ekki eiga, heldur eiga að renna til opinberra þarfa, og það verði þess vegna ekki til þess, að aftur verði erfiðleikar hjá þeim að standa skil á þeim síðar meir.

Þetta vildi ég aðeins láta koma fram í sambandi við það atriði brtt. að binda þetta við árið 1971. Það var talið rétt í þessu frv., og mér finnst ekki nema eðlilegt, að það sé svo í þessu frv. Sannast sagna hafði ég vonazt til, að þetta mundi leiða til þess, að menn eftir atvikum teldu rétt að fallast á þessi sjónarmið — sem fyrst og fremst eru sjónarmið sveitarfélaganna til að mæta vanda þeirra — þegar þetta væri bundið við þetta ár, og menn hefðu þá aftur svigrúm til þess, þegar almenn ákvæði kæmu til meðferðar, að lýsa skoðunum sínum í því efni. En við því er ekkert að segja. Menn verða að hafa sínar skoðanir, og skal ég ekkert um það frekar ræða. Hitt held ég, að sé alveg ljóst, eins og hv. 11. þm. Reykv. gat réttilega um, að hér mun leiða til stórvandræða fyrir sveitarfélögin. Ég hygg, að það sé alveg rétt, að það séu um 80 millj. kr. fyrir Reykjavíkurborg eina núna á fyrri hluta ársins og hliðstæð fjárhæð, að ég hygg, fyrir aðra kaupstaði, þó að það sé ekki í eins stórum mælikvarða.

Ég held, að það sé alveg ljóst mál, að það verði a. m. k. vægast sagt erfitt — og ég hygg í rauninni útilokað, að bankakerfið fáist til þess að mæta því og valda þannig þeirri stórauknu þenslu, sem af því leiðir, ef ætti að veita öllum sveitarfélögum landsins fyrirgreiðslu til að afla þessara fjármuna, enda gersamlega óeðlilegt að gera það, þar sem vitað er, að skattarnir munu koma hér til með að jafna þessi met. Og ég veit, að ég þarf ekki að fræða jafnglöggan mann og hv. 11. þm. Reykv. um það, að það auðvitað hefur efnahagslega mjög slæm áhrif að fara að dreifa út óeðlilega miklu fjármagni og láta fólk hafa óeðlilega mikið fjármagn milli handa. Það hlýtur að hafa óheppileg áhrif á eftirspurn eftir vörum og þjónustu og óheillavænleg áhrif þannig á efnahagskerfið, af því að ég held, að það verði ekki fundin nein úrræði til þess, að hægt sé að komast hjá því að innheimta þessi útsvör eða skatta, sem hér er um að ræða, þó að það væri út af fyrir sig ánægjulegt. Það held ég og hef ekki heyrt neinn mann halda fram, að hugsanlegt væri að komast

hjá þeirri innheimtu. Vegna þessa verðum við að horfast í augu við þá erfiðleika, sem munu rísa, ef ekki er hægt að fallast á það sjónarmið að innheimta það með þessum hætti, sem hér er lagt til.

Ég sé svo ekki ástæðu til, herra forseti, að orðlengja frekar um þetta mál. Þetta var í rauninni þaulrætt fyrir áramótin, þannig að menn hafa algerlega myndað sér sínar skoðanir um það og heyrt þær röksemdir með og móti, sem um er að ræða, enda er það tiltölulega einfalt.

Axel Jónsson: Herra forseti. Ég lýsti ítarlega skoðun minni á þessu máli hér við 2. umr. málsins. Ég sé ekki ástæðu til þess að endurtaka það. Ég kom einmitt inn á það, að ég teldi eðlilegt að hækka þetta mark fyrir árið 1971 frá því, sem þar var gert ráð fyrir — frá 57% í 60%, og færði rök að því sem sveitarstjórnarmaður og kunnugur þeim þörfum og þeim vanda, sem sveitarstjórnir og sveitarfélög eru í einmitt þetta ár vegna þess, að það verður svo mikil breyting á þeim tilkostnaði, sem sveitarfélögin standa frammi fyrir miðað við hundraðshluta af áætluðum útsvörum s. l. árs, en l. samkv. er hægt að innheimta á fyrri hluta ársins 50% af gjöldum fyrra árs. Það er talað um, að þetta muni miklu fyrir Reykvíkinga. Það er rétt, að þar eru tölurnar hæstar, en ég hygg þó, að þó að útsvörin séu 65% af tekjum Reykjavíkurborgar, þá sé það þó einhver lægsta prósentan hjá kaupstöðunum, þegar litið er á heildartekjur þeirra. Svo mikið er víst, að í þeim kaupstað, sem ég þekki gleggst til — í Kópavogi, þá eru útsvarstekjurnar yfir 70%, og þannig mun það vera víðar. Og ég vil vitna til þess, sem hæstv. fjmrh. sagði, að síðan þetta mál var hér til umr. hjá okkur fyrr í vetur, hafa fjölmargar sveitarstjórnir samþykkt — og margar þeirra einróma — tilmæli til Alþ. um að gera hér breytingu á frá því, sem nú er í gildi með tilliti til þess vanda, sem sveitarstjórnirnar standa frammi fyrir. Og ég get upplýst það, að í bæjarstjórn Kópavogs, sem fulltrúar allra þeirra flokka, sem eiga fulltrúa hér á hv. Alþ., sitja í, var þetta einróma samþykkt, og höfðu allir skilning á þeirri ríku nauðsyn að koma þessu fram.

Og ég skal endurtaka það, sem ég sagði við umr. á fyrra stigi þessa máls, að hvað viðkemur því sveitarfélagi, þá er dæmið þannig: Á s. l. ári var útsvarsupphæðin 96 millj. kr. Það þýðir það, að að óbreyttum ákvæðum mættum við innheimta 48 millj. kr. á fyrri hluta ársins. Nú er útsvarsupphæðin áætluð 128 millj. kr. Það mundi jafngilda því, að að óbreyttu mætti innheimta 48 millj. kr. á fyrri helmingi ársins og 80 millj. kr. á seinni helmingnum, og það mundi skapa algert vandræða- og neyðarástand hjá því sveitarfélagi, ef þessu yrði ekki breytt. Ef þessi breyting næði fram að ganga, þá er langt frá því, að þrátt fyrir það yrði um það að ræða, að hægt sé að innheimta 50% af áætlaðri útsvarsupphæð í ár á fyrri hluta ársins, og ég vil aðeins vekja athygli á því, að þó að þessi 60% verði samþykkt, sem ég tel þó til mikilla bóta, þá mættum við innheimta 58 millj. kr. af þessum 128 og ættum 70 til innheimtu á seinni hlutanum, þannig að það er langt frá því, að við séum að nálgast það mark, að sveitarstjórnirnar hafi möguleika á því að ná inn 50% af væntanlegum útsvarstekjum á fyrra helmingi ársins í ár, þó að þessi breyting verði samþykkt.

Ég vil svo, herra forseti, ekki hafa þessi orð fleiri. Ég endurtek það, að ég lýsi minni afstöðu sem sveitarstjórnarmanns til þessa máls við fyrri umr. hér, en fagna því, að það er þó komið á þetta stig, sem ég taldi þá, að væri verulega nauðsynlegt að koma til leiðar, þó að það vissulega kæmist ekki svo langt, að sveitarfélögin næðu 50% af sínum útsvarstekjum til innheimtu á fyrri hluta ársins.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Þetta verða ekki nema örfá orð; það er þýðingarlaust að vera að karpa um þetta. En það lét ekki lengi á sér standa, að ég fengi staðfestingu á þeim grun, sem ég hafði um það, að það mundi fara eins um þetta bráðabirgðaákvæði og svo mörg önnur, þ. e. að því yrði haldið áfram, því að hæstv. fjmrh. upplýsti það, að í væntanlegu skattalagafrv. væri till. um að lögfesta þetta til frambúðar. Nú er mér ekki alveg ljóst ... (**Fjmrh.:** Ekki nákvæmlega þetta ákvæði.) Nei, það gat tæpast verið, en sambærilegt ákvæði, sem verður þá væntanlega að bíða betri tíma að átta sig á, þ. e. þegar maður hefur séð, hvernig ákvæðið er. En sams konar ákvæði verður tæpast lagt til að lögfesta, eða ég get ekki skilið það. Þá væri a. m. k. komið æðilangt frá upphaflegum tilgangi frv., sem virtist vera sá, að í þeim tilfellum einum, að um verulegar kauphækkanir hefði orðið að ræða milli ára, mundi verða innheimt þessi hærri prósenta. Og ég held, að þetta sé ekki heppilegt. Ég sagði það áðan, að mér leizt ekki á það, eins og frv. var upphaflega ákveðið, að það væru aðilar í þjóðfélaginu, sem skæru úr um það án atbeina Alþ., hver fyrirframinnheimta opinberra gjalda skyldi vera í hvert skipti, og ég tel þess vegna, eins og ég sagði hér áðan, að þrátt fyrir allt sé þessi brtt., sem nú er verið að ráðgera að lögfesta, betri en hin. Menn vita þó, hvað þeir eru að samþykkja í þessu tilviki. Í þessu tilviki er verið að samþykkja það, að á árinu 1971 skuli fyrirframinnheimtan nema 60% af útsvörum fyrra árs eða af opinberum gjöldum fyrra árs.

En ég get svo sem geymt mér allar bollaleggingar um það frumvarpsákvæði, þangað til það sér dagsins ljós, og skal ekki eyða meiri tíma í það að sinni, því að hæstv. fjmrh. sagði hér, að það væri ekki heppilegt, að fólk hefði óeðlilega fjármuni milli handa. Ég veit nú ekki, hvað á að lesa út úr þessum orðum. Ég hef tilhneigingu til þess að lesa það út úr þeim, að hæstv. ráðh. meini það, að fólk eigi ekki að hafa þá fjármuni á milli handa, sem aðrir eiga, og það er út af fyrir sig göfugur hugsunarháttur. En mér finnst þó óeðlilegt í sannleika sagt, að í hvert skipti, sem fólk fær aukna fjármuni á milli handa, t. d. vegna þess að framfærslukostnaður hefur hækkað, þá skuli undir eins vera komnir sendimenn frá því opinbera til þess að sækja þessa fjármuni.

Og ég segi fyrir mitt leyti, að ég hef þá trú á hinum almenna gjaldanda, þó að til séu undantekningar — það skal ég játa — að hann átti sig á því, að gjöldin verði hærri seinni hluta árs en þau eru á þeim fyrri og hann muni gera ráðstafanir til þess að mæta því, því að það er ekkert spaug að lenda í klónum á innheimtumönnum þess opinbera. Það hafa margir lent í því, og auglýsingar í blöðum sýna það, hvað við liggur, ef menn bregðast þeirri gjaldskyldu. Þess vegna er ég ekki svo voðalega hræddur um það, að það verði óeðlilegir fjármunir í veltunni, þó að það sé beðið með það þessa fjóra mánuði að klófesta þær kauphækkanir, sem fólk var að fá í hendur nú fyrir nokkrum dögum.

Það voru engar fréttir fyrir mig, sem hv. 4. þm. Reykn. greindi hér frá, að sveitarstjórnir margar hefðu samþykkt þessi lagaákvæði og óskað eftir því, að þær fengju meira fjármagn í hendur. Það er sjálfsagt mjög eðlilegur hlutur og vandfundin sú sveitarstjórn, sem afþakkar meira fjármagn en henni stendur til boða. En ég vil bara minna á það, að í mörg undanfarin ár hefur hv. Alþ. alltaf verið að teygja sig lengra og lengra til móts við sveitarfélögin á kostnað gjaldendanna. Jú, vissulega. Það þýðir ekki að neita því. Það eru aðeins 2—3 ár, síðan það var ákveðið hér á Alþ., að útsvör fengjust ekki frá dregin, nema helmingur fyrra árs útsvars væri greiddur fyrir 31. júlí hvert ár. Ég var samþykkur þessu ákvæði, vegna þess að mér fannst, að það stuðlaði frekar að því, að staðgreiðslukerfi kæmist á. En ég get ekki fyllilega jafnað þessu ákvæði, sem hér er verið að tala um, til þess. Það geri ég ekki. Og það er ekki ýkja langt síðan sveitarfélögunum var veittur þó einhver réttur til þess að innheimta gjöldin — ég man ekki nákvæmlega, hvað það er langt — en það hefur ekki staðið um aldur og ævi, að sveitarfélög hafi reynt að innheimta fyrir fram með tilheyrandi lagafylgjum, sem því fylgir núna. Það er tiltölulega nýtt. Það ákvæði var líka sett fyrir sveitarfélögin, þannig að ég held, að þrátt fyrir allt sé ekki ástæða til fyrir sveitarfélög almennt að kvarta undan því, hvernig Alþ. býr að þeim.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar. Ég bíð með nokkurri forvitni eftir að sjá, hvernig hæstv. fjmrh. hugsar sér fyrirkomulag þessara mála í framtíðinni, en um það get ég auðvitað ekkert sagt, fyrr en þar að kemur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 46. fundi í Ed., 8. febr., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Ed., 10. febr., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 282 tekin aftur.

Brtt. 336 samþ. með 11:5 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11:7 atkv. og afgr. til Nd.

Á 46. fundi í Nd., 11. febr., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar, og var frv. á þskj. 359 útbýtt á fundinum.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er fyrst og fremst hér flutt vegna óska frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, og var það upphaflega í því formi, að sett var almenn regla um það eða gert var ráð fyrir almennri reglu um það, að ef kaupgjald hefði hækkað almennt um 15% milli skattára, þá mætti hækka fyrirframinnheimtu opinberra gjalda umfram þau 50%, sem nú er ákveðið í l., og þá er, eins og hv. þdm. er kunnugt um, miðað við skatta viðkomandi aðila s. l. skattár. Orsökin fyrir þessari beiðni var sú, sem einnig er alkunna, að miklar sveiflur hafa nú orðið á kaupgjaldi, sem munu leiða til þess, að verulegar hækkanir verða í krónutölu á opinberum gjöldum á þessu ári. Það liggur í augum uppi, að hvað sem líður skattvísitölu, þá engu að síður leiða kauphækkanirnar til þess, að gjöldin verða nú mun hærri. Það blasir við augum og er þegar vitað, að fjárhagsáætlanir margra sveitarfélaga og reyndar flestra þeirra hækka mjög verulega eða milli 30 og 40% og megintekjustofn sveitarfélaganna eru útsvörin. Varðandi ríkissjóð skiptir þetta að vissu leyti einnig máli, en þó í miklu minna mæli, þar eð tekjuskattur er ekki nema lítill hluti eða 10% af heildartekjum ríkisins, þannig að hér er að sjálfsögðu um miklu þýðingarmeira mál að ræða fyrir sveitarfélögin.

Í annan stað blasir það einnig við augum, þegar þessi staðreynd er skoðuð, að það er síður en svo hagkvæmt fyrir gjaldþega að þurfa seinni hluta ársins að greiða mikinn meiri hluta sinna opinberu gjalda. Það hefur áður komið fyrir, að mig minnir árið 1964, að slík sveifla varð, að opinber gjöld hækkuðu stórlega frá fyrra ári, og hafði það þau áhrif í för með sér varðandi gjaldendur og olli miklum erfiðleikum margra, að seinni hluta ársins var tekinn af þeim svo stór hluti tekna þeirra í mörgum tilfellum, að til vandræða horfði. Ég hygg því, að það sé nokkurn veginn ljóst mál, ef það er af sanngirni skoðað, að þar sé um að ræða hagsmunamál — ekki aðeins fyrir þá, sem gjöldin eiga að fá og þá fyrst og fremst sveitarsjóðina, heldur einnig fyrir gjaldendurna sjálfa — að þetta sé jafnað, svo sem gert var ráð fyrir í umræddu frv.

Í hv. Ed. var gerð sú breyting á frv., að ákveðið var að festa þessa fyrirframgreiðslutölu í 60% og miða hana eingöngu við árið 1971. Þetta skiptir vitanlega ekki neinu máli, vegna þess að í frv. því til breytinga á tekju- og eignarskattslögum, sem nú verður hér til umr. á eftir, er sett almenn regla, sem er ætlað að gilda til frambúðar, ef slíkar sveiflur verða, sem hér er sjáanlegt að verða á þessu ári. Það má rétt minna á það, að það hefur m. a. verið ein af röksemdunum fyrir því að taka upp staðgreiðslukerfi skatta að forðast slíkar sveiflur í skattgreiðsl-

um, og ef staðgreiðslukerfið hefði verið komið á, hefði ekki verið um að ræða þá sérstöku erfiðleika, sem gera það nauðsynlegt að flytja þetta frv., sem hér liggur fyrir.

Ég skal ekki, herra forseti, orðlengja um málið. Það er mjög einfalt, en ég vildi mjög mega vænta þess, að hv. þd. sæi sér fært að taka skjótlega afstöðu til þess, svo að hægt verði að miða fyrirframgreiðsluna um næstu mánaðamót við gildistöku frv., ella mundi það leiða til þess, að fyrirframgreiðslan um tvenn næstu mánaðamót þar á eftir yrði óeðlilega há, þannig að það væri engum til góðs. Það er því brýn nauðsyn, að þetta verði afgreitt það tímanlega fyrir mánaðamót, að það verði hægt að undirbúa fyrirframgreiðslurnar í samræmi við frv., ef hv. þd. fellst á að samþykkja það og gera það að lögum, sem ég vonast til, að verði.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 359, n. 384).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. nr. 384, þá hefur fjhn. haft þetta frv. til athugunar og leggur til, að það verði samþ. óbreytt, eins og það kemur frá Ed. Einn nm. var fjarstaddur, hv. þm. Þórarinn Þórarinsson, og annar undirritaði nál. með fyrirvara, eins og þar kemur fram. Það er óþarft að gera ítarlega grein fyrir þessu frv., þar sem hæstv. fjmrh. gerði það við 1. umr. þessa máls í d., og skal ég því fara fljótt yfir sögu. Frv. er upphaflega borið fram samkv. ósk Sambands ísl. sveitarfélaga, og fyrir hæstv. Alþ. liggja áskoranir og tilmæli margra einstakra sveitarfélaga um, að efni frv. verði lögfest. En eins og hv. þm. vita, þá hefur hv. Alþ. hækkað að krónutölu að mun upphæð tekjuskatts, sem áætlað er að innheimta á þessu ári, og á sama hátt hafa einstakar sveitarstjórnir hækkað að krónutölu upphæð útsvara í samræmi við þær kauplags- og kostnaðarbreytingar, sem orðið hafa frá ári til árs. Það væri því mjög erfitt um vik vegna fjárhags sveitarfélaganna, ef ekki væri aukin eða rýmkuð heimild þeirra til innheimtu opinberra gjalda eða fyrirframgreiðslu þeirra. Það kann að vera, að það skipti ekki eins miklu máli fyrir ríkissjóð, en fyrir gjaldendur er það einnig til hagsbóta að jafna gjaldabyrði opinberra gjalda á allt árið og er í anda þess, að í lög verði komið staðgreiðslukerfi opinberra gjalda eða þokazt nær því.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta mál, en vil mælast til þess við hv. þd., að hún flýti afgreiðslu þessa máls eins og unnt er, því að ætlunin er samkv. þessu frv., ef að lögum verður, að nýta gjalddaga fyrirframgreiðslu opinberra gjalda, en þegar er einn þeirra liðinn og fjórir eftir, og því væri æskilegt, að unnt væri að jafna þessari hækkun á þá fjóra gjalddaga alla, sem eftir eru, svo að þetta komi sem bezt fram fyrir gjaldendur almennt.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Ég efast ekki um það, að frv. það, sem hér liggur fyrir, er til hagræðis fyrir sveitarfélögin. Það má ef til vill segja líka, að það sé að einhverju leyti til hagræðis, en ekki til skaða, fyrir þá, sem hafa föst laun allt árið, en fyrir ýmsa aðra er þetta frv. ekki þægilegt. Það er svo, að reynsla undangenginna ára æðimargra sýnir, að mikið af fólki, sem ekki hefur föst störf og raunar einnig stór hluti fólks, sem er í almennri vinnu verkafólks, hefur mun drýgri tekjur síðari hluta ársins.

Þess vegna er ekki eins slæmt kannske og margir kynnu að halda að hafa þann hátt á, sem verið hefur, að menn greiði helming álagðra gjalda ársins á undan á næsta ári. Þetta kemur því æðiþungt niður á þessu fólki, og svo er eitt atriði, sem ég er knúinn til að andmæla hér, en það er, að verið er að halda því fram, að við séum með því að hafa þennan hátt á, að taka stærri hluta af álögðum gjöldum í fyrirframgreiðslu, að færast nær staðgreiðslukerfinu. Ég sé ekki, að þetta atriði geti á nokkurn hátt í raun og veru færzt undir það, að við séum að færast nær staðgreiðslukerfinu. Staðgreiðslukerfið er einmitt það að greiða um leið og launin falla til. Hér eru menn að greiða af launum í samræmi við laun liðins árs. Það er verið að taka stærri hluta af launum næsta árs. Ég sé ekki, að þetta eigi neitt skylt við staðgreiðslukerfið, og ef svo væri, þá held ég, að það hefði verið rétt að taka ekki aðeins einn þátt. Við vitum, að það er alveg sérstaklega bagalegt fyrir fólk, sem er komið að því að hætta störfum og er að hætta störfum, að þurfa að greiða skatta sína á næsta ári, þegar engar tekjur falla til. Ef virkilega hefði nú verið ætlunin að færa þetta eitthvað nær staðgreiðslukerfinu, þá hefði svo sannarlega verið ástæða til — líka frá sjónarmiði sveitarfélaganna — að taka einmitt þetta atriði með í þessu frv. Ég er ekki að segja það, að hér sé um stórt mál að ræða með því efni, sem hér liggur fyrir í þessu frv. En það er eins með þetta eins og annað, sem varðar skattalögin. Það er verið að taka út eitt og eitt atriði, en heildarendurskoðun — sú endurskoðun, sem í raun og veru ætti að koma hinu vinnandi fólki fyrst og fremst að notum — gleymist; hún kemur ekki fram í dagsljósið. Ég mun þess vegna greiða atkv. gegn þessu frv. nú við þessa umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23:7 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 390).

19. Háskóli Íslands (stjfrv. um lyfjafræði).

Á 38. fundi í Ed., 18. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 19. ágúst 1970, um Háskóla Íslands [182. mál] (stjfrv., A. 292).

Á 41. fundi í Ed., 27. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 42. fundi í Ed., 28. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Eins og hæstv. deildarforseti hefur þegar tekið fram, þá heyra mál Háskólans að sjálfsögðu ekki undir mitt starfssvið í ríkisstj., en hæstv. menntmrh. er upptekinn við umr. í Nd., og auk þess er þetta frv. svo nátengt því frv., sem ég var að mæla fyrir hér rétt áðan, að það er í beinu samhengi við það og til þess ætlað að auðvelda það aðhald í lyfjasölumálum, sem ég áðan talaði um. Þá var talað um, að nauðsynlegt væri að gera þá breytingu, sem frv. þetta gerir ráð fyrir. Ef hið umrædda frv. nær fram að ganga, þá er þessi breyting af lögfræðingum talin nauðsynleg.
Ég legg til, herra forseti, að þessu frv. verði vísað til sömu n. og hinu fyrra, þó að venjan sé að vísa málum Háskólans til menntmn., þá tel ég, að þetta frv. sé svo sérstaks eðlis, að eðlilegt sé, að þau fylgist að, og legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 12 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 3. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 292, n. 328).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Af nál. á þskj. nr. 328 kemur fram, að heilbr.- og félmn. mælir einróma með samþykkt þessa frv. Við fengum það til meðferðar í heilbr.- og félmn., þótt þar sé um örlitla breytingu á lögum um Háskóla Íslands að ræða, en breytingin er í því fólgin, að kennari í lyfjafræði lyfsala hafi ekki jafnframt á hendi eftirlit með lyfjabúðum, eins og kom fram í framsöguræðu hæstv. heilbr.- og félmrh., en hann talaði fyrir þessu frv. í fjarveru hæstv. menntmrh. N. leggur einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt, og vísa ég því hér með til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 4. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 43. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 44. fundi í Nd., 8. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 45. fundi í Nd., 10. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Á 49. og 50. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 51. fundi í Nd., s. d., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 292, n. 378).

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Þetta frv. til laga um breytingu á lögum um Háskóla Íslands var flutt í hv. Ed. í sambandi við tvö önnur frv., sem voru flutt þar til breytingar á lyfsölulögum. Þetta mál var raunar til meðferðar hjá heilbr.- og félmn. Ed. eins og hin frv. bæði, en fór til menntmn. þessarar hv. d. Eins og sést á nál. á þskj. 378, þá mælir n. einróma með því, að frv. þetta sé samþ., en efni þess er það, að ráðinn verði sérstakur maður til eftirlits með lyfjabúðum fyrir heilbrigðisstjórnina, en áður hafði þetta starf á hendi kennari í lyfjafræði lyfsala. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta mál. Þetta frv. var ásamt hinum frv. tveimur afgreitt samhljóða frá hv. Ed., og menntmn. þessarar hv. d. leggur til, að frv. verði samþ., eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 406).

---

20. Lyfsölulög (skráning sérlyfja).

Á 41. fundi í Ed., 27. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á lyfsölulögum, nr. 30 29. apríl 1963 [189. mál] (stjfrv., A. 312).

Á 42. fundi í Ed., 28. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Uppi hafa verið umr. um það á undanförnum árum, með hvaða hætti mætti bezt tryggja misnotkun á lyfjasölu og þá í sambandi við umr. um ótta manna við notkun á sérstaklega sterkum lyfjum, t. d. eiturlyfjum, og frv. þetta, sem hér er flutt um breytingu á lyfsölulögunum, er ein grein á þeim meiði, þáttur í þeim tilraunum, sem gerðar eru til þess að auka eftirlit með sölu og dreifingu á lyfjum, og þarf ekki langa framsöguræðu um það. Með þessari breytingu, sem í lögunum felst, hafa mælt formaður lyfjaskrárnefndar og settur landlæknir. Ég hygg, að að öðru leyti skýri frv. sig sjálft. Það er til að auka aðhald með skráningu sérlyfja, sem nokkuð hefur færzt í vöxt á undanförnum árum, að notuð séu, og á vondu máli eru kölluð svonefnd „patent-lyf" og flutt inn tilbúin erlendis frá. Ég legg því til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 11 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 3. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 312, n. 327).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Af nál. nr. 327 kemur fram, að heilbr.- og félmn. hefur fjallað um frv. og leggur einróma til, að það verði samþ. óbreytt. Hér er um nokkra takmörkun á skráningu sérlyfja að ræða, sem er flutt af hæstv. ríkisstj. vegna beiðni lyfjaskrárnefndar vegna sérnotkunar á þessum lyfjum.
Að svo mæltu legg ég til, að frv. sé vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 4. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 43. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 44. fundi í Nd., 8. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 45. fundi í Nd., 10. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 55. fundi í Nd., 3. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 312, n. 402).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er komið frá hv. Ed. og hlaut þar venjulega afgreiðslu og var einróma samþ. þar. Efni þess varðar skráningu sérlyfja, og segir svo í aths. með frv. með leyfi forseta:
„Nokkrir framleiðendur sérlyfja svo og sérfræðingar í ýmsum greinum læknisfræði hafa á undanförnum árum ítrekað óskað eftir, að tiltekin lyf yrðu því aðeins skráð á sérlyfjaskrá, að notkun þeirra væri bundin við sérstakar spítaladeildir eða lækningastöðvar, þar sem tryggt væri, að einungis sérfræðingar fjölluðu um notkun þeirra.
Þess háttar takmörkun á skráningu sérlyfja hefur tíðkazt alllengi á Norðurlöndum, t. d. í Danmörku." Heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. hefur haft málið til athugunar og leggur einróma til, að það verði samþ. óbreytt, eins og fram kemur á þskj. 402.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 3. umr. Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 57. fundi í Nd., 5. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 453).

21. Framleiðnisjóður landbúnaðarins (stjfrv.).

Á 2. fundi í Nd., 13. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 89 17. des. 1966, um framleiðnisjóð landbúnaðarins [23. mál] (stjfrv., A. 23).

Á 4. og 5. fundi í Nd., 22. og 26. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 6. fundi í Nd., 27. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Framleiðnisjóður landbúnaðarins var stofnaður með lögum nr. 89 17. desember 1966. Var það gert með því að ákveða 50 millj. kr. framlag, sem þyrfti að greiðast á þremur árum. 20 millj. voru greiddar strax sem óafturkræfur styrkur til mjólkurbúa og síðan 10 millj. á ári, samtals 50 millj. Á s. l. ári rann þetta út, gildistíminn var liðinn og þess vegna þykir rétt að flytja frv., sem kveður svo á, að framhald skuli verða á um fjárveitingar til framleiðnisjóðs, 50 millj. kr., 10 millj. kr. á ári. Samkv. þessu frv., 1. gr., er gert ráð fyrir, að á árunum 1972—1976 verði þessi upphæð innt af hendi með jöfnum greiðslum. En verði svo, að ekki verði tekin á fjárlög næsta árs greiðsla, verður sjóðurinn vanmegnugur til þess að inna sitt hlutverk af hendi á árinu 1971. Það þótti ekki rétt að flytja frv. þannig að gera ráð fyrir fjárveitingu á árinu 1971, þar sem ekki er gert ráð fyrir því í því fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir, að 10 millj. kr. skuli varið til framleiðnisjóðs. En fjvn. er að starfi, og það væri vitanlega mjög æskilegt, ef hæstv. fjmrh. og fjvn. treystu sér til að gera till. um það, að fjárveitingin byrjaði á árinu 1971 og er þá hægt í meðförum þingsins að breyta þessu frv. í samræmi við það.

Það er enginn vafi á því, að framleiðnisjóður landbúnaðarins hefur mikilvægu verkefni að gegna, þ. e. að stuðla að aukinni framleiðni með því að gera kleift að bæta tæknibúnað í mjólkurbúum, frystihúsum, sláturhúsum og víðar og svara stöðugt vaxandi kröfum, sem gerðar eru á hendur þessara stofnana bæði í heilbrigðislegu og tæknilegu tilliti. Stjórn framleiðnisjóðs hefur notað þá fjármagn, sem hún hefur haft yfir að ráða í þessu skyni. Það hafa verið veitt lán og það hafa verið veittir nokkrir styrkir til heimilistanka, til þess að hægt sé að flytja alla mjólkina í tönkum og hætta því að nota brúsana eins og gert var í gamla daga. Með þessu er tvennt unnið. Það verða stórum aukin þægindi og það verður miklu meira hreinlæti og öryggi í meðferð mjólkurinnar með þessu móti. Þess vegna er að því stefnt að koma þessu kerfi upp sem víðast og flytja mjólkina frá heimilunum til búsins á tönkum og svo aftur frá mjólkurbúunum á sölustað með sams konar tækjum. Þannig er hægt að tryggja fyllsta hreinlæti og beztu meðferð mjólkurinnar, sem hugsazt getur. Þá hefur fé einnig verið veitt til tækniútbúnaðar sláturhúsa, sem vissulega gerist þörf, því að alltaf eru gerðar auknar kröfur til sláturhúsanna um meðferð kjötsins. Og það er metnaðarmál og nauðsynjamál að stuðla að stöðugt auknum framförum í þessu. Það hefur miðað vel í áttina hvað þetta snertir, tæknibúnaður og hreinlæti eru stöðugt aukin og bætt meðferð á kjöti. Þá var veittur styrkur til djúpfrystingarstöðvar, sem sett var upp á Hvanneyri og sem talin er nauðsynleg og eðlileg miðað við tækni tímans, einnig til endurskipulagningar ræktunarsambanda, sömuleiðis til rannsókna á vinnutilhögun í gripa- og mjólkurhúsum. Þannig hefur verið ráðstafað 26 millj. og 170 þús. kr. í þessu skyni auk 20 millj., sem eru óafturkræfur styrkur til mjólkurbúa, sem var veittur á árinu 1966.

Ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta. Hv. þm. er kunnugt um þessi lög, kunnugt um tilgang þeirra og að mestu kunnugt um, hvað gert hefur verið. Og verði haldið áfram að veita fé til sjóðsins eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., þá verður verkefnið í næstu framtíð eitthvað svipað og verið hefur. Ég endurtek, að ég tel æskilegt, að fjárveiting til sjóðsins byrji á árinu 1971 og bið hv. n., sem fær málið til meðferðar, að taka það til athugunar.

Herra forseti. Ég vil svo að lokinni þessari umr. leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt, fluttum við nokkrir framsóknarmenn hér í þessari d. frv. um breyt. á framleiðnisjóði landbúnaðarins á síðasta ári. Eins og fram hefur komið, þá skemmdist og eyðilagðist mikið fóður víða um landið sumarið 1969 af völdum óþurrka. Vegna þessarar reynslu, þessara áfalla, sem höfðu orðið í landbúnaði, lögðum við til, að frv. eða l. yrði breytt á þann hátt, að sjóðurinn sinnti fyrst og fremst því verkefni að stuðla að tilraunum um fóðuröflun og heyverkun og það sæti fyrir öðrum verkefnum. Í 1. gr. l. segir svo, með leyfi forseta:

„Hlutverk sjóðsins skal vera að veita styrki og lán til framleiðniaukningar og hagræðingar í landbúnaði og atvinnurekstrar á bújörðum."

Okkur fannst, að það væri einmitt í samræmi við þessa gr., að þessu aðkallandi verkefni væri sinnt meir en hefði verið hingað til. Þetta frv. okkar náði

ekki fram að ganga. Eins og hæstv. landbrh. gat um, féll framlagið til framleiðnisjóðs úr ríkissjóði niður á árinu sem leið. Það hafði verið 10 millj. á ári og sjóðurinn var samtals í raun og veru aldrei nema 30 millj. En nú hefur það skeð, að hæstv. ríkisstj. hefur lagt hér fram frv. um breyt. á l. þess efnis, að það eigi að leggja — ekki í ár, ekki fyrr en á árinu 1972 — 10 millj. kr. í framleiðnisjóð, þó að ástæðurnar í landbúnaði séu þannig, að ég efast um, að þær hafi verið nokkurn tíma verri. Ég hefði nú viljað vænta þess, að hæstv. landbrh. tæki með meiri skörungsskap á þessum málum, eins og nú horfir í landbúnaðinum. Undir hans stjórn hefur það gerzt, að tekjubilið hefur alltaf breikkað. Það hefur aldrei verið meira en síðustu 3 árin á milli bændanna annars vegar og annarra stétta í þjóðfélaginu hins vegar.

Nú horfa bændur víða fram á það að þurfa að skerða bústofn sinn stórkostlega eða að öðrum kosti að kaupa mikið kjarnfóður til þess að fleyta fram búum sínum. Samt sem áður er tekið með þeim skörungsskap á þessum málum, að þó að framlagið til framleiðnisjóðs hafi fallið niður á síðasta ári, þá á ekki einu sinni að taka það upp í fjárlög nú, ekki fyrr en 1972, þó að verkefnin séu það mikil, að þörf væri á — ja, ég verð að segja tugum millj. í þennan sjóð miðað við þau verkefni, sem fyrir liggja, og hæstv. ráðh. gat um sum af þeim, sem ég vil engan veginn gera lítið úr — það er eitthvað annað, t. d. með sláturhúsin. Það er mjög brýnt, að þau séu betur búin og þau séu bæði endurnýjuð og jafnvel byggð upp sum alveg. En þrátt fyrir það, hvernig ástatt er nú í landbúnaðinum, þá er tekið svona á þessum málum. Við höfum nú endurflutt þetta frv. okkar, við í d., um framleiðnisjóð, og munum við koma með brtt. í þeirri n., sem þetta frv. mun væntanlega fara í, í þá átt, sem við höfum lagt fram hér fyrir hv. d. Og ég verð að segja það, að ég vil ekki trúa því eins og ástatt er, að d. og hæstv. ríkisstj. fallist ekki á að veita fjármagn í framleiðnisjóð nú á næsta ári og það meira en 10 millj. vegna þeirra verkefna, sem eru það aðkallandi að leysa nú á næstunni, að það getur ráðið því, hvort sumar sveitir verða í byggð á næstu árum eða ekki.

Ég sé ekki ástæðu til nú að ræða þetta frv. Ég mun gera það við annað tækifæri, en ég vildi, að það kæmi strax fram við þessa umr., að ég mun og við, sem eigum sæti í hv. landbn., koma með brtt. við þetta frv. í þá átt, sem okkar frv., sem hér liggur fyrir, segir til um.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til landbn. með 28 shlj. atkv.

Á 42. og 43. fundi í Nd., 3. og 4. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Nd., 8. febr., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 23, n. 318 og 329).

Frsm. meiri hl. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Á þskj. 318 liggur fyrir nál. frá meiri hl. landbn. í þessu máli. Á öðru þskj. er aftur á móti álit minni hl. Í desembermánuði 1966 var með l. stofnaður sá sjóður, sem hlaut nafnið framleiðnisjóður landbúnaðarins. Ég nota að sjálfsögðu þetta nafn, þó að það sé ákaflega erfitt í munni og ég hafi aldrei fellt mig við það. Ég held, að þessi sjóðsstofnun hafi verið eins konar jafnvægisráðstöfun til mótvægis við fjárveitingar til hagræðingar í fiskiðnaði hraðfrystihúsanna á sínum tíma, og á bak við stofnun sjóðsins liggur að sjálfsögðu þörf á auknu fjármagni til þeirra hluta, sem lög um sjóðinn fjalla um. En tilgangurinn er í stuttu máli sá að afla fjár til útlána og styrkveitinga til framleiðniaukningar og hagræðingar í landbúnaði og atvinnurekstri á bújörðum eins og segir í grg. Stofnfé var 20 millj. úr ríkissjóði og auk þess 10 millj. kr. framlag í 3 ár, alls 50 millj. Með fjárlögum 1969 féll niður greiðsla ríkissjóðs samkv. l. til sjóðsins. Á fskj. segir, að lán úr sjóði þessum hafi verið veitt til ársloka 1969, 24 millj. 880 þús. Á sama tíma hefur sjóðsstjórn úthlutað styrkjum kr. 21 millj. 290 þús. Alls gerir þetta rúmlega 46 millj. En eins og fyrr segir, voru tekjur sjóðsins af ríkisframlögum þessi 4 ár 50 millj. Kostnaður við starfrækslu sjóðsins og úthlutun úr honum hefur orðið í kringum hálfa millj. Ráðstöfunarfé sjóðsins á árinu 1970 er talið, að hafi verið um 8 millj., sem eru afborganir og vextir af lánum frá árunum 1967, 1968 og 1969. Þá segir í grg., að mikilsvert sé, að starfsemi sú, sem hafizt hefur á vegum þessa sjóðs, geti haldið áfram, enda hefur verið á það ýtt af bændasamtökunum. En starfsemin er einkum í því fólgin að stuðla að uppbyggingu sláturhúsa, sem svarað geti kröfum tímans og erlendra kjötkaupmanna, einnig að stuðla að því með styrkjum og lánum að koma upp tönkum til flutninga á mjólk til mjólkursamlaga.

Þá er þess að geta, að nokkur hluti af ráðstöfunarfé sjóðsins hefur farið til ýmiss konar rannsókna á vegum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Allt er þetta að sjálfsögðu til þarflegra hluta. Eins og segir í aths. þeirri, hafði sjóðsstjórn nokkurt fé til ráðstöfunar s. l. ár. Á þessu ári, 1971, virðist það hins vegar vera mjög lítið og sennilega ekkert nema smávægilegir vextir af lánum og einhverjar afborganir. Í þessu frv. er lagt til, að greiðslur í sjóðinn frá ríkissjóði hefjist að nýju árið 1972. Hafa þá 2 ár, árin 1970 og 1971, fallið úr, og ætlazt er til með frv., ef að lögum verður, að að nýju komi 50 millj. inn í þennan sjóð, greitt með 10 millj. kr. upphæð árlega í 5 ár, þ. e. a. s. á árunum 1972—1976. Hef ég þá rakið tildrög að þessu frv. og tilgang l. lauslega. Ekki verður sagt, að þessi framleiðnilánasjóðslög séu stór í sniðum, og ákvæðin eru fremur óljós, enda segir einhvers staðar í grg., að nauðsynlegt hafi verið talið að hafa þau sveigjanleg. Meiri hl. landbn., sem á fundi var, þegar þetta nál. var gefið út, leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt. Minni hl. vill að sjálfsögðu hækka allar tölur, sem í því standa, og færa út starfssvið sjóðsins um leið og

hefur verið flutt um það sérstakt frv. Við því er ekkert að segja annað en gott, að menn séu stórtækir og umbótasinnaðir, þegar um það er að gera að rista breiða þvengi af eigin skinni. En frá mínu sjónarmiði horfir málið dálítið öðruvísi við, þegar um það er að gera að rista þvengina af annars manns skinnum. Eðlilegra hefði mér fundizt samt, að greiðslur í framleiðnisjóðinn hefðu hafizt að nýju á yfirstandandi ári, en þar sem fjárlögin eru þegar afgreidd, get ég ekki lagt það til. Legg ég því til fyrir hönd meiri hl. landbn., að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta virðist nú ekki vera margbrotið mál, þegar litið er á frv. Það er aðeins ein efnisgr., sem segir, að á árunum 1972—1976 skuli greiða 10 millj. kr. á ári í framleiðnisjóð landbúnaðarins.

Eins og hv. frsm. meiri hl. landbn. greindi frá nú rétt áðan, þá var þessi sjóður stofnaður árið 1966, og þá veitt til hans það ár 20 millj. kr. og næstu 3 árin, 1967, 1968 og 1969 10 millj. kr. á ári. Tildrögin að þessari sjóðsstofnun voru annars þau, að þetta haust var samið milli ríkisstj. annars vegar og fulltrúa bænda í verðlagsmálum hins vegar um nokkur tiltekin atriði, sem ríkisstj. tók að sér að koma í framkvæmd, og stofnun framleiðnisjóðs var eitt af þessum atriðum.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að þessi sjóður hefði verið stofnaður sem eins konar mótvægi á móti framlögum, sem þá höfðu verið látin af hendi rakna af ríkisins hálfu til hagræðingar í vissum iðnaði við sjóinn. Ég skal ekki mótmæla þessu út af fyrir sig, en mér finnst ástæða til að láta það koma skýrt fram og leggja mikla áherzlu á það, að þörfin fyrir þessa fjármuni í landbúnaðinum var þá fyrir hendi og mjög brýn. Í aths. ríkisstj. með þessu frv. er lögð mikil áherzla á þetta atriði, hversu mörg og þýðingarmikil verkefni séu raunverulega fyrir hendi fyrir þennan sjóð. Megináherzlan er þar lögð á sláturhúsamálin, en það er bent á ýmis fleiri verkefni í aths. Það er bent á tankvæðingu mjólkurbúanna og tiltekin rannsóknarverkefni, og það er skýrt frá því, að það hafi verið eytt nokkru fé í lánaformi til endurskipulagningar ræktunarsambanda í einum landshluta og einnig til þess að greiða fyrir skipulagningu og koma upp djúpfrystistöðvum vegna kúasæðinga. Öll grg. eða réttara sagt aths. bera það glögglega með sér, að ríkisstj. viðurkennir í fyllsta máta nauðsyn á því að efla þennan sjóð. Og undir það getum við vissulega tekið, sem höfum skilað nál. minni hl. um þetta mál. Til viðbótar þeim verkefnum, sem talin eru í aths. ríkisstj. nefni ég bara eitt, sérstakar ráðstafanir til að tryggja öflun innlends fóðurs, sem við viljum leggja mjög mikla áherzlu á, og kem ég aðeins að því síðar.

Það er ekki hægt annað en vekja athygli á því mikla ósamræmi, sem er annars vegar í frv. og hins vegar í aths., sem frv. fylgja. Það er ómögulegt að hugsa sér, að þetta hvort tveggja sé gert af sama aðila. Eins og ég sagði áðan, er í aths. lögð mjög þung áherzla á nauðsyn þess að efla starfsemi sjóðsins, á mikilvægi þeirra þátta, sem hann á að styðja og talin upp ýmis atriði: tankvæðing í sambandi við mjólkurflutninga, tæknibúnaður sláturhúsa í sambandi við nýjar vinnuaðferðir við slátrun og rannsókn á bættri vinnutilhögun í gripahúsum. Þetta þrennt er talið hér sérstaklega upp, og það er skýrt tekið fram í aths., að aðgerðir á þessum sviðum séu á algeru frumstigi. Þá er það rakið í aths., hversu sjóðurinn hafi starfað, að hann hafi haft nokkurt fé til starfsemi sinnar á árinu 1970. En síðan er það áréttað sterklega, að það þurfi að veita áframhaldandi fjármuni til sjóðsins, þannig að hann geti haldið áfram óslitið að starfa og sagt, að nauðsynlegt sé talið á næstu 5 árum að leggja honum 10 millj. kr. á ári. Frv. er flutt á fyrri hluta þessa þings eða árið 1970, svo að þar fer ekkert á milli mála, þegar þar er talað um næstu 5 ár, þá hljóta það að vera árin 1971—1975. Þetta kemur alveg heim og saman við það, sem n. sérstaklega skipuð til þess að gera till. um endurbyggingu sláturhúsanna leggur til. Þetta kemur alveg heim og saman við hennar áætlanir. Hún er skipuð með þátttöku frá rn. En þrátt fyrir þessa uppsetningu á aths. er frvgr., eins og þegar hefur verið vikið að, á þá lund, að á árunum 1972—1976 skuli greiddar úr ríkissjóði til framleiðnisjóðs 50 millj. kr., 10 millj. hvert ár. En það er látið eins og árið 1971 sé ekki til.

Nú virðist það liggja í augum uppi, að hafi 10 millj. kr. framlag verið gott og gilt á árunum 1967, þá sé það nú orðið frekar smá tala og gildi hennar hafi mjög rýrnað, því að frá því hafa heildarútgjöld fjárlaga allt að því fjórfaldazt og ef maður einnig lítur á það, að tillögur sláturhúsanefndar um það sérstaka, afmarkaða og stóra verksvið, sem þar um ræðir, eru miðaðar við verðlag í ársbyrjun 1970, þá kemur það sama upp, að það má heita ólíklegt svona almennt skoðað, að þarna sé um fullnægjandi fyrirgreiðslu að ræða.

Áður á þessu þingi fluttum við 5 þm., Stefán Valgeirsson, sem var 1. flm., ég, Ágúst Þorvaldsson, Magnús H. Gíslason og Sigurvin Einarsson, frv. um breytingu á lögunum um framleiðnisjóð og í því frv. leggjum við til þrjár breytingar á l. Í fyrsta lagi, að tilraunir um innlenda fóðuröflun og heyverkun skuli sitja fyrir öðrum verkefnum um fyrirgreiðslu, án þess þó að tiltaka nánar, hversu miklu fé skuli til þeirra hluta varið. Í öðru lagi er sú breyting, að í stað 1/3, sem nú er leyfilegt að verja til beinna framlaga, komi 3/5 og í þriðja lagi leggjum við til, að ríkissjóður greiði framlag til framleiðnisjóðs árlega og nefnum ákveðna lágmarksupphæð, 25 millj. kr. á ári. Og hér fylgir það með, að við leggjum til, að það sé leitað álits bændasamtakanna og það liggi jafnan fyrir, þegar þessi framlög eru ákveðin hverju sinni. Við í minni hl. landbn. höfum svo leyft okkur að taka upp efni þessa frv. sem brtt. við stjfrv. það, sem hér liggur fyrir.

Ég skal með örfáum orðum gera nánari grein fyrir þessum atriðum, sem í brtt. felast. Það er þá fyrst um tilraunir vegna innlendrar fóðuröflunar og

heyverkunar, um að veita þeim forgang. Við, flm. brtt., lítum svo á, eins og komið hefur fram hér á þingi og víðar í málflutningi okkar, að hér sé ákaflega alvarlegt mál á ferðum. Grasbresturinn, sem hefur stafað af gróðureyðingu ræktarlanda, hefur í sumum héruðum verið viðvarandi meira og minna í áratug og hafði gert vart við sig áður. Og við lítum einnig mjög alvarlegum augum það gífurlega tjón, sem öðru hverju verður vegna óþurrka, vegna þess að landbúnaðurinn hefur aldrei verið undir það búinn að mæta slíku árferði, þrátt fyrir það þó að þekkt séu úrræði til þess að bjarga heyi í hvaða tíð sem er svo að segja. Við álítum, að hér þurfi að gera nýtt átak. Við álítum, að það skorti fjármagn á mörgum sviðum rannsókna og tilrauna og erum ekki sammála því, sem hér kom fram hjá hæstv. ráðh., þegar hann svaraði fsp. á dögunum, að nú þegar sé nægilegu fjármagni veitt til rannsóknarstarfsemi vegna kalsins og í sambandi við önnur atriði, sem að fóðuröfluninni lúta. Við erum þeirrar skoðunar, að það sé ekki nægjanlegt fjármagn fyrir hendi til þessara hluta, og við álítum, að landbúnaðurinn hafi ekki aðgang að nægilegu fjármagni til þess að byggja sig upp til þess að mæta óþurrkunum með stórauknum möguleikum til votheysgerðar. Einnig teljum við, að það þurfi að veita meira framlag en gert hefur verið til stuðnings við grænfóðurrækt og endurvinnslu kalins lands, þó að þau atriði komi væntanlega meira inn á svið annarrar löggjafar en þeirrar, sem hér er fjallað um, þ. e. lög, sem varða ræktunina sjálfa eða framkvæmd hennar.

Þá vil ég minnast á breytt hlutföll varðandi beinu framlögin. Í skýrslu svokallaðrar sláturhúsanefndar er lagt til að auka mikið hlutfall framlaganna í því fé, sem sjóðurinn hefur til ráðstöfunar. Ef fara á eftir þeim tillögum, sem þar koma fram og sem einnig eru tillögur þess fulltrúa, sem rn. skipaði í þessa n., því að hún skilaði samhljóða áliti, þá er óhjákvæmilegt að breyta þessu marki. Hvort við höfum hitt þarna alveg á rétt hlutföll, þar sem við nefnum heimildina 3/5, það skal ég ekki fullyrða, en ég er þó sannfærður um, að við höfum a. m. k. ekki farið of hátt í því efni, kannske of lágt miðað við þær hugmyndir, sem fram koma, bara í þessu sérstaka máli, sem vegur mjög þungt í starfsemi sjóðsins á næstunni. Einnig er á það að minna, að við — sbr. 1. liðinn í okkar brtt. — leggjum áherzlu á, að hægt verði að gera auknar rannsóknir og tilraunir á fleiri sviðum en sjóðurinn er enn farinn að styrkja. Og þá gefur það náttúrlega auga leið, að einnig þess vegna þyrftu beinu framlögin að hækka hlutfallslega.

Þá vil ég aðeins víkja að þriðja atriðinu í okkar brtt., það er upphæð framlaganna. Um það er auðvitað hægt að deila endalaust, hver hún skuli vera að krónutölu og hver þörfin er. En eftir tillögum sláturhúsanefndar virðist okkur sem öll fyrirhuguð fjárframlög til sjóðsins geri ekki betur en hrökkva í það eina verkefni og hrökkvi raunar alls ekki. Í frv. er sett þessi upphæð, 10 millj. kr., og það er nánast það, sem þarf samkv. tillögum n., sem eru miðaðar við verðlag í ársbyrjun 1970, eins og ég sagði áðan. Er þá ekkert gert fyrir verðlagsbreytingum, sem orðið hafa síðan. Það kom ákaflega greinilega fram í aths. með frv., hversu verkefnin eru mörg og stór. Og það kom einnig fram hjá hv. frsm. meiri hl., að það verður ekkert afgangs frá aðalverkefninu með þessu móti.

Við leggjum það til að binda ekki framlagið til margra ára. Hins vegar leggjum við til, að það sé tiltekið ákveðið lágmark. Við teljum það óhjákvæmilegt vegna þess, að verkefni sjóðsins eru þannig vaxin eins og þau eru nú hugsuð, að það er óhjákvæmilegt að gera áætlanir til nokkuð langs tíma, þannig að það verður að vera eitthvert lágmark til að miða við. Hins vegar lítum við svo á, að með hliðsjón af verðlagsþróun þeirri, sem verið hefur hér lengi og allra hröðust á síðari árum, þegar þau býsn hafa gerzt, að á örfáum árum fjórfaldast upphæð fjárlaga, sé það nánast tilgangslaust að binda til margra ára framlög sem þessi, sem miðuð eru við ákveðin verkefni, og jafnframt ætlazt til, að hægt sé að brjóta upp á nýjum. Það er eiginlega alveg fráleitt að okkar dómi að binda þau við ákveðna krónutölu til 5 ára.

Ég hef þá með örfáum orðum gert grein fyrir brtt. minni hl., en mér finnst rétt, áður en ég lýk máli mínu að skoða svolítið nánar það, sem hugsað er sem meginverkefni sjóðsins á næstunni, og gera hv. þd. nokkra grein fyrir því, að svo miklu leyti sem ég get, og byggi þá á skýrslu sláturhúsanefndarinnar. Hún var skipuð 21. apríl 1969. Tildrögin að skipan þeirrar n. eru þau, að í framleiðsluráði og á vegum bændasamtakanna og víðar hafa þessi mál mjög verið til umr., og auðvitað hjá sölufélögum og sláturleyfishöfum einnig. Þar kom til athugunar allt í senn, almennt auknar kröfur um fullkominn útbúnað sláturhúsa og endurbætur á þeim, að mörg af sláturhúsum okkar eru orðin nokkuð gömul og þarfnast eðlilegrar endurnýjunar vegna þess, og svo enn það, sem gerðist fyrir nokkrum árum, að Bandaríkjamarkaður lokaðist algerlega fyrir íslenzkt kjöt. Umboðsmenn Bandaríkjamanna hér eða eftirlitsmenn frá þeim töldu, að okkar sláturhús væru óhæfileg. Ég held, að þeir hafi meira fordæmt þar ýmis fyrirkomulagsatriði í sláturhúsunum heldur en vinnuna og vöruna sjálfa. Þeir t. d. lögðu á það höfuðáherzlu, að ef veiki kæmi í ljós annaðhvort í skrokk eða innyflum, þá þyrfti að vera hægt að rekja saman skrokk og innyfli. En aðstaðan í húsunum var þannig, að það var ekki hægt. Dýralæknisskoðun varð ekki framkvæmd með þeim hætti. En þetta ásamt hinu almenna, sem ég nefndi áður, rak á eftir því af mjög miklum þunga, að hafizt væri handa um skipulegar aðgerðir í uppbyggingu sláturhúsa. Þetta var raunverulega ljóst strax við stofnun framleiðnisjóðsins eða a. m. k. á fyrstu árum hans. En sjálf n., sem gerði þær tillögur, sem ég vík að hérna, var skipuð eins og ég sagði áðan 21. apríl 1969.

Það liggur sjálfsagt í augum uppi fyrir alla, sem

hugann að því leiða, að sláturhús hér á landi hljóta að vera ákaflega erfið í rekstri. Atvinnuvegurinn er þannig, að framleiðslan kemur öll á sama tíma, einkum að því er varðar kindakjötið, hún kemur öll að haustinu, og sláturhúsin verða ekki rekin nema 1—2 mánuði. Þetta gerir það að verkum, að þegar byggja þarf upp þessi hús frá grunni, þá er ákaflega brýn nauðsyn á því, að byggingarkostnaðurinn verði niðurgreiddur að meira eða minna leyti.

Þessi n. var skipuð þannig, að í henni áttu sæti fulltrúar frá sölusamtökunum, þ. e. a. s. frá Sambandi ísl. samvinnufélaga, sem fer með mestan hluta af sölunni, frá landbrn., frá framleiðnisjóðnum sjálfum, frá Stofnlánadeild landbúnaðarins og einn fulltrúi frá Framleiðsluráði landbúnaðarins. Ég hlýt að leggja áherzlu á það, að með þátttöku landbúnaðarráðuneytisins í þessari nefndarskipan verður að líta svo á, að landbrn. og um leið ríkisstj. vilji taka verulegt mark á störfum n., enda hefur það raunar komið fram, og ég ætla, að það sé ekki vefengt út af fyrir sig. Nú hefur þessi n. skilað áliti fyrir nokkru og hún gerir þar ljósa grein fyrir þeim verkefnum, sem hún hafði með höndum, en það er að gera framkvæmdaáætlun um endurbætur sláturhúsanna, tillögur um niðurröðun framkvæmda og áætla stofnkostnað og rekstursgrundvöll og svo tillögur um útvegun fjármagns til uppbyggingarinnar, þar sem m. a. sé reynt að tryggja óafturkræft framlag að einhverju leyti. Síðan raðar hún niður, telur upp ákveðin sláturhús, sem hún leggur áherzlu á, að endurbyggð verði í 1. áfanga. En þessi hús, sem byggja skal, eru alls 12, og þó 14, ef talin eru með tvö, sem áður hafa verið byggð upp. Áætlaður heildarkostnaður við þessa uppbyggingu eins og hann er á þeim tíma, þegar n. skilar áliti, er 217 millj. kr. eftir verðlagi í byrjun ársins 1970. Hugmyndir n. um fjáröflun eru í stuttu máli þær, að lagt verði á sérstakt verðjöfnunargjald á innvegið kjöt, sem nemur 40 aurum á hvert kg dilka- og geldfjárkjöts og 20 aurum á hvert kg ær- og hrútakjöts, og áætlar, að það gjald gefi um 5 millj. kr. tekjur á ári miðað við slátrun 1969. Síðan verði lagt ámóta gjald á kjötið í útsölu og loks, að til komi sérstakt framlag úr ríkissjóði, sem sé jafnhátt og báðir framantaldir tekjustofnar, eða um 10 millj. kr. Nú hefur það strax gerzt í verðbólgumálum síðan þetta er afgreitt, að hiklaust má reikna með, að verðhækkunin sé orðin 20—25% bara frá þeim tíma. En í þessu frv. er ekki tekið tillit til þessa á nokkurn hátt, en þvert á móti fellt niður framlag árið 1971. Það er fellt niður. Af þessu sýnist mér alveg ljóst, að þær greiðslur, sem frv. gerir ráð fyrir til framleiðnisjóðs, nægja ekki fyrir þessu eina verkefni. Við höfum álitið það, fulltrúar bænda, sem höfum unnið að þessu máli, að við hefðum loforð fyrir því, að ríkissjóður legði fram á móti til þessa verkefnis eins og það liggur fyrir í tillögum sláturhúsanefndar. Við höfum álitið, að þetta væri tryggt. En þegar litið er annars vegar á frv. og þetta eina afmarkaða verkefni, þá nægir ekki það fé, sem frv. gerir ráð fyrir, jafnvel þó að framlag kæmi árið 1971, það nægir ekki miðað við verðlagsþróunina eins og hún er orðin nú þegar í þetta eina afmarkaða verkefni og önnur verkefni eiga nálega enga von um fyrirgreiðslu frá sjóðnum í næsta áfanga gagnstætt því, sem sagt er í aths. með frv.

Ég skal nú ljúka máli mínu. En ég vil að lokum segja það, að ég vil alveg eindregið mælast til þess fyrir hönd okkar minni hl. landbn., að hæstv. landbrh. beiti sér fyrir því, að þetta mál verði athugað að nýju, áður en það er endanlega afgreitt hér frá Alþ. Ég get bara ekki séð, að það sé hægt fyrir hæstv. ríkisstj. að afgreiða þetta mál á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir, miðað við þau málsatvik, sem ég hef gert hér að umtalsefni. En við sem sagt leggjum það til, minni hl. n., að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem við flytjum á þskj. 329.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, var flutt löngu fyrir jól, en náði ekki fram að ganga fyrir þinghléið. Það var á það minnzt við 1. umr. málsins, að það yrði undir því komið, hvort tekið yrði inn á fjárlög framlag fyrir árið 1971, hvort frv. yrði breytt, þannig að það gilti á árunum 1971—1975 í staðinn fyrir 1972—1976. Nú vita allir hv. þm., að það var ekki tekið inn á fjárlög neitt til þess að leggja í framleiðnisjóð á þessu ári og það er það, sem hv. frsm. gerði að umtalsefni hér, eins og hann sagði, að það væri eins og árið 1971 sé ekki til. En sem betur fer er nú árið 1971 til, og við vonum, að það verði gott ár og komizt verði af á þessu ári vel og farsællega, bæði í landbúnaði og öðrum atvinnuvegum, þótt ekki sé lagt í framleiðnisjóð á þessu ári. Ég get sagt hv. þm. það, að ég tók það til rækilegrar athugunar, hvort unnt væri að fá framlag á þessu ári í framleiðnisjóð. En ég var með mörg önnur erindi samtímis. Ég þurfti að fá samþykki fyrir 45—46 millj. kr., sem voru afleiðingar öskufallsins, sem ríkissjóður þurfti að greiða ýmist fyrir áramót eða á þessu ári. Það voru flutningastyrkir, það voru áburðarkaup, það var afurðatjón, það var dýralæknakostnaður og lyf hjá dýralæknum og það var grænfóðurræktin, sem var styrkt, 7 millj. kr. á árinu 1970, en grænfóðurræktin var tekin upp sérstaklega vegna öskufallsins og að nokkru leyti vegna kalsins. Þetta voru 45 millj. kr., sem ég fékk samþykki fyrir í ríkisstj., að yrði tekið upp og afgreitt eins og harðærisnefnd hafði lagt til, og vitanlega voru þessar afgreiðslur eðlilegar og sjálfsagðar, en ríkissjóður þurfti að láta þetta fé úti, og ég var minntur á það, þegar ég var að tala um framleiðnisjóðinn. Og sannleikurinn er sá, að þótt framleiðnisjóðurinn sé nauðsynlegur og æskilegt væri, að árlegt framlag til hans væri hærra en gert er ráð fyrir í frv., þá er margt annað eins nauðsynlegt, og tjónið af völdum kalsins og eldsins var aðkallandi og þurfti að mæta því. Ég læt þetta koma hér fram, úr því að þetta er hér til umtals, og gerir ekkert til, þótt á það sé minnzt. Hins vegar get ég tekið undir það með hv. frsm., að út af fyrir sig eru 25 millj. kr. á ári til

framleiðnisjóðsins engin ýkja upphæð, ef sjóðnum eru ætluð öll þau verkefni, sem nefnd hafa verið og sem mætti gjarnan fela honum. En það eru aðrar stofnanir, sem geta tekið við því verkefni, sem hv. frsm. vill fela framleiðnisjóðnum. Verkefni framleiðnisjóðs hefur fram að þessu verið aðallega það, sem hér hefur verið talað um, að veita styrki og lán til sláturhúsa, til heimilistanka í sambandi við mjólkurbúin og rannsókna á gripa- og mjólkurhúsum. En yrði verkefni sjóðsins fært út, eins og gjarnan mætti gera, þá þarf náttúrlega til þess meira fjármagn.

Hv. minni hl. er hér með brtt., þar sem lagt er til, að tilraunir með innlenda fóðuröflun og heyverkun skuli sitja í fyrirrúmi fyrir öðrum verkefnum með fyrirgreiðslu, jafnframt því, sem hv. frsm. var að tala um hér áðan, endurbyggingu sláturhúsanna. En ég hef talið, að Rannsóknastofnun landbúnaðarins ætti að hafa með höndum tilraunir með innlenda fóðuröflun og heyverkun, svo að nokkuð sé nefnt, og sannarlega þarf ekki að breyta l. til þess að framleiðnisjóður gæti tekið þetta að sér, því að í 1. gr. l. er fram tekið, að sjóðurinn geti veitt til einstakra bænda, vinnslustöðva, ræktunarsambanda og vísindastofnana styrki og lán. Og væntanlega eru það vísindastofnanir, sem hafa með höndum þær rannsóknir, sem hér er um rætt um fóðuröflun og heyverkun, þannig að ef stjórn sjóðsins vill taka þetta upp, þá getur hún það. Og stjórn sjóðsins er ekki illa skipuð. Hún er skipuð fulltrúum frá Búnaðarfélagi Íslands, fulltrúa frá Stéttarsambandi bænda, tveimur án tilnefningar, sem eru valdir menn, og formaður sjóðsstjórnar skal vera forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar eða fulltrúi hans, þannig að stjórnin getur nú gert þetta án lagabreytingar.

Hin breytingin er sú að auka heimildina til þess að hækka styrkinn að hlutfalli milli styrkja og lána. Það er náttúrlega alltaf matsatriði. En ég teldi nú heppilegra að hafa ákvæðið eins og það er í l. Það er ekkert að efast um það, að verkefni í landbúnaðinum eru mörg mjög brýn. Þegar ég var að svara fsp. hv. 5. þm. Austf. um daginn, þá lét ég orð falla um það, að Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefði á þessu ári nægilegt fjármagn til kalrannsóknanna, þeirra kalrannsókna, sem framkvæmdar yrðu á þessu ári, en tók það hins vegar fram, að þessar rannsóknir hlytu að taka mörg ár. Ég minnti á það, að rannsóknastofnunin hefur 17.5 millj. kr. til rannsókna fyrir utan þau laun, sem föstum starfsmönnum eru greidd. Og rannsóknastofnunin hefur það í hendi sér að vega og meta, hvaða rannsóknir eru nauðsynlegastar og þá getum við verið sammála um það, að kalrannsóknir eru það nauðsynlegasta, sem nú þarf að sinna. Við gætum gjarnan bætt við heyverkunaraðferðum, en ég lít svo á, að það sé fé fyrir hendi til þess að sinna þessu nú mjög sæmilega. Og grænfóðurræktin er komin á jarðræktarlögin, það var greiddur samkv. jarðræktarlögunum styrkur til hennar, þannig að það mætti létta á framleiðnisjóðnum hvað það snertir.

Ég tel, að það sé mikið atriði að lögfesta þetta frv., sem hér er um að ræða, enda þótt framlagið sé ekki nema 10 millj. kr. á ári og enda þótt æskilegt væri, að það væri hærra. Ég tel, að framleiðnisjóðurinn út af fyrir sig geti gert mikið gagn með þessu fjárframlagi og geti sinnt verulega því, sem mest er aðkallandi.

Hv. frsm. talaði hér um sláturhúsanefndina og nauðsyn þess að styrkja sláturhúsin. Það er ekkert ágreiningsmál, að það þarf að vinna áfram að uppbyggingu sláturhúsanna eins og þegar er byrjað á. Og þótt við höfum ekki haft sláturhús, sem Bandaríkjamenn hafa viljað viðurkenna, þá er það nú ekkert einsdæmi og ekki út af fyrir sig vegna þess, að sláturhúsin séu slæm. Það er sagt, að Bandaríkjamenn hafi ekki viðurkennt neitt sláturhús í Noregi og Svíþjóð, en hvort þeir hafa viðurkennt nokkurt sláturhús í Danmörku man ég ekki. En sem betur fer er uppbygging sláturhúsanna hafin og mörg sláturhús í landinu mjög sæmileg, en þau þarf þó að bæta, því að sjálfsagt er að draga ekkert úr kröfum til hreinlætis og góðrar meðferðar á matvælunum, hvort sem slátrað er fyrir útflutning eða til innanlandsneyzlu. Þetta ber að vanda. Hv. frsm. vitnaði hér í sláturhúsanefndina, sem skipuð var 1969, og hún leggur til, að það verði sem fyrst endurbyggð 12 sláturhús. Þetta kostar allt saman mikið fé. Þetta var 5 manna nefnd og ráðuneytið tilnefndi einn fulltrúa í hana. Ráðuneytið hefur fengið tillögur nefndarinnar og ég hef lesið þær, en ef til þess er ætlazt, að ráðuneytið staðfesti þessar tillögur, þá hefur það ekki verið gert. Ég veit, að n. lagði sig fram og þeir menn, sem í henni voru, eru velviljaðir og vilja gera þetta á sem beztan hátt. En ég veit líka, að það orkar mjög tvímælis sumt í þessum tillögum. Og ég held, að ýmsir af þeim, sem í n. voru, geti fallizt á það, þegar við þá er rætt, að það sé eðlilegt að taka þetta mál enn til athugunar, svo vandasamt sem það er. Það er vitanlega hreinn misskilningur, að ríkið hafi skuldbundið sig til þess að greiða ákveðinn hundraðshluta í stofnkostnaði sláturhúsanna. En hitt er rétt, að ríkisvaldið hefur gefið það í skyn, að það vill styðja þessa uppbyggingu í einu og öðru formi, m. a. með því að framlengja framlög til framleiðnisjóðsins. Þetta veit ég, að hv. 5. þm. Austf. þekkir vel og hann efast ekkert um vilja ríkisvaldsins til þess að styðja þetta. En það hefur ekki enn verið tekin ákvörðun um það, að hve miklu marki það verður, hvort það verður meira eða minna heldur en það, sem hv. þm. gaf hér í skyn áðan.

Ég get víst ekki orðið við þeirri ósk hv. þm. að sjá til þess, að framlag til sjóðsins verði hærra heldur en hér er lagt til, og er ekki um annað að ræða heldur en að segja það hreinskilnislega, að ég legg til, að frv. verði samþ. eins og hv. meiri hl. landbn. leggur til.

Frsm. minni hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég er nú að sjálfsögðu ekki ánægður með yfirlýsingu hæstv. ráðh., þó að ég geti ekki sagt,

að hún valdi mér beint vonbrigðum því að ég átti nú ekki von á öðru. Þetta var dálítið rætt við 1. umr. hér í d., og það er auðséð, að hann telur sig ekki geta náð lengra í þessu máli heldur en þetta frv. gerir ráð fyrir og að mér skilst telur sig ekki hafa neinum skyldum að gegna umfram það. Hæstv. ráðh. sagði, að við vonumst til, að árið 1971 verði gott ár og það verði hægt að komast af án framlags! Þetta eru náttúrlega fallegar óskir og ég get tekið undir þær. En þetta er mjög ófullnægjandi afgreiðsla hjá hæstv. ráðh. og alveg sérstaklega í sambandi við þann þátt málsins, sem búið er að undirbúa svo rækilega af hálfu n., sem rn. hefur tekið þátt í að skipa og síðan fylgzt með í starfi. Mér er alveg óhætt að fullyrða það, að hæstv. ráðh. og þar með hæstv. ríkisstj., fékk alla aðstöðu til að fylgjast með störfum sláturhúsanefndarinnar.

Á árinu 1971 er samkv. till. þessarar margnefndu n. gert ráð fyrir því, að til sláturhúsanna, til endurbyggingarinnar, þurfi 19.6 millj. kr. bein framlög, 10.55 millj. kr. stofnlánadeildarlán og 3.93 millj. kr. viðbótarlán úr framleiðnisjóði. Niðurstaðan er sú, að hlutverk framleiðnisjóðs á þessu ári er áætlað þarna 13.5 millj. kr. Og í það er þá ætlað samkv. frv. 10 millj. kr. á næsta ári! En hér við bætist, að þessar tölur eru miðaðar við verðlag í ársbyrjun 1970. Og ég vil spyrja: Hvar á að taka þetta fé, ef haldið er áfram verkinu, eins og plön hafa verið lögð um, hvar á að taka þetta fé? Hæstv. ráðh. sagði, að þetta mál hefði verið skoðað í rn., en það hefði ekki verið tekin ákvörðun um neinar ákveðnar fjárhæðir og það sé misskilningur, að ríkisstj. hafi tekið að sér að sjá um einhverjar ákveðnar fjárhæðir eða ákveðin hlutföll í þessu sambandi. Eins og ég held, að ég hafi getið um í framsöguræðu minni áðan, þá hef ég engin bréf um þetta í höndum, en ég er á annarri skoðun. Ég álít, að ríkisstj. hafi gefið það mikið undir fótinn um að standa að þessari áætlun, eins og hún er lögð hér fram, að ég álít þetta ekki gott, svo að ekki sé sterkara að orði komizt, að í staðinn fyrir að reyna að standa að gerðri áætlun skuli framlögin á þessu ári vera þurrkuð út eða réttara sagt aldrei tekin upp, því það er það sem gerist með frv., gagnstætt því, sem segir í aths. Það er raunar auðséð, að eftir að búið er að semja frv. með viðeigandi aths., þá kemur einhver hönd og breytir frv. og setur árin 1972—1976 í staðinn fyrir 1971—1975. Það er alveg augljóst af aths. frv., að þannig hefur þetta gengið til, og það er ekki hægt að taka það sem góða og gilda afsökun, þó að orðið hafi áföll á öðrum sviðum og þurft fé til stuðnings þar. Það er ekki hægt að taka það sem góða og gilda afsökun, og í 12 milljarða fjárlögum því síður. Ég tel, að það sé illa að þessu staðið af hálfu ríkisstj., miðað við undirbúning málsins.

Hæstv. ráðh. vildi láta líta svo út, að við ætluðumst til, að stuðningur við fóðuröflunina yrði látinn sitja fyrir sláturhúsamálinu. En ég vil aðeins benda á það, að í stjórn framleiðnisjóðs munu þegar hafa verið teknar ákvarðanir um stuðning við sláturhúsin og þegar við tölum um, að þessi verkefni hafi forgang, þá að sjálfsögðu ætlumst við ekki til þess, að því sé riftað, sem búið er að ákveða í stjórn framleiðnisjóðsins. Ég vil aðeins láta þetta koma hér fram. Ég skal aðeins víkja að rannsóknarstarfsemi landbúnaðarins, fyrst ráðh. fór að rifja það upp aftur, sem fram kom hér í svari hans við fsp. minni um kalið. Hann nefndi heildartölu, framlög til rannsókna, 17 millj. umfram laun. Þetta er vitanlega rétt út af fyrir sig, það munu vera 16.5 millj. eða sem næst því. Og þetta átti að sanna okkur, að það væri nægilegu fé varið til kalrannsókna eða sanna okkur það með sterkum líkum a. m. k., eins og einhvern tíma var sagt. En ég vil minna á það, að í viðfangsefnum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins eru fjölmörg atriði, sem ýmist koma ekki inn á rannsóknir vegna þessa vágests, ellegar þá ekki nema að takmörkuðu leyti. En þar eru talin upp undir yfirskrift um viðfangsefni: búfjárræktardeild, jarðræktardeild, fóðureftirlit, bútæknideild, tölfræðilegir útreikningar, tilraunabúið á Hesti og tilraunastöðvarnar á Akureyri, Skriðuklaustri, Reykhólum og Sámsstöðum, sem vafalaust hafa meðfram einhver verkefni vegna kalsins, en það er þó ekki nema lítið brot af þeirra starfsemi, þannig að þessi tala, 16.5 millj. króna, þar sem krónan er nú rétt nákvæmlega einseyringsvirði miðað við það, sem hún var um 1930, það eru engin ósköp. En í þessari upptalningu viðfangsefna er til kalrannsókna sérstaklega aðeins ætluð 1 millj. kr.

Ég held, að ég hafi þá ekki fleiri orð um þetta að sinni, en ég vil enn og aftur lýsa yfir megnri óánægju með afgreiðslu málsins, ef það verður afgreitt á þennan hátt, og ég tel, að með þeirri afgreiðslu sé engan veginn staðið við þau fyrirheit, eða a. m. k. vilyrði, sem gefin hafa verið varðandi uppbyggingu sláturhúsanna, og alveg sérstaklega í æpandi ósamræmi við þær aths., sem ríkisstj. sjálf gerir við sitt eigið frv., því að það eru ekki aðeins við í minni hl. n., sem erum að telja upp mörg og brýn verkefni framleiðnisjóðs. Það kemur einnig fram, alveg greinilega, í aths. hæstv. ríkisstj. og það verður þá að skoða þær sem algerlega ómerkt tal, ef á að afgreiða málið á þennan hátt, að fé sjóðsins nægi ekki einu sinni til þess að standa fyllilega að einu sérstöku viðfangsefni, hvað þá að hann geti haft þann sveigjanleika, sem stjórnin ræðir um í aths. sínum, eða sinnt öðrum þeim sérstöku verkefnum, sem ríkisstj. talar um á sama stað.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég man ekki betur en hæstv. landbrh. upplýsti hér í hv. deild í umr. í sambandi við fsp. á Alþ. s. l. þriðjudag, að hann færi nú yfirleitt eftir tillögum Stéttarsambandsins og Búnaðarfélagsins um framkvæmdir í sínu rn. í sambandi við landbúnaðinn. Nú liggur hér fyrir skýrsla, sem ég er með í höndum, um uppbyggingu og endurbyggingu sláturhúsanna. Og eins og hv. 5. þm. Austf. hefur sagt, þá hefur rn.

sem slíkt tilnefnt mann í þessa n. og hefur, að ég ætla, haft einmitt jafnvel áhrif á þessi nefndarstörf miðað við þá reynslu, sem ég hef af ýmsum n., sem eru þannig tilnefndar. Í þessum tillögum er, eins og hv. 5. þm. Austf. sagði, lagt til, að styrkir á árinu 1971 verði 19.6 millj. og lán tæpar 4 millj. til þessara hluta einna. Í frv., sem hæstv. landbrh. lagði fram hér á þingi löngu fyrir jól, er sagt, að á árinu 1970 hafi framleiðnisjóðurinn 8 millj. kr. til ráðstöfunar. Hins vegar eru tillögur þessarar sláturhúsanefndar í sambandi við árið 1970 þær, að 20 millj. fari í styrki og 8 millj. 750 þús. í lán. En af því að hæstv. ráðh. sagði það s. l. þriðjudag hér í hv. d., að hann færi nú eftir þeim tillögum yfirleitt, sem kæmu frá bændasamtökunum, þá langar mig til þess að spyrja ráðh. að því, hvernig hann hefur hugsað sér að framkvæma þessa áætlun, sem hefur verið gerð af þessari n. Og ef ekki kemur fjármagn bæði í styrkja- og lánaformi, þá get ég ekki séð, hvernig á að framkvæma þessa áætlun. Ég veit, að þeir aðilar, sem byggja þessi sláturhús, hafa ekki eigið fé til þessara hluta og einhvers staðar að verður það að koma, enda kemur fram í þessari skýrslu, að rekstrargrundvöllur sláturhúsanna verður ekki of góður fyrir því, þó að það verði farið að öllu leyti eftir áætlun þessarar nefndar.

Mig langar líka til þess að vita, hvað það er, sem hæstv. landbrh. á við, þegar hann segir, að það orki mjög tvímælis sumt í tillögum sláturhúsanefndar. Við hvað á ráðh.? Ég hef nú farið yfir þessa skýrslu, og það er e. t. v. framkvæmdahraðinn. En hann sagði meira. Það er ekkert ákveðið, hvort henni verður meira eða minna skipt, þessari framkvæmdaáætlun, heldur en er þarna í þessum tillögum. En þá kem ég að öðru atriði í lögunum, eins og þau eru núna. Þá er ákveðið, að það megi ekki lána samkv. 3. gr., það megi ekki ráðstafa úr sjóðnum nema ⅓ í óafturkræf framlög. Ef ætti að fara eftir tillögum sláturhúsanefndarinnar og þetta fé ætti nú að koma úr framleiðnisjóðnum, þá þyrfti ráðstöfunarféð að vera a. m. k. 30 millj. á ári til þess að geta orðið við þessu, nema þá að breyta lögunum. En nú berst hæstv. ráðh. á móti breytingu á lögunum að þessu leyti.

Það er eins og hv. 5. þm. Austf. sagði áðan, og þarf ekki að deila um það, að það hefur verið búið að semja frv. á annan veg en það er hér. Það sýnir grg. Og ég vil skora á hv. þm. að lesa grg. með frv. og þá munu þeir sannfærast um það að þessi frvgr., eins og hún er hér, hefur verið allt önnur, en hvernig? Það er annað mál. A. m. k. á þann veg, að það yrði framlag til sjóðsins á þessu ári. Það má náttúrlega lengi deila um það, hvort Rannsóknastofnun landbúnaðarins eða einhverjir aðrir aðilar eigi að gera athuganir og tilraunir bæði um heyverkunaraðferðir eða eitthvað annað. Það kannske skiptir ekki höfuðmáli, hver það er, ef það er gert. En hefur það verið gert og er það gert? Það er það, sem skiptir máli. Og það er þess vegna, sem við setjum þetta inn í frv., til þess að tryggja það, að það sé gert, vegna þess að við teljum þetta vera svo þýðingarmikið, eins og reynslan hefur verið nú síðustu ár.

Ég sé ekki ástæðu til þess að vera að tefja tímann nú til þess að ræða þetta frekar. Þetta verður sjálfsagt rætt fljótlega aftur, þessir þættir, hér í hv. d., en ég vil bara skora á hæstv. landbrh. að athuga nú þetta mál enn betur, og það er leitt til þess að vita, að það kemur greinilega fram, að þau frv. — *þau eru nú ekki mörg — sem ráðh. hefur lagt fram hér á* þinginu, skuli bera þess merki, þegar hann er búinn að semja frv., að þau komast ekki fram, heldur er það einhver önnur hönd, sem breytir þeim, áður en þau koma hér fram í d. og verða því á allt annan veg en ráðh. sjálfur mundi óska.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég held, að hv. þm., sem var að tala hérna áðan, misminni, þegar hann talar um það, að frv., sem ég flytji hér í hv. d. eða hv. Alþ., sé breytt, vegna þess að ég komi þeim ekki fram og það sé einhver önnur hönd, sem hindri það, að ég komi frv. óbreyttum fram. Hv. þm. nefndi ekki, hvaða frv. þetta væru, en hann getur náttúrlega alltaf gert það. Hann hefur tækifæri til þess.

Ég þarf ekki að segja nema örfá orð. Hv. 5. þm. Austf. vildi láta í það skína, að með því að samþykkja frv. óbreytt, væri ekki staðið við þau vilyrði, sem gefin höfðu verið. Mér þykir það leitt, að hv. þm. skuli halda þessu fram, vegna þess að það er ekki rétt. Það hefur engu verið lofað, sem ekki er ætlunin að standa við, og þetta frv., þó að það verði samþ. óbreytt, þá hindrar það ekki, að það verði staðið við það, sem hefur verið lofað. Það er rétt, sem hv. þm. sagði, að þegar ég hefði rætt við forustumenn bænda, þá hefði ég gefið það í skyn, að það væri eðlilegt að veita þessu máli stuðning, án þess að segja í hvaða formi eða að hve miklu leyti sá stuðningur ætti að vera. Þetta veit ég, að hv. 5. þm. Austf. man, þegar hann fer að athuga það.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. talaði um það, að rn. hefði tilnefnt mann í 5 manna n. Það er rétt. Og vildi þm. gefa það í skyn, að úr því að rn. hafði tilnefnt mann í n., þá væri það skuldbundið að fara að öllu eftir nál. (**Gripið fram í:** Það er misskilningur ráðh.) Það er gott, að ég hef misskilið þetta, vegna þess að mér fannst þetta alveg fráleitt eins og ég skildi það, og það er ágætt. (**SV:** Það er í sambandi við yfirlýsingu ráðh.) Ef hv. þm. hefur ekki meint þetta svona, þá er ég ánægður með það. Nál. liggur í rn. og er til athugunar, og ég mun ræða þetta nál. við n. Ég mun ræða við n. Það má kannske ásaka mig fyrir það, að það hefur dregizt enn að gera þetta. Ég mun ræða við n. um það, sem mér finnst orka tvímælis í sambandi við tillögurnar og ég veit, að sumir nm. líta þannig á, að þarna sé sumt, sem orkar tvímælis. Þetta er vandamál. Það er vandamál, hvernig á að afla fjár til þess að byggja húsin upp. Og það er vitanlega matsatriði, að hve miklu leyti það á að vera með styrkjum, hagfelldum lánum eða á annan hátt. Það er atriði, sem þarf að finna heppilegustu lausn á. Og áætlun n. eins og hún liggur fyrir í

álitinu, það náttúrlega þarf ekki að vera stór skaði skeður, þó að það væri að einhverju leyti vikið frá henni.

Ég sé svo ekki ástæðu til, herra forseti, að orðlengja meira um þetta. Við getum vitanlega verið sammála um það, að það væri æskilegt, að framlagið væri hærra í þessu frv. En ég held nú, að þó að svo sé, þá sé nú ekki ástæða til að gefa upp alla von um það, að það verði hægt að fara hina heppilegustu leið í sambandi við uppbyggingu sláturhúsanna og annað, sem þarf að styrkja og útvega lán til.

Frsm. meiri hl. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Mér skilst á þeim umr., sem hér hafa farið fram, að þörf á fjármagni til uppbyggingar og breytinga á sláturhúsunum sé svo brýn, að það muni vera eðlilegt, að það sitji fyrir að því er snertir verkefni framleiðnisjóðs. Þess vegna finnst mér vera mjög óeðlilegt hér í brtt. frá minni hl., þar sem segir í 1. lið a: „Þó skulu tilraunir með innlenda fóðuröflun og heyverkun sitja fyrir öðrum verkefnum um fyrirgreiðslu.“ Þar með er ég ekki að segja, að slíkar tilraunir séu ekki nauðsynlegar og aðkallandi, en ég held, að sú fyrirgreiðsla eigi frekar að vera á vegum annarra stofnana heldur en þessa sjóðs.

Það hafa orðið hér nokkur orðaskipti í d., bæði nú og áður um seinagang á tilraunum varðandi það mikla böl og vandræði, sem yfir landið hefur gengið nú um það bil áratug, þar sem er kalið, að tilraunir og rannsóknir til þess að finna úrbætur gegn því hafi verið nokkuð seint á ferðinni. Ég held, að eins og nú er komið, sé þeim málum sinnt eftir því, sem maður getur frekast búizt við að gert verði nú á þessum árum. Hitt má náttúrlega segja, að það hafi verið heldur seint byrjað á þeim athugunum og rannsóknum og tilraunum, en við höfum nú sjálfsagt allir þá afsökun, að menn hafa ekki búizt við, að þessi mál mundu taka eins slæma stefnu og þau hafa tekið nú hin síðari ár. En af því að inn á þetta mál er komið, þá verð ég að láta í ljós mína skoðun á því, að fyrirgreiðsla við þá menn, sem verst hafa farið út úr kalinu svo til á hverju ári síðan 1961 á Norðausturlandi, hefur að mínu áliti ekki orðið nándar nærri nóg enn sem komið er. Harðærisnefnd sú, sem skipuð var fyrir nokkrum árum, þegar viðhorf í þessum málum fór að verða mjög alvarlegt, hefur unnið mjög mikið verk og hún skilaði eða framkvæmdastjóri hennar skilaði mjög merkri skýrslu í fyrra um ástand á landinu yfirleitt. Í sumar var henni falið það sérstaklega að finna ráð til úrbóta og fyrirgreiðslu við þá menn, sem verst urðu úti af völdum Heklugossins, og ég held, að hennar tillögur hafi verið þannig, að það hafi verið gert vel við þá menn, og ég fagna því mjög. Þetta var afmarkað verkefni og því auðveldara við að fást heldur en það, sem snertir kalið, sem er mikið víðtækara. En ég hika ekki við að fullyrða, að eftir 10 ára áföll í sumum landshlutum, eins og t. d. í Norður-Þingeyjarsýslu, í sumum hreppum Suður-Þingeyjarsýslu, í Norður-Múlasýslu nyrzt, í Strandasýslu, á Vestfjörðum og á nokkrum svæðum norðanlands hingað og þangað, þá er ástand orðið það alvarlegt í þessum efnum, að nærri stappar flótta frá búskap, ef ekki sér fram á einhver úrræði meiri og betri til fyrirgreiðslu heldur en enn hafa orðið. Ég hafði vænzt þess, að harðærisnefndin mundi gera einhverjar tillögur til úrbóta á þessum svæðum. Eitthvað í líkingu við þær tillögur, sem hún gerði varðandi Húnavatnssýslu og hluta af Árnessýslu út af Heklugosinu, en það hefur ekki komið fram. Hún gerði hins vegar tillögur um aukin lán úr Bjargráðasjóði og þau hafa hjálpað ákaflega mikið, en þetta er það alvarlegt mál frá mínu sjónarmiði séð, frá mínum bæjardyrum séð, að ég held, að þar þurfi betur á að taka, ef ekki á að skapast hreint vandræðaástand. Þeir menn, sem hafa fengið bjargráðasjóðslán núna hvað eftir annað á þessum svæðum og hefur verið bjargað yfir eitt og eitt ár með lánveitingum, eru fátækir menn og ég sé ekki líkur til, að sumir af þeim geti nokkurn tíma greitt þau lán og þá koma þau á sveitarfélögin og sveitarfélögin eru nú orðin þannig stödd á þessum svæðum, að þau geta ekki lagt á nema kannske annan hvern bónda í hreppunum. Ég veit a. m. k. um eitt eða tvö sveitarfélög, sem þannig standa að vígi. Af því að þessi mál hefur borið á góma hér við umr. í sambandi við þetta mál, sem ég tel þó vera utan við málefnið sjálft, þá gefur brtt. minni hl. n. tilefni til þess að ræða þetta lauslega, sem ég tel mig aðeins gera. Ég hef ekki tölur í höndum til þess að sýna þetta nógu glögglega, en þetta er mál, sem með einhverju móti þarf að taka betur fyrir, til úrlausnar og bjargar hreinlega nokkrum byggðarlögum, heldur en enn hefur verið gert.

Frsm. minni hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil nú leyfa mér að taka undir ummæli hv. frsm. meiri hl. varðandi fyrirgreiðslu til þeirra, sem lengst hafa búið við kalskemmdirnar. Ráðh. tók það óstinnt upp um daginn, þegar ég sagðist sakna þess, að ekki hefði verið reynt að gera heildaryfirlit um það tjón, sem grasbresturinn hefur valdið landbúnaðinum gegnum kaltímabilið, sem byrjaði af fullum þunga um 1960, en hafði gert vart við sig nokkru áður. Það er ómögulegt að gera sér grein fyrir því, hverslags óskapleg áföll það eru, þegar menn árum saman fá nálega enga uppskeru af túnum sínum. Og þegar þetta hefur gengið svo til, eins og hv. frsm. meiri hl. rakti, á allstórum svæðum — hann nefndi þau, ég skal ekki endurtaka það — þá gefur það alveg auga leið, að þeir, sem fyrir þessu verða, eru harla lítils megnugir orðnir. Og ég vil mjög undirstrika ummæli hv. þm. um þetta atriði.

Varðandi svo það, sem hann sagði um innlendu fóðuröflunina og að kannske væri ekki ástæða til þess að taka inn í þetta frv. ákvæði um forgangsrannsóknir, þá vil ég í fyrsta lagi minna á, að í

framleiðnisjóðslögunum er gert ráð fyrir því, að Framleiðnisjóður geti stutt að vissum rannsóknarverkefnum. Það er þegar komið inn í lögin. Og hins vegar vil ég enn árétta það, sem ég hef áður tekið fram sem skoðun okkar minni hl. n., að við teljum, að það þyrfti að gera enn ný og mikið stærri átök í sambandi við kalrannsóknirnar, og að hinu leytinu þyrfti að hefjast handa um aðgerðir til aukinna rannsókna á heyverkuninni. Ég á alveg sérstaklega við votheysgerð. Þar þarf bæði auknar rannsóknir og aukinn stuðning við að koma upp þeirri aðstöðu, sem þarf til þess að geta verkað í vothey, þegar á þarf að halda sérstaklega.

Ég er ekki sáttur við það, sem fram kom í ræðu hæstv. ráðh. áðan, að það hafi ekki verið rætt um það í hvaða formi sláturhúsamálin yrðu leyst og í hvaða formi stuðningur ríkisvaldsins við þá lausn yrði svona í stórum dráttum. Ég er ekki að fullyrða, að það hafi verið alveg nákvæmlega útfært, en ég get alls ekki samþykkt það, að þetta hafi ekki verið nokkuð ítarlega rætt á milli aðila annars vegar og stjórnarvalda hins vegar. Ég held, að þetta sé ekki nógu góð skilgreining hjá hæstv. ráðh. og ég vil, úr því að ég stóð upp, sem ég gerði fyrst og fremst til þess að taka undir ummæli hv. frsm. meiri hl. út af kaltjóninu, þá vil ég þó enn varpa fram tveimur spurningum til hæstv. ráðh. Hvar á að fá það fé í sláturhúsin á árinu 1971, sem ætlað hafði verið að taka í gegnum framleiðnisjóðinn? Hann fær engin framlög samkv. frv. Hvar á að taka þetta fé? Og hvar á að taka fjármagn í þau verkefni, sem hann eða hæstv. ríkisstj., ef menn vilja heldur orða það þannig, talar um í aths. með frv.? Ég vil leyfa mér að minna á þau enn á ný. Það segir hér í aths. ríkisstj.: „Mikilvægt verður að teljast, að sú starfsemi, sem hafin hefur verið á vegum sjóðsins, geti haldið áfram. Uppbygging og tæknivæðing sláturhúsanna er enn á frumstigi og þýðingarmikið er, að sú forusta, sem framleiðnisjóðurinn hefur veitt í þessu máli, geti haldizt og unnt sé að veita viðbótarlán til framkvæmda umfram venjuleg lán Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Árangur tankvæðingar hefur verið góður og ástæða til að styðja að áframhaldandi útbreiðslu hennar. Mikilvægt er, að framhald verði á þeim rannsóknum, sem hafnar hafa verið. Þá koma ný rannsóknarverkefni stöðugt á dagskrá og miklu máli skiptir, að einhver aðili sé starfandi eða hafi þann sveigjanleika í starfsemi sinni, sem framleiðnisjóðurinn hefur til þess að stuðla að könnun og eflingu mikilvægra nýjunga.“ Já, hvar á að taka fé í þetta, hæstv. ráðh., eða á að skoða þessi ummæli í aths. ríkisstj. með því frv., sem hér liggur fyrir, á að skoða þau sem marklaust mas? Ef ekki, hvar á þá að taka peninga í þetta?

Ég vil svo að lokum aðeins segja það og beina því til hæstv. forseta, að ég vil óska þess, að tölul. 1 í brtt. minni hl. verði borinn upp í tvennu lagi, stafl. a. og stafl. b sitt í hvoru lagi, og ég vil taka staflið b aftur til 3. umr. — Ég trúi því nú bara ekki, að hæstv. ráðh. vilji ekki athuga það mál nánar, því að tillögur sláturhúsanefndarinnar og raunar miklu fleiri hugmyndir, sem fram hafa komið einmitt í aths. ríkisstj., eru óframkvæmanlegar með því hámarki, sem nú er á beina framlaginu.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er aðeins vegna þessarar fsp., sem hv. þm. varpaði til mín: Hvar á að fá féð 1971 til sláturhúsanna, sem framleiðnisjóður getur ekki látið af hendi, af því að það er ekki til hans veitt? Þá vil ég vitna til þess, sem ég sagði áðan, að ég mun eiga tal við sláturhúsanefndina, bæði um tillögur hennar og eins um þetta atriði, og fer ekki nánar út í það að sinni, og býst ég við, að hv. þm. fyrirgefi mér það.

Þá vitnaði hv. þm. í aths., sem eru með frv., þar sem tekið er fram, að mikilvægt sé, að framleiðnisjóðurinn geti haldið áfram að styðja þau verkefni, sem hann hefur byrjað á að styðja. Ég get tekið undir þetta, sem sagt er í grg., að ég sé ekki, að það stangist nokkurn hlut á, grg. og frv. Einmitt með því að flytja frv. og tryggja fé í sjóðinn er verið að stuðla að þessu. En það er alltaf matsatriði, hversu mikill stuðningurinn á að vera. Hann verður auðvitað því meiri sem upphæðin er hærri, sem lögð er árlega í sjóðinn.

Að athuguðu máli get ég vel gengið inn á það að athuga nánar 2. brtt. minni hl. og þar sem hún hefur verið tekin aftur til 3. umr., þá gefst góður tími til þess og má vel vera, að það sé réttmætt að samþykkja hana. Ef mér sýndist svo að athuguðu máli, þá mun ég mæla með því.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki verða langorður, en í sambandi við það, sem hæstv. landbrh. sagði hér síðast, að hann sæi nú ekki, að það stangaðist neitt á, grg. og frv., þá ætla ég að lesa hérna, með leyfi forseta, frvgr. og halda síðan áfram, þar sem hv. 5. þm. Austf. hætti áðan. En frvgr. er þannig:

„Aftan við 4. gr. laganna komi ný mgr. svo hljóðandi:

Á árunum 1972—1976 skulu greiddar úr ríkissjóði til framleiðnisjóðs kr. 50 millj., kr. 10 millj. hvert ár.“

En þar sem hv. þm. hætti að lesa áðan, er framhaldið svona:

„Starfsemi sjóðsins gat haldið áfram á árinu 1970, þar sem sjóðurinn hafði nokkurt fjármagn enn til ráðstöfunar. Til þess að frekara framhald geti þar á orðið, verður aukning stofnfjárframlags hins vegar að koma til. Í þessu frv. er lagt til, að stofnfjárframlagið verði aukið um 50 millj. kr. eða um 10 millj. kr. á ári á næstu 5 árum.“

Þetta frv. er lagt fram á árinu 1970, þannig að ráðh. kemst engan veginn fram hjá því, að grg. stangast á við frvgr., og ég vil endurtaka það, sem ég sagði áðan, að það er auðséð, að frvgr. hefur verið breytt og hefur ekki verið svona í upphafi, enda hefði þá grg. ekki verið svona skrifuð.

Í sambandi við það, sem hv. 11. landsk. þm., Bjartmar Guðmundsson, sagði áðan, þá var það út af fyrir sig ákaflega eftirtektarvert. Það kom fram

hjá honum óánægjan, það sauð hér upp úr óánægjan vegna þess, hvernig hefur verið staðið að þessum málum í sambandi við harðærið á undanförnum árum og ég er reyndar ekkert hissa. Ég hefði verið mikið frekar hissa, ef þetta hefði ekki komið fram hjá einhverjum hv. þm. stjórnarliðsins. Það má minna á það, að þegar óþurrkarnir og kalið kom hér á Suðurlandi, þá var hægt að breyta lánunum í 7 ár úr 5 árum, eins og þau höfðu verið áður, og afborgunarlaus fyrstu 2 árin. Þó að það væri kal á Norðausturlandi ár eftir ár, þá var ekki hægt að breyta þessu ákvæði laganna, og það er alveg rétt, sem þm. sagði í sambandi við þessi lán, það eru alveg takmörk fyrir því sett, hvað þýðir að láta sömu mennina taka lán ár eftir ár til þessara hluta. Það verður annað að koma til. Og ég gleðst mjög yfir því, að þessi rödd skyldi heyrast einmitt úr þessari áttinni og vil mjög taka undir þessi orð og vonast til þess, að það verði meir en orðin tóm, að þm. reyni að standa að því með okkur, að þetta verði endurskoðað, hvort það er ekki kominn tími til þess að láta strika út eitthvað af þessum lánum hjá þeim, sem verst eru settir, t. d. á Austur- og Norðausturlandi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 45. fundi í Nd., 10. febr., var frv. tekið til frh. 2. umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Nd., 11. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 329, 1. a felld með 13:10 atkv.

— 329, 1. b tekin aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 329, 2 felld með 13:11 atkv.

2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 47., 48., 49., 50., 51. og 52. fundi í Nd., 17., 18., 22. og 24. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Nd., 25. febr., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 23, 397, 398).

Frsm. meiri hl. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Landbn. hefur flutt hér eina brtt. núna á milli umr. á þskj. 397. Hún er ekki orðmörg og ég ætla að leyfa mér að lesa hana: „Á undan 1. grein komi ný grein, er hljóði svo: 2. málsliður 3. gr. laganna falli niður“, en þessi málsliður, sem lagt er til að falli niður, hljóðar svo í lögunum: „Af því fé, sem ráðstafað verður úr sjóðnum á ári hverju eftir 1976, má eigi verja meiru en ⅓ hluta til styrkveitinga.“ Eins og menn heyra, þá er breytingin einungis í því fólgin, að þetta atriði er numið úr lögunum, að hlutföllin milli styrkveitinga og lána séu eins og þar er greint, heldur er þetta óbundið og ræður þá stjórn sjóðsins, hvað hún veitir af lánum og hvað af styrkjum. Ég ætla, að þetta sé glöggt og þetta liggi ljóst fyrir og þetta er tillaga frá landbn.

Frsm. minni hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Við höfum leyft okkur að flytja hér tvær brtt. við frv., hv. 5. þm. Norðurl. e. og ég. Þessar tillögur eru að efni til sams konar og þær, sem við fluttum við 2. umr. málsins, en hér er gengið nokkru skemur heldur en í þeim tillögum. Þessar tillögur eru á þskj. 398. Í fyrri tillögunni er lagt til, að aftan við fyrri málsgrein 1. gr. laganna komi nýr málsliður svo hljóðandi: „Þó skulu tilraunir með innlenda fóðuröflun og heyverkun sitja fyrir öðrum tilraunaverkefnum um fyrirgreiðslu.“ Í þeirri tillögu, sem felld var við 2. umr., var sagt, að þetta skuli sitja fyrir öðrum verkefnum sjóðsins, en hér er gengið skemur og sagt öðrum tilraunaverkefnum. Ég vil ekki tefja tíma hv. þd. með ítarlegri umr. um þessar tillögur. Þetta var nokkuð mikið rætt við 2. umr. málsins, en ég vil þó út af þessum fyrri lið varðandi tilraunaverkefnin árétta og láta það koma alveg skýrt fram, að það er ekkert sérálit okkar, þessara tveggja þm., að það þurfi að gera átak á þessum sviðum. Í fyrsta lagi hafa þeir menn, sem vinna að þessum verkefnum, búfræðikandidatarnir, á aðalfundi sínum í febrúar árið 1970 lagt mjög mikla áherzlu á þessi mál og í ályktunum þeirra, tölul. 2, segir svo: „Fundur í Félagi ísl. búfræðikandidata leggur til, að landbúnaðarráðherra og stjórn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins efli sérstaklega hagnýtar rannsóknir á fóðuröflun, fóðurverzlun og fóðrun og telur fundurinn, að slíkar rannsóknir verði bezt staðsettar á Hvanneyri vegna afnota af túnum, búfé og véltækni. Kalrannsóknir verði stórefldar og höfuðstöðvar þeirra verði við tilraunastöðina á Akureyri.“ Ég vil einnig, að það komi alveg glögglega fram, að um þessi mál hafa verið gerðar margendurteknar samþykktir á fundum bændasamtakanna. Á aðalfundi Stéttarsambands bænda 1959 var gerð mjög hörð ályktun um það, að auka þyrfti rannsóknir einmitt vegna grasbrestsins og vegna kalsins og sú ályktun var ennfremur áréttuð á aðalfundi Stéttarsambands bænda 1970. Ég ætla ekki að tefja tímann við að lesa þessar ályktanir hér. En alveg sömu sögu er að segja frá Búnaðarþingi. Þar er gerð um þessi mál mjög ítarleg ályktun árið 1968 og síðan hefur hún verið áréttuð. Og sannleikurinn er sá, að í sambandi við fjárveitingar til þessarar starfsemi hefur ekkert verulegt gerzt síðan 1968, ekkert stórt. Þetta vil ég láta koma hér fram. Og vil leyfa mér að bæta því við, að hjá einstökum bændum, sem orðið hafa fyrir búsifjum af völdum kals um lengri eða skemmri tíma, er ekki síður sú skoðun almenn, að skerpa þurfi á þessum sérstaka lið rannsókna og tilrauna.

Annar liður brtt. okkar er um hækkun á framlaginu til framleiðnisjóðs, að framlagið skuli hækka í a. m. k. 20 millj. kr. í stað 10 millj., sem er í frv. En fyrri tillaga okkar, sem felld var hér við 2. umr., var

um 25 millj. kr. árlegt framlag. Ég skal ekki heldur fara að endurtaka hér rök okkar, flm. þessara brtt. Ég vil aðeins geta þess, að á fundi í Framleiðsluráði landbúnaðarins, sem stóð að skipan þeirrar nefndar, sem undirbjó tillögurnar í sláturhúsamálinu, á fundi í Framleiðsluráði 18. þ. m. var þetta rætt og þar voru samþykktar áskoranir til ríkisstj. og Alþ. um að auka fjárframlög til þessara mála frá því, sem fyrirhugað er í frv., eins og það liggur hér fyrir. Það kom í ljós þar, að menn voru mjög uggandi út af þeirri stefnu, sem þetta mál hefur tekið, telja, að með engu móti megi slaka á þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar hafa verið, en eins og horfur eru, miðað við það, að frv. verði samþ. óbreytt, þá sjá þeir ekki nokkra leið til þess að halda áfram framkvæmdaáætluninni, eins og fyrirhugað hafði verið. Ég orðlengi þetta ekki frekar, en vænti þess, að hv. þdm. íhugi þessar tillögur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 54. fundi í Nd., 1. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 398, 1 felld með 15:12 atkv.

— 397 samþ. með 24 shlj. atkv.

— 398, 2 felld með 15:13 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 55. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 56. fundi í Ed., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr. (A. 419).

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta var flutt í Nd. og fékk þar lítils háttar breytingu, þannig að 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. l. verður felldur niður. Sú grein fjallar um það að ákveða, að ekki sé heimilt að veita nema ⅓ af fé sjóðsins í slíkt, en nú er þetta sett á vald sjóðsstjórnarinnar, hvort það er veittur styrkur eða lán úr sjóðnum. Framleiðnisjóður landbúnaðarins var stofnaður með lögum 1966 með 50 millj. kr. framlagi. Hlutverk sjóðsins skyldi vera að veita styrki og lán til framleiðniaukningar og hagræðingar í landbúnaði og atvinnurekstrar í landbúnaði. Það er sérstaklega þrennt, sem talið var nauðsynlegt, að sjóðurinn léti sig varða. Það var tankvæðing í sambandi við mjólkurflutninga, tæknibúnaður sláturhúsa í sambandi við nýjar vinnuaðferðir við slátrun og rannsóknir á bættri vinnutilhögun í gripahúsum. Og sjóðurinn hefur lánað samtals 26 millj. kr.: til heimilistanka 7.9 millj., tækniútbúnaðar sláturhúsa 5.9 millj., djúpfrystingarstöðva 2 millj., endurskipulagningar ræktunarsambanda 2 millj. og rannsókna á vinnutilhögun í gripahúsum 12.9 millj. kr.

Með þessu frv. er lagt til, að á árunum 1972—1976 verði greiddar úr ríkissjóði til framleiðnisjóðs 50 millj. kr., 10 millj. kr. ár hvert. Ekki er gerð till. með þessu frv. um að breyta verkefni sjóðsins frá því, sem það var mótað með fyrstu löggjöfinni.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa lengri framsöguræðu um þetta mál. Hv. þm. þekkja það og vita, til hvers er ætlazt með þessu frv. Það er, að sjóðurinn geti haldið áfram að veita nokkur lán og styrki til nauðsynlegra framkvæmda í landbúnaðinum. Það er hlutverk sjóðsins. Það hefur komið fram í Nd., að mönnum þótti þetta ekki há fjárveiting á ári. Ég tel það mikils virði, að haldið sé áfram að veita fé til sjóðsins og gera honum fært að starfa. Um hitt má svo alltaf deila, hvort framlögin, sem ákvörðuð eru með löggjöfinni, séu nógu há. Og það er vitanlega alltaf hægt, ef menn treysta sér til og möguleikar eru á, að hækka framlögin til sjóðsins. Og ég tel, að það sé hægara að gera það, ef sjóðurinn með starfsemi sinni sannar ágæti sitt og nauðsyn, þá er hægara að hækka framlögin, ef fjárhagsaðstæður leyfa, heldur en ef sjóðurinn væri starfslaus og getulaus, vegna þess að ríkissjóður hefði alveg hætt að greiða styrki.

Ég vil, herra forseti, leggja til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Hæstv. landbrh. hefur gert grein fyrir því frv., sem hér liggur fyrir og er um framleiðnisjóð landbúnaðarins. Það er út af fyrir sig virðingarvert, að hæstv. ríkisstj. hefur flutt þetta frv., sem fjallar eingöngu um það að afla fjár til framleiðnisjóðsins. Þegar fyrst var lagt fram frv. um þessi efni, þá fluttum við framsóknarmenn tillögur um það, að árlegt tillag til sjóðsins yrði mun hærra heldur en það nú er eða um 20 millj. kr. á ári, því að okkur var fyllilega ljóst, að á því var þörf. En nú leggur hæstv. ráðh. til, að næstu 5 árin, frá og með 1972 verði veittar 10 millj. kr. á ári til framleiðnisjóðsins, þrátt fyrir það, að á þessu tímabili er búið að fella gengi íslenzkrar krónu á 2. hundrað prósent, síðan þessi lög öðluðust fyrst gildi og einnig þrátt fyrir það, að ekkert tillag hefur verið veitt til framleiðnisjóðsins í 2 ár, árið 1970 og árið 1971. Þau ár bæði hafa fallið niður, þannig að sjóðurinn hefur misst þarna tveggja ára tillag, sem hann hefur ekki mátt missa miðað við þau verkefni, sem honum eru ætluð.

Ég skal ekki minna hér á mörg verkefni. En þó get ég ekki látið hjá líða að spyrja hæstv. landbrh. um það, hvernig séð verði fyrir byggingu sláturhúsa landsins. Árið 1969 var skipuð n. af Framleiðsluráði landbúnaðarins til að gera tillögur um uppbyggingu sláturhúsa í landinu. N. komst að þeirri niðurstöðu, að það mundi kosta 217 millj. kr. að byggja ný sláturhús og endurbyggja önnur, sem til samans eru 12 talsins, en þar fyrir utan eru tvö sláturhús, sem eru í byggingu og tæplega fulllokið, og þau kosta um 70 millj. kr., þ. e. um 50 millj. í Borgarnesi og 20 millj. í Búðardal, þannig að þarna þarf í sláturhúsauppbygginguna á þessum 14 hús-

um sem næst 300 millj. kr. Og þá eru eftir fjölmörg sláturhús, sem ekki eru með í þessu reikningsdæmi, en eins og hv. þm. rekur minni til, eru ekki ýkjamörg ár síðan samþ. voru lög hér á hv. Alþ. um það að hraða uppbyggingu sláturhúsa í landinu. Og mörg þeirra húsa, sem eru starfrækt nú, eru með eins árs undanþágu, þannig að þarna er um brýnt og aðkallandi verkefni að ræða. En þessi n., sem var skipuð, gerði sínar tillögur og fjáröflun hafði hún hugsað sér þannig, að nýju húsin fengju 50% af stofnkostnaði sem óafturkræft framlag, en endurbættu húsin 30% framlag, og þessa óafturkræfa framlags skyldi aflað með 40 aurum á dilkakjötskíló á ári hverju og 20 aurum á ærkjöt og á gjald þetta að nema sem næst 5 millj. kr. á ári. Sama upphæð skyldi tekin í heildsölu hlutaðeigandi vöru.

Í þriðja lagi skyldi koma framlag úr ríkissjóði jafnhátt því, er að framan greinir. Auk þessa skyldi Stofnlánadeild landbúnaðarins lána 50% af því, sem þá er eftir, og framleiðnisjóðurinn 17%. Þó að ekki séu tekin nema sláturhúsin, þá eru þar mikil verkefni, sem þarf að leysa fljótt, því að mörg sláturhús eru nú, eins og ég áðan sagði, án undanþágu frá þeim aðalreglum, sem um þau gilda. Og varla getur framleiðnisjóðurinn sinnt því verkefni eins og þyrfti að vera með ekki meiri fjáröflun en honum er ætluð samkv. því frv., sem hér liggur fyrir.

Mér er kunnugt um það, að margir búast við því, þar sem hæstv. ráðh. hefur tekið vinsamlega tillögum þeirrar n., sem ég ræddi um, þá muni koma nýtt frv. um fjáröflun til sláturhúsanna. Og þetta vildi ég, að hæstv. ráðh. upplýsti hér við þetta tækifæri, hvort þess er að vænta, að það komi annað frv., sem eingöngu fjallar um sláturhúsauppbygginguna, eða hvort framleiðnisjóði, sem við erum nú að ræða um, er ætlað að rísa undir sláturhúsauppbyggingunni ásamt því, sem Stofnlánadeild landbúnaðarins getur innt af hendi lögum samkv. í þeim efnum. Ég vil líka minna á það, að enda þótt ég minnist hér eingöngu á sláturhúsin, þá er það síður en svo, að það séu ekki ótal aðkallandi verkefni, sem framleiðnisjóður landbúnaðarins getur sinnt lögum samkv. En ég sé ekki annað en þau verkefni verði að bíða um sinn vegna fjárskorts, því að ef vel væri á þessum málum haldið, þá hefðu framlög sjóðsins nú þurft að vera a. m. k. helmingi meiri bara til þess að jafnast á við það, sem var þegar 1966 samkv. þeirri breytingu, sem hefur orðið á verðgildi krónunnar og ýmsu öðru, sem þar hefur gripið inn í verðlagsmálin á síðustu árum.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég get vitanlega tekið undir það, sem hv. 1. þm. Vesturl. sagði hér áðan, að það væri æskilegt, að það væri meira, sem lagt væri í framleiðnisjóð heldur en gert er ráð fyrir í þessu frv. En það hefur nú orðið samkomulag um það að lögfesta frv. eins og það er lagt fram, ef hv. Alþ. vill á það fallast, og ég tel það út af fyrir sig mikils virði, að sjóðnum er gert fært að starfa. Það er vitanlega hægt alltaf að benda á, að það sé þörf á hærri fjárhæðum, m. a. til þess að byggja upp sláturhúsin. Nú er það svo, að það hefur miðað vel áfram uppbyggingu og lagfæringu sláturhúsanna undanfarin ár, þótt enn séu mörg sláturhús þannig, að það þurfi nauðsynlega að endurbyggja þau, til þess að þau uppfylli þær kröfur, sem gerðar eru til sláturhúsa. Og n., sem hv. þm. minntist á hér áðan, hefur skilað áliti. Þetta var, að mig minnir, 5 manna n. og rn. tilnefndi einn mann í hana. Því var haldið fram, m. a. í Nd., að með því að tilnefna mann í n. hefði rn. eða sá ráðh., sem það gerði, tekið á sig skuldbindingu um það að samþykkja allt, sem n. lagði til með fjáröflun og fyrirkomulag á húsunum. En það er vitanlega reginmisskilningur, að það felist nokkur skuldbinding í því. Hitt er rétt, sem hv. þm. sagði hér áðan, að ég hef tekið því vinsamlega, þegar við mig hefur verið rætt um þetta, vegna þess að ég skil nauðsynina á því að lagfæra og endurbyggja sláturhúsin. En hvort það verður gert akkúrat með þeim hætti, sem n. leggur til, það er óráðið enn. Og 14 sláturhús, sem n. leggur til að verði byggð, er vitanlega allt of lítið fyrir landið allt, þannig að þetta nál. verður endurskoðað.

Um framkvæmdirnar nú í ár, hvað um þær verður, þá vil ég upplýsa það, að það er stutt síðan ég ræddi við framkvæmdastjóra Framleiðsluráðs og það er enn styttra síðan ég ræddi við formann Stéttarsambands bænda. Þeir minntust á það, að vegna þess að ekki væri fé í framleiðnisjóði á þessu ári, gæti það valdið nokkrum vandræðum í ár í sambandi við þær framkvæmdir, sem standa fyrir dyrum. Þeir nefndu sláturhúsið á Húsavík, þeir nefndu sláturhúsið á Blönduósi. Niðurstaðan af samtali mínu við formann Stéttarsambands bænda, Gunnar Guðbjartsson, varð sú, að hann skyldi skrifa til mín bréf og lýsa því, hvað aðkallandi væri á þessu ári. Munum við síðan ræða um það, hvernig með þetta skuli fara, því að það er alls ekki meiningin að stöðva framkvæmdir, það er alls ekki meiningin. Hitt er svo annað mál, og það veit ég, að hv. 1. þm. Vesturl. skilur, að bændum er vitanlega frjálst að leggja gjald á kjötið, 40 aura á dilkakjöt og láta það renna til sláturhúsanna. En það er ekki víst, að það verði jafnauðvelt að leggja gjald á útsöluverð kjötsins í þessu skyni. Ég segi það, að það er ekki víst, að það sé jafnauðvelt. Ég er ekki þar með að segja, að það sé óframkvæmanlegt. En það þarf að tala nokkur orð áður en það verður samþykkt. Það er út af fyrir sig heldur ekki ómögulegt, að ríkissjóður leggi fram fé á móti því, sem bændur leggja til, en einnig það þarf undirbúning, og víst er það, að ekkert er á fjárlögum þessa árs í þessu skyni. Einnig það kostar nokkrar orðræður áður en það tekst, og fé samkv. þessari fjáröflunarleið er ekki fyrir hendi á þessu ári, en eigi að síður þarf að hafa ráð til þess að vinna það, sem nauðsynlegt er að vinna á þessu ári. Nú er það svo og ég veit, að hv. 1. þm. Vesturl. veit það, að það eru ekki ýkja mörg sláturhús, sem verður unnt að vinna að í sumar, vegna þess að undirbúningi er

ekki lokið að því. Ég efast um, að það sé nema Blönduós og Húsavík. Að vísu eiga bæði Borgarnes og Búðardalur eftir að fá framlög samkv. reglum, sem menn vilja fara eftir. En um sérstakt frv. á þessu þingi vegna sláturhúsanna er ekki að ræða. Það er nú orðið tiltölulega skammt til þingloka og verður ekki tími til þess að flytja sérstakt frv. í því skyni. En eins og ég sagði, hefur þetta mál verið rætt við tvo framámenn í þessum málum, og meiningin er að finna leið til þess að halda eðlilegum framkvæmdum áfram á þessu ári í uppbyggingu sláturhúsanna.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir þessar upplýsingar, og ég held, að ég skilji það rétt, að það sé einskis að vænta á þessu ári af fjármagni til sláturhúsauppbyggingar, nema ef kynni að vera einhver loforð upp á framtíðina. Og í öðru lagi, að það sé verið á ný að endurskoða þær tillögur, sem n. Framleiðsluráðs gerði nú fyrir nokkrum árum síðan og finna á þeim flöt, sem hægt væri að koma í framkvæmd. Ég vona, að ég hafi skilið þetta rétt, að það liggi ljóst fyrir, að þarna sé ekki um annan aðila að að ræða, sem geti greitt úr sláturhúsauppbyggingunni, en framleiðnisjóðinn, þegar hann fær fjármagn á næsta ári, 1972.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Því miður var þetta nú ekki alveg rétt skilið hjá hv. þm., þegar hann sagði: Ja, ég skil það þá þannig, að það sé einskis að vænta á þessu ári. Það var ekki það, sem ég sagði. Ég skýrði frá viðtali mínu við formann Stéttarsambands bænda og framkvæmdastjóra framleiðsluráðsins og sagði, að meiningin væri að útvega fé til þess, að hægt væri að vinna að uppbyggingu þeirra sláturhúsa í ár, sem tilbúin væru vegna undirbúnings. Og þá finnst mér, að hv. 1. þm. Vesturl. eigi ekki að segja, að það sé einskis að vænta. Það var ekki meira en þetta, sem ég vildi taka fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Ed., 15. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 419, n. 467, 481).

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir til umr., hefur landbn. fjallað um á fundum sínum og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess. Hins vegar hafa þeir Ásgeir Bjarnason og Kristján Ingólfsson áskilið sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem kynnu fram að koma.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa mörg orð fyrir þessu frv. við þessa umr. Hæstv. landbrh. fylgdi frv. úr hlaði hér við 1. umr. í Ed. og skýrði efni þess. Það er fábrotið eins og menn sjá, sem þetta hafa kynnt sér. Framleiðnisjóður landbúnaðarins, sem stofnaður var með lögum frá 1966, hafði haft framlag úr ríkissjóði á árunum 1967—1969, að báðum meðtöldum, en það hafði fallið niður með árinu 1970. Nú er það öllum ljóst, sem þessum málum eru kunnugastir, að verkefni sjóðsins er fjarri því að vera úr sögunni og því nauðsynlegt að koma þessum fjárframlögum á aftur, og því er þetta frv. flutt, að það megi gerast með árinu 1972. Eins og fram kom við 1. umr. hér í hv. Ed., var það upplýst, að starfsfé sjóðsins á árinu 1971 mundi verða mjög lítið, en verkefnin, eins og ég sagði áðan, allmikil. Ráðh. gaf þá yfirlýsingu, að unnið væri að því að útvega sjóðnum fé, svo að hann gæti staðið við nauðsynlegar skuldbindingar og nauðsynlega uppbyggingu, sem sérstaklega á sér stað núna í sláturhúsunum í landinu.

Ég sé, að þær brtt., sem hér hafa komið fram, ganga einvörðungu í þá átt að hækka þau framlög, sem gert er ráð fyrir að samþykkja til sjóðsins í því frv., sem hér er fyrir hendi. Ég get ekki fallizt á þessar tillögur. Það hefur verið sætzt á það, að ég tel, af þeim, sem með málefni sjóðsins fara, og þeim, sem stjórna fjármálum ríkisins, að binda framlögin við þessar 10 millj. á ári og ég vil leggja til, að við það verði staðið. Það er alltaf þægilegt og sumir vilja þakka það, þegar hækkaðar eru tölur eins og hér hefur verið gert. Ég held, að menn skilji það þó, að í mörgum fjárveitingum verður að fara bil beggja og það er mat þeirra, sem hér þekkja til, að með þeim fjárveitingum, sem hér er lagt til, að lagðar verði fram, muni mega með viðunandi hætti sinna þeim verkefnum, sem sjóðnum eru ætluð. Eins og ég gat um í upphafi, þá legg ég það til fyrir hönd meiri hl. landbn., að frv. verði samþ. óbreytt.

Kristján Ingólfsson: Herra forseti. Ég held, að það hvíli nú nákvæmlega sama skoðun að baki hjá mér og hv. 5. þm. Sunnl., báðir viljum við framleiðnisjóð sem mestan, þannig að hann geti staðið í stykkinu gagnvart því hlutverki, sem honum upprunalega var ætlað. Hins vegar get ég ómögulega séð, að sjóðurinn geti gert það með þeirri fjárveitingu, sem honum er ætluð, 10 millj. árlega miðað við þann traustleika íslenzkrar krónu, sem við þekkjum mætavel. Við Ásgeir Bjarnason flytjum hér við umr. um þetta mál í Ed. hliðstæðar brtt. og Stefán Valgeirsson og Vilhjálmur Hjálmarsson fluttu við afgreiðslu málsins í Nd. og fengu þar neikvæða afgreiðslu.

Fyrri brtt. okkar er við 1. gr. frv. og hún er um það, að inn í lögin komi ákvæði um, að tilraunir með innlenda fóðuröflun og heyverkun sitji fyrir öðrum tilraunaverkefnum um fyrirgreiðslu. Það þarf ekki að rökstyðja það mál lengi né mikið, að svo til allur landbúnaður okkar Íslendinga byggist á nægilega mikilli og nægilega góðri heyöflun. Heyin hafa alla tíð verið og munu verða hér í þessu

landi undirstaða góðra afurða í landbúnaði. Hins vegar hefur oft orðið mikill misbrestur á, að heyöflun yrði sem skyldi, og síðustu ár, þrátt fyrir allar framfarir, hefur t. d. kalið gert íslenzkum landbúnaði margan óleikinn. Enn er margt á huldu um orsakir kalsins og deildar meiningar. Hins vegar líður ekki svo vetur, að þessi gróðureyðir skilji ekki eftir sig fleiri eða færri eyðispildur, þar sem annars skyldi vera gróðurlendi. Frá hagrænu sjónarmiði koma afleiðingar kalsins bæði niður á bændunum sem einstaklingum og þjóðarbúskapnum í heild. Aukin kjarnfóðurkaup leggjast á efnahag bóndans, en hluti þeirra kjarnfóðurkaupa er afleiðing kals og slæmrar heyjanýtingar. Sú er skoðun okkar flm. brtt., að rannsóknir á kalinu varði eins og fyrr segir alla undirstöðu íslenzks landbúnaðar, þar með talda alla heyöflun og framleiðni og því beri Alþ. að veita þessu atriði augljósa aðild að aðstoð úr framleiðnisjóði og þar með forgangsaðild. Á sama hátt beri að lögfesta ákvæði um stuðning við nýjungar í heyverkun. Það er engum að kenna hér í hv. Ed., að lengst af hefur bóndinn átt sitt undir veðri og vindum. Á síðustu áratugum hefur tæknin komið hér nokkuð til aðstoðar, en hagnýting þeirrar tæknikunnáttu hefur aftur á móti reynzt alldýr og ekki á allan hátt hagkvæm og því rík ástæða til að leita betri úrræða um þetta mikilvæga atriði. Ég vil í sambandi við þessa brtt. okkar leyfa mér að vitna í samþykkt, sem gerð var í Félagi ísl. búfræðikandidata á aðalfundi þess árið 1970, með leyfi hæstv. forseta. En þar segir:

„Fundur í Félagi ísl. búfræðikandidata leggur til, að landbrh. og stjórn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins efli sérstaklega hagnýtar rannsóknir á fóðuröflun, fóðurverzlun og fóðrun, og telur fundurinn, að slíkar rannsóknir verði bezt staðsettar á Hvanneyri vegna afnota af túnum, búfé og véltækni. Kalrannsóknir verði stórefldar og höfuðstöðvar þeirra verði við tilraunastöðina á Akureyri.“ Á sama hátt hefur Búnaðarþing árið 1968 samþykkt, með leyfi forseta:

„Búnaðarþing ályktar, að brýnustu verkefni, sem vinna beri að af fullum krafti, séu að vinna að lausn kalvandamálsins á breiðum grundvelli og leggja stóraukna áherzlu á allar þær rannsóknir, sem að henni geta stuðlað.“

Að öðru leyti og þessu til viðauka vildi ég leyfa mér að höfða til þeirrar almennu þekkingar, sem við öll höfum á höfuðatvinnuvegi þjóðar okkar, og leyfi mér að fullyrða, að sú almenna þekking hlýtur að stuðla að samþykkt þessarar brtt. okkar.

Síðari brtt. okkar Ásgeirs Bjarnasonar fjallar um hina fjárhagslegu hlið framleiðnisjóðsins. Upprunalega var stofnframlag sjóðsins ákveðið 50 millj. og hafa undanfarið 10 millj. verið látnar sjóðnum í té á fjárl. ár hvert, eftir að stofnfjárframlagið, 20 millj., var goldið. Ekki þarf mikla hagspeki til að sjá, að 10 millj. í dag eru léttvægari á peningamarkaðinum en þær voru árið 1967. Rýrnun íslenzka gjaldmiðilsins hefur komið hér við sögu eins og annars staðar. Hins vegar er þörfin fyrir getu sjóðsins ekki minni en hún áður var, þar sem fram undan eru stór og mikil verkefni eins og endurskipulagning sláturhúsakerfisins, sem á er minnzt í grg. þeirri, er frv. ríkisstj. fylgir, fyrir utan öll þau miklu verkefni önnur, sem bíða úrlausnar og áður hefur verið að vikið. Í grg. með frv. segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Miklu máli skiptir, að einhver aðili sé starfandi, er hafi þann sveigjanleika í starfsemi sinni, sem framleiðnisjóðurinn hefur, til að stuðla að könnun og eflingu mikilvægra nýjunga.“

En það er engu líkara en þeir, er þetta sömdu, hafi gleymt veikindum íslenzkrar krónu. A. m. k. fæ ég ekki séð, hvernig sjóðurinn á að sinna þeim stórverkefnum, sem fram undan bíða hans, með sama krónufjölda og lagður hefur verið til hans undanfarin ár, en fyrir því er gert ráð í frv., 10 millj. kr., sem því miður, ef byggja má á reynslunni, verða smækkandi krónur. Það er þess vegna, sem við flm. brtt. flytjum tillögur um, að eigi skuli veitt minna en 20 millj. kr. árlega til framleiðnisjóðs. Loks leggjum við til, að leitað verði umsagnar Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands um, hver verkefni séu brýnust hverju sinni, þar eð við teljum nauðsyn til bera, að starfsemi sjóðsins sé jafnan í sem lífrænustu sambandi við landbúnaðinn í landinu. Það má efalaust kalla þetta yfirboð eins og hvað annað, en ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að ekkert gruggugt eða ónormalt hugarfar liggi hér til grundvallar, heldur einungis það, að við flm. brtt. viljum, að framleiðnisjóður verði fær um að standa við það hlutverk, sem honum er ætlað, og teljum, að svo margar séu þarfirnar fram undan, sem ekki verði hægt að komast hjá að leysa og einmitt framleiðnisjóðurinn eigi að hafa þann sveigjanleika, sem um getur í grg. með frv. ríkisstj.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta mál, en ég vil þó aðeins lítils háttar koma að aths. í sambandi við þær tillögur tvær, sem hér eru fluttar til breytingar, og þau ummæli, sem fyrri flm. þeirra viðhafði hér í ræðu núna rétt áðan. Það er vikið að því í fyrri till., að við 1. gr. frv. verði aukið þessari setningu: „Þó skulu tilraunir með innlenda fóðuröflun og heyverkun sitja fyrir öðrum tilraunaverkefnum með fyrirgreiðslu.“ Ég tel í fyrsta lagi þessa mgr. og þennan viðauka algerlega óþarfa, fyrst og fremst fyrir þá sök, að ég tel, að lög um framleiðnisjóð eigi einmitt að hafa þann sveigjanleika í sér, sem ræðumaður talaði um hér áðan, með því að taka ekki þetta út úr sérstaklega, því að maður veit ekki fyrir fram, hver eru talin brýnustu verkefnin á næstu árum. Sama má segja um niðurlagið á seinni brtt., þar sem talað er um að leita umsagnar Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands um, hvaða verkefni séu brýnust hverju sinni. Þetta tel ég einnig óþarft, og ef maður lítur aðeins á það, hvernig stjórn framleiðnisjóðs er uppbyggð, þá eru þar tveir stjórnarmenn samkv. tilnefningu Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda og

eiga þess vegna af sjálfu sér innangengt og eru í stjórnunarsambandi við þær stofnanir, sem gert er ráð fyrir með brtt. að leita til til þess að finna út, hvaða verkefni séu brýnust hverju sinni.

Ég vildi nú aðeins láta þetta tvennt koma fram, að ég teldi þetta óþarft hvort tveggja, og ég álít, að það sé hagkvæmara og eðlilegra, að það sé ekki tekið fram í lögunum, hver séu brýnustu verkefnin. Þegar um er að ræða atvinnugrein í örri þróun, hvort sem það er framleiðsluatvinnugrein eða aðrar, þá verður ekki séð fyrir fram, hvaða verkefni eru brýnust hverju sinni. Ég deili ekki um það við neinn, að það sé brýnt verkefni eins og sakir standa að efla tilraunir með innlenda fóðuröflun og heyverkun. Við getum verið sammála um það, en ég vænti þess, að það verkefni verði leyst og þá þurfum við ekki að láta það standa í lögunum, að það skuli vera ævarandi brýnasta verkefni framleiðnisjóðs.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta frv., en eins og ég gat um áðan, legg ég til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
Brtt. 481,1 felld með 9:7 atkv.
— 481, 2 felld með 9:7 atkv.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 513).

---

22. Útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Á 1. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum [13. mál] (stjfrv., A. 13).

Á 4. fundi í Ed., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta er eins og í aths. segir flutt til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin 1. júní s. l. En forsendur fyrir þessum brbl. voru þær, að undanfarin 2—3 ár hefur verið verulegur halli á svonefndum Tryggingasjóði fiskiskipa, sem aðallega hefur tekjur sínar af útflutningsgjöldum. Það var hins vegar til þess ætlazt, þegar þessi sjóður var stofnaður, að hann stæði undir sínum útgjöldum, sem hefur reynzt miklum erfiðleikum bundið á undanförnum árum og ríkissjóður þurft að hlaupa þar undir bagga ár eftir ár, og jafnframt er flutningur þessara brbl. ein afleiðing af erfiðleikatímabili, sem yfir gekk í sjávarútvegi. Það þótti því nauðsynlegt að auka tekjur þessa sjóðs, þannig að hann væri fær um að standa undir upprunalegum skyldum sínum og það er meginefni þessa frv. Ég tel ekki ástæðu til að hafa um frv. fleiri orð, nema tilefni gefist til, en legg til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 17. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Ed., 18. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 13, n. 364, 365, 375).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er flutt til staðfestingar á brbl. nr. 73 frá 1. júní 1970, en þau voru breyting á l. nr. 4 frá 28. febr. 1966, um útflutningsgjald sjávarafurða. Umrædd brbl. voru á sínum tíma sett vegna hins erfiða fjárhags, sem Tryggingasjóður fiskiskipa var kominn í um þessar mundir og hafði reyndar búið við erfiða aðstöðu um lengri tíma. Aðalbreytingin, sem í brbl. fólst, er hækkunin, sem átti sér stað á magngjaldinu, en það var hækkað úr 1360 kr. í 1500 kr. á tonn. Þá var gjald samkv. 2. tölul. 2. gr. hækkað úr 3% í 4% og skyldi ákvæði það taka gildi frá 1. jan. 1971, og frá sama tíma var heimilað að draga frá fob-verðmæti saltsíldar vegna umbúðakostnaðar 300 kr. fyrir hver 100 kg innihalds. Þá er með frv. því, sem hér liggur fyrir, gert ráð fyrir þeirri breytingu frá áður gildandi lagaákvæðum, að útflutningsgjald af óverkuðum saltfiski lækki og verði magngjald eins og af freðfiski þannig, að í stað 7% gjalds af fob-verðmæti komi 1500 kr. magngjald. Þegar útflutningsgjöldin voru ákveðin með l. nr. 79 31. des. 1968 að afstaðinni gengisbreytingu, var talið, að höfð hefði verið hliðsjón af því, að saltfiskframleiðslan byggi við hagstæðari rekstrargrundvöll miðað við gildandi söluverð en freðfiskurinn. Nú er hins vegar talið, að þessi mismunur sé ekki lengur fyrir hendi og því eðlilegt að jafna þessi gjöld. Til viðbótar þessu er um breytingu að ræða frá því, sem var í brbl. og fyrri ákvæðum, að útflutningsgjald af söltuðum grásleppuhrognum verði nú 6% af fob-verði í stað magngjaldsins áður. Stjórn tryggingasjóðsins telur, að útflutningsgjald af söltuðum grásleppuhrognum hafi verið óeðlilega lágt miðað við þau útgjöld, sem sjóðurinn hefur vegna þeirra báta, sem grásleppuveiðarnar stunda.

Eins og fram kemur í nál. frá sjútvn., hefur n. athugað mál þetta og sent það til umsagnar. Það

hefur komið fram, að þær breytingar, sem hér er lagt til, að gerðar verði á frv. því, sem fyrir liggur, eiga rætur sínar að rekja til samkomulags, sem gert var milli aðila, og á þeim forsendum hefur verðlagsráð sjávarútvegsins lagt þau gjöld, sem í frv. felast, að viðbættu því, sem fram kemur í brtt. n. á þskj. 365 og 375, til grundvallar við verðákvörðun á fiski, sem einróma var ákveðin af hendi verðlagsráðsins fyrir síðustu áramót. Í brtt. n., eins og fram kemur á þskj. 365 og 375, er lagt til í fyrsta lagi, að magngjaldið hækki úr 1500 kr., eins og það er í frv., í 1900 kr. Þá leggur n. til, að saltsíld falli undir 6% gjaldaflokkinn í stað 8%, og umbúðafrádrátturinn verði 500 kr. miðað við 100 kg innihalds í stað 300 kr., og að dómi n. er hér um hliðstæða leiðréttingu að ræða og lagt er til um saltfiskinn. Að lokum er, eins og fram kemur á þskj. 375, lagt til, að l. taki gildi þegar, en ákvæði l. gildi hins vegar frá 1. jan. 1971.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um mál þetta, en vænti þess, að till. n. verði samþykktar og frv., þannig breyttu, vísað til 3. umr.

ATKVGR.
Brtt. 365 samþ. með 12 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 375 (ný 2. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 377).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 48. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 49. og 50. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Nd., s. d., var frv. enn tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til sjútvn. með 29 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 377, n. 455, 460).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir, er flutt til staðfestingar á brbl. nr. 73 frá 1. júní 1970, en með þeim brbl. var útflutningsgjald af freðfiskflökum og öðrum afurðum samkv. 1. tölul. 2. gr. hækkað úr 1360 kr. í 1500 kr. á tonn. Þá var gjald samkv. 2. tölul. hækkað úr 3% í 4% af fob-verði frá 1. jan. 1971, og frá sama tíma var heimilað að draga frá fob-verðmæti saltsíldar vegna umbúðakostnaðar kr. 300 fyrir hver 100 kg innihalds. Með þessu frv., eins og það lá upphaflega fyrir hv. Ed., var gert ráð fyrir þeirri breytingu frá brbl. og áður gildandi ákvæðum, að útflutningsgjald af óverkuðum saltfiski lækki og verði magngjald eins og af freðfiski í stað 7% gjalds af fob-verðmæti. Jafnframt hækki magngjald úr 1500 kr. í 1900 kr. á lest. Talið er, að með þessari breytingu ættu útflutningsgjöldin í heild að hækka lítillega að krónutölu, en þó um mun lægra hlutfall en nemur hækkun á verðlagi afurða.

Þegar útflutningsgjöld voru ákveðin með l. nr. 79 31. des. 1968, að afstaðinni gengisbreytingu, var höfð hliðsjón af því, að saltfiskframleiðsla var talin búa við hagstæðari rekstrarskilyrði en freðfiskvinnsla. Á þeim grundvelli var útflutningsgjald af saltfiski ákveðið mun hærra en gjald af freðfiski. Þessi munur er ekki talinn vera fyrir hendi nú og því eðlilegt að jafna gjöldin.

Önnur breyting frá brbl. og fyrri ákvæðum er sú, að útflutningsgjald af söltuðum grásleppuhrognum verður nú 6% af fob-verði. Hækkar það um 1.7% miðað við 1500 kr. á tonn í magngjald áður. Útflutningsgjöld af grásleppuhrognum hafa verið lág miðað við útgjöld Tryggingasjóðs vegna báta, sem stunda grásleppuveiðar, en auk þess er breytingunni ætlað að stuðla að frekari vinnslu hrognanna innanlands, þ. e. a. s. niðurlagningu. Sú atvinnugrein er talin geta átt mikla framtíð, en á við að etja harða samkeppni af hálfu erlendra aðila, sem vinna úr íslenzku hráefni.

Ég vil enn fremur geta þess, til viðbótar við það, sem ég hef nú rakið, að í meðferð hv. Ed. á þessu máli var gerð sú breyting, að saltsíld, sem áður hafði verið í 8% gjaldflokki, var færð í 6% gjaldflokk, og í stað þess, að áður hafði verið gert ráð fyrir, að draga mætti frá vegna umbúðakostnaðar saltsíldar 300 kr. á tunnu, var sú tala í meðförum Ed. hækkuð í 500 kr. á tunnu. Ég vil enn fremur leyfa mér að rifja upp, hvernig gjald, sem á er lagt samkv. þessum l., skiptist eða til hvaða þarfa útvegsins það rennur. Í fyrsta lagi fara til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa samkv. reglum, sem sjútvrh. setur, 80%. Í öðru lagi til Fiskveiðasjóðs 12.7%. Í þriðja lagi til Fiskimálasjóðs 3.5%. Í fjórða lagi til byggingar haf- og fiskirannsóknarskips 2%. Í fimmta lagi til bygginga Rannsóknastofnunar sjávarútvegsins 0.8%, og í sjötta lagi til Landssambands ísl. útvegsmanna 0.5% og í sjöunda lagi til samtaka sjómanna samkv. reglum, sem sjútvrn. setur, 5%. Það er á þessari upptalningu auðsætt, að þetta gjald er með nokkuð sérstökum hætti. Meginpartur af því, eða þau 80%, sem renna til þess að greiða tryggingagjöld fiskiskipa, eru á lögð samkv. óskum frá útvegsmönnum, sem hafa viljað hafa þann hátt á greiðslu tryggingagjalda af

fiskiskipum, að gjald til þess að standa undir þeim væri tekið sem útflutningsgjald. Að öðru leyti sést af upptalningunni, að allt, sem þetta gjald gefur, rennur í einu eða öðru formi til þarfa sjávarútvegsins sjálfs.

Herra forseti. Sjútvn. hefur kynnt sér þetta frv. og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess, en einstakir nm. hafa þó áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. Ég vil láta það koma fram, að vegna þess, hve stór hluti af gjaldi þessu rennur til Tryggingasjóðs fiskiskipa, fékk n. á sinn fund forstjóra sjóðsins, Jón Erling Þorlákssón, og fékk hjá honum upplýsingar um stöðu sjóðsins. Þær upplýsingar sýna, að á s. l. ári hafa tekjur og gjöld sjóðsins í fyrsta skipti staðizt á, eða því sem næst. En þegar rakið er aftur til ársins 1966, byrjaði þessi sjóður á þann veg, að tekjur hans voru um 6 mánuðum á eftir gjöldunum, og sá hali hefur að staðaldri haldizt hjá sjóðnum og heldur farið vaxandi. Samkv. því, sem forstjóri sjóðsins upplýsti sjútvn. um, svarar þessi hali nú til 7 mánaða mismunar tekna og gjalda. Ástæðan til þess að brbl., sem vitnað var til hér áðan, voru sett, er einmitt sú, að það þótti ástæða til að gera ráðstafanir til að bæta nokkuð hag þessa sjóðs. Ég vil geta þess út af framkominni brtt. frá hv. 4. þm. Austf., að það hefur verið nokkuð til umr. hjá sjútvn. að undanþiggja niðursoðnar og niðurlagðar vörur algerlega þessu gjaldi. Á móti því mælir sú röksemd, þótt menn séu í sjálfu sér hlynntir því að stuðla að eflingu þess iðnaðar, að þetta gjald er, eins og ég áðan sagði, á lagt til þess að standa fyrst og fremst undir greiðslu á tryggingagjöldum fiskiskipa. Þess vegna mætti segja, ef einhver ein grein sjávarútvegsins væri algerlega undanþegin gjaldinu, að þá greiddu þeir bátar, sem veiða fyrir þá framleiðslugrein, engin tryggingagjöld. Ég hef þess vegna fyrir mitt leyti ekki viljað taka undir þessa tillögu, en það stendur þannig á, að sjútvn. hefur til meðferðar annað frv., þ. e. frv. um Aflatryggingasjóð, þar sem gert er ráð fyrir tvenns konar útflutningsgjaldi. Það er í fyrsta lagi 1.4% útflutningsgjald á fob-verðmæti sjávarafurða, sem rennur í Aflatryggingasjóð sjálfan, og í öðru lagi 1.5% útflutningsgjald, sem rennur í svokallaða áhafnadeild Aflatryggingasjóðs. En segja má, að áhafnadeildin sé svipað fyrirbrigði eins og tryggingasjóðurinn. Þar er um það að ræða, að teknar eru af útveginum í heild miklar upphæðir til þess að standa undir ákveðnum hlutum, þ. e. a. s. fæðiskostnaði sjómanna, eða þeim hluta af fæðiskostnaði, sem útvegsmenn hafa skuldbundið sig til að greiða. Ég hef í sambandi við þessi tvenn gjöld gert á því athugun, að það geti komið til greina hvað þau snertir að taka tillit til niðursuðu og niðurlagningar þannig, að álagningu gagnvart þeirri starfsemi verði hagað þannig, að gjöldin til Aflatryggingasjóðs og áhafnadeildar verði ekki hærri en svarar því magngjaldi, sem greitt er til Tryggingasjóðs fiskiskipa og þeirra annarra aðila, sem þess gjalds eru aðnjótandi. Það er mun vægara gjald en prósentugjöldin til Aflatryggingasjóðs og áhafnadeildar, sem samanlagt nema 2¾ úr prósentu. Með tilliti til þessa treysti ég mér ekki fyrir mitt leyti til þess að mæla með fram kominni brtt. hv. 4. þm. Austf., en ég mun, eins og ég hef þegar sagt, taka þetta mál upp í sambandi við Aflatryggingasjóð og áhafnadeildina.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, fyrir hönd sjútvn. að mæla með samþykkt frv.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. sjútvn. á þskj. 455 með almennum fyrirvara eða áskilið mér rétt til þess að flytja eða styðja brtt. Meginástæðan fyrir þessum fyrirvara mínum er sú, sem hér hefur komið fram á Alþ. æði oft áður, þegar þessi mál hafa verið rædd, að ég er andvígur því kerfi, sem hér er um að ræða, og þar af leiðandi meginstofni þeirra útflutningsgjalda, sem þetta frv. fjallar um. Ég álít, að það eigi að stefna að því að lækka útflutningsgjöldin á sjávarafurðum mjög verulega frá því, sem nú er, og það eigi að leggja niður þetta almenna vátryggingakerfi, sem nú er byggt upp með þeim hætti, að fiskiskipin greiða gjöld til þessa tryggingakerfis í hlutfalli við framleiðslumagn sitt eða verðmætaöflun. Ég álít, að þetta kerfi sé á margan hátt óeðlilegt og óæskilegt og skoðun mín í þeim efnum hefur sem sagt ekki breytzt frá því, sem hér hefur komið fram áður. Það er orðið býsna athyglisvert að taka eftir því, að útflutningsgjöld á sjávarafurðum munu nú vera farin að nálgast 800—900 millj. kr. á ári. Þau 80% af útflutningsgjaldinu sjálfu, sem renna til vátryggingakerfisins, munu nema á þessu ári samkv. áætlun 357 millj. kr. En þar er sem sagt aðeins um að ræða 80% af þessu svo nefnda útflutningsgjaldi, en til viðbótar við það koma svo önnur útflutningsgjöld, sem heita öðrum nöfnum, eins og sérstök útflutningsgjöld til Aflatryggingasjóðs og áhafnadeildar Aflatryggingasjóðs, en til þeirra aðila munu renna gjöld, sem nema í kringum 300—400 millj. kr. á ári eins og nú er komið. Það er mín skoðun, að þessi háttur með útflutningsgjöldin sé rangur og það beri að losa sig við þetta. En nú er yfirleitt enn stefnt í öfuga átt, því að enn er verið að hækka þessi gjöld, og það er alveg greinilegt, að öll tilhneiging er sú, að þetta hækki svo að segja frá ári til árs. Kerfin eru þannig uppbyggð, að þau munu gjarnan kalla á það.

Það er býsna athyglisvert líka í sambandi við þetta frv., sem er í rauninni staðfesting á brbl., sem gefin voru út á s. l. ári, að þá voru sett brbl., sem miðuðu að því að hækka útflutningsgjaldið á sjávarafurðum, vegna þess að það væri fyrirsjáanlegur halli, en í ljós kemur, að einmitt þetta ár, árið 1970, er eina árið, sem þetta tryggingakerfi hefur jafnmiklar tekjur og útgjöld. En samt er þotið til að setja brbl. til þess að hækka útflutningsgjaldið og það á þeim tíma, sem verðmæti útflutningsins fór bæði vaxandi og einnig jókst að verðmætum. Ég tel því, að það hafi ekki verið bein þörf á því að setja þessi brbl., en hitt er hins vegar rétt, að það kom

vitanlega til mála að gera vissar breytingar á l., koma þar fram ýmsum lagfæringum, sem ég tel, að felist þó í þessu frv. eins og það kemur nú frá Ed. og frá sjútvn. þessarar d. Í frv. felst þó leiðrétting í nokkrum gr., sem nauðsynlegt var að vinna að.

Ég hafði flutt hér brtt. við frv. á þskj. 460, þar sem ráð var fyrir því gert að fella niður útflutningsgjöld með öllu á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum. Ég tel, að þar sé um slíka framleiðslu að ræða, að það sé full ástæða til þess að undanþiggja hana þessum gjöldum. Þessi framleiðsla er ung að árum hér og reynsla er heldur lítil. Hér er yfirleitt um nýgræðing að ræða í okkar framleiðslukerfi, og það mun yfirleitt standa glöggt, eins og oft vill verða með þá, sem eru að byrja og verða að glíma við margvíslega byrjunarerfiðleika, að það stendur svo glöggt, að við sjálft liggur, að verksmiðjurnar séu ekki reknar með fullum afköstum og sumar hverjar eru það alls ekki. Ég tel því, að það sé full ástæða til þess að hlífa þessari framleiðslu við þessum sérstöku útflutningsgjöldum. En þar sem það liggur fyrir, eins og hér kom fram hjá frsm. sjútvn., að n. hefur enn til athugunar að létta með einum eða öðrum hætti útflutningsgjöldum af þessari framleiðslu, t. d. að lækka þau gjöld, sem renna til Aflatryggingasjóðs og áhafnadeildar, þá mun ég draga aftur þessa till. mína á meðan málið er í athugun hjá sjútvn. En ég tel, að það sé full þörf á því að draga úr skattlagningu á þessari framleiðslugrein.

Ég get því stutt fyrir mitt leyti þær leiðréttingar, sem ég tel, að felist í þessu frv. frá því, sem verið hefur, en er andvígur allri hækkun á þessum gjöldum og er andvígur þessu kerfi sem heild.

ATKVGR.
Brtt. 460 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 61. fundi í Nd., 15. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 377, 460).
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 63. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til frh. 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 64. fundi í Nd., 18. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 460 tekin aftur.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 575).

23. Útflutningsmiðstöð iðnaðarins.

Á 24. fundi í Nd., 26. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um Útflutningsmiðstöð iðnaðarins [155. mál] (stjfrv., A. 193).

Á 25. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 26. fundi í Nd., 2. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. þetta til l. um Útflutningsmiðstöð iðnaðarins hefur átt nokkurn aðdraganda og þarf ég ekki nema að litlu leyti að árétta það, sem gerð er grein fyrir um það atriði í aths. við lagafrv. Iðnaðurinn hefur í æ ríkara mæli verið að hasla sér völl á útflutningssviðinu á undanförnum árum eða stefnt að því, og iðnþróunarráð skipaði 1968 n., útflutningsnefnd, til að huga að möguleikum til aukins útflutnings og í framhaldi af niðurstöðum þeirrar n. voru svo skipaðar tvær n. af hálfu rn. til þess að vinna að auknum útflutningi úr íslenzkum hráefnum, skinnum og ull og öðru slíku og einnig í sambandi eða í tengslum við sjávarútveginn. Allt var þetta hugsað sem byrjun og bráðabirgðaráðstafanir, en á sama tíma hafði einnig Félag ísl. iðnrekenda frumkvæði um það að setja upp útflutningsskrifstofu, sem unnið hefur að sýningum á íslenzkum iðnvarningi erlendis í samvinnu við ýmsa aðila og að því að greiða fyrir auknum útflutningi. Þegar sú skrifstofa var sett á laggirnar 1968, hlaut hún nokkurn styrk af opinberu fé eins og kunnugt er, og er ætlað fé til hennar á þessu ári um 3 millj. kr., opinbert fé á fjárl., og gert ráð fyrir í fjárl. fyrir 1971, að hún fái nokkurn styrk, en á því ári mundi væntanlega geta komið til þess, að þessi útflutningsmiðstöð yrði sett á laggirnar, þá mundu þessar tvær stofnanir renna saman. Það var sameiginleg skoðun ríkisstj. og fulltrúa iðnrekstursins, að það væri eðlilegt í upphafi að veita nokkurn opinberan stuðning við slíka starfsemi, en hins vegar bæri að stefna að því, að hún gæti staðið undir sér sjálf, bæði af útflutningi iðnaðarvarnings, þegar hann færi að eflast og fyrir þá þjónustu, sem slík stofnun léti aðilum í té. Það er gerð grein fyrir því í grg., að frá því í marzmánuði s. l. hafi verið unnið að undirbúningi þessa frv. og það var með samvinnu við Félag ísl. iðnrekenda og þá deild Sambandsins, sem hefur með iðnvarning og sölu að gera á því sviði, og svo í samvinnu við þau rn., sem hér koma helzt til greina, en það er iðnrn., viðskrn. og utanrrn.

Það er gert ráð fyrir, að hér sé um sjálfstæða stofnun að ræða og að henni standi þessir aðilar, sem ég nú hef vikið að, ásamt með tveimur rn., viðskrn. og iðnrn. Í 3. gr. frv. er nánar gerð grein fyrir hlutverki slíkrar útflutningsmiðstöðvar, sem er fyrst og fremst að efla útflutning íslenzks iðnaðarvarnings og veita honum fyrirgreiðslu með því m.

a., sem þar segir og er talið upp í 6 töluliðum, sem ég skal ekki rekja nú. Það má segja, að við þátttöku okkar í Fríverzlunarbandalaginu kunni að skapast tímamót á því sviði að auka útflutning iðnvarnings. Það er að vísu rétt og ég hef orðið var við það, að mönnum finnst, að það hafi ekki orðið nógu mikil þáttaskil eða stökkbreytingar á þessu sviði, en allt tekur þetta sinn tíma, t. d. að vinna erlenda markaði, en á mörgum sviðum hefur verið að þessu unnið að undanförnu, en ég held, að engum blöðum sé um það að fletta, að með stofnun slíkrar útflutningsmiðstöðvar geti skilað verulega áleiðis í þessu efni til aukins styrks fyrir þessa atvinnugrein, sem okkur er mjög þýðingarmikið að geta eflt og hefur verið á ýmsan hátt efld, eins og t. d. með löggjöf frá s. l. Alþ., bæði stofnun iðnþróunarsjóðsins og laganna um útflutningssjóð iðnaðarins og eins samkeppnislán o. fl., sem hv. þm. er gerkunnugt um. Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að þessu máli verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til iðnn. með 23 shlj. atkv.

Á 49. og 50. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Nd., s. d., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 193, n. 361).

Frsm. (Sigurður Ingimundarson): Herra forseti. Iðnn. hv. d. hefur haft þetta mál til athugunar. Kjarni frv. er sá, að stofna skal Útflutningsmiðstöð iðnaðarins, sem stuðla skal að auknum útflutningi iðnaðarvara. Að stofnuninni er fyrirhugað að standi Félag ísl. iðnrekenda, Landssamband iðnaðarmanna, Samband ísl. samvinnufélaga, viðskiptaráðuneytið og iðnaðarráðuneytið. Flestir eru sammála um það, að skjóta beri fleiri og sterkari stoðum undir íslenzkt atvinnulíf til þess að taka við þeirri fjölgun, sem stöðugt bætist við á vinnumarkaðinn. Í því sambandi gera menn sér mestar vonir um aukningu iðnaðarins, ekki aðeins til heimabrúks eða heimamarkaðs, heldur og ekki síður til útflutnings og gjaldeyrisöflunar. Kunnugt er, að ef koma á upp útflutningsiðnaði, þá er salan á hinn erlenda markað erfiðasti hjallinn. Það er ekki hinn tæknilegi útbúnaður eða framleiðslan, heldur einmitt salan á hinn erlenda markað. Það er erfitt og jafnvel vonlítið fyrir litla og dreifða framleiðendur að koma vöru sinni og nýjum vörumerkjum á erlendan markað og a. m. k. kostar það allt of mikið miðað við þá framleiðslu, sem um er að ræða. Og þetta á við, jafnvel þó að um góða og samkeppnishæfa framleiðslu sé að ræða. Þess skal getið, að á árinu 1968 var komið á fót útflutningsskrifstofu innan vébanda íslenzkra iðnrekenda og starfaði hún nokkuð með stuðningi ríkisins og má segja, að hún hafi gefið mjög góða raun miðað við rekstursaðstæður, en fjárhagsaðstæður voru erfiðar, þó að styrkir hafi síðar farið vaxandi og verið 3 millj. kr. á s. l. ári, og var sú hækkun liður í ráðstöfun ríkisstj. til þess að nýta þá möguleika, sem sköpuðust með EFTA-samningunum.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, miðar að stórfelldri eflingu á þessari starfsemi og sameiningu fleiri aðila en áður var og verður að teljast hið þarfasta mál. Hvort tveggja er, að fleiri aðilar standa að fyrirhugaðri útflutningsmiðstöð en stóðu að útflutningsskrifstofu iðnrekenda og eins hitt, að vænta má þess, að fjárhagur stofnunarinnar verði líka rýmri. Útflutningsskrifstofan hefur þegar unnið mikilvægt brautryðjandastarf og má því vænta þess, að fyrirhuguð efling starfseminnar skapi skjótan og góðan árangur.

Iðnn. leggur samhljóða til, að frv. verði samþ. og vísað til 3. umr. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 53. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 54. fundi í Ed., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. þetta til l. um Útflutningsmiðstöð iðnaðarins hefur nú hlotið afgreiðslu í Nd., og það hefur verið mjög ánægjulegt, að það hefur verið góð samstaða um afgreiðslu málsins. Ég tel ekki, að ég þurfi að hafa mörg orð um frv. hér og sízt af öllu að endurtaka það, sem er í grg., þar sem gerð er nákvæmlega grein fyrir því, sem á undanförnum árum hefur verið að því unnið að efla hér útflutningsiðnað og aðstöðu til útflutningsiðnaðar og hafa nokkur mið af fyrirkomulagi nágrannaþjóða okkar í því sambandi. Og það var einmitt í framhaldi af slíkri viðleitni iðnrn. í samráði við iðnþróunarráðið og samtök, sem að því standa, að nokkrir menn voru fengnir til þess að gera uppköst að því frv., sem hér liggur fyrir, þeir, sem taldir eru í grg. og eru frá iðnrekendum, Sambandi ísl. samvinnufélaga og rn., sem mundu aðallega eiga hér hlut að máli, utanrrn., viðskrn. og iðnrn.

Megintilgangurinn er að koma upp útflutnings-

miðstöð, eins og segir þar í 1. gr., og síðan er í 3. gr. tíundað hlutverk þessarar útflutningsmiðstöðvar. Það er að verulegu leyti, má segja, í líkingu við það, sem tíðkast bæði hjá Dönum og Norðmönnum, og segja má, að það sé framhald einnig af tilraunum iðnrekenda með sína útflutningsskrifstofu, sem studd hefur verið af opinberu fé nú 2—3 síðustu árin og hefur, að ég hygg, gefið góða raun. En hér er um víðtækari starfsemi að ræða og almennari samvinnu á milli aðila, bæði Félags ísl. iðnrekenda og Sambands ísl. samvinnufélaga í þessari samvinnu við rn., sem þarna er gert ráð fyrir. Það er gert ráð fyrir því í 5. gr., að kostnaður af rekstri Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins skuli greiðast fyrst um sinn af árlegri fjárveitingu ríkissjóðs og framlagi annarra stofnenda. Ég get sagt, að í aðalatriðum er hugsunin á bak við þetta sú, að við höfum verið yfirleitt sammála um það, að fyrst í stað þurfi að gefa slíkri stofnun nokkra uppbyggingu frá opinberri hálfu til þess að komast í gang, en það er, held ég, sameiginlegt álit okkar allra, sem unnið höfum að þessum málum og tilgreindir eru í grg., að síðar beri að stefna að því, að hún sem sjálfstæð stofnun geti borið sinn kostnað af þjónustugjöldum, sem til hennar eru greidd, og þá e. t. v. af útflutningsgjöldum frá iðnaðinum, þegar hann væri orðinn einhvers megnugur.

Þetta eru, að ég hygg, meginatriðin í þessum málum og það hafa reyndar komið fram till. frá þm. úr öðrum flokkum um einhverja svipaða eflingu eða stuðning við iðnaðinn eins og uppbyggingu útflutningsmiðstöðvar og ég leyfi mér þess vegna að vænta þess, að um þetta verði lítill ágreiningur eða enginn helzt hér í þessari d. Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta, en vænti þess, að hv. iðnn., sem ég legg til, að málið fari til, reyni eftir föngum að hraða afgreiðslu þess, þar sem verulega er liðið á þingtímann, og leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að málinu verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til iðnn. með 11 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 193, n. 506).

Frsm. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Frv. til laga um Útflutningsmiðstöð iðnaðarins, 155. mál Nd., hefur verið til athugunar í iðnn. Á þskj. 506 skilar n. samhljóða jákvæðu áliti um frv. og mælir með samþykkt þess. Sama var einnig raunin í Nd. Frv. þetta er flutt af hæstv. ríkisstj., en samið af n. 8 manna undir forustu ráðuneytisstjóra iðnrn., Árna Snævarr. Árið 1968 ákvað stjórn Félags ísl. iðnrekenda að stofna til skrifstofu innan vébanda félagsins til fyrirgreiðslu fyrir félagsmenn, sem hyggja á útflutning iðnaðarvarnings í kjölfar EFTA-aðildar. Af ríkisins hálfu hefur nokkur styrkur verið veittur til þessarar starfsemi á árinu 1969, 1 millj. á fjárlögum, en s. l. ár 3 millj. Samkvæmt þessu lagafrv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að stofnað verði til sjálfstæðrar stofnunar, útflutningsmiðstöðvar, með þeim aðilum, er hefðu áhuga fyrir áframhaldandi starfi til eflingar útflutningi íslenzks iðnaðarvarnings, þ. e. Félagi ísl. iðnrekenda, Landssambandi iðnaðarmanna, Sambandi ísl. samvinnufélaga, iðnaðardeild, auk opinberra aðila, þ. e. viðskipta- og iðnaðarráðuneytisins fyrir hönd íslenzka ríkisins. Gengið er út frá, að Félag ísl. iðnrekenda leggi niður sína útflutningsskrifstofu, en hún gangi inn í þessa nýju stofnun með reynslu þá, sem fengizt hefur til þessa.

Samkv. 3. gr. frv. er hlutverk Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins að kynna íslenzkan iðnvarning á erlendum vettvangi, að framkvæma markaðsathuganir erlendis fyrir iðnfyrirtæki á Íslandi, að leiðbeina iðnfyrirtækjum um útflutning, að skipuleggja sameiginlega útflutningsstarfsemi iðnfyrirtækja og að annast milligöngu um sölu á iðnaðarvörum erlendis.

4. gr. frv. kveður á um stjórn stofnunarinnar, sem skipuð skal sex mönnum, völdum til 4 ára, tveim tilnefndum af Félagi ísl. iðnrekenda, en einum af hverjum þessara aðila: Landssambandi iðnaðarmanna, Sambandi ísl. samvinnufélaga, viðskrh. og iðnrh. Samkvæmt sömu grein er gert ráð fyrir, að iðnrh. skipi formann og varaformann úr hópi Félags ísl. iðnrekenda. Þetta var nokkuð rætt í iðnn., en að athuguðu máli þótti þessi háttur á formanns- og varaformannskjöri ekki óeðlilegur með tilliti til þess, að þessi samtök ákveða að leggja alla sína útflutningsstarfsemi undir þessa stofnun. Landssamband iðnaðarmanna hefur hins vegar minni hagsmuna að gæta vegna meðlima sinna, hvað útflutning snertir, og gert er ráð fyrir, að Samband ísl. samvinnufélaga, iðnaðardeild, haldi áfram því starfi, sem þar hefur verið unnið til markaðskönnunar og sölu á íslenzkum iðnaðarvarningi á erlendum mörkuðum. Hins vegar eru þessir aðilar einnig með í þessu samstarfi.

Samkv. 5. gr. er gengið út frá því, að þessari starfsemi sé haldið uppi með fjárveitingu frá ríkissjóði og framlagi þeirra, sem að útflutningsmiðstöðinni standa. Einnig er gert ráð fyrir, að þeir aðilar, sem notfæra sér starfsemi stofnunarinnar, greiði þóknun fyrir störfin. Því ber að fagna, hversu góð samstaða hefur náðst um þetta mikilsverða mál, og væntir iðnn., að það fái góðar undirtektir í þessari hæstv. þd., svo að það verði að lögum á yfirstandandi þingi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

2.—7. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 584).

24. Alþjóðasamningur um stjórnmálasamband.

Á 3. fundi í Nd., 19. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórnmálasamband [38. mál] (stjfrv., A. 38).

Á 5. fundi í Nd., 26. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt til staðfestingar á alþjóðasamningi um stjórnmálasamband. Hjá Sameinuðu þjóðunum á allsherjarþinginu 1952, sem var ekki 14., heldur 7. þing — allsherjarþing — Sameinuðu þjóðanna, — ég bið menn að leiðrétta þá prentvillu, sem er í grg. frv., að það er ekki 14. allsherjarþingið, sem þarna var að störfum, heldur 7. — var samþ. ályktun um að fela þjóðréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna að skrásetja reglur þjóðréttarins um stjórnmálasamband ríkja. N. gekk frá frumdrögum að alþjóðasamningi um þetta efni árið 1957 og sendi þau aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna til umsagnar. Síðan endurskoðaði n. frumdrög sín í ljósi aths. þeirra, sem bárust. Árið 1959 tók svo allsherjarþingið þetta mál aftur upp á 14. þinginu og þar var ákveðið að kveðja saman alþjóðaráðstefnu í Vínarborg til að fjalla um málið. Ráðstefnan var haldin 1961 og þar voru mættir fulltrúar frá 81 ríki og gengið frá með shlj. atkv. samningi um þessi mál. Einnig voru þar samþykktar tvær bókanir við samninginn, þ. e. um öflun ríkisborgararéttar og kjörfrjáls bókun varðandi skyldubundna lausn deilumála, sem upp kynnu að koma um skilning á samningnum. Þessi samningur gekk í gildi 24. apríl 1964, þegar 22 ríki höfðu gerzt aðilar. En nú eru 92 ríki orðin aðilar að samningnum og utanrrn. telur, að Ísland geti varla lengur staðið þar fyrir utan og leggur þess vegna til, að þessi samningur verði samþykktur hér á Alþ.

Samningurinn sjálfur hefur ekki að efni til inni að halda mörg sérstök nýmæli, heldur eru þar tekin saman í eina heild þau ákvæði gömul, sem í gildi hafa verið, og sá venjuréttur, sem skapazt hefur við framkvæmd þessara mála. Samningurinn er frá orði til orðs prentaður sem fskj. við frv. og sömuleiðis þær tvær bókanir, sem ég gat um hér áður. Þessi samningur og bókanirnar eru hér prentaðar sem fskj. bæði á íslenzku og ensku, þannig að hv. alþm. geta séð þar, hvað þetta er allt, sem snertir málið, og ég tel óþarfa að rekja samninginn í heild, því að eins og ég segi, það eru ekki í honum nein nýmæli að heitið geti, en aðeins þeim ákvæðum, sem í gildi hafa verið, þjappað þar saman í eina heild og gerð að sérstökum samningi.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að ræða frv. frekar, en það er sá hængur á, að þetta frv. á náttúrlega heima í utanrmn. til meðferðar, en hún er ekki hér til í þessari hv. d., þannig að ég vildi leyfa mér að leggja til, að málinu yrði að þessari umr. lokinni vísað til allshn. þessarar d., sem síðan hefði svo samráð við utanrmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Nd., 25. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 38, n. 388).

Frsm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Þetta frv. til laga, sem er 38. mál Alþ., hefur legið fyrir allshn. deildarinnar alllengi og n. leitaði umsagnar utanrmn. um þetta frv., þar sem það er utanríkismál, og utanrmn. mælir eindregið með því, að það verði lögfest eins og það er. Í samræmi við það var það niðurstaða allshn. að leggja til við hv. d., að frv. þetta yrði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 55. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 56. fundi í Ed., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Á 14. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1959 var ákveðið að kveðja saman alþjóðaráðstefnu í Vínarborg til að fjalla um reglur þjóðréttarins um stjórnmálasamband ríkja. Áður höfðu Sameinuðu þjóðirnar árið 1952 samþykkt ályktun um að fela þjóðréttarnefnd samtakanna að skrásetja reglur þjóðréttarins um stjórnmálasamband ríkja. N. gekk frá frumdrögum að samningi og sendi þau út til aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna. Þessi fundur eða

alþjóðaráðstefna, sem haldin var í Vínarborg dagana 2. marz til 14. apríl 1961, samdi uppkast fyrst og síðan ákveðnar tillögur um þetta mál og var það samþykkt svo að segja í einu hljóði, og það er það frv., sem hér liggur fyrir til lögfestingar. Á þessari ráðstefnu í Vínarborg sátu fulltrúar frá 81 ríki og voru, eins og ég sagði, nokkurn veginn sammála um, hvað í þessum samningi skyldi felast. Samningurinn ásamt tveimur bókunum, sem honum fylgdu, gekk í gildi 24. apríl 1964, þegar 22 ríki höfðu gerzt aðilar. 92 ríki eru nú aðilar að samningnum. Þessi samningur er allítarlegur og fjallar aðallega um fulltrúa erlendra ríkja utan síns heimalands hjá þeim þjóðum, sem stjórnmálasamband hafa tekið upp. Samningurinn er prentaður hér bæði á íslenzku og ensku og ég tel ekki ástæðu til að fara að rekja hann gr. fyrir gr., því að í þessu fskj. er samningurinn prentaður og hann er mjög ítarlegur og þarf ekki frekari skýringa við. Hann skýrir sig að öllu leyti sjálfur, í fyrsta lagi um það, hvernig stofnað er til stjórnmálasambands á milli ríkja, hver verkefni sendiráðanna skulu vera, hvaða réttindi sendiráðsmenn hafa, hvaða skyldur þeir þurfa að uppfylla og annað þess háttar. Um friðhelgi sendiráðsmanna eru líka æðimargar greinar, og því er lýst, í hverju sú friðhelgi sé fólgin og með hvaða undantekningum. Eins og ég segi, ég sé ekki ástæðu til þess að rekja gr. Þær skýra sig algerlega sjálfar. Ég tel, að það sé æskilegt fyrir Ísland að verða aðili að samningnum og legg eindregið til, að það verði gert. En að lokinni þessari umr. vildi ég leggja til, að málinu yrði vísað til hv. allshn. og 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 38, n. 485).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það til l. um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórnmálasamband, sem hér er til umr., var flutt af ríkisstj. í Nd. Þar var þetta frv. samþ. shlj. Í Ed. var frv. að lokinni 1. umr. vísað til allshn. Í þessu frv., ef samþykkt verður, felst heimild til handa ríkisstj. að gerast aðili fyrir hönd Íslands að alþjóðasamningi um stjórnmálasamband, sem gerður var í Vínarborg 18. apríl 1961, og er samningurinn prentaður sem fskj. með frv., svo og einnig heimild fyrir ríkisstj. til að gerast aðili að viðbótarbókunum með samningnum. Þessi samningur hefur að geyma skrásetningu á reglum þjóðarréttarins varðandi friðhelgi og önnur réttindi sendiráða, sem ríki og þjóðir hafa lengi fylgt samkv. venjurétti. Meginþorri þjóða heims eða ríkja heims er þegar aðili að þessum samningi, þar á meðal Norðurlandaþjóðir. Sú varð niðurstaða allshn. að mæla einróma með því, að þetta frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 585).

---

25. Hótel- og veitingaskóli Íslands.

Á 21. fundi í Sþ., 25. jan., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um Hótel- og veitingaskóla Íslands [187. mál] (stjfrv., A. 309).

Á 39. fundi í Nd., 27. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 40. fundi í Nd., 28. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Lög þau, sem gilda um Matsveina- og veitingaþjónaskólann, eru frá árinu 1947 með smávægilegum breytingum, sem gerðar voru á árinu 1952. Frá því að lögin voru sett, hefur mikil breyting orðið á því sviði, sem skólanum er ætlað að þjóna. Hótelrekstur hefur orðið stóraukin atvinnugrein hér á landi vegna vaxandi þjónustu við erlenda ferðamenn, og í ljós hefur komið, að mikill skortur er á nægilega vel menntuðu eða nægilega sérmenntuðu fólki í hinum ýmsu greinum hótel- og veitingastarfseminnar. Með hliðsjón af þessu þótti orðið tímabært að endurskoða lögin um Matsveina- og veitingaþjónaskólann og fyrst og fremst í því skyni að gera hann að alhliða hótelskóla, gera hann að menntunarstofnun eða skólastofnun, sem mennti menn til starfa í þágu hótelmála og ferðamála.

Þess vegna varð það úr, að menntmrn. skipaði nefnd 4. maí 1970 til þess að endurskoða löggjöfina um skólann og færa hana í það horf, m. ö. o. stækka hlutverk skólans og breikka grundvöll hans. Í nefndina voru skipaðir Tryggvi Þorfinnsson, skólastjóri Matsveina- og veitingaþjónaskólans, Tryggvi Jónsson, sem tilnefndur var af Félagi matreiðslumanna, Jón Maríasson, sem tilnefndur var af Félagi framreiðslumanna, Sigurjón Ragnarsson, sem tilnefndur var af Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda, Óskar Hallgrímsson, formaður iðnfræðsluráðs, og Runólfur Þórarinsson, fulltrúi í

menntmrn., sem jafnframt var formaður nefndarinnar.

Þetta frv. er samið af þessari n. og var hún einhuga um, að skólanum skyldi fengið það verkefni, sem honum er fengið í þessu frv., en auk þess, að skólinn mun fá, ef honum verður breytt samkvæmt þessu frv., þá aðstöðu, að hann geti veitt fræðslu öllu því starfsfólki, sem innir af hendi ýmiss konar þjónustustörf í hótel- og veitingastarfsemi, þar á meðal á farþegaskipum, í flugvélum, og enn fremur matráðskonum. Auk þess er það nýmæli í frv., að starfrækt verði framhaldsdeild, þ. e. meistaraskóli, fyrir framreiðslu- og matreiðslumenn, en til slíks er ekki heimild í núgildandi lögum. Enn fremur er gert ráð fyrir að heimila skólanum með samþykki menntmrn. að veita fræðslu í skyldum greinum matvælaiðnaðar, svo sem brauð- og kökugerð og kjötiðnaði, og væri bót að því að fá þessa heimild. Enn fremur er gert ráð fyrir heimild til handa ráðh. til að ákveða, að skólinn starfræki veitingahús, eða jafnvel hótel af hæfilegri stærð. Hér er auðvitað um kostnaðarsamt fyrirtæki að ræða, en það væri skóla sem þessum ómetanlegt að hafa aðstöðu í eigin veitingahúsi eða eigin hóteli til verklegrar kennslu. Er það því tvímælalaust til bóta, að slík heimild sé fyrir hendi.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. fundi í Nd., 1. febr., var framhaldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til menntmn. með 27 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 309, n. 417).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Á nokkrum s. l. árum hefur orðið mikil aukning á hvers konar gisti- og veitingahúsastarfsemi hér á landi. Stendur þetta að verulegu leyti í sambandi við stóraukinn ferðamannastraum, og er nú flutningur ferðamanna og þjónusta við þá, þ. á m. hin vaxandi hótel- og veitingaþjónastarfsemi, orðin veigamikil atvinnugrein og gjaldeyristekjustofn hér á landi. Undanfarin ár hafa verið reist mörg stór og glæsileg gistihús, svo og mörg minni gistihús og veitingahús víðs vegar um landið, og hafa hundruð manna fengið þar atvinnu. Þessi uppbygging mun hafa tekizt mjög vel, m. a. hefur verið til íslenzkt starfslið menntað til þess að taka við flestum eða öllum störfum á þessu sviði. Ég tel, að þakka megi Matsveina- og veitingaþjónaskólanum að svo hefur verið. Starf hans undanfarin ár hefur leitt til þess, að við vorum við því búnir að auka hótel- og veitingastarfsemi svo ört sem raun ber vitni nú undanfarin ár.

Lög um Matsveina- og veitingaþjónaskólann voru samþykkt á Alþ. árið 1947. Það var þó ekki fyrr en 1949, sem skipuð var fyrsta skólanefnd, og ekki fyrr en 1. nóv. 1955, sem skólinn var settur í fyrsta skipti. Má segja, að það hafi markað tímamót í sögu iðnfræðslu hér á landi, því að Matsveina- og veitingaþjónaskólinn var fyrsti sériðnskólinn, sem stofnaður var í landinu. Á fyrstu árum skólans sóttu hann mjög fáir nemendur, en s. l. 10 ár hefur þetta gerbreytzt, nemendum hefur fjölgað ört og hann hefur menntað og brautskráð mikinn hluta þess fólks, sem stýrir hinum nýju gisti- og veitingahúsum í landinu. Á þessum árum hefur skólinn brautskráð 123 matreiðslumenn, 127 framreiðslumenn, 82 matsveina fyrir fiski- og flutningaskip. Þá hafa verið haldin í skólanum námskeið fyrir framreiðslustúlkur s. l. 3 ár, og hafa 42 þeirra lokið slíkum námskeiðum. Skólinn starfar nú í 3 deildum, matreiðsludeild til sveinsprófs, framreiðsludeild til sveinsprófs og námskeiðsdeild. Nemendur til sveinsprófs sækja skólann þrisvar sinnum í fjóra mánuði. Námskeið fyrir matsveina á fiski- og flutningaskipum standa í 8 mánuði. Námskeið fyrir framreiðslustúlkur standa í 8 vikur. Nú starfa við þennan skóla 3 fastakennarar og 7 stundakennarar. Á núlíðandi kennslutímabili skólans, frá 1. jan. til 30. apríl í ár, eru í 1. bekk 27 nemendur, í 2. bekk 7 nemendur, í 3. bekk 30 nemendur, en á námskeiði fyrir fiskiskipamatsveina eru 24 nemendur.

Ég tel því, að rík ástæða hafi verið til þess að semja og flytja frv. til nýrra laga fyrir þennan skóla, þar sem starfssvið hans er nokkuð fært út og honum ætluð betri aðstaða en hann hefur haft til þessa. Hann hefur verið til húsa í Sjómannaskólanum og búið við mjög þröngan kost, auk þess sem hann hefur þrengt að öðrum skólum, sem eru í því húsi. Nú er verið að koma þessum skóla fyrir í Hótel Esju, og vænti ég, að hann muni fá þar mun betri aðstöðu.

Ég mun ekki rekja frv., sem fyrir liggur, ítarlega, það hefur þegar verið gert við 1. umr., en vil aðeins geta þess á ný, að það gerir ráð fyrir því að auka starfssvið skólans, styrkja og bæta aðstöðu hans á allan hátt. Ég vil þó leyfa mér að taka eitt atriði út úr, 3. gr., um hlutverk skólans, og benda mönnum á það sérstaklega. Þegar talað er um hótel- og veitingaskóla, hafa menn gjarnan í huga hin miklu gistihús fyrir erlenda ferðamenn, en muna þó eftir því, að þarna eru líka menntaðir matsveinar og brytar fyrir fiski- og farskip okkar. En í 6. lið stendur þessi setning: „Enn fremur er skólanum heimilt að starfrækja deild eða efna til námskeiða fyrir matráðskonur.“ Ég veit ekki, hvort menn gera sér ljóst, hversu atvinnuhættir hafa breytzt í þéttbýli á Íslandi og hversu mörg þúsund manns það eru, sem nú fara ekki eða geta ekki farið heim til sín til hádegisverðar, heldur borða á vinnustað, og matstofur hinna stærri fyrirtækja eða hinna stærri

bygginga hér í Reykjavík eru orðnar fyrirferðarmikill og mjög mikilvægur atvinnurekstur. Þeir, sem standa fyrir opinberum stofnunum og stórum einkastofnunum, munu vafalaust gera sér þetta ljóst, og ég vil benda á, að það skiptir miklu máli fyrir líðan og aðstöðu starfsfólksins og þar með vinnu í fyrirtækinu, að þessi starfsemi takist vel. Ég tel því vera mikilvægt, að gert skuli vera ráð fyrir því að mennta ekki aðeins fólk til þess að þjóna hinum gjaldeyrisgefandi erlendu ferðamönnum, heldur einnig til þess að rekstur á matstofum og kaffistofum fyrir vinnandi fólk hér á landi geti orðið sem beztur í framtíðinni og til verði fólk, sem sé til þess menntað að annast þau störf. Í þessu sambandi sakar ekki að skjóta því inn, að einn stærsti markaðurinn fyrir íslenzkan fisk, t. d. í Bandaríkjunum, er ekki á kvöldverðarborðum heimilanna, heldur einmitt í matstofum fyrirtækja og kannske alveg sérstaklega í matstofum skólanna. Það eru hinir stóru kaupendur, sem kaupa fiskblokkirnar íslenzku og nota þær.

Ég mun ekki hafa fleiri orð um þetta frv., herra forseti. Menntmn. hefur fjallað um það og leitað álits frá þeim, sem hún taldi að ættu hlut að máli. Álitsgerðir hafa undantekningalaust verið mjög jákvæðar. Ein eða tvær till. frá Félagi bryta, sem að öðru leyti mælti með frv., eru þess eðlis, að það má ýmist verða við þeim með reglugerð eða ekki var talin ástæða til þess að taka þær upp, t. d. að fjölga í skólanefnd skólans.

Herra forseti. Menntmn. leggur til, að þetta frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 57. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 59. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og var samþ. þar samkvæmt einróma meðmælum hv. menntmn. þeirrar deildar.

Matsveina- og veitingaþjónaskólinn var settur undir menntmrn. árið 1969 með reglugerð, sem sett var samkvæmt lögum um stjórnarráðið. Það hefur komið í ljós, að gildandi löggjöf um Matsveina- og veitingaþjónaskólann er orðin úrelt. Það, sem fyrst og fremst veldur því, er sú staðreynd, að á undanförnum árum hefur veitingaþjónusta stóraukizt hér á landi og hvers konar þjónusta við ferðamenn. Hótelum í landinu hefur fjölgað stórkostlega og hótelhald og ferðamannaþjónusta er að verða í ríkara og ríkara mæli mjög þýðingarmikil atvinnugrein. Það hefur komið í ljós, að Matsveina- og veitingaþjónaskólinn, eins og hann hefur verið skipulagður og starfræktur fram að þessu, getur ekki veitt matsveinum og veitingaþjónum þá menntun, sem nú er talin vera æskileg á þessu sviði. Þess vegna þótti rétt að endurskoða þessi lög, og skipaði menntmrn. í maí s. l. eftirtalda menn til að endurskoða löggjöf um skólann: Tryggva Þorfinnsson, skólastjóra Matsveina- og veitingaþjónaskólans, Tryggva Jónsson, sem tilnefndur var af Félagi matreiðslumanna, Jón Maríasson, sem tilnefndur var af Félagi framreiðslumanna, og Sigurjón Ragnarsson, sem skipaður var samkvæmt tilnefningu Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda, Óskar Hallgrímsson, formann iðnfræðsluráðs og Runólf Þórarinsson, fulltrúa í menntmrn., og var hann jafnframt formaður nefndarinnar.

Hinn 2. des. s. l. skilaði n. áliti, sem hún stóð öll að, og voru till. hennar fluttar í óbreyttu formi í hv. Nd. Í sem fæstum orðum má segja, að meginbreytingin, sem ætlazt er til, að verði á starfsemi skólans, þegar þetta frv. nær fram að ganga, sé sú, að skólanum er veitt aðstaða til þess að geta veitt fræðslu öllu því starfsfólki, sem innir af hendi ýmiss konar þjónustustörf í hótel- og veitingastarfsemi, þ. á m. í farþegaskipum, flugvélum, og enn fremur er mjög mikilsvert nýmæli í þessu frv. Það er það nýmæli, að skólanum er falið að mennta matráðskonur, en þeirri stétt fer mjög fjölgandi hér á landi með vaxandi verkefnum á því sviði, og er nauðsyn á mjög bættri aðstöðu til þess að mennta matráðskonur. Þá er einnig nýmæli um það í frv., að starfræktar verði framhaldsdeildir, eins konar meistaraskóli fyrir framreiðslu- og matreiðslumenn. Þá er þriðja nýmælið í frv., að skólanum er veitt heimild til þess, að fengnu samþykki rn., að veita fræðslu í skyldum greinum matvælaiðnaðar, svo sem brauð- og kökugerð og kjötiðnaði. Höfundar frv. töldu, að það væri mjög æskilegt, að fræðsla í þessum greinum færi fram í einum og sama skóla, þar sem unnt yrði að nota sömu tæki, skólinn þarf hvort eð er á þeim tækjum að halda, sem nauðsynleg eru við slíka kennslu.

Þá er að síðustu rétt að geta þess, sem einnig er nýmæli í frv., að ráðherra er þar veitt heimild til að ákveða, að skólinn starfræki veitingahús og hótel af hæfilegri stærð. Er þetta ákvæði tekið inn til þess að auðvelda skólanum verklega kennslu, en slík kennsla er mjög dýr, nema hægt sé að selja það, sem framleitt er. Þess vegna er talið hagkvæmt, þó að ekki verði það kannske alveg á næstunni, í beinu framhaldi af samþykkt laganna, þá er engu að síður rétt að gera ráð fyrir því, að skólinn geti starfrækt hótel, til þess að verkleg kennsla geti orðið sem ódýrust og haganlegust.

Ég held, að óhætt sé að fullyrða, að þetta frv. horfi til mikilla framfara og bóta í nýrri og mjög mikilvægri atvinnugrein, — atvinnugrein, sem er að vaxa mjög fiskur um hrygg í íslenzkri hótelstarfsemi og þjónustu við innlenda og erlenda ferðamenn. Þess vegna leyfi ég mér að vænta þess, að frv. hljóti góðar móttökur hér í þessari hv. d., eins og það hlaut í hv. Nd., en þar var frv. samþ. shlj. Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að óska þess, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 309, n. 496).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Menntmn. hefur haft þetta frv. til meðferðar, og eins og álit n., sem útbýtt hefur verið, ber með sér, mælir n. með því, að frv. verði samþ., en einn nm., hv. 2. þm. Austf., skrifaði þó undir nál. með fyrirvara.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál, en vísa í því efni til grg. fyrir frv., en tel þó rétt að geta þess, að til viðtals við n. komu samkv. eigin ósk tveir fulltrúar frá Félagi bryta og bentu okkur á, að námskeið þau, sem haldin eru samkv. l. nr. 50 frá 1961 og vitnað er til í 4. lið 3. gr. frv., hefðu ekki verið haldin að undanförnu eða miklir erfiðleikar á því að halda slík námskeið vegna lítillar þátttöku. Við skildum það þannig, að í rauninni væri það ósk brytafélagsins, að þessi ákvæði l. frá 1961 væru afnumin, vegna þess að þau hefðu reynzt ekki framkvæmanleg. N. sá sér að vísu ekki fært að verða við óskum um það, enda hefði nokkuð verið í kringum það mál og áliðið þings að fara að gera till. um breytingu á öðrum lögum. En að sjálfsögðu verður að reyna, — og það held ég, að sé sameiginlegt álit n., — að koma til móts við þetta sjónarmið, eftir því sem unnt er. Ég vil jafnframt vekja athygli á því, að n. sú, sem fjallaði um málið í Nd., taldi, að með reglugerð væri hægt að ákveða lægri tölu þátttakenda en l. frá 1961 gera ráð fyrir eða hingað til hefur verið gert ráð fyrir, þegar þessi námskeið hafa verið haldin, þannig að sú litla þátttaka, sem verið hefur og engin ástæða er til þess að vefengja það, sem brytafélagið segir um þá hluti, yrði því ekki til fyrirstöðu, að námskeiðin yrðu haldin. Ég held, að mér sé óhætt að segja það fyrir hönd n., að hún tekur undir ábendingar menntmn. Nd. varðandi þetta atriði.

Að öðru leyti hefur þetta frv. fengið allrækilegan undirbúning, eins og fram kemur í grg. fyrir frv., þannig að niðurstaða n. hefur verið sú að mæla með samþykkt þess, án þess að hún sem nefnd a. m. k. flytji við það brtt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 586).

---

26. Vatnsveita Vestmannaeyja.

Á 21. fundi í Sþ., 25. jan., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán vegna Vatnsveitu Vestmannaeyja [183. mál] (stjfrv., A. 305).

Á 41. fundi í Ed., 27. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Eins og hv. þdm. er öllum kunnugt, þá hafa Vestmannaeyingar fyrir nokkrum árum ráðizt í það mikla mannvirki að leiða vatn frá landi til Eyja, og er það langsamlega stærsta vatnsveita, sem ráðizt hefur verið í hérlendis og alveg einsdæmi. Af þessum ástæðum hefur þótt vert að veita Vestmannaeyingum aðstoð með ýmsum hætti. Samkvæmt hinum almennu heimildarákvæðum vatnsveitulaga er gert ráð fyrir að veita megi styrk og ábyrgð, er nemi allt að 85% af stofnkostnaði vatnsveitukerfa, og hefur það verið gert í mörgum tilfellum, en þó ekki í sambandi við hin stærri sveitarfélög nema Vestmannaeyjar og Seyðisfjörð, sem einnig lagði í stóra vatnsveitufram kvæmd. Á undanförnum árum hefur verið veittur mjög verulegur styrkur árlega til Vatnsveitu Vestmannaeyja með hliðsjón af því, hvað hér er um geysilegt mannvirki að ræða, og sömuleiðis hafa verið veitt sérstök tollfríðindi í sambandi við leiðsluna til Eyja, þar sem telja má ólíklegt, að það skapi sérstöðu neins staðar annars staðar á landinu. Heimildir þær, sem eru í lögum um ríkisábyrgðir, lúta hinum almennu reglum ríkisábyrgðarlaga og þar sem um einfaldar ábyrgðir er að ræða, gat ekki orðið um að ræða að hagnýta þá ábyrgðarheimild í sambandi við það mál, sem nú liggur fyrir hv. d. En frv. það, sem hér er lagt fram, felur í sér, að ríkisstj. verði heimilt að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á láni að upphæð allt að 60 millj. ísl. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt vegna Vatnsveitu Vestmannaeyja til þess að leggja aðra vatnsleiðslu frá Landeyjasandi til Vestmannaeyja, en það hefur

þegar komið í ljós, að brýna nauðsyn ber til að hraða þeim framkvæmdum, því að sú eina vatnsleiðsla, sem nú liggur til Eyja, nægir ekki til að fullnægja þörfum Eyjabúa. Vestmanneyingar eiga kost á að fá lán, svo sem getið er um í grg. með frv., og þar sem, eins og ég sagði, bæði skortir heimild til þess að ábyrgjast lán þetta sem sjálfskuldarábyrgð og enn fremur óvíst, að það fylgi að öllu leyti hvað greiðsluskilmála snertir þeim almennu reglum, sem krafizt er í sambandi við ríkisábyrgðir, þá þykir nauðsynlegt að fá sérstaka lagaheimild í þessu sambandi.

Ég vil taka það fram til frekari skýringar umfram það, sem segir í grg. frv., að það hefur áður verið heimiluð á Alþ. ríkisábyrgð vegna Vatnsveitu Vestmannaeyja, en sú ríkisábyrgð var aldrei hagnýtt, þannig að sú ábyrgð, sem hér er farið fram á, er þá fyrsta ábyrgðin, sem veitt er Vestmanneyingum í þessu skyni. Eg leyfi mér að vænta þess, að hv. þd. geti fallizt á að veita ábyrgðarheimild þessa, þar sem um svo mikilvæga framkvæmd er að ræða og telja má auk þess ótvírætt, að hér sé ekki um áhættuábyrgð að ræða fyrir ríkissjóð. Tel ég ekki þörf á frekari skýringum um málið, en að sjálfsögðu standa hv. fjhn. til boða frekari upplýsingar um heildarkostnað við þetta mannvirki, ef þess verður óskað, þegar málið verður meðhöndlað í n. En vegna þess að það liggur nokkuð á að taka þetta lán, þá mundi ég vilja óska þess, að hv. fjhn. sæi sér fært að hraða frekar afgreiðslu málsins.

Ég leyfi mér svo að leggja til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 17. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 305, n. 362).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Þar sem svo illa vill til, að frsm. fjhn. í þessu máli er fjarstaddur, vildi ég aðeins segja það á vegum n., að hún hefur haft mál það, sem hér liggur fyrir, heimild til handa ríkisstj. til þess að ábyrgjast lán vegna Vatnsveitu Vestmannaeyja, til meðferðar, og eins og nál. á þskj. 362 ber með sér, mælir n. einróma með samþykkt þess.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 18. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 48. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 49. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Mér þykir hlýða að flytja hæstv. fjmrh. þakkir fyrir flutning þess frv., sem hér liggur fyrir, en eins og fram kemur af 1. gr. þess, þá er það efnislega um heimild til handa ríkisstj. að taka sjálfskuldarábyrgð á láni að upphæð allt að 60 millj. kr. vegna vatnsveituframkvæmda í Vestmannaeyjum. Við afgreiðslu fjárlaga gerði ég í stórum dráttum grein fyrir þessum framkvæmdum og skal ekki fara út í að endurtaka hér aftur það, sem ég sagði þá, en mér þykir rétt að gera hv. þd. grein fyrir fjárhagshlið málsins, þeim lánum, sem tekin hafa verið í sambandi við þessar framkvæmdir, og ástæðunum fyrir því, að nú er farið fram á ríkisábyrgð, og er það í fyrsta sinn, sem það skeður síðan hafizt var handa um þessa framkvæmd.

Um s. l. áramót hafði Vestmannaeyjakaupstaður tekið lán vegna vatnsveituframkvæmdanna samtals að upphæð 83 millj. Þar af voru erlend lán 48.2 millj., en innlend lán 34.8 millj. Eftirstöðvar þessara lána voru þá 76 millj. og höfðu þau því á undanförnum árum verið greidd niður um 7 millj. Ég skal geta þess, að aldrei hefur komið til, að ríkissjóður hafi þurft að taka á sig eða veita ábyrgð fyrir þeim lánum, sem tekin hafa verið, hvorki hinum erlendu lánum né hinum innlendu. Þegar fyrri vatnsleiðslan var keypt til landsins, þá var fengið fyrir henni lán hjá dönsku bankafyrirtæki, og var það gert án ríkisábyrgðar. Þegar samið var í sept. s. l. um kaup á síðari vatnsleiðslunni, að upphæð nálægt 60 millj. ísl. kr., þá lá það einnig fyrir, að kaupstaðurinn átti kost á því að fá lán í Danmörku fyrir þeirri upphæð og þá einnig án ríkisábyrgðar. En það lá einnig fyrir, að vextir voru á þeim tíma og eru reyndar enn mun hærri hjá dönskum lánafyrirtækjum heldur en við áttum kost á hjá Scandinavian Bank í London, en þar var það skilyrði sett, að sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs væri fyrir hendi. Við töldum það mjög eðlilegt — ekki einasta vegna Vestmannaeyjakaupstaðar, heldur einnig þjóðhagslega séð — að taka heldur lánið, þar sem vextirnir voru mun lægri, því að þetta sparar fyrirtækinu í vaxtagreiðslum nær 1½ milljón kr. á ári, a. m. k. fyrstu árin.

Af þeirri ástæðu var farið fram á við ríkisstj., að hún veitti sjálfskuldarábyrgð fyrir allri lánsupphæðinni og hefur hún orðið við þessum tilmælum ráðamanna byggðarlagsins með því frv., sem hér er flutt, ef það nær fram að ganga, eins og ég vona að verði. Þar sem segja má, að hér sé um ríkisábyrgð

fyrir óvenjulega hárri upphæð að ræða fyrir ekki stærra bæjarfélag heldur en Vestmannaeyjar eru, þá hlýtur það kannske að hvarfla að einhverjum, hvort kaupstaðurinn muni verða þess megnugur að standa undir þessu láni. Við höfum heima í héraði að sjálfsögðu gert okkur fulla grein fyrir, hvernig það mætti verða, og teljum sjálfir og höfum trú á því, að ekki komi til þess, að ríkissjóður þurfi að taka á sig neinar kvaðir í sambandi við þessa sjálfskuldarábyrgð. Þegar síðari vatnsleiðslan hefur verið lögð, sem stendur til að gert verði í júlímánuði n. k., þá verður flutningsgeta þeirra tveggja vatnsleiðslna, sem liggja milli lands og Eyja, samtals 6600 tonn á sólarhring. Miðað við aðstæður í dag og miðað við það, sem við gætum gert okkur grein fyrir um þróun byggðarlagsins, — og reiknum við þá að sjálfsögðu með eðlilegri íbúafjölgun og auknum iðnaði — tel ég, að búið sé að ganga svo frá þessum málum hvað leiðslur milli lands og Eyja snertir, að nægja muni næstu 20—30 árin eða allt fram undir næstu aldamót.

Einhverjum kann nú að þykja þetta stangast á við raunveruleikann, að vatnsnotkun verði eftir 20—30 ár ekki meiri en þetta, en þess ber að geta, að ekkert vatn er selt í Vestmannaeyjum nema í gegnum mæli. Við hverja einustu íbúð og við hvert einasta fiskiðjuver, þar sem inntak er frá vatnsveitunni, er einnig vatnsmælir, og verður það án efa til þess að halda niðri allri óeðlilegri vatnsnotkun. Það er komin nokkur reynsla á það, hver vatnsnotkun verður hjá almenningi, þar sem ekki er um annað vatn að ræða. Öll hin nýrri hús í byggðarlaginu eru nú byggð án þess að hafa þar nokkur vatnsból til að taka við regnvatni eins og áður var, og það hefur sýnt sig, að notkun þessara heimila er 200—250 lítrar á mann á sólarhring. Þetta er mjög í samræmi við það, sem við vitum að vatnsveitur hér á Norðurlöndum byggja allar sínar áætlanir á, en auk þess kemur að sjálfsögðu inn vatnsnotkun fiskiðnaðarins. Við fengum einnig á síðasta ári nokkra reynslu af því, að þegar iðnaðurinn komst í hámark í marzmánuði, þar sem bæði var mjög mikið um löndun á loðnu og einnig mikil aflabrögð önnur, þá kom glöggt í ljós, hvað þau fyrirtæki, sem nú eru þar starfandi, þurfa mikið vatn til sinna nota, þegar þau eru með hámarksafköst. En árið 1970 var metafli í Vestmannaeyjum, eins og ég hygg að mörgum sé e. t. v. kunnugt. Vatnsnotkunin reyndist þá vera um 10—11 hundruð tonn á sólarhring til iðnaðarins, þegar mest var, þannig að við teljum, að allar okkar áætlanir um vatnsþörf í framtíðinni séu byggðar á fenginni reynslu og nokkuð traustum grundvelli, og höfum við gert ráð fyrir stærð leiðslnanna í samræmi við það, að í byggðarlaginu haldi íbúum áfram að fjölga og iðnaður vaxi þar.

Ég vil láta það koma fram hér, að ég tel, að bæði fyrir Vestmanneyinga og þjóðfélagið í heild hafi það verið heppilegt, að svo snemma skyldi þó byrjað á þessum framkvæmdum sem raun varð á, því að nú berast til forráðamanna fiskiðnaðarins kröfur erlendis frá um mjög aukið hreinlæti, sem útheimtir að sjálfsögðu meiri vatnsnotkun heldur en nú er. Á Vatnsveita Vestmannaeyja að vera við því búin að þessu leyti að verða við þeim kröfum, sem gerðar verða í framtíðinni um aukið hreinlæti í sambandi við fiskiðnaðinn. Samkvæmt þeim skýrslum, sem Fiskifélag Íslands birtir nú eftir áramótin um heildarfiskmagn landsmanna, sem landað var hérlendis, sýnir það sig, að í Vestmannaeyjum var árið 1970 landað rösklega 25% af heildarmagninu, þannig að það hefur vissulega þjóðfélagslega þýðingu, að aðstaða fiskiðnaðarins sé þar ekki lakari heldur en annars staðar gerist, hvorki varðandi aðgang að nægjanlegu fersku vatni né að ýmsu öðru leyti. Að vísu eru menn ánægðir yfir því, að við þessum tilmælum Vestmanneyinga hefur verið orðið að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir þetta hárri upphæð, eins og frv. gerir ráð fyrir, en ég vil undirstrika það, að það sparar bæði okkur og þjóðfélaginu verulegar vaxtagreiðslur, eins og ég sagði áðan, um 1½ millj. á ári næstu árin.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjhn. með 26 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 305, n. 503).

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft frv. þetta til athugunar, og eins og fram kemur á þskj. 503, þá mælir n. með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 65. fundi í Nd., 19. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 599).

---

27. Iðnfræðsla (stjfrv.).

Á 22. fundi í Nd., 23. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 68/1966, um iðnfræðslu [138. mál] (stjfrv., A. 170).

Á 23., 24. og 25. fundi í Nd., 25., 26. og 30. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., 2. des., var frv. enn tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. eða shlj. frv. þessu var flutt á síðasta þingi af hv. menntmn. þessarar hv. d. að beiðni menntmrn., en þá vannst ekki tími til þess að afgreiða málið. Nú er málið flutt öðru sinni og í þetta skipti sem stjfrv. En málavextir eru þessir:

Með gildandi lögum um iðnfræðslu frá 1966 var m. a. stefnt að því að fækka iðnskólum verulega frá því, sem nú á sér stað eða fækka iðnskólum úr 22 í 10 skóla. Í þessu skyni gera lögin ráð fyrir því, að landið skiptist í 8 skólaumdæmi, sem í meginatriðum falla saman við núverandi kjördæmi landsins, og er gert ráð fyrir einum skóla í hverju umdæmi nema í Suðurlandsumdæmi og Reykjanesumdæmi, þar sem lögin gera ráð fyrir tveimur skólum í hvoru umdæmi. Í lögunum er svo kveðið á, að sveitar- og sýslusjóðir hvers umdæmis greiði sameiginlega stofn- og rekstrarkostnað viðkomandi skóla að hálfu á móti ríkissjóði. Frá því að lögin tóku gildi á árinu 1966 hafa verið gerðar af hálfu menntmrn. ítrekaðar tilraunir til þess að koma á nauðsynlegu samstarfi milli sveitarfélaga um stofnun og rekstur skóla í samræmi við lögin og hafa þessar tilraunir einkum beinzt, eins og eðlilegt er, að þeim skólaumdæmum, þar sem þörfin er ríkust á að koma á fót nýjum skólum, þ. e. a. s. í Reykjanesumdæmi, Austurlandsumdæmi og Norðurlandsumdæmi vestra. En því miður hefur ekki tekizt að koma á því samstarfi milli sveitarfélaga í þessum skólaumdæmum, sem lögin gera ráð fyrir. Þau viðhorf sveitarstjórna, sem hafa valdið því, að þessar tilraunir hafa ekki borið tilætlaðan árangur, eru einkum þrenns konar. Í fyrsta lagi hafa sveitarstjórnir, sem starfrækt hafa iðnskóla á grundvelli áður gildandi laga, reynzt ófúsar til þess að leggja þá skóla niður og taka þátt í stofnun og rekstri í öðru sveitarfélagi, þótt innan sama kjördæmis sé. Í öðru lagi hefur komið í ljós, að innan hinna ýmsu skólaumdæma eru skiptar skoðanir um það, hvar hentugast sé að hafa iðnskólasetur og hafa deilur um þetta komið í veg fyrir nauðsynlegt samstarf um skólana. Og í þriðja lagi hefur þeirra sjónarmiða gætt í ýmsum sveitarstjórnum, sem ekki hafa áður starfrækt skóla af þessu tagi, að þær telja nemendum úr sínu byggðarlagi henta betur að sækja annan skóla en þann, sem staðsettur er í skólaumdæminu, eða vilja a. m. k. hafa valfrelsi í þessum efnum.

Þessi þrjú atriði, sem ég nú hef rakið lauslega, eru meginorsök þess, að ekki hefur tekizt að koma á því samstarfi, sem hin nýju iðnskólalög gera ráð fyrir. Við þetta má raunar bæta því, að ýmsar sveitarstjórnir hafa ekki treyst sér til þess að hefjast handa um framkvæmdir — þó að almennt sé viðurkennt, að þær séu nauðsynlegar — vegna óvissu um hlutdeild annarra sveitarfélaga í kjördæminu eða skólaumdæminu í stofn- og rekstrarkostnaði skólanna. Komið hefur greinilega fram, að hér er um hnút að ræða, sem með einhverju móti verður að höggva á. Þess vegna var það, að menntmrn. fól þeirri n., sem hafði samið iðnskólafrv. upphaflega, fól henni 4. okt. 1969 að athuga, hvort ástæða væri til breytinga á lögunum til þess að úr þessum hnút gæti raknað. Og n. samdi þetta frv. á s. l. vori, sem menntmrn. síðan þegar í stað sendi menntmn. þingsins. N. var einróma þeirrar skoðunar, að það ætti ekki að breyta því grundvallaratriði nýju iðnfræðslulaganna, að iðnskólar skuli vera 10 og ekki fleiri og að ekki heldur skyldi breyta því grundvallaratriði laganna, að einn skóli skyldi vera í hverju umdæmi nema tveir á Suðurlandi og í Reykjanesumdæmi. En til þess að greiða úr þeim hnút, sem hér hefur bundizt, þá stingur n. upp á því, að eitt eða fleiri sveitarfélög geti stofnað og rekið iðnfræðsluskóla í samræmi við ákvæði laganna á þeim stöðum, þar sem skólasetur hefur verið ákveðið, þótt ekki náist samkomulag allra sveitarfélaga, sem aðild ættu að eiga að skólunum. Hins vegar leggur n. til, að lögtekið verði ákvæði um, að þær sveitarstjórnir, sem stofna og reka skóla, þó öll sveitarfélög standi ekki að skólanum, fái greiddan þann kostnað, sem þær verða fyrir vegna skólasóknar nemenda úr sveitarfélögum, sem ekki kjósa að eiga aðild að skólanum. Og er þetta aðalnýmæli þessa frv. N. taldi, að þessu marki mætti ná með þeim hætti, sem hér er gert ráð fyrir í þessu frv., að sveitarstjórnir, sem ekki standa að iðnfræðsluskólum, greiði námsvistargjald vegna þeirra nemenda úr umdæmi sínu, sem þessa skóla sækja, og verði gjaldið við það miðað, að þau sveitarfélög, sem starfrækja skóla, fái greiddan rekstrarkostnað og ekki aðeins rekstrarkostnað vegna nemenda úr öðrum sveitarfélögum, heldur einnig eðlilega hlutdeild í stofnkostnaði þeim, sem lagður er fram af öðrum en ríkinu. Þetta er meginefni þessa frv.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 170, n. 433, 212, 434).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Segja má, að með samþykkt iðnfræðslulaganna 1966 hafi verið mörkuð tímamót í iðnfræðslu hér á landi. Þá var ákveðin sú stefna að reyna að afnema það miðaldakerfi, að iðnnemar skuli vera tengdir við einhvern meistara, oft lítið meira heldur en ódýr vinnukraftur fyrir þá, þar sem þeir gátu í sumum

tilfellum fengið gott uppeldi og góða kennslu, en í öðrum, kannske fleiri, fengið einhæfa, takmarkaða þjálfun. Ætlunin með þessari lagasetningu var að breyta iðnfræðslunni og byggja fáa skóla í landinu upp á þann hátt, að það mætti færa sem mest af iðnnáminu inn í skólana sjálfa. Þetta þýddi að sjálfsögðu, að nauðsynlegt mundi verða að koma upp umfangsmiklum verkstæðum við skólana, svo að verkleg kennsla gæti farið þar fram. Því miður hefur ekki verið hægt að veita nálægt því eins mikið fé til framkvæmda á þessum merku lögum eins og æskilegt hefði verið, en því til viðbótar hafa komið í ljós erfiðleikar á framkvæmd þeirra. Stafa þeir erfiðleikar aðallega af því, að sveitarfélögum hefur ekki gengið eins vel og æskilegt hefði verið að sameinast um byggingu hinna nýju skóla. Aðallega af þessari ástæðu er tilkomið frv. það, 138. mál, sem legið hefur fyrir Nd. og menntmn. hefur fjallað um. N. hefur leitað álits þeirra aðila, sem hún taldi eiga hlut að máli, og fengið á sinn fund sérfróðan mann um þessi efni. Er n. sammála um það að styðja þetta frv. svo langt sem það nær og telur, að það muni leysa brýnan vanda hvað snertir byggingu ýmissa iðnskóla, án þess að það ryri á nokkurn hátt stöðu þeirra eldri skóla, sem starfað hafa samkv. 3. mgr. í 12. gr. l. Það eru ýmsir þeir skólar, sem til voru áður en lögin voru sett, sem e. t. v. falla ekki í hóp þeirra sérstöku iðnfræðsluskóla, sem ætlunin er að byggja upp, en veita bóklega kennslu og gegna mikilvægu hlutverki í sínum byggðarlögum.

Tvö atriði hefur menntmn. gert sérstakar brtt. um. Ég vil fyrst nefna það, að undanfarin ár hefur reynzt óhjákvæmilegt að veita allmargar undanþágur hvað iðnréttindi snertir og valda því ýmsar ástæður, oft persónulegar og í flestum tilfellum óumdeilanlegar. Svo virðist sem enn um sinn verði óhjákvæmilegt að veita eitthvað af slíkum undanþágum, a. m. k. í vissum greinum, og hefur því að gefnu tilefni verið talið rétt að setja inn í lögin ákvæði, þar sem slíkar undanþágur verði beinlínis heimilaðar með vissum og mjög ströngum skilyrðum. Um þetta mál flutti hv. 10. landsk. þm. brtt. á þskj. 212. N. hefur samið nýja brtt. í sama anda, sem getur, að ég hygg, komið í staðinn fyrir brtt. Sverris Júlíussonar, hv. 10. landsk. þm. Er þetta 2. brtt. á þskj. 434. Er lagt til, að ákvæði, sem mundi bætast við 5. gr. þeirra laga, sem við höfum til afgreiðslu, en snertir 35. gr. iðnfræðslulaganna, verði svo hljóðandi:

„Menntmrn. getur veitt heimild til þess, að umsækjandi gangi undir verklegt próf í iðngrein án skólanáms, enda liggi fyrir:

a) Umsögn viðkomandi iðnaðarmannafélags.

b) Umsögn iðnfræðsluráðs.

c) Umsögn meistara og vottorð um, að viðkomandi hafi unnið við iðnina í 10 ár.

Standist umsækjandinn prófið, öðlast hann sveinsbréf, sem veitir ekki réttindi til meistarabréfs síðar.“

Ég vil benda mönnum á, að hér er um allströng ákvæði að ræða og sérstaklega það síðasta, að sá, sem fær sveinsbréf á þennan hátt með undanþágu, getur ekki fengið meistarabréfið, og ætti þetta að draga verulega úr hættu á, að menn sneiddu hjá iðnskólanámi í trausti þess að geta fengið slíkar undanþágur, því að þær eru þarna mjög takmarkaðar.

Þá hefur menntmn. haft til meðferðar annað frv., flutt af tveimur hv. dm., sem er á þá lund að fjölga fulltrúum iðnnema í iðnfræðsluráði úr 1 í 3. Í umr. um þetta mál var á það bent, að væri það hugmynd og ósk hv. alþm. að veita iðnnemum lýðræðisréttindi sambærileg við það, sem stúdentar hafa í háskólanum og sem nemendum í flestum framhaldsskólum er nú veitt í þeirri löggjöf, sem sett hefur verið eða líkur eru á, að verði sett á næstunni, þá væri eðlilegra að veita iðnnemum aðild að skólanefndum. Menntmn. hefur tekið þessa hugmynd upp og rætt hana og orðið ásátt um að flytja brtt., sem er 1. brtt. á þskj. 434. Eins og nú standa sakir, eru 5 manna skólanefndir yfir hverjum iðnskóla og eru fjórir þessara fimm manna komnir frá bæjarstjórnum og sýslunefndum, sem hlut eiga að máli, en einn skipaður af ráðh. Er það tillaga menntmn., að fulltrúar sveitarfélaganna verði þrír, þeir hafa þá eftir sem áður meiri hl. í þessum n., enda mikið í húfi, — nemendur fái að kjósa einn og menntmrh. skipi eftir sem áður einn mann í n. Ef fallizt verður á þessa brtt., hygg ég, að iðnnemar fái þar með allmikinn nýjan og eðlilegan rétt, sem er í fyllsta samræmi við það, sem nemendur á svipuðum aldri hafa fengið nú hin síðustu ár með margvíslegri löggjöf héðan frá Alþ. Það er niðurstaða menntmn. að mæla með samþykkt frv. með þessum tveimur breytingum, sem ég hef lýst og eru á þskj. 434.

ATKVGR.
Brtt. 212 tekin aftur.
Brtt. 434,1 (ný 1. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 434,2 samþ. með 23 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
6.—8. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 463).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 61. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 62. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Ed., 15. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til menntmn. með 16 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 463, n. 605).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Menntmn. hefur haft frv. um iðnfræðslu, 138. mál Nd., til athugunar. Frv. þetta var flutt á síðasta Alþ. og er nú endurflutt með breytingum. Menntmrn. fól iðnfræðslunefnd endurskoðun l. og samningu frv. Menntmn. Nd. hefur svo gert nokkrar breytingar á frv., sem án efa eru til bóta. Aðalefni frv. kveður á um, að einstök sveitarfélög, eitt eða fleiri saman, geti stofnað til iðnskóla skv. 12. gr. iðnfræðslulaganna, með heimild ráðh. En staðreyndin er, að ítrekaðar tilraunir hafa verið gerðar til þess að koma á samstarfi milli sveitarfélaga um stofnun og rekstur skóla í samræmi við lögin. Þessar tilraunir hafa ekki borið tilætlaðan árangur, og hefur ekki náðst samstaða um staðsetningu skólasetra, en með nýju iðnfræðslulögunum frá 1966 var iðnskólum í landinu fækkað úr 22 niður í 10. Persónulega tel ég, að svo mikil fækkun iðnskólanna, sem lögin frá 1966 ákveða, hafi ekki verið sú rétta lausn, enda kemur á daginn með þessari lagabreytingu, sem hér er gerð, að þegar er nauðsynlegt að gera undanþágur frá þeim lögum. Nd. gerði veigamiklar breytingar á þessu lagafrv., m. a. að nemar skuli fá aðild að skólanefnd iðnskólanna. Skv. 1. gr. lagafrv. skal ráðh. skipa 5 manna skólanefnd, þar af einn skv. tilnefningu nemenda og er það algert nýmæli, sem ber að fagna. Skv. 5. gr. er að till. menntmn. Nd. mjög rýmkuð undanþága ákvæðis til sveinsprófs fyrir þá, sem hafa unnið 10 ár eða meira í viðkomandi iðngrein, án iðnskólanáms. Menntmn. mælir samhljóða með þessu frv. og skv. þskj. 605 mælir hún með samþykkt frv. eins og það barst deildinni frá hv. Nd.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 643).

28. Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Á 15. fundi í Ed., 12. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um Innheimtustofnun sveitarfélaga [119. mál] (stjfrv., A. 128).

Á 19. fundi í Ed., 19. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er fæðast hér á þessu landi allmörg börn utan hjónabanda og ber þá barnsföður að greiða kostnað af uppeldi viðkomandi barns og nemur það orðið allháum upphæðum, þegar saman kemur. Hins vegar er það reynsla bæði forn og ný, að það gengur illa að innheimta þessi gjöld hjá barnsfeðrum, og þess vegna hefur það verið venja að undanförnu, að Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt þessi meðlög til barnsmæðranna, en Tryggingastofnun hefur svo fengið endurgreiðslur frá viðkomandi sveitarfélögum. Í fyrra, nánar tiltekið 26. marz 1969, var samþ. á Alþ. svo hljóðandi tillaga:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta endurskoða núgildandi lagaákvæði um meðlagsgreiðslur í því skyni að gera reglur um þær einfaldari en þær eru nú. Verði stefnt að því, að endurskoðun þessari ljúki það tímanlega, að unnt verði að leggja fyrir næsta reglulegt Alþ. frv. til laga um þetta efni. Leitað verði samvinnu við Samband ísl. sveitarfélaga og þá aðila, er ástæða þykir til, um endurskoðun þessa."

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er árangurinn af þeirri endurskoðun, sem farið hefur fram að verulegu leyti á vegum félmrn. og í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga, og frá Sambandi ísl. sveitarfélaga hafa mér borizt tilmæli um, að frv. yrði nú lagt hér fram og er það gert samkv. þeirra eindregnu ósk. Meginatriði þessa frv. eru þau, að það er sett á stofn Innheimtustofnun sveitarfélaga, sem svo er kölluð, og þessi stofnun skal vera sameign allra sveitarfélaga landsins. Í stjórn Innheimtustofnunarinnar skulu vera þrír menn, einn skipaður af félmrh. og tveir kosnir af fulltrúaráði Sambands ísl. sveitarfélaga. Kjörtímabil og fleira, sem snertir kosningu þessarar stjórnar Innheimtustofnunarinnar, er svo nánar tiltekið í grg.

Í 3. gr. er svo skilgreining á hlutverki þessarar stofnunar, sem er að innheimta hjá barnsfeðrum meðlög, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt mæðrum óskilgetinna barna og fráskildum konum vegna barna þeirra. Innheimtustofnunin getur tekið að sér hvers konar innheimtur fyrir einstök sveitarfélög gegn greiðslu, einkum þó innheimtu á sveitarsjóðaskuldum manna, sem fluttir eru á brott úr sveit sinni. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiðir Innheimtustofnuninni það, sem á vantar, að tekjur hennar nægi til endurgreiðslu Tryggingastofnunarinnar og greiðslu reksturskostnaðar. Skal Inn-

heimtustofnunin láta Jöfnunarsjóði í té fyrir 30. júní ár hvert reikninga stofnunarinnar fyrir næstliðið reikningsár. Innheimtustofnunin annast síðan innheimtu og meðlag hjá barnsfeðrum hvar sem er á landinu. Þetta er nokkur, og veruleg raunar, breyting á því ástandi, sem verið hefur, þar sem rekstur þessara mála hefur verið þannig að undanförnu, að Tryggingastofnunin hefur greitt barnsmeðlögin með börnunum og síðan innheimt meðlagsupphæðina hjá hreppsfélögunum, þar sem viðkomandi barnsfeður eru sveitfastir. Þetta hefur gengið misjafnlega og það er raunverulega ástæðan til þess, að frv. er flutt og ályktunin, sem ég las áðan, hefur verið gerð. Það er talið, að endurgreiðslur barnsfeðra til Tryggingastofnunar ríkisins muni hafa numið aðeins 3—5% af heildarfjárhæð útborgaðra meðlaga. Aðalinnheimta frá barnsfeðrunum sjálfum er hjá sveitarfélögunum, en hún hefur líka gengið illa. Þar sem bezt innheimtist er talið, að 60% af meðlögum hafi fengizt endurgreidd, en í flestum tilfellum hafi innheimtan numið aðeins frá 10—40% og hefur þá það, sem ekki innheimtist, lent á sveitarfélögunum og komið fram í hærri útsvörum hjá þeim.

Breytingin í þessu frv. hvað snertir barnsmæðurnar sjálfar er engin. Þær geta framvegis komið til Tryggingastofnunar ríkisins með sinn meðlagsúrskurð og fengið meðlagsupphæðina greidda þar. Breytingin á þessu kerfi, ef kalla má það kerfi, er eingöngu fólgin í því, hvernig meðlagsupphæðin er innheimt frá barnsfeðrunum sjálfum. Og það er, eins og ég hef reyndar þegar sagt, að nokkru leyti þannig, eða á að vera samkv. þessu frv. þannig, að Tryggingastofnunin sendir Innheimtustofnuninni kröfurnar, sem Tryggingastofnunin til bráðabirgða hefur greitt, og Innheimtustofnunin á síðan að innheimta hjá barnsföðurnum. Síðan er í 5. gr. frv. sagt frá, hvernig þessari innheimtu verði hagað. Þar er heimilað í fyrsta lagi að krefja kaupgreiðanda barnsföður og heimta af honum, að hann haldi eftir hluta af kaupi eða aflahlut til lúkningar meðlögunum. Það er líka heimilt að krefjast lögtaks í eigum barnsföður. Enn má krefjast þess, að lögreglan aðstoði við að hafa upp á barnsföður og færi hann á skrifstofu Innheimtustofnunarinnar, ef með þarf. Í fjórða lagi getur verið hægt að krefjast úrskurðar héraðsdómara, í Reykjavík sakadómara, um vistun barnsföður á vinnuhæli til að vinna af sér meðlagsskuld, og loks er hægt að krefjast þess, að meðlagsskuldari verði kyrrsettur, ef ástæða er til að ætla, að hann hafi í hyggju að hverfa úr landi.

Þetta er aðalefni frv. og um það þarf ég ekki annað að taka fram en það, að eins og segir hér í grg. er þarna orðið um að ræða allmiklar fúlgur, þar sem heildarmeðlagsgreiðslurnar voru komnar upp í 106 millj. kr., og 1968, en það er seinasta árið, sem fullnægjandi skýrslur ná til, var fjöldi barnsmæðra 3700 og börn á þeirra framfæri 5250. Þetta hefur alltaf verið að vaxa og nauðsynlegt að gera einhverjar ráðstafanir til þess að bæta hér úr. Það, sem kannske kann að orka nokkurs tvímælis, er svo það, að nú eiga sveitarfélögin ekki neitt á hættu beinlínis að þurfa að greiða upp í vangreidd meðlög, heldur verður það Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sem á að taka að sér þessar greiðslur. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga er sameign allra sveitarfélaganna og það er samdóma álit stjórnar sambandsins, að það sé sveitarfélögunum fyrir beztu að gera þetta á þennan hátt. Þó að framlagið úr Jöfnunarsjóði til sveitarfélaganna skerðist eitthvað við þetta, þá á ekki að vera svo mikill munur á því og hinu, að sveitarfélögin greiði þetta beint, en þau eiga í mörgum tilvikum miklu óhægra um vik að endurheimta meðlagið hjá barnsfeðrunum sjálfum.

Ég held, að ég þurfi ekki, herra forseti, að segja meira um þetta. Ég tel, að þetta geti orðið til mikilla bóta fyrir alla parta nema kannske barnsfeðurna, sem verða að búa við harðari kjör heldur en þeir hafa áður gert. Ég vil því leyfa mér að vænta þess, að þetta frv. fái greiða götu hér í gegnum þessa hv. d.

Ég vildi leyfa mér að leggja til, herra forseti, að að umr. lokinni verði þessu frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 13 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 26. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 128, n. 185).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. nr. 185, hefur heilbr.- og félmn. athugað frv. um Innheimtustofnun sveitarfélaga og leggur til samhljóða, að frv. verði samþ. óbreytt. Í þessu frv. er lagt til, að komið verði á fót nýrri innheimtustofnun í samráði við sveitarfélögin til innheimtu á meðlögum hjá barnsfeðrum, en sú innheimta hefur verið mikið vandamál hjá Tryggingastofnun ríkisins og fjallar þetta frv. um ákveðið form í því efni. Í 5. gr. er þessari stofnun veitt mikið vald til að hafa möguleika á þessum innheimtum og er það talið upp í 5 þáttum, sem ég vona, að hv. þm. hafi kynnt sér. Nátengd þessu eru tvö önnur frv., sem væntanlega verða tekin hér fyrir á eftir, og ég tel ekki nauðsyn á að hafa hér langa framsögu. Það kom fram í framsögu hæstv. félmrh., að þessu frv. fylgja tvö önnur, ef frv. til l. um Innheimtustofnun sveitarfélaga nær fram að ganga.

Að svo mæltu legg ég til, að frv. verði vísað til 3. umr.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég þarf ekki mörgum orðum að bæta við þær upplýsingar, sem komið hafa fram við það frv., sem hér liggur fyrir til umr. Erindi mitt er fyrst og fremst það, að ég fagna því, að þetta frv. er fram komið og náðst hefur um

það sú samstaða, sem lýsir sér í afstöðu n. til þess. Ég fagna þessu sérstaklega fyrir þá sök, að ég var einn þeirra alþm., sem stóðu að flutningi þeirrar þáltill., sem leiddi til þess, að þetta frv. er komið fram. Eins og tekið hefur verið fram, felur þetta frv. í sér gagngerðar breytingar á lagaákvæðum um meðlagsgreiðslur, þó aðeins á þann veg, að það snertir ekki eða skerðir á neinn hátt þann rétt, sem barnsmæður hafa átt til meðlagsgreiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins, heldur er þetta einungis til þess ætlað að herða á innheimtu hjá barnsfeðrunum. Þegar litið er til þessara mála yfir lengri tíma, verður það hverjum manni augljóst, að til þess þurfti að koma, því að sú innheimta hefur verið með eindæmum erfið. Má á það benda, að á árinu 1969, eins og fram kemur í grg. með frv., eru þessar meðlagsgreiðslur, sem Tryggingastofnunin hefur greitt til mæðranna rúmlega 100 millj. kr., en af þeirri upphæð hefur sveitarstjórnunum í sumum sveitarfélögum ekki tekizt að innheimta nema um 10% og jafnvel minna af því, sem þeim bar að innheimta, og þar sem bezt hefur látið, hefur þetta legið í kringum 60%. Nú er það að sjálfsögðu ekki fyrirséð, hvernig sú innheimta gengur, sem hér er ætlað að koma af stað. En þó má fullyrða, að það eru sterkar líkur fyrir því, að innheimtan verði allt önnur, þegar hún er á einni hendi fyrir öll sveitarfélögin, því að þessum málum hefur verið þannig háttað, að sveitarfélag, sem barnsfaðir hefur átt lögheimili í, þegar meðlagsúrskurður er felldur, á að krefja hann um meðlagið allan þann tíma, sem meðlagsgreiðslan varir, hvort sem hann á þar lögheimili eða ekki. Það má því ætla, að það verði á allan hátt hægara fyrir eina stofnun að fylgjast með hreyfingum þessara manna og gera kröfur um greiðslurnar frá þeim heldur en einstök sveitarfélög, sem verða að eltast við menn landshorna á milli, víða við mjög erfiðar aðstæður í þessum efnum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta. Ég vildi einungis láta það koma fram, að ég fyrir mitt leyti fagna því mjög, að þetta frv. er hér fram komið, og ég hygg, að sveitarstjórnir almennt í landinu fagni því einnig. Svo ákveðin samstaða hefur verið með þeim um þetta mál.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég átti þess ekki kost að taka þátt í 1. umr. um þetta mál, en ég var búinn að kynna mér þetta nokkuð og ég tel, að þetta sé til mikilla bóta, það fyrirkomulag, sem hér er gert ráð fyrir að taka upp. Ég vil gjarnan, að það komi fram, að ástæðan fyrir því, að ég hef sömu skoðun og hv. 5. þm. Sunnl. á því, að þessi innheimta muni takast miklu betur, þegar hún er á einni hendi heldur en hingað til hefur verið, er reynslan af því, hvernig þetta hefur gengið til hér í Reykjavík. Hér í Reykjavík, sem er stórt sveitarfélag, stærsta sveitarfélag landsins og áreiðanlega með sitt hundraðshlutfall í þessum málum, svo að ég taki nú ekki dýpra í árinni, hér hefur innheimtan gengið þannig, að Reykjavíkurborg mun vera með þeim allra hæstu hvað það snertir að innheimta útistandandi meðlög. Hér er prósentan um 60%, þ. e. a. s. af 66 millj., sem borgin lét úti, innheimtust 40 millj. á s. l. ári. Og það mun vera um 60% innheimta. Og ég hef fulla trú á því, að þegar þessi innheimta er komin á eina hendi, þá þurfi ekki að vera að metast um það endalaust, — í fyrsta lagi, hvaða sveitarfélag eigi að bera byrðarnar og í öðru lagi, hvar eigi að leita að viðkomandi aðila, og muni þá þessi innheimta ganga miklu betur. Ég vildi aðeins, að þetta kæmi fram hér, áður en málið gengur til atkv. Það er svo sem ástæðulaust að vera að gjalda jáyrði við máli, sem n. hefur einróma samþ., en ég vona, að mér verði fært það til betri vegar, þó að ég vildi láta þessar fáu aths. koma fram.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 25. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 28. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 29. fundi í Nd., 11. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er hingað komið frá hv. Ed. og mér er ekki kunnugt um annað heldur en að um það hafi þar verið fullt samkomulag. Það hefur löngum valdið nokkrum erfiðleikum að innheimta hjá barnsfeðrum þau gjöld, sem þeim ber að greiða með óskilgetnum börnum sínum, og raunar einnig börnum fráskilinna kvenna. Undanfarið hefur þetta verið þannig gert, að Tryggingastofnun ríkisins hefur lagt út þetta fé samkv. meðlagsúrskurði og síðan hefur Tryggingastofnun ríkisins snúið sér til sveitarfélaga, þar sem gjaldandinn átti heimili, og fengið endurgreiðslu á þessum meðlögum hjá sveitarfélaginu, sem aftur hefur leitazt við að innheimta þessi meðlög hjá barnsfeðrunum sjálfum. Á þessu hefur þó orðið — ja, ég vil segja mjög mikill misbrestur, þannig að endurgreiðslurnar til Tryggingastofnunar ríkisins beint frá barnsfeðrunum hafa ekki numið nema 3—5% af þessum meðlögum. Sveitarfélögin hafa aftur getað innheimt nokkru meira, en þó þar sem bezt hefur verið ekki yfir 60%, og venjan hefur verið sú, að ekki hefur innheimzt meira en 10—40%, þó að öllum tiltækum ráðum hafi verið beitt.

Á Alþ. í fyrra, 1969, var samþykkt svo hljóðandi ályktun, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta endurskoða núgildandi lagaákvæði um meðlagsgreiðslur í því skyni að gera reglur um þær einfaldari en þær eru nú. Verði stefnt að því, að endurskoðun þessari ljúki það tímanlega, að unnt verði að leggja fyrir næsta Alþ. till. eða frv. um þetta efni. Leitað verði samvinnu við Samband ísl. sveitarfélaga og þá aðila, er ástæða þykir til, um endurskoðun þessa máls."

Í þessu frv. felst það nýmæli, að það er stofnuð ný innheimtustofnun sveitarfélaga, sem er eign sveitarfélaganna og hefur það verkefni á höndum að inna af hendi greiðslur til Tryggingastofnunar á því fé, sem hún hefur lagt út til bráðabirgða og endurheimta það svo af barnsfeðrunum sjálfum. Er full ástæða til að ætla, að á þennan hátt náist betri og meiri árangur heldur en þegar sveitarfélögin annast þessa innheimtu sjálf, eins og þessar tölur, sem ég nefndi, bera vitni um, að venjulega innheimtist ekki nema innan við helmingur af þessum gjöldum, ef sveitarfélögin sjálf eiga að annast innheimtuna. Hér er um allháar upphæðir að ræða, þar sem fjöldi barnsmæðra 1968, sem er síðasta árið, sem skýrslur eru til um, var 3700 og fjöldi barna á framfæri þeirra var 5250. Þessar meðlagsgreiðslur hafa numið um og yfir 100 millj. kr. á ári, þannig að greinilegt er, að það er nokkur blóðtaka fyrir fámenn sveitarfélög að annast þessi útgjöld, ef þau lenda á þeim, og þetta er reynt að koma í veg fyrir með því ákvæði frv., að það, sem á vantar, að Innheimtustofnunin geti innheimt fé fyrir öllum útgjöldum Tryggingastofnunarinnar, skuli tekið úr Jöfnunarsjóði. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga er eign þeirra og kemur þetta þess vegna óbeinlínis niður á sveitarfélögunum í lækkun þeirra tekna, sem þau fá frá Jöfnunarsjóði, en hins vegar losna þau algerlega við það að hafa þetta mál með höndum og leggja út það fé, sem á vantar. Má segja, að þetta komi kannske í sama stað niður, en allt á kerfið þó að verða einfaldara með þessu mótinu og bæði Jöfnunarsjóður og Innheimtustofnunin eru eign sveitarfélaganna sjálfra.

Ég þarf svo ekki að hafa mörg orð um þetta frekar. Það er greinilegt, að þetta er kjarni frv. Innheimtustofnunin kemur í staðinn fyrir sveitarfélögin sjálf. Þau losna algerlega við þær greiðslur, sem þau hafa haft með höndum út af þessu áður. Það, sem á kann að vanta, að þeir, sem raunverulega eiga að greiða þetta, borgi sjálfir að fullu, greiðir Jöfnunarsjóður. Síðan eru ákvæði um það, hvernig stjórn þessarar stofnunar skuli skipuð og nánari ákvæði nokkur um framkvæmd málsins.

Ég vildi svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 26 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 128, n. 557).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Frv. þetta til laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga er flutt fyrir tilstilli Sambands ísl. sveitarfélaga og fjallar um það, að sérstakri innheimtustofnun á vegum sveitarfélaga verði falið það verkefni að innheimta meðlög, en sú innheimta hefur gengið mjög erfiðlega eins og komið hefur fram hér í umr. á Alþ. og víðar. Það er gert ráð fyrir því í frv. þessu, að sérstök stofnun, sem hafi heimilisfang í Reykjavík, annist það að innheimta þau meðlög með börnum, sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir samkv. meðlagsúrskurðum eða skilnaðarleyfisbréfum. Einhverjum kann að virðast, að þarna sé á ferðinni algerlega ný stofnun á vegum ríkisins og verða andvígir henni af þeim sökum, en tekið skal fram, að þegar starfar á vegum Reykjavíkurborgar innheimtustofnun, sem fjallað hefur um þessi mál fyrir Reykjavíkurborg og einnig nærliggjandi sveitarfélög, og samkv. því, sem framkvæmdastjóri þessarar stofnunar tjáði n., þegar álits var leitað hjá honum um þessi mál, þá upplýsti hann það, að þó að öll þessi innheimta kæmist á eina hönd fyrir öll sveitarfélög í landinu, þá mundi ekki þurfa að bæta teljandi við þann mannafla, sem þegar væri á þeirri skrifstofu, sem Reykjavíkurborg rekur í sambandi við þetta. En svo er ráð fyrir gert, að annaðhvort þessi stofnun, sem þegar er á höndum Reykjavíkurborgar, eða önnur alveg hliðstæð og eingöngu þá rekin undir stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, annist þessi mál, eins og fyrr getur.

Ég þarf sjálfsagt ekki að gera grein fyrir því, hvernig þessi mál eru nú, en eins og allir munu vita, þá annast Tryggingastofnun ríkisins greiðslu svokallaðs endurkræfs barnalífeyris, sem er greiddur samkv. meðlagsúrskurðum til ógiftra mæðra, en skilnaðarleyfisbréfum til fráskilinna kvenna, og síðan er þessi greiðsla innheimt hjá því sveitarfélagi, sem faðirinn á sveitfesti í. Ef þessi innheimta gengur ekki fyrir sveitarfélögunum hjá feðrunum, þá kemur greiðslan með fullum þunga á sveitarfélagið. En þar sem Tryggingastofnunin greiðir þessi meðlög mánaðarlega yfirleitt eftir meðlagsúrskurði og skilnaðarleyfisbréfi, þá getur liðið eitt og jafnvel upp í tvö ár, frá því að Tryggingastofnunin innir þessar greiðslur af hendi, þar til það fær greiðslurnar endurgreiddar úr hendi sveitarfélags og enn þá lengri tími þangað til sveitarfélagið fær það greitt úr hendi föðurins, ef það þá nokkurn tíma fær þær greiðslur. Sökum þess hve þessar innheimtur hafa gengið erfiðlega og farið síversnandi, þá er það einróma ósk Sambands ísl. sveitarfélaga, að þessi nýi háttur verði tekinn upp, eins og hér er lagt til samkv. frv. til l. um Innheimtustofnun sveitarfélaga. Það er líka, þótt það komi kannske ekki glögglega fram í frv. til l. um Innheimtustofnun sveitarfélaga, en má lesa út úr fylgifrv.,

máli 120 og 119, sem fylgja þessu, að nú er gert ráð fyrir því, að ekki verði lengur átt við það að fá svokallaðan sveitfestisúrskurð fyrir barnsföðurinn, heldur verði Jöfnunarsjóður sveitarfélaga að greiða til Innheimtustofnunar sveitarfélaga það, sem ekki innheimtist af meðlögunum, alveg án tillits til þess, hvar faðirinn á í raun og veru lögheimili. Í fljótu bragði gæti virzt svo, að þetta kæmi ranglátlega og ójafnt niður á sveitarfélögin, en eftir könnun þeirra og eftir einróma ósk er þessi háttur lagður til samkv. þessu frv. Til þess að spara mér tíma ætla ég um leið að geta þeirra breytinga, sem lagðar eru til hér í þeim frv., sem fylgja þessu, frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, mál 120, og frv. til l. um breyt. á l. um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, mál nr. 121. Höfuðbreytingarnar, sem þar er lagt til, að gerðar verði, eru þær, að það er styttur sá tími, sem Tryggingastofnuninni er gert að skyldu að greiða meðlög aftur fyrir sig og þessi stytting er miðuð við það, að ekki dragist óhóflega lengi, að krafa sé gerð til Innheimtustofnunarinnar um endurgreiðslu, því að reynslan hefur sýnt, að því lengur sem dregst að krefja föður um endurgreiðslu og því hærri upphæðir sem safnast saman, því erfiðara reynist að ná meðlaginu aftur úr hendi hans.

N. leggur til smávægilegar breytingar á öllum þessum þremur frv. og eins og ég segi, til þess að spara tíma, þá ætla ég að lýsa þeim öllum í einu. Það er í fyrsta lagi, að við frv. til l. um Innheimtustofnun sveitarfélaga er lagt til, að gerð verði smávægileg breyting á síðustu mgr. 5. gr., þar sem stendur: „Innheimtustofnunin skal hafa sama rétt og einstakar sveitarstjórnir samkv. 45. gr. framfærslulaga, nr. 80 1947, til að krefja skattayfirvöld, banka og sparisjóði um upplýsingar um tekjur og eignir barnsfeðra.“ Hér leggur n. til, að niður falli orðin „banka og sparisjóða“ og látið sé nægja að segja: „til að krefja skattayfirvöld“.

Varðandi frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, þá stendur í 1. gr., 2. mgr.: „Tryggingastofnuninni er ekki heimilt að greiða meðlög lengra aftur í tímann en 3 mánuði.“ Félag einstæðra foreldra óskaði eftir lengri fresti, en það varð samkomulag í n. að mæta óskum þess að nokkru leyti og lengja frestinn úr þremur mánuðum upp í sex. Og í frv. til l. um breyt. á l. um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, þar sem stendur í 2. gr. 3 mánuðir, er lagt til, að það verði lengt í 6 mánuði. Sumir nm. tóku fram, að þeir vildu áskilja sér rétt til að flytja brtt. við einmitt þetta atriði, hafa frestinn lengri, en eins og ég sagði áðan, þá varð samkomulag um það í n. að leggja þetta þó til.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 65. fundi í Nd., 19. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 557 samþ. með 23 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
6.—8. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 600).

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Eftir að heilbr.- og félmn. hafði skilað áliti um þetta mál og eftir að það hafði verið afgreitt hér við 2. umr., barst n. erindi frá Félagi einstæðra foreldra, þar sem farið er fram á, að gerð verði breyting við 3. gr. frv. þess eðlis, að Innheimtustofnun geti einnig tekið að sér innheimtu á þeim hluta barnsmeðlags, sem hærri er en lögmæltur barnalífeyrir, svo og öðrum kröfum, sem framfærslumaður barns kann að eiga á barnsföður eða barnsmóður, þar með talinn framfærslueyrir hjóna vegna skilnaðar samkv. yfirvaldsúrskurði, skilnaðarbréfi, skilnaðarsamningi eða lögum. Þannig hljóðar efnislega það erindi, sem n. barst. Hún hélt fund um þetta nú eftir hádegi, og varð niðurstaðan sú, að ég mun flytja hér brtt. efnislega samhljóða þessu erindi, en ég skal þó taka það fram, að farið er fram á, að Innheimtustofnun sveitarfélaga verði gert skylt að annast þessa innheimtu, en í lögunum sjálfum er gert ráð fyrir, að Innheimtustofnun geti tekið að sér hvers konar innheimtu fyrir einstök sveitarfélög o. s. frv. og þótti mér því ekki rétt, að tillagan gengi lengra heldur en gert er ráð fyrir í lögum um innheimtu fyrir hönd sveitarfélaga umfram hin lögboðnu meðlög eða greiðslu á hinum lögboðnu meðlögum. En ég vildi sem sagt leyfa mér að leggja þessa tillögu fram hér og fara fram á það við hæstv. forseta, að leitað yrði afbrigða fyrir henni, þar sem hún er of seint fram komin og flutt hér skriflega, en hefur ekki gefizt tími til að afhenda hana til prentunar enn þá. En ég skal taka það fram og undirstrika það, að það kom mjög greinilega fram í n., að ekki er ætlazt til þess, að sá hluti barnalífeyris eða meðlaga og annars kostnaðar, sem þarna er um rætt, verði krafinn úr Jöfnunarsjóði. Það er gert ráð fyrir því, að barnsmeðlög að því marki, sem lög ákveða, skuli Innheimtustofnun geta krafið úr Jöfnunarsjóði, ef þau ekki verða innheimt hjá viðkomandi aðilum, en n. var alveg sammála um það, að sá hluti meðlaga, sem Innheimtustofnunin verður ekki krafin um, skuli ekki krafinn úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Ég tel ekki, að frekari grein þurfi að gera fyrir þessu, en tillagan, sem ég leyfi mér að flytja, með leyfi forseta, hljóðar þannig:

Við 3. gr. Á eftir síðari mgr. komi ný mgr. svo hljóðandi:

„Einnig er Innheimtustofnuninni heimilt, sé þess óskað, að taka að sér innheimtu gegn greiðslu á þeim hluta barnsmeðlags, sem hærri er en lög-

mæltur barnalífeyrir, svo og öðrum kröfum, sem framfærslumaður barns kann að eiga á barnsföður eða barnsmóður, þar með talinn framfærslueyrir hjóna vegna skilnaðar samkv. yfirvaldsúrskurði, skilnaðarbréfi, skilnaðarsamningi eða lögum."

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 616) samþ. með 30 shlj. atkv.

Brtt. 616 samþ. með 32 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 36. fundi í Sþ., 23. marz, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 623).

Á 72. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 644).

---

29. Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins (stjfrv. um endurskoðun).

Á 1. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins [14. mál] (stjfrv., A. 14).

Á 4. og 5. fundi í Ed., 22. og 26. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 6. fundi í Ed., 27. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta var lagt fyrir síðasta Alþ., en náði þá ekki fram að ganga, enda nokkuð síðla þess þings flutt. Er frv. því hér með endurflutt, en frv. er árangur af starfi n., sem skipuð var samkv. þál., er samþykkt var á Alþ. 31. marz 1965 og hljóðaði svo:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa 7 manna n. til að endurskoða l. nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, og gera tillögur um breytingar, eftir því sem henni þykir ástæða til. Formaður skal skipaður án tilnefningar, en aðrir nm. samkv. tilnefningu Fiskifélags Íslands, Alþýðusambands Íslands, Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna og Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, einn frá hverjum aðila. N. skal sérstaklega gera sér far um að kynna sér skoðanir útvegsmanna og sjómanna í einstökum landshlutum varðandi málið og reynslu þeirra af starfsemi hlutatryggingasjóðs og aflatryggingasjóðs."

N. tók til starfa sumarið 1965 og er starfi hennar lýst í aths. við frv. N. skilar áliti í desember 1969. Frv. er samhljóða frv., er n. afhenti með áliti sínu, með þeirri breyt. þó, að lagt er til, að framlag ríkissjóðs verði fjórðungur á móti útflutningsgjaldi í stað þess að vera jafnt tekjum af útflutningsgjaldi, eins og n. lagði til.

Samkv. gildandi lögum er framlagið helmingur á móti útflutningsgjaldi. Enn fremur hafa verið gerðar breytingar á frv. nefndarinnar og frv. því, er lagt var fram á síðasta Alþ., til samræmis við ákvæði laga, sem samþ. voru á s. l. vori, l. nr. 68 frá 12. maí 1970, svo og brbl. nr. 74 frá 1. júní 1970. Verður nánar vikið að þessum frv. hér á eftir.

Frv. þetta hefur ekki að geyma neinar stórvægilegar breytingar á skipulagi þessara mála. Mörg ákvæði frv. eru aðeins staðfesting á framkvæmd undanfarinna ára. Lítillar óánægju hefur orðið vart með gildandi lög hjá þeim aðilum, sem mestra hagsmuna hafa af þeim að gæta. Hefur reynslan sýnt, að nauðsynlegt er að hafa ákvæði laganna það rúm, að þau skilgreini ekki í smáatriðum einstök framkvæmdaatriði. Ekki má gleyma því, að reglugerðir kveða nánar á um framkvæmd laganna í einstökum smærri atriðum.

Ekki er ástæða til að fara ítarlega út í einstök ákvæði frv. Þó má nefna, að lagt er til, að báðar deildir bátaflotans verði sameinaðar í eina deild. Sjóðsstjórninni er gefin heimild til að meta úthald og skerða bætur eða bæta við, ef um frávik er að ræða frá eðlilegu almennu úthaldi eða meðalúthaldi. Enn fremur að höfð skuli m. a. hliðsjón af útgerðarkostnaði og a. m. k. að hluta við ákvörðun svonefnds meðalveiðimagns, sem bætur reiknast út frá. Þá er sjóðsstjórninni heimilað að hækka bætur á haustúthaldi við sérstakar aðstæður, sem hún verður að meta, til að stuðla að því, að útgerðin leggist ekki niður á haustin. Lagt er til, að lágmarksupphæð bóta verði takmörkuð nokkuð. Er hér um að ræða staðfestingu á þeirri hámarksupphæð bóta, sem sjóðsstjórnin hefur markað og telur eðlilegar. Ákvæði eru um bætur vegna skerðingar á veiðiréttindum, þegar tiltekin, takmörkuð veiðisvæði eru friðuð vegna hrygningar nytjafiska. Er hér um nýmæli að ræða, sem á rétt á sér eftir setningu landhelgislaganna frá 1969. Með þeim lögum voru botnvörpuveiðiheimildir auknar til mikilla muna, og í ljós hefur komið, að með þeim eru m. a. opnuð svæði, sem nauðsynlegt hefur reynzt að friða tímabundið vegna hrygningar nytjafiska.

Það getur borið við, að skyndilega þurfi að friða tiltekin svæði tiltekinn tíma af umræddum sökum. Geta svona ráðstafanir í einstökum tilfellum valdið takmörkuðum hópi báta miklu fjárhagstjóni, en slíkar ráðstafanir eru yfirleitt gerðar í þágu

heildarhagsmuna. Þykir rétt, að opnuð sé leið til þess að bæta að vissu marki það fjárhagstjón, sem af slíku hlýzt. Er því hér lagt til að veita sjóðsstjórninni heimild til að greiða bætur, en ekki er um skyldu að ræða.

Skal þá aðeins vikið að þeirri breyt., sem gerð var á frv. n., þ. e. lækkun ríkissjóðsframlagsins. Með l. nr. 5 1968, um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda, var ákveðið, að framlag ríkissjóðs skyldi vera þriðjungur á móti útflutningsgjaldi á því ári í stað helmings. Með l. nr. 74 frá 1969 var mótframlag ríkissjóðs lækkað í fjórðung útflutningsgjalds og tók það ákvæði til ársins 1969. Ríkissjóðsframlagið hefur þannig verið lækkað hlutfallslega tvö undanfarin ár. Í fjárlögum ársins 1970 er miðað við, að mótframlag ríkissjóðs verði áfram ¼ hluti útflutningsgjaldsins, eins og frv. þetta gerir ráð fyrir. Með afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1970 var því í raun tekin ákvörðun um þessa lækkun á framlagi ríkissjóðs. Er frv. því í samræmi við þá stefnu, sem undanfarin ár hefur verið fylgt í þessu efni.

Gengisbreytingin í nóvember 1968 olli verulegri hækkun á útflutningsgjaldi, sem er mikilvægur tekjustofn sjóðsins. Tekjur aflatryggingasjóðs af útflutningsgjaldi jukust um 36 millj. kr. árið 1969 frá árinu næst á undan, og var eignaaukning sjóðsins á árinu 1969 mjög veruleg. Af þessum sökum hefur verið talið rétt að lækka fjárveitingu ríkissjóðs til aflatryggingasjóðs. Er sú ráðstöfun gerð í því trausti, að aflatryggingasjóður muni að öllu leyti geta við fjárhagsskuldbindingar staðið í framtíðinni, þrátt fyrir umrædda lækkun ríkissjóðsframlagsins.

Sé miðað við tekjur sjóðsins á árinu 1969, er lækkun sú á ríkissjóðsframlagi, sem frv. gerir ráð fyrir, í raun töluvert innan við fimmtung heildartekna sjóðsins. Þótt rétt sé í góðæri að safna í sjóði til mögru áranna, hefur ekki verið talið rétt, að sú söfnun væri framkvæmd með framlögum úr ríkissjóði, heldur með tekjum af hinu aukna framleiðsluverðmæti góðu áranna.

Í II. kafla frv. þessa eru felld inn ákvæði l. nr. 74 frá 28. maí 1969 um greiðslu fæðiskostnaðar bátasjómanna, en þau voru sett í framhaldi af kjarasamningum útvegsmanna og bátasjómanna veturinn 1969. Á s. l. vori voru enn gerðar breytingar á þessum lögum með samþykkt laga nr. 68 frá 12. maí 1970 og hefur II. kafla frv. verið breytt til samræmis við þessi nýju lög. Lög nr. 74/1969 kváðu á um greiðslu áhafnadeildar aflatryggingasjóðs á hluta af fæðiskostnaði áhafna á fiskibátum, bæði vegna ársins 1969 og framtíðarinnar. Gert var ráð fyrir því, að tekjur deildarinnar nægðu fyrir útgjöldum hennar, en vegna undanfarinna erfiðleika í sjávarútvegi og þeirra nýju kvaða, er á deildina voru lagðar með þessum l., hafði hún þegar safnað miklum skuldum og halli fyrirsjáanlegur að óbreyttu. Var árlegur halli á sjóðnum áætlaður rúml. 28 millj. kr., auk þeirra skulda, sem þegar hafði þá verið til stofnað. Vegna erfiðs fjárhags áhafnadeildarinnar bar því brýna nauðsyn til að auka tekjur hennar, enda gerði bætt afkoma sjávarútvegsins á því ári kleift að bæta úr þessu, og var það gert með brbl., eins og fyrr er frá greint, nr. 74 frá 1. júní 1970. Tekjur sjóðsins af útflutningsgjaldi voru hækkaðar um 50%, þ. e. gjaldið hækkaði úr 1% í 1,5%. Hefur frv. verið breytt til samræmis við ákvæði umræddra brbl. Með þeirri breyt. yrði árlegur halli jafnaður og nokkurt fé til ráðstöfunar upp í skuldir fyrri ára.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 16 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Ed., 25. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 14, n. 386, 385, 391).

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 77 frá 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, hefur verið til athugunar í sjútvn. Áður en hlé varð fyrir jól var frv. sent til ýmissa aðila til umsagnar og við það miðað, að umsagnir lægju fyrir, þegar þing kæmi saman að nýju að loknu þinghléi. Frv. það, sem hér um ræðir, er samið af 7 manna n., sem skipuð var af hæstv. sjútvrh. 16. júní 1965. Alls mun n. þessi því hafa haft mál þetta til athugunar um 4½ ár, þar sem hún skilaði áliti um málið í desembermánuði 1969. Það kemur fram í aths. við frv., að n. tók þá ákvörðun þegar í upphafi að hraða ekki afgreiðslu af sinni hálfu um málið, heldur leita álits sjómannasamtaka og útgerðarmanna jafnhliða því, sem fylgzt var með þróun og starfsháttum sjóðsins á þessu tímabili. Það verður að teljast mjög mikilsvert fyrir n., að hún hafði á umræddu tímabili aðstöðu til þess að fylgjast með þróun og starfsháttum sjóðsins á tveimur ólíkum aflatímabilum, þ. e. árunum 1965 og 1966, þegar um var að ræða einstök góðæri, svo aftur á móti árin 1967 og 1968, þegar heildaraflinn nam tæplega helmingi af afla ársins 1966. Það eru að sjálfsögðu fyrst og fremst slíkar sveiflur í aflamagninu, sem hafa verður í huga og á hvern hátt þeim verður mætt, þegar samin er löggjöf um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Því er ekki að leyna, að innan raða útgerðarmanna, sem segja má, að í sjálfu sér skipti mestu um þessa löggjöf, hafa verið nokkuð skiptar skoðanir um einstök ákvæði. Má þar sérstaklega benda á ágreining um ákvörðun á aflamagni á hinum einstöku bótasvæðum. Það hefur verið gildandi regla, að lögð hefur verið til grundvallar meðalveiði á hverju veiðisvæði fyrir sig um tiltekið árabil. Ég ætla, að það hafi verið venjulegast þriggja ára tímabil, sem haft hefur verið til viðmiðunar hverju sinni.

Þegar það hefur átt sér stað, að aflamagnið á einhverju bótasvæði hefur legið langt niðri t. d. 3 ár í röð, hafa þessi ákvæði laganna komið í veg fyrir, að bætur væru greiddar, þrátt fyrir það, að fyrir lægi vitneskja um það, að stórkostlegt tap væri á útgerðinni og útgerðarmenn þá ekki færir um að gera upp mannakaup eða kauptryggingu. Með frv. þessu er gerð sú breyting, að auk þess að leggja aflamagnið til grundvallar má sjóðsstjórnin einnig hafa hliðsjón af útgerðarkostnaði og hver kauptryggingin er. Segja má, að þessi rýmkun, sem hér er lagt til að gerð verði á þessu sviði, sé veigamesta breytingin frá því, sem er í gildandi lögum. Þá er þess að geta, að með tilliti til þess, að útgerð að hausti til er oft stopul og áhættusöm, en skapar oft atvinnu við sjávarsíðuna, sem annars væri ekki fyrir hendi, er sett inn nýtt heimildarákvæði varðandi haustvertíð, að þá megi hækka meðalaflann úr 75% í 80%. En með þessari breytingu er verið að reyna að vega á móti og stuðla að því, að útgerð leggist ekki niður á haustvertíðum.

Þá vil ég vekja athygli á því ákvæði 9. gr. frv., sem felur í sér heimild til handa sjóðsstjórninni að greiða bætur til báta, sem hafa fyrirvaralaust þurft að hætta veiðum á tilteknum veiðisvæðum, vegna þess að ákvörðun hefur verið tekin af hálfu þess opinbera um að friða tiltekin veiðisvæði vegna hrygningar nytjafiska. Slík tilvik geta vissulega hent og hafa átt sér stað. Við í sjútvn. vorum að velta því fyrir okkur, hvort sú upphæð, sem hér um ræðir, væri ekki of lág, þ. e. að verja megi allt að 1 millj. kr. í hverju tilfelli. Við féllum þó frá því að þessu sinni að flytja brtt. þar um og teljum rétt, að reynslan skeri úr um það, hver upphæðin skuli vera.

Í heild má segja, að ekki sé um miklar efnisbreytingar að ræða frá því, sem er í gildandi lögum um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Heildarrammi laganna heldur sér að mestu leyti, en að sumu leyti eru þó einstök atriði rýmri en áður og löggjöfin í heild sveigjanlegri í framkvæmd. Eins og fram kemur í nál. með frv., náðist ekki fullt samkomulag innan n. um málið. N. flytur þó sameiginlegar brtt. á sérstöku þskj., en þær eru eins og sjá má einungis um formsatriði frv., sem nauðsynlegt var að leiðrétta. Að öðru leyti leggur meiri hl. n. til, að frv. verði samþ. óbreytt. Á þskj. nr. 391 hefur minni hl. n. flutt brtt., sem felur í sér aukið framlag til sjóðsins úr ríkissjóði. Er þar lagt til, að ríkissjóður greiði helming á móti öðrum tekjum sjóðsins í stað ¼, eins og í frv. er. Að sjálfsögðu má um það deila, hve há upphæð eða hlutdeild af tekjum sjóðsins skuli lögð fram úr ríkissjóði. En það, sem í frv. felst, er í samræmi við afgreiðslu fjárlagafrv. fyrir yfirstandandi ár.

Það má segja, að hliðstætt við það, sem kemur fram í þessari brtt. frá minni hl. um aukið fjárframlag úr ríkissjóði til aflatryggingasjóðs, hafi komið fram í flestum umsóknum, sem n. bárust, bæði frá Landssambandi ísl. útvegsmanna og Fiskifélaginu, að þeir töldu, að þessi hluti af framlagi úr ríkissjóði þyrfti að vera hærri heldur en frv. kveður á um. En eins og er má segja, að staða aflatryggingasjóðsins sé sæmileg. Um s. l. áramót nam sjóðseign 150—160 millj. kr., en það er að sjálfsögðu fyrst og fremst að þakka góðu árferði til sjávarins s. l. tvö ár. Það, sem ég tel, að skipti miklu máli og á það legg ég höfuðáherzlu er, að bætur úr sjóðnum verði framvegis sem hingað til samkv. fyllstu heimildum laga til þeirra aðila, sem fyrir verulegum aflabresti verða. Komi hins vegar í ljós, að sjóðurinn — með þeim tekjumöguleikum, sem í frv. þessu felast, — verði ekki fær um að standa við sínar skuldbindingar á þann hátt, mun ég verða fyrsti maður til þess að samþykkja aukið framlag til sjóðsins.

Herra forseti. Ég hef þá lokið við að gera grein fyrir afgreiðslu málsins af hálfu meiri hl. n. Ég leyfi mér að vænta þess, að brtt. n., sem hún flytur á sérstöku þskj., verði samþ. — tillögur þessar eru, svo sem ég hef áður vikið að, eingöngu formsatriði — og að frv., þannig breytt, verði samþ. og því síðan vísað til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil nú aðeins leiðrétta það í upphafi, að það var nú ekki svo, að n. klofnaði um afstöðu til frv. Öll n. mælir með samþykkt þess, en við 3 nm. flytjum hér eina brtt. við frv. og það er eingöngu til þess að mæla nokkur orð fyrir henni, sem ég kvaddi mér hljóðs.

Sú brtt. er á þskj. 391 og fjallar um það, að framlag ríkissjóðs til aflatryggingasjóðs verði helmingur á móti öðrum tekjum sjóðsins, eins og segir í frv., í stað fjórðungur. Ég tel að vísu ástæðu til þess að taka það fram, að það voru nokkur önnur ákvæði í þessu frv., sem mjög kom til mála að flytja brtt. við, en okkur sýndist samt að athuguðu máli rétt að leggja áherzlu á þetta atriði eitt, en sleppa öðrum, m. a. með hliðsjón af því, að hér er um að ræða frv., sem hefur verið allrækilega undirbúið og reynt að ná samkomulagi, allvíðtæku samkomulagi um ýmis vafa- og deiluatriði og þess vegna nokkuð viðurhlutamikið að fara að gera brtt. þar við þau atriði, sem með töluverðri vinnu hefur tekizt að ná samkomulagi um milli þeirra aðila, sem þar eiga sérstaklega hagsmuna að gæta. En eins og hv. frsm. n. gat um, var það einróma álit allra þeirra, sem sendu umsagnir um þetta frv., að framlag ríkissjóðs, sem er nú ¼ á móti öðrum tekjum aflatryggingasjóðsins, sé óviðunandi lágt. Upphaflega, þegar aflatryggingasjóðurinn var stofnaður, var framlag ríkissjóðs jafnhátt öðrum tekjum sjóðsins. Síðar — ég hygg, að það hafi verið 1962 eða 1963 — var gerð á þessu breyting á þann veg, að framlag ríkissjóðs skyldi vera helmingur á móti öðrum tekjum sjóðsins. Loks gerði hæstv. ríkisstj. í fyrra enn breytingu hér á og ákvað, að ríkissjóðsframlagið skyldi nú vera ¼ af tekjum sjóðsins, og það er þetta ákvæði, sem ætlunin er að lögfesta hér í þessu frv. Og það fer algerlega í bág við þær till., sem sú n., sem undirbjó þetta frv., lagði til, og það fer

algerlega í bág við vilja þeirra aðila, sem umsagnir hafa sent um málið, og ég hygg, að rökstuðningurinn fyrir nauðsyn þess, að hér sé a. m. k. ákveðið, að ríkisframlagið skuli vera helmingur á móti öðrum tekjum, rökstuðningurinn komi bezt fram með því að lesa hér nokkur aðalatriðin úr umsögnum þriggja aðila að þessu leyti um þetta atriði. Þessir þrír aðilar eru Alþýðusamband Íslands, Landssamband ísl. útvegsmanna og Fiskifélag Íslands. Rétt er að taka það fram, að við flm. þessarar till. höfum vissulega vel getað hugsað okkur að koma til móts við þau tilmæli, sem koma fram hjá a. m. k. sumum þessara aðila, að ríkisframlagið yrði að nýju jafnhátt og aðrar sjóðstekjur, en við höldum, að meiri líkur kynnu að vera til þess, að hægt yrði að fá fram breytingu um það, að þetta skuli vera jafnhátt og það hefur verið allmörg síðustu árin, eins og í fyrra, eða helmingur á móti öðrum tekjum og förum þar að þessu leyti heldur varlega í sakirnar. Um þetta mál segir svo í umsögn frá Alþýðusambandi Íslands:

„Eins og lagafrv. var úr garði gert frá n. hendi, var stefnt að því, að starfsemi aflatryggingasjóðs yrði verulega aukin, og gæti sjóðurinn betur en áður jafnað metin og bætt tjón, sem að höndum ber í sjávarútveginum á ýmsum stöðum á landinu, þegar tilfinnanlegur aflabrestur verður. Í því formi, sem frv. er nú lagt fram og verði það þannig samþ., mundi sá tilgangur ekki nást nema að litlu leyti og endurskoðun laganna bera minni árangur en til var ætlazt og brýn þörf er fyrir. Frá því að hlutatryggingasjóður tók til starfa 1950 og til 1962, var framlag ríkissjóðs jafnt tekjum sjóðsins af útflutningsgjaldinu. Árið 1962 var lögunum breytt og m. a. stofnuð sérstök deild fyrir togarana og svonefnd jöfnunardeild. Var þá framlag ríkissjóðs lækkað frá því, sem það var frá byrjun, í helming á móti útflutningsgjaldinu. Öll árin síðan hafa verið góð aflaár að undanskildum e. t. v. árunum 1967 og 1968. Sjóðurinn hefur þó ekki getað safnað á þessum góðu árum umtalsverðum inneignum til lakari ára, ef að höndum bæru, sem alltaf vofir þó yfir þessum atvinnuvegi."

Og síðar í þessari umsögn er lagt eindregið til, að sú breyting verði gerð á frv., að ríkisframlagið verði jafnhátt eins og tekjurnar af útflutningsgjaldi.

Í umsögn frá Landssambandi ísl. útvegsmanna segir um þetta atriði, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér (þ. e. a. s. í brtt., sem stjórn Landssambandsins lætur fylgja með þessari grg.) er lagt til, að framlag ríkissjóðs samkv. 8. gr. frv. verði aukið verulega og er það gert m. a. með tilliti til þess, að útgjöld sjóðsins munu aukast, ef frv. þetta verður samþykkt. Vísum vér á bug þeirri fullyrðingu í aths. við frv., að þeir tekjustofnar, sem sjóðnum er ætlað að hafa, séu nægilegir til að standa undir útgjöldum sjóðsins. Í fyrsta lagi veit enginn fyrir fram um útgjöld sjóðsins og því þörf sjóðsmyndunar í góðu árferði. Í öðru lagi er ekki hægt að hafa hækkaðar tekjur í krónutölu sem ástæðu til að lækka framlag ríkissjóðs. Gengisbreytingin veldur hækkuðum útgjöldum sjóðsins vegna hækkaðs útgerðarkostnaðar og hærra fiskverðs og kemur því ekki til með að bæta afkomu sjóðsins. Til viðbótar ofangreindu vísast til þess, er segir um þetta atriði í áliti n. þeirrar, sem að frv. vann."

Og eins og ég sagði áðan, leggur stjórn Landssambands ísl. útvegsmanna til, að 8. gr. frv. verði breytt á þann veg, að framlag ríkissjóðs skuli vera jafnhátt tekjum samkv. 1. tölul. þessarar gr. Loks er það atriði úr umsögn Fiskifélags Íslands, sem fjallar um þetta sérstaka mál. Þar segir:

„Í umræddu frv. til breytinga á l. um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sem á ný hefur verið lagt fyrir hv. Alþ., er gert ráð fyrir allmiklu minni fjárframlögum ríkissjóðs en núgildandi lög aflatryggingasjóðs mæla fyrir um. Í þessu sama efni eru tillögur n. þeirrar, er vann að endurskoðun laganna, virtar að vettugi. Þessi ráðstöfun er rökstudd með því, að hagur sjóðsins hafi mjög batnað við gengisbreytinguna 1968, svo og við hagstæð aflabrögð og batnandi afkomu útvegsins 1969 og 1970. Þessi málflutningur þarfnast nánari skýringa, því að þessu má ekki rugla saman. Vissulega jukust tekjur sjóðsins að krónutölu við gengisbreytinguna. Hins vegar aukast útgjöldin samsvarandi þegar frá gengisbreytingunni, því að fiskverð hækkar. Bætur úr sjóðnum til útvegsins miðast við fiskverð hverju sinni, eins og ákveðið er af verðlagsráði sjávarútvegsins. Aftur á móti hefur gott árferði, þ. e. góð aflabrögð undanfarin tvö ár orðið til þess, að útgjöld hafa verið með minna móti. Ef byggja má á reynslu áranna 1967 og 1968, þegar allverulegur greiðsluhalli varð hjá aflatryggingasjóði, þarf heildarsjóðseign að nema a. m. k. 200 millj. kr. miðað við núgildandi verðgildi krónunnar, til þess að unnt verði að mæta álíka áföllum og þá skullu yfir. Af þessari ástæðu er beinlínis hættulegt að skerða fjárframlög ríkisins til aflatryggingasjóðs. Á það má og benda, að frv. gerir ráð fyrir auknum útgjöldum sjóðsins. Ef umrædd tekjuskerðing verður framkvæmd, þarf jafnframt að nema á brott þau ákvæði frv., sem gera ráð fyrir útgjaldaaukningu, svo sem í 3. gr., 5. gr. og 9. gr. frv."

Þetta var úr umsögn Fiskifélags Íslands. Ég tel, að í umsögnum þessara aðila, sem gerst ættu að mega þekkja, hvers er þörf í sambandi við aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, séu færð svo sterk rök fyrir því, að a. m. k. þurfi að ákveða, — eins og brtt. okkar mælir fyrir um — að ríkissjóður leggi fram helming á móti öðrum tekjum sjóðsins, ef það á að vera sæmilega tryggt, að sjóðurinn geti starfað með eðlilegum hætti og mætt þeim áföllum, sem hann á að geta mætt, ef aflabrestur verður á einhverju svæði.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að hafa fleiri orð um brtt. okkar, en vænti þess, að hv. d. sjái nauðsyn þess að samþykkja hana.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vil hefja þetta mál mitt með því að þakka hv.

sjútvn. fyrir afgreiðslu þessa máls og þær brtt., sem hún leggur til, að verði samþ. við frv., sem mér sýnist, að séu allar til bóta við fljóta yfirsýn og gefi til kynna, að hún hafi fjallað um svo vandasamt frv. sem hér er um að ræða mjög gaumgæfilega, þannig að þær breytingar, sem n. leggur einróma til, megi verða til bóta við framkvæmd þessara viðkvæmu laga. Sannleikurinn er einnig sá, að reynsla mín þau 5½ ár, sem ég hef verið í þessum störfum, er sú, að aðaldeilurnar um þessi mál hafa raunar ekki snúizt um sjálf lagaákvæðin, heldur langtum fremur framkvæmdaatriði, sem stjórnin hefur ýmist sett sér reglur um eða settar hafa verið um sérstakar reglugerðir, sem hljóta að breytast í samræmi við samþykkt þessa frv., ef það nær fram að ganga, sem ég vona.

En ég vil á þessu stigi málsins, áður en ég ræði efnislega um aðrar brtt., skýra frá því, að í yfirstandandi deilum í sjávarútveginum, bæði undir- og yfirmanna á bátaflotanum og svo aftur togaraflotanum, hefur ríkisstj. þegar gefið skrifleg fyrirheit um að beita sér fyrir ákveðnum breytingum á gildandi lögum, er þennan útveg varða, og ég sé enga ástæðu til þess að leyna þingið eða hv. þd. því, í hverju þessar breytingar felast, að sjálfsögðu allt með þeim fyrirvara, að það sé þáttur í lausn yfirstandandi deilna og byggt á því, að báðir samningsaðilar hafa óskað eftir þessum breytingum. Tilmælum einstakra deiluaðila, sem stangazt hafa nokkuð á, svo sem eðlilegt er, hefur ríkisstj. ekki talið sér fært að sinna, því að hún væri þar með orðin þátttakandi í deilunni með öðrum aðilanum gegn hinum. En þeim óskum, sem fram hafa komið sameiginlega, hefur ríkisstj. lofað að verða við, m. a. að beita sér fyrir breytingum á greiðslu fæðispeninga til bátasjómanna, sem ákveðnir voru á síðasta Alþ. í fyrsta sinn. Hún hefur lofað samningsaðilum því skriflega, að nokkur hækkun verði á þeim. Hún hefur einnig heitið samningsaðilum því skriflega að beita sér fyrir 6% lækkun á þeim 22%, sem tekin eru af löndunum erlendis og ákveðin voru með l. frá 1968, en slakað var á um s. l. áramót og þýðir þetta þá enn frekari tilslökun. Þetta hefur allt verið gert vegna þess, að báðir aðilar, eins og ég sagði áðan, hafa eftir þessu leitað.

Enn fremur er það viðurkennt í ríkisstj., þó að skriflega hafi ekki verið um það samið enn, að óréttlátt sé að taka af togaraflotanum í þennan fæðispeningasjóð, sem eingöngu rennur til bátaflotans, þar sem nokkrum árum áður en fæðispeningar, daggreiðslan kom til greina á bátaflotanum, hafði verið samið um frítt fæði um borð í togurum. Í þetta hefur verið látið skína munnlega við samningsaðila, að ríkisstj. mundi beita sér fyrir breytingum á þessu eða endurgreiðslu til togaraflotans. Öll hafa þessi fyrirheit verið bundin því skilyrði, að þau væru þáttur í lausn deilunnar. Þrátt fyrir þessi fyrirheit hefur því miður ekki tekizt að leysa allar þessar deilur, þó að góðar líkur séu taldar á því, að deilurnar á bátaflotanum séu til endanlegrar lausnar nú á allra næstu dögum.

Um deiluna á togaraflotanum er erfiðara að spá. Það mál er flóknara en svo, að um það sé heppilegt að ræða undir þessum dagskrárlið.

En því minnist ég á þessi atriði hér, að fæðisdagpeningagreiðslurnar gætu fléttazt inn í þetta frv., þannig að ég vil á þessu stigi málsins mælast til þess við hæstv. forseta hv. þd., að hann fresti endanlegri afgreiðslu málsins enn um nokkra hríð, þar til séð verður, hvort umrædd fyrirheit ríkisstjórnarinnar kunni að hafa nokkur áhrif á lausn þessara deilna.

Varðandi þá brtt. til hækkunar á framlagi ríkissjóðs, sem birtist á þskj. 391, vil ég aðeins segja þetta: Allir þessir sjóðir, sem myndaðir eru með svipuðum hætti og aflatryggingasjóður og fjármagnaðir eru t. d. með útflutningsgjaldi eða öðru slíku, verða að gera spár fram í tímann, og er nokkuð óvíst frá ári til árs um afkomu þessara sjóða og hvers þeir reynast megnugir. Ég tel, að það sé óþarft að flytja slíka brtt. eins og á þessu þskj. kemur fram, með hliðsjón af ákvörðun sjóðsins á s. l. ári. En ég tek undir það með hv. frsm. meiri hl. n., að ekki skal standa á mér — eigi ég hér þá sæti á hv. Alþ. — að stuðla að leiðréttingu á því, ef umrætt ríkisframlag, eins og gert er ráð fyrir því í frv., dugar ekki. Það hefur ávallt verið svo, að um framtíð þessara sjóða, sem eru jafnmiklir happdrættissjóðir og þessir sjóðir hljóta ávallt að vera, og yfirleitt allt í kringum okkar aflabrögð, — bæði aflamagn, verðmæti þess á erlendum vettvangi og jafnvel veðurfar hefur áhrif á afkomu þessara sjóða — um framtíð þessara sjóða verður að spá, og það er talið, með hliðsjón af s. l. ári, að með samþykkt þessa frv. gæti sjóðurinn staðið undir þeim skyldum, sem honum eru ætlaðar. Þess vegna álít ég brtt. óþarfa, auk þess sem þegar hefur verið ákveðin í fjárlögum, sem afgreidd eru frá Alþingi, sú upphæð, sem gert er ráð fyrir til framkvæmda þessara laga. Og það er ekki fyrr en á næstu fjárl., sem hægt yrði að breyta framlögum ríkissjóðs, því að Alþ. hefur þegar sagt sitt álit á því, hvert það skuli vera og brtt. er þess vegna að þessu leyti of seint fram komin miðað við samþykkt þessa frv. Sýni það sig hins vegar við samningu næstu fjárlaga á síðari hluta þessa árs, að þær spár, sem um sjóðinn hafa verið gerðar og eru eitt af grundvallaratriðum þessa frv., standist ekki, þá ber Alþ. að leiðrétta það eftir á eins og það hefur orðið að gera á undanförnum árum.

Ég endurtek svo að lokum þakkir mínar til n. fyrir það starf, sem hún hefur lagt í skoðun þessa frv., og tel, að þær brtt., sem hún leggur til á þskj. 385, séu allar til bóta, en vil jafnframt óska eftir því, að frv. verði, þrátt fyrir alllanga veru hér í hv. þd., frestað nú um nokkurt skeið, ef breytingar á einhverjum atriðum í þessu frv. gætu orðið til þess að stuðla að lausn þeirra deilna, sem yfir standa í íslenzkum sjávarútvegi í dag.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 385,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 391 felld með 9:9 atkv.
8. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
9.—12. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 385,2 (ný 13. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 385,3 (ný gr., verður 14. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 385,4 samþ. með 18 shlj. atkv.
14. gr. (verður 15. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 385,5 samþ. með 18 shlj. atkv.
15. gr. (verður 16. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 385,6 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 3. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 57. fundi í Ed., 4. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 411).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 56. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 58. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur verið afgreitt frá hv. Ed. eftir alllanga veru þar, enda leitaði n. álits margra aðila, ég hygg flestra þeirra, sem máli skipta, og gerði á því nokkrar breyt., sem samþykktar voru við meðferð málsins í þeirri hv. þd. og ég tel persónulega, að flestar séu til bóta og varða sérstaklega framkvæmdahlið málsins. Það má segja, að um þessi lög hafi á undanförnum árum ekki verið sérstaklega miklar deilur. Þær aths. og deilur, sem upp hafa komið, hafa fyrst og fremst verið í sambandi við framkvæmd laganna, og meginefni till. sjútvn. Ed. er það að tryggja eða setja öruggari ramma um framkvæmd þessara laga. Enn fremur eru hér í þessari hv. þd., að ég hygg, a. m. k. tvö þmfrv., sem ég bið hv. n., sem málið fær til meðferðar, að taka til athugunar og kanna, hvort ekki megi ganga til móts við þær óskir, sem þar koma fram um breytingar á lögunum. Það lá ljóst fyrir við 3. umr. málsins í Ed., að af þessum tvennum ástæðum gætu orðið á frv. breytingar hér í hv. þd., og þar var þess vegna ekki tekið inn það nýjasta ákvæði, sem nauðsynlegt er að setja vegna þeirra loforða, sem ríkisstj. gaf í sambandi við lausn togaradeilunnar, um að beita sér fyrir tilteknum breytingum, sem fyrst og fremst snerta fæðispeningadeild þessa sjóðs. En ríkisstj. hét því að gera till. til þingsins um ákveðnar breytingar, og um þær hefur nú hv. sjútvn. verið skrifað og hún beðin um að taka þær inn í sínar brtt. hér í þeirri von, að málið fáist afgreitt á þessu þingi, sem ég tel brýna nauðsyn bera til, og ef allt hefði verið með eðlilegum hætti, þá hefði þurft að ljúka þessu máli fyrir áramót, en héðan af er ekki um það að sakast. En ég mælist til þess við n., að hún athugi í fyrsta lagi það bréf, sem sjútvn. hefur til hennar sent um breytingar á l. til að ganga til móts við þá kjarasamninga, sem gerðir voru við yfirmenn á togaraflotanum, og þær brtt., sem hér liggja frammi í frumvarpsformi.

Upphaf þessa máls er það, að 31. marz 1965 var samþykkt svo hljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa 7 manna n. til að endurskoða lög nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, og gera till. um breytingar, eftir því sem henni þykir ástæða til. Formaður skal skipaður án tilnefningar, en aðrir nm. samkv. tilnefningu Fiskifélags Íslands, Alþýðusambands Íslands, Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna og Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, einn frá hverjum aðila. N. skal sérstaklega gera sér far um að kynna sér skoðanir útvegsmanna og sjómanna í einstökum landshlutum varðandi málið og reynslu þeirra af starfsemi hlutatryggingasjóðs og síðar aflatryggingasjóðs."

Þetta var meginverkefni n. í því 5 ára starfi, sem liggur að baki þessu frv., sem hér um ræðir.

Í II. kafla frv. eru felld inn ákvæði l. nr. 74 frá 28. maí 1969 um greiðslu fæðiskostnaðar bátasjómanna, en þau voru sett í framhaldi af kjarasamningum útvegsmanna og bátasjómanna veturinn 1969 og tildrögin voru þau sömu og nú við þessa kjarasamninga, þ. e. a. s. að samningsaðilar báðir ákváðu að fara þess á leit við ríkisstj., að hún beitti sér fyrir umræddum lagabreytingum. Í sambandi við þessar vinnudeilur eða samningaviðræður kom það oft fram í umr. manna á meðal, að ríkisstj. ætti að gera breytingar á umræddum lögum. En stefna hennar var sú og svör hennar ávallt þau frá því að þessi ósk var fyrst borin fram, að þegar fram kæmu sameiginleg tilmæli frá báðum aðilum, mundi ríkisstj. kanna í samráði við Alþ., hvort þær breytingar næðu fram að ganga.

Ég tel að öðru leyti óþarft að fara mörgum orðum um einstakar gr. frv. Þær eru rækilega skýrðar í aths., sem frv. fylgja, og þurfa ekki sérstakra skýringa við, eru sumpart til orðnar til staðfestingar á ríkjandi ástandi, sem áður hefur verið rætt hér á Alþ.

Ég óska þess að lokum, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til sjútvn. með 25 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 411, n. 555, 556).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. sjútvn. á þskj. 555, þá mælir n. með frv. með þeim breytingum, sem hún flytur á þskj. 556. Einstakir nm. áskilja sér þó rétt til að fylgja frekari brtt., sem fram kynnu að koma við þetta mál.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það, að aflatryggingasjóður sjávarútvegsins gegnir mikilsverðu hlutverki fyrir sjávarútveginn, einkum þegar svo ber undir, að sveiflur verða í aflabrögðum, annaðhvort yfir landið allt eða í einstökum landshlutum. Það er þegar komin alllöng reynsla af starfsemi sjóðsins. Hann hefur að vísu starfað eftir býsna margbrotnum og flóknum reglum, sem oft hefur e. t. v. þurft að hnika til í framkvæmd, en við endurskoðun þá á lögum um aflatryggingasjóð, sem hér liggur fyrir, hefur verið stuðzt við þá reynslu, sem fengizt hefur af starfsemi sjóðsins. Lögin eru búin að vera lengi í endurskoðun. Mig minnir, að endurskoðunin hafi hafizt árið 1965, og frv. um þetta efni hefur áður legið fyrir hv. Alþ., þannig að góður tími hefur gefizt til þess að athuga það frá ýmsum hliðum, og þær ábendingar, sem áður hafa komið fram við meðferð málsins, hafa, að ég hygg, að verulegu leyti verið teknar til greina af endurskoðunarnefndinni. Þess vegna er það svo, að þótt þetta frv. hafi legið hjá hv. Ed. frá því snemma á þessu þingi, þá hefur sjútvn. þeirrar d. ekki gert verulegar breytingar á því, heldur aðeins minni háttar leiðréttingar.

Ég vil taka það fram, að það má vel vera, að sjútvn. þessarar hv. d. hefði gert víðtækari brtt. við frv., ef hún hefði haft rýmri tíma til skoðunar á því en raun ber vitni. Ég skal ekki orðlengja um það, en niðurstaða okkar hefur orðið sú, að takmarka okkur við þær brtt., sem fram eru bornar á þskj. 556, og skal ég með örfáum orðum gera grein fyrir þeim brtt.

1. till. er við 9. gr. frv. Hún er um það, að síðasta setningin í þeirri gr., sem hljóðar svo: „Heimild þessi nái aftur til 10. maí 1969," falli niður. En í þessari gr. er gert ráð fyrir, að stjórn sjóðsins sé heimilt að greiða bætur til báta, sem hafa þurft að hætta veiðum á tilteknum veiðisvæðum, hafi svæðin verið friðuð um tiltekinn tíma vegna hrygningar nytjafiska. N. varð sammála um, að ekki væri rétt að tímabinda þetta eins og gert er í gr., þannig að þetta verkaði aftur fyrir sig til þessa dags, 10. maí 1969. Það þýðir þó ekki, að n. telji, að vegna þeirrar niðurfellingar, ef samþykkt verður, sé sjóðsstjórninni óheimilt að greiða bætur aftur fyrir sig, hafi verið gefinn einhver ádráttur um slíkt. Þarna getur ekki verið nema um óverulegar bætur að ræða, þar sem upphæðin, sem miðað er við hverju sinni, er aðeins 1 millj. kr.

Þá er það 2. brtt. n., sem er við 12. gr. frv. Þar er lagt til að breyta þeim tölum, þ. e. a. s. grunntölum, sem greiddar eru í fæðispeninga eða fæðiskostnað sjómanna. Lagt er til, að í stað 100 kr. í a-lið 17. gr. komi 120 kr., — þetta á við það, þegar greiddur er fæðiskostnaður á bátum yfir 151 brúttórúmlest, — og að í stað 85 kr. í b-lið sömu gr. komi 100 kr., en það á við á bátum, sem eru allt að 150 rúml. og kjarasamningar sjómanna taka til. Þessar breytingar eru teknar þarna inn að beiðni hæstv. ríkisstj., en þessi hækkun á hlutdeild í fæðiskostnaði sjómanna, sem greidd er úr áhafnadeild, er gerð í framhaldi af samkomulagi, sem gert var í kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna nýlega. Eins er ástatt um fyrri mgr. í brtt. sjútvn. við bráðabirgðaákvæði frv., þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn aflatryggingasjóðs er heimilt með samþykki sjútvrn. og samkv. reglum, sem það setur, að greiða til togara úr áhafnadeild sjóðsins framlag, sem nemur þeirri fjárhæð, sem ætla má að renni til hennar af öllum útflutningsafurðum togaraafla."

Þessi brtt. er einnig flutt að beiðni hæstv. ríkisstj. og loforð hennar um það, að þetta ákvæði yrði tekið upp, mun hafa verið einn þáttur í lausn togaradeilu þeirrar, sem nýlega stóð milli yfirmanna á togurum annars vegar og togaraútgerðarfyrirtækja hins vegar. En svo sem kunnugt er, hafa runnið til áhafnadeildarinnar útflutningsgjöld, fyrst 1% og nú 1.5%, af allri útflutningsframleiðslu, þ. á m. útflutningsframleiðslu, sem kemur frá togaraflotanum. Togararnir hafa aftur á móti ekki fengið neinar bætur úr áhafnadeild. Með því að taka þessa heimild upp í bráðabirgðaákvæði frv. er sem sé gert ráð fyrir, að þetta gjald endurgreiðist, að því er togarana varðar.

Þá leggur n. til breytingu á 2. og 3. mgr. 17. gr., sem felur það í sér, að áhafnadeildin taki upp greiðslu á hluta af fæðiskostnaði vegna opinna vélbáta með 85 kr. á hvern róður og áhafnarmann. Eins og kunnugt er, hefur áhafnadeildin ekki greitt hluta af fæðiskostnaði nema til þilfarsbáta fram að þessu. Þetta hefur skapað talsvert mikið óréttlæti, því að það er þannig með þá, sem stunda fiskveiðar á opnum bátum, að þeir hafa greitt gjald til sjóðsins eins og ég gat um áðan að togaraútgerðin hefði gert, en ekki fengið bætur úr sjóðnum. Samkv. þessari till. n., ef samþ. verður, munu þeir fá bætur frá ársbyrjun 1971. Ég þarf ekki að rekja ástæðurnar fyrir því, hvers vegna þessi mismunun hefur átt sér stað. Stofnun áhafnadeildarinnar er upphaflega komin inn í þessi lög vegna kjarasamninga útvegsmanna og sjómanna, þar sem báðir aðilar komu sér saman um að fara fram á það, að slík deild yrði stofnuð við aflatryggingasjóð og greiðslur á hluta af fæðiskostnaði sjómanna færu fram með þeim hætti, sem hefur tíðkazt síðan. — Mig minnir, að það hafi verið í febrúar 1969, sem þessi ákvæði komu fyrst til framkvæmda.

Það hefur komið fram hér, að ýmsum finnst þetta fyrirkomulag óæskilegt og eru andvígir því. Ég get fyrir mitt leyti að ýmsu leyti tekið undir það og

sérstaklega vegna þess, að eins og fram hefur komið í því, sem ég hef sagt hér á undan, þá hefur fyrirkomulagið í mörgum tilfellum skapað margs konar misrétti. Á s. l. ári var reynt að draga nokkuð úr þessu misrétti með því að ákveða, að áhafnadeildin skyldi greiða eigendum fiskibáta með þilfari, sem ekki hafa lögskráningarskyldu, hluta af fæðiskostnaði þeirra, 85 kr. á úthaldsdag og áhafnarmann. Þessu ákvæði er í till. sjútvn. haldið algerlega óbreyttu, eins og það var samþ. á s. l. ári. Ég vil þó geta þess í sambandi við þá bátastærð, sem það ákvæði á við, að í framkvæmd hefur það komið þannig út, að þeir hafa ekki allir fengið bætur úr áhafnadeildinni. Stafar það af því, að samkv. ákvæðum gr. ber eigendum umræddra báta að tryggja áhafnir þeirra sömu slysatryggingum, svo og líf- og örorkutryggingum, sem samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna. Meðal þeirra trygginga, sem samið er um í þeim kjarasamningum, sem þarna er vísað til, eru svokallaðar ábyrgðartryggingar. Nú hefur það sýnt sig, að í mörgum tilfellum, þegar útgerðarmenn minni báta hafa ætlað að fá ábyrgðartryggingar hjá tryggingafélögum, þá hefur þeim verið bent á, að í þeim tilfellum, þar sem eingöngu eru eigendur á bátunum, þá hafi ábyrgðartryggingarnar ekkert gildi, því að þær eru þess eðlis, að þær gilda eingöngu gagnvart þriðja aðila. Þessir aðilar hafa síðan ekki getað lagt fram vottorð um það hjá áhafnadeildinni, að þeir hefðu ábyrgðartryggingar og því ekki fengið bætur úr sjóðnum. Nú höfum við í sjútvn. þessarar hv. d. undir meðferð málsins rætt þetta mál við Fiskifélagið, eða þá aðila þar, sem mest hafa með áhafnadeildina að gera, og við höfum gert þeim grein fyrir þeirri skoðun okkar, að það sé ekki ætlunin, að menn verði sviptir bótum úr áhafnadeildinni, enda þótt þeir hafi ekki getað fengið ábyrgðartryggingarnar af þeim ástæðum, sem ég gat um áðan. Eins og vikið er að í nál. okkar, þá er það a. m. k. eindregin skoðun sjútvn., að í framkvæmd verði að sjá í gegnum fingur með þetta, en hins vegar leggja þeim mun meiri áherzlu á, að aðrar tryggingar, sem um er samið í samningum stærri bátanna, þ. e. a. s. slysa-, líf- og örorkutryggingar, séu einnig í lagi hjá minni bátunum, eigi þeir að fá bætur úr áhafnadeildinni.

Sjútvn. hefur haft til meðferðar frv., sem flutt var snemma á þessu þingi af hv. 9. landsk. þm., Braga Sigurjónssyni, varðandi bætur úr áhafnadeild vegna opinna vélbáta. Með því að taka ákvæði um það upp í till. sjútvn. telur n. sig hafa afgreitt það mál fyrir sitt leyti. Hef ég leyfi til þess fyrir hönd hv. 9. landsk. þm. að láta það koma fram hér, að hann sættir sig mjög vel við þessa afgreiðslu málsins, enda þótt bótagreiðslur til opinna báta séu í till. n. háðar mun strangari skilyrðum en hann setti fram í sínu frv. Það er gert ráð fyrir, að til þess að opnu bátarnir geti fengið þessar bætur, þurfi þeir að vera skráðir (nafn og umdæmisnúmer) og að þeim sé haldið út til fiskveiða, annarra en grásleppuveiða, minnst 3 mánuði á ári og að þeir fullnægi að öðru leyti sömu skilyrðum og tilgreind eru í lögum varðandi stærri bátana, þ. e. að því er þær tryggingar varðar, sem ég minntist á áðan. Þá er þess að geta, að í framhaldi af kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna er gert ráð fyrir, að á þær bætur, sem nú verða mismunandi háar eftir bátastærð, þ. e. 85, 100 og 120 kr. sem grunnbætur, greiðist hækkun í samræmi við fæðislið framfærsluvísitölu frá 1. jan. 1970. Þetta ákvæði er tekið inn í brtt. n. í framhaldi af kjarasamningum útvegsmanna og sjómanna.

Loks vil ég vekja athygli hv. dm. á síðari mgr. í brtt. okkar við bráðabirgðaákvæði, en þar leggur n. til, að stjórn sjóðsins verði heimilt með samþykki rn. og samkv. reglum, sem það setur, að endurgreiða ⅔ hluta prósentugjalda af útflutningi til aflatryggingasjóðs og áhafnadeildar, þegar um er að ræða niðursoðnar og niðurlagðar sjávarafurðir. Umrædd gjöld, sem lögð eru á fyrir þessa sjóði, eru ekki útflutningsgjöld í venjulegum skilningi, þannig að þau séu til þess að afla ríkinu tekna, heldur renna þau aftur í einu eða öðru formi til útgerðarinnar sjálfrar. Í þessu tilfelli er um að ræða 1¼% gjald, sem rennur í aflatryggingasjóð og 1.5% gjald, sem rennur til áhafnadeildar vegna fæðiskostnaðar sjómanna. Þetta eru samtals 2¾, og að sjálfsögðu er það tilfinnanlegt gjald, einkum þegar um er að ræða mikið unna vöru eins og niðurlagðar og niðursoðnar sjávarafurðir. Það er ríkjandi mikill áhugi fyrir því að fullvinna sjávarafurðir sem allra mest og reyna þannig að komast inn á nýja markaði, en þetta gjald leggst af augljósum ástæðum því þyngra á vöruna sem hún er meira unnin. Þess vegna var það samdóma álit sjútvn., að það ætti að létta þessu gjaldi að verulegu leyti af þessari starfsemi, og till. okkar um, að það megi endurgreiða allt að ⅔ hluta af gjöldunum miðast við það, að af þessari framleiðslu sé reiknað gjald, sem svarar til þess, að greitt sé af hráefnisverðinu.

Ég vona, herra forseti, að þessar brtt. sjútvn., sem ég hef nú gert grein fyrir, fái góðar undirtektir hv. d. og að málið hljóti afgreiðslu með þessum brtt.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki vera margorður um þetta mál. Eins og tekið var fram af hv. frsm. n., þá er þessi endurskoðun laganna búin að vera alllengi í deiglunni eða síðan á árinu 1965, að ákveðið var að skipa n. til þess að endurskoða lögin, og í frv. eru ekki neinar stórvægilegar breytingar á þeim meginreglum, sem gilda um aflatryggingasjóð og bætur úr honum. En mig langar til þess að þakka n. fyrir það, að hún hefur tekið inn í brtt. sínar ákvæði, sem, ef samþykkt verður, á að ráða nokkra bót á því óréttlæti, sem útgerðarmenn opinna vélbáta voru beittir, þar sem greitt var gjald af afla þeirra í sjóðinn, án þess að þeir nytu bóta úr áhafnadeild. Upphaflega náðu þessi ákvæði um bætur úr áhafnadeild aðeins til skráðra vélbáta, en svo var þessu í fyrra breytt þannig, að þessi ákvæði næðu til allra báta með

þilfari. Þá leyfði ég mér að flytja brtt. þess efnis, að ákvæðin skyldu einnig ná til opinna vélbáta, en sú brtt. var þá felld hér í hv. d. Þess vegna vil ég nú þakka fyrir það, að nú skuli hafa verið tekið undir þessa till., þó að ég hefði að vísu kosið ákvæðin nokkuð á annan veg en þau eru.

Hv. frsm. gat um það, að nokkrar hömlur væru á því, að eigendur hinna minni báta gætu notið þessara bóta í sambandi við áhafnirnar og um ábyrgðartryggingar og sagði, að n. hefði rætt við hlutaðeigandi aðila um það, að lögin yrðu ekki mjög stranglega framkvæmd að þessu leyti. Ég vil nú skjóta því til n., hvort ekki væri réttara eða hvort nokkuð væri til fyrirstöðu að setja það beinlínis í lög, sem hv. frsm. gat um, að n. hefði rætt við Fiskifélagið um þetta mál.

Í grg. þessa frv., eins og það var lagt fyrir, eru m. a. umsagnir ýmissa aðila, sem hafa fengið þetta mál til umsagnar frá endurskoðunarnefndinni. Og ég vil spyrjast fyrir um það í því sambandi, hvort n. hafi nokkuð athugað sérstaklega þá umsögn, sem á sínum tíma kom frá fjórðungsþingi fiskideildar í Norðlendingafjórðungi um þetta mál. Ef ekki kemur svar við þessu nú, má vera að ég inni eftir þessu nánar við 3. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 65. fundi í Nd., 19. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 556,1 samþ. með 28 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
10.—11. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 556,2 samþ. með 28 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
14.—16. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 556,3 samþ. með 24 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða, svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 603).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Við athugun sjútvn. á frv. um aflatryggingasjóð milli umr. hefur komið í ljós, að nauðsynlegt er að gera smábreytingu á einu atriði. Vil ég leyfa mér fyrir hönd sjútvn. að bera hér fram skriflega brtt. varðandi þetta og fara þess á leit, að leitað verði afbrigða fyrir henni, þannig að hún geti komið hér til umr. og afgreiðslu. Brtt. er svo hljóðandi:

„Við 12. gr. (2. mgr. 17. gr.). Í stað orðanna „áhafnir bátanna hafi fulla atvinnu af þessum störfum eigi skemmri tíma en 5 mánuði á ári“ komi: að bátar þessir hafi verið gerðir út eigi skemmri tíma en 5 mánuði á ári.“

Þetta atriði snertir áhafnadeild aflatryggingasjóðs og greiðslu hluta af fæðiskostnaði áhafna á minni bátum. Eins og vitnað er til í brtt., stendur í lagabreytingu, sem hv. Alþ. samþykkti í fyrra, að greiðslur vegna báta af þessari stærð skuli m. a. bundnar því skilyrði, að „áhafnir bátanna hafi fulla atvinnu af þessum störfum eigi skemmri tíma en 5 mánuði á ári.“ Þetta hefur orðið til þess í framkvæmd, að menn, sem ekki hafa verið óslitið á þessum bátum, hafa ekki fengið þessar greiðslur, en það var alls ekki það, sem fyrir mönnum vakti, þegar samþykkt var að taka upp greiðslur til áhafna á þessum bátum, heldur hitt, að bátarnir hefðu verið gerðir út eigi skemmri tíma en 5 mánuði á ári. Brtt. sú, sem ég ber hér fram fyrir hönd sjútvn., miðar að því að bæta úr þessu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 629) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 629 samþ. með 24 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 36. fundi í Sþ., 23. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 631).

Á 72. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta er á ný komið í hv. d. eftir afgreiðslu þess í Nd. og hefur tekið nokkrum breytingum, flestum minni háttar. En meginbreytingin, sem gerð var í d., var að bæta við skipum, er ekki hafa lögskráningarskyldu, og sömuleiðis opnum vélbátum, en þessi skip hafa hingað til ekki fengið neinar greiðslur úr sjóðnum. Ég tel, að þrátt fyrir þessar breytingar, sem að ýmsu leyti séu til bóta, sé ekki vert að tefja framgang málsins frekar en orðið er, heldur beri að samþykkja það eins og það er nú og má segja, að í þessu efni sé það aðalatriðið, að það er bætt fleiri bátum inn í en áður var. Annars er rétt að taka það fram, að stjórn sjóðsins er í dálitlum vanda með að setja reglur um, hvernig að þessu skuli staðið, en vonandi fæst niðurstaða um það, að hægt verði að uppfylla ákvæði frv.

Mín till. er sem sagt sú, að það verði samþ. eins og það kom frá Nd.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 645).

30. Afstaða foreldra til óskilgetinna barna.

Á 15. fundi í Ed., 12. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 87 frá 5. júní 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna [121. mál] (stjfrv., A. 130).

Á 19. fundi í Ed., 19. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það er raunverulega það sama um þetta frv. að segja eins og um frv. til l. um breytingu á almannatryggingalögum, sem við vorum að ræða hér áðan. Hvor tveggja þessi frv. eru nokkurs konar fylgifiskar með frv. um Innheimtustofnun sveitarfélaga, sem hér var til umr. einnig nú. Það er ekki nein breyting eða nein ný ákvæði í þessu frv., nema þau, sem leiða af samþykkt frv. um Innheimtustofnun sveitarfélaga.
Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, aðeins að leggja til, að frv. verði vísað að lokinni umr. til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 26. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 130, n. 187).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Á þskj. 187 kemur fram, að heilbr.- og félmn. hefur athugað frv. um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna og leggur til, að frv. verði samþ. shlj. til 3. umr. Þetta er fylgifiskur við hin tvö frv., sem við vorum hér áðan að vísa til 3. umr. og þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta frv., því að það er eðlileg afleiðing af samþykkt hinna.
Að svo mæltu legg ég til, að því verði vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 25. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 28. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 29. fundi í Nd., 11. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta litla frv. ásamt frv. um almannatryggingar, eða breyting á þeim lögum, eru fylgifiskar við frv. um Innheimtustofnun sveitarfélaga, sem var lagt hér fram í dag, og þessi tvö frv. fjalla eingöngu um formbreytingar á þessum tvennum lögum, lögum um almannatryggingar og um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna. Þessar breytingar á lögunum leiða af stofnsetningu Innheimtustofnunar sveitarfélaga og eru eingöngu til þess að færa lögin til samræmis við hina nýju tilhögun, þegar innheimtustofnunin er tekin til starfa, og er ekkert nýtt annað í frv.
Ég vil þess vegna leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 27 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 130, n. 559).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 65. fundi í Nd., 19. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 559 samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 602).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 71. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 73. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 657).

31. Olíuhreinsunarstöð.

Á 1. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um olíuhreinsunarstöð á Íslandi [7. mál] (stjfrv., A. 7).

Á 3. fundi í Nd., 19. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Hér er endurflutt frv. frá síðasta þingi, frv. til l. um olíuhreinsunarstöð á Íslandi. Ég þarf að þessu sinni ekki að hafa mörg orð til að fylgja því úr hlaði og get á vissan hátt vitnað til þeirrar ræðu, sem ég hélt á s. l. þingi, þegar frv. var lagt fram, en það var gert í lok þingsins með það fyrir augum, að menn hefðu aðstöðu til þess að kynna sér það, sem hér væri á döfinni, án þess að þá væri ætlazt til þess eða talið eðlilegt, að frv. næði fram að ganga. Hins vegar held ég, að það sé kominn tími til þess að taka málið alvarlegum tökum og reyna að fá það afgreitt á þessu þingi.

Það að byggja olíuhreinsunarstöð á Íslandi er nokkuð gamalt mál, og sérstaklega má segja, að á síðasta áratug hafi ýmsir hugað að því og ýmsar athuganir farið fram á því, hvort hér væri um hagkvæmt fyrirtæki fyrir Ísland að ræða. Hins vegar hefur þetta ekki orðið raunhæft, að hafizt væri handa um byggingu slíks fyrirtækis, en það eru ein tvö ár síðan iðnrn. tók sér fyrir hendur sérstaklega að taka við, þar sem aðrir höfðu við skilið og framkvæma allýtarlega athugun á hagkvæmni slíkrar stöðvar hér og hvaða gildi hún út af fyrir sig gæti haft og einnig frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Það, sem hér er um að ræða, er samkv. frv., að ríkisstj. skuli beita sér fyrir stofnun hlutafélags, sem væri eins konar undirbúningsfélag að því, að reist yrði olíuhreinsunarstöð á Íslandi. Það er skoðun okkar, sem unnið höfum að þessu í iðnrn., að rn. geti lítið meira lagt af mörkum heldur en það hefur gert með athugun og könnun þessa máls. Til þess að fá endanlega úr því skorið, hvort hér væri um hagkvæmt fyrirtæki að ræða eða ekki, bæði sem slíkt og einnig þjóðhagslega, þá þyrfti að koma á laggirnar svona undirbúningsfélagi og einhverju yrði þar til að kosta, en auðvitað mundi það vinnast upp, ef olíuhreinsunarstöð kemst á laggirnar og verður talin hagkvæm.

Mér er alveg ljóst, að sumir hafa haft vissar áhyggjur vegna erlendra viðskipta okkar og þá alveg sérstaklega vegna kaupa okkar á olíum frá Sovétríkjunum. Menn hafa óttazt, að slíkt fyrirtæki sem þetta kynni að trufla eitthvað viðskipti okkar við Sovétríkin, og kannske alvarlega í sambandi við þá miklu og hagkvæmu sölu, sem við höfum haft á frosnum fiski til Sovétríkjanna. En ég vil taka það sérstaklega fram, að það hefur ævinlega verið haft í huga að miða við, að viðskiptin yrðu að sem mestu leyti hvað þessu viðvíkur óbreytt við Sovétríkin. Við tókumst á hendur ferð til Finnlands, aðstoðarmenn mínir og ég sjálfur á s. l. hausti einmitt til þess að kanna reynslu Finna af þeirra olíuhreinsunarstöðvum, sem þá voru orðnar tvær, hvernig þær hefðu þróazt, en langmestur hlutinn af hráolíu þeirra eða jarðolíunni er keyptur frá Sovétríkjunum, ef ég man rétt a. m. k. um 75%, en þó eitthvað frá Mið-Asíu og eitthvað smávegis frá Venezuela. Um tíma var talið, að það þyrfti að byggja þessi fyrirtæki mismunandi eftir því, hvort olían væri keypt að austan eða vestan. Reynsla okkar af þessu ferðalagi, sem ég vitnaði til, var sú, að það væri alls ekki um það að ræða, og reynsla Finna af viðskiptum við Sovétríkin, kaupum á hráolíu, hefur verið góð, að ég hygg. Finnar byrjuðu á því að byggja litla stöð 1955 eða þar um bil, fyrir u. þ. b. 700—800 þús. tonna ársframleiðslu. Sú stöð hefur verið stækkuð og framleiðir nú um 3 millj. tonna árlega, og svo er byggð önnur stöð, sem er núna með sennilega eitthvað um 6 millj. tonna ársframleiðslu, þannig að þeir hafa smám saman orðið sjálfum sér nógir um hreinsun olíu fyrir sig og þessi olíufyrirtæki þeirra eða olíuhreinsunarstöðvar eru með stærstu og hagkvæmustu fyrirtækjum, sem nú eru rekin í Finnlandi.

Við höfum gert ráð fyrir því hér að byrja á að byggja olíuhreinsunarstöð, ekki í svo stórum stíl, heldur aðeins miðaða við innlendan markað, ef ekki væri um annað að ræða, stöð með 500—600—700 þús. tonna framleiðslu, en auðvitað getur á því orðið breyting undir meðferð málsins hjá undirbúningsfélagi, ef það kæmist á laggirnar, m. a. vegna þess, að það er hugsanlegt og það hefur stundum verið í hugum manna, að við gætum haft samvinnu við einhvern erlendan aðila, sem gæti lagt með sér einhvern olíumarkað, sem þyddi það, að hér væri hægt að byggja miklu stærri stöð. Og það er rétt, að almennt eru stöðvarnar hagkvæmari eftir því sem þær eru stærri.

En þegar ég sagði áðan, að ég teldi, að við kæmumst lítið lengra af hálfu rn. í þessu máli, átti ég við það, að það sé búið að safna það miklu efni á margvíslegan hátt um byggingu slíkrar olíuhreinsunarstöðvar, að það verði að vera til lögfræðilegur aðili, svona undirbúningsfélag eins og ég hef talað um, til þess að ganga endanlega úr skugga um hagkvæmni á rekstri slíkrar stöðvar út af fyrir sig og áhrif hennar í sambandi við erlend viðskipti okkar að öðru leyti.

Það er gerð grein fyrir því í fskj. þessa frv. og grg., að hér geti verið um allverulega hagkvæmni fyrir okkur að ræða, bæði frá gjaldeyrislegu sjónarmiði séð og einnig þegar litið er á vinnuaflið, sem til slíkrar stöðvar þarf. Þó að það sé ekki mikið, þá er þó á það að líta, að viðhaldið er töluvert í slíkum stöðvum og við sáum það greinilega, þegar við vorum á okkar ferð í Finnlandi á sínum tíma, að þetta er allverulegur mannafli, sem þarf á að halda, við slík fyrirtæki, þegar þau eru komin upp, og verulegan mannafla þarf til þess meðan á byggingartímanum stendur. Um þetta skal ég ekki fara neitt ítarlegri orðum hér. Við höfum reynt að leggja fram grg. um markaðinn hér á landi. Frv. er óbreytt frá síðasta þingi, en hins vegar hafa verið leiðréttar

misfellur, sem á því voru, tölulegar misfellur í fskj., eins og vikið er að í aths. við frv. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að hafa um þetta fleiri orð nú, en ég vil alvarlega biðja þá n., sem fær þetta mál til meðferðar, að íhuga það að vinna að því af oddi og egg nú strax á fyrri hluta þingsins að gera sér grein fyrir, hvort við séum ekki hér á réttri leið með því að mynda slíkt undirbúningsfélag. Það má segja, að það sé ekki hundrað í hættunni, því að ef slíkt undirbúningsfélag, sem hefur betri aðstöðu heldur en rn. með litlum mannafla hefur til þess að gera sér endanlega grein fyrir hagkvæmni fyrirtækisins út af fyrir sig og frá þjóðhagslegu sjónarmiði, ef það kæmist að þeirri niðurstöðu, að þetta mætti eitthvað bíða, þá er hægt að doka við með slíka framkvæmd eins og þessa. Ég er sjálfur þeirrar skoðunar, að það muni mjög skammt í land, enda þótt einhver bið kynni að verða á því, að við gætum reist slíka olíuhreinsunarstöð og haft af henni bæði hag og gagn.

Málið tel ég rétt að fari til hv. iðnn. þessarar d. og vil leyfa mér að leggja til, herra forseti, að málinu verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og hv. iðnn.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Eins og hæstv. iðnrh. gat um, hefur þetta mál verið til umr. um alllangt skeið, s. l. áratug a. m. k. Hafa verið framkvæmdar allmiklar athuganir og kannanir á þessu máli, og þar hefur hlutur ríkisins að sjálfsögðu verið mestur undanfarin ár. Nú er lagt til, að gerðar verði sérstakar ráðstafanir til þess, að hægt verði að ráðast í enn umfangsmeiri kannanir með því að stofna sérstakt undirbúningsfélag, sem gæti svo e. t. v. þróazt upp í það félag, sem kynni að reisa slíka stöð og reka hana síðar.

Nú getur það vafalaust verið skynsamlegt í sjálfu sér að vinna þannig að þessu, að fela sérstöku undirbúningsfélagi að fjalla um frekari rannsóknir. Þetta er vafalaust mjög umfangsmikið verk og verður ekki unnið að gagni, nema sett verði það skipulag, sem til þarf. En það breytir engu um það, að það hlýtur að verða íslenzka ríkið, sem verður eftir sem áður aðalaðili bæði að því að rannsaka þetta mál og eins að framkvæmdunum, ef úr verður síðar. Þess vegna vil ég vekja athygli manna á því ákvæði, sem stendur í 2. gr. þessa frv., en þar segir svo í síðustu setningunni:

„Þó skal ekki minna en 51% af hlutafé félagsins jafnan vera í eigu ríkisins eða innlendra aðila og stjórn þess skipuð fulltrúum þess eða þeirra að meiri hluta."

Þarna er ekki tiltekið, að ríkið verði að hafa meiri hluta í þessu félagi. Þarna er ráð fyrir því gert, að innlendir einstaklingar og erlendir aðilar geti haft sameiginlegan meiri hluta í slíku félagi. Þetta held ég, að sé algerlega rangt. Það gefur auga leið og kemur raunar fram í frv., að ríkið verður að leggja til þegar í upphafi verulega fjármuni. Þar er talað um að leggja fram allt að 5 millj. kr. og veita ríkisábyrgð fyrir öðrum 5 millj. Ég held, að enginn geti dregið það í efa, að það verður ríkið, sem leggur til meginið af því fjármagni, sem þarf að leggja fram af okkar hálfu. Og ég held, að við verðum að horfast í augu við þá staðreynd af fullu raunsæi. Það er vissulega rétt, að það er uppi skoðanaágreiningur milli manna um það, hvort heppilegra sé í ýmsum tilvikum ríkisrekstur eða einkarekstur. Hins vegar held ég, að fræðilegar bollaleggingar um það efni megi ekki blinda menn fyrir því, hvar þeir eru staddir í heiminum. Í okkar litla þjóðfélagi er enginn aðili nema ríkið, sem hefur bolmagn til þess að ráðast í slíkar rannsóknir, sem þarna er rætt um, og þaðan af síður að ráðast í sjálfa framkvæmdina.

Þegar rætt er um, að innlendir aðilar, þ. e. a. s. einkaaðilar, geti orðið milliaðili, sem geti tekið meiri hluta af ríkinu, þá vil ég einnig vekja athygli á þeirri hættu, að hreinlega verði stofnuð gervifélög fyrir erlenda aðila. Þetta er mjög auðvelt og það er sjálfsagt að horfast í augu við þá hættu einnig. En ég vil einnig minna menn á þá reynslu, sem hér er af því að reyna að veita einkaaðilum gervivöld í þessu sambandi. Hér var á sínum tíma búið til svokallað hlutafélag um Áburðarverksmiðju ríkisins og um það var talað, að einkaaðilar ættu þar að gegna veigamiklu hlutverki. Allir vita, hvernig þetta fór. Aðild einkaaðila var aldrei annað en gerviaðild. Ríkið varð að leggja til alla fjármuni, sem þarna þurfti, og svo fór að lokum, að Alþingi var það raunsætt, að það breytti lögunum og gerði þetta fyrirtæki að hreinu ríkisfyrirtæki. Ég held, að það sé algerlega augljóst mál, að ef olíuhreinsunarstöð á að verða íslenzkt fyrirtæki, fyrst að meiri hluta til og síðan smátt og smátt algerlega íslenzkt, eins og sagt er í grg., að stefnt sé að, þá er engin leið að framkvæma þá stefnu nema ríkið sé þessi aðili, og þetta verða menn að viðurkenna í verki.

Annað atriði í frv., sem ég vildi gera aths. við, er síðari hluti 3. gr., en hann hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú reynist unnt að koma á fót olíuhreinsunarstöð hér á landi, án þess að fyrirtækinu þurfi að veita sérstaka aðstöðu eða forréttindi með lögum eða lagabreytingum eða fara þurfi í bága við það fyrirkomulag, sem nú er á innkaupum og sölu á olíuvörum hér á landi, og er hlutafélagi samkv. 1. gr. þá heimilt að gerast aðili að samtökum um að reisa og reka stöðina, með þeim skilmálum, sem ríkisstj. leyfir. Að öðrum kosti skal slík aðild óheimil í félaginu nema samþykki Alþingis komi til."

Þarna er búin til einhver smuga, sem ég átta mig nú ekki á, til þess að hægt sé að stofna hér á Íslandi olíuhreinsunarstöð, án þess að Alþingi verði um það spurt. Ég á erfitt með að sjá, að slík hugmynd sé raunsæ, og allavegana held ég, að hún sé algerlega röng. Ég held, að það væri á engan hátt rétt að stofna jafnumsvifamikið fyrirtæki og olíuhreinsunarstöð á Íslandi, án þess að Alþingi yrði ævinlega til kvatt að segja álit sitt um það efni. Því beini ég því til þeirrar n., sem fjallar um þetta mál, hvort ekki væri rétt að fella niður þessa heimild, sem mér finnst vera bæði fráleit og óraunsæ.

Enn eitt atriði vildi ég minnast á í þessu sambandi. Ef stofnað verður slíkt undirbúningsfélag, sem fer með þá fjölþættu rannsókn, sem framkvæma verður, þá er engu að síður nauðsynlegt, að Alþingi geti fylgzt með málinu á öllum stigum. Hér er um afar flókið mál að ræða og alþm. munu þurfa alllangan tíma til þess að átta sig á því, og þess vegna væri það afar nauðsynlegt, að alþm. gætu fylgzt með sjálfum rannsóknunum á öllum stigum og fengju einnig tækifæri til þess að bera fram fsp. og láta kanna viss atriði, sem þeir hefðu áhuga á. Þetta væri t. d. hægt að gera með því að koma á laggirnar sérstakri þmn., sem fylgdist með áframhaldi þessa máls á sama hátt og gert hefur verið í sambandi við ýmis meiri háttar mál önnur, sem uppi hafa verið síðustu árin. Ég vildi beina því til hæstv. ráðh., hvort hann teldi þetta ekki eðlilega skipan.

Um sjálft málið, hvort hagkvæmt sé og skynsamlegt að reisa olíuhreinsunarstöð á Íslandi, mun ég ekki ræða neitt sem heitir á þessu stigi. Þetta er ákaflega fróðlegt mál, og ég tel, að það sé gagnlegt, að það verði kannað til fullrar hlítar. Ég vil samt nú þegar víkja að örfáum atriðum, sem ég hef rekið augun í við að lesa þetta plagg. Í því er m. a. rætt um þann markað fyrir olíuvörur, sem verði á Íslandi í náinni framtíð, og þar er vikið að upphitun húsa. Nú er upphitun mjög verulegur hluti af olíunotkun á Íslandi. Árið 1968 fóru um 20% af olíunni til upphitunar og í áætlun, sem gerð hefur verið og nær fram til ársins 1980, er ráðgert, að það muni haldast svipuð olíunotkun á landinu, þ. e. að hitaveita frá hverasvæðum muni aukast sem svarar fólksfjölguninni, en olíunotkun muni haldast mikið til óbreytt. Hins vegar er sagt í álitsgerðinni, að það sé ekki reiknað með því, að nein aukning verði á raforku til upphitunar.

Nú held ég, að þessi forsenda sé afar hæpin og a. m. k. þurfi að rannsaka það gaumgæfilega, hvort rétt sé að reikna með því, að raforkunotkun til upphitunar fari ekki vaxandi á næstunni. Við erum um þessar mundir að ráðast í miklar stórvirkjanir, sem framleiða mjög ódýra raforku, og um það hefur mikið verið rætt, hvað við Íslendingar getum gert til þess að hagnýta þessa ódýru raforku sjálfir, svo að við verðum ekki ofurseldir því að afhenda hana erlendum aðilum, sem kaupa hana fyrir kostnaðarverð og jafnvel tæplega það. Í þessu sambandi hefur verið mikið rætt um þann möguleika að nota raforku til upphitunar á þeim svæðum, þar sem hveraorka er ekki tiltæk. Og mér er kunnugt um það, að margir sérfræðingar telja, að þetta væri skynsamlegur kostur. En það er algerlega óhjákvæmilegt að athuga þennan kost í sambandi við hugmyndirnar um olíuhreinsunarstöð á Íslandi, því að ef við komum upp olíuhreinsunarstöð á þeim forsendum, að við getum notað svo og svo mikið af olíu til upphitunar, þá erum við að loka fyrir þann möguleika, að við getum notað raforkuna í þessu skyni. Ef við hins vegar ákveðum að nota raforkuna í þessu skyni, þá erum við um leið að raska þeim grundvelli fyrir olíuhreinsunarstöð, sem menn hafa reiknað með fram að þessu, þannig að þetta er atriði, sem ég tel, að verði að íhuga og athuga og kanna miklu gaumgæfilegar en hingað til virðist hafa verið gert.

Ég rak einnig augun í það í þessu frv., að þar er um það talað, að olíufélögin eigi að annast dreifingu á olíuvörum á sama hátt og tíðkazt hefur að undanförnu. Þetta finnst mér afar einkennileg yfirlýsing. Ég held, að það sé mál margra manna, að einmitt dreifing á olíunni sé eitt furðulegasta fyrirbærið í verzlunarháttum á Íslandi. Það vita það allir, að þar er haldið uppi þreföldu dreifingarkerfi með mjög miklum, óþörfum tilkostnaði, með of miklu skrifstofubákni, of mikilli fjárfestingu og því skipulagi, að bílar frá mismunandi félögum elta hver annan út um holt og grundir. Þessi yfirfjárfesting og yfirskipulagning á þessu sviði er þeim mun fráleitari sem þessi félög selja öll sömu vöruna og það er ekki hægt að réttlæta þessa skipan með því, að nein samkeppni sé á milli þessara félaga, því að á milli þeirra er samkomulag, eins og allir vita, eins konar einokunarsamkomulag. Ég held, að það hefði verið eitt það sjálfsagðasta, sem vert hefði verið að athuga í sambandi við olíuhreinsunarstöð á Ísland að skipuleggja á nýjan leik dreifinguna og gera hana hagkvæmari og skynsamlegri. Ég held, að það sé ekki rétt að gefa sér þær forsendur, að dreifingunni eigi að haga á sama hátt og gert hefur verið að undanförnu.

Enn eitt atriði langar mig til þess að minnast á, og það er sú staðreynd, að olíuhreinsunarstöðvum fylgir mjög mikil mengun. Þetta vita allir, sem hafa heimsótt slíkar stöðvar erlendis, að þeim fylgir alveg sérstakur sóðaskapur og auk þess fylgir þeim mikil hætta á mengunarslysum. Við höfum verið blessunarlega lausir við mengun hér til skamms tíma, en við verðum að gefa þessu atriði gaum í fullri alvöru. Ef í ljós kemur, að það sé hagkvæmt fyrir okkur að eiga og starfrækja olíuhreinsunarstöð þá verðum við að reikna með því, að við verðum að velja henni stað, þar sem mengunarhættan er minnst og þar sem minnst hætta er á mengunarslysum. Þess vegna hlýtur það að verða liður í þessu dæmi að ákveða, hvaða staður geti komið til greina, vegna þess að staðarákvörðun geta fylgt ýmis önnur vandamál, t. d. það, hvort það þurfi að byggja sérstök hafnarmannvirki og hvaða kostnaður verður vegna flutninga, svo að þetta geta verið allverulegar upphæðir, sem þarna er um að ræða. Því verður að íhuga þessa hlið málsins, mengunina, þegar í upphafi einnig og taka hana inn í dæmið.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykv. hefur vikið að ýmsum atriðum, sem ég er alveg sammála honum um, að þurfi að íhugast einmitt í sambandi við undirbúning og framkvæmd á byggingu olíuhreinsunarstöðvar. Þetta síðasta atriði, sem hv. þm. vék að, mengunina, höfum við, sem höfum verið að undirbúa þetta mál, einmitt haft í huga og reynt að gera okkur grein

fyrir, og um leið og ég er alveg sammála hv. þm. um það, að hér þarf að búa vandlega um hlutina, þá kannast ég bara alls ekki við það, að olíuhreinsunarstöðvar feli í sér mikla mengunarhættu né heldur sóðaskap. Ég hef ekki séð öllu fallegri fyrirtæki og hreinlegri og betur frá gengin heldur en tvær olíuhreinsunarstöðvar, sem ég hef sérstaklega skoðað í Finnlandi og Danmörku. Mengun frá olíuhreinsunarstöð getur stafað frá sér slysahættu, það er alveg rétt. Það geta orðið sprengingar og annað slíkt og fyrir því er auðvitað gert ráð, þegar byggðar eru olíuhreinsunarstöðvar, að gera varúðarráðstafanir í því sambandi, en að sjálfsögðu verður það eitt veigamesta atriði á hverjum tíma, hvar slíkri stöð er valinn staður og að öryggisráðstafanir séu nægilega miklar til þess að forðast mengun af slysum eða á annan hátt. En almennt held ég, að hér sé ekki um fyrirtæki að ræða, sem mikil mengun fylgir, nema, eins og ég sagði, ef sérstök slys eiga sér stað.

Það er eitt, sem ég hefði kannske átt að nefna í upphafi í sambandi við olíuhreinsunarstöð og starfrækslu hennar hér á landi og oft hefur borið á góma hjá þeim, sem unnið hafa að þessum málum, og það er hugsanlegur nýr atvinnurekstur, þ. e. samstarf við annan efnaiðnað, sem slík stöð eins og olíuhreinsunarstöð getur lagt grundvöll að. Þetta er veigamikið atriði og kynni að skapa möguleika einmitt, sem ekki væri ella fyrir hendi. Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða um málið meira. Ég fellst alveg á, að nefnd athugi þær aths., sem hér hafa fram komið, þó að mér hafi fundizt ástæðulaust að mikla fyrir sér þá mengunarhættu, sem af slíku fyrirtæki leiðir. Ég hef séð í blöðum, t. d. í dálkum, sem lesendur skrifa dagblöðunum, að slíkum fyrirtækjum fylgi geysileg mengunarhætta o. s. frv., en þetta er á verulegum misskilningi byggt. Um leið og ég er þeirrar skoðunar, að við eigum að gera öruggar og traustar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengun frá iðnfyrirtækjum, þá megum við heldur ekki ganga of langt í þessu efni. En þetta segi ég ekki vegna þess, að ég vilji ekki leggja megináherzlu frá upphafi á allar venjulegar varúðarráðstafanir. En það mátti segja, að einmitt í ræðu þm. kæmu fram ýmis atriði, sem í raun og veru benda til þess og skýra það, af hverju stungið er upp á að stofna undirbúningsfélag til byggingar og starfrækslu slíks fyrirtækis. Það er vegna þess, að það hefur verið okkar skoðun, að það sé lítið hægt að komast lengra áleiðis fyrr en föst stofnun og „juridisk" persóna væri hér á ferðinni í formi slíks undirbúningsfélags.

Athugasemdum hv. þm. um það, að það væri eðlilegt, að Alþ. gæti á hverjum tíma og alla vega alltaf endanlega fjallað um, hvort ætti að byggja hér olíuhreinsunarstöð eða ekki, get ég í sjálfu sér verið samþykkur, þó að ákvæði séu, eins og hann vitnaði til, í 3. gr. frv., sem hníga ekki að þessu. Það er verkefni þeirrar n., sem fær málið til meðferðar, að fjalla um þetta. Eins get ég alveg fallizt á það, að vel mætti athuga það fyrirkomulag, að þingmannanefnd hefði á hverjum tíma aðstöðu til þess að fylgjast með máli eins og þessu, hvernig sem því yrði fyrir komið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til iðnn. með 26 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 7, n. 458 og 469, 110, 446, 470).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Ingimundarson): Herra forseti. Iðnn. hefur haft þetta mál til athugunar og m. a. rætt við þá Guðmund Magnússon prófessor og Ágúst Valfells verkfræðing, en þeir hafa aðstoðað iðnrn. á ýmsan hátt við undirbúning þessa máls. Með frv. er að því stefnt, að ríkisstj. beiti sér fyrir stofnun hlutafélags, er hafi það að markmiði að kanna aðstæður til þess að reisa og reka olíuhreinsunarstöð hér á landi og stuðla að því, að slíku fyrirtæki verði komið hér á stofn. Er ríkisstj. heimilað að leggja fram 5 millj. kr. hlutafé og veitt er ríkisábyrgð fyrir láni allt að 5 millj. kr.

Þó að þegar hafi verið mikið undirbúningsstarf unnið í þessu sambandi, þá verður enn að framkvæma mikið og kostnaðarsamt undirbúningsstarf til viðbótar og rannsóknir. Um marga valkosti er að ræða, sem hver um sig getur haft sína kosti og sína galla. Ef stærð stöðvarinnar væri miðuð svona nokkurn veginn við íslenzkan markað eingöngu, er talið, að 300—350 manns þyrfti til byggingarframkvæmda í 2—3 ár, en síðan um 150 manns til rekstrar stöðvarinnar, svo að um verulegan gjaldeyrissparnað yrði að ræða, yrði miðað við 670 þús. tonna hreinsunarstöð.

Meiri hl. n. eða n. öll að undanskildum hv. 2. landsk. þm., Eðvarð Sigurðssyni, leggur til, að frv. verði samþ., en iðnn. öll leggur til tvær brtt. á sérstöku þskj. Er þar um að ræða breytingu við 2. gr. Frv. gerði ráð fyrir, að ríkið og aðrir innlendir aðilar legðu fram a. m. k. 51% hlutafjár, en brtt. gerir ráð fyrir, að ríkið eitt leggi fram a. m. k. 51% og hafi þá ítök í stjórn fyrirtækisins samkvæmt því. Enn fremur er við gr. bætt, að skipa skuli n. þriggja sérfróðra manna, tilnefnda af framkvæmdanefnd rannsóknarráðs, til þess að athuga mengunarhættu, er stafa kann af slíkri stöð, og skal hún skila áliti áður en ákvörðun er tekin um byggingu stöðvarinnar.

Við 3. gr. er lagt til, að síðari mgr. verði felld niður, en það þýðir, að málið verður að koma aftur fyrir Alþ., áður en endanleg ákvörðun er tekin um byggingu olíuhreinsunarstöðvarinnar.

Meiri hl. n. leggur til, herra forseti, að frv. verði samþ. með þessum breytingum, og n. mælir öll með brtt.

Frsm. minni hl. (Eðvarð Sigurðsson): Herra forseti. Ég hef ekki getað orðið samferða meðnm.

mínum í iðnn. um afgreiðslu þessa máls. Eins og hv. frsm. meiri hl. n. tók fram, stend ég að flutningi þeirra brtt., sem n. flytur á þskj. 446. Þar er um að ræða að mínum dómi verulega bót á frv. frá því, er það var lagt fram. Með frv. þessu er gert ráð fyrir, að stofnað verði hlutafélag, er hafi það verkefni með höndum að kanna aðstæður til að reisa og reka olíuhreinsunarstöð hér á landi og stuðla að því, að slíku fyrirtæki verði komið á fót, eins og í frv. segir. Gert er ráð fyrir því, að í slíku hlutafélagi gætu einnig orðið útlendir aðilar. Ég er ekki andvígur því, að stofnað verði hlutafélag í þessum tilgangi, þó að ég hins vegar sjái nú ekki brýna nauðsyn til þess og ríkisstj. hefði áfram getað haft þessi mál með höndum. Það virðist ekki, af þeim upplýsingum, sem liggja fyrir, og engan veginn af þeim sérfræðilegu viðræðum, sem n. átti við áðurnefnda aðila, að þetta mál sé á því stigi, að til verulegra framkvæmda gæti komið í náinni framtíð. En sem sagt, ég get fallizt á það, að slíkt hlutafélag, sem hér um ræðir, verði stofnað, en þó því aðeins, að það verði með innlendum aðilum. Ég sé enga ástæðu til, að á þessu stigi málsins sé farið að leita til útlendra hagsmunaaðila til stofnunar þessa hlutafélags. Slíkt innlent hlutafélag eða sá aðili, sem hefði þessa athugun með höndum — það hefði ríkisstj. að sjálfsögðu einnig getað gert — getur að sjálfsögðu kallað til sérfræðinga, hvort sem þeir væru innlendir eða útlendir, ef ástæða þætti til. Ég flyt á þskj. 470 brtt. við 2. gr. frv., sem sker úr um það, að hlutafélag það, sem hér um ræðir, verði einvörðungu skipað innlendum aðilum. En ég endurtek, að að öðru leyti stend ég að þeim till., sem iðnn. flytur í heild.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil aðeins þakka n. fyrir afgreiðslu á málinu. Ég get vel fellt mig við brtt. n., sem hún stendur að sameiginlega, og tel, að góðum áfanga sé náð með því að afgreiða málið þannig.

Ég vildi aðeins láta þess getið núna, að við höfum fengið í iðnrn. upplýsingar um byggingu olíuhreinsunarstöðvar, stórrar stöðvar, 4.5 millj. tonna, í einu af beztu vínhéruðum Frakklands, þar sem hafa verið gerðar sérstakar ráðstafanir í sambandi við þá litlu mengun, sem hugsanleg er frá olíuhreinsunarstöð — utan þess, að slys beri að höndum — og þar hefur verið gengið frá hlutunum þannig, að þar er ekki um neina mengunarhættu að ræða. Ég vildi láta þessa getið, en við höfum fengið nú nýlega viðbótarupplýsingar frá sendiráði okkar í París og svo aftur nú nýverið, þegar ég sat fund í Luxembourg ásamt sendiherra okkar í París, og þessi mál eru í nánari athugun í rn., en þessar upplýsingar munu að sjálfsögðu eins og aðrar ganga til stjórnar þess félags, sem stofnað yrði til þess að athuga málið nánar, og ég felli mig vel við þá till., sem fram er komin í sambandi við rannsókn á mengunarhættu frá slíku fyrirtæki, áður en endanleg ákvörðun yrði tekin um það.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 60. fundi í Nd., 11. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 446,1 (ný 2. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
— 470 kom ekki til atkv.
— 446,2 samþ. með 31 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
4.—6. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 110 tekin aftur.
7. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27:1 atkv.

Á 61. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 488).

Frsm. minni hl. (Eðvarð Sigurðsson): Herra forseti. Við 2. umr. flutti ég brtt. við frv. um olíuhreinsunarstöð. Efni hennar var, að til samvinnu um stofnun félags eins og 1. gr. kveður á um, skyldu til kvaddir þeir innlendir aðilar, sem áhuga hefðu á málinu, en niður félli „eða erlendra", eins og í frv. er. Atkvgr. var þannig hagað, að þessi brtt. kom ekki til atkv. við 2. umr. Ég skal út af fyrir sig ekki deila á þá málsmeðferð, en ég vil nú hér við 3. umr. málsins flytja brtt., sem er að vísu skrifleg. Brtt. er við 2. gr. frv. og er á þá leið, að upphaf greinarinnar orðist svo:

„Til samvinnu um stofnun eða starfrækslu hlutafélags samkv. 1. gr. skal ríkisstj. heimilt að kveðja hvers konar innlenda aðila, sem áhuga hafa á málinu."

2. gr. og frv. að öðru leyti er óbreytt. Eins og ég tók fram við 2. umr., get ég fallizt á, að stofnað verði slíkt hlutafélag sem um ræðir í 1. gr. frv. og hafa skal að markmiði að kanna aðstæður til að reisa og reka olíuhreinsunarstöð hér á landi og stuðla að því, að slíku fyrirtæki verði komið á fót, en var hins vegar og er andvígur því, að leitað verði til erlendra hagsmunaaðila við stofnun slíks hlutafélags. Tel hins vegar augljóst mál og eðlilegt, að slíkt félag geti leitað til erlendra sérfræðinga sem og innlendra, ef þurfa þykir. Ég ætla ekki að endurtaka það, sem ég sagði hér við 2. umr. málsins, en vil óska eftir, herra forseti, að leitað verði afbrigða til þess, að þessi brtt., sem er flutt skriflega, fái að koma til atkvgr.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 505) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 505 felld með 15:9 atkv.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 64. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 66. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta frv. var lagt fram á síðasta þingi í þinglokin, svo að menn eru nú kunnugir efni þess. Það var lítillega endurskoðað á milli þinga að því er grg. viðvíkur. Síðan hefur það legið fyrir Nd. frá því í þingbyrjun og nú nýverið verið afgreitt þaðan. Frv. var afgreitt þar með samkomulagi um brtt., sem fluttar voru af iðnn. og allir stóðu að, og þær fela í sér þá breytingu á frv., að það skuli ekki minna en 51% af hlutafé þess félags, sem hér er um að ræða, að jafnaði vera í eigu ríkisstj. Síðan varð samkomulag um nýtt ákvæði, að ráðh. skipi n. þriggja sérfróðra manna, tilnefndra af framkvæmdanefnd rannsóknarráðsins, til að afla upplýsinga um mengunarhættu, sem stafa kann af olíuhreinsunarstöðinni, og n. skili áliti um þetta efni, áður en tekin verður ákvörðun um byggingu stöðvarinnar, þannig að það liggi fyrir. Um þessar breytingar var full samstaða í Nd.

Ég held nú ekki, að ég þurfi að eyða löngum tíma í að mæla fyrir frv. hér, sem svo lengi hefur verið fyrir sjónum alþm. Þeir geta kynnt sér þá undirbúningsvinnu, sem að þessu hefur verið unnin, en meginefni málsins er það, og það hefur verið mín skoðun, að rn. væri komið það langt í undirbúningi þessa máls, að til þess að hnýta endahnútinn í málinu og fá úr því skorið, hvort rétt sé að byggja hér olíuhreinsunarstöð, þá væri hagkvæmt að setja á stofn undirbúningsfélag, sem við getum kallað svo, eins og hér er gert ráð fyrir, að sett verði á laggirnar til þess að fjalla um málið. Ef af þessu verður, mundi stjórn slíks fyrirtækis, sem ríkisstj. hefði forgöngu um að koma á laggirnar, fá í hendurnar öll þau gögn, sem fyrir liggja í iðnrn. um olíuhreinsunarstöð hér á landi. Ég tel einnig mjög líklegt, að þegar Alþ. samþykkir frv. sem þetta, þá kunni að koma meiri hreyfing á málið, og kannske koma þá fleiri sjónarmið upp heldur en enn hafa komið, en það eru margvíslegir valkostir, sem hér er um að ræða í sambandi við olíuhreinsunarstöðina. Um þá er vandlega fjallað í grg., og skal ég því ekki lengja tímann með því að fara verulega út í að ræða þá.

Breytingunni í Nd. var ég samþykkur, að skipuð yrði þessi nefnd til þess að rannsaka mengunarhættuna af olíuhreinsunarstöð. Það hefur verið gagnrýnt, að lítið hafi verið fjallað um það í grg. Um það hefur sérfræðingur, Ágúst Valfells efnaverkfræðingur, skrifað skilmerkilega grein ekki alls fyrir löngu í Morgunblaðið og að öðru leyti gæti hann látið í té frekari upplýsingar, ef óskað væri eftir. En í stórum dráttum er það skoðun okkar, sem að þessum málum unnum — og sú skoðun byggist m. a. á því, sem við urðum áskynja, þegar við skoðuðum nýtízku olíuhreinsunarstöðvar í Finnlandi, sem eru með allt öðrum hætti að þessu leyti en gamlar olíuhreinsunarstöðvar — að mengunarhætta sé sáralítil af slíkum olíuhreinsunarstöðvum. Um þetta þurfum við að vísu ekki að fara mörgum orðum hér, vegna þess að gert er ráð fyrir, að það mál sé kannað einnig til hlítar, áður en ákvarðanir eru teknar um það að setja upp olíuhreinsunarstöð. Það er alveg augljóst mál, að olíuhreinsunarstöðvar, t. d. í stórborgum eða stöðum, þar sem þeim er hrannað saman mörgum og stórum frá gamalli tíð, eins og vitnað hefur verið til í Brooklyn í Bandaríkjunum, þær eru af þeirri gerð, að þegar margt safnast saman af slíkum stöðvum, þá verður auðvitað frá þeim bæði óþefur og reykur, þó að ekki sé kannske um beina eitrun að ræða. Hér yrði nú ekki nema um eina stöð og sennilega litla að ræða, en hún gæti þó orðið stærri.

Ég hef látið orð falla um það í Nd., að ástæða sé til að ætla, að hinar nýtízkulegu aðferðir, sem menn nú hafa yfir að ráða, tækniaðferðir til að forðast alla mengun frá olíuhreinsunarstöðvum, beri fullan árangur og vitnaði ég í því sambandi til byggingar olíuhreinsunarstöðvar í Bordeauxhéraði, sem er eitt af beztu vínframleiðsluhéruðum Frakklands. Þar er stór stöð, 4.5 millj. tonna framleiðsla á ári. Ég sá fyrir nokkrum dögum í Alþýðublaðinu mjög ógreinilega mynd, sem gæti verið af hvaða stöð sem væri. Ég er ekki að segja, að myndin sé fölsuð, en það er sagt, að þetta sé olíuhreinsunarstöð, sem okkur er bent á til fyrirmyndar. Nú hef ég undir höndum mjög ítarlega grg. frá sendiráði okkar í París um það, í hverju mengunarvarnirnar í þessari olíuhreinsunarstöð eru fólgnar og hversu „effektivar" þær eru taldar vera. Þar er bæði um að ræða verndun andrúmsloftsins, jarðvegsvernd, úrvinnslu afgangsvatnsins og takmörkun á hávaða. Það er óþarfi fyrir mig að fara að lesa upp skýrslur um þetta, enda eru þær fleiri heldur en ein, en að sjálfsögðu er rétt, að n. fái þær til athugunar. Það, sem veldur óþefnum við þessar stöðvar, er að gas og annað safnast í geymana, þegar þeir tæmast og svo þegar geymarnir eru fylltir aftur eftir gamla laginu, þá streyma út þessi menguðu loftefni, en til að forða þessu eru nýtízkugeymar byggðir með fljótandi þaki, sem þýðir það, að ekkert loft safnast fyrir, heldur lyftir olían bara geymisþakinu upp jafnt og þétt, þar til það er komið á sinn stað.

Ég er að sjálfsögðu enginn sérfræðingur á þessu sviði, en vildi aðeins nefna þetta. Það var ekki út í bláinn, sem ég sagði þetta í Nd., og ég mun að sjálfsögðu láta n., sem fær málið til meðferðar, í té þær upplýsingar, sem ég hef um þetta, og þá alveg sérstaklega um þessa stóru stöð í Frakklandi, sem er, eins og ég sagði, sett niður þarna í mjög gróðursælu héraði, en hins vegar hefur verið talið, að tekizt hafi að koma í veg fyrir þá mengun, sem stafar t. d. af óþef og reyk eða öðru slíku. Þetta er dálítið svipað og við urðum varir við, utanrrh. og ég, þegar við vorum í heimsókn í Luxembourg og skoðuðum þar mikil stáliðjuver, sem eru þar á stóru svæði. Þar voru gamlar verksmiðjur og gömul framleiðsla með geysimiklum reyk og ryki. Það var auðvitað greinilegt, að þetta hlaut að valda miklum óþægindum fyrir íbúana í kring. Aftur á móti voru nýjar verksmiðjur, sem enginn reykur var frá, af því að þá

hafa verið fundnar með nýrri tækni aðferðir til þess að eyða gersamlega þessum reyk. Það eru dýr tæki, og þeir tjáðu okkur þar, að yfirleitt væru menn inni á þeirri stefnu að leggja fremur niður gömlu verksmiðjurnar og byggja nýjar en að reyna að hreinsa þær, ef svo mætti segja, eða gera þær óskaðlegar með hreinsitækjum, því að það væri bæði kostnaðarsamt og heldur ekki eins öruggt eins og að beita þeirri nýju tækni, sem fyrir hendi er. Ég held, að á þessu sviði eins og á öllum öðrum sviðum hafi verið lögð á það mjög mikil áherzla á undanförnum árum í iðnþróuðu löndunum og með geysilega miklum árangri — að samræma nýtízku iðnvæðingu sanngjörnum kröfum almennings um að forða sér frá skaðlegum áhrifum mengunar, í hverri mynd sem hún birtist, og einnig eins og oft er talað um í sambandi við slík mál, að hafa fulla gát á því, sem kallað hefur verið náttúruvernd eða umhverfisvandamál í sambandi við slíkar verksmiðjur.

Ég ætla nú ekki að orðlengja um þetta meira, tel það óþarft að sinni. Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég vil fagna þessu frv. Með því er gerð tilraun til þess að koma meðferð þessa olíuhreinsunarmáls í fast skipulagsform. Eins og fram kemur í fskj., sem frv. fylgir, þá hefur það lengi verið í athugun og umr., allt frá 1961. Ég er vel kunnugur meðferð þessa máls, því að ég sat í þeirri embættismannanefnd, sem fjallaði um málið frá 1961 og allt þar til iðnrn. tók það í sínar eigin hendur.

Ég verð hins vegar að viðurkenna það, að ég var ekki alls kostar ánægður með meðferð málsins, hvorki áður eða eftir að rn. fjallaði um það. Ég er ekki þannig að áfellast neinn sérstakan. Gagnrýni mín byggist fyrst og fremst á því, sem fram kemur í fskj. 1, að sóknin í málinu er eiginlega næstum því öll frá erlendum aðilum. Það eru erlendir olíumenn, sem hingað hafa leitað og farið fram á að mega byggja hér olíuhreinsunarstöð, en eins og líklegt er og raunar skiljanlegt, þá hafa þessir menn ekki ávallt hagsmuni okkar Íslendinga í huga eins og skyldi.

Það kemur fram, þegar lesið er þetta fskj., að allar þær stöðvar, sem gert var ráð fyrir að hér yrðu byggðar, eru litlar stöðvar, yfirleitt um 1 millj. tonna ársframleiðsla eða minni. Það er aðeins ein stöð, sem gert er ráð fyrir að verði stærri, þ. e. 2 millj. tonna stöð, sem hollenzka fyrirtækið Vitol gerði tilboð um að byggja hér á landi, en viðræður við það fyrirtæki féllu niður og harma ég, að ekki tókst að fá þær í gang aftur og kanna tilboð fyrirtækisins betur.

Fyrst og fremst vil ég vara mjög við því, þegar nú á að taka málið fastari tökum, að láta erlenda aðila eftir sem áður hafa forgöngu í málinu. Ég tel, að hið nýja fyrirtæki, ef sett verður á fót, eigi að byrja með því að koma á eigin athugun á olíuhreinsunarstöð hér á landi og ráða til þess óháða sérfræðinga á þessu sviði. Við Íslendingar höfum ekki sérfræðingum á að skipa í olíumálum eða málum olíuhreinsunarstöðva, sem von er. Þetta eru margslungin mál og breytingar allar í heiminum og á markaði með olíu og olíuvörur eru mjög miklar eins og stöðugt berast um fréttir í blöðum og öðrum fjölmiðlum. Það er einnig full ástæða til að ætla, að þessar breytingar, sem nú eru að gerast, geti haft veruleg áhrif á stöðu þessa lands í sambandi við olíuhreinsistöð. T. d. getur sá mikli olíufundur, sem er orðinn í Alaska og á norðurhveli jarðar almennt, m. a. við Noregsstrendur, leitt til þess, að olíuflutningar verði mjög miklir fram hjá ströndum okkar lands. Það getur að sjálfsögðu haft veruleg áhrif til breytinga á hagkvæmni og stærð olíuhreinsunarstöðvar.

Ég nefndi það í upphafi, að fyrst og fremst hefur verið rætt um litla stöð, 1 millj. tonna eða minni. Ég hef af ýmsum ástæðum verið því mjög andsnúinn, að svo lítil stöð yrði reist hér. Það er alveg rétt, eins og komið hefur fram, að litlar stöðvar hafa verið reistar, en samkvæmt þeim upplýsingum, sem ég hef bezt getað aflað mér, þá eru fæstar slíkar stöðvar hagkvæmar í rekstri lengur. Tækni hefur fleygt fram á þessu sviði og yfirleitt er það svo með miklar tækniframfarir, að þær leiða gjarnan til stærri eininga, og það mun vera staðreyndin, að svo hefur orðið á sviði olíuhreinsunar. Mér var sagt ekki alls fyrir löngu, að t. d. suður á Ítalíu mætti nú fá keypta 1 millj. tonna stöðvar fyrir mjög lítið verð, vegna þess að þær eru ekki lengur samkeppnisfærar. Þær litlu stöðvar, sem hafa verið reistar, njóta yfirleitt einhverra fríðinda í tollum eða sköttum o. þ. h., og mun það iðulega vera ein aðalástæðan fyrir því, að þær eru enn þá starfræktar.

Lítil stöð hefur einnig fjölmarga aðra annmarka. Það hefur verið minnzt hér á mengun, og fagna ég þeirri brtt., sem fram er komin í því sambandi, og ég tek undir það, sem hæstv. forsrh. sagði, að það er orðin mjög mikil þróun í hreinsun úrgangsefna frá olíuhreinsunarstöðvum, en staðreyndin er sú, eins og hann nefndi sjálfur, þegar hann nefndi hina stóru stöð í Frakklandi, að hreinsunartæki eru þá fyrst góð og árangursrík, að stöðvarnar séu nógu stórar. Vitanlega má setja fullkomin hreinsunartæki á litla stöð, en það er æði kostnaðarsamt og ekki talið, að slík hreinsunartæki standi eins vel undir sér í sambandi við stærri olíuhreinsunarstöðvar. Því hafa þeir aðilar, sem ég hef rætt við um þessi mál, vakið athygli á einmitt þessum annmarka að koma við fullkominni hreinsun á lítilli stöð.

Annar er sá annmarki, sem fylgir lítilli stöð, að afgangsefni frá lítilli stöð eru mjög lítil og dýr, en afgangsefnin frá olíuhreinsunarstöðvum eru mörg mjög mikilvæg í iðnaði. Þetta kom mjög til umr. í sambandi við sjóefnavinnslu þá, sem hefur verið til athugunar á Reykjanesi. Þaðan gæti fengizt mikið klór og með etylum frá olíuhreinsunarstöð má framleiða plastefni og önnur efni olíuefnaiðnaðarins, en eins og hv. alþm. vita, þá er það einn mesti vaxtariðnaður undanfarinna ára.

Ég fyrir mitt leyti legg því ríka áherzlu á það, að jafnframt því, sem sjálfstæð athugun á byggingu olíuhreinsunarstöðvar er gerð, þá verði lögð mikil áherzla á að kanna, hvort hér megi ekki með einhverju móti koma upp stærri stöð. Ég á þar við stöð, sem er svona 3 millj. tonna eða meira. Ég geri mér grein fyrir því, að það þarf að flytja út verulegan hluta framleiðslu slíkrar stöðvar, en með þeim miklu flutningum, sem eru á milli landa og fara jafnvel vaxandi um N.-Atlantshafið og ég rakti áðan, tel ég miklar líkur til þess, að slíkri framleiðslu megi koma á heimsmarkað.

Ég tel satt að segja mjög vafasamt, að það sé þjóðhagslega hagkvæmt fyrir okkur Íslendinga að byggja litla stöð. Ég tel líklegt, að það þurfi að veita slíkri stöð slík kjör, að vafasamt geti orðið, að hún sé raunverulega þjóðhagslega hagkvæm með þeim breytingum á olíuflutninga- og olíuhreinsunarmálum, sem fram undan eru.

Ég sagði áðan, að þetta mál hefði verið lengi í bígerð. Í raun og veru sé ég einnig ástæðu til þess að fagna því, að svo hefur verið. Það er hætt við því, að rasað hefði verið um ráð fram, ef hinum fyrstu tilboðum hinna erlendu aðila hefði verið tekið. T. d. var iðulega á það minnzt að reisa olíuhreinsunarstöð hér inni í Vogum. Ég tel það mjög vafasamt. Það verður að gæta þess, jafnvel þótt fullkomin hreinsunartæki á úrgangsefni olíuhreinsunarstöðva séu sett upp, að þeim fylgja ávallt nokkrar hættur. Það er ávallt hætta á olíuleka, bæði frá stöðvunum sjálfum og sömuleiðis frá þeim skipum, sem flytja olíu til stöðvanna og framleiðsluna frá þeim. Það er vitanlega ljóst, að það væri enn þá verra og enn þá erfiðara að losna við slíka mengun hér inni í Vogum heldur en við opið haf, þó að á hvorugum staðnum sé það gott. Sömuleiðis er þetta sá staður hér við Reykjavík, þar sem staðviðri eru oft mest og úrgangsefni í reyk frá framleiðslustöðvum liggja jafnan yfir í lengri tíma og valda mestum skaða. Ég tel því, að það eigi að leita ítarlega að stað, þar sem mengunarhætta er sem minnst og jafnframt þar sem olíuhreinsunarstöð er í nálægð við þann annan iðnað, sem upp gæti komið. Tengsl á milli slíkra iðngreina eru afar mikilvæg, og ber að taka þau til greina þegar í upphafi. Mér sýnist, þótt ekki vilji ég slá þeim stað einum föstum, að staðsetning við Straumsvík væri einna álitlegust fyrir olíuhreinsunarstöð.

Ég vil svo ljúka þessum fáu aths. mínum með því að endurtaka það, sem ég sagði áðan, að ég fagna því, að verið er að koma þessu máli í fast skipulagsform. Ég fyrir mitt leyti vil fylgja þessu frv., ekki sízt með þeim brtt., sem hafa verið gerðar á því í Nd. og gera ráð fyrir athugun á mengun og meirihlutaeignarrétti okkar Íslendinga. Þetta hvort tveggja tel ég mjög mikilvægt á þessu stigi athugana á olíuhreinsunarstöð.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 12 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Ed., 24. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 488, n. 618).

Frsm. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Frv. til l. um olíuhreinsunarstöð á Íslandi, 7. mál Nd., hefur verið til athugunar í iðnn. Frv. er borið fram af hæstv. iðnrh. og kveður á um, að stofna skuli til hlutafélags, sem hafi það að markmiði að kanna aðstæður til að reisa og reka olíuhreinsunarstöð hér á landi. Umr., er lúta að stofnsetningu olíuhreinsunarstöðvar, hafa staðið hér á landi s. l. 10 ár, en með frv., sem lagt var fram einnig á síðasta Alþ. og nú er endurflutt, má segja, að áhugi hafi aukizt á þessu máli. Forathugun þessa máls hefur verið mjög margþætt eins og skýrslur, sem fylgja með frv., bera með sér, en þar er að finna mikinn fróðleik bæði um olíunotkun landsmanna og tæknileg efni í því sambandi, eins og t. d. um að fiskveiðifloti Íslendinga gæti hugsanlega tekið í notkun ódýrari olíutegundir og þar með sparað gjaldeyri svo tugum millj. skiptir. Lagafrv. þetta gerir ráð fyrir, að ríkisstj. hafi heimild til að leggja 5 millj. kr. í þetta fyrirhugaða könnunarfélag og hafi auk þess heimild til að ábyrgjast aðrar 5 millj. eða jafnvirði þess í erlendri mynt. Samkv. 2. gr. frv. var gert ráð fyrir, að eign ríkissjóðs og innlendra aðila væri minnst 51% af hlutafé félagsins. Nd. breytti þessu þannig, að minnst 51% yrði í eigu íslenzka ríkisins. Þá gerði Nd. þá breytingu við 3. gr., að síðari málsgr. var felld niður, þannig að eins og frv. er nú, verður að bera málið að nýju undir Alþ., ef af yrði og komizt yrði að þeirri niðurstöðu, að rétt þætti að stofna til slíks iðnaðar hér á landi. Þá bætti Nd. í 2. gr. frv., að ráðh. skipi n. þriggja sérfróðra manna, sem afli upplýsinga um mengunarhættu, sem stafa kann af olíuhreinsunarstöð. N. þessi skal tilnefnd af framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins.

Eins og ég tók fram í upphafi, er saga þessa máls nú orðin nokkuð löng og skal það ekki rakið nánar, en vísað til grg. með frv. og skýrslu þeirrar, sem hv. alþm. var afhent á síðasta hausti, skýrslu, sem er dags. í maímánuði 1969 og er frá iðnrn. Á þessu stigi málsins er algerlega útilokað, enda ekki ætlazt til þess, að hv. alþm. taki afstöðu til þess, hvort byggð yrði olíuhreinsunarstöð hér á landi og enn síður um stærð slíkrar stöðvar. Hér er aðeins um að ræða stofnun könnunarfélags til rannsóknar á þessu veigamikla máli. Enn síður er nokkuð, sem mælir með því, að hv. alþm. myndi sér nú skoðun um staðsetningu slíkrar verksmiðju. Mér finnst rétt, að þetta komi fram, þar sem hv. 3. þm. Vestf. lét svo um mælt við 1. umr. þessa máls hér í þd., að æskilegt væri, að verksmiðjan framleiddi meira en 1 millj. tonna á ári, þyrfti jafnvel að afkasta þrem millj. tonna og staðsetning við Straumsvík væri einna efnilegust. Að sjálfsögðu er þetta meðal þeirra rannsóknarefna, sem þetta könnunarfélag

eða sérfræðingar, sem það kveður til, á að kanna. Sama má einnig segja um mengun frá slíkri starfrækslu. Menn gera sér ljóst, að nú á þessum mestu mengunartímum verður þetta mál ítarlega kannað og ekki anað að neinu, enda ekki ástæða til þess að óttast svo mjög um slíka hættu frá olíuhreinsunarstöð, og vísast þar til upplýsinga, sem hæstv. iðnrh. gaf hér í þessari þd. við 1. umr. málsins. Á þskj. 618 skilar iðnn. áliti og mælir með þessu frv., en nm. áskilja sér rétt til að fylgja eða flytja brtt. við frv. Einn nm., hv. 5. þm. Reykn., Gils Guðmundsson, var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12:1 atkv.
2.—7. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 664).

---

32. Lyfsölulög (lyfjaeftirlit).

Á 28. fundi í Ed., 11. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á lyfsölulögum, nr. 30 29. apríl 1963 [173. mál] (stjfrv., A. 240).

Á 30. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta þarfnast ekki langrar framsögu. Sú ein breyt. felst í því frá gildandi tilhögun, að lagt er til að koma eftirlitsmálum lyfjaverzlana og lyfsala í viðunandi horf. Það hefur hingað til verið aðeins að hluta, eða hálfs dags starf, og fyrirhugað er að gefa út sérstaka reglugerð, ítarlegri en þá, sem í gildi er um þessa hluti, og það er nauðsynlegt, að sérstakur lyfjafræðingur annist þessi störf og starfi innan heilbrmrn. og vinni að þeim eingöngu. Þetta er sú ein breyting, sem frv. þetta felur í sér, og nánar er skýrt frá í grg. með málinu, en óskir um þetta efni höfðu borizt frá háskólanum og landlækni, eins og sést á fskj., sem frv. fylgir.
Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 17 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 3. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 240, n. 326).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Á þremur þskj. hér í Ed., þskj. 240, 292 og 312, eru þrjú frv., sem þó eru skyld og fjalla um nokkrar breytingar á lyfsölulögunum tvö þeirra, en eitt um Háskóla Íslands, sem þó er varðandi framkvæmd eftirlits í lyfjabúðum. Eins og kom fram í framsögu hæstv. ráðh., eru þessi mál tengd hvert öðru, og heilbr.- og félmn. tók þessi mál sameiginlega fyrir á fundi sínum 2. febr. og sá ekki ástæðu til að senda þau í umsögn. Þau eru stutt og skýr, en á nál. 326 kemur fram, að n. mælir með samþykkt frv. á þskj. 240 óbreytts og að svo mæltu vísa ég því til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 4. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 43. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 44. fundi í Nd., 8. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 45. fundi í Nd., 10. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 25 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 240, n. 401).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um breyt. á lyfsölul., er komið frá hv. Ed., og var vísað til heilbr.- og félmn. þessarar d. N. hefur haft frv. til athugunar, og breyting sú, sem hér um ræðir, felst í því, að fram að þessu hefur eftirliti með lyfjum verið háttað þannig, eins og fram kemur í grg. frv., að eftirlit með lyfjabúðum hefur annazt dósentinn í lyfjafræði við háskólann samkv. háskólalögunum. En í frv. er gert ráð fyrir, að ráðinn verði eftirlitsmaður á vegum tryggingamálarn. og sé hann lyfjafræðingur að mennt. Einnig skal ráðið sérhæft starfsfólk eftir þörfum til að annast þetta eftirlit, sem áður hefur

verið hjá dósentum háskólans í lyfjafræði. N. telur eftir atvikum, að málum sé þannig háttað, að þessi breyting, sem þarna um ræðir, sé eðlileg og leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 65. fundi í Nd., 19. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., 23. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 68. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Nd., 25. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 674).

---

33. Útvarpslög.

Á 6. fundi í Sþ., 28. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til útvarpslaga [73. mál] (stjfrv., A. 75).

Á 7. fundi í Nd., 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. var flutt á síðasta Alþ. og var vísað til hv. menntmn. þessarar d. N. fjallaði mjög ítarlega um frv., en tókst þó ekki að ljúka meðferð þess sökum mikilla anna á síðustu vikum síðasta þings. Þess vegna er frv. nú endurflutt alveg óbreytt frá því, sem það var flutt í fyrra, en það er eins og nefndin hafði gengið frá því, nefnd, sem í áttu sæti útvarpsstjóri, Andrés Björnsson, formaður útvarpsráðs, Benedikt Gröndal, og dr. Þórður Eyjólfsson, fyrrv. hæstaréttardómari. Þar eð ég geri ráð fyrir því eða er raunar fullviss um, að aðalefni málsins er þm. kunnugt frá því að ítarleg framsöguræða var flutt fyrir því í fyrra, þá skal ég nú láta mér nægja að minna á, hver eru helztu atriði frv., hver eru helztu nýmælin, sem í frv. felast.

Þetta frv. gerir ráð fyrir því, að Ríkisútvarpið verði sjálfstæðari stofnun í framtíðinni en það hefur verið hingað til. Það var eindregin skoðun nefndarinnar, að svo skyldi vera og ég er því fyrir mitt leyti og ríkisstj. sammála, að að því skuli stefnt.

Ríkisútvarpið gegnir mjög mikilvægu hlutverki í íslenzku menningarlífi og íslenzku þjóðlífi og það er heppilegt og eðlilegt, að slíkar stofnanir séu sem óháðastar, að sem allra minnst hætta sé á afskiptum stjórnmálayfirvalda af stofnunum sem þessari. Íslenzka ríkið hefur samkv. öðrum lögum einkarétt á starfrækslu útvarps og með þessu frv. er gert ráð fyrir því, að þessi einkaréttur sé afhentur Ríkisútvarpinu.

Þá er það nýmæli í frv., eina nýmælið, sem ég tel orka nokkurs tvímælis og vil beina sérstaklega til hv. n. að athuga rækilega, en það er ákvæði frv. um breytingar á reglulegum kosningum útvarpsráðs. Hingað til hefur sérhvert nýkjörið Alþ. kosið útvarpsráð og menntmrh. skipað formann þess og hefur þetta verið gert til þess, að jafnan sé tryggt gott samstarf á milli stjórnvalda, sem fara með umboð Alþingis annars vegar og yfirstjórnar útvarpsins hins vegar, vegna þess hve mikið er undir því komið, að gott samstarf sé milli þessara aðila. Þetta hefur verið svo um langt skeið. Hér er hins vegar gert ráð fyrir því samkv. tillögu nefndarinnar, sem frv. samdi, að útvarpsráð verði kosið til fjögurra ára, þannig að svo getur vel farið, að þeir menn, sem kosnir eru í útvarpsráð að meiri hluta, séu ekki úr sömu flokkum og fara með meirihlutavald á Alþ. og þá sömuleiðis, að formaður útvarpsráðs sé ekki skipaður af þeim menntmrh., sem sitja kann. Sú skipan, sem frv. gerir ráð fyrir, hefur ýmsa kosti. Hún gerir útvarpið óháðara stjórnvöldum en verið hefur, en því er ekki að leyna, að þeirri skipan fylgir líka nokkur ókostur. Það kann að vera, að það torveldi samstarf útvarpsráðs og ríkisstj. eða menntmrn. og þá sérstaklega samstarf formanns útvarpsráðs og menntmrh., ef þeir eru úr sínum flokknum hvor, þ. e. ef formaðurinn er samkv. gamalli skipan úr flokki, sem er í stjórnarandstöðu. Ég vil ekki gera mikið úr þessu, ekki mikið úr hættunni á því, að slíkt kunni að leiða til nokkurra vandræða. En ég vil vekja athygli á því, að þetta er mikilsverð breyting frá því, sem verið hefur, og gæti undir vissum kringumstæðum verið báðum aðilum til nokkurs tjóns, menntmrn. annars vegar og svo Ríkisútvarpinu hins vegar. Ég fyrir mitt leyti get þó vel fellt mig við þá skipan, sem hér er lögð til. Sama gildir um ríkisstj. Annars væri frv. ekki flutt í því formi, sem það er flutt, en ég vil vekja athygli þm. og hv. n. á því, að hér er um mikilsverða breytingu að ræða og réttara að athuga hana vandlega.

Þá er það eitt mikilvægasta nýmæli frv., að gert er ráð fyrir því að leggja 5% afnotagjalda hljóðvarps og sjónvarps í framkvæmdasjóð til þess að tryggja stofnuninni viðunandi húsnæði og tækjakost, en það er öllum, sem til þekkja, kunnugt, að vöxtur útvarps og sjónvarps hefur verið svo geysihraður á allra síðustu árum, að það húsnæði, sem

nú er notað, sérstaklega fyrir hljóðvarpið, er orðið ófullnægjandi og nauðsynlegt er innan allt of langs tíma að hefjast handa um allsherjarbyggingu fyrir Ríkisútvarpið í heild, þ. e. bæði hljóðvarp og sjónvarp. Með þessu ákvæði væri stigið mjög mikilvægt spor til þess að leysa til frambúðar úr húsnæðisþörf þessarar mikilvægu stofnunar.

Þá eru í frv. gerðar veigamiklar og jafnvel mjög nauðsynlegar breytingar til hagræðingar á innheimtu afnotagjalda fyrir sjónvarpið, og jafnframt því er Ríkisútvarpið fær lögveð í hverju sjónvarpstæki og innheimtustjóri þess fær fógetavald, þá er felld niður heimild starfsmanna Ríkisútvarpsins til þess að fara inn á heimili manna til eftirlits með útvarpsnotum. Þessi heimild er í gildandi lögum, hefur ekki verið notuð, að mínu viti alveg réttilega, en rétt þykir nú að fella hana niður.

Þá er og í fyrsta skipti í þessu frv. gert ráð fyrir, að sett séu í lög ákvæði um ábyrgð á útvarpsefni, og tel ég þetta í raun og veru vera annað merkasta nýmæli þessa frv. Í gildandi lögum eru engin ákvæði um það, hver beri ábyrgð á efni, sem flutt er í hljóðvarp eða sjónvarp, ef einhver aðili telur á sig hallað með flutningi þess efnis, þannig að hann telji sig t. d. eiga skaðabótaskyldu eða eigi rétt á að fá dæmt fyrir meiðyrði, svo að ég nefni dæmi. Engin regla er til um þetta í gildandi lögum og heldur engar dómsvenjur. En þetta er efni, sem mjög hefur verið rætt í öllum nágrannalöndum, ekki síst í Svíþjóð núna á undanförnum árum og þegar hafa verið settar um reglur þar, og eru reglur þessa frv. settar með hliðsjón af því, sem vitrustu menn hafa talið skynsamlegt og rétt í nálægum löndum, en efnið er mjög vandmeðfarið. Ég tel brýna nauðsyn bera til þess, að á þessu vandamáli sé tekið og um þetta séu fastar reglur og tel, að þær reglur, sem hér eru settar, séu mjög hófsamar og varlegar og að öllu leyti mjög skynsamlegar.

Þetta eru meginnýmælin í þessu frv. og vildi ég, herra forseti, leyfa mér að lokinni þessari umr. að leggja til, að frv. yrði vísað til 2. umr. og hv. menntmn. Ég vona, að mér sé óhætt að segja með sanni, að athugunum hv. menntmn. í fyrra hafi verið komið svo langt, að hún ætti að geta lokið störfum sínum tiltölulega fljótlega, þannig að málið komist til Ed. Málið er mjög vandlega undirbúið, en ég teldi mjög æskilegt, að hið háa Alþ. gæti afgreitt það fyrir jól, þannig að þessi nýju lög gætu tekið gildi 1. jan. 1971.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Þegar þetta frv. var til umr. hér á hv. Alþ. á s. l. vetri, gerði ég aths. við það í sambandi við innheimtuna og þær reglur, sem gilda um fjármál Ríkisútvarpsins. Þar sem frv. er nú flutt óbreytt eins og hæstv. menntmrh. tók fram, þá vil ég við þetta tækifæri vekja athygli á þessum aths., svo að hv. menntmn., sem fær frv. til meðferðar, megi muna eftir þeim. Að öðrum kosti gæti verið litið svo á, að þær hefðu niður fallið. Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á 15. gr. frv., en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta, þegar talað er um innheimtu á hljóðvarps- og sjónvarpsgjaldi:

„Í reglugerð má ákveða, að afnotagjald skuli greitt af hverju sjónvarpstæki, þótt fleiri séu en eitt á heimili eða í stofnun, og að gjald skuli greiða af útbúnaði til hljóðvarpsmóttöku í sjónvarps- eða talstöðvartækjum. Einnig má ákveða, að gjald skuli greiða af viðtækjum, sem notuð eru í bifreiðum eða skipum. Ef stofnun greinist í deildir, má ákveða, að greiða skuli fyrir útvarpsafnot í hverri deild um sig".

Hér er um nokkuð viðtækan vanda að ræða, en mun vera breyting á því, sem er um framkvæmd á þessum hlutum nú. Ég vil því segja það, sem ég sagði í fyrra, að það orkar meira en tvímælis, og álít, að það sé algerlega rangt, að sami notandi sé að greiða útvarpsgjald af mörgum útvörpum, þó að hann þurfi að færa sig til, t. d. út í bifreið sína. Þetta er mjög ósanngjarnt og alls ekki viðeigandi að fara að festa þetta í lög nú.

Enn fremur vil ég vekja athygli á því, að innheimtumaður útvarpsins skuli eiga að fá fógetavald í innheimtuaðgerðum sínum. Ég skal játa það, að ég er ekki svo vel að mér, að mér sé kunnugt um það, hvort fordæmi er fyrir slíku á landi hér. Ég tel, að það orki tvímælis, því að í slíkum tilfellum sé það eðlilegt, að fógeti á staðnum fari með fógetavaldið í þessum málum sem öðrum, en ekki að innheimtumaðurinn fái hér fógetavald til framkvæmda, það sé mjög óeðlilegt og gæti dregið dilk á eftir sér, því að fleiri aðilar mundu inn á þessa braut vilja hverfa. Á þessum atriðum vil ég vekja sérstaka athygli eins og ég gerði hér í fyrra, til þess að menn geti athugað málið betur og gert sér grein fyrir, fullkomlega grein fyrir, hvað hér er á ferðinni, því að það er greinilegt á þessu frv., að það er fyrst og fremst samið með sjónarmið útvarpsins fyrir augum, enda er það ekki óeðlilegt, þar sem formaður útvarpsráðs og útvarpsstjóri skipa meiri hl. í endurskoðunarnefndinni.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það er mjög eðlilegt, að gerðar séu aths. við þau ákvæði í þessu frv., sem fjalla um innheimtu útvarpsgjalda. Þau hafa verið mjög umdeilt mál um langa hríð og hefur verið erfitt að framkvæma þau svo að öllum líki. Þessi gjöld hafa ekki verið há hér á landi miðað við önnur lönd og ég hygg, að það sé fyrst og fremst framkvæmdin á þessu, sem hefur valdið deilum.

Það er allmikið undan því kvartað, að það skuli vera sérstakt hljóðvarpsafnotagjald fyrir bíla og get ég vel fallizt á þær röksemdir, sem venjulega eru færðar fram, eins og við heyrðum nú hjá hv. síðasta ræðumanni, að einkennilegt sé, að maður þurfi að borga nýtt gjald, þegar maður fer úr heimili sínu og stígur upp í bílinn. Ástæðan fyrir því að þessi gjöld hafa ekki verið afnumin, er hreinlega sú, að þau eru svo mörg, að það mundi verða veruleg hækkun á heildargjaldinu, ef þessi bílagjöld yrðu afnumin, og ef það yrði gert, væri verið að létta gjöldum af þeim, sem eru það efnaðir, að þeir eiga bíla, og leggja þau

yfir á hina, sem ekki hafa ráð á því að eiga bíla með útvarpi. Þetta er afar einfaldur hlutur og þetta er sá þröskuldur, sem ávallt hefur verið staðnæmzt við og hefur valdið því, að þessu hefur ekki verið breytt hingað til.

Hv. síðasti ræðumaður taldi mjög varhugavert, að innheimtumaður útvarpsins fengi fógetavald. Þetta kann að virðast við fyrstu sýn mikið skref og óvenjulegt, en ég hygg, að við nánari athugun komi í ljós, að svo er ekki, því að staðreynd er, að núverandi innheimtustjóri Ríkisútvarpsins, sem er lögfræðingur, hefur fengið löggildingu samkv. 33. gr. l. nr. 85 frá 1936 sem fulltrúi við embætti borgarfógeta í Reykjavík, bæjarfógeta í Kópavogskaupstað, bæjarfógeta Hafnarfjarðar og sýslumanns Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarfógeta í Keflavík. Þetta er þegar í framkvæmd samkv. gömlum gildandi lögum á svæði, sem hefur um eða yfir helming af íbúum landsins. Þegar menn kynna sér þetta ofan í kjölinn, þá hygg ég að muni koma í ljós, að í þessu felst fyrst og fremst stórkostleg hagræðing og fyrir því eru ýmsar ástæður, þannig að ég hygg, að þetta sé fyrst og fremst starfsléttir fyrir fógetaembættið og þar að auki óneitanlega mjög til bóta fyrir allar framkvæmdir á innheimtunni sjálfri, en gagnvart notendum hygg ég, að þetta hljóti að koma nákvæmlega eins út.

Annars vil ég geta þess á þessu stigi, að í þessum málum er stöðug þróun, stöðug breyting. Sjónvarpið er ekki nema fjögurra ára gamalt, en það hefur breiðzt miklu örar út um landið heldur en nokkur maður þorði að gera sér vonir um. Til skamms tíma hafa menn rætt um hljóðvarpsgjöldin og talað um, að það ætti að breyta þeim í nefgjöld. Ég held, að þessi hugsun sé nú orðin algerlega úrelt. Í þessu frv. er ein setning í 15. gr., sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Heimilt er með reglugerð að sameina hljóðvarps- og sjónvarpsgjöld í eitt gjald."

Að sameina hljóðvarps- og sjónvarpsgjöld. Reynslan í öðrum löndum sýnir, að þetta er sú braut, sem hlýtur að verða farið inn á. Hin öra útbreiðsla hér á landi gefur ástæðu til að ætla, að við mundum geta farið inn á þessa braut miklu fyrr heldur en talið hefur verið til skamms tíma, og í því felst að sjálfsögðu feiknaleg hagræðing, að Ríkisútvarpið innheimti eitt gjald af þeim, sem hafa sjónvarpstæki og hljóðvarpstæki, en hafi ekki tvöfalt innheimtukerfi eins og er að verulegu leyti núna, þó að reynt hafi verið að hagræða þessum hlutum eins og hægt er. En hinu skal ég lofa hv. síðasta ræðumanni og öðrum þm., að þetta verði allt vandlega athugað í þeirri n., sem fær málið til meðferðar.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal ekki fara að þreyta hér neinar kappræður, en út af því, sem hv. 5. þm. Vesturl. sagði, vil ég segja það, að hér er ekki um það að ræða að létta gjöldum af hinum efnuðu og hlífa þeim, sem eru efnaminni í þessu tilfelli. Bifreiðir eru orðnar almenningseign hér á landi og menn reyna að klífa þar þrítugan hamarinn til þess að eignast bifreiðir og hafa útvarpstækin ekki síður. Fer það fyrst og fremst eftir því, hvort menn ferðast mikið einir, sem þeir hafa tækin í bílum sínum, og svo geta þeir auðveldlega komizt framhjá þessu með því að taka lítið tæki með sér út í bílinn og þannig þyrfti ekki að greiða sérstakt gjald. Spurningin er sú: Er það sanngjarnt eða ekki að láta manninn greiða gjald fyrir það, að hann verður að fara af heimili sínu vegna starfs síns eða af öðrum ástæðum í ferðalög og til þess að geta notið útvarpsins, þótt hann sé í bifreiðinni? Og alveg sama er um skipshöfnina og aðra slíka menn. Er þetta sanngjarnt eða ekki og er þetta rétt skattheimta að haga henni þannig? Það má vel vera, að heildarhækkun yrði að vera einhver á útvarpsgjöldunum, en það hefur verið svo, að útvarpsgjöld hafa verið hækkuð, þegar hefur verið talin ástæða til þess vegna starfsemi stofnunarinnar og vegna þess að það hefur orðið að færa þar út starfrækslu, af því að það hefur verið álitið skynsamlegt og réttmætt að lengja dagskrá og annað því um líkt. Þá hafa menn ekki verið að velta fyrir sér, hvort einhverjir í hópnum hefðu efni á því að greiða afnotagjöld af útvarpinu eða ekki, heldur hefur verið talið, að stofnunin þyrfti að auka við sína starfsemi, það kostaði fjármuni og þeim yrði að ná með útvarpsgjöldunum. Eins er það með þetta.

Að því er varðar löggildingu á innheimtumanni, þá má það vel vera, að hann hafi orðið eins og fulltrúi við dómaraembætti, en það er annars eðlis heldur en að löggilda hann með sérstökum lagagjörningi eins og hér er ætlazt til, og ég er sannfærður um það, að fleiri mundu vilja koma í það kjölfar, ef þessi stefna væri upp tekin, sem ég tel mjög varhugavert. En aðalatriðið var nú í mínum orðum, að hv. n. athugaði þau atriði, sem ég hef hér drepið á.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Á 47., 48., 49., 50. og 51. fundi í Nd., 17., 18. og 22. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Nd., 24. febr., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 75, n. 355, 356, 358, 395).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Starfsemi Ríkisútvarpsins hefur á undanförnum árum vaxið hröðum skrefum. Hljóðvarpsdagskrá hefur verið lengd í 16—17 stundir á sólarhring, og sjónvarp hefur komið til sögunnar. Skráðir notendur hljóðvarps eru nú um 62 þús., en hljóðvarpstæki af öllum stærðum og gerðum eru án efa yfir 100 þús. í landinu.

Skráðir notendur sjónvarps eru hins vegar rétt um 40 þús. Starfsfólk Ríkisútvarpsins er í dag 209

manns, sem er rúmlega 1 af hverju þúsundi landsmanna. Er það mun hærra hlutfall en hjá grannþjóðum okkar, sem von er.

Heildarvelta Ríkisútvarpsins á þessu ári er áætluð 267 millj. kr., en ekki er fráleitt að telja, að íslenzka þjóðin verji, þegar tækjakaup og tækjaviðgerðir bætast við, alls um 400 millj. kr. til hljóðvarps og sjónvarps.

Jafnframt aukinni starfsemi hafa áhrif Ríkisútvarpsins á daglegt líf þjóðarinnar, skoðanamyndun, upplýsingu og aðra menningarviðleitni, vaxið til mikilla muna. Er því engan veginn ofmælt, þó að sagt sé, að Ríkisútvarpið sé í dag ein af þýðingarmestu stofnunum þjóðarinnar.

Nýlega hefur verið gerð fyrsta ítarlega athugunin á notkun Íslendinga á hljóðvarpi og sjónvarpi. Með aðstoð sænskra sérfræðinga var könnuð ein vika í nóvembermánuði, og er mikill fróðleikur að niðurstöðum þeim, sem þeir komust að. Þessi könnun náði eingöngu til Íslendinga á aldrinum 14—79 ára, af því að erfitt er að spyrja yngri börn um hlustun og notkun sjónvarps. Samkvæmt henni má ætla, að daglega hlusti 60—70 þús. manns á hádegis- og kvöldfréttir hljóðvarpsins og stundum fer sú tala um og yfir 80 þús. Að jafnaði virðast 65—70 þús. manns horfa á fréttir sjónvarpsins. Í þeirri viku í nóvember, sem könnuð var, flutti sjónvarpið þátt, þar sem Ólafur Jóhannesson, formaður Framsfl., sat fyrir svörum. Könnunin leiddi í ljós, að um 56 þús. manns hafi horft á þennan þátt frá byrjun til enda, og er þetta sannarlega mikill áhorfendafjöldi á sama tíma sem stjórnmálamenn í flestum eða öllum flokkum telja það oft á tíðum sæmilegt að fá ekki 56 þúsund, heldur 56 manns á fund.

Könnunin gaf til kynna, að um 30% hefðu horft á þetta viðtal við flokksformanninn, en þessir aldursflokkar undir 24 ára aldri nota yfirleitt sjónvarp mun minna heldur en eldri landsmenn. Hins vegar benti könnunin til þess, að um 55% af þeim, sem eru 45 ára eða eldri, hefðu horft á þennan þátt. Voru það töluvert fleiri karlmenn en konur, sem horfðu, og allmiklu meira utan Reykjavíkur en í Reykjavík. Fyrir utan fréttir reyndist aðeins vera einn dagskrárliður alla þessa viku, sem fleiri horfðu á heldur en þetta innlenda stjórnmálaefni. Það var norskt leikrit, sem flutt var á sunnudegi, sem reyndist vera langmesti sjónvarpsdagur vikunnar.

Þátturinn Munir og minjar, sem allir munu kannast við, hafði álíka marga áhorfendur og formaður Framsfl., en af því fólki, sem könnunin náði til, þ. e. á aldrinum 14—79 ára, horfðu fleiri á þennan innlenda stjórnmálaforingja heldur en á Churchill-ættina, Fljúgandi furðuhluti eða Mannix, og kann að vera, að þetta þyki ýmsum heldur góðar fréttir. Þetta sýnir, hversu íslenzkt efni í sjónvarpi hefur mikla útbreiðslu, og má nærri geta, hver áhrif þess í raun og veru eru eða geta verið. Ég nefni þessar upplýsingar aðeins til að leggja áherzlu á nauðsyn þess, að þjóðinni takist að finna lýðræðislegt og gott stjórnarform fyrir dagskrá hljóðvarps og sjónvarps, svo að hún geti borið traust til Ríkisútvarpsins sem stofnunar og það geti gegnt hlutverki sínu sem bezt.

Ríkisútvarpið starfar eftir lögum frá árinu 1934, sem að vísu hefur nokkrum sinnum verið breytt í einstökum atriðum, en aldrei í heild á þessu tímabili. Nú um árabil hefur verið talið hyggilegt að láta endurskoðun þessara laga bíða, unz nokkur reynsla fengist af sjónvarpi við íslenzkar aðstæður. Nú hefur verið samið frv. til nýrra útvarpslaga, og er það að langmestu leyti nýsmíði. Frv. var lagt fram á síðasta þingi og hefur því gefizt gott tóm til þess að íhuga það og skoða. Sérstaklega er vert að geta þess, að útvarpsráð og útvarpsstjóri hafa rætt frv. ítarlega og komið á framfæri hugmyndum sínum. Þessir aðilar hafa látið í ljós þá almennu skoðun, að frv. í heild sé mikil bót á gildandi lögum og feli í sér margar merkar nýjungar. Sé því mikils virði, að það hljóti afgreiðslu á þessu þingi. Hins vegar hafa komið fram við umræður um málið nokkrar brtt., sem áðurnefndir aðilar eru ekki að öllu leyti sammála um.

Menntmn. þessarar hv. d. hefur fjallað ítarlega um frv. til útvarpslaga, fengið álitsgerðir og tillögur útvarpsráðs og útvarpsstjóra, svo og erindi frá ýmsum öðrum aðilum og loks leitað sér upplýsinga hjá stofnunum og einstaklingum. N. skilar shlj. áliti um frv. í heild, en einstakir nm. hafa þó fyrirvara um nokkur atriði, eins og vafalaust mun fram koma í þessum umr.

Allmargar brtt. hefur menntmn. flutt, og eru nokkrar þeirra aðeins leiðréttingar eða breytingar á orðalagi, aðrar eru veigalitlar efnisbreytingar, en loks eru nokkrar, sem telja verður að fjalli um þýðingarmikil atriði frv. Skal ég nú gera grein fyrir tillögunum, en þær er að finna á þskj. 356.

1. till. er við 3. gr. Það er nýjung að festa í lög ákvæði um tilgang og stefnu ríkisútvarps, og hefur það enn ekki verið gert í nágrannalöndum okkar, þótt víða sé mikið um það talað. Þessi gr. er því að mörgu leyti mjög merkileg, ef Alþ. samþykkir hana. Brtt., sem n. gerir, er aðeins um orðalag, en ekki raunverulegar efnisbreytingar, nema B-liðurinn, sem þarfnast ekki skýringa. Nú í dag hefur verið borin fram þingmannabrtt. við þessa gr., sem ég mun ekki ræða að sinni.

2. till. er við 4. gr. Fyrri liðurinn er leiðrétting á orðalagi. Síðari liðurinn fjallar um útgáfu á reglum um fréttir og auglýsingar. Er þar í raun og veru ekki um breytingu að ræða, heldur aðeins sett inn í lögin sjálf það sem verið hefur í reglugerð og ætlunin var að hafa áfram í reglugerð, en um þetta komu fram skýrar óskir frá menntmn.

3. till., um 5. gr., fjallar um skipun útvarpsráðs og er vafalaust veigamest og umdeildust af þeim brtt., sem fram hafa verið lagðar við frv. Menntmn. er raunar ekki einhuga um þessa tillögu. Fjórir voru með henni, þrír á móti, þegar hún var afgr. úr n. Tillagan er á þá lund, að í stað 7 manna útvarpsráðs skuli Alþ. kjósa 15 manna ráð. Í stað þess að útvarpsráð kemur að jafnaði saman vikulega, skuli það koma saman í heild aðeins einu sinni í mánuði,

en skipta sér síðan í 2 dagskrárnefndir, aðra fyrir hljóðvarp og hina fyrir sjónvarp, er starfi hinar þrjár vikurnar. Útvarpsráðsmenn gætu skipzt á um sæti í þessum nefndum t. d. á eins eða tveggja ára fresti. Útvarpsráð skuli kosið til 4 ára, en ekki eftir hverjar þingkosningar, en í fyrsta sinn að loknum þeim kosningum, sem fram fara á vori komanda.

Síðan til komu tvær langar og miklar dagskrár hljóðvarps og sjónvarps, hefur verkefni útvarpsráðs, að móta þessar dagskrár í meginatriðum, fylgjast með þeim og bera ábyrgð á þeim, aukizt til mikilla muna. Annaðhvort verður nú að fjölga fundum útvarpsráðs og stórauka starfsemi og kostnað við það eða að kalla til fleira fólk og dreifa þessu starfi á fleiri herðar. Starfslið við dagskrá Ríkisútvarpsins er svo fátt, að nauðsynlegt er að koma á og halda við raunhæfum samráðum þess við leikmenn, kjörna af Alþ., en það þarf að vera um samfellt starf að ræða. Ætti sú skipun, sem hér er lögð til, að veita mun meira öryggi í dagskrárgerð, t. d. í vali á sjónvarpsmyndum, og vera öllum aðilum, bæði stofnuninni og fólkinu í landinu, til góðs. Útvarpsráð hefur oft verið gagnrýnt fyrir þá sök, að það sé að mestu skipað fulltrúum stjórnmálaflokka. Þetta er óneitanlega rétt, og ég hygg, að í 15 manna hóp mundi þessa galla gæta mun minna. Það er nauðsynlegt, að útvarpsráð njóti sæmilegs trausts með þjóðinni, en sé ekki talið vera handbendi flokksvaldsins. Með fjölgun í útvarpsráði mundu aukast líkur á, að mismunandi aðilar í þjóðfélagi okkar eignist þar fulltrúa og má nefna sem dæmi, að bæði konur og unga kynslóðin ættu að sjálfsögðu að eiga þar sæti, en svo er ekki í dag.

Að lokum vil ég geta þess, að sú skipun, sem hér er gerð tillaga um, er nauðalík því, sem tíðkast í næstu löndum, svo sem í Danmörku og Noregi. Útvarpsráð er ekki venjuleg stjórn opinberrar stofnunar og á sér enga hliðstæðu í íslenzka ríkiskerfinu, og það skapar því ekki fordæmi, ef það yrði skipað 15 manns.

Ríkisútvarpið hefur á nokkrum síðustu árum orðið að nútíma fjölmiðlunartæki, sem hefur mikil áhrif á þjóðlíf og einstaklinga hvern dag. Þetta er nýtt þjóðfélagsfyrirbrigði, og það verður að skipa málum þess með nýjum hugmyndum. Þess vegna bið ég hv. alþm. að líta með opnum huga á þetta mál og hugsa til framtíðarinnar, er þeir taka afstöðu til þess. Útvarpslög hafa stundum þurft að endast lengi. Ef þau lög, sem nú verða væntanlega sett, eiga að vera í gildi að meginstofni til eins lengi og gömlu lögin hafa verið í gildi, þá verða ný lög ekki sett fyrr en árið 2008.

4. brtt. er við 6. gr. og fjallar um veigamikil atriði, er snerta sjálfstæði Ríkisútvarpsins gagnvart stjórnvöldum. Er það meginhugsun þessa frv., að ráðh. hafi æðstu stjórn á rekstri og fjármálum útvarpsins, en hið þingkjörna útvarpsráð hafi æðsta vald um dagskrárefni. Þetta hefur raunar verið svo í framkvæmd, a. m. k. síðustu 15 árin, en nú er lagt til, að það verði staðfest í lögum. Hingað til hefur verið ákvæði í lögum þess efnis, að snerti ákvarðanir útvarpsráðs mjög fjárhag stofnunarinnar geti útvarpsstjóri áfrýjað þeim til ráðh. Lagt er til að fella þetta nú niður, en því verður þó ekki breytt, að útvarpsstjóri ber meginábyrgð á fjárhag stofnunarinnar og framkvæmd dagskrár, svo að útvarpsráð hlýtur að sjálfsögðu að fara mjög eftir tillögum hans í þeim efnum, er fjárhaginn varða.

5. brtt. er við 7. gr. og fjallar um skipun starfsmanna við Ríkisútvarpið. Í frv. er lagt til, að menntmrh. skipi þá, sem eru í 16. launaflokki eða hærri. Útvarpsráð lagði til, að þetta næði aðeins til framkvæmdastjóra, sem eru þrír, en útvarpsstjóri ráði aðra starfsmenn.

6., 7. og 8. brtt. eru um orðalag eða leiðréttingar. Þarf ekki að fjölyrða um þær.

9. brtt. er einnig um viðbót, sem má kalla leiðréttingu.

Og kem ég þá að 10. brtt., sem er við 14. gr., en þar er lagt til, að 5% af brúttótekjum stofnunarinnar, en ekki aðeins 5% afnotagjalda, eins og áður var, renni í framkvæmdasjóð til húsbygginga. Stjórn Ríkisútvarpsins og hljóðvarpsdeild eru enn eftir 40 ára starf í leiguhúsnæði. Hefur nú verið skipuð byggingarnefnd, og verður með þessu ákvæði að tryggja fé til framkvæmda.

Í 11. brtt., sem er við 15. gr., er lagt til, að heimilt verði að undanþiggja afnotagjöldum alla þá, sem hljóta uppbót á elli- eða örorkulífeyri samkv. 21. gr. tryggingalaganna. Er þetta efnaminnsta fólkið, sem þarna kemur til greina, og ákveður Tryggingastofnun ríkisins bætur þess og heldur skrá yfir það. Er þetta allveigamikill stuðningur við efnalítil gamalmenni og öryrkja, því afnotagjöld sjónvarps og hljóðvarps hafa numið allt að 4 þús. kr. á ári.

12. brtt. er við 16. gr. og er þríþætt. 1. liðurinn er lagfæring á málfari. 2. liðurinn fellir niður skyldur notenda um að tilkynna Ríkisútvarpinu bústaðaskipti. Hefur tekizt samstarf á milli útvarpsins og þjóðskrár, svo að þetta ákvæði er nú talið óþarft. 3. liðurinn er þess efnis, að seljendur sjónvarps- eða hljóðvarpsviðtækja skuli tilkynna sölu tækjanna mánaðarlega. Hefur reynslan leitt í ljós, að slíkt ákvæði er nauðsynlegt. Enda þótt langflest fyrirtæki, sem verzla með hljóðvarps- og sjónvarpsviðtæki, gegni skyldu þessari með góðum skilum, þá hefur komið fyrir alvarlegur misbrestur á því. Sem dæmi get ég nefnt, að innheimtudeild Ríkisútvarpsins á nú einmitt í máli við eitt fyrirtæki í Reykjavík, sem vanrækti að tilkynna sölu á yfir 1 þús. sjónvarpstækjum í meira en ár, og þessi vanræksla hefur valdið Ríkisútvarpinu tjóni, sem getur numið meira en 3 millj. kr., vegna afnotagjalda, sem ekki var hægt að innheimta. Samkvæmt gildandi lögum er talið unnt að refsa þessu fyrirtæki með 500 kr. sekt og vísitöluálagi frá gildistöku gömlu útvarpslaganna, en kaupendur tækjanna gætu átt meira á hættu. Ætti þetta dæmi að nægja til þess að sýna fram á, að þessi mál verða að vera í föstum skorðum.

13. brtt., við 17. gr., er um málfar, en 14. till., við 18. gr., er um veigamikið efnisatriði. Samkvæmt

frv. á veðréttur Ríkisútvarpsins í sjónvarpstækjum að ganga fyrir öllum öðrum rétti. Seljendur sjónvarpsviðtækja hafa bent á, að sala tækjanna með afborgunarskilmálum mundi torveldast eða jafnvel stöðvast, ef þetta ákvæði væri óbreytt. Hefur menntmn. því talið rétt að fallast á þessa ábendingu og gerir tillögu um, að veðréttur Ríkisútvarpsins komi á eftir eignarréttarfyrirvörum, sem oftast fylgja afborgunarskilmálum. M. ö. o. reynt er að greiða fyrir því eins og hægt er, að tækin seljist með afborgunarskilmálum fyrir þá, sem það vilja, en hert mjög á því, að seljendur geri grein fyrir sölu þeirra, svo að innheimta afnotagjalda geti gengið eðlilega fyrir sig.

15. brtt. er við 20. gr. og kemur þar orðið „eindagi" í staðinn fyrir „gjalddaga", en það er notendum að sjálfsögðu nokkuð í hag. Síðasta brtt., við 24. gr., er framhald af því, sem ég þegar hef sagt um tilkynningarskyldu þeirra, sem selja viðtæki. Er lagt til, að lágmarkssektir fyrir slík brot geti numið sem svarar verðgildi 3—4 sjónvarpstækja og er það varla of hart á tekið.

Ég hef þá gert grein fyrir brtt. menntmn. við frv. Þær eru 16 talsins, en í raun réttri er aðeins um 4 veruleg efnisatriði að ræða í þessum tillögum. Einstakir nm. hafa fyrirvara um nokkur atriði og standa að viðbótartillögum, sem ég mun ekki gera að umtalsefni á þessu stigi.

Að lokum vil ég enn á ný biðja hv. alþm. að íhuga vandlega, hversu þýðingarmikið tæki hljóðvarp og sjónvarp er og hver áhrif þessi stofnun hefur á uppeldi barna okkar og líf okkar allra. Til slíkrar stofnunar verður þjóðin að vanda, skapa henni sem bezt starfsskilyrði og leggja sem mesta alúð við mótun þess efnis, sem okkur verður flutt. Hver sem niðurstaða Alþ. verður um einstakar brtt., sem fram eru komnar, þá vona ég og treysti því, að frv. verði að lögum á þessu þingi, því að mörg af þýðingarmestu ákvæðum þess eru óumdeild.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 1. þm. Austf. skrifað undir nál. með fyrirvara. Ástæðan er sú, að við erum andvígir einni af þeim brtt., sem n. flytur á þskj. 356, þ. e. a. s. 3. brtt., um útvarpsráð. Þá erum við einnig andvígir 2., 3. og 4. mgr. 19. gr., svo og 20. gr. Þessar gr. fjalla um fógetavald, innheimtustjóra útvarpsins og fulltrúa hans. Við flytjum því brtt. á þskj. 358 þess efnis, að þrjár síðustu mgr. 19. gr. falli niður, svo og 20. gr. 3. brtt. n., við 5. gr. frv., er um útvarpsráð og er á þá leið, að fjölgað verði í útvarpsráði úr 7 í 15. Á þá útvarpsráð að skiptast í tvær dagskrárnefndir og verður það alls skipað 15 mönnum. Önnur dagskrárnefndin á að fjalla um sjónvarpið, en hin dagskrárnefndin um hljóðvarpið. Þessar dagskrárnefndir eiga svo að hanga saman þannig, að formaður útvarpsráðs á að vera formaður þeirra beggja, og verða þá 8 menn í hvorri dagskrárnefnd. Við fáum ekki séð, að þessi mikla fjölgun í útvarpsráði sé aðkallandi. Helztu rökin, sem ég man eftir og komu fram hér hjá hv. frsm., eru þau, hve verkefni útvarpsráðs hefur vaxið í seinni tíð og auðvitað er það rétt. Það hefur vaxið mikið. Þegar á það er að líta, sem okkur var skýrt frá í menntmn., að fundardagur útvarpsráðs er aðeins einn í viku, þá sýnist mega bæta nokkuð úr þessu með því t. d. að hafa tvo fasta fundardaga í viku. Auðvitað þurfa mennirnir að leggja meira á sig, en það er öllu heppilegra fyrirkomulag en að fjölga um meira en helming í útvarpsráði. Þá nefndi hv. frsm. nefndarinnar núna, að það hefði stundum verið kvartað undan því, að í útvarpsráð veldust fulltrúar stjórnmálaflokkanna og mundi síður bera á því, að þess gætti, þegar útvarpsráðsmenn væru orðnir 15. Ég held, að það sé ekki fyrir það að synja, að flokkarnir gætu fyllt þessi rúm, þó að þau væru 15 og það sé ómögulegt að segja neitt um það, hvort það yrði síður.

Þá má benda á það, að þessi tvískipting starfa í útvarpsráði held ég að verði síður en svo til að samræma sem bezt störf sjónvarps og útvarps. Þvert á móti tel ég líklegt, að hvor dagskrárnefndin fyrir sig fari sínar leiðir og formaðurinn einn ráði litlu um það nauðsynlega samstarf, sem þarf að vera milli sjónvarps og hljóðvarps. Í raun og veru er hér verið að kjósa tvö útvarpsráð og mér sýnist helzt, að þetta sé byrjunin á því að skipta Ríkisútvarpinu í tvær stofnanir, þetta sé fyrsta sporið. Og sé ég ekki, að það séu miklar framfarir í sambandi við þessa breytingu á útvarpsráði. Það má bæta því við, að það hljóðar ekki beint vel á þessum verðstöðvunartímum að fjölga þarna um meira en helming. Þá vil ég geta þess, að útvarpsstjóri er mjög andvígur þessari breytingu. Hann hefur sent menntmn. bréf um þetta efni, eftir að n. hafði lokið störfum sínum, og það bréf hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Menntmn. Nd. Alþ. hefur gert þá brtt., að fjölgað verði útvarpsráðsmönnum úr 7 í 15. Eftir langa reynslu og samstarf við útvarpsráð fæ ég ekki skilið, hvert gagn er að slíkri fjölgun í ráðinu. Mikilvægasta hlutverk útvarpsráðs er án efa að úrskurða vafaatriði og deilumál innan starfssviðs þess og setja eða breyta reglum til gæzlu óhlutdrægni í dagskrá Ríkisútvarpsins, sem útvarpsráði lögum samkv. ber skylda til. Slíkar ákvarðanir þarf oft að taka af skyndingu og þarf ekki að fjölyrða um, hve miklu auðveldara er að fá slíkar ákvarðanir teknar fyrirvaralítið af færri en fleiri mönnum. Þá hlýt ég einnig að fenginni reynslu að andmæla þeirri stefnu tillögunnar að kljúfa útvarp og sjónvarp, svo að í reynd verði sitt útvarpsráð fyrir hvora deild. Þess skal loks getið, sem kann að þykja lítils um vert, að 15 manna útvarpsráð bindur stofnuninni ýmsar byrðar að því er snertir aukna þjónustu, og hvorki útvarp né sjónvarp hefur eins og stendur fundarstað fyrir slíkt fjölmenni til sameiginlegs fundarhalds.

Andrés Björnsson."

Við hv. 1. þm. Austf. leggjum því til, að 3. brtt. á þskj. 356, við 5. gr. frv., verði felld.

Þá kem ég að 19. og 20. gr. frv. Samkv. ákvæðum þessara tveggja greina á innheimtustjóri Ríkisútvarpsins og fulltrúi hans að hafa fógetavald til innheimtu afnotagjalda af sjónvarps- og útvarpstækjum, en útvarpið fær lögveðrétt í sjónvarpstækjum samkv. 18. gr. Hins vegar fær það ekki lögveðrétt í hljóðvarpsviðtækjum. Þetta er sannarlega nýmæli, að starfsmenn einnar ríkisstofnunar í landinu fái fógetavald, sem nær yfir allt landið. Sú spurning hlýtur því að vakna, hvað fógetarnir muni verða orðnir margir í stofnunum ríkisins, þegar frá líður, ef brautin verður þannig rudd, því að það er vitað mál hér um bil, að ýmsar ríkisstofnanir munu fara fram á það sama, sams konar valdsmann hjá sér, því að fleiri þurfa að innheimta peninga heldur en Ríkisútvarpið.

Það fógetavald, sem innheimtustjóri útvarpsins hefur nú, sem er í umboði héraðsfógetans, — hann er aðeins fulltrúi hans með því valdi — það er mjög takmarkað, það er hér í Reykjavík og næstu bæjarfélögum að ég ætla, enda væri ákvæði 19. og 20. gr. um fógetavald innheimtustjórans ekki tekið inn í þetta frv., ef núverandi vald hans þætti fullnægjandi. Við flm. brtt. á þskj. 358 teljum því óþarft að lögfesta slík lagaákvæði og auk þess mundi það ýta undir aðrar opinberar stofnanir að krefjast sams konar valdsmanna hjá sér.

Eftir að menntmn. hafði afgreitt frv. frá sér, barst n. umsögn frá Dómarafélagi Íslands um frv., sem óskað hafði verið eftir, en hafði tafizt að koma til n. Í þeirri umsögn kemur fram allmikil gagnrýni, einkum á 19. og 20. gr. þessa frv. Í þessari gagnrýni felst það fyrst og fremst, að ákvæði þessara gr. frv. samrýmist ekki réttarfarsreglum og venjum. Nú er það erfitt fyrir leikmenn að dæma um það, hvað réttast er í þeim efnum, en alþm. komast þó ekki hjá því að taka afstöðu til þessara efnisatriða frv. En til þess að hv. þm. geti gert sér nokkra grein fyrir þessum atriðum, sem þarna eru mjög gagnrýnd, þá sýnist mér rétt að lesa upp umsögn Dómarafélagsins, með leyfi hæstv. forseta:

„Hv., menntmn. Nd. Alþ. hefur sent oss til umsagnar frv. til nýrra útvarpslaga.

Af þeim atriðum, sem frv. þetta fjallar um, munum vér aðeins taka afstöðu til ákvæða 18.—21. gr.

Í 18. gr. frv. er lagður lögveðréttur á sjónvarpsviðtæki til tryggingar afnotagjöldum af því. Einnig er lagður lögveðréttur á sjónvarpsviðtæki til tryggingar afnotagjaldi af hljóðvarpsviðtæki, sem er í eigu sama aðila. Ekki er þar fram tekið, að afnotagjöld af útvarpsviðtækjum skuli njóta lögtaksréttar, en leiða má það af ákvæðum 19.—21. gr. Rétt væri, að ákveðið væri fram tekið, að gjöld þessi nytu lögtaksréttar.

Samkv. 1. og 2. mgr. 19. gr. skal ráðh. skipa innheimtustjóra Ríkisútvarpsins, sem skal fullnægja almennum dómaraskilyrðum og hafa heimild til að gera lögtök til tryggingar afnotagjöldum og framkvæma fleiri dómsathafnir hvar sem er á landinu. Þá er í 3. mgr. heimild til handa ráðh. að skipa löglærðan fulltrúa við innheimtuskrifstofu Ríkisútvarpsins, og skal hann hafa sama rétt til að framkvæma dómsathafnir og innheimtustjórinn. Ætla verður af ákvæðum 3. mgr. 7. gr. frv., að menntmrh. skuli skipa eða ráða menn þessa. Samkv. lögum nr. 73/1969, sbr. auglýsingu nr. 96/1969, heyrir dómaskipan, dómstólar og réttarfar undir dómsmrh. að undanskildum félagsdómi og dómsmálum varðandi varnarsvæðin. Mjög óheppilegt verður að teljast að taka einn þátt hinna almennu dómsmála undan stjórn dómsmrh. og fela hann menntmrh. Um fulltrúa þann, er skipa má samkv. 3. mgr. 19. gr. frv., eru engar kröfur gerðar, nema að hann sé löglærður. Hann þarf því ekki að fullnægja ákvæðum 1. og 2. tölul. 32. gr. l. nr. 85/1936. Ekki verður séð af frv., að maður þessi starfi á ábyrgð innheimtustjóra, og verður því að telja, að hann starfi, ef til kæmi, á eigin ábyrgð og þá einnig á ábyrgð menntmrh. Þessi ákvæði verða að teljast mjög óheppileg.

Í 1., 2. og 3. mgr. 20. gr. frv. er fjallað um framkvæmd lögtaka þeirra, er innheimtustjóri eða löglærður fulltrúi samkv. 3. mgr. 19. gr. frv. framkvæma. Lögtak fyrir þeim gjöldum, sem lögveð hafa í sjónvarpsviðtækjum, gerir innheimtustjóri þannig, að hann ritar ákvörðun sína um lögtak í fógetabók. Ekki virðist skipta máli, í hvaða lögsagnarumdæmi lögtaksþolandi býr né hvar hinn lögtekni munur er. Gerðarþolanda er ekki gefinn kostur á að mæta við lögtakið og gæta réttar síns og ekki verður séð, að annar en innheimtustjórinn, sem þarna fer með dómsvald, sé gerðarbeiðandi. Þessi aðferð er í algeru ósamræmi við hugmyndir manna hér á landi um réttlátt og heiðarlegt réttarfar. Svo virðist sem þessi ákvörðun fógeta (innheimtustjóra) sé ekki áfrýjanleg. Samkv. 5. mgr. 20. gr. frv. getur hann, ef þess er krafizt, endurupptekið ákvörðun sína og þá kveðið upp formlegan úrskurð í málinu. Ætla verður, að sá úrskurður sé áfrýjanlegur. Ekki kemur fram, hvar þetta mál skal rekið, en líklega er ætlað, að það sé í Reykjavík. Komi ekki fram krafa um endurupptöku og innheimtustjóri (fógeti) hafi krafizt uppboðs á hinum lögtekna mun, má koma að mótmælum gegn lögtakinu fyrir uppboðsdómi og skal þá uppboðsdómari úrskurða um lögmæti þess. Svo virðist sem innheimtustjóri (fógeti) komi þar fram sem uppboðsbeiðandi.

Í 3. mgr. 20. gr. frv. segir, að lögtak til tryggingar öðrum gjöldum til Ríkisútvarpsins geri innheimtustjóri eða viðkomandi fógeti og skuli þá farið eftir reglum lögtakslaganna um framkvæmd þess. Ekki er ljóst, hvaða gjöld önnur en þau, sem um ræðir í 2. mgr. 20. gr., njóta lögtaksréttar. Vafasamt er, að innheimtustjóri gæti framkvæmt lögtök samkv. reglum lögtakslaganna.

Í 21. gr. eru ákvæði um, að innheimtustjóri geti framkvæmt eða látið framkvæma innsiglun á útvarpsviðtækjum, tekið þau eða látið taka þau úr vörzlum eigenda og kveðið upp úrskurði í því sambandi. Ætla verður, að hér sé um réttargerðir að

ræða og innheimtustjóri eigi að koma fram sem dómari, enda á hann að kveða upp dómsúrskurði, sem án efa má áfrýja. Með vísun til þess, sem áður hefur verið greint, er slíkt naumast fært.

Að endingu viljum vér taka fram, að vilji hið háa Alþingi gerbreyta gildandi réttarfarsreglum, er nauðsynlegt, að það sé gert með skýrum ákvæðum, en þeirri kröfu fullnægja ekki þau ákvæði frv., sem gerð hafa verið að umtalsefni. Þá viljum vér vara mjög við þeirri stefnu, sem fram kemur í frv., að fela einu af rekstrarfyrirtækjum ríkisins dómsvald í eigin málum. Slíkt samrýmist alls ekki þeim réttarhugmyndum, sem gilda hér á landi.

Samkv. framangreindu leggjumst vér eindregið gegn því, að þau ákvæði frv., sem gerð hafa verið hér að umtalsefni, verði samþ. með því efni, sem þau hafa nú í frv."

Þetta var umsögn Dómarafélags Íslands. Skömmu eftir að n. hafði fengið þessa umsögn Dómarafélagsins barst n. bréf frá dr. Þórði Eyjólfssyni, fyrrv. hæstaréttardómara, en hann er einn af höfundum frv. Andmælir hann þar ýmsum atriðum í umsögn Dómarafélagsins. Ég mun nú ekki rekja þennan ágreining hinna reyndu dómara, en fallist d. á að samþykkja brtt. okkar á þskj. 358, þar sem lagt er til, að niður falli úr frv. ákvæðin um fógetavald innheimtustjórans, þá er þessi ágreiningur sjálfkrafa úr sögunni. Verði hins vegar brtt. okkar felldar, þá sýnist mér, að menntmn. þurfi að athuga frv. betur milli 2. og 3. umr. og það er vegna þess, að bæði Dómarafélagið og dr. Þórður Eyjólfsson eru sammála um, að einu atriði í frv. þurfi að breyta, ef samþykkt verða ákvæðin um fógetavald innheimtustjórans. En það er, að þessi nýi útvarpsfógeti og fulltrúi hans verði skipaðir af dómsmrh., en ekki af menntmrh. Um þetta eru báðir þeir aðilar sammála, og ég tel það mjög líklegt og reyndar víst, að hv. menntmn. vilji taka tillit til slíkra atriða, sem þessir tveir aðilar eru þó sammála um. Það eru ótvírætt fyrirmæli í 7. gr. frv., að það er menntmrh., sem á að skipa innheimtustjórann.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Eins og fram hefur komið, stendur menntmn. saman að brtt. á þskj. 356, en engu að síður er kominn upp ágreiningur milli nm., eins og fram hefur komið á þessum fundi, og finnst mér því rétt sem einum nm. að gera í örstuttu máli grein fyrir afstöðu minni til þeirra brtt., sem fram hafa komið. Ég lít svo á, að þetta frv. til útvarpslaga hafi verið æði vel undirbúið, enda má segja, að n. hafi á það fallizt í öllum meginatriðum, þó að hún hafi gert á því ýmsar breytingar, sem sumar eru nokkuð veigamiklar. Í þessu frv. eru ýmis mikilvæg efnisatriði ný, en það mikilvægasta tel ég vera það, að með því er lögð áherzla á það að gera Ríkisútvarpið að sem sjálfstæðastri stofnun og gera útvarpið sem óháðast ríkisstj. hverju sinni. Þetta tel ég vera rétta stefnu og afar mikilvæga stefnu. Það er mjög nauðsynlegt, að jafnáhrifamikið fjölmiðlunartæki og útvarpið, bæði hljóðvarp og sjónvarp, sé sem sjálfstæðast gagnvart ríkisstj. hverju sinni. Við höfum fyrir því gömul dæmi, hvernig ríkisstj. hafa reynt að hlutast til um starfsemi útvarpsins og af því er slæm reynsla. En sem betur fer hefur þróunin farið í þá átt, að útvarpið hefur orðið sjálfstæðara gagnvart ríkisstj. á undanförnum árum, og ég tel það afar mikilvægt, að þetta eigi að festa í lög enn betur en gert hefur verið til þessa. Engu að síður skulum við gera okkur grein fyrir því, að þessu getur fylgt nokkur hætta af öðru tagi. Það getur verið hætta á því, að útvarpið verði eins konar ríki í ríkinu, að almenningur, fólkið í landinu, eigi erfitt með að komast að þessari stofnun. Og það er vegna þess kerfis, sem hér er, að þarna er allur þorri starfsmanna opinberir starfsmenn, sem geta verið þarna í störfum alla sína ævi og án þess að hægt sé að hnika þar til, nema einhver alvarleg brot séu gerð. Í því er fólgin sú hætta, að þannig geti risið upp ýmsir smákóngar, sem fari sínu fram, kannske í trássi við almenningsálit og viðhorf neytenda eða notenda þessarar stofnunar. Þess vegna verður að tryggja það, að þarna sé einnig mjög virkur aðili, sem sé lýðræðislega kjörinn, sem sé eins konar fulltrúi almennings í landinu, og sá aðili, sem á að gegna þessu hlutverki, er útvarpsráð.

Nú er alkunna, að um það hefur verið mikil umr., hvernig hægt sé að kjósa útvarpsráð þannig, að það geti rækt þetta hlutverk, og menn hafa haft uppi um það ýmsar kenningar, hvernig fara eigi að þessu, en ég hef nú ekki orðið var við það, að nokkur hafi fundið aðra lausn, sem sé betri eða skynsamlegri en sú, að Alþ. kjósi stofnunina. Vissulega er það rétt, að menn hafa sagt, að útvarpsráð væri kosið hér af stjórnmálaflokkunum og þeir, sem kjörnir væru, ættu að vera eins konar varðhundar flokkanna. Ég tel, að þetta sé að nokkru leyti að kenna ekki sízt Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl., sem virtust vera þeirrar skoðunar um langt skeið, að það væri enginn maður kjörgengur í útvarpsráð nema hann væri stjórnmálaritstjóri við blöð þessara flokka. Ég held, að flokkarnir hafi ýtt undir þetta viðhorf með þessu vali á mönnum. Samt er það augljóst mál, að núna um alllangt skeið hefur dregið mjög úr pólitískri valdspillingu innan stofnunarinnar og einnig innan útvarpsráðs. Mér hefur þótt það ánægjuefni á undanförnum árum, hvernig það hefur verið talið sjálfsagt í vaxandi mæli, að menn ræddu um ýmis þjóðmál og stjórnmál á frjálslegan hátt, án þess að menn kipptu sér upp við það. Þó eimir enn eftir af þessari pólitísku valdspillingu, sem kom fram hér á dögunum, þegar útvarpsráð vítti Sigurð Blöndal fyrir ágætt, skemmtilegt, fjörugt erindi, sem hann flutti um daginn og veginn. Menn geta haft skiptar skoðanir á ýmsum kenningum hans, en þetta erindi var tvímælalaust mjög gott útvarpsefni. Og skiptar skoðanir eru kostur, en ekki galli í sambandi við starfsemi útvarpsins. Við eigum algerlega að fella niður þann hátt að reyna að tryggja óhlutdrægni útvarpsins með því að leggjast á málfrelsi manna.

Þvert á móti eigum við að tryggja óhlutdrægnina með því að auka frelsi manna til þess að túlka skoðanir sínar og skiptast á skoðunum í útvarpinu. En þetta á sem sagt að vera verkefni útvarpsráðs, og þess vegna lít ég svo á, að með þessari breytingu, sem við höfum verið að gera hér, sé hlutverk útvarpsráðs gert miklu meira heldur en það hefur verið eða þyrfti a. m. k. að verða miklu meira. Ég tel, að útvarpsráð þurfi að verða sterkara mótvægi gegn föstum starfsmönnum stofnunarinnar en það hefur verið að undanförnu, því að þrátt fyrir allt er það nú svo, að almenningur í landinu á greiðari aðgang að útvarpsráðsmönnum með gagnrýni sína og óskir heldur en föstum starfsmönnum stofnunarinnar. Og einmitt þess vegna er ég þeirrar skoðunar, að það sé skynsamleg tillaga, sem flutt er af menntmn., að fjölga í útvarpsráði. Ég held, að öllum mönnum hljóti að vera það ljóst, að störf útvarpsráðs hafa aukizt ákaflega mikið við tilkomu sjónvarpsins. Þau hafa aukizt svo mikið, að ég segi, að þeir menn, sem af þessu hafa reynslu, það sé ekki nokkur kostur með þeirri skipan, sem verið hefur, að rækja þessi störf á þann hátt, sem vert væri. Það væri vissulega hægt, eins og hv. þm. Sigurvin Einarsson sagði, að fjölga fundum útvarpsráðs, hafa ekki einn fund í viku, heldur tvo eða jafnvel þrjá. Ég hugsa, að það mundi nú ekkert veita af þremur. En þá er líka fallin sú röksemd þess hv. þm., að slíkt bryti í bága við verðstöðvunarstefnuna svo kölluðu. Ég held, að það væri ekki raunsætt að ætlast til þess, að útvarpsráðsmenn færu að halda fleiri fundi og leggja fram miklu meiri vinnu, án þess að það væri þá greitt fyrir það. Við eigum að gera þá kröfu til útvarpsráðsmanna, að þeir ræki þessi störf eins og hverja aðra vinnu og leggi í það vinnu, en þá verðum við einnig að greiða fyrir þá vinnu. Hjá því verður ekki komizt. Ef við fjölgum í stofnuninni getum við dreift þessu verkefni til fleiri aðila og í því væri það ekki fólgið að skipta þarna á milli hljóðvarps og sjónvarps, eins og sagt hefur verið. Það var um það rætt í n., að menn skiptust á um að vera annars vegar í sjónvarpsnefnd og hins vegar í hljóðvarpsnefnd. Menn væru kannske eitt árið í annarri og svo eitt ár í hinni og kynntust þá þannig þessum stofnunum báðum í verki, daglegum störfum þeirra, og síðan yrði fjallað um hin sameiginlegu mál á sameiginlegum fundum. Ég held, að þetta væri skynsamleg skipan, og ég held líka, að með þessari skipan mundi það gerast, sem hv. þm. Benedikt Gröndal vék að hér áðan, að það mundi draga eitthvað úr þeim varðhundasvip, sem menn hafa verið að ræða um, að útvarpsráð gæfi dálítið betri mynd af þjóðfélaginu sjálfu en það gerir núna. Ég hugsa, að það yrði fjölbreyttari stofnun, þarna kæmu til menn með fleiri sjónarmið og þarna gæti orðið meira um lifandi og jákvæðar tillögur. Ég mæli því eindregið með því, að það verði fallizt á þá skipan að fjölga í útvarpsráði á þennan hátt.

Að öðru leyti ætla ég nú ekki að ræða um margar tillögur aðrar. Þegar þetta mál var rætt í menntmn. vakti ég athygli á því eða hóf máls á því, hvort ekki væri rétt að fella inn í lögin þau heimildarákvæði, að hægt yrði að fella niður afnotagjöld til elli- og örorkulífeyrisþega eftir tilteknum reglum. Eins og allir vita, er afkoma aldraðs fólks og öryrkja afar slæm í þjóðfélagi okkar og ég held, að það sé óhjákvæmilegt að reyna að létta undir með þessu fólki hvar sem hægt er. Og mér er kunnugt um það, að þessi háttur er á hafður sums staðar í grannlöndum okkar, t. d. á Norðurlöndum. Þessari tillögu var efnislega vel tekið í n. eins og það ber með sér, að hún flytur sameiginlega tillögu um það, að þeir, sem hljóta uppbót á elli- og örorkulífeyri samkv. 21. gr. l. um almannatryggingar frá 1963, verði undanþegnir afnotagjöldum. Þetta er heimildarákvæði. Að vísu tel ég, að þetta ákvæði gangi til muna of skammt. Því miður er það svo, að þeir, sem hljóta uppbót á elli- og örorkulífeyri, eru allt of fáir og miklu færri en vert væri og eru þar að auki flestir á elliheimilum, eins og tekið er fram, þannig að þetta gengur of skammt, en engu að síður tel ég það ákaflega mikilvægt, að þarna er fallizt á þetta sem meginreglu, að hægt sé að fella niður afnotagjöld hjá þessu fólki. Og ef til þess kemur, að tryggingalögin verði endurskoðuð á næstunni, eins og maður verður að gera sér vonir um, eftir þau fjölmörgu loforð, sem menn hafa fengið að heyra hér á þingi og annars staðar, þá geri ég ráð fyrir, að þessi ákvæði um sérstaka uppbót á elli- og örorkulífeyri til þeirra, sem þurfa á því að halda, verði rýmkuð mjög verulega. Og þá gætu þessi ákvæði í útvarpslögunum einnig rýmkað.

Hér var gerð grein fyrir því áðan, að upp hefði komið ágreiningur um það, hvernig haga skyldi innheimtu afnotagjalda gagnvart þeim, sem ekki greiða á réttum gjalddögum. Og það er rétt, að það er komin upp um þetta lögfræðileg deila, annars vegar frá Dómarafélaginu og hins vegar er komið svar frá Þórði Eyjólfssyni. Ég tel mig ekki það lögfróðan mann, að ég sé um það fær að leggja dóm á þessar fræðilegu deilur. Það, sem ég lít á í þessu sambandi, er það, að ég tel, að innheimta afnotagjalda verði að vera sem virkust, að það verði að tryggja það, að afnotagjöldin séu innheimt eins vel og hægt er. Það er ekki aðeins nauðsynlegt fyrir stofnunina, heldur einnig fyrir þann yfirgnæfandi meiri hluta viðskiptavina útvarpsins, sem eru skilvísir, að þetta sé gert, því að við skulum ævinlega minnast þess, að þeir, sem losna við að greiða slík gjöld, þó að þeir geti það, þeirra gjöld eru þá í staðinn lögð á hina skilvísu og þess vegna mun ég einnig fylgja till. n. sem slíkrar hvað þetta snertir. Ég mun sem sé, eins og ég hef gert grein fyrir, fylgja þeim till., sem eru á þskj. 356, frá menntmn. í heild, mun fylgja þeim öllum, en greiða atkv. gegn öðrum brtt. Að vísu hef ég ekki íhugað enn þá þá brtt., sem hv. þm. Pétur Sigurðsson flytur, en mér virðist, að þar sé að vísu ekki um veigamikið atriði að ræða, heldur fyrst og fremst áherzluatriði.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Að óskum

nokkurra þeirra aðila, sem vinna að umferðar- og slysavarnamálum hér á landi, hef ég leyft mér að flytja þá brtt., sem fram kemur á þskj. 395, sem er brtt. við brtt. menntmn. þess efnis, eins og síðasti ræðumaður tók réttilega fram, að kveða fastar á um, að þessar tvær greinar, umferðar- og slysavarnamál, verði ekki út undan í þeirri fræðslu í einstökum greinum, sem Ríkisútvarpinu, og þá bæði hljóðvarpi og sjónvarpi, er ætluð með þessum lögum. Persónulega skal ég viðurkenna það, að t. d. með hljóðvarpinu hafa stór spor verið stigin á undanförnum árum í þessum efnum, bæði í fræðslu um umferðarmál og almenn slysavarnamál. Því miður get ég nú ekki sagt það sama um sjónvarpið, þótt þar hafi vissulega komið fram athyglisverðar myndir um slík efni og þó sérstaklega nú upp á síðkastið, en ég held, að enginn muni draga það í efa, að sjónvarpið er þýðingarmesti fjölmiðlarinn, sem við höfum nú hér á landi, t. d. til að kenna börnum og unglingum umferðarmenningu, og það á ekki aðeins við hér í þéttbýlinu við Faxaflóa, heldur um allt land, bæði í kaupstöðum og til sveita, þannig að ég tel, að ef hv. Alþ. samþykkir þessa brtt. á þskj. 395, sé um leið komið til móts við áhugamenn og starfsmenn, sem vinna að umferðar- og slysavarnamálum, þannig að þeir viti, að þeir geti leitað til þessara stofnana eftir aðstoð í þessum málum og stofnanirnar og stjórnendur þeirra viti líka um leið, að þeirra er þetta starf.

Ég skal ekki á þessu stigi blanda mér mikið inn í þær umr., sem hér hafa farið fram um fjölgun í útvarpsráði. Það á vissulega mikinn rétt á sér miðað við hvað hér er í raun og veru orðið um stórar og þýðingarmiklar stofnanir að ræða, þar sem bæði hljóðvarp og sjónvarp er. En ég vildi þó gjarnan, vegna þeirra brtt., sem hafa komið fram á þskj. 358 frá hv. þm. Sigurvin Einarssyni og Eysteini Jónssyni, spyrja þá og jafnframt menntmn., hvort ekki hafi komið upp í n. sú skoðun, að æskilegt væri, að útvarpsgjald og þá kannske sérstaklega hljóðvarpsgjald yrði lagt á þjóðina sem nefskattur. Við skulum ekki gleyma því og hafa þá staðreynd í huga, að á undanförnum áratugum hafa flutzt ábyggilega til landsins þúsundir svokallaðra transistorviðtækja, sem hvergi hafa komizt á skrá og munu aldrei komast á neina skrá og aldrei verður borgað neitt afnotagjald af, og a. m. k. hljóðvarpið er orðið það þýðingarmikill aðili eða hlutur fyrir alla þjóðina, og hún ábyggilega nýtur þess í einu eða öðru formi, öll íslenzka þjóðin, að ég held, að mjög væri athugandi að taka upp það form á afnotagjaldsinnheimtunni, og mætti þá jafnvel losna við þær greinar við þetta atriði, sem hv. þm. Sigurvin Einarsson hefur hér lagt til, að breyting verði gerð á, að innheimtustjórinn fái þetta fulltrúa- eða fógetavald, því að ég tel, að í sambandi við sjónvarpsafnotagjaldið verði miklu betra að eiga við alla innheimtu og auðveldara fyrir venjulega dómstóla að ganga að þeim heldur en jafnvel útvarpsviðtækjum. En mig langar að spyrja hann og þá flm., hvort ekki þurfi, ef þeir halda við þessa brtt. sína, þá að gera frekari breytingar á frv. Ég spyr, ef þeir leggja til, að 19. gr. verði felld úr frv. að undantekinni 1. mgr., hvaða ástæða er þá til þess, að innheimtustjórinn fullnægi dómaraskilyrðum. Ég fæ ekki séð það og heldur fæ ég ekki séð annað en þá verði jafnvel að gera frekari breytingar á 21. gr. jafnframt. En þetta er kannske vegna þess, að ég hafi ekki skoðað málið nógu vel, en hann getur þá sjálfsagt upplýst mig og reyndar aðra, sem hafa verið með sömu vangaveltur og ég í þessu efni, þegar hann tekur næst til máls.

Bjartmar Guðmundsson: Herra forseti. Þótt það raunar komi fram í nál., að ég er andvígur einni þeirri brtt., sem n. flytur, þ. e. tillögu um fjölgun í útvarpsráði, þá þykir mér þó réttara að fara um það fáeinum orðum og skýra afstöðu mína til þess.

Ástæðan fyrir því, að ég tel óhyggilegt og stefnt í skakka átt að samþykkja það að fjölga í útvarpsráði úr 7 upp í 15, er sú, að þetta er einn angi af því stjórnarkerfi hjá okkur, sem mér finnst vera gengið út í öfgar, þ. e. að hafa fjölmennar stjórnir og þunglamalegar við afgreiðslu mála, sem orsakar það, að það er orðið mjög örðugt að fá afgreiðslu í ýmsum ráðum og nefndum, vegna þess hve þar er til margra manna að leita. Ég held, að ég fremji ekkert trúnaðarbrot, þó að ég segi frá því, að á fjölmennum fundi, sem menntmn. sat á með mörgum æðstu mönnum, sem stjórna nú okkar fræðslukerfi, sagði háskólarektor m. a., að stjórnunarapparat háskólans væri orðið mjög þungt í vöfum og erfitt. Ég held, að þetta sama megi segja um mörg okkar stjórnunarapparöt og við þurfum frekar að ganga í þá átt að gera þau einfaldari, svo að þau geti verið fljótari að afgreiða sín mál, heldur en gera þau flóknari og þunglamalegri. Í þessu efni hefur nú varla verið lagt til að gera annað eins heljarstökk í einu eins og það að fjölga í útvarpsráði um meira en 100%. Ég efast ekki um að það mundu veljast góðir menn í útvarpsráð eins og hingað til, þó að þeir væru 15 í stað þess að vera 7, en eins og ég sagði áðan, gengur þetta ekki í rétta átt að hafa mikinn fjölda manna til að afgreiða mál, því að það verður eins og einu sinni var sagt, að því verr duga margra manna ráð, sem þau koma fleiri saman; ég segi ekki heimskra í þessu tilfelli, því að það á ekki við.

Mér þótti rétt að taka þetta fram, vegna þess að ég er ekki meðflm. að þeirri tillögu, sem hér liggur fyrir um það að fella þessa tillögu n., og gæti það e. t. v. valdið misskilningi, en ég mun greiða atkv. með tillögu þeirra hv. 1. þm. Vesturl. og hv. 1. þm. Austf. um niðurfellingu nokkurra mgr. úr þeim tillögum, sem n. hefur annars staðið að að miklu leyti óskipt.

Í sambandi við útvarpsrekstur og sjónvarpsrekstur að öðru leyti er það að segja, að ég tel bæði sjónvarp og útvarp mjög mikils verð og mikil menningartæki, en þannig er hægt að fara með alla góða hluti, að misnotað verði. Ég álít, að það skipti miklu meira máli að vanda til dagskrár útvarps og

sjónvarps heldur en teygja úr þeim og hafa þær langar. Og ég held, að þessi ágætu menningartæki geti orðið að hálfgerðri plágu, ef þau eru ofnotuð. Það er þess vegna verulegt umhugsunarefni þeirra, sem fara með þessi mál, að taka ekki of mikið undir þær kröfur, sem stundum heyrast frá einum og öðrum að lengja dagskrár. Ef þær eru við hæfi stuttar, þá eru þær ágætar, og því ágætari sem betur er til þeirra vandað, en ef þær verða mjög langar, geta þær orðið hreinasta plága á heimilum. Og þeim, sem fara með þessi mál, hvort sem það nú verða 15 menn í útvarpsráði eða 7, vil ég ráðleggja eindregið að hugsa vandlega um það að lengja ekki dagskrárnar of mikið. Til viðbótar því, sem ég sagði um fjölgunina, er þess að geta, að útvarpsstjóri sjálfur hefur lagt algerlega á móti því að fjölga í ráðinu. Einnig hafa þeir menn, sem sömdu frv., ekki talið ástæðu til að gera það og ég ætla, að þessir menn hafi fyrir nokkru verið búnir að kynna sér afleiðingar af því og talið það síður en svo æskilegt.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs fyrst og fremst af þeim sökum um þetta mál, að mér finnst vera um það furðumikill ágreiningur. Menntmn. hefur nú flutt sameiginlega við það allmargar brtt., að vísu með fyrirvörum, og síðan hafa komið fram fleiri brtt., en sannast að segja ber töluvert mikið á milli. Það er augljóst mál, að hv. þm. vilja allir leggja sig fram um það að bæta löggjöf um útvarpsrekstur hér á landi. Undirbúningur nýrra laga hefur verið vel vandaður og mönnum er ekki ókunnugt um málið nú á þessu þingi, en það er þó þannig, að bæði ákvæðið um útvarpsráð og einnig innheimtuákvæðin eru svo mikilvæg, að æskilegt væri í raun og veru að geta fengið grg. um þau, t. d. hvort nokkur þörf er fyrir þennan lögtaksrétt eða fógetavald í sambandi við innheimtu afnotagjalda. Maður hefur aldrei heyrt á það minnzt, að það þyrfti að hafa hér sterkara innheimtuapparat eða kerfi heldur en í ýmsum öðrum stofnunum, og það er líka rétt, sem kom fram hjá hv. 7. þm. Reykv., að það hefur oft áður verið talað um það og fast að því komið að breyta fyrirkomulaginu með því að hverfa til innheimtu nefskatta, sem sennilega væri einfaldara fyrirkomulag, og mætti vel hugsa sér þá einhver heimildarákvæði handa yfirstjórn útvarpsins vegna þeirra örfáu aðila, sem ekki hefðu hljóðvarp, eins og nú er kallað. En þeir munu nú vera langfæstir. Öðru máli skiptir e. t. v. um sjónvarpið.

Ég fyrir mitt leyti spyr í sambandi við 2. gr.: Af hverju þarf Ríkisútvarpið að hafa einkarétt á útvarpi? Nú er breytingin aðeins sú, eins og við vitum, að útvarpið er kallað sjálfstæð stofnun og það á að hafa einkaréttinn, en áður var það ríkið og ríkisstj. á hverjum tíma. En með þeim breytingum, sem hafa verið og eru að gerast og með því, sem kann að gerast fram til ársins 2001, eins og við sáum í sjónvarpinu í gær, væri þá ekki vel hugsanlegt með ákaflega litlum og einföldum tækjum og tilkostnaði að fólkið úti á landinu gæti sjónvarpað og útvarpað og menn gætu fengið að hlusta á þetta, án þess að gerast brotlegir við lög. Það hefur reynzt mjög víða vel hjá okkur að hafa blöð úti á landi, gefin út af einstökum landshlutum. Auðvitað getur þetta verið sem meginregla, finnst mér, en mætti ekki athuga það, að í vissum tilfellum fengju menn heimildir til þess — hjá þá væntanlega ríkisstj., þegar Ríkisútvarpið er orðið sjálfstæð stofnun — að fenginni tillögu sjálfs útvarpsins að nota sér af því að útvarpa einhverjum dagskrárliðum, bæði í hljóðvarpi og sjónvarpi, og þetta verði bara innan tíðar alveg á næstu árum, allt annars eðlis heldur en þetta hefur verið fram til þessa. Hér eru svo miklar breytingar, tækniframfarir, á þessum sviðum, að ég held, að það væri vert að gefa því gaum, að slík heimild gæti verið í lögum. En ég skal ekki efnislega ræða þau, ég viðurkenni hreinskilnislega, að ég er ekki sjálfur nógu fróður um rekstur útvarpsins og þær reglur, sem þar hafa gilt, og misferli, sem á hefur verið. Við erum búin að vera nokkuð lengi í ríkisstj., en ég kannast alls ekki við, að þetta blessaða Ríkisútvarp hafi verið handbendi ríkisstj. þann tíma, sem ég hef verið í stjórninni, eins og var verið að tala um, og þess vegna sé nauðsynlegt að gera það að sjálfstæðri stofnun.

En ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta. Ég vildi aðeins mælast til þess við hæstv. forseta, þar sem ég þarf nú að hverfa af fundi, að umr. um þetta mál verði ekki lokið nú á þessum fundi, þannig að umr. stæði opin og yrði frestað, en mér er kunnugt um, að fleiri eru á mælendaskrá og ég tel, að það gæti verið þörf fyrir þm. að bera sig saman, bæði innan flokka og á milli flokka áður en 2. umr. væri endanlega lokið.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ekki skal ég hafa á móti því, að menn fái þann tíma, sem þeir vilja til viðbótar við 1½ ár, til þess að íhuga þetta mál, og er kannske sérstaklega tilefni til þess, þegar hæstv. forsrh. kastar fram hugmyndum um algerar grundvallarbreytingar á stjfrv., m. ö. o. hugmyndunum um einkaútvarp og einkasjónvarp hér á landi. Hugmyndirnar eru að sjálfsögðu ekki nýjar. Þær eru þekktar hér á landi og annars staðar, en ég hef ekki trú á því, að þær séu raunhæfar frekar nú en áður hér. Það er alveg rétt hjá hæstv. forsrh., að ýmislegt við tæknina, sérstaklega í sambandi við hljóðvarpið, hefur orðið auðveldara viðfangs og ódýrara heldur en áður var. Ég get líka skýrt frá því, að Ríkisútvarpið hefur oft athugað möguleika á því að setja upp staðbundnar, litlar stöðvar víða úti um landið, þar sem fólk í byggðunum gæti haft meiri eða minni íhlutunarrétt um dagskrárhlutann þar. Slíkar tilraunir er verið að gera í stórum stíl í nágrannalöndum okkar á vegum ríkisútvarpanna þar. En þetta er ekki mergurinn málsins, heldur hitt, hvort eigi að heimila einkaaðilum að taka upp rekstur á útvarpi og sjónvarpi, því að þá erum við komnir að skoðanamyndun á því, hvort yfirráð yfir nauðsynlegu fjármagni til þess að gera slíka hluti eigi að skapa mönnum þá aðstöðu að geta haft sínar

eigin stöðvar, og enn fremur mundi þá koma mjög til athugunar, hvernig ætti að tryggja óhlutdrægni þeirra stöðva, sem er nú kannske grundvallaratriði í löggjöf um útvarp og sjónvarp hér og í næstu nágrannalöndum okkar. Þetta er mikið grundvallaratriði, svo mikið, að það hefur ekki verið alvarlega rætt í nokkur ár. Ég held, að ungir sjálfstæðismenn hafi bryddað á þessu fyrir nokkrum árum, ef ég man rétt, og ég vænti þess, að menn hefji ekki svo miklar umr. um þetta nú, að það verði til þess, að frv. nái ekki fram að ganga, því að eins og ég sagði í fyrri ræðu minni, eru mörg þýðingarmestu atriðin fyrir útvarpsrekstur í landinu í þessu frv. algerlega óumdeild. Það er deilt hér í raun og veru aðallega um tvö atriði. Annað er hugmyndin um útvarpsráð. Hún er tilkomin undir umr. og er ekki í upphaflega stjfrv. Ef sú tillaga verður felld, nær það ekki lengra, og frv. getur haldið áfram. Hitt er aftur á móti hluti af stjfrv., sem framsóknarmenn vilja fella út varðandi innheimtukerfið og fógetavald, sem þar er komið til sögunnar.

Um það vildi ég fyrst segja, að grundvallarreglur um innheimtuna eru í 15. gr. og eru í heimildarformi, þannig að það er mögulegt án sérstakrar lagasetningar að gera allmiklar breytingar á innheimtu útvarpsins. Þetta er gert viljandi, til þess að hægt sé að fara inn á nýjar leiðir, þegar það reynist hentugra og framkvæmanlegra heldur en hinar eldri. Það er búið að tala um að gera hljóðvarpsgjaldið að nefskatti í fjöldamörg ár. Það er búið að rannsaka það aftur og aftur, en það hefur alltaf verið horfið frá því, af því að við framkvæmdina koma í ljós stórfelldir gallar á því kerfi. Ég ætla ekki nú enn einu sinni að gera það að umræðuefni, en ég vil aðeins segja það, að vegna tilkomu sjónvarpsins er sú hugmynd þegar orðin úrelt. Það næsta, sem kemur til greina og verður vafalaust gert, er hið sama hér og í öðrum löndum, að sameina hljóðvarps- og sjónvarpsgjald í eitt sameiginlegt gjald. Í frv. er heimild til að gera það. Og það er nú svo komið, að sjónvarpsnotendur eru um 40 þús. Heimilin í landinu eru ekki mikið yfir 40 þús., svo að við erum að komast nokkuð nærri því, að þetta verði almennt kerfi. En engu að síður hygg ég þó, að engum detti í hug, að það sé hægt að gera sjónvarpsgjaldið að nefskatti enn sem komið er a. m. k.

Nú spyrja menn: Af hverju er þörf á því að veita innheimtu útvarpsins þessa aðstöðu, sem felst í því, að innheimtustjórinn hafi fógetavald? Skýringin er sú, að innheimtustofnun Ríkisútvarpsins þarf að senda út yfir 100 þús. reikninga á ári, 40 þús. fyrir sjónvarp, kringum 62 þús. fyrir hljóðvarp. Það er fyrir svo að segja hvert heimili, eitthvað yfir 40 þús. heimili, það er fyrir 12—14 þús. bifreiðar. Það er alveg sérstakt vandamál, sem mikið er um rætt og er verið að athuga, en einnig er hægt að breyta með reglugerð. Það er ekki bundið í lögum, að það skuli vera útvarpsgjald fyrir bílana. Það er hægt með reglugerð að taka það af. Og svo bætast við ýmsar stofnanir. Reynslan er sú, að 30—35 þús. sjónvarpsnotendur borga nokkuð skilvíslega þegar til þeirra er kallað og svona hóflega nálægt greiðsludögum eða á þeim gjalddögum. En það eru þá eftir tilfelli, sem geta verið upp undir 5 þús. talsins, sem verður að fylgja eftir með innheimtuaðgerðum. Og menn geta rétt ímyndað sér, hvílíkt álag það er á fógeta- og dómaraembættin í landinu að þurfa að senda þangað upp undir 5 þús. slík mál, öll upp á litlar upphæðir, öll jafnfyrirferðarmikil og hvert mál hlýtur að vera, sem þangað fer, enda er reynslan þegar fengin. Strax og sjónvarpið breiddist út um Reykjavík og nágrenni, sáu dómararnir á þessu svæði, sáu þeir menn, sem stjórna þessum embættum, að þetta gekk ekki. Og þeir beittu sér fyrir því, að fundin var gömul lagaheimild, sem gerði dómsmrh. kleift að veita innheimtustjóra útvarpsins fógetavald í sambandi við þetta takmarkaða verkefni, en ekkert annað á þessu svæði, svo að þetta kerfi, sem nú er ráðizt á, hefur þegar verið í framkvæmd samkv. gömlum lögum, en þó ótvíræðum, á Reykjavíkursvæðinu fyrir tæplega helming allrar þjóðarinnar. Og nauðsynin hefur þar komið í ljós.

Dómarafélag Íslands hefur sent álitsgerð, sem hér hefur verið lesin, en Þórður Eyjólfsson hæstaréttardómari, sem er einn af höfundum frv., hefur líka sent álitsgerð á móti. Hún er það löng, að ég vil ekki, þó að hún og höfundurinn eigi það raunar skilið, lesa hana alla hér, en ég vil benda mönnum á, að þeir, sem vilja kynna sér hana, geta séð þessi skjöl á milli umræðna eða áður en þessari umr. lýkur. Ég vil benda mönnum á það, að Þórður Eyjólfsson, sem sennilega er nú kennari flestra þeirra, sem skipa Dómarafélagið í dag, í þessum fræðum, hefur allsterk rök fyrir sínu máli og lætur í ljós hina mestu undrun yfir málflutningi Dómarafélagsins. En þetta er flókið lagalegt atriði. Það er hægt að leysa deilumálin með því að skera þetta burtu, en þá fellur líka skriðan, kannske upp undir 5000 mál, þegar verst gæti verið, yfir dómstólana hér á Íslandi, og ég er ekki viss um, að þeir standi sig svo vel í hraðri afgreiðslu mála, að það sé ekki hyggilegt að reyna að finna framkvæmanlegri skipan á þessu heldur en verið hefur. Hér er um að ræða hagræðingu og ef mönnum þykir merkilegt, eins og dómararnir segja, að ein ríkisstofnun fái takmarkað dómsvald í sínu eigin máli, þá skulum við bara muna eftir því, að sýslumennirnir, dómararnir í þessu landi, eru helztu og aðalrukkarar ríkisvaldsins, innheimtumenn ríkisvaldsins. Þeir hafa bæði innheimtustarfið og eru dómarar í þessu máli sjálfir. Það er ekki langt að leita að fyrirmyndinni. Og Þórður Eyjólfsson bendir á fyrirmyndir frá nágrannalöndum, t. d. Danmörku, þar sem við höfum leitað okkur að mörgum hugmyndum í sambandi við réttarfar. Þar eru til slíkir dómarar á mjög takmörkuðum svæðum, víða um landið. Og ég efast um, að það séu margar stofnanir, sem hafa jafnumfangsmikið innheimtukerfi og jafnríka ástæðu til að geta notfært sér fógetavald. Af því einu, að Dómarafélagið hefur þessa deilu, sé ég ekki ástæðu til þess að við losum okkur

við vandann með því að ýta honum út úr salnum, því að um leið mundum við með því ýta feiknalega miklu og dýru starfi yfir á dómskerfið í landinu, sem er sannarlega ekki þannig á vegi statt með afgreiðslu mála, að því veiti af því, að eitthvað af þessum litlu málum, sem eiga ekki að þurfa að vera flókin og flækjast á borðum þeirra, sé leyst á annan hátt.

Út af þeim orðum hv. 11. landsk. þm., að útvarps- og sjónvarpsdagskrár séu þeim mun betri sem þær eru styttri, þá er það auðvitað að miklu leyti rétt frá sjónarmiði einstaklings. En ástæðan fyrir því, að þær eru eins langar og þær eru orðnar, bæði hér og alls staðar annars staðar, er sú, að í okkar þjóðfélagi er það breytilegt frá einum hópi manna til annars, hvenær þeir hafa fría stund og hvenær þeir vilja hlusta á útvarp eða horfa á sjónvarp. Það eru 15—20 þús. áheyrendur á morgnana kl. 7 — 8. Það eru líka 15—20 þús. áhorfendur og hlustendur á milli kl. 8 og 9 og stundum fer það hátt á þriðja tuginn á því tímabili. En það er allt annað fólk. Það er ekki hægt að afgreiða það allt með því að senda bara út fréttir í 5 mínútur. Hins vegar er okkur þetta sjónarmið mjög vel ljóst, og það er núna margyfirlýst og ríkjandi stefna þeirra manna, sem fara með stjórn Ríkisútvarpsins, að það sé nú komið á það stig hvað dagskrárlengd snertir, að lengra sé ekki rétt frá neinum bæjardyrum séð að fara fyrst um sinn, heldur hljóti stefna Ríkisútvarpsins á næstu árum að verða sú að reyna að styrkja innviði sína, undirbúa betur alla aðstöðu til þess að framleiða þessar dagskrár, en lengja þær ekki frá því, sem nú er í dag. Þetta er ríkjandi stefna, sem ég held, að flestir eða allir séu sammála um.

Út af brtt. hv. 7. þm. Reykv. vil ég segja það, að ég hefði nú litið svo á, að umferðar- og slysavarnamál væru að sjálfsögðu innifalin í greininni eins og hún áður var. Ég get nú ekki fallizt á það, að sjónvarpið hafi ekki verið skilningsríkt í þessum efnum, því að það hefur lagt á þessa hluti mikla áherzlu og flutt langar framhaldsseríur til þess að kenna mönnum meðferð og öryggi bifreiða og umferðarmál, þó að þær seríur hafi verið keyptar af sjónvarpinu sjálfu beint frá öðrum löndum, en ekki fengnar frá þessum samtökum. Ég hef ekkert á móti því að umferðar- og slysavarnamál skuli vera þarna sérstaklega dregin fram, en ég vil taka það fram, að það er minn skilningur og ég vona, að það verði skilningur Alþ., ef það samþykkir þetta, að þetta þýðir ekki fríar auglýsingar. Það er sjálfsagt að veita þeim, sem vinna að umferðar- og slysavarnamálum, alla hugsanlega aðstoð í dagskrá sjónvarpsins, en það er fordæmi, sem er ómögulegt að fara inn á, ef ein og ein stofnun á að fara að fá fríar auglýsingar í auglýsingatíma. Og hann er viðkvæmur frá sjónarmiði Ríkisútvarpsins, af því að þetta er svo mikill tekjuliður, og iðgjöld mundu þurfa að stórhækka, ef þær tekjur ekki væru fyrir hendi.

Ég vil skjóta því að hér út af því, sem bandamaður minn í þessu máli, hv. 6. þm. Reykv., sagði um erindi Sigurðar Blöndal, að erindið var ekki vítt. Það var aðeins eitt einasta atriði úr erindinu, sem var vítt. Það var það, að hann fullyrti, að lögfræðingar sem stétt í þessu landi hjálpuðu til við skattsvik. Þetta mál var rætt á útvarpsráðsfundi og þó að margir væru reiðir út af ýmsu, sem Sigurður sagði, þá var það niðurstaðan eins og oftast að lofa skoðunum manna að ganga eins langt og þeir vilja, en við drögum venjulega þá línu, að þegar komið er að mörkum, sem snerta lög, þegar um er að ræða hluti, sem allar líkur eru á, að geti talizt meiðyrði eða leiði til sekta eða refsinga, þá getur útvarpsráð ekki látið það kyrrt liggja, enda lá þegar fyrir allskeleggt hótanabréf frá einum lögfræðingi, sem mun vera flokksbróðir hv. ræðumanns og sem ætlar sér að sækja stórfé í ríkissjóðinn út á þetta erindi, hvað sem úr því verður.

Ég vil ekki eyða tíma d. í langar umr. um skipan útvarpsráðs. En ég vil biðja menn að gera sér grein fyrir því, að þetta er ekki venjuleg stjórn fyrirtækis. Þetta er sá hópur manna, sem á að móta og bera ábyrgð á þessum löngu dagskrám, sem við erum að kjósa í. Ég hygg, að það sé ekkert ráð eða nefnd eða enginn hópur manna, sem Alþ. kýs eða skipar í, sem er algerlega sambærilegt hvað þetta verkefni snertir. Og það er ekki rétt að tala um afgreiðslu mála sem aðalverkefni útvarpsráðs. Það er alltaf eitthvað af málum, sem þarf að afgreiða, kærur og annað, en það er furðulítið. Meginhluti starfsins er að taka þátt í því með starfsliðinu að móta dagskrárnar, taka ákvarðanir um aðalatriði í þeim og líta síðan yfir, eins og lög mæla fyrir, dagskrá fyrir heila mánuði. Og það er það, sem verður ærið tímafrekt og sem gerir það, að það er ekki heppilegt, að menn þurfi í sömu vikunni að hlaupa af einum fundinum, þar sem þeir eru að fjalla um hljóðvarp, yfir í sjónvarpsmál. Það getur krafizt allmikils undirbúnings, ef menn vilja fylgjast vel með þeim hlutum. Og það er ekki þægilegt að eiga, eins og útvarpsráð gerir, að bera ábyrgð á þessum dagskrám öllum og vera kallaðir til ábyrgðar hvenær sem eitthvað bregður út af, þegar ekki hefur verið um að ræða vinnuaðstöðu til þess að fylgjast þó það vel með, að maður geti sagt með góðri samvizku, að maður viti svona í stórum dráttum hvað það er, sem á að koma. Hættan við fámennar stofnanir, þó að starfslið útvarpsins sé afburða vel skipað og þar hafi verið margt og sé margt merkra manna, vandinn við starfsliðið er sá, hvað það er fámennt. Það eru svo fáir menn, sem koma til jafnvel stórra ákvarðana. Þegar allt í einu kemur í sjónvarpinu bíómynd, sem hálf þjóðin fordæmir og segir, að sé kennslumynd í vasaþjófnaði, eins og kom fyrir okkur, þá stóðum við upp og það hafði bara farið þannig þá vikuna, að ég held, að enginn útvarpsráðsmaður og enginn af þeim æðstu ábyrgðarmönnum stofnunarinnar hafði haft tíma til þess að skoða þessa mynd, og þá gerast svoleiðis slys. Það eru þessir hlutir, sem valda því, að ég hef flutt þá tillögu, sem ég vissi fyrir fram, að mundi verða óvinsæl í fyrstu, að stækka út-

varpsráðið. Það verður ekki bara formaður útvarpsráðs, sem tengir saman þessar tvær nefndir, heldur útvarpsstjórinn líka, og í þessum efnum er ég alveg tvímælalaust að tala um aðra menn heldur en sjálfan mig, þó að ég skipi þessa stöðu nú í svipinn. Menn óttast, að þetta muni leiða til þess, að samræming milli hljóðvarps og sjónvarps minnki, en það hygg ég, að muni ekki verða. Bæði mun það geta orðið eins og hér hefur verið lýst, að þeir, sem kosnir eru í útvarpsráð, geta verið sitt árið í hvorri n. og þar með fylgzt með hvoru tveggja. Svo eru önnur ákvæði í þessu frv. um framkvæmdastjórn við útvarpið, sem er innanhússstjórn, þar sem framkvæmdastjórar hljóðvarps og sjónvarps eru í fyrsta skipti settir að sama borði, þar sem þeir eiga að vinna að þessu samræmingarverkefni, svo að fyrir því hefur sannarlega verið hugsað.

Ég vil að lokum ítreka þá ósk mína, að Alþ., þessi d. og hin deildin, reyni að gera upp við sig þetta lagalega deilumál milli Dómarafélagsins og flytjenda frv., sérstaklega dr. Þórðar Eyjólfssonar, og þetta frv. verði síðan afgreitt hvað sem gerist með einstakar brtt., því að það eru stór atriði í þessu frv., sem verða að komast fljótlega fram, atriði eins og þau, sem eiga að tryggja, að eftir 40 ára útvarpsrekstur á Íslandi verði hægt að byggja hús, sem ekki er stórt og ekki mikið miðað við það, sem nú gerist, yfir aðalstarfsemi útvarpsins. Atriði eins og það, að það komi einhver íslenzkur lagabókstafur um ábyrgð á því efni, sem flutt er í útvarpið, — en það er allt í fullkominni óvissu í dag — og fjöldamargt annað, sem eru nýjungar og breytingar til hins betra, sem mér finnst, að Alþ. ætti að afgreiða nú á þessu öðru ári, sem frv. liggur hér fyrir.

Umr. frestað.

Á 53. og 54. fundi í Nd., 25. febr. og 1. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Nd., 10. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 60. fundi í Nd., 11. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 395 samþ. með 21:1 atkv.
Brtt. 356, 1.a, svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 356,1.b samþ. með 30 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 356,2 samþ. með 29 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 356,3 felld með 24:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MK, SP, ÞÞ, BGr, BrS, EðS, EmJ, GunnG, GÞG, IG.

nei: JP, MB, PJ, PS, SE, SV, VH, ÁÞ, ÁS, BF, BGuðm, BP, EystJ, FÞ, GeirH, GíslG, GuðlG, HS, IngJ, JóhH, JK, JSk, JónasÁ, MÁM.

LJós, EKJ greiddu ekki atkv.

4 þm. (SI, BK, GeirG, HV) fjarstaddir.
Brtt. 356,4 tekin aftur.
5. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 356,5 samþ. með 25 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 356,6 (ný 8. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 356,7 samþ. með 28 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 356,8 samþ. með 30 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 356,9 samþ. með 30 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 356,10 samþ. með 27 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 356,11 samþ. með 29 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 356,12 samþ. með 29 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 356,13 samþ. með 25 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 356,14 samþ. með 23 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 358,1 samþ. með 17:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BP, EystJ, FÞ, GíslG, GuðlG, HS, IG, JK, JSk, MB, PJ, PS, SE, SV, VH, ÞÞ, ÁÞ.

nei: BGr, BF, BrS, EmJ, GeirH, GunnG, GÞG, IngJ, MK, SP, EKJ, ÁS.

BGuðm, JóhH, JP, LJós, MÁM greiddu ekki atkv.

6 þm. (BK, EðS, GeirG, HV, JónasÁ, SI) fjarstaddir.
19. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég tel nú, að 20. gr. sé ekki sjálffallin. Það sé hins vegar rétt að bera upp tillögu um, að hún skuli felld niður. En hitt er svo rétt, að ef tillaga um að fella hana úr, er felld, þannig að hún standi, þá þarf hún nokkurrar lagfæringar við, og það yrði gert væntanlega á milli umræðna.

Brtt. 358,2 felld með 16:15 atkv.
Brtt. 356,15 samþ. með 24 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 16:12 atkv.
21. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
22.—23. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 356,16 samþ. með 22:1 atkv.
24. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
25.—26. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 356,17 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 29 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 489, 493).

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Þar sem ég geri ráð fyrir því, að umræðum um þetta mál ljúki ekki nú og athugun þurfi aðeins að fara fram vegna breytinga við atkvgr. við 2. umr., þá vildi ég mega vekja athygli á því við þá n., sem fjallar um þetta mál, hvort ekki er ástæða til þess, að því verði beint til Ríkisútvarpsins að breytingar verði gerðar á innheimtu afnotagjalda útvarps og sjónvarps, en framkvæmd þessara mála er þannig í dag, að þeir aðilar, sem útvarpstæki eiga í íbúð sinni og greiða af því afnotagjald, þurfa einnig að greiða afnotagjöld af tæki, sem þeir hafa í bifreið sinni og í sambandi við sjónvörpin er framkvæmdin þannig, að þar sem tvö sjónvarpstæki eru á heimili er innheimt gjald af báðum þeim tækjum. Hins vegar, ef um er að ræða tvö útvarpstæki á sama heimili, þá er það ekki gert. Þegar frv. er skoðað, þá er hér um að ræða heimildarákvæði fyrir ráðherra að staðfesta reglugerð, þar sem heimilt er að innheimta þessi afnotagjöld með þessum hætti, þannig að það er hægt að fella það niður, en ég vildi mega vekja athygli á þessu og beina því til n., hvort og þá með hvaða hætti hægt væri að gera á þessu breytingar.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég hef flutt eina brtt. á þskj. 493. Hún er þannig til komin, að brtt., sem menntmn. hafði flutt við 6. gr., var raunverulega efnislega tvískipt og fyrri partur þessarar brtt. var sjálffallinn eftir atkvgr. um stærð útvarpsráðs, en síðari hluti brtt. er um allt annað efni og um hann varð enginn ágreiningur í menntmn. Ég taldi það því sjálfgerðan hlut að flytja þann hluta brtt. aftur við 6. gr. Hún hljóðar svo:

„Ráðið setur reglur eins og þurfa þykir til gæzlu þess, að fylgt sé ákvæðum 3. gr. Ákvarðanir útvarpsráðs um útvarpsefni eru endanlegar."

Það hefur að vísu ekki komið til neinna árekstra um það, hvort ákvarðanir útvarpsráðs um útvarpsefni séu endanlegar eða ekki, en það þykir þýðingarmikið atriði fyrir framtíðina, að það sé tekið fram í lögum, að svo sé. Þá var á þessum stað í fyrri lögum ákvæði þess efnis, að ef ákvörðun útvarpsráðs snerti mjög fjárhag stofnunarinnar, hefði útvarpsstjóri heimild til þess að áfrýja til ráðherra. Það hefur þótt undir meðferð málsins óeðlilegt, að efnisatriðum dagskránna sé undir nokkrum kringumstæðum áfrýjað til ráðherra. Völd hans nái yfir viðskipta- og fjárhagssvið stofnunarinnar. Þetta hefur því líka verið fellt niður. Ég vildi því vænta þess, að þegar kemur til atkvgr., verði litið á brtt. mína sem óhjákvæmilega leiðréttingu og vonast til, að ekki verði um hana ágreiningur nú frekar en hingað til. Önnur brtt. var samþ. við frv. þetta, en hún fjallaði um fógetavald, sem innheimtustjóri Ríkisútvarpsins átti að fá. Vegna þeirrar breytingar á 19. gr. er óhjákvæmilegt að endurskoða 20. gr. og til þess þykir vera rétt að leita til lögfróðra manna, sem um þetta hafa fjallað, en ekki hefur gefizt til þess tími enn þá, svo að varla verður hægt að ljúka þessari umr. nú.

Hv. 1. þm. Reykn. gerði að umtalsefni tvö atriði í 15. gr., atriði, sem snerta innheimtu útvarpsgjalda og eru mjög umdeild, að ekki sé meira sagt. Fyrra atriðið er að vísu veigaminna. Það fjallar um það, hvort heimilt skuli að hafa á heimili mörg sjónvarpstæki, en borga þó aðeins eitt afnotagjald á sama hátt og það hefur um langt skeið verið löglegt og er löglegt að hafa mörg hljóðvarpstæki á einu heimili, þótt greitt sé aðeins eitt gjald. Ég vil taka það fram, að í 15. gr. hefur verið valið það orðalag, að í reglugerð megi ákveða, að afnotagjald skuli greiða af hverju sjónvarpsviðtæki, þótt fleiri en eitt séu á heimili. Í þessu felst, að hugtakið sé hið sama, sem sé hugsunin er, að það hljóti að verða heimilt að hafa fleiri tæki, en það megi samt ákveða að taka gjald af hverju tæki, og er þar búizt við, að svo muni verða rétt í byrjun, en það er hægt að breyta þessu með reglugerð hvenær sem viðkomandi ráðherra eða Ríkisútvarpinu þykir tími til kominn og ástæða til þess. Hitt ákvæðið er miklu umfangsmeira, sem er nokkru seinna í sömu málsgrein og varðar afnotagjöld, sem greiða skal af viðtækjum, sem nota skal í bifreiðum. Um það hefur einnig verið valin sú leið að setja í lögin heimild til að ákveða, að slíkt gjald skuli leggja á, og þetta þýðir, að það sé líka heimilt að ákveða að fella niður slíkt gjald, m. ö. o., það er opnuð leið til þess, að það megi fella gjöldin niður með reglugerð, en þurfi ekki til þess lagabreytingu. Þá kunna menn að spyrja: Af hverju er haldið í innheimtu á afnotagjöldum af útvarpstækjum í bifreiðum, þegar svo augljóst er, að þessi innheimta hefur mætt miklum mótmælum og er óvinsæl? Skýringin er afar einföld. Ríkisútvarpið fær nú 13 — 15 millj. kr. í tekjur á þennan hátt og það þýðir eitthvað nálægt fjórðungi af afnotagjöldum fyrir hljóðvarpstæki. Menn geta gert sér það í hugarlund, hvernig þessi innheimta er, þegar þeir sjá, að það er eitthvað nálægt 4. hver bifreið í landinu, sem greiðir þetta gjald. Engu að síður hefur innheimta þessa gjalds gengið mjög greiðlega síðan hún var sett í samband við skoðun bifreiða. En ef þetta gjald verður afnumið með einu pennastriki, þá verður að hækka önnur afnotagjöld af hljóðvarpi sem nemur þessum 13—15 millj., og það er þetta, sem er ástæðan fyrir því, að menn hafa hikað við afnám á þessu gjaldi. Það hefur verið mikið um þetta rætt, m. a. áttu sér stað viðræður á milli forystumanna Félags ísl. bifreiðaeigenda og nokkurra ráðamanna útvarpsins nú alveg nýlega, og í þeim viðræðum kom í ljós, að það sé hugsanlegt að leysa þetta mál t. d. á þann hátt að leggja ofan á bifreiðaskatt örlítið gjald, sem mundi jafngilda ca. 25 lítra kostnaði af benzíni á ári. Ef svo væri, þá væri dreift lágu gjaldi á allar bifreiðir, sem væri þá fyrir almenna umferðar-

þjónustu Ríkisútvarpsins, því að hún nær langt út fyrir það, hvort menn hafa opið viðtæki í bíl sínum eða ekki. Hin leiðin, sem virðist vera fær, sem sagt að afnema þetta gjald hreinlega, kemur ekki til greina öðruvísi en að gera það á ákveðnu árabili þrep fyrir þrep, þannig að þær upphæðir, sem um er að ræða, verði þá í skömmtum færðar af bifreiðaeigendum yfir á hina almennu notendur hljóðvarps, sem væntanlega verða áður en mjög langt um líður að notendum hljóðvarps og sjónvarps, því að það má fastlega gera ráð fyrir því, að næsta stóra skrefið á þessu sviði verði sameining á gjöldunum, hljóðvarps- og sjónvarpsgjöldum. Í þeim efnum þyrfti aðeins að vera farin sama leið og annars staðar á Norðurlöndum. Þessar upplýsingar vildi ég veita til þess að gera mönnum ljóst, að orðalagi frv., sem vonandi verður að lögum, er vísvitandi hagað þannig, að það megi gera breytingar með reglugerð, en þurfi ekki til lagabreytingu og í öðru lagi, að það er fullur vilji allra aðstandenda að finna lausn á þessum málum, sem þeir óánægðu geta betur við unað, en það er engan veginn auðvelt vegna þess, hve miklar fjárhæðir þarna er um að ræða og hve mikla þýðingu þær hafa fyrir heildarfjárhag Ríkisútvarpsins og hæð þeirra gjalda, sem aðrir notendur þurfa að greiða.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að taka undir ummæli hv. 1. þm. Reykn., sem talaði hér áðan, í sambandi við afnotagjöld af útvarpi. Þegar frv. að nýjum útvarpslögum var hér til fyrstu umr. í hv. deild, benti ég á þetta og vil endurtaka það, að ég lít á þetta mál sem ranglátt mál, ekki að það sé óvinsælt, heldur að það sé ranglátt og hafi ekki við rök að styðjast að innheimta sérstakt gjald fyrir útvarpið, þó að aðili verði að hlusta á það í bifreið sinni eða beituskúr eða á vinnustað eins og nú er gert. Þess vegna finnst mér það skipta höfuðmáli að þessi innheimta er ranglát, en ekki það, að hún sé óvinsæl, því að það má þá um flestar innheimtur segja. Ég vil líka taka undir það með hv. 1. þm. Reykn., að ég tel brýna nauðsyn bera til, að í lögunum verði einmitt þetta tekið til meðferðar, vegna þess að það er vitað, að viðhorf útvarpsmanna til þessa máls er með þeim hætti, að vegna þeirra skoðana, sem þeir hafa á því, þá fæst þessu ekki breytt og þess vegna treysti ég því ekki a. m. k. fyrst um sinn, að þessu verði breytt með reglugerð. Ég vil því taka undir það, sem hv. 1. þm. Reykn. sagði hér áðan, að það ber brýna nauðsyn til þess að þessi atriði, um að marginnheimta gjöld fyrir að hlusta á útvarp eða horfa á sjónvarp, verði tekin til meðferðar í sambandi við afgreiðslu lagafrv., en ekki geymt reglugerð.

Umr. frestað.

Á 63. fundi í Nd., 17. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Þær tillögur, sem um er að ræða við frv. til útvarpslaga nú við 3. umr., stafa eingöngu af þeim breytingum, sem samþ. voru við 2. umr.

Ég hef áður nefnt breytingu við 6. gr., en þar að auki var samþ. allveigamikil breyting við 19. gr. Þar er um mjög lögfræðileg atriði að ræða. Þar sem í menntmn. eiga sæti ýmiss konar menntamenn, en ekki lögfræðingar, höfum við leitað sérfræðilegrar aðstoðar hér í þinginu. Niðurstaðan er sú, að rétt sé, að 20. gr. haldi sér, allmikið breytt, og þurfi að hljóða svo:

„Þegar liðinn er mánuður frá því, að afnotagjöld af hljóðvarpsviðtækjum og sjónvarpsviðtækjum féllu í eindaga, getur innheimtustjóri krafizt lögtaks fyrir ógreiddum gjöldum ásamt vöxtum og kostnaði, og skal úrskurður auglýstur eins og fyrir er mælt um opinber gjöld."

Þá er í lok 21. gr. komizt að orði á þessa leið: „Innheimtustjóri eða viðkomandi héraðsdómari kveða upp dómsúrskurði." Að sjálfsögðu getur innheimtustjóri ekki kveðið upp dómsúrskurði, þegar búið er að taka af honum fógetavaldið, og þurfa því orðin „innheimtustjóri eða" í lok 21. gr. að falla niður. Þessa till., sem menntmn. stendur að, legg ég fram skriflega og leyfi mér að fara fram á það, herra forseti, að leitað verði afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 552) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 493 samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 552,1 samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 552,2 samþ. með 26 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 68. fundi í Ed., 18. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 553).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Ed., 22. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Nd. Gildandi lög um útvarp eru orðin gömul og þykir tímabært að endurskoða þau. Það var á dagskrá þegar sjónvarpið tók til starfa, að eðlilegt væri að endurskoða útvarpslögin vegna þeirra miklu breytinga á starfsemi Ríkisútvarpsins, sem í því fólst, að hér var hafið sjónvarp. Að vandlega athuguðu máli þótti þó rétt að láta sjónvarpið starfa um nokkurt skeið áður en lagabreyting yrði gerð, og þótti rétt að fá reynslu af starfsemi sjónvarpsins, sem hægt væri að hagnýta, þegar heildarlögin um ríkisútvarp væru endurskoðuð. En í júlí 1969 skipaði menntmrn. þriggja manna nefnd til þess að endurskoða gildandi lög og reglugerðir um Ríkisútvarpið. Voru í nefndina skipaðir: útvarpsstjórinn, Andrés Björnsson, formaður útvarpsráðs, Benedikt Gröndal, og

dr. Þórður Eyjólfsson, fyrrv. hæstaréttardómari, og hafa þessir þrír menn samið það frv., sem lagt var fyrir hv. Nd. í fyrra. Deildin afgreiddi málið ekki þá, heldur var það flutt í óbreyttu formi á þessu þingi, og nú hefur hv. Nd. afgreitt málið til þessarar hv. d. Þær breytingar, sem þetta frv. felur í sér, eru þessar helztar:

Ríkisútvarpið er gert að sjálfstæðari stofnun en það er samkv. gildandi lögum, og er tekið þannig til orða, að Ríkisútvarpið sé sjálfstæð stofnun í eign íslenzka ríkisins. Jafnframt fær Ríkisútvarpið einkarétt á útvarpi, sem ríkisstj. hefur samkv. gildandi lögum. Einkarétturinn er hér nánar skilgreindur en áður hefur verið gert. Í frv. er hlutverk Ríkisútvarpsins ákveðið í stórum dráttum. Þar er lagt til, að útvarpsráð verði kosið til 4 ára, en í gildandi lögum hefur útvarpsráðið verið kosið á hverju nýkjörnu Alþ. Nánari ákvæði eru sett í frv. um skipan Ríkisútvarpsins en eru í gildandi lögum og eru þau ákvæði frv. í samræmi við þá skipun, sem komið hefur verið á í reynd á undanförnum árum, þar sem komið er á fót framkvæmdastjórn innan stofnunarinnar, en hún starfar nú.

Þá er það nýmæli, og í raun og veru helzta og merkasta nýmæli frv., að lagt er til, að 5% allra tekna hljóðvarps og sjónvarps renni í framkvæmdasjóð til þess að tryggja stofnuninni viðunandi húsnæði og tækjakost. Upphaflega var gert ráð fyrir því, að aðeins 5% afnotagjalda rynnu í framkvæmdasjóðinn, en Nd. breytti því þannig, að 5% allra tekna útvarpsins skuli renna í framkvæmdasjóðinn. Þá var í upphaflega frv. gert ráð fyrir því, að veigamiklar breytingar væru gerðar til hagræðingar á innheimtu afnotagjalda fyrir sjónvarp og Ríkisútvarpið fengi lögveð í hverju sjónvarpstæki og innheimtustjóri þess hefði fógetavald. Þetta voru ákvæðin í upphaflega frv. Hins vegar var felld niður heimild starfsmanna Ríkisútvarpsins til þess að fara inn á heimili manna til eftirlits með útvarpsnotum, enda hefur gildandi heimild í lögum ekki verið notuð. Þá var enn fremur sett í frv. ákvæði um ábyrgð á útvarpsefni, en um það hefur ekkert verið í lögum til þessa, og tel ég þetta lagaákvæði vera annað langmerkasta nýmæli frv. við hlið ákvæðisins um gjaldið í framkvæmdasjóð. Hæstv. Nd. gerði aðallega tvær breytingar á frv., sem ég sé ástæðu til að nefna, auk minni háttar breytinga. Felld var niður heimildin í upphaflega frv. til þess, að innheimtustjóri fái fógetavald, svo að sú skipan, sem nú er, helzt óbreytt, innheimtustjóri Ríkisútvarpsins er fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík og hefur fógetavald á Reykjavíkursvæðinu. Enn fremur hefur verið gert samkomulag við bæjarfógetann í Kópavogi um það, að innheimtustjóri útvarpsins hafi fógetavald í Kópavogi. Hins vegar kemst ekki á sú nýskipan, sem upphaflega var ráðgerð, að innheimtustjórinn skuli hafa fógetavald á landinu öllu. Það ákvæði var fellt í hv. Nd. Þá var gerð breyting varðandi stöðuveitingar við Ríkisútvarpið. Samkvæmt gildandi lögum veitir menntmrh. allar stöður við Ríkisútvarpið. Hv. Nd. samþykkti ákvæði þess efnis, að forseti skipi útvarpsstjóra að tillögu menntmrh., þannig að það ákvæði er óbreytt. Hins vegar er nú gert ráð fyrir því, að menntmrh. skipi eingöngu framkvæmdastjóra Ríkisútvarpsins, en útvarpsstjórinn ráði aðra starfsmenn. Tillögur komu fram um það að fjölga í útvarpsráði úr 7 upp í 15 og að hið nýja 15 manna útvarpsráð skipti með sér verkum þannig, að annar helmingur þess helgi sig dagskrá hljóðvarpsins, en hinn helmingurinn dagskrá sjónvarpsins og átti formaður útvarpsráðs að vera formaður í báðum hlutum hins stækkaða útvarpsráðs. Tillaga um þetta var felld í hv. Nd.

Með þessum orðum vona ég, að mér hafi tekizt að gera hv. Ed. grein fyrir meginákvæðum frv. og þeirri meðferð, sem málið hefur hlotið í hv. Nd. Ég tel mjög mikilvægt, að þetta Alþ. afgreiði þetta frv. Það hefur þegar hlotið mjög ítarlega athugun í hv. Nd. á tveim þingum, og ég vona, að þótt skammt sé eftir af þingtímanum, þá komi sú athugun, sem hv. Nd. hefur gert á málinu, þessari hv. d. að gagni, þannig að það verði kleift að afgreiða málið nú á þessu þingi, því að í því felast mjög mikilvægar endurbætur á gildandi lögum og það mundi verða Ríkisútvarpinu tvímælalaust til mikillar eflingar. Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að að lokinni þessari 1. umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að ræða mál þetta efnislega nú á þessu stigi, en niðurlagsorð hæstv. menntmrh. gefa mér tilefni til þess að gera aths., sem ég held að sé viðeigandi að gera hér í hv. Ed. Eins og hann skýrði sjálfur frá, þá var þetta mál lagt fram í Nd. s. l. vetur og þar var það til meðferðar þingtímann. Það var svo á þessu þingi lagt fram í Nd. í byrjun þings, ef ég veit rétt, og þar hefur það verið síðan. Ég dreg það ekki í efa, að hv. Nd. hafi lagt af mörkum mikla vinnu við að athuga það. En nú loks, þegar eftir er væntanlega u. þ. b. hálfur mánuður eða svo af þingi, þá er komið með þetta mál upp í Ed. og farið fram á, að það sé afgreitt. Ég held, að þetta séu vinnubrögð, sem ástæða er til að veita athygli og hafa sem víti til varnaðar. Auðvitað var ekkert sjálfsagðara en að leggja þetta frv. fram í Ed. á þessu þingi, úr því að það var búið að þvælast í Nd. á þinginu í fyrra, í staðinn fyrir að hafa þennan háttinn á, sem ég tel mjög vítaverðan og í raun og veru einnig meðferðina í Nd., að hafa mál svona lengi hjá sér og ætla að skammta Ed. svo stuttan tíma til þess að fjalla um svo mikilvægt mál. Því sannleikurinn er auðvitað sá, að hér er um mikilvægt mál að ræða. Það eru ýmis nýmæli í þessu frv., eins og hæstv. menntmrh. drap á, sem þurfa auðvitað athugunar við. Að vísu hafa verið gerðar á því nokkrar breytingar í Nd., eins og hann gerði grein fyrir og því má ætla, að það verði síður ágreiningur um málið eftir að þær breytingar hafa verið gerðar, en eigi að síður vil ég láta mótmæli koma hér fram gegn þessum starfsháttum, að það sé misskipt með þessum hætti

svona herfilega á milli deildanna og ætlazt til þess, að Ed.-menn afgreiði það með hraði, sem Nd.-menn hafa þurft nær því tvö þing til þess að velta fyrir sér.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég get mjög vel skilið aths. hv. 1. þm. Norðurl. v., Ólafs Jóhannessonar, varðandi þann mismunandi tíma, sem deildirnar tvær fá til þess að athuga þetta mikilvæga mál. Hins vegar er ég honum ekki sammála um það, að rétt hefði verið hjá ríkisstj. að leggja málið fyrir hv. Ed. nú í upphafi þessa þings, vegna þess að menntmn. Nd. hafði þá hafið athugun á málinu, athugun hennar var í miðjum klíðum og hætta hefði verið á því, að það verk, sem hún var þegar búin að vinna, hefði verið talið unnið til ónýtis, ef málið hefði verið lagt fyrir aðra deild. Auk þess hefði e. t. v. mátt skilja það sem einhvers konar vantraust á meðferð málsins í fyrra, ef ríkisstj. hefði lagt málið fyrir aðra deild en þá, sem hafði þegar hafið athugun á því, og ég vildi með engu móti gefa neitt tilefni til slíks, það átti menntmn. Nd. engan veginn skilið, því hún hefur tekið mjög vel og vandlega á málinu. En um hitt er ég hv. þm. alveg sammála, að athugun málsins í hv. Nd. hefur tekið óeðlilega langan tíma. Ég hef fylgzt með störfum hv. menntmn. Nd. að málinu og margsinnis óskað þess, að hún hraðaði afgreiðslu þess, en eins og kom fram hjá hv. þm., þá komu upp mörg ágreiningsefni í sambandi við málið, meira að segja mjög mikilvæg ágreiningsefni, svo að nefndinni tókst ekki að hraða störfum sínum meira en þetta. En síðustu orð mín skulu vera þau að taka undir það, sem er alveg rétt hjá hv. þm., að einmitt þær breytingar, sem hv. Nd. hefur gert á málinu og ítarleg athugun, sem þar hefur farið fram, ætti að geta létt þessari hv. d. að taka tiltölulega fljótlega afstöðu til málsins og þess vegna ætti henni að duga minni tími en hv. Nd. En almennt skoðað er ég þm. sammála um það, að það ætti að skipta tíma til athugunar á málum miklu jafnar á milli deilda heldur en hér hefur því miður átt sér stað.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég get tekið undir það með hæstv. ráðh., að Ed. muni komast af með styttri tíma til athugunar á málinu en Nd. hefur þurft. En hins vegar get ég ekki lagt mikið upp úr þeirri röksemd, sem hann vildi bera hér fram, að það hafi verið hætta á því, að hið góða starf hv. Nd. hefði farið til ónýtis, ef málið hefði ekki verið lagt fyrir hana einnig á þessu þingi. Mér virðist, að reynslan sýni, að það ágæta starf, sem hv. menntmn. Nd. hefur unnið í þessu máli á s. l. þingi, hafi ekki orðið til þess að flýta málinu ýkjamikið á þessu þingi, þannig að ég sé nú ekki, að þessi rök hafi mikið upp á sig, en svo skal ég láta útrætt um þetta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 17 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Ed., 25. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 553, n. 637).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Ég hef nú þegar í umr. um annað mál á nefndarfundi í gær skriftað fyrir hv. þd. fyrir hönd n., þar sem ég gerði þá að umræðuefni þann stutta tíma, sem hún hefði haft til þess að athuga þetta mál, tíma sem var styttri heldur en verjandi mundi vera undir venjulegum kringumstæðum að nota til athugunar á svo stóru máli sem því, sem hér liggur fyrir, og ég get bætt því við þetta, að ég get í meginatriðum tekið undir ummæli hv. 1. þm. Norðurl. v., sem hann lét um þetta mál falla við 1. umr. málsins, að í rauninni er hér um óverjandi vinnubrögð að ræða, að þessi hv. d. fær þetta mál til meðferðar fyrst þegar 2—3 vikur eru eftir af þingi, eða varla það, jafnframt því, sem mikill fjöldi annarra mála hefur borizt. Þetta gerði menntmn. sér vissulega fyllilega ljóst, en á hinn bóginn taldi hún, að svo mörg atriði væru til bóta í þessu frv., að það væri ábyrgðarhluti að bregða fæti fyrir það, að málið yrði afgreitt hér í hv. d., og þess vegna varð samkomulag um það, eins og nál. á þskj. 637 ber með sér, að n. mælti með frv., en einstakir nm. áskildu sér þó rétt til þess að flytja eða fylgja brtt. við málið.

Það má í rauninni segja, að núgildandi útvarpslög séu komin til ára sinna að því leyti, að að stofni til er þessi löggjöf frá árinu 1934, þó að einstaka atriðum í þessari gömlu löggjöf hafi að vísu verið breytt síðan. Sérstaklega hafa orðið stöðugar og víðtækar breytingar á ákvæðum um kosningu útvarpsráðs, en að stofni til mundi ég líta þannig á, að þessi löggjöf sé frá árinu 1934 og því vissulega tímabært, að ný löggjöf sé um þetta samin með tilliti til þeirrar stórkostlegu breytingar, sem orðið hefur á allri aðstöðu Ríkisútvarpsins á þessum tíma. Að öðru leyti leiðir það nú af því, sem ég hef sagt, að n. hafði mjög lítinn tíma til þess að athuga málið, að ég mun ekki hafa hér langa framsögu, en vildi þó leyfa mér í örstuttu máli að rekja þær meginbreytingar, sem gerðar hafa verið með þessum lögum. Að vísu eru þær raktar í grg. fyrir frv. eins og það upphaflega var lagt fram, en alllangur tími er nú liðinn síðan, því það var mjög snemma á þessu þingi, svo ég er ekki viss um, að allir hv. þdm. hafi þetta handbært. En það var í fyrsta lagi gerð sú breyting, að Ríkisútvarpið, sem áður var ríkisstofnun, verður nú sjálfstæð stofnun í ríkiseign og fær þann einkarétt á útvarpsrekstri, sem ríkisstj. hefur samkv. gildandi lögum. Segja má nú að vísu, að hér sé fyrst og fremst um formbreytingu að ræða. Enn fremur eru nú sett sérstök ákvæði um hlutverk Ríkisútvarpsins. Sú breyting hefur verið gerð á kosningu útvarpsráðs, að hér eftir verður það kosið til 4 ára, en að undanförnu hefur hvert nýkjörið þing kosið útvarpsráð. Þá eru sett nánari ákvæði um skipulag útvarpsins og m. a. það

nýmæli tekið upp, að komið er á fót sérstakri framkvæmdastjórn fyrir útvarpið. Þá má einnig telja það nýmæli, að stofnaður er sérstakur framkvæmdasjóður, sem gert er ráð fyrir að til renni 5% af bruttótekjum útvarpsins, og skal þessi sjóður gegna því hlutverki að tryggja stofnuninni viðunandi húsnæði og tækjakost. Enn fremur eru gerðar allveigamiklar breytingar til hagræðingar innheimtu, og starfsmönnum er ekki lengur heimilt að fara inn á heimili fólks til eftirlits með því, hvort þar séu útvarpstæki o. s. frv. Þá eru sett í 4. kafla laganna sérstök ákvæði um ábyrgð á útvarpsefni, en skýr ákvæði um það munu ekki hafa verið til áður. Þetta eru í meginatriðum þær breytingar, sem gerðar hafa verið, og það var skoðun n., að þetta væri í þeim mæli til bóta, að rétt væri að mæla með því, að Alþ. afgreiddi nú þetta mál.

Ég vil að lokum lýsa því sem persónulegri skoðun minni, að ég hefði talið æskilegt, að fjölgað yrði í útvarpsráði frá því sem nú er og tekin yrði þá upp verkaskipting innan útvarpsráðs, þannig að helmingur þeirra útvarpsráðsmanna, sem kosnir væru, hefðu yfirstjórn hljóðvarpsins og hinn helmingurinn þá yfirstjórn sjónvarpsins. Þetta gæti að mínu áliti vel samrýmzt því, að um sameiginlega yfirstjórn væri að ræða. En ég hefði talið slíka verkaskiptingu — og það að stofna til hennar — æskilega með tilliti til þess, að rekstur þessara stofnana er að ýmsu leyti ólíkur, þannig að gera má ráð fyrir því, að menn geti verið vel hæfir til þess að sitja í stjórn annarrar stofnunarinnar, þó að það eigi ekki við um hina, slík verkaskipting mundi vera til bóta. Í hv. Nd. kom líka frá menntmn. fram tillaga um það að fjölga í útvarpsráði, þó beinlínis væri nú ekki gert ráð þar fyrir þessari verkaskiptingu, en með tilliti til þess, að þessi tillaga var felld í hv. Nd., — en ef um slíka verkaskiptingu á að vera að ræða, mundi verða eðlilegt að fjölga í útvarpsráði — þá hef ég ekki hreyft þessu máli í n. og mun ekki leggja fram um það brtt., þó að ég geti ekki látið hjá líða, að þetta komi fram sem persónuleg skoðun mín, en eins og ég sagði, þá hefur þetta mál alls ekki verið rætt í n., svo að ég mæli hér ekki fyrir munn hennar.

Að öðru leyti, hæstv. forseti, mælir menntmn. með því, að þetta frv. verði samþ., en eins og ég áðan sagði, þá hafa þó einstakir nm. áskilið sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég stend hér nánast eingöngu upp til þess að biðjast afsökunar á því að leyfa mér að mæla með samþykkt lagabálks, jafnilla athugaður og hann er af minni hálfu. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að undirstrika það, sem hér var sagt við 1. umr. af hv. 1. þm. Norðurl. v., að mér finnst vinnubrögð hæstv. ríkisstj. undir forystu hæstv. menntmrh. í þessu tilviki síður en svo til fyrirmyndar, nánast þvert á móti. Það er vissulega full ástæða til þess að endurskoða gömul lög um útvarp, og um útvarpsrekstur ríkisins. Hann hefur tekið miklum breytingum, eins og allir vita, á því tímabili, sem liðið er síðan honum var stakkur sniðinn með lagasetningu. En að gera það á þann veg að ætla annarri d. Alþ. tvö ár, en hinni d. tvær vikur, það er fráleitt. Og afleiðingin er sú, eins og hv. formaður menntmn. sagði, að við höfum nánast ekkert athugað þetta frv. Við höfum orðið að treysta á skynsemi þeirra Nd.-manna. Hún er sjálfsagt vel til þess fallin að treysta henni. Ég er ekki að gera lítið úr því. En hún hefur líka verið það eina, sem við höfum haft hér að leiðarljósi, þegar við höfum fjallað um frv. til útvarpslaga.

Það er alveg rétt, sem hv. frsm. sagði, að það eru í þessu frv. ýmisleg nýmæli, sem við höldum og okkur er sagt, að séu til bóta. Og það náttúrlega ræður því, að við treystum okkur þó til þess að mæla með, að frv. yrði samþ. Það er t. d. það ákvæði, sem mér finnst nú sérstaklega til bóta, sem fjallar um ábyrgð á útvarpsefni. Það er alveg vafalaust, að sú óákveðni, sem um það gilti, hefur verið til óþurftar, og það er spor í rétta átt að ákveða það, hver það er, sem ber ábyrgð á því, ef eitthvað fer úrskeiðis í meðferð máls í útvarpi. Og þessi ákvæði eru hér komin. Þau eru í IV. kafla laganna og í mínum huga eru þau nú merkasta nýmæli þessa frv.

Það er enn fremur lagt hér til, að framkvæmdasjóður fái ákveðinn tekjustofn, ég má segja, að það sé 5% af tekjum útvarpsins. Allir vita, hver saga byggingarmála útvarpsins er. Hana er óþarfi að rekja hér. Hún var rakin skilmerkilega á 40 ára afmæli útvarpsins, sem hátíðlegt var haldið ekki alls fyrir löngu, og margir hv. þm. hafa vafalaust hlýtt á það. En þar kom það fram, að á hverju merkisafmælinu eftir annað undanfarin 15 ár hefur Ríkisútvarpinu í hvert skipti verið lofað nýju húsnæði. En húsnæðismál útvarpsins eru þó, þrátt fyrir þessi hátíðlegu loforð, enn þannig, að hljóðvarpið starfar í leiguhúsnæði við Skúlagötu, en sjónvarpið starfar í gömlum bifreiðaskála inn við Laugaveg. Útvarpið fékk loforð á fertugsafmælinu frá hæstv. menntmrh.: Nú skyldi það fá hús. Það fékk loforð frá borginni eins og vant er, og ég vona, að þessi nýju ákvæði, sem hér eru upp tekin, verði til þess, að hugsanlegt verði að standa við eitthvað af þessum loforðum, því að það er áreiðanlega full þörf á því. Ég minnist þess, að þegar ég vann í stjórnarráðinu, þá var þar til sýnis mjög svo myndarleg teikning af útvarpshúsi, falleg teikning eftir amerískan arkitekt. Það er vafalaust búið að fleygja henni, enda var hún miðuð við allt aðra staðsetningu heldur en nýjasta lóðaúthlutun eða lóðafyrirheit hljóðaði upp á.

Þá hefur Nd. gert á frv. þá breytingu, að innheimtustjóra er ekki falið fógetavald á öllu landinu, eins og upphaflega tillagan fjallaði um. Ég lýsi mig samþykkan þeirri breytingu vegna þess, að ég tel það fullkomlega óeðlilegt og brjóta í bága við allt fyrirkomulag íslenzks réttarfars að taka upp landfógeta eða mann, sem hefði dómsvald eða fógetavald í öllum lögsagnarumdæmum landsins. Þessi ákvæði hafa verið felld niður og það verður eftir

sem áður notazt við það fyrirkomulag, sem gilt hefur um skeið, að umræddur innheimtustjóri, sem er lögfræðingur að menntun, fær framselt fógetavald hjá einstökum fógetum, og það álít ég vera alveg nóg. Hitt vekur mér nokkra furðu, að hv. Nd. skuli ekki hafa breytt 20. gr. sem afleiðingu af því, að þetta vald innheimtustjóra var niður fellt, því að satt að segja fannst mér sum ákvæðin í 20. gr. nú vera hrein öfugmæli, eftir að innheimtustjóri er sviptur fógetavaldi. Það er talað um það, að ef eigandi sjónvarpsviðtækis eða annar aðili, sem telur sig hafa réttar að gæta, vilji koma fram vörnum að því er varðar lögtak, þá á hann að mótmæla því við innheimtustjóra, sem að undangengnum málflutningi, ef til kemur, leggur á það úrskurð. Er þetta ekki alger fjarstæða, eftir að fógetavaldið er tekið af manninum, að þá eigi hann að fara að úrskurða um kærumál. Mér sýnist það. Og ég hygg, að þeir, sem lögðu fram tillögu um það, að innheimtustjóravaldið yrði minnkað, hafi jafnframt lagt til breytingar á þessu, en þær hafi af einhverjum ástæðum ekki náð fram að ganga. Ég hef nú ekki undirbúið neina brtt. um þetta enn sem komið er. En það er enn þá kostur á því, ef n. sýndist, og ég vil nú vonast til þess, að þetta atriði verði athugað. Það má segja, að það sé athugunarleysi hjá mér sem nm. að hafa ekki komið þessu á framfæri fyrr, en þó er þetta ekki orðið of seint.

Þá segir enn fremur í 2. mgr.: „Að því er varðar gjöld, sem lögveðréttur fylgir samkv. 18. gr., er heimilt að gera lögtak til tryggingar þeim sem hér segir: Að liðnum viku fresti frá auglýsingu úrskurðar samkv. 1. mgr. ritar innheimtustjóri í fógetabók ákvörðun um lögtak í sjónvarpsviðtæki fyrir umræddum gjöldum.“ En innheimtustjóri kemur ekki til með að hafa neina fógetabók nema í þeim lögsagnarumdæmum, þar sem honum hefur verið falið fógetavaldið eftir samkomulagi við viðkomandi fógeta. Ég bendi nú á þetta svona til umhugsunar milli 2. og 3. umr.

Hv. 10. þm. Reykv., frsm. okkar menntmnm., lýsti því sem sinni skoðun, að hann hefði viljað fjölga í útvarpsráði. — Hann ræddi nú ekki reyndar um neina tölu og kannske ekki einu sinni um að fjölga, heldur fyrst og fremst um að taka upp verkaskiptingu, svo að ég reyni nú að hafa þetta rétt eftir honum. En í Nd. kom fram tillaga um það að fjölga útvarpsráðsmönnum upp í 15. Sú tillaga náði ekki fram að ganga og má þess vegna segja, að það sé ástæðulaust að vera að ræða hana, en ég vil þó, úr því að þetta mál hefur borið hér á góma, segja mína skoðun um það og hún er sú, að mér finnst fráleitt að fara að setja upp 15 manna útvarpsráðsbákn fyrir þessa stofnun. Mér finnst það alveg fráleitt og ef verkefnin eru svo mismunandi milli hljóðvarps og sjónvarps, að sömu menn geti ekki um þau fjallað, þá álít ég, að skipta eigi þessum stofnunum. En ég er nú bara ekki þeirrar skoðunar. Ég held, að yfirstjórn þessara mála geti farið vel saman og 7 manna útvarpsráð geti rækt hana með því starfsliði, sem útvarpið hefur á að skipa.

Svo að lokum ætla ég aðeins að minnast á afnotagjöldin. Þau eru satt að segja hálfgert vandræðamál, þessi afnotagjaldainnheimta, sérstaklega á útvarpstækjum. Sjónvarpstækjainnheimtan er nú miklu skaplegri og miklu viðráðanlegri. Það er allstór mubla, sem ekki leynir sér, þar sem hún er í húsum, og auk þess tilkynningarskylda hjá seljendum að láta um það vita, þegar þeir selja sjónvarp. En þessi innheimta útvarps — það er ekki innheimt nema eitt afnotagjald, þó að tækin séu mjög mörg á sama heimili — hún hlýtur náttúrlega að leiða til þess, að það eru heimili, sem sleppa algerlega við afnotagjöld af útvarpi. Það er augljóst mál. En sérstökum vandkvæðum veldur þó innheimta afnotagjalda af útvörpum í bifreiðum, held ég. Hver fjölskyldufaðir má á sínu heimili, skilst mér, eiga jafnmörg viðtæki og honum sýnist. Hann má bara ekki hafa eitt af þessum viðtækjum fast í bílnum sínum. Ef hann gerir það, þá verður hann að greiða af því sérstakt gjald. Nú eru þessi útvarpstæki margs konar og mjög auðvelt að hafa í bifreið tæki, sem ekki er fast við bifreiðina, og fara með eitt af þessum 4—5 heimilistækjum, sem til eru, upp í bílinn og hlusta á það þar, það kostar ekkert. En ef það er tengt við bílgrindina eða bílhúsið, þá kostar það annað afnotagjald í viðbót. Þetta er ábyggilega mjög erfið regla í framkvæmd, svo að ekki sé meira sagt. Og þegar það er haft í huga, — ef þær upplýsingar eru réttar, sem ég hef, — að 8400 tæki séu í þeim um 40 þús. bifreiðum, sem landsmenn eiga, þá sýnist vafasamt, hvort eigi að hafa fyrir þessari innheimtu, sérstaklega þegar undanskot tækja er jafnauðvelt eins og ég var hér að gera grein fyrir. Ég hef heldur ekki um þetta tilvik neina tillögu fram að leggja og mun ekki gera tillögu um það. Það hafa komið hér fram á Alþ. tillögur, sem lúta að því að breyta afnotagjöldum útvarps í svokallaðan nefskatt. Þær hafa ekki náð fram að ganga og ég treysti mér nú ekki til þess að mæla með þeim, en einhver millileið þarna milli þess, sem nú ríkir, og hins gæti kannske komið til greina, en vegna þess hversu þessu máli er ætlaður stuttur tími hér í d., þá held ég, að það sé bezt að láta þetta róa eins og það er.

Umr. frestað.

Á 76. fundi í Ed., 26. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. — 7. gr. samþ. með 13. shlj. atkv.
8. — 12. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
13. — 21. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
22. — 23. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
24. — 26. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég ætlaði nú að koma þessari leiðréttingu að við 2. umr., en hún rann fram hjá mér, hún var svo fljótafgreidd, en ég vil gjarnan leiðrétta það, sem ég sagði hér í gær við 2. umr., að hv. Nd. hefði ekki tekið afleiðingum verka sinna, þegar hún felldi niður fógetavald innheimtustjóra, með því að breyta 20. og 21. gr. til samræmis við það. Hv. Nd. gerði þetta, hún gerði þetta milli 2. og 3. umr. og það fór fram hjá mér. En þetta styrkir mig nú í þeirri trú, að óhætt hafi verið fyrir okkur menntmnm. að treysta skynsemi Nd. til þess að lagfæra þetta frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 686).

---

34. Ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu (stjfrv.).

Á 31. fundi í Sþ., 5. marz, var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 79 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu [238. mál] (stjfrv., A. 451).

Á 59. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta er, eins og það ber með sér, ekki mikið að vöxtum, en við samningaumleitanir í undanförnum deilum bæði bátasjómanna og eins togarasjómanna, var oft eftir því leitað, að ríkisstj. hefði meiri eða minni afskipti af þessari deilu og þá helzt vitnað til laganna um breyt. á lögum um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu frá 1968. Svör ríkisstj. meðan á samningaumleitunum stóð voru ávallt hin sömu og á s. l. ári: Ef samningsaðilar geta orðið ásáttir um sameiginlega ósk um breytingu á lögunum, þá mun ríkisstj. taka það til velviljaðrar athugunar að beita sér fyrir því á Alþ., að lögunum verði breytt í samræmi við þá ósk. Þessi sameiginlega ósk, sem birtist í þessu frv., var send ríkisstj. og hún ítrekaði þá sína fyrri yfirlýsingu um, að hún mundi beita sér fyrir því, að þessi breyting næði fram að ganga þannig, að í stað orðanna „22%“ í 1. mgr. 4. gr. laganna komi: 16%. Frv. þetta er því flutt til staðfestingar þessu loforði ríkisstj. og þeim óskum um breytingu, sem samningsaðilar báðir lögðu til, að gerð yrði á frv. Ég tel, að óþarft sé að fara um þetta fleiri orðum og legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 451, n. 548).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Svo sem kunnugt er, varð samkomulag um það milli aðila, sjómanna annars vegar og útgerðarmanna hins vegar, að óska þess, að sú breyting, sem frv. þetta felur í sér, verði gerð á lögunum nr. 79 frá 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu. Sú breyting, sem hér um ræðir, er á ákvæði 4. gr. laganna og felur í sér, að greiðsla af afla í Stofnfjársjóð fiskiskipa, þegar afli er seldur erlendis, verði 16% í stað 22% af heildarverðmæti aflans eins og er í gildandi lögum. Um þessa breytingu var fullt samkomulag milli aðila og í samræmi við það gaf ríkisstj. yfirlýsingu um, að hún mundi beita sér fyrir því að fá umræddu lagaákvæði breytt. Sjútvn. leggur einróma til, að frv. þetta verði samþ. óbreytt og að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 64. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 66. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta er lítið að vöxtum og þarf ekki langrar skýringar við. Það hefur verið afgreitt frá hv. Ed. með shlj. atkv. þar. En í frv. er um það að ræða, sem samkomulag varð um á milli deiluaðila í togaradeilunni, að fara fram á að lækka þau 22%, sem tekin hafa verið af óskiptu, þegar landað er

erlendis, ofan í 16%. Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til sjútvn. með 28 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 69. fundi í Nd., 25. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 451, n. 632, 641).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Þetta frv., sem komið er til þessarar hv. d. frá Ed., hefur verið athugað í sjútvn. d. og leggur n. einróma til, að það verði samþ. Frv. er flutt af hæstv. ríkisstj. í sambandi við gerð nýrra kjarasamninga milli sjómanna og útgerðarmanna, en í sambandi við þá samninga komu báðir aðilar sér saman um að óska eftir því, að ákvæðum 4. gr. l. nr. 79/1968, sem fjalla um greiðslur af afla í Stofnfjársjóð fiskiskipa, þegar afli er seldur erlendis, verði breytt á þann veg, að greidd verði 16% í stað 22% af heildarsöluverðmæti aflans. Þetta frv. er flutt í samræmi við þessar óskir samninganefnda útvegsmanna og sjómanna. Fyrir sjútvn. hefur legið frv., sem snertir þetta sama efni, en gengur lengra, og hefur n. ekki afgreitt það. Telur hún ekki ástæðu til þess að fjalla frekar um það, eftir að þetta samkomulag hefur tekizt milli útgerðarmanna og sjómanna. Einnig hafa flm. þess frv. tekið efni þess upp sem brtt. við þetta frv. á þskj. 641. Sjútvn. hefur ekki fjallað um þær brtt., þar sem þær komu fram eftir að hún fjallaði um málið og skilaði nál. En að sjálfsögðu liggja þær brtt. fyrir hér ásamt frv. til umr. og afgreiðslu.
Ég endurtek það, herra forseti, að sjútvn. mælir öll með frv., að það nái fram að ganga, en ég geri ráð fyrir, að úr því að þessar brtt. komu fram eftir að n. fjallaði um frv., þá vilji einstakir nm. áskilja sér rétt til þess að fylgja þeim.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Ásamt hv. 4. landsk. þm., Jónasi Árnasyni, flutti ég fyrr á þessu þingi frv. til l. um breyt. á þeim sömu lögum og það frv., sem hér er til umr., fjallar um. Í okkar frv. er þó gert ráð fyrir meiri lækkun á þeim upphæðum, sem renna eiga í Stofnfjársjóð fiskiskipa af óskiptum aflahlut og til þátttöku í rekstrarkostnaði útgerðarinnar, en gert er ráð fyrir í því stjfrv., sem hér liggur fyrir, þar sem aðeins er lagt til, að skerðingarprósentan lækki úr 22% í 16%, þegar um er að ræða sölu á afla í erlendri höfn. Þar sem sýnilegt er, að frv. okkar hv. 4. landsk. þm. fæst ekki afgreitt á þessu þingi, höfum við á þskj. 641 flutt frv. okkar að mestu leyti að nýju með þeim hætti að gera ákvæði þess að brtt. við það frv., sem hér liggur fyrir, og kemur efni okkar frv. þá væntanlega til atkv. Við 1. umr. um frv. okkar gerði ég grein fyrir efni þess og þeirri nauðsyn, sem við teljum á því, að það verði samþ. Af þeim sökum tel ég ekki ástæðu til að ræða málið efnislega að þessu sinni, en hv. þm. ætti að vera kunnugt um, að til Alþ. hafa borizt fjölmargar áskoranir frá sjómönnum og útgerðarmönnum um, að frv. okkar verði samþ.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 70. fundi í Nd., 26. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 641,1 felld með 19:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BP, GeirG, HV, IG, JK, JSk, JónasA, LJós, MK, SE, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ.
nei: BGuðm, BrS, EmJ, FÞ, GeirH, GuðlG, GunnG, IngJ, JóhH, JP, MB, PJ, PS, SI, EKJ, ÁS, BF, BK, MÁM.
GíslG greiddi ekki atkv.
5 þm. (EðS, EystJ, GÞG, HS, BGr) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Í brtt. hv. þm. kemur það fram, að þeir hafa tekið á sig sjálfa að meta, hvað eftir ætti að standa í sambandi við ekki aðeins þau lög, sem um er að ræða, heldur og þá samninga, sem í kjölfar þeirra fóru á sínum tíma milli útvegsmanna og sjómanna. Það fer ekki á milli mála, að þegar þessi lög voru sett, náðu sjómenn mjög þýðingarmiklum hlutum fram í sínum samningum, þ. á m. lífeyrissjóði og greiðslu hluta af fæðiskostnaði. Þetta hefur ekki enn þá verið metið af aðildarsamtökunum, sem um þetta sömdu á sínum tíma. Ég hef litla trú á því, að þessir hv. þm. hafi kunnað að meta þetta rétt, tel hins vegar nauðsynlegt, að samtökin sjálf geri það í sínum næstu samningum og segi þess vegna nei.

Brtt. 641,2 felld með 18:14 atkv.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Það mál, sem ég ætlaði að hreyfa hér við þessa umr., varðar ekki beinlínis það frv., sem hér liggur fyrir, heldur eitt atriði í lögunum, sem frv. er miðað við. Eins og hv. þdm. sjálfsagt muna, þá var á sínum tíma tekið upp í lög um útflutningsgjald af sjávarafurðum, sem er undanfari laga um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu, ákvæði þess efnis, að til samtaka sjómanna skyldi greiða 0.67% samkv. reglum, sem sjútvrh. setji. Nú hefur þessi prósentutala breytzt, þannig að í gildandi

lögum, lögum um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu, er hún 0.50%, en tilgreind sama kvöð og áður, að hún skuli greidd samtökum sjómanna samkv. reglum, sem sjútvrn. setji. Á sínum tíma, þegar þetta ákvæði var tekið upp í l., þ. e. a. s. á árinu 1967, þá minnist ég þess, að sjútvn. þessarar hv. d. barst erindi frá Alþýðusambandi Vestfjarða, sem ég skýrði hér frá við 2. umr. málsins þann 18. apríl það ár. Í erindinu er bent á, í sambandi við þessa fyrirhuguðu breytingu á l. um útflutningsgjald af sjávarafurðum, að Alþýðusamband Vestfjarða hafi allt síðan árið 1952 samið við vestfirzka útvegsmenn um kaup og kjör háseta, matsveina og vélstjóra á Vestfjörðum og að samningar þessir taki til sjómanna á bátum, sem stundi veiðar með línu, þorskanetum, botnvörpu, dragnót og humarvörpu og einnig til þeirra, sem stunda síldveiðar. Með tilliti til þessara upplýsinga, var síðan farið fram á það í umræddu erindi, að við afgreiðslu málsins yrði það tryggt, að Alþýðusamband Vestfjarða fengi hluta af þeim tekjum, sem þetta gjald gæfi, þar sem það er fyrst og fremst ætlað samtökum sjómanna. Ég tók það fram í framhaldi af upplestri þessa erindis hér í hv. d., að ég fylgdi þessu máli fyrir mitt leyti að því tilskildu, og í trausti þess, að sjútvrh. sæi um það, að samtök eins og Alþýðusamband Vestfjarða yrðu ekki hlunnfarin, hvað þetta snertir.

Nú hefur mér borizt vitneskja um það, að þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hafi Alþýðusamband Vestfjarða ekki fengið einn einasta eyri af þessu gjaldi. Gjaldinu mun vera skipt milli þriggja aðila, þ. e. Alþýðusambands Íslands, Sjómannasambandsins og Farmanna- og fiskimannasambandsins. Alþýðusamband Vestfjarða, sem er deild í Alþýðusambandi Íslands, hefur snúið sér hvað eftir annað til Alþýðusambandsins, en ekki fengið neina áheyrn um það, að þetta stóra fjórðungssamband fengi hluta af þessum tekjum. Aftur á móti hef ég heyrt og hygg, að það muni rétt með farið, að sambandsstjórn Alþýðusambands Íslands hafi ákveðið að láta þetta gjald að hluta renna sem hlutafé í Alþýðubankann, og nota það að einhverju leyti til þess að standa undir ferðakostnaði sambandsstjórnarmanna. Ég leyfi mér að draga í efa, að þessi ráðstöfun sé leyfileg á þessum fjármunum á sama tíma sem stóru verkalýðssambandi eins og Alþýðusambandi Vestfjarða er neitað um hlutdeild í þessu gjaldi. Þar sem það ákvæði er enn í fullu gildi, að þessum fjármunum skuli ráðstafað til samtaka sjómanna samkv. reglum, sem sjútvrh. setur, þá vil ég eindregið beina því til hans, að hann sjái um það, að hlutur Alþýðusambands Vestfjarða verði leiðréttur hvað þetta snertir. Að öðrum kosti tel ég, að nauðsynlegt sé að endurskoða afstöðuna til alls þessa máls í heild.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 693).

35. Tollskrá o. fl. (stjfrv. um lækkun tolla af bifreiðum).

Á 56. fundi í Ed., 3. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 11. febr. 1970, um tollskrá o. fl. [231. mál] (stjfrv., A. 436).

Á 58. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um breytingu á tollskránni, snertir eingöngu heimildargrein hennar, 3. gr., og eina tegund tækja, ef svo má segja, þ. e. a. s. bifreiðar. Varðandi gjöld af bifreiðum hafa orðið allverulegar breytingar á síðustu árum. Annars vegar hafa bifreiðar að sjálfsögðu hækkað mjög í verði og þetta er orðið dýrt tæki miðað við tvær gengisfellingar. Hins vegar hefur verið komið til móts við kaupendur bifreiða á þann veg, að felld hafa verið niður leyfisgjöld bifreiða, sem á sínum tíma voru mjög há, eða allt að125%. Engu að síður hefur það að undanförnu verið mikið baráttumál atvinnubifreiðastjóra að fá frekari lækkun á tollum bifreiða, auk þess sem Öryrkjabandalag Íslands, sem er talsmaður þeirra fötluðu, sem til þessa hafa notið sérstakra fríðinda varðandi aðflutningsgjöld af bifreiðum, hefur sótt mjög fast á með það að fá nokkur frekari hlunnindi varðandi öryrkja. Þetta mál er búið að vera á döfinni í nokkurn tíma. Því er ekki að leyna, að hér er um allverulegt tekjumál að ræða fyrir ríkið og því nokkuð vandasamt, hvernig á ætti að taka. Hér á hinu háa Alþ. hafa komið fram ákveðnar tillögur, og liggur þegar fyrir frv. í hv. Nd., þar sem gert er ráð fyrir því, að tollar bifreiða lækki almennt um 30%.

Niðurstaða athugana okkar í fjmrn. er sú, að þess sé enginn kostur, allra síst á miðju fjárhagsári, eftir að fjárlög hafa verið afgreidd, að gera jafn stórvægilegar breytingar á tollum bifreiða eins og lagt er til í umræddu frv. og gat ég þess, þegar það frv. var til 1. umr. í hv. Nd. Hins vegar er því ekki að leyna, að það er rétt, að hér er fyrir allstóran hóp manna í þjóðfélaginu um atvinnutæki að ræða, sem tolluð eru mjög hátt, eða 70% varðandi fólksflutningabifreiðar, almennar leigubifreiðar, meðan bifreiðar almennt eru að vísu nokkuð hærri eða í 90% tolli. Af þessum sökum er lagt til í þessu frv. að koma til móts við leigubifreiðastjóra á þann hátt að heimila sérstaka lækkun á tollgjaldi bifreiða þeim til handa, og er þá valin sú leið, sem er hliðstæð því, sem gilt hefur um lækkun tolla á bifreiðum til fatlaðra, að miða það við ákveðna fjárhæð á bifreið og fer það þá mjög eftir því, hversu hagkvæm kaup leigubifreiðastjórar gera, og í rauninni er það ekki nema þjóðhagslega skynsamlegt að stuðla að því, að ódýrari tegundir bifreiða verði keyptar til landsins til notkunar í leigubifreiðaakstri og mundu þá þeir, sem það gera, fá hlutfallslega hærri endurgreiðslu á tollinum. Almennt mundi þessi

lækkun tolls á bifreiðum, miðað við þær bifreiðar, sem inn hafa verið fluttar að undanförnu, nema frá 40—50% af tollgjaldi. Hins vegar er auðið að fá keyptar bifreiðar, sem eru það ódýrar, að slík endurgreiðsla mundi fara alllangt niður fyrir þá fjárhæð, og þess vegna þykir rétt að setja á þetta þau mörk, að þessi eftirgjöf verði þó aldrei meiri en svo, að tollur nemi 40%, og er það byggt á því, að sendibifreiðar t. d. og jeppabifreiðar eru í 40% tolli og almenningsvagnar og vörubílar, sem eru dýrustu bifreiðarnar, eru nokkru lægri eða í 30% tolli, en þær bifreiðar eru enn þá dýrari og því ekki óeðlilegt, að það séu veitt aukin fríðindi fyrir þær, enda er þar um þýðingarmestu atvinnutækin að ræða fyrir atvinnuvegina. Nokkru neðar eru sjúkra- og slökkvibílar, eða í 15% tolli. Það er gert ráð fyrir því, að heimildin til eftirgjafar takmarkist við 250 bifreiðar árlega, og er þá við það miðað, að í landinu séu 800—900 leigubifreiðar, en að því er stefnt af hálfu samtaka leigubifreiðastjóra, að þessum bifreiðum fækki, og sannleikurinn er sá, t. d. hér í höfuðborginni, að erfiðleikar leigubifreiðastjóra byggjast ekki hvað sízt á því, að það eru allt of margir menn, sem þessa atvinnu stunda miðað við það, hvað einkabifreiðum hefur fjölgað geysilega mikið, og hefur því verið unnið að því að undanförnu að athuga reglur, sem gætu orkað í þá átt að draga úr fjölda bifreiða. Það er hins vegar talið af bifreiðastjórum, að almennt endist leigubifreiðar ekki lengur en 3—4 ár, í hæsta lagi 4 ár. Það verður að telja, að með þessu móti séu atvinnubifreiðastjórum veitt mjög veruleg aukin fríðindi varðandi sínar bifreiðar, og er ætlunin, að þessar heimildir til endurgreiðslu verði framkvæmdar af rn. í samráði við samtök atvinnubifreiðastjóra og að sjálfsögðu gildir það einvörðungu um þá, sem hafa bifreiðaakstur að höfuðatvinnu, eða meginhluta tekna sinna af henni, og yrði þá miðað við svipaðar reglur og gilda um það nú, hverjir fá bifreiðar með 70% tolli í stað 90%.

Varðandi fatlaða þá er það mál almennt séð orðið mikið vandamál. Síðan fleiri voru teknir hér undir og ekki hvað sízt hjartasjúklingar, þá hefur eftirsókn eftir þessum undanþágum aukizt stórkostlega, og umsóknir munu hafa náð allt að 1000 á ári, en heimildin er nú takmörkuð við 300 bifreiðar. Ég sé þess engan kost að hækka tölu þessara bifreiða, enda mundu þess ekki sjást veruleg merki, að létt væri þessari ásókn, þó þetta væri hækkað um nokkra tugi bifreiða. Það yrðu þá að vera nokkur hundruð, og það tel ég ekki með nokkru móti auðið að gera og raunar naumast frambærilegt. En það er annars vegar lagt til að hækka lítillega eftirgjöfina á tolli af þessum bifreiðum, eða um 10 þús. kr. í 80 þús. kr., og má þá segja, að allmikill hópur þeirra manna, sem fatlaðir eru, gætu haft til afnota bifreiðar, sem raunverulega væri ekkert tollgjald greitt af, því að það er auðið að fá það ódýrar bifreiðar til einkanota, að það mundi verða sáralítill eða enginn tollur, sem af þeim yrði með þessari eftirgjöf. Hins vegar hefur Öryrkjabandalagið lagt á það megináherzlu, að veitt yrðu verulega aukin fríðindi nokkrum mönnum á hverju ári, svo sem lagt er til í þessu frv., þ. e. a. s. mönnum, sem búa við sérstaklega mikla fötlun, fötlun, sem er þannig, að þó að þeir að vísu geti keyrt bifreið, þá kosti það það, að bifreiðin þurfi að vera sérstaklega útbúin að tækjum og m. a. í mörgum tilfellum þurfi hún að vera sjálfskipt, og þetta þýðir það, að þessir menn verða að kaupa dýrari bifreiðar heldur en aðrir fatlaðir þurfa til sinna nota. Talið er af þeirri n., sem sér um úthlutun bifreiðanna lögum samkvæmt, að það eigi að vera tiltölulega auðvelt að úrskurða það, hvaða öryrkjar falli hér undir, það liggi nokkuð í augum uppi hverju sinni. Og það er talið, að 25 bifreiðar árlega mundu nægja nokkurn veginn til að fullnægja þörfinni að þessu leyti. Þess vegna er þetta sérstaka ákvæði sett um heimild til þess að endurgreiða allt að 120 þús. kr. toll af bifreiðum til þeirra, sem mest eru fatlaðir, og þá takmarkað við umrædda tölu, sem ég gat um. Þetta mundi gera þeim auðið að fá einnig bifreiðar, þessum illa fötluðu mönnum, sem má þá einnig gera ráð fyrir að hafi mjög skerta starfsorku, án þess að um nokkra teljandi tollgreiðslu af þeim yrði að ræða. Þetta vona ég, að hv. þdm. geti fallizt á að sé sanngjörn og eðlileg breyting, og raunar að báðar þessar breytingar stefni í þá átt, sem menn geti sameinazt um.

Ég skal játa, að það er alltaf hæpið mál að fara inn í Alþ. með frv. um breytingar á tollskrá, og það eru alltaf mörg áhugaefni, sem menn hafa í sambandi við tollskrárbreytingu. Það er að vísu svo, að hér fyrir ekki löngu síðan voru afgreiddar töluvert stórar breytingar á tollskránni, og ég vil leggja á það áherzlu, að ég tel ekki auðið að afgreiða þetta mál, nema því aðeins að menn gætu sameinazt um það að afgreiða það án þess að fara að blanda inn í það öðrum áhugamálum sínum varðandi tollskrána, enda er orðið það áliðið þings, að ef ætti að fara að taka upp almennar umr. um þau atriði, sem menn vildu gjarnan koma á framfæri varðandi breytingar á tollskránni, þá sé ég þess enga von, að málið geti fengið endanlega afgreiðslu á þessu þingi. Hins vegar vona ég, að allir hv. þm. vilji gjarnan stuðla að því, að þetta einstaka vandamál verði leyst með þeim hætti, sem hér er lagt til að gera.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, herra forseti, þar sem þetta er einfalt mál, en legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn. og mundi mjög gjarnan vilja óska eftir því, að n. sæi sér fært að afgreiða það svo skjótt sem auðið væri, til þess að hægt væri að fá endanlega afgreiðslu á því áður en þinginu lýkur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 436, n. 462).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Efni þessa frv., eins og hv. þdm. mun vera kunnugt, er það að auka nokkuð tollaívilnanir hvað snertir takmarkaða tölu bifreiða, sem keyptar eru af atvinnubílstjórum annars vegar og úthlutað er til lamaðra og fatlaðra hins vegar. Nú má auðvitað deila um, hvort slíkar undanþáguheimildir eigi rétt á sér, það geti alltaf verið hætta á vissri misnotkun á þeim, en þessar heimildir eru þegar fyrir hendi, þannig að frv. breytir ekki öðru þar um heldur en að auka þetta nokkuð. Eins og nál. á þskj. 462 ber með sér, þá hefur fjhn. orðið sammála um að mæla með því, að frv. yrði samþ. óbreytt, en ég vil rétt aðeins geta þess, að eftir að n. hafði afgreitt álit sitt, barst mér sem formanni n. bréf frá Félagi ökukennara, þar sem þeir óska sérstaklega eftir því, að þeir njóti í þessu efni svipaðra fríðinda eins og verið hefur, eða verði gerðir hliðstæðir atvinnubifreiðastjórum eins og verið hefur. Nú eru þessir menn vitanlega þeim hliðstæðir að því leyti, að atvinna þeirra krefst þess, að þeir hafi bifreiðar til afnota. Í núgildandi heimildarákvæðum þar að lútandi er ekki sérstaklega talað um þessi fríðindi til handa ökukennurum og svo er heldur ekki í því frv., sem hér liggur fyrir. Nú vil ég taka það fram, þar sem þetta erindi hefur ekki verið lagt fyrir fjhn., að ég tala um þetta atriði ekki í neinu umboði hennar, en vildi þó lýsa því sem persónulegri skoðun minni, að ég tel eðlilegt, að þetta frv. raski ekki stöðu ökukennara í þessu sambandi, þannig að ég teldi óeðlilegt annað en að framkvæmdin í þessu efni væri eins og hún hefði verið, að þeir nytu í þessu efni svipaðra fríðinda og þeir hafa notið, auðvitað með tilliti til þeirra breytinga, sem nú hafa verið gerðar. Að gefnu þessu tilefni vildi ég lýsa þessu sem mínum skilningi og komi ekki fram sérstakar aths. við það af hálfu hæstv. fjmrh. eða annarra þdm., þá mundi ég líta þannig á, að hv. þd. féllist einnig á þessa skoðun. Að öðru leyti, hæstv. forseti, þá leggur n. til, að frv. verði afgreitt óbreytt til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 61. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 63. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Fyrir nokkru var flutt hér í þessari hv. d. frv. um að lækka mjög verulega eða niður í 30% tolla af bifreiðum til atvinnubifreiðastjóra, þ. e. a. s. hinum svokölluðu leigubifreiðum til fólksflutninga. Ég skýrði þá frá því, að þetta mál væri sérstaklega í athugun í rn. í tilefni af viðræðum, sem fram hefðu farið við samtök atvinnubifreiðastjóra um það mál og höfðu reyndar staðið nokkra hríð, og jafnframt væri í athugun önnur hlið þessa máls eða sambærilegt mál, en það væri endurskoðun á ákvæðunum um eftirgjöf á tollum af bifreiðum til fatlaðra. Það frv., sem hér liggur fyrir, er niðurstaðan af tillögum rn. um þessi efni. Í frv. er gert ráð fyrir breytingum á 3. gr. tollskrár, en þar eru heimildargreinar um ýmis atriði, sem rn. er heimilt að beita í sambandi við framkvæmd tollalöggjafarinnar. Lagt er til, að tvenns konar breytingar verði gerðar á þeim ákvæðum, sem nú gilda um eftirgjöf til fatlaðra. Annars vegar að almenna eftirgjöfin hækki um 10 þús. kr. á bifreið, og mun þá láta nærri, að endurgreiddur sé tollur að fullu af minni bifreiðum, sem yfirleitt eru fullnægjandi ökutæki fyrir fatlaða, en eins og menn vita, er þetta ákvæði hugsað þannig, að þeir njóti þessara hlunninda, sem eru það fatlaðir, að þeir þurfi bifreið til þess að komast til vinnu sinnar, þannig að hér þarf ekki að vera um stórar né fyrirferðarmiklar bifreiðar að ræða. Hins vegar hefur það komið í ljós og á það verið lögð mikil áherzla af samtökum fatlaðra, að það væru nokkrir menn á hverju ári, sem þyrftu á bifreið að halda, en væru svo fatlaðir, að þeir yrðu að kaupa bifreiðar með sérstökum útbúnaði. Og þessar bifreiðar væru miklum mun dýrari heldur en þær bifreiðar, sem fatlaðir gætu almennt komizt af með. Ýmist væri þar um sjálfskiptar bifreiðar að ræða eða með einhverjum öðrum tækniútbúnaði, sem gerði það að verkum, að ekki væri hægt að nota hinar minni bifreiðar fyrir þetta fólk.

Í fljótu bragði kynnu nú hv. þm. að segja sem svo, að þetta mundi verða erfitt að framkvæma, en læknanefnd sú, sem annast úthlutun þessara bifreiða í samráði við Öryrkjabandalagið, telur, að það sé ekkert vandamál og það megi gera ráð fyrir, að það séu 20—25 manns á ári, sem séu svo illa fatlaðir, að þeir þurfi á slíkum sérstaklega útbúnum bifreiðum að halda. Með hliðsjón af því er lagt til, að tolleftirgjöfin verði um 120 þús. kr. af 25 bifreiðum árlega og mundi það nánast samsvara því, að gefinn yrði eftir tollur af ýmsum tegundum bifreiða, sem kæmu til álita fyrir þetta fólk.

Varðandi atvinnubifreiðastjórana er lagt til, að auk þeirra fríðinda, sem þeir nú hafa, — að þeir greiða 70% toll í stað 90% tolls, sem aðrir notendur bifreiða greiða, — þá verði þeim veitt fríðindi í svipuðu formi og er notað í sambandi við eftirgjöfina til fatlaðra, en það er, að ákveðin fjárhæð verði gefin eftir af tolli af þessum bifreiðum, sem mundi þá leiða til þess, að þeir, sem kaupa ódýrari bifreiðar, sem verður að teljast gott og þjóðhagslega skynsamlegt, njóta þá hvað prósentu snertir meiri

hlunninda heldur en hinir, sem dýrari bifreiðarnar kaupa. Það er þess vegna ekki hægt að segja nákvæmlega, hvað verðtollur af þessum bifreiðum mundi verða með þessari aðferð, en gert ráð fyrir því, að hann fari aldrei niður fyrir 40%, þannig að ef keypt er ódýrari bifreið, þá fari eftirgjöfin aldrei neðar en það, svo það er ekki víst, að 50 þús. kr. hámarkið þurfi alltaf að koma til, þó að það sé nú sennilegt, að leigubifreiðastjórar kaupi ekki það ódýrar bifreiðar. En ástæðan til þess, að miðað er við 40% toll, er sú, að aðrar atvinnubifreiðar, sendibifreiðar og jeppabifreiðar, eru í 40% tolli, og ég tel ekki eðlilegt, að þessar bifreiðar fari í lægri toll. Það eru aðeins langferðabifreiðar og sérleyfisbifreiðar, sem kosta miklum mun meira fé, sem eru í 30% tolli, þannig að það er mjög eðlilegt, að það sé gerður greinarmunur á þessum bifreiðum, enda er þar um grundvallaratvinnutæki atvinnuveganna að ræða, þessar stóru bifreiðar, sem notaðar eru mikið í margs konar atvinnurekstur eða framleiðslustarfsemi.

Þetta er í stuttu máli sagt niðurstaðan af þessum athugunum rn. Það er gert ráð fyrir, að þetta verði takmarkað við 250 bifreiðar á ári, og nú er talið, að 800—900 atvinnubifreiðar séu í landinu. Það er áreiðanlega veruleg þörf á því, að þeim sé fækkað, a. m. k. hér á höfuðborgarsvæðinu, enda er það áhugamál samtaka leigubifreiðastjóra. Og auðvitað er það eitt veigamikið atriði til að bæta atvinnuaðstöðu þeirra, að það sé gert, þannig að telja má, að með þessari tölu sé hægt að tryggja, að um eðlilega endurnýjun þessa bifreiðakosts verði að ræða.

Ég veit, að hér liggja fyrir hv. d. ýmsar tillögur um breytingar á tollskrá. Ég mundi mjög vilja fara fram á það, eins og ég gerði í hv. Ed., í fyrsta lagi að sjálfsögðu, að menn gætu sameinazt um að standa að þessu frv., svo sem var í hv. Ed., og í öðru lagi, að menn blönduðu ekki inn í þetta mál öðrum áhugamálum sínum um breytingar á tollskrá, sem alltaf eru auðvitað ýmis tilefni til, vegna þess að það gæti ekki leitt til annars en hættu á því, að þetta mál, sem hér er um að ræða, næði ekki fram að ganga. Með því er ég ekki að segja, að þeir hv. þm., sem þau áhugamál hafa, eigi ekki að reyna að þoka sínum frv. áfram, það er annað mál. En hv. Ed. tók þetta mál fyrir og afgreiddi það mjög skjótt og vel, og ég vildi mega vænta þess, að sú sama samvinna gæti tekizt við hv. Nd.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Í sambandi við frv. það á þskj. 436, sem hér liggur fyrir til 1. umr. og hæstv. fjmrh. hefur gert grein fyrir, vil ég taka fram örfá atriði. Í fyrsta lagi vil ég segja það, að ég fagna þeirri breytingu, sem 1. gr. frv. gerir ráð fyrir, bæði það að fjölga bifreiðum þeim, sem árlega eru veittar því fólki, sem hefur orðið fyrir veikindum á einn eða annan hátt, og enn fremur að hækka tollaeftirgjöfina og rýmka það ákvæði verulega. Þetta tel ég hið mesta nauðsynjamál og ég vil endurtaka það, að ég fagna því, að það skuli vera fram komið. Vegna hins atriðisins, sem í þessu frv. felst, sem er síðari hluti eða b-hlutinn af 1. gr., viðvíkjandi atvinnubifreiðastjórunum, er mín ánægja ekki eins mikil. Í fyrsta lagi vil ég segja það, að ég tel, að frv. um að lækka tollana á þessum atvinnutækjum hafi verið sanngjarnt og hafi byggzt á því, að þessi atvinnustétt væri nauðsynleg vegna þjónustustarfa í landinu og þess vegna ætti að lækka tollana vegna þeirra starfa, sem þeir inntu af hendi. Það væri því ekki um neina náðargjöf að ræða, heldur það, að þessi þjónusta væri metin álíka, þ. e. þjónusta atvinnubifreiðastjóra og sérleyfishafa. Ég sé ekki, hvaða rök eru fyrir því að meta þetta ekki nokkuð til jafns, því að engum okkar dytti það í hug, að atvinnurekstur leigubifreiðastjóra félli niður. Þess vegna hef ég kunnað miklu betur við, að lækka þessa tolla um það, sem samkomulag hefði orðið um, heldur en að hafa endurgreiðsluformið eins og hér er lagt til og mér finnst vera allt annar blær á. Og það verkar á mig eins og nokkurs konar styrktarstarfsemi, sem ég tel, að ekki eigi við í þessu tilfelli vegna þess, að ég lít á þessa atvinnustétt sem nauðsynlega atvinnustétt í landinu. Hitt hefði ég getað fallizt á, að þetta hefði ekki orðið að þessu sinni nema 40%, að það hefði staðizt. Við það hefði ég ekkert haft að athuga, ef samkomulag hefði verið um það að lækka tollinn niður í 40%. Og frá mínum bæjardyrum séð hefði líka verið hægt að fallast á það að hafa vissa hámarkstölu bifreiða, sem inn væru fluttar. Þessi tvö atriði hefði ég getað fallizt á og ekki fundizt neitt óeðlilegt, þó að þannig hefði verið að farið, að tollurinn hefði ekki verið færður niður nema í 40% og hámarkstala bifreiða hefði verið ákveðin. Ég held, að það orki nokkuð tvímælis, að það sé rétt mat, sem fram kom í ræðu hæstv. fjmrh. hér áðan, að með þessu, að ákveðin fjárhæð væri gefin eftir af tollinum, þá væri stefnt að því, að bifreiðastjórar tækju ódýrari bifreiðar. Ég hygg, að bifreiðastjórar, sem stunda þessa atvinnu, færi fram þau rök, að einmitt hinar stærri bifreiðar séu í þessum tilfellum margfalt betri, og ef á allt sé litið, séu þær raunverulega ódýrari. Þess vegna hefði ég nú viljað fara fram á það við hæstv. ráðh., hvort ekki væri hugsanlegt, að hann hefði viljað endurskoða þetta mál þannig að lækka tollinn um ákveðna prósentu og fara þá niður í 40% og hafa hámarkstölu árlega, sem nyti þess arna. Þetta hefði ég talið, að hefði verið skynsamleg lausn í þessu máli og á engan hátt um að ræða neitt fjárhagsatriði, sem skiptir máli fyrir ríkissjóð, en aðferðin að gera þetta með þeim hætti yrði í alla staði eðlilegri og skemmtilegri, því að það er viðurkenning á því, að hér sé um atvinnu að ræða, sem sé nauðsynleg, og ég hef ekkert við það að athuga, þó að hún sé takmörkuð við hámarkstölu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 436, n. 695, 579).

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft mál þetta til athugunar. Það hafði áður verið flutt frv. um breytingar á tollskrárlögum í sambandi við bifreiðar. Frv. þetta hefur verið samþ. í Ed. óbreytt, eins og það var flutt af hæstv. fjmrh. Hins vegar flytja flm. þessa frv., sem ég gat um áðan, brtt. við þetta frv. við þessa umr., þannig að afgreiðsla á því máli má segja að verði um leið og þessari umr. lýkur. N. hefur mælt með frv. Hins vegar áskilja einstakir nm. sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., en meiri hl. n. mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Samkv. frv. þessu er gert ráð fyrir því, að heimilt verði að lækka eða fella niður aðflutningsgjöld af allt að 300 bifreiðum á ári fyrir fólk með útvortis bæklanir eða lamanir eða fyrir fólk, sem hefur verið haldið lungnasjúkdómum. Það er vitað, að þessi bifreiðafjöldi, sem þarna er ákveðinn, er orðinn algjörlega ófullnægjandi miðað við þær umsóknir, sem fyrir liggja. Hv. alþm. vita, að heimildir af þessu tagi hafa verið í lögum alllengi og hefur fjöldi þessara bifreiða aukizt heldur lítið. Nú er mér tjáð, að um 1000 aðilar hafi sótt á þessu ári um undanþágur frá tollgreiðslum í slíkum tilvikum, og það gefur því auga leið, að það hefur ekki verið hægt að sinna nema litlum hluta af fyrirliggjandi beiðnum. Mér er kunnugt um það, að í nokkrum tilfellum er um að ræða aðila, sem áður hafa fengið bifreiðar með þessum kjörum vegna sjúkleika síns og átt hafa bifreiðarnar allt upp í 10 ár, en þeim hefur nú verið synjað um leyfi til endurnýjunar. Samkv. þeim reglum, sem um þetta gilda, er gengið út frá því, að sá, sem hefur fengið bifreið með þessum hætti og notað hana í sex ár, skuli jafnan eiga kost á því að fá aðra bifreið til endurnýjunar hinni gömlu. Það er því alveg augljóst mál, að það þarf að heimila þessa undanþágu fyrir fleiri en 300 bifreiðar á ári, ef ekki á til þess að koma, að mismuna hinu sjúka fólki verulega í þessum efnum. Ég hef því leyft mér að flytja brtt. við frv. um það að hækka þessa tölu úr 300 í 500. Og ég ætla, að það sé ekki of mikið. Ég hefði að vísu gjarnan viljað hafa töluna nokkru hærri og tel, að það væri aðeins eðlilegt, miðað við það, sem áður var í þessum efnum, en ég hef þó kosið að hafa töluna ekki hærri en 500 í þeirri von, að tillagan fengist fremur samþ. þannig. Tillögu minni hefur ekki verið útbýtt enn þá, hún er í prentun og ég verð því að leggja hana fram skriflega og óska eftir því, að hæstv. forseti leiti eftir afbrigðum við till., svo að hún geti komið til atkvæða.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 732) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Þegar ég lagði þetta frv. hér fyrir hv. d., gat ég þess, að þetta mál hefði verið í rækilegri athugun og viðræður farið fram um það milli viðkomandi aðila, bæði varðandi þau hlunnindi, sem gert er ráð fyrir að veita leigubifreiðastjórum og einnig fötluðum, og varðandi fatlaða var nokkur hækkun gerð á eftirgjöfinni, 10 þús. kr. á bíl, og jafnframt var svo ákveðið, að sérstök tala bifreiða skyldi njóta enn frekari fríðinda eða allt að 120 þús. kr. niðurfellingar á tolli, ef um mjög miklar fatlanir væri að ræða. Það er alveg rétt, sem hv. 4. þm. Austf. sagði hér áðan, — og ég gat um það í framsöguræðu minni — að eftirsókn eftir þessum bílum hefur farið mjög vaxandi, en engu að síður tel ég það orka mjög tvímælis, hvort það eigi að fjölga þessum bifreiðum. Bæði er það, að þó að umsækjendafjöldi sé jafnmikill og raun ber vitni, þá er það mikið álitamál, hvort allt það fólk á að koma til greina, sem þar hefur sótt, og ég mundi því álíta, að þær 300 bifreiðar, sem veittar hafa verið í þessu skyni, það væri ekki hægt að hækka þá tölu, enda var það mat þeirra forráðamanna, sem ég ræddi við frá Öryrkjabandalaginu, að það væri betur séð að hækka þessa eftirgjöf heldur en að auka tölu bifreiðanna. Með hliðsjón af öllum þessum aðstæðum vildi ég því mjög fara fram á það við hv. þd., að hún féllist ekki á þessa breyt. og frv. yrði samþ. eins og það er flutt og eins og það var samþ. einróma í hv. Ed.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Mér þykir mjög fyrir því, að hæstv. fjmrh. skyldi í lok ræðu sinnar leggjast gegn þessari litlu till. okkar á þskj. 579, því hún er í alla staði sanngjörn og vel til þess fallin, að frv. hefði þá þann svip, sem hún leggur til. Eins og ég hef áður getið í sambandi við umr. um þetta mál, þá er það mjög óeðlilegt að hafa þetta styrktarform, eins og gert er í frv. hæstv. ríkisstj. Hér er gengið inn á sömu prósentu og þar er lagt til og einnig inn á sömu tölu bifreiða eins og lagt var til í frv. hæstv. ríkisstj. Það, sem á milli ber, er að binda þetta ekki við ákveðna fjárhæð, eins og hæstv. fjmrh. gerir, og hafa ekki þennan styrktarsvip á því, sem þarna er gert. Enda þótt ég hafi litla von um, að um verði þokað hér, fyrst hv. fjhn. féllst ekki á það, að frv. yrði með þessum hætti, þá er það mín von, að fyrr en seinna verði hægt að koma þessum málum fyrir á þann hátt, sem ég tel réttlátt og sanngjarnt, að þessi atvinnustétt sé metin á sama hátt og aðrar atvinnustéttir, t. d. vörubifreiðastjórar, og með þeirra mál verði farið á þann hátt. Að því verður unnið, þó það hafi ekki tekizt að þessu sinni.

ATKVGR.

Brtt. 732 felld með 18:12 atkv.

Brtt. 579 felld með 17:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VH, ÞÞ, ÁÞ, BK, BP, EðS, EystJ, GeirG, GíslG, HS, IG, JK, JónasÁ, LJós, MK, SE, SV.

nei: EKJ, ÁS, BGr, BF, BGuðm, EmJ, FÞ, GeirH, GuðlG, GunnG, GÞG, JóhH, JP, MB, PJ, SI, MÁM.

6 þm. (BrS, HV, IngJ, JSk, PS, SP) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 33 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 744).

---

36. Aukatekjur ríkissjóðs.

Á 61. fundi í Ed., 10. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 104 22. des. 1965, um aukatekjur ríkissjóðs [249. mál] (stjfrv., A. 476).

Á 62. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að segja nema örfá orð um þetta frv. Það er nánast fylgifrv. með frv. um stimpilgjald og flutt af sömu ástæðu, þ. e. a. s. vegna gildistöku hins nýja fasteignamats. Og það er gert ráð fyrir því, að þinglýsingargjöldin breytist þannig varðandi fasteignir, að prósentuupphæðin lækki úr 0.5% í 0.15%. Engar breytingar eru gerðar á aukatekjulögunum nema þetta varðandi fasteignirnar, enda gefur nýja fasteignamatið ekki tilefni til þess.

Það er sama um þetta frv. að segja eins og um stimpilgjaldsfrv., að það ber brýna nauðsyn til, að það geti orðið afgreitt á þessu Alþ. vegna gildistöku nýja fasteignamatsins, og vænti ég þess, að hv. þdm. muni reyna að greiða fyrir því, að svo geti orðið.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 476, n. 532).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Frv. þetta má í rauninni skoða sem fylgifisk frv. þess, sem ég mælti fyrir áðan, og get ég því vísað til framsögu minnar um það. En auðsætt er, að það sama hlýtur að eiga við um þinglýsingargjöld eins og stimpilgjöld, að sömu nauðsyn ber til að breyta ákvæðum um þau, þannig að hið nýja fasteignamat leiði ekki til stórhækkunar á þessum gjöldum. En meginsjónarmiðið hefur verið það í sambandi við þessi frv. bæði, að þessi gjöld héldust nokkurn veginn óbreytt, þrátt fyrir hækkunina á fasteignamatinu. Eins og nál. á þskj. 532 ber með sér, þá leggur fjhn. til, að þetta frv. verði samþ., en með sams konar fyrirvara einstakra nm. eins og var um hitt frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

A 63. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 64. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt af nákvæmlega sömu ástæðum og frv. um breyt. á lögum um stimpilgjald. Frv. gerir ekki ráð fyrir annarri breytingu en þeirri, sem beinlínis leiðir af gildistöku hins nýja fasteignamats, og er byggt á sömu hugsun og liggur að baki breytingu á stimpilgjaldslögunum, að tekjuauki verði ekki hjá ríkissjóði af þessum sökum, og er því lagt til í frv., að þinglýsingargjald vegna fasteigna sérstaklega lækki úr 0.5% í 0.15%. Aðrar breytingar eru ekki gerðar á aukatekjulögunum, þar eð fasteignamatið nýja hefur ekki önnur áhrif á gjöld samkv. því.

Ég legg til einnig, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 80. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 476, n. 697).

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjhn. hefur haft frv. þetta til meðferðar, og mælir n. með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Hér er um að ræða breytingu á lögum vegna hins nýja fasteignamats, sem gert er ráð fyrir að taki gildi 1. maí n. k., og breytingar á aukatekjum ríkissjóðs með tilliti til þess.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 772).

---

37. Stimpilgjald.

Á 61. fundi í Ed., 10. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald [250. mál] (stjfrv., A. 477).

Á 62. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Breytingar þær, sem hér er lagt til að gera á lögum um stimpilgjald, eru í samræmi við breytingar þær, sem munu verða á næstunni á fasteignamati. Það liggur í augum uppi, að ef ekki yrði breytt þeim prósentutölum, sem eru í lögum um stimpilgjald, mundi verða um að ræða geysilega hækkun á stimpilgjaldi, en minna má á, að í bráðabirgðaákvæði, sem fylgir lögum um hið nýja fasteignamat, er gengið út frá því, að þegar það taki gildi, verði endurskoðuð ýmis lög, sem miða við fasteignamat, á þann veg, að gjöld þessi verði sem næst óbreytt áfram í krónutölu, þrátt fyrir hækkun matsgrundvallarins. Nú er að vísu ekki hægt að binda Alþ. með ákvæði sem þessu, en varðandi stimpilgjaldslögin hefur þó þessu sjónarmiði verið fylgt, vegna þess að gengið er út frá því í lögunum eða þessu frv., að sem næst sömu tekjur verði af stimpilgjaldi eins og nú eru raunverulega.

Ég skal aðeins í fáum orðum gera grein fyrir því, hvaða breytingar felast í þessu frv. Út af fyrir sig má segja, að það væri engin ástæða til þess að breyta lögum um stimpilgjald, vegna þess að það er meginreglan, að eignarheimildir af fasteignum skuli stimpla miðað við það raunverulega söluverðmæti, sem liggur þar að baki. Ef þessu hefði verið fylgt, þá væri auðvitað engin ástæða til þess að umbreyta lögum um stimpilgjöld. En það eru ákvæði í lögum um stimpilgjald þess efnis, að ef ekki sé tilgreint söluverð eignar, þá skuli miða við fimmfalt fasteignamat. Ég hygg, að reyndin muni vera sú, vegna þess hve fasteignamatið var lágt — og þar af leiðandi var stimpilgjaldið með þessu móti miklum mun lægra heldur en eftir aðalreglunni, — að þessari aukareglu hafi í langflestum tilfellum verið fylgt. Og það er í rauninni gengið út frá því, að svo hafi verið í þeim breytingum, sem nú er lagt til að gera á þessari reglu varðandi stimpilgjald af eignaskjölum eða afsali fyrir fasteignum, en tillagan í frv. er um það, að í stað 2% stimpilgjalds, sem nú er, verði stimpilgjaldið aðeins 0.5%. En það er nánast sama upphæð í krónutölu eins og ef það hefði gilt í öllum tilfellum, að miðað væri við fimmfalt gamla fasteignamatið.

Hér er því í rauninni ekki um neina breytingu að ræða og vona ég því, að ekki þurfi um þetta neinn ágreiningur að verða. En þessu til viðbótar er lagt til að stórlækka stimpilgjald af skipum. Með þau hefur verið farið að vissu leyti sem fasteignir, en þó þannig, að þau hafa ekki neitt hliðstætt mat, heldur hefur verið í öllum tilfellum miðað við raunverulegt söluvirði þeirra, og reyndin hefur orðið sú, að í mjög mörgum tilfellum hefur eignarheimildum eða heimildum vegna eignayfirfærslu á skipum alls ekki verið þinglýst, til stórbaga í viðskiptum, vegna þess hve stimpilgjaldið hefur verið hátt. Að vísu var fellt niður fyrir 2—3 árum síðan það sérstaka álag, sem var á stimpilgjaldi fyrir afsali á skipum, en hér er gengið enn lengra og lagt til, að það verði aðeins fjórði hluti af því, sem það er nú, eða lækki úr 1% í 0.25%. Þá er enn fremur gert ráð fyrir því, — og það er til að auðvelda endurskipulagningu fyrirtækja, — að ef eigandi að skipi — raunar á það við fleira en skip, fasteignir einnig, — gerist aðili að nýju fyrirtæki eða félagi um eignarhald á þessum eignum, þá skuli stimpilgjald ekki reiknast af þeim hluta í hinu nýja fyrirtæki, sem svarar til eignarhluta hans í fyrirtækinu. Þetta mun koma víða til góða og er í samræmi við þá stefnu að auðvelda bæði samruna fyrirtækja og að menn geti breytt atvinnurekstri sínum í hagfelldara horf með því t. d. að breyta einkarekstri í hlutafélag, eftir því sem ástæða þykir til.

Þá er gerð sú breyting, að gert er ráð fyrir, að framsal á skuld, þó um nafnbréf sé að ræða, verði ekki stimpilskylt svo sem verið hefur og verði látin gilda sama regla eins og er um framsal á handhafabréfi, því að það framsal er að sjálfsögðu ekki

stimpilskylt og ekki framkvæmanlegt að koma þar við stimplun. Það er til þess, að jöfnuður verði hér á milli.

Þá er og breytt nokkuð þeim hörðu viðurlögum, sem eru við því að stimpla ekki skjöl í tæka tíð og geri ég ekki ráð fyrir, að um það þurfi að verða ágreiningur.

Svo sem frv. þetta er hugsað og þar sem niðurstaðan í því eru kjarabætur verulegar fyrir alla þá aðila, sem þurfa að greiða stimpilgjald og sem mundi ella verða aukin greiðsla hjá vegna hins nýja fasteignamats, þar sem enn fremur er hér um beinar kjarabætur að ræða fyrir ýmsa aðila, sem ég veit, að margir hv. þm. bera fyrir brjósti og hér hefur verið ymprað á áður, svo sem í sambandi við afsal skipa, þá vonast ég til þess, að þetta frv. geti hlotið greiða meðferð hér á Alþ., en það er nauðsynlegt, að það fái afgreiðslu áður en þessu þingi lýkur, þar sem nýja fasteignamatið mun taka gildi innan skamms. Þarf ég ekki að lýsa þeim afleiðingum, sem það mundi hafa, ef ekki væri búið að lögfesta þær breytingar, sem hér er gert ráð fyrir, þegar fasteignamatið tekur gildi.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 477, n. 533).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta mál, sem hér liggur fyrir, til meðferðar og eins og nál. það, sem útbýtt hefur verið, ber með sér, leggur n. einróma til, að frv. verði samþ., en þó þannig, að einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. Eins og fram kemur í grg. fyrir frv., þá er ástæðan til þess, að frv. þetta er borið fram, sú, að gert er ráð fyrir, að á þessu vori gangi hið nýja fasteignamat í gildi, sem mundi leiða til stórhækkunar á stimpilgjöldum að öðru óbreyttu, en ástæðulaust þykir og má gera ráð fyrir, að það geti skapað meira eða minna öngþveiti á fasteignamarkaðinum, ef stimpilgjöldin væru látin hækka til samræmis við þá hækkun, sem orðið hefur á fasteignamati.

Eins og ég sagði áðan, þá hafa einstakir nm. áskilið sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., og vil ég að sjálfsögðu ekki taka fram fyrir hendur manna, ef menn óska eftir að gera grein fyrir sérstökum aths., sem þeir kunna að vilja gera við frv., en ég vil þó geta þess — og tel það eina af ástæðunum til þess, að frv. var afgreitt með slíkum fyrirvara af hálfu n. — að það bar á góma á fundi n., hvernig væri með stimpilgjöld, þegar um samruna fyrirtækja eða aðrar slíkar breytingar á formi eignaraðildar yrði að ræða. Nú heyrir þetta mál í sjálfu sér undir skattalögin, en eins og kunnugt er, þá liggur fyrir þessu þingi frv. um breytingu á skattalögunum, sem ég geri ráð fyrir að verði afgreitt í einni eða annarri mynd. En varðandi þetta atriði vil ég þó leyfa mér að benda á eftirfarandi ákvæði 2. gr. frv., sem samkvæmt mínum skilningi má túlka þannig, að heimilt sé að gefa eftir, heimilt sé og jafnvel skylt að gefa eftir stimpilgjöld, þegar slíkar breytingar á eignaraðild verða.

Með leyfi hæstv. forseta stendur þetta í 2. gr.: „Þegar fasteign eða skip er afsalað hlutafélagi eða sameignarfélagi, greiðist sama gjald, þó skal ekki innheimta gjald af þeim eignarhluta að tiltölu, þegar svo er ástatt, að fyrri eigandi verður áfram eignaraðili að félaginu.“ Samkvæmt mínum skilningi er eðlilegt að túlka það þannig, að þó að breytt sé um eignarform eða samruni eigi sér stað, ef það eru sömu eigendur og áður, þá eigi ekki að innheimta slíkt stimpilgjald. Að öðru leyti mundi þetta að mínu áliti heyra undir skattalögin, en ég taldi rétt að geta þess, að þetta mál var rætt á fundi n., þó að hún hafi ekki séð ástæðu til þess að gera sérstakar brtt. Nú þykir þetta ófullnægjandi og ef hér kynnu að koma fram einhverjar brtt. eða óskir um að bera þær fram, annaðhvort af hálfu hv. nm. eða annarra, þá mundi ég auðvitað vera reiðubúinn til þess að kalla n. saman að nýju fyrir 3. umr. málsins og taka þetta mál til nánari athugunar.

Að öðru leyti, herra forseti, leggur n. til, að þetta frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
12. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 63. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 64. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta um breyt. á l. um stimpilgjald er flutt vegna gildistöku nýs fasteignamats. Það er að vísu meginregla í stimpilgjaldslögum varðandi stimpilgjald af afsölum fyrir fasteignum, að greiða skuli af því hinu raunverulega söluverði, þannig að segja

má, að af þeirri ástæðu væri ekki grundvöllur fyrir því eða nauðsyn til þess að breyta þessu laga-ákvæði, en hins vegar mun reyndin hafa verið sú í nær öllum tilfellum, að notað hefur verið annað ákvæði í stimpilgjaldslögunum, þar sem svo segir, að ef kaupverð eða söluverð er ekki tilgreint, þá skuli miðað við fimmfalt fasteignamat, og var það þá að sjálfsögðu það lága fasteignamat, sem miðað var við. Gengið var út frá því í þessari breyt., sem nú er lagt til að gera á stimpilgjaldslögunum, að í langflestum tilfellum hafi þetta verið gert, og því er lagt til, að gerð verði mjög veruleg lækkun á stimpilgjaldinu, eða úr 2% af fasteignamati niður í 0.5%, og er það næstum nákvæmlega sú upphæð, sem stimpilgjaldið hefur gefið af sér undanfarið í sambandi við stimplun á afsölum fyrir fasteignum. Hins vegar er hér um að ræða mjög mikla lækkun á stimpilgjaldi á skipum. Skjöl vegna eignayfirfærslu á skipum hafa verið stimpluð eftir hljóðan þeirra, þ. e. a. s. miðað við hið raunverulega söluverð, og til skamms tíma var þetta stimpilgjald einnig með sérstöku álagi. Það var afnumið fyrir einu ári síðan. Eigi að síður hefur stimpilgjaldið reynzt það hátt miðað við hið háa verð skipa, að í fjölmörgum tilfellum hefur eignayfirfærslu á skipi ekki verið þinglýst með eðlilegum hætti, og hefur það valdið miklum vandræðum. Það er lagt til í frv. að stórlækka þetta gjald, eða úr 1% niður í 0.25%.

Þá er það einnig nýmæli í þessu frv., sem m. a. er gert til þess að auðvelda eignayfirfærslu frá einstaklingi til hlutafélags eða milli hlutafélaga í sambandi við samruna félaga, sem mikið hefur verið talað um, og til að auðvelda það, að menn gætu komið atvinnurekstri sínum í hagkvæmara form, að þá er heimild til þess, að ekki skuli reiknað sérstakt stimpilgjald af þeim eignarhluta, sem viðkomandi aðili leggur til hins nýja félags, ef eignarhlutur hans í félaginu er jafnstór því verðmæti, sem hann leggur af mörkum. Og það er gert ráð fyrir því, að þetta ákvæði gildi um eignayfirfærslu, sem átti sér stað eftir 1. jan. 1970.

Þá er einnig í frv. að finna sérstakt ákvæði þess eðlis, að framsal á skuld, þó um nafnbréf sé að ræða, verði ekki stimpilgjaldsskylt. Það hefur ekki verið með handhafabréf, og eru þessir bréfaflokkar settir jafnfætis að þessu leyti.

Þá er einnig nokkur breyting varðandi viðurlög, sem hafa verið mjög þung við því, ef stimplun er látin farast fyrir. Það er ástæðulaust að hafa það ákvæði eins og það er núna, þ. e. um fimmfalda upphæðina, sem er þó heimild til að lækka og hefur yfirleitt alltaf verið lækkuð í 100%. Í stað þess að fara þá leið, hvað sem líður því, hve langur tími það er, sem menn vanrækja stimplun skjals, þá er lagt til, sem er mun eðlilegra, að sektin vaxi eftir því sem tíminn lengist, sem menn vanrækja að stimpla skjalið.

Þetta eru þau atriði, sem felast í umræddu frv. Í hv. Ed. var frv. samþ. shlj., og vildi ég leyfa mér að vænta þess, að samstaða gæti einnig orðið um það í þessari hv. d. Þar sem hér er eingöngu um mjög eðlilegar breyt. að ræða, að svo miklu leyti sem það eru breyt., þá eru þær beinlínis til lækkunar og sparnaðar fyrir gjaldendur, þá vonast ég til, að það takist að fá samkomulag um að afgreiða það í tæka tíð. Þetta er frv., sem nauðsynlegt er að fái afgreiðslu hér á þinginu áður en því lýkur, vegna þess að það verður að vera orðið að lögum, áður en nýja fasteignamatið tekur gildi.

Ég legg því til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 477, n. 696).

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Þetta frv. er af sömu rótum runnið og það, sem ég mælti fyrir nú rétt áður, þ. e. a. s. vegna breyt. á fasteignamati, sem tekur gildi nú 1. maí, þá er talið eðlilegt að breyta lögum um stimpilgjöld til samræmis við það breytta fasteignamat.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.

2.—12. gr. og ákvæði til bráðabirgða samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 773).

---

38. Bankavaxtabréf.

Á 62. fundi í Ed., 11. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 frá 22. maí 1965, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa [246. mál] (stjfrv., A. 473).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Ed., 15. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 473, n. 531).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Efni þess frv., sem hér liggur fyrir, er að hækka þá heimild, sem veðdeild Landsbanka Íslands hefur samkvæmt núgildandi lögum til útgáfu bankavaxtabréfa, um 100 millj. kr. Fjhn. hefur haft þetta mál til meðferðar, og eins og nál. á þskj. 531 ber með sér, þá leggur n. einróma til, að frv. veri samþ. óbreytt. En ég tel ástæðu til þess, enda er það í samræmi við óskir, sem fram komu í n., að skýra hv. þdm. í örfáum orðum frá, hvers konar lán er þarna um að ræða og til hvers þau eru veitt. Ég efast um, að hv. þdm. sé það kunnugt, en um þetta fékk ég í morgun upplýsingar frá forstöðumanni veðdeildarinnar. Hann tjáði mér, að þessi lán hefðu að undanförnu verið í fyrsta lagi veitt eigendum eldri húsa til viðgerðar á húsunum, og í rauninni væri það nýmæli í þeirri starfsemi, sem veðdeildin hefði áður haft með höndum. Þegar veðdeildinni var síðast heimilað hér á hv. Alþ. að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa — það var með lögum frá 1965 — þá voru það 100 millj., sem þar var um að ræða, en 25 millj. eða fjórði hluti þeirrar upphæðar hefur verið veittur í þessu skyni. Að öðru leyti hefur þetta fé verið lánað fólki til kaupa á íbúðum í eldri húsum. Lánin eru veitt þannig, að út eru gefin bankavaxtabréf fyrir lánsfénu, en þó mun það vera þannig, þegar um fyrrgreindu lánin er að ræða, sem veitt eru til viðgerðar, að þá kaupir Landsbankinn eða veðdeildin þessi bréf, svo að menn fá þetta þá í reiðufé. Þegar um önnur lán er að ræða hins vegar, þá fá þeir lánið aðeins í bankavaxtabréfum, sem þeir verða þá sjálfir að selja. Viðgerðarlánin munu yfirleitt vera til 7 ára, en önnur lán til 15 ára, og vextir eru 9%. Ég innti ekki sérstaklega eftir veðkröfum og öðru slíku, að sjálfsögðu gætir veðdeildin þess, að lánin séu vel tryggð. Það má gera ráð fyrir því, að ekki sé um sérstakt vandamál að ræða, þegar lán eru veitt út á gamalt húsnæði, vegna þess að veðlán, sem hvíla á þessum gömlu húseignum, eru venjulega mjög lág. Ég geri ráð fyrir því, þegar um lán í bankavaxtabréfum er að ræða, sem eru til 15 ára, að slík bréf verði ekki seld nema með meiri eða minni afföllum. Það er auðvitað afleiðing verðbólgunnar, að erfitt verður að selja slík skuldabréf öðruvísi. Forstöðumaðurinn tjáði mér enn fremur, að þessar 100 millj., sem veðdeildin hafði heimild til að gefa út bankavaxtabréf fyrir samkv. núgildandi lögum, hefðu verið notaðar að fullu og mjög mikið af umsóknum um slík lán lægi fyrir, enda ekki vafi á því, að veðdeildin fullnægi hér þörf, sem aðrar lánastofnanir telja í meginatriðum utan síns verkahrings að fullnægja. Ég taldi rétt, að þessar upplýsingar kæmu fram við þessa umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 63. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 64. og 66. fundi í Nd., 18. og 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., 23. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Ed. og var afgreitt þar með shlj. atkv. eftir shlj. meðmælum frá hv. fjhn. Efni þess er mjög einfalt. Í því felst heimild til Landsbanka Íslands að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa, allt að 200 millj. kr., en bankinn hefur nú heimild til þess að gefa út bankavaxtabréf að upphæð 100 millj. kr. Bankinn hefur óskað eftir þessari heimild og er í alla staði eðlilegt að verða við þeirri ósk.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 473, n. 738).

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 738, mælir fjhn. þessarar d. með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Hér er um heimild til handa Landsbanka Íslands til þess að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa að ræða.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 774).

39. Iðnlánasjóður.

Á 1. fundi í Sþ., 12. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð [9. mál] (stjfrv., A. 9).

Á 4. fundi í Ed., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 5. fundi í Ed., 26. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. þetta til l. um breyt. á l. um Iðnlánasjóð er til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út 31. júlí í sumar, en efni þeirra er þannig, að það er gert ráð fyrir því, að Iðnlánasjóður taki erlent lán, sem bundið er við endurlán til tiltekinna framkvæmda, og sé fé endurlánað með gengisákvæði og hæfilegum vaxtamismun og kostnaði til Iðnlánasjóðs, en síðan er sagt: „Þó er sjóðnum heimilt að endurlána lánsfé frá Iðnþróunarsjóði án gengisákvæða, enda tryggi stjórn Iðnlánasjóðs hag hans með öðrum hætti.“

Það var óskað eftir þessu af hálfu stjórnar Iðnlánasjóðs, en eins og kunnugt er, hefur Iðnþróunarsjóður tvisvar sinnum ákvarðað lánveitingar til Iðnlánasjóðsins til endurlána, fyrst 50 millj. kr. og síðan 20 millj. kr., eða alls 70 millj. kr. Og tilefni þess, að út voru gefin brbl., var það, að sjóðsstjórnin taldi nauðsynlegt að geta ráðstafað þessu fé sem fyrst og þyrfti ekki að bíða eftir því, að Alþ. kæmi saman. Málið var sent Seðlabankanum til umsagnar og það var full samstaða um það og enginn ágreiningur á neina lund. En þetta mundi þýða það, að vaxtakjörin kynnu að verða eitthvað önnur á iðnþróunarsjóðslánum, af því að það er gert ráð fyrir, að ef þau eru ekki með gengisákvæði, tryggi stjórn Iðnlánasjóðs hag hans með öðrum hætti, og hefur stjórnin gert rn. grein fyrir því, að það mundi verða með vissri jöfnun, með vissum ákvörðunum um vaxtabreytingar.

Þetta er meginefni frv., og ég vildi mega vænta þess, að ekki þyrfti að verða neinn ágreiningur um það. Ef n., sem fær málið til meðferðar, þyrfti frekari skýringar á málinu, þá væri æskilegt, að hún fengi allar þær upplýsingar, sem fyrir liggja, en ég hef ekki í höndum nú, frá stjórn Iðnlánasjóðs.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, herra forseti, að málinu verði vísað að lokinni þessari umr. til iðnn. og 2. umr.

Helgi Bergs: Herra forseti. Áður en þetta frv. fer til n., langar mig til þess að beina nokkrum fsp. til hæstv. forsrh. um atriði, sem mér virðist, að snerti þetta.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að Iðnlánasjóður endurláni án gengistryggingar fé, sem hann hefur tekið að láni með gengistryggingu, og stjórn Iðnlánasjóðs tryggi hag sjóðsins með öðrum hætti, sem verður að gera ráð fyrir, — og raunar virtist einnig koma fram í ræðu hæstv. forsrh. — að yrði gert með vaxtahækkun. Í þessu birtist sú hugsun, að tryggja megi fjáreigendur gegn rýrnun höfuðstólsins með hærri vöxtum, og er það raunar sama sjónarmiðið, sem fram kemur t. d., þegar rætt er um verðtryggingu sparifjár. Þá er oft bent á, að hagur sparifjáreigenda sé í staðinn tryggður með því, að vextir séu hærri en þeir ella væru. Nú er þessi breyting, sem þetta frv. felur í sér, rökstudd með því, að þetta hafi í för með sér misræmi, ef sjóðurinn endurlánaði fé með gengisákvæðum, og því sé eðlilegt að gera þessa breytingu á, og má vel vera, að svo sé, um það skal ég ekki neitt segja að svo stöddu.

En mér virðist á hinn bóginn, að þetta vandamál geti tæplega verið einangrað við Iðnlánasjóð einan. Það eru, eins og kunnugt er, fleiri sjóðir, sem lána út, sem endurlána með gengistryggingum, og sú spurning vaknar þess vegna, — og ég vildi leyfa mér að beina henni til hæstv. forsrh. — hvort gera megi ráð fyrir því, að hliðstæðar breytingar verði gerðar að því er lýtur að öðrum sjóðum í hliðstæðum tilvikum. Nú er í sjálfu sér ekki svo mikill munur á því, hvort um er að ræða gengistryggingu eða verðtryggingu, þ. e. a. s. vísitölutryggingu höfuðstóls, en slíka tryggingu höfum við í nokkrum tilfellum hér, eins og kunnugt er. Það eru þá í fyrsta lagi spariskírteini ríkissjóðs, sem eru vísitölubundin, og ef hér væri um stefnubreytingu að ræða, vaknar sú spurning, hvort gera megi ráð fyrir því, að í því efni yrði líka einhver breyting, að í stað vísitölutryggingarinnar kynnu t. d. að koma hærri vextir. Svipuð sjónarmið eiga t. d. við um húsnæðismálalánin, sem um tíma voru að fullu vísitölutryggð, og var það, eins og mönnum er kunnugt, mjög gagnrýnt, að slík trygging skyldi vera á þeim lánum, þegar ekki var um hliðstæða vísitölutryggingu að ræða á flestöllum öðrum lánum í þjóðfélaginu. Vafalaust er, að þeir, sem á undanförnum árum hafa verið að greiða af vísitölutryggðum lánum húsnæðismálastjórnar, hefðu þótzt sleppa vel, ef þeir hefðu ekki þurft að gera það, en aðeins greiða eitthvað lítið eitt hærri vexti. Það, sem ég er hér að leita eftir, er fyrst og fremst það, hvort hér sé um að ræða breytt viðhorf hæstv. ríkisstj. til þessara mála að einhverju leyti eða stefnubreytingu af einhverju tagi.

Það var vorið 1966 í þinglokin, að sett voru lög hér á hv. Alþ. um verðtryggingu fjárskuldbindinga, þar sem Seðlabankanum var m. a. veitt heimild til þess að gangast fyrir verðtryggingu fjárskuldbindinga í ýmsum nánar tilteknum tilvikum, og voru þær heimildir allvíðtækar, ef ég man rétt, og í þessu

sambandi vaknar sú spurning, hvort og að hvað miklu leyti þau lög hafa komið til framkvæmda, eða hvort gera megi ráð fyrir, að þau komi til framkvæmda, eða hvort hæstv. ríkisstj. hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að það sé ekki æskilegt eða fært að framkvæma þau. Ég vildi leyfa mér í tilefni af þeirri breytingu, sem hér liggur fyrir á l. um Iðnlánasjóð, að setja fram þessar hugleiðingar og þessar fyrirspurnir til hæstv. ráðh. um það, hvort vænta megi áframhalds þeirrar stefnu, sem fólgin er í þessu frv.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Af tilefni þeirra fsp., sem fram hafa komið, vil ég segja það, að í þessu frv. felst engin stefnumörkun af hálfu ríkisstj. eða neitt breytt viðhorf né stefnubreyting. Ríkisstj. hefur aðeins í þessu tiltekna tilfelli orðið við tilmælum viðkomandi sjóðsstjórnar um að flytja það frv., sem hér er flutt. Hvort hliðstæðar breytingar verða hjá öðrum sjóðum, þá væntanlega fjárfestingarsjóðum, sem átt er við, því get ég ekki svarað. Þessar sjóðsstjórnir eru í langflestum tilfellum allsjálfstæðar stjórnir, kosnar af Alþ. í mörgum tilfellum, og flestum kannske, og það yrði af hálfu ríkisstj. tekin afstaða til mála varðandi slíka sjóði, ef fram kæmi beiðni af hálfu sjóðsstjórnarinnar.

Um verðtryggingu fjárskuldbindinga, sem vikið var að, vil ég aðeins segja það, að málið hefur verið rannsakað og athugað, sérstaklega af hálfu Seðlabankans fyrir hönd ríkisstj. En það hefur ekki komið til þess enn, að ríkisstj. telji tímabært að taka neinar ákvarðanir um framkvæmd þeirra heimilda, sem þar er um að ræða.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til iðnn. með 17 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Ed., 18. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Ed., 19. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 9, n. 140).

Frsm. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Frv. til l. um breyt. á l. um Iðnlánasjóð, 9. mál Ed., til staðfestingar á brbl. frá 31. júlí s. l., hefur verið til athugunar hjá iðnn. Á þskj. 140 skilar n. áliti og mælir sammála með samþykkt frv. Mál þetta er þannig til orðið, eins og fram kemur í grg. frv., að Iðnlánasjóður hefur tekið lán, 70 millj. kr., hjá Iðnþróunarsjóði til að endurlána íslenzkum iðnfyrirtækjum. Lög um Iðnþróunarsjóð kveða hins vegar á um það, að lán úr sjóðnum skuli vera gengistryggð. Má vænta, að Iðnlánasjóður fái einnig á næsta ári eða árum enn aukið lánsfé frá Iðnþróunarsjóði, einnig gengistryggt. Það hefur því skapazt sá vandi, hvort mismuna ætti lántakendum, lána sumum gengislán, en öðrum ekki. Útlán Iðnlánasjóðs höfðu verið með 8½% forvöxtum. En samkv. beiðni sjóðsstjórnar hefur þessu nú verið breytt samkv. brbl., sem hér eru til staðfestingar. Öll ný lán Iðnlánasjóðs eru nú með 9% vöxtum, sem greiðast eftir á, en mismunurinn fer til að mæta gengisáhættu. Útlánsvextir Iðnþróunarsjóðs til Iðnlánasjóðs eru hins vegar 6%.

Starfsemi Iðnlánasjóðs hefur stórum aukizt á síðari árum. Á fyrstu árum sjóðsins, frá 1936 til 1940, hafði sjóðurinn til útlána um 25 þúsund kr. á ári. Síðan smájókst þetta, þannig að á árunum 1951—1959 var það 1—2 millj. á ári og á árunum 1964—1968 50—80 millj. á ári. Hins vegar varð mest stökkbreyting á s. l. ári, 1969, en þá hafði sjóðurinn 105 millj. til útlána. Á yfirstandandi ári er áætlað, að sjóðurinn hafi liðlega 200 millj. til útlána, þar af 70 millj. frá Iðnþróunarsjóði, og svipaða upphæð eða 208 millj. til útlána á næsta ári, 1971, enda er þá einnig von til, að lán fáist frá Iðnþróunarsjóði, 100 millj. kr., til útlána fyrir Iðnlánasjóð.

Framlög ríkissjóðs hafa allt frá stofnun sjóðsins verið langt undir lágmarki. Öll árin frá 1935 með árinu í ár nema framlög ríkissjóðs aðeins liðlega 60 millj. kr., en það er næstum brosleg tala, þegar litið er á 35 ára starfsemi sjóðsins. Iðnlánasjóðsgjaldið, 0.4%, sem atvinnurekendur greiða sjálfir í sjóðinn, hefur hins vegar orðið álitleg upphæð þau 8 ár, sem iðnlánasjóðsgjaldið hefur staðið. Eftir að lögum um Iðnlánasjóð var breytt, nemur þetta gjald atvinnurekenda nú í árslok um 170 millj. kr. eða nær þrefalt hærri upphæð heldur en ríkissjóður hefur lagt sjóðnum til á 35 ára starfsferli sjóðsins. Um síðustu áramót voru útlán Iðnlánasjóðs yfir 400 millj., sem skiptust þannig: 640 vélalán 118 millj., 448 byggingarlán 209 millj., 59 lausaskuldalán 63 millj., 6 hagræðingarlán 9 millj., 13 veiðarfæralán 5 millj. Nú um árslok má reikna með, að útlán sjóðsins nálgist 500 millj.

Mér þótti rétt að gefa hv. þd. þessar upplýsingar, sem var aflað hjá framkvæmdastjórn Iðnlánasjóðs í tilefni af frv. því, sem hér er til umr. Einnig má það koma fram, að hefði framlag ríkissjóðs frá 1963, eftir að lögum um Iðnlánasjóð var breytt, numið sömu upphæð og iðnlánasjóðsgjald atvinnurekenda, þá væri sjóðurinn 120 millj. kr. ríkari í lok þessa árs og því hefði hann að sjálfsögðu með því móti orðið mun færari um að standa undir hinu brýna hlutverki sínu, þótt lán úr Iðnþróunarsjóði, 70 millj. á yfirstandandi ári, bæti hér um í bili, en strax á næsta ári falla vaxta- og afborganagreiðslur af þessu láni til Iðnþróunarsjóðs. Ætti sannarlega að taka til athugunar, að ríkissjóður stæði undir vöxtum og afborgunum af þessu fyrsta láni Iðnlánasjóðs miðað við þær litlu greiðslur, sem ríkissjóður hefur innt af hendi til sjóðsins á undanförnum árum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., 23. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 22. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 23. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Mál þetta hefur farið gegnum Ed. án þess að nokkur ágreiningur væri um það, en það er staðfesting á brbl., sem gefin voru út í sumar til breytinga á iðnlánasjóðslögunum, en eftir iðnlánasjóðslögunum var Iðnlánasjóði ekki heimilt að endurlána erlend lán með gengisáhættu nema það fylgdi einnig gengisáhætta þeim lánum sjóðsins. Nú er lán iðnþróunarsjóðsins norræna með gengisáhættu, en hann hafði lánað á þessu stigi málsins, þegar brbl. voru gefin út, verulegar upphæðir til endurlána hjá Iðnlánasjóði. Hann hafði þá lánað Iðnlánasjóði 50 millj. kr. til endurlána, og það þótti nauður reka til þess að setja brbl., þannig að framkvæmd laganna gæti komizt í gang, og síðar hefur Iðnþróunarsjóður svo aftur lánað Iðnlánasjóði 20 millj. kr., ef ég man rétt, þannig að hann hefur þegar á þessu ári lánað Iðnlánasjóði til endurlána 70 millj. kr. Af þessum sökum fór stjórn Iðnlánasjóðs þess á leit, að þessi breyting yrði gerð, sem felst þarna í 1. gr., að þegar Iðnlánasjóður tekur erlend lán, sem bundin eru við endurlán til tiltekinna framkvæmda, skal fé endurlánað með gengisákvæði og hæfilegum vaxtamismun og kostnaði til Iðnlánasjóðs. En eins og þar stendur: „Þó er sjóðnum heimilt að endurlána lánsfé frá Iðnþróunarsjóði án gengisákvæða, enda tryggi stjórn Iðnlánasjóðs hag hans með öðrum hætti.“ Þetta eru breytingarnar, sem efnislega felast í lögunum.

Eftir að þessi brbl. höfðu svo að beiðni Iðnlánasjóðs og í samráði við Seðlabankann verið gefin út, ritaði Iðnaðarbankinn iðnrh. og fór þess á leit að mega hækka almenna útlánsvexti sjóðsins úr 8.5% í 9% á ári. Svo segir um það í bréfi bankans, með leyfi hæstv. forseta:

„Þessi ráðstöfun er gerð til þess að vega á móti þeirri gengisáhættu, sem lánin frá Iðnþróunarsjóði skapa sjóðnum, en í lögum um Iðnlánasjóð, með þeim breyt., sem gerðar voru með brbl. frá 31. júlí 1970, segir: „Þó er sjóðnum heimilt að endurlána lánsfé frá Iðnþróunarsjóði án gengisákvæða, enda tryggi stjórn Iðnlánasjóðs hag hans með öðrum hætti.““

Jafnframt óskaði stjorn Iðnlánasjóðs eftir því, að samþ. væri, að sjóðnum væri heimilt að taka upp hærri vexti en 9% á ári í þeim tilvikum, þegar sjóðurinn er einungis milliliður milli raunverulegs lánveitanda og lántakanda og þegar vextir lánveitandans eru hærri en 9% á ári.

Rn. barst einnig bréf Seðlabankans, þar sem fallizt er á þessa tilhögun. Um síðara atriðið segir svo í bréfi Seðlabankans, með leyfi hæstv. forseta: „Hækkun vaxta af hinum sérstöku útlánum, sem áður um getur, þar sem lánsfjár er aflað hjá þriðja aðila, er bankastjórnin einnig samþykk, þó með þeim fyrirvara, að útlánsvextir Iðnlánasjóðs af þeim lánum sprengi ekki þann vaxtaramma, sem Seðlabankinn setur um útlánsvexti iðnlánastofnana á hverjum tíma.“ Í framhaldi af þessu var svo Iðnlánasjóði heimilað að gera þær vaxtabreytingar, sem um var beðið og eru afleiðing af þessari bráðabirgðalöggjöf, sem hér er til staðfestingar.

Ég vildi leyfa mér að mega leggja til, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Það er sennilega ekki óeðlilegt, að Iðnlánasjóður fái þá heimild, sem felst í þessu frv. En hins vegar finnst mér, að það tilefni, sem veldur því, að þetta frv. er flutt, sé þannig vaxið, að það sé ástæða til þess að fara um það nokkrum orðum. Þegar rætt var um aðildina að EFTA hér á sínum tíma og eins þegar frv. um Iðnþróunarsjóð var rætt hér á Alþ., þá þótti það líklegt, að Iðnþróunarsjóður, eða það lán, sem Norðurlönd veita okkur í sambandi við hann, yrði iðnaðinum til verulegrar styrktar. Mér sýnist á þessu frv. og tildrögum þess, að það hafi orðið þannig í reynd, að að vissu leyti hafi Iðnþróunarsjóður reynzt hefndargjöf fyrir iðnaðinn, því að samkvæmt þessu frv. liggur það fyrir, að vegna þeirra lána, sem Iðnlánasjóður hefur fengið hjá Iðnþróunarsjóði, verður að hækka öll lán, sem Iðnlánasjóður veitir, um ½% eða úr 8½%, eins og áður var, í 9%, þannig að þetta hefur leitt af sér almenna vaxtahækkun á stofnlánum hjá iðnaðinum á þeim tíma, sem það hefði þó verið eðlilegri þróun, að vextirnir hefðu verið lækkaðir sökum þeirrar vaxandi samkeppni, sem iðnaðurinn á fyrir höndum vegna aðildarinnar að EFTA. Og ég verð að draga í efa, að þessi vaxtahækkun sé eðlileg af þeim ástæðum, sem hér greinir.

Eins og þm. vafalaust muna, þá eru þau lán, sem Norðurlönd veita Iðnþróunarsjóði, á þann veg, að þau eru vaxtalaus allan tímann, afborgunarlaus fyrstu 10 árin, en eiga síðan að greiðast með jöfnum afborgunum á 15 árum. Ég held, að þar sem lánin eru vaxtalaus, þá mundu nægja tiltölulega lágir vextir til að mæta gengisáhættunni og þess vegna sé ekki þörf á jafnháum vöxtum og almennri vaxtahækkun vegna lána Iðnþróunarsjóðs eins og hér er gert ráð fyrir. Þess vegna á ég dálítið erfitt með að skilja það, að lán Iðnþróunarsjóðs skuli verða til þess að hækka vexti á stofnlánum iðnaðarins frá því, sem verið hefur almennt, og þess vegna þurfi

þetta nánari skýringar við. En eins og ég sagði áðan, þá hlýtur það að verða að teljast öfugþróun, að einmitt á þeim tíma, þegar iðnaðurinn á að mæta harðnandi samkeppni erlendis frá vegna EFTA-aðildarinnar, þá skuli verða almenn vaxtahækkun á stofnlánum. Og satt að segja á ég erfitt með að skilja það, að það sé endilega nauðsynlegt vegna Iðnþróunarsjóðs, þar sem, eins og ég áðan sagði, hans lán eða þau lán, sem Norðurlönd veita okkur, eru vaxtalaus, og þess vegna ættu tiltölulega lágir vextir að nægja til þess að mæta þeirri gengisáhættu, sem er samfara endurgreiðslu lánanna. En það kemur ekki fram í grg. þessa frv. og kom heldur ekki fram hjá ráðh., hverjir þeir vextir eru, sem Iðnlánasjóður verður að greiða Iðnþróunarsjóði af þessum lánum. En mér skilst, að í Ed. hafi því verið haldið fram, að þar sé um 10% vexti að ræða. Mér finnst það nú óeðlileg tala og þess vegna vildi ég beina því til hæstv. iðnrh., hvort hann gæti upplýst það, hverjir vextirnir væru á þeim lánum, sem Iðnþróunarsjóður veitir Iðnlánasjóði. En mér finnst það, ég endurtek það, að mér finnst það vera öfug stefna, að þegar iðnaðurinn þarf að mæta aukinni samkeppni af völdum EFTA-aðildarinnar, þá skuli stofnlánavextir vera hækkaðir frá því, sem áður var, þó að það að vísu sé ekki nema ½%, eða úr 8½% í 9%.

Ég vildi bera fram þá fsp. í sambandi við þetta til hæstv. iðnrh., hvort hefði farið fram athugun á vaxtakjörum iðnaðarins hér og þeim vaxtakjörum, sem iðnaðurinn verður að búa við í EFTA-löndunum eða þeim löndum, sem nú eru helztu samkeppnislönd okkar. Á vegum fjmrn. stendur yfir athugun á því, hvort iðnaðurinn hér búi við svipuð kjör í skattamálum, verri eða lakari heldur en iðnfyrirtæki gera almennt í EFTA-löndunum, og munu niðurstöður þeirrar athugunar nú liggja bráðlega fyrir, að svo miklu leyti sem hægt er að upplýsa það mál. Ég vildi beina þeirri fsp. til hæstv. iðnrh., hvort einhver svipuð athugun hefði farið fram á vaxtakjörum iðnaðarins, hvort það hefur verið gerð athugun á því, hvort vaxtakjör iðnaðarins hér eru svipuð, lakari eða betri en t. d. í EFTA-löndunum, en íslenzkur iðnaður má horfast í augu við aukna samkeppni við iðnaðarfyrirtækin þar. Ég teldi, að þessi athugun væri nauðsynleg og það væri eðlilegt, að niðurstöður hennar lægju fyrir áður en t. d. þetta frv. hlyti endanlega afgreiðslu á Alþ., þar sem hér er um það að ræða að hækka stofnlánavextina frá því, sem verið hefur. Ég hef óttazt það, að slíkur samanburður leiði það í ljós, að íslenzk iðnfyrirtæki búi við lakari vaxtakjör heldur en keppinautar þeirra í EFTA-löndum og það sé eitt af því, sem við þurfum að gera ráðstafanir til þess að lagfæra, ef við eigum að geta staðizt þá samkeppni, sem þar er fyrir höndum. Ég vildi beina því enn fremur til hæstv. iðnrh., að ef slík athugun á vaxtakjörum hefur ekki farið fram, hvort hann muni þá ekki beita sér fyrir því, að slík athugun verði gerð og í framhaldi af því ráðstöfunum í þá átt, að íslenzkur iðnaður búi ekki við lakari vaxtakjör heldur en iðnaðurinn gerir í þeim löndum, sem við þurfum að keppa við. Mér finnst líka rétt að geta þess í þessu sambandi, vegna þess að vextir af stofnlánum til iðnaðarins hafa hækkað á þessu ári, að nú seinustu mánuðina og síðustu vikurnar stefnir mjög í þá átt erlendis, að vextir fari lækkandi. Vextir hafa lækkað í Bandaríkjunum, V.-Þýzkalandi og fleiri löndum að undanförnu, og almennt er búizt við, að þróun verði í þá átt, að vextir fari heldur lækkandi. Þeir hafa verið í hámarki, að því að talið er, síðustu misserin, en nú er gert ráð fyrir því og þegar farið að stefna í þá átt, að hér verði snúið við og vextirnir fari lækkandi aftur. Og þess vegna er það ákaflega óeðlilegt, að því er mér finnst, að undir þeim kringumstæðum skuli vextir til iðnaðarins fara hækkandi hér á landi.

Það er líka vert að minna á það í þessu sambandi, að iðnaðurinn í nágrannalöndunum býr ekki við þá aðstöðu eins og hér að þurfa að greiða verulegt fjármagn í Iðnlánasjóð og í þá sjóði eða til þeirra banka, sem veita stofnlán til iðnaðarins. Hér hefur iðnaðurinn á undanförnum árum orðið að greiða verulega fjárhæð í Iðnlánasjóð. Eftir því, sem upplýst var nýlega í Ed., þá nema þær fjárgreiðslur, sem iðnaðurinn hefur þannig lagt Iðnlánasjóði til, orðið 170 millj. kr., og satt að segja finnst mér það ákaflega einkennilegt, að fjármagn, sem iðnaðurinn leggur sjálfur þannig af mörkum, skuli hann svo aftur þurfa að taka að láni með 9% vöxtum. Ég og fleiri þm. hafa flutt um það tillögu hér á Alþ. og það hefur líka verið krafa samtaka iðnaðarmanna, að ríkið legði jafnmikið fé af mörkum og nemur iðnlánasjóðsgjaldinu eða því, sem iðnaðurinn sjálfur greiðir. Það hefur verið daufheyrzt við þessum kröfum, en þetta dæmi lítur nú þannig út, að frá upphafi hefur ríkissjóður lagt Iðnlánasjóði til um 60 millj. kr., en iðnaðurinn sjálfur hefur lagt til 170 millj. Það mætti þess vegna segja, að þarna ætti iðnaðurinn inni 110 millj. kr. hjá ríkissjóði, og mér finnst eðlilegt, að það verði tekið upp í sambandi við þetta frv., að a. m. k. hér eftir greiði ríkið Iðnlánasjóði álíka hátt tillag og iðnaðurinn sjálfur greiðir, þar sem iðnlánasjóðsgjaldið er. Með því væri í raun og veru ekki verið að gera annað en að veita iðnaðinum jafnrétti við aðra atvinnuvegi, vegna þess að lengst af hefur a. m. k. landbúnaður og sjávarútvegur notið þeirra hlunninda, að ríkið hefur greitt jafnmikið framlag í stofnlánasjóði þeirra og þessir atvinnuvegir hafa sjálfir lagt af mörkum. T. d. held ég, að ég megi fullyrða, að þetta er enn í gildi hvað landbúnaðinn snertir.

Ég vil svo minnast á annað atriði heldur en það, sem lýtur að stofnlánum iðnaðarins, sem þetta frv. fjallar sérstaklega um, en það eru rekstrarlán iðnaðarins. Það var mjög greinilega áréttað af forsvarsmönnum iðnaðarins, þegar við gerðumst aðilar að EFTA, að aðstöðumunur íslenzkra iðnfyrirtækja og erlendra væri ekki sízt fólginn í því, að íslenzku fyrirtækin byggju við miklu minni og óhagstæðari rekstrarlán, sérstaklega miklu minni. Og því var heitið þá af hálfu ríkisvaldsins, að úr

þessu yrði bætt. Ég er hins vegar hræddur um, að mjög lítið hafi orðið úr efndum að þessu leyti, þannig að lítið eða ekkert hafi verið gert til þess að auka rekstrarlán iðnaðarins, en það hefur hins vegar gerzt á þessum tíma síðan við gengum í EFTA, að kaupgjald hefur stórhækkað. Iðnaðurinn hefur þar af leiðandi þörf fyrir mjög verulega aukin rekstrarlán, en ég hygg því miður, að lítið eða ekkert hafi verið gert af hálfu bankanna til þess að bæta úr þessu. Þvert á móti hafi Seðlabankinn gefið viðskiptabönkunum þau fyrirmæli að auka helzt ekki neitt útlánin frá því, sem verið hefur, a. m. k. ekki heildarupphæðina, og reyna að halda þeim sem mest niðri. Mér finnst satt að segja, að það blási ekki byrlega í samkeppni íslenzkra iðnfyrirtækja við erlend iðnaðarfyrirtæki, þegar stofnlánavextirnir eru hækkaðir og ekkert eða lítið hefur verið gert til þess að bæta úr þeim rekstrarlánaskorti, sem iðnaðurinn hefur búið við á undanförnum árum. En í því sambandi er að sjálfsögðu aukin hætta fyrir iðnaðinn. Hin erlendu fyrirtæki geta veitt allmikla greiðslufresti, en það getur hins vegar íslenzki iðnaðurinn ekki neitt að ráði, nema verulega sé bætt úr þeirri rekstrarlánaþörf, sem hann hefur búið við að undanförnu.

Mér finnst líka í sambandi við þetta vaxtamál rétt að benda á það, að iðnaðurinn býr í sambandi við stofnlánin við önnur kjör heldur en aðrir atvinnuvegir. Samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir því, að vextir af stofnlánum iðnaðarins verði 9%, en ég held, að ég megi segja það, að hjá stofnlánasjóði sjávarútvegsins séu vextirnir ekki nema 6½% og svipað sé það hjá stofnlánadeild landbúnaðarins. Þetta er eitt glöggt dæmi um það, að iðnaðurinn er hvað þetta snertir, eins og á svo mörgum öðrum sviðum, olnbogabarn miðað við aðra atvinnuvegi. Og þrátt fyrir það tala allir um það, að iðnaðurinn eigi að búa við fullkomið jafnrétti og það sé iðnaðurinn, sem fyrst og fremst verði að taka við hinum aukna fólksfjölda, sem verði hér á komandi árum. En þrátt fyrir allar hátíðlegar yfirlýsingar um þetta er niðurstaðan sú, að á þessu sviði, í sambandi við stofnlánin eins og á svo mörgum öðrum sviðum, býr iðnaðurinn við miklu lakari kjör en hliðstæðir atvinnuvegir.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég læt mér nú í léttu rúmi liggja, þó að hv. 4. þm. Reykv., Þórarinn Þórarinsson, komi hér enn einu sinni upp sem einhver sérstakur talsmaður iðnaðarins og gráti krókódílstárum yfir því, að þessi atvinnugrein sé eitthvert olnbogabarn þjóðarinnar. Hann hefur áður verið í stjórnarliðinu og haft aðstöðu til þess að láta að sér kveða á þessu sviði og þá steinþagað, þessi góði maður. Og það voru engan veginn sambærileg rekstrarlán eða stofnlán til iðnaðarins veitt, þegar þessir góðu menn, sem nú gera sig breiða og merkilega á þessu sviði, voru við völd hér á landi, hvorki fyrr né síðar. Þessi vaxtabreyting, sem hér er lögð til, er að vissu leyti ekki æskileg. Ég hafði sjálfur hugmyndir um það, að Iðnþróunarsjóður tæki vissa áhættu sjálfur í sambandi við gengisáhættuna og reynt yrði að finna e. t. v. aðra lausn heldur en hér er fengin á málinu. En þetta varð nú niðurstaðan, að hafa þennan hátt á í sambandi við lánin frá Iðnþróunarsjóði, að þau voru lánuð með 6% vöxtum, en ekki 10% til Iðnlánasjóðs, og útreikningar lágu fyrir. Ég hef reyndar ekki í höndunum neitt um það, en auk þessarar vaxtabreytingar komu náttúrlega til greina ýmsir aðrir möguleikar, sem þó uppfylltu nokkurn veginn það skilyrði að tryggja hag Iðnlánasjóðs með öðrum hætti en að lána með gengisáhættu. Það má svo vel vera, að menn geti fundið aðrar leiðir, sem þeim sýnist ákjósanlegri, og einnig er vel hugsanlegt, að vaxtabreytingar geti átt sér stað hér á landi eins og annars staðar, þegar við förum að lifa í viðskiptaheimi með sambærilegum hætti og annað fólk, eins og líkur benda til, að við munum gera einmitt með inngöngunni í EFTA. Alls staðar annars staðar í heiminum hefur verið miklu meiri hreyfing á vöxtum yfirleitt heldur en hér hjá okkur, í hvaða atvinnugrein sem verið hefur. Þegar óskað var eftir setningu þessara brbl., höfðu vextir yfirleitt farið hækkandi og aldrei verið hærri, held ég, þar sem okkur var kunnugt um í hinum vestræna heimi, heldur en einmitt í sumar, og voru þeir í mörgum tilfellum sambærilegir við þá vexti, sem hér er um að ræða. Sú breyting var gerð á iðnlánasjóðsvaxtakjörunum einnig, að í staðinn fyrir eldra fyrirkomulagið með 8½% forvöxtum, sem verið höfðu, tekur sjóðurinn — og hafði tekið — þessa 9% vexti eftir á, svo að það er að því leyti t. d. ekki sambærilegt við forvexti í öðrum löndum.

Hv. þm. fannst einkennilegt, að iðnlánasjóðsgjaldið skyldi vera tekið af iðnaðinum og lánað svo iðnaðinum með vöxtum. Þetta hefur nú gerzt í landbúnaði og sjávarútvegi, að sjóðirnir hafa verið byggðir upp á mismunandi hátt með gjöldum á sjálfa atvinnugreinina og síðan lánað úr þeim, auðvitað með vöxtum, til uppbyggingar atvinnugreinarinnar. Og þegar verið er að tala um, að iðnlánasjóðsgjaldið sé svo og svo hátt og framlög ríkisins minni, þau eigi að koma til jafns við iðnlánasjóðsgjaldið, þá minni ég bara á það, að Fiskveiðasjóður byggðist að langmestu leyti upp af eigin gjaldi, útflutningsgjaldi af sjávarafurðum. Og það var náttúrlega ekkert sambærilegt lengi framan af og ekki enn, hvernig sá sjóður hefur verið byggður upp, annars vegar með beinum framlögum frá ríkinu og hins vegar frá iðnaðinum og frá sjávarútveginum sjálfum. Gjaldið, sem bændur greiddu, var greitt úr þeirra vasa til stofnlánadeildarinnar. Þetta höfum við oft rætt um áður. Iðnlánasjóðsgjaldið gat farið inn í verðlagið, þar sem verðlagið var frjálst, og var þess vegna ekki sambærilegt við það gjald og heldur ekki sambærilegt við útflutningsgjald á sjávarafurðum. Eftir þeim fjárlögum, sem fyrir liggja, hefur ríkisframlagið til Iðnlánasjóðs nú verið hækkað um 50%, úr 10 millj. kr. árlegu gjaldi í 15 millj., og er það talið vera nokkuð sambærilegt við áorðnar breytingar á

verðlagi frá því að það var ákveðið 10 millj. kr. Auðvitað væri æskilegt, að það væri hærra, æskilegt fyrir alla sjóði, og við vitum það, að Fiskveiðasjóður er mjög þurfandi fyrir miklu meira fé frá ríkissjóði. Annars staðar fær hann það ekki sem beint framlag. En hversu mikið er ríkissjóður fær um að leggja af mörkum hverju sinni? Það er það, sem menn þurfa að meta hér á þinginu frá ári til árs eftir aðstæðum.

Það hefur alveg orðið gerbylting í stofnlánamöguleikum iðnaðarins á undanförnum árum. Ég hef þær tölur ekki í huga, en lengi framan af voru þetta bara smáupphæðir úr ríkissjóði, sem Iðnlánasjóður hafði til ráðstöfunar. Nú er þetta sjóður, sem ráðstafar árlega á annað hundrað millj. kr. Fyrir 10 árum síðan nam framlag ríkissjóðs, ef ég man rétt, 2—3 millj. Það var hækkað, þegar iðnlánasjóðslögin voru sett, þá var framlag ríkissjóðs 3 millj., og var svo fyrir allmörgum árum hækkað upp í 10 millj., og gert er ráð fyrir í fjárlögum næsta árs 15 millj. kr. framlagi, eins og ég vék að áðan. Það er ljóst, að iðnaðurinn á í rekstrarfjárörðugleikum hjá okkur eins og allar aðrar atvinnugreinar okkar, vegna þess m. a., að skattalöggjöf okkar hefur verið þannig, að fyrirtækin hafa ekki getað eignazt eigið fjármagn. Það er verið að undirbúa breytingar á þessu og ég vonast eftir góðum undirtektum frá þessum hv. þm., þegar þar að kemur einmitt við slíkar breytingar á skattalögunum, sem styrkja atvinnuvegina og gefa þeim möguleika til þess að safna eigin fé, því að það tel ég vera ákaflega veigamikið og undirstöðuatriði í þessu. En hitt vil ég minna á, að þegar gefin var skýrsla og útbýtt hér í þinginu um skammtímalán eða rekstrarlán iðnaðarins, áður en við gengum í EFTA haustið 1969, þá kom í ljós, að rekstrarlán iðnaðarins voru bara ótrúlega há og að sumu leyti ískyggilega há miðað við það, sem talið er eðlilegt í öðrum löndum, skammtímalánin voru óeðlilega há. Þetta benti ég á, þegar skýrslan var lögð fram og þegar við ræddum þessi mál, en það stafaði m. a. af þessu, að menn hafa það lítið eigið fjármagn í fyrirtækjunum og stofnlánin höfðu einnig verið lítil fram til þessa, en fóru sívaxandi. En það er ekki æskilegt fyrir neina atvinnugrein að hafa mjög opinn aðgang að dýrum rekstrarlánum, ef það hamlar ekki aðstöðu þeirra til þess að efla sitt atvinnulíf, að þau geti starfað með sínu eigin starfsfé að verulegu leyti, sem við eigum að stefna að og sem ég vona, að við getum sameinazt um að stefna að.

Það hefur nú meira verið gert fyrir iðnaðinn heldur en hv. þm. vildi vera láta, og mér fannst nú djúpt tekið í árinni, þegar han kallar Iðnþróunarsjóðinn hefndargjöf fyrir íslenzkan iðnað. En eins og kunnugt er, má veita 10% af stofnfénu eða yfir 120 millj. kr. í styrki til iðnaðarins, annaðhvort í sambandi við rannsóknir, tækniaðstoð eða til markaðsöflunar, sem ég vænti, að geti orðið mörgum iðngreinum að verulegu gagni. Það var einnig á síðasta þingi samþykkt löggjöf um útflutningslánasjóð og samkeppnislán, og þessi starfsemi — þessar lánveitingar — hefur orðið allveruleg í sumar, að vissu leyti til bráðabirgða, þar sem endanlega hefur ekki verið samþykkt reglugerðin, en fyrir tilstuðlan Seðlabankans var hafizt handa um þetta, og samkeppnislánin hafa verið í því fólgin, að þessi útflutningslánasjóður hefur veitt ýmsum aðilum hér, sem framleitt hafa tæki, t. d. spil og annað slíkt, til útvegsins, sem hægt er að kaupa erlendis frá með greiðslufresti, sambærileg lán, þannig að þau stæðu jafnfætis hinum erlenda aðila, sem gæti veitt greiðslufrest. Það er þarna fyrst með þessari löggjöf, sem mögulegt er fyrir íslenzk iðnfyrirtæki að veita sambærilegan greiðslufrest og þeir aðilar erlendir, sem selja hingað varning með greiðslufresti. Og íslenzk fyrirtæki, sem geta framleitt samkeppnishæfa vöru til sölu á erlendum markaði, geta fengið útflutningslán úr þessum sjóði til þess að geta boðið erlendum kaupendum greiðslufrest. Enn fremur voru sett lög um útflutningstryggingar við ríkisábyrgðasjóð til þess að tryggja fyrir áföllum af þeim útflutningslánum, sem þannig yrðu veitt, en með þessum hætti var komið á á s. l. ári — og mér dettur ekki í hug annað en hv. þm. hafi fylgzt með því á sínum tíma hér á þinginu og telji það nokkurs virði — alveg nýju lánakerfi til stuðnings íslenzkum iðnaði, sem ekki var áður fyrir hendi.

Út af fyrir sig hef ég ekkert við það að athuga, þó hv. þm. vilji styðja og efla íslenzkan iðnað og veita honum bæði meiri möguleika til stofnlána og rekstrarlána o. s. frv. En allt verður þetta þó að miðast við það, að menn geri sér grein fyrir, að það eru takmörk fyrir því, hvað við getum í okkar lítt fjármagnaða landi, í okkar samkeppni við fjármögnuð þjóðfélög og auðugri þjóðir, og ég hygg, að þegar á heildina er litið, verði naumast annað sagt en hér hafi verið allvel að staðið á undanförnum árum. Og eins og ég tók til orða, hefur orðið gerbylting í lánaaðstöðu iðnaðarins á síðustu árum. Það er ekki rétt, að engin aðstoð hafi verið veitt í auknum rekstrarlánum, því að það hefur verið gert á verulegan hátt og var gert strax á árinu 1969 vegna áhrifa frá gengisbreytingunni. Það er hins vegar rétt, að iðnaðurinn er fjárvana eins og margar aðrar okkar atvinnugreinar nú, vegna þess að það hefur verið mikil lyfting í íslenzkum iðnaði. Magnframleiðslan hefur stóraukizt á þessu ári og þá koma til erfiðleikar í sambandi við fjármögnun þessarar miklu magnaukningar, sem orðið hefur og liggur einhvers staðar á milli 10 og 15% og hefur ekki í annan tíma verið meiri í íslenzkum iðnaði. Ég var síðast í morgun að ræða við fyrirsvarsmenn iðnaðarins einmitt um það, hvernig mætti leysa úr vandkvæðum, sem af þessu stöfuðu, og mun ræða það sérstaklega næstu daga.

Mér er ekki kunnugt um, hvort gerður hefur verið samanburður á vaxtakjörum rekstrarlána í iðnaði í Fríverzlunarbandalaginu og hér, sem spurt var um áðan, en þó kann það vel að vera, að svo hafi verið gert af þeim aðilum, sem um þessi mál fjalla. En ég skal með ánægju hlutast til um að rannsaka það nánar og gera þeirri þn., sem fær málið til

meðferðar, kunnugt um það, þannig að hún fái þá vitneskju, sem fyrir hendi er á því sviði, og sé hún ekki nægjanleg, gera þá gangskör að því, að hennar verði aflað, þannig að menn geti borið þessa hluti saman, hvort sem okkur tekst í einu vetfangi að verða að þessu leyti sambærilegir við aðra eða ekki, og fer það auðvitað mjög eftir atvikum.

Ég vil svo aðeins ljúka þessu máli með því að vekja athygli á því, sem ég sagði í minni ræðu, að ég tel, að gæti verið mjög eðlilegt að athuga vaxtabreytingar frá einum tíma til annars og miðað við vaxtakjör erlendis, eins og vikið var að. Þegar þessi lög voru sett, voru þau hækkandi. Það er rétt, að þau hafa lækkað eitthvað smávægilega. Mér er nú ekki mjög vel kunnugt um það, en maður hefur heyrt fréttir af því, að á nokkrum stöðum hafi orðið ½% lækkun á vöxtum, sem áður höfðu verið hækkandi framan af ári, en í þessum efnum hafa eins og kunnugt er orðið meiri sveiflur í nágrannalöndum okkar í Vestur-Evrópu og einnig í Bandaríkjunum heldur en verið hefur hjá okkur.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég held, að það sé rétt, að ég láti strax í ljós ánægju mína yfir því, að hæstv. forsrh. endaði miklu betur en hann byrjaði. Hann byrjaði að tala á þá leið, að hann léti sér þessa gagnrýni mína í léttu rúmi liggja, en í lokin tók hann eiginlega undir það, sem ég hafði sagt, og taldi, að það væri rétt að athuga með lagfæringar á vöxtum iðnaðarins og annarra atvinnugreina í samræmi við þá þróun, sem væri nauðsynleg og annars staðar ætti sér líka stað. Ég held, að ég hafi ekki sagt, að norræni iðnþróunarsjóðurinn væri hefndargjöf, en hins vegar komizt að orði á þá leið, að mér virtist, að hann ætlaði að verða hálfgerð hefndargjöf, ef hann leiddi til almennra hækkana á stofnlánavöxtum iðnaðarins, eins og nú eru horfur á. Og satt að segja skil ég það ekki, að það þurfi að hækka stofnlánavexti iðnaðarins almennt vegna Iðnþróunarsjóðs. Iðnþróunarsjóður fær framlag frá Norðurlöndum vaxtalaust og hann þarf ekki að borga þetta aftur fyrr en eftir 10 ár og þá með jöfnum afborgunum, borgar aldrei neina vexti. Hins vegar samkv. því, sem hæstv. ráðh. upplýsti hér áðan, þá virðist hann endurlána þessi framlög, sem hann fær frá Norðurlöndum, með 6% vöxtum og gengisáhættu. Ég held, að þetta séu óhagstæð lánskjör, þar sem sjóðurinn fær framlögin vaxtalaus. Ég held, að það ætti alveg að nægja fyrir sjóðinn að fá tiltölulega lága vexti til að vega á móti gengisáhættunni eða þá sleppa vöxtunum að mestu og hafa bara gengisáhættuna. En hitt að hafa bæði 6% vexti og gengisáhættu á fé, sem sjóðurinn fær vaxtalaust, finnst mér allt of langt gengið. Og ég trúi því ekki, að þeir aðilar, þ. e. a. s. ríkisstjórnir Norðurlanda, sem lögðu þetta fé fram vaxtalaust, hafi ætlazt til þess, að Iðnþróunarsjóður endurlánaði það aftur með þessum hætti, því að ég vil nú trúa því, að það verði ekki það miklar gengisbreytingar hjá okkur á næstunni eða við komum til með að lifa heldur skynsamlegar heldur en á síðasta áratug, þannig að t. d. hóflegir vextir á þessum lánum ættu að nægja til þess að mæta gengisáhættunni eða þá fara hina leiðina að sleppa vöxtunum að mestu og láta fylgja lánunum gengisáhættu. En mér finnast kjörin hjá Iðnþróunarsjóði vera allt of óhagstæð miðað við það, að hann fær fé vaxtalaust og þarf þess vegna ekki að lána það út bæði með háum vöxtum og gengisáhættu að auki, eins og hann gerir, og þess vegna leiðir það til þess, að Iðnlánasjóður telur sig þurfa að hækka vextina almennt vegna þeirra lána, sem hann fær hjá Iðnþróunarsjóði. Ég tel þess vegna, að það eigi að taka það til athugunar að fá vaxtakjörin eða útlánskjörin hjá Iðnþróunarsjóði lagfærð að nokkru, þannig að Iðnlánasjóður þurfi ekki að taka svona óhagstæð lán hjá honum. Mér skilst líka, að þeir aðilar aðrir, aðrir en Iðnlánasjóður, sem fá lán hjá Iðnþróunarsjóði, verði að sæta þessum kjörum, allháum vöxtum og gengisáhættu til viðbótar. Og mér hefur líka skilizt, að það leiddi til þess, að það væri miklu minni eftirspurn eftir þessum lánum heldur en búizt hafði verið við, vegna þess að iðnaðurinn telur þau svo óhagstæð. Þess vegna er það áreiðanlega mikil nauðsyn, að endurskoðuð séu hjá Iðnlánasjóði þau lánakjör, sem hann hefur nú, og þeim breytt í það horf, að hann verði iðnaðinum raunverulega til styrktar, eins og vafalaust hefur verið ætlazt til af þeim aðilum, sem leggja fram fé í Iðnþróunarsjóð, sem eru ríkisstjórnir Norðurlanda. Mér skildist líka á því, sem hæstv. ráðh. sagði, að hann teldi, að þetta mál gæti komið til athugunar og endurskoðunar á ný, og ég fagna þeim ummælum hans og vænti þess þá, að það lendi þar við meira heldur en orðin tóm, að það verði að endurskoða að nýju þessi lánskjör, sem Iðnþróunarsjóður hefur ákveðið nú að sinni og eru óeðlilega óhagstæð. Það er algerlega fjarri öllu lagi, að sjóður, sem fær fé vaxtalaust, láni það aftur með 6% vöxtum og gengisáhættu. Þá er hann orðinn gróðafyrirtæki á kostnað iðnaðarins, sem áreiðanlega hefur alls ekki verið ætlazt til. Og ég verð að endurtaka það, sem ég sagði áðan, að mér finnst það skjóta skökku við, þegar maður hefur í huga þær umr., sem fóru hér fram í sambandi við EFTA-aðildina í fyrra, — þá var talað um, að það þyrfti að bæta og styrkja iðnaðinn á sem beztan hátt — að niðurstaðan skuli verða sú, að vextir af stofnlánum hans séu hækkaðir, eins og hér hefur raunverulega verið gert, þar sem vextir Iðnlánasjóðs hafa verið hækkaðir úr 8½% í 9%. Sú hækkun er áreiðanlega óþörf, ef unnið er að því með oddi og egg að breyta útlánakjörunum hjá Iðnþróunarsjóði.

Hæstv. ráðh. komst þannig að orði, að við mundum í framtíðinni þurfa að lifa í sambærilegum heimi við aðra með okkar atvinnugreinar. Það er vafalaust rétt hjá honum, að þróunin stefnir í þá átt, en ef við eigum að vera færir um það að lifa í sambærilegum heimi við aðra, t. d. á þessu sviði, þá verðum við að stefna að því og vinna að því, að t. d.

okkar atvinnuvegir, og ekki sízt iðnaðurinn, búi ekki við lakari lánskjör heldur en þeir aðilar erlendir, sem þeir keppa við. En mér sýnist, að það hafi ekki verið haft í huga í sambandi við þá vaxtabreytingu, sem hér hefur átt sér stað.

Í sambandi við rekstrarlánin sagði hæstv. ráðh., að það hefði orðið nokkur lagfæring í þeim efnum á undanförnum árum og sérstaklega árinu 1969. Það er rétt, að það varð nokkur breyting á því ári í þá átt að bæta rekstrarlánaaðstöðu iðnaðarins. En því miður hefur ekki orðið neitt framhald á því á þessu ári, þó að það hefði verið nauðsynlegt, bæði vegna EFTA-aðildarinnar og eins vegna þess, að kaupgjald hefur mjög hækkað í landinu og iðnaðurinn þess vegna haft þörf fyrir aukin rekstrarlán. Og ég held, að þetta stafi ekki eingöngu af því, að fjármagn hafi skort til þess að fullnægja þessari þörf iðnaðarins, vegna þess að innlög hafa verulega aukizt í bankana. Ég held, að þetta stafi að verulegu leyti af því, að Seðlabankinn hefur gefið viðskiptabönkunum þau fyrirmæli að auka útlánin sem allra minnst og helzt ekki neitt. Og vegna þess, að viðskiptabankarnir hafa reynt að fara eftir þessum fyrirmælum Seðlabankans, þá hafa þeir haldið í lánsfé við iðnaðarfyrirtækin og þau þess vegna ekki fengið bætt úr þeirri vaxandi þörf, sem hefur skapazt hjá þeim fyrir aukin rekstrarlán vegna kauphækkananna og vegna aukinnar samkeppni við EFTA-löndin. Ég held, að það sé fyrst og fremst þessi afstaða Seðlabankans, sem veldur því, að iðnaðurinn hefur ekki fengið fullnægt sínum þörfum í sambandi við rekstrarlánin, og ég vildi vænta þess í framhaldi af þessum umr. og þeim hlýlegu ummælum, sem hæstv. iðnrh. lét hér falla í garð iðnaðarins, eins og reyndar oft áður, að hann snúi sér til Seðlabankans og vinni að því, að hann breyti sinni afstöðu og sínum fyrirmælum til viðskiptabankanna, a. m. k. hvað þetta atriði snertir.

Hæstv. iðnrh. benti á það í sambandi við iðnlánasjóðsgjaldið, að bæði landbúnaður og sjávarútvegur hefðu lagt í sína stofnsjóði og borgað nokkra vexti af því. En það er þó rétt að benda á, að þessir vextir eru mun lægri. Núna eru vextir á stofnlánum hjá sjávarútvegi og landbúnaði yfirleitt ekki nema 6½%, en hins vegar verður iðnaðurinn að greiða 9% vexti af stofnlánum, a. m. k. af þeim lánum, sem hann fær frá Iðnlánasjóði. Hér er þess vegna um mjög verulegan mun að ræða, sem sýnir það, hvað iðnaðinum eru alltaf skömmtuð lakari kjör heldur en öðrum hliðstæðum atvinnuvegum. Þess er svo enn fremur að gæta, að ríkissjóður hefur lagt miklu meira af mörkum í stofnlánasjóði landbúnaðar og sjávarútvegs heldur en Iðnlánasjóð. Eins og ég rakti hér áðan, nemur framlag ríkisins til Iðnlánasjóðs ekki nema 60 millj. kr., en iðnfyrirtækin sjálf hafa lagt í sjóðinn 170 millj. kr. með greiðslu á iðnlánasjóðsgjaldinu. Ég held, að hlutföllin séu ekki slík í sambandi við stofnlánasjóði landbúnaðarins eða sjávarútvegsins. Ef um einhvern mun er þar að ræða, hygg ég, að hann sé miklu minni en þetta, og þetta sýnir ásamt fleiru, hvernig verr er búið að iðnaðinum heldur en öðrum atvinnugreinum.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þetta atriði nú að sinni. Ég segi það aftur, að ég fagna þeim ummælum iðnrh., að hann taldi sig fúsan til að láta fara fram athugun á því, hvort ekki væri hægt að breyta þeim vaxtaákvörðunum, sem hafa verið teknar og fela það í sér, að vextir af stofnlánum iðnaðarins hækka, og þá verður að sjálfsögðu að gera það fyrst og fremst á þann hátt að fá Iðnþróunarsjóð til að breyta vöxtum og lánskjörum á þeim lánum, sem hann endurlánar. Og það finnst mér, að sé ákaflega auðvelt, þar sem sjóðurinn fær fé vaxtalaust, að hann geti lánað það með miklu minni vöxtum en 6% og gengisáhættu.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil aðeins leiðrétta þann misskilning, að Iðnþróunarsjóður sé að græða á iðnaðinum — eða Iðnlánasjóður, hvort heldur sem er — með því að taka hærri vexti heldur en æskilegt væri. Þessi uppbygging á vaxtakjörum Iðnþróunarsjóðs eða vaxtaákvörðun — þar er auðvitað miðað við uppbyggingu sjóðsins, að svo miklu leyti sem vextirnir væru lægri, mundi eigið fé sjóðsins bara vaxa hægar og þetta getur auðvitað verið matsatriði á hverjum tíma, hvaða leið á að fara í slíkum efnum — allt kemur þetta í sjálfu sér iðnaðinum í heild til góða, þó að vextirnir séu hærri, því að þeir þýða í framtíðinni meira eigið fé í Iðnþróunarsjóði. Ég minni hins vegar á það, að ég hef sagt hér í þingræðum áður, að ég telji, að það þurfi að fara fram endurmat á aðstöðu iðnaðarins í þjóðfélaginu miðað við aðrar atvinnugreinar, bæði í sambandi við lánsfjáröflun til iðnaðarins og fjárveitingar beint úr ríkissjóði. Og ég held, að þetta endurmat sé einmitt í gangi og það megi kenna mörg merki þess endurmats og aðstaða iðnaðarins nú sé að verulegu leyti allt önnur heldur en hún áður var, en ég tek undir það með hv. 4. þm. Reykv., að þetta endurmat eigi að halda áfram. Mér var það alveg ljóst, að slíku yrði aldrei kippt í liðinn með skjótum hætti, og fyrsta skilyrðið var, að það vaknaði skilningur hjá hv. þm., þingheimi fyrst og fremst, almennt fyrir gildi iðnaðarins, til þess að slíkt endurmat færi fram. En það sýnir sig á margan hátt, að iðnaðurinn hefur aðra aðstöðu nú heldur en hann hafði áður.

Það væri ákaflega æskilegt, ef við gætum — ekki til þess að deila um það og rífast á milli atvinnuveganna, — gert okkur grein fyrir því, ja, ef sjávarútvegurinn á að fá þetta, þá er eðlilegt, að landbúnaðurinn fái þetta og eðlilegt, að iðnaðurinn fái þetta, við skulum segja úr ríkissjóði eða í lánsfjáröflun af opinberri hálfu o. s. frv. Þetta verður seint gert, en hins vegar ætti að vera hægt að vissu marki að byggja á nokkuð sambærilegri aðstöðu þarna á milli. Nú er nokkuð erfitt alltaf fyrir þm. að ræða mál eins og þessi, eins og við höfum lítillega verið að gera nú, úr ræðustól, en ég teldi, að það væri mjög

æskilegt, að sú n., sem fær málið til meðferðar, gerði því frekari skil. Ég held, að það væri mjög æskilegt, að n. fengi grg. frá stjórn Iðnþróunarsjóðs, íslenzku framkvæmdastjórninni, sem hér er. Ég veit nú ekki, hvenær næsti sjóðsstjórnarfundur verður, hvort hann verður fyrir jól hér í Reykjavík, en alla vega er formaðurinn hér og getur látið þessari n. í té grg. um það, hvað hefur verið ákvarðað í Iðnþróunarsjóðnum fram að þessu og á hverju hann hefur t. d. byggt ákvarðanir sínar um vexti, sem munu vera misjafnir. Ég sagði 6% til Iðnlánasjóðs. Þeir munu vera hærri af einstökum lánum til einstakra fyrirtækja, sem hann hefur lánað beint, og þetta er auðvitað mjög æskilegt, að menn geti fengið grg. um og n. gæti síðan gert þingheimi grein fyrir því í þskj. Ég skal ekki fara nánar út í þetta, en mér finnst það ósköp eðlilegt og ég skil það vel, þegar þm. vilja hafa vissar skoðanir um aðra uppbyggingu á t. d. sjóðsmyndun, önnur vaxtakjör og önnur ákvæði um gengisáhættu o. s. frv. Það lágu fyrir mér, þegar ég féllst á að flytja þetta, brbl. í júlí, ýmsir útreikningar, eins og ég sagði áðan, sem ég hef ekki með höndum núna, er sýndu, á hverju þetta væri byggt. Það var eðlilega stillt upp einhverjum hugleiðingum um hugsanlegar gengisbreytingar o. s. frv. og hvað svona vaxtabreytingar gætu gefið mikið öryggi í því sambandi. Fyrir þm. finnst mér, að slíkar hugleiðingar eigi ekki að vera neitt leyndarmál og gefi þeim bara styrkari aðstöðu til þess að meta mál til ákvörðunar, þegar það liggur fyrir, eins og þetta mál liggur fyrir nú.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta, en bæði varðandi rekstrarlánin í iðnaðinum og einnig hlutfall rekstrarlána og skammtímalána, hvort það hefur breytzt t. d. frá þeirri rannsókn, sem prófessor Guðmundur Magnússon gerði að tilhlutan iðnrn. 1969, eða ekki og við skulum segja sambærileg eðlilega talin rekstrarlán, skammtímalán í fyrirtækjum reknum í nágrannalöndunum, þá væri mjög fróðlegt að fá upplýsingar um þetta, sem sennilega er hægt á mjög skömmum tíma, að vissu marki a. m. k., að fá frá þeim aðilum, sem hérna eiga hlut að máli, sem er framkvæmdastjórn norræna iðnþróunarsjóðsins, sem hefur sína sérstöku skrifstofu hér og framkvæmdastjóra, og formaður sameiginlegu sjóðsstjórnarinnar.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég get vel komizt af með stutta aths., enda get ég tekið undir flest af því, sem hæstv. ráðh. sagði nú í síðustu ræðu sinni. En ég vildi aðeins segja nokkur orð í tilefni af því, sem hann sagði, að verið væri að gera samanburð á atvinnuvegum. Það er alveg rétt, að áður fyrr nutu sjávarútvegur og landbúnaður að ýmsu leyti forréttinda umfram iðnaðinn. En það gerðist eiginlega á þeim tíma, þegar iðnaðurinn var verndaður bæði með innflutningshöftum og tollum og hafði þess vegna alls ekki sambærilega aðstöðu við t. d. sjávarútveginn, sem þurfti að keppa á erlendum mörkuðum. Nú er hins vegar komið þannig, að innflutningshöftin eru úr sögunni — og við skulum vona, að það ástand geti haldizt áfram — en tollarnir einnig að hverfa, og nú stendur iðnaðurinn eiginlega orðið á sama grundvelli og sjávarútvegurinn, þ. e. a. s. hann verður annaðhvort að keppa á erlendum markaði ellegar hann verður að keppa á markaði hér heima, þar sem erlendir aðilar hafa sömu aðstöðu. Og þess vegna verður að vinna að því nú, ef iðnaðurinn á að standast þessa nýju samkeppni og þessa breyttu aðstöðu, að hann njóti t. d. alls ekki lakari kjara, hvort heldur er í skattamálum, lánamálum eða á öðrum sviðum, heldur en t. d. sjávarútvegurinn, því að staða þessara beggja atvinnugreina er nú nokkurn veginn að verða sú sama. Og þess vegna finnst mér ákaflega óeðlilegt, að á þeim tíma, sem t. d. sjávarútvegurinn þarf ekki að greiða nema 6½% vexti af stofnlánum sínum, — sem ég er alls ekki að segja, að sé of lágt og vildi gjarnan vera með í því, ef það væri hægt, að hafa þá lægri, — þá finnst mér það, að iðnaðurinn eigi að búa við hliðstæð vaxtakjör hvað stofnlánin snertir eða það eigi að vinna að því — og þess vegna hafi skeð hér í sumar alveg óeðlileg þróun, þegar vextir af stofnlánum iðnaðarins eru hækkaðir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til iðnn. með 24 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 9, n. 741).

Frsm. (Sigurður Ingimundarson): Herra forseti. Iðnn. hefur haft þetta mál til athugunar og m. a. rætt við fulltrúa frá Iðnlánasjóði og Iðnþróunarsjóði. Frv. er flutt til staðfestingar á brbl. um Iðnlánasjóð. Ég skal, með leyfi forseta, til þess að stytta mál mitt lesa örstutta grg. um þetta efni frá stjórn Iðnlánasjóðs sem n. hefur borizt. En þar segir m. a.:

„Á s. l. sumri stóð Iðnlánasjóði til boða lán hjá Iðnþróunarsjóði til tiltekinna framkvæmda, en slíkt lán var með gengisákvæði. Samkvæmt ofangreindu lagaákvæði hefði átt að endurlána þetta fé með gengisákvæði.

Stjórn sjóðsins taldi þessa leið ekki færa, þar sem þá hefði þurft að draga umsækjendur í dilka, þannig að sumir fengju lán með gengisákvæðum, en aðrir ekki. Á hinn bóginn taldi stjórn sjóðsins óverjandi annað en að gera einhverjar ráðstafanir til að tryggja hag sjóðsins gegn þeim möguleika, að gengisbreyting gæti átt sér stað á tímabilinu 1970—1980.

Önnur lausn var sú, að á öll útlán verði sett gengisákvæði að hluta til. Þessari leið hafnaði stjórnin einnig af ýmsum ástæðum, m. a. þeirri, að ógerlegt væri að ákveða gengisákvæðishluta, er ekki væri ljóst, hverjar yrðu heildarlánveitingar Iðnþróunarsjóðs til Iðnlánasjóðs á næstu árum. Niðurstaðan var sú, að óskað var eftir við iðnrh., að gerð yrði sú breyting á lögum Iðnlánasjóðs, að

honum verði heimilt að endurlána lánsfé Iðnþróunarsjóðs án gengisákvæða, enda verði gerðar aðrar ráðstafanir til þess að tryggja hag sjóðsins gegn gengisáhættunni. Var þá ljóst, að hækkun útlánsvaxta væri raunhæfasta leiðin.

Að settum brbl. í júlí 1970 samþykkti ráðherra tillögu stjórnar sjóðsins um hækkun útlánsvaxta um ½%, úr 8½ í 9% á ári."

Hér lýkur tilvitnuninni í grg. Iðnlánasjóðs, og það má segja, að vöxtum sé stillt mjög í hóf, að það séu góð skipti fyrir lántakendur að hlíta þessum vöxtum og losna við gengistryggingarákvæðið, a. m. k. þegar um löng lán væri að ræða. Ég skal geta þess til samanburðar, að mér hafa borizt í hendur upplýsingar um lánakjör iðnaðarins í Danmörku og Finnlandi og eru þau svipuð og sízt betri heldur en hér um greinir. T. d. hef ég þær upplýsingar frá Finanseringsinstitutet for industri og handel a/s í Danmörku, að samkvæmt ársskýrslu sjóðsins fyrir árið 1969 voru útlánsvextir 8½ — 10% á ári, meðalvextir útlána í árslok 1969 voru 9,20% það ár, en í árslok 1968 9.17%, þ. e. a. s. hærra heldur en hér er um að ræða hjá Iðnlánasjóði. En hámarkstími hefur þar verið lækkaður í 8 ár árið 1969, og lánstími til vélalána er aðeins 4—6 ár. Frá hliðstæðri stofnun í Finnlandi hef ég þær upplýsingar, að í desember 1970 hafa vextir til iðnaðarins verið frá 8½ — 10% á ári.

Herra forseti. Iðnn. leggur til samhljóða, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 793).

---

40. Tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir.

Á 34. fundi í Sþ., 16. marz, var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir [258. mál] (stjfrv., A. 514).

Á 66. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er flutt eins og fram kemur í aths. við það, óbreytt frá þeim tillögum, sem nefnd, er skipuð var hinn 28. okt. 1970, lagði fram. Nefndin skilaði áliti nýlega. Svo sem alkunna er, hefur á undanförnum árum verið mikill skortur á starfsliði í sjúkrahúsum í ýmsum greinum, en nokkrar nýjar stéttir hafa bætzt við á undanförnum árum. Réttur þessara stétta hefur ekki verið afmarkaður með lögum hvorki að því er starfsheiti varðar né starfsgreiningu, þó að það sé talið nauðsynlegt. Í umsögn landlæknis, sem dagsett er 9. okt. 1970, var enn fremur lagt til, að samið yrði á næstunni frv. til laga um aðstoðarfólk við lækningar og yrði frv. þannig úr garði gert, að undir lögin gætu fallið allir slíkir tæknilegir aðstoðarmenn, þ. á m. meinatæknar og röntgentæknar, sem svo hafa verið nefndir. Það er einróma álit nm., að taka yrði til endurskoðunar og samræmingar öll gildandi lög og reglugerðir um heilbrigðisstéttir, sem hafa hlotið það nafn í þessu frv., og eðlilegast væri þá að fella slík ákvæði saman í einn og sama lagabálk. Þetta er að sjálfsögðu framtíðarverkefni, sem unnið mun verða að, en nauðsynlegt er talið vegna ýmissa óljósra atriða, að meinatæknum og röntgentæknum verði nú þegar ætlað það starfssvið, sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Sú nefnd, sem undirbjó frv. fyrir ári, var skipuð Jóni Ingimarssyni, skrifstofustjóra heilbr.- og trmrn., Ásmundi Brekkan yfirlækni, Bergljótu Haraldsdóttur meinatækni, Davíð Davíðssyni prófessor og Maríu Finnsdóttur yfirhjúkrunarkonu. Niðurstaðan af störfum nefndarinnar er með öðrum orðum þetta frv., sem hér er að langmestu leyti og nánast eingöngu faglegs eðlis og þess vegna eðlilegt, að fulltrúar frá þeim aðilum, sem ég nefndi hér áðan, skipuðu slíka nefnd, og er nefndin sammála um að leggja til, að frv. verði eins og ég hef þegar greint frá. Ég held, að þetta frv. sé góð byrjun og tel það tvímælalaust nauðsynlegt, að byrjað sé á því að samræma þessi störf. Ljóst er af fyrri umræðum hér í þinginu, þ. á m. í fsp.-tíma hér fyrir nokkru, að ýmislegt annað þarf þarna til að koma, eins og fram hefur komið áður, og síðan þarf að fella þetta allt inn í einn lagabálk og veita þessum starfshópum opinberlega viðurkenningu til þessara starfa með löggildingu, til þess að þeir einir gegni þessum stöðum, sem axlað geta þá ábyrgð, sem óhjákvæmilega hvílir á herðum þessa fólks. Þróunin erlendis bendir einnig til þess, að fleiri slíkir sérhæfðir starfshópar verði hafðir til aðstoðar við lækningar, þar sem tæknimenntað aðstoðarfólk er nauðsynlegt, með tilkomu nýrra hjálpartækja og nýrra sjúkrahússeininga með mjög flóknum tæknibúnaði.

Ég tel ekki þörf á því að fjalla um einstakar greinar frv. umfram það, sem segir í aths. um það, enda er frv., eins og ég áðan sagði, mjög faglegs eðlis og vart á færi annarra en þeirra, sem þar gerst til þekkja, að fjalla um efni einstakra greina, sem ég tel þó, að skýri sig nokkuð sjálfar. Það er rétt að geta þess, eins og ég minntist á áðan, að í ýmsum efnum stendur ekki á lagasetningu, heldur langtum frem-

ur á reglugerðarsetningu varðandi starfsskiptingu þessara stétta, og er að því unnið á vegum rn., að reglugerðir verði settar hið allra fyrsta, og ætti það einnig að auðvelda samskipti þessa fólks, þannig að ekki þurfi að verða ágreiningur um, hvað sé á starfssviði hvers og eins.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn. Og ég vildi gjarnan, áður en ég vík hér úr ræðustólnum, leggja áherzlu á það, að þessi þáttur í skilgreiningu sérmenntaðs fólks í heilbrigðisþjónustunni nái fram að ganga á þessu þingi, ef þess er nokkur kostur. Ég hef orðið var við það, að ýmsir hafa gert aths. við fyrirsögn frv., og hún er að sjálfsögðu ekki heilög kýr, sem ekki má breyta, ef menn geta fundið þar eitthvað betur við hæfi en hér er lagt til. En sú n., sem málið undirbjó, var sem sé skipuð þeim fulltrúum, sem greint er frá í aths. við frv. og ég áðan nefndi, og hún leggur einróma til, að frv. nái fram að ganga. Eins og ég segi, má breyta minni háttar atriðum, eins og fyrirsögn frv., sem ekki er nauðsynlegt, að sé endilega með þeim hætti, sem hér er lagt til, ef menn eiga betri orð í fórum sínum, og þá einkum sú þingnefnd, sem um málið fjallar. Ég óska eindregið eftir því, að n. hraði afgreiðslu málsins, þannig að það nái fram að ganga á þessu þingi, sem nú er langt komið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 18 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 514, n. 564).

Frsm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Eins og fram kemur á nál. nr. 564, lagði heilbr.- og félmn. það til einróma, að frv. verði vísað til 3. umr. óbreyttu. Við ræddum aðeins um starfsheitið, tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, og við vorum ekki það hugmyndaríkir, að við vildum fara að breyta hér til um. Hæstv. heilbr.- og trmrh. minntist aðeins á það í framsöguræðu, að athuga mætti um hentugra nafn. Ef einhverjum hv. þm. hefur dottið í hug betra nafn, væri hægt að athuga það á milli umr. Að svo mæltu legg ég til, eins og áður segir, að frv. verði vísað til 3. umr. óbreyttu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 67. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 68. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Nd., 25. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er komið frá hv. Ed. og var samþ. þar shlj. eftir ítarlega athugun n. þar í d. Það eina, sem menn hnutu um, var fyrirsögn þessa frv. Mönnum þótti hún kannske dálítið yfirborðsleg, en það var margauglýst eftir till. um betri fyrirsögn, en hún kom ekki fram þar í d. En vonandi kemur hún hér fram, ef allir orðhagir menn leggjast á eitt um að finna hana. Efni frv. hins vegar er það, að verið er að veita ákveðnum nýjum starfshópum, svokölluðum heilbrigðistæknum, ákveðið rúm í launalögum og tilgreina starfssvið þeirra nánara, þannig að sem ljósast megi verða. Eins og ég segi, samþykkti Ed. frv. einróma, og það er borið fram af mér sem heilbr.- og trmrh., en er byggt á áliti nefndar, sem starfað hefur að þessu undanfarna mánuði. Talið var eðlilegt og sjálfsagt að verða við þessum óskum, sem upphaflega komu frá Meinatæknafélagi Íslands, og mæli ég eindregið með því, að frv. nái fram að ganga, en vildi gjarnan ítreka tilmæli mín hér til orðhagra manna að spreyta sig á því að finna aðra og betri fyrirsögn á frv., en þó ekki svo lengi, að frv. dagaði uppi á þinginu, því að nauðsynlegt er, að frv. nái fram að ganga af ýmsum ástæðum og þá fyrst og fremst þeim, að umræddir aðilar hafa ekki fengið ákveðna stöðu í launaflokkum, en enginn ágreiningur er hins vegar um þeirra starfssvið, eins og lögin gera ráð fyrir. Ég tel ekki þörf á því, herra forseti, að hafa um frv. fleiri orð, en óska þess, að því verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 80. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 514, n. 728).

Frsm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur fjallað um frv. þetta og leggur til einróma, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 794).

41. Listasafn Íslands.

Á 66. fundi í Ed., 17. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 15/1969, um Listasafn Íslands [262. mál] (stjfrv., A. 518).

Á 68. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 70. fundi í Ed., 19. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Annað, þriðja og fjórða mál á dagskránni eru í reynd um sama efni — og mjög einfalt efni, svo að ég leyfi mér með leyfi hæstv. forseta að mæla þau fáu orð, sem ég mæli, fyrir öllum frv. þremur í einu.

Það, sem í þessum frv. felst, er það, að gerð er breyting á tekjuöflun Menningarsjóðs. Eins og kunnugt er, eru þau ákvæði í gildandi l., að hluti af tekjum Menningarsjóðs er fólginn í sektum fyrir áfengislagabrot og í tekjum af áfengi, sem gert er upptækt. Í þessu frv. felst það, að framvegis skulu tekjur af áfengislagabrotum og áfengi, sem gert hefur verið upptækt, renna í ríkissjóð, en hins vegar gert ráð fyrir því, að framvegis verði tekin á fjárlög upphæð, sem sé ekki minni en sú, sem Menningarsjóður ella mundi hafa fengið af þessum sökum. Gert er ráð fyrir því, að Alþ. meti þá sjálfstætt tekjuþörf Menningarsjóðs og taki fjárveitingar til hans í fjárl., eins og á sér nú stað um aðrar hliðstæðar menningarstofnanir.

Í tengslum við þetta er svo það, að eðlilegt er að létta þeirri byrði af Menningarsjóði, sem nú hvílir á honum, að greiða í Vísindasjóð og til Listasafns Íslands til listaverkakaupa, og gildir það sama um þetta, að þessum stofnunum verður bætt þetta með sérstökum framlögum á fjárl. Þetta er efni frv. þriggja og annað ekki.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 518, n. 609).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og fram kom í framsöguræðu hæstv. menntmrh. fyrir þessu frv. og þeim tveim, sem næst koma á eftir undir 12. og 13. dagskrárlið, þá er náið samhengi á milli þessara frv. allra, svo að ég mun láta þá framsögu, sem ég hef fyrir þessu máli, nægja einnig fyrir hinum tveimur frv.

En það, sem hér er um að ræða, er það, að núverandi ákvæði um, að tekjur af áfengislagabrotum skuli renna til Menningarsjóðs og menntamálaráðs, falli niður, en í þess stað verði Menningarsjóður leystur undan þeirri kvöð, sem á honum hvílir nú vegna framlaga til Listasafns Íslands og Vísindasjóðs, en aftur á móti er gert ráð fyrir því, að þessum stofnunum verði bættur upp tekjumissirinn með beinum framlögum úr ríkissjóði. Það mun beinlínis vera tekið fram í grg. fyrir a. m. k. einu þessara frv. — og eftir því, sem ég bezt man, þá kom það einnig fram í framsöguræðu hæstv. menntmrh. — að til álita mundi koma — og formlega séð hefði það kannske verið réttara, að núgildandi lögum um áfengislagabrotin yrði breytt til samræmis við þetta. En ég held, þó að ég sé ekki löglærður, að það sé réttur skilningur hjá mér, að almennt hljóti yngri lög að breyta ákvæðum eldri laga, ef lagaákvæðið ekki beinlínis stangast á við stjórnarskrána. Þar af leiðandi hefur n. ekki séð ástæðu til þess að hafa frumkvæði um slíka lagabreytingu, enda hef ég fengið um það upplýsingar frá hæstv. dómsmrh., að umrædd löggjöf verði endurskoðuð fyrir næsta þing, svo að af þessari ástæðu hefur n. ekki séð ástæðu til að hreyfa því máli. Að öðru leyti, herra forseti, leggur menntmn. til, að þessi þrjú frv., sem náið samhengi er þannig á milli, verði öll samþ. óbreytt. Ég vil aðeins taka það fram, að mér láðist að geta þess, þegar ég samdi nál., að einn hv. nm., hv. 3. landsk. þm., var fjarstaddur, þegar málin voru afgreidd. Þeir eru aðeins sex, sem hafa skrifað undir það.

Dómsmrh. (Auður Auðuns): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð í sambandi við aths., sem hv. frsm. menntmn. gat áðan um sem ábendingu frá mér. Það er rétt, að ég vakti athygli á því, að um leið og sú breyting er lögð til, að áfengissektir hætti að renna til Menningarsjóðs, þá hefði verið rétt að fella jafnframt úr gildi þau ákvæði í áfengislögunum, þar sem segir, að þessar sektir skuli renna þangað; það er í tveimur greinum áfengislaganna. Það er nú að vísu svo, að þessi lög eða breytingar á lögum um Menningarsjóð og menntamálaráð eiga ekki að taka gildi fyrr en um næstu áramót, og það má segja, að það sé svo sem alltaf svigrúm til að breyta því. En ég vildi aðeins leiðrétta það, að ég hafi sagt, að það þyrfti að endurskoða áfengislögin, þar sem ég átti ekki við það þannig í þeirri merkingu, sem maður venjulega leggur í það, því að það mundi maður yfirleitt skilja sem allsherjarendurskoðun á lögunum öllum. En ég lét orð falla um, að það eru viss ákvæði þar, sem viðbúið er, að þurfi að breyta á næsta hausti og mundi þá að

sjálfsögðu koma að því að fella niður þessar greinar varðandi áfengissektirnar úr lögunum. Það hefur ekki komið fram nein brtt. Út af fyrir sig mætti bæta þessu inn í gr. um gildistöku í þessu frv., sem reyndar er nú ekki það, sem er til umræðu núna, en bar á góma í sambandi við það, og tekur þá n. þetta til athugunar á milli umr., ef svo sýnist, að rétt væri að setja inn í frv. ákvæði um að fella niður þessa einu málsgrein og eina setningu að auki í áfengislögunum, sem um þetta fjalla.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 67. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 68. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Fimmta, sjötta og sjöunda dagskrármálið fjalla í raun og veru um sama efni, svo að ég ætla að leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að mæla fyrir öllum þremur frv. í einu. Frv. eru komin frá hv. Ed., þar sem þau voru samþ. með shlj. atkv. samkv. einróma meðmælum hv. menntmn. d. Efni frv. er mjög einfalt. Samkv. gildandi l. er einn af tekjustofnum Menningarsjóðs sektir fyrir áfengislagabrot og tekjur af sölu áfengis, sem gert hefur verið upptækt vegna brota á áfengislögum. Þessi tekjustofn er mjög óviss frá ári til árs, og það hefur bagað starfsemi Menningarsjóðs og menntamálaráðs verulega, hvað tekjurnar geta breytzt frá einum tíma til annars. Þess vegna hefur það orðið að ráði, að framvegis skuli tekjur af áfengissektum og upptæku áfengi ganga beint í ríkissjóð eins og annað sektarfé, en Menningarsjóði og menntamálaráði hins vegar ætlað tilsvarandi fé á fjárlögum, og lúta þessi þrjú frv. að því. Jafnframt þessari meginbreytingu er eðlilegt að létta þeirri skyldu af Menningarsjóði að greiða til Listasafns Íslands til málverkakaupa og greiða í Vísindasjóð, en sá háttur var upp tekinn við síðustu breytingu á lögum um Menningarsjóð, þegar gert var ráð fyrir því, að Menningarsjóður skuli fá fé á fjárlögum eins og aðrar menningarstofnanir ríkisins, og þá er ástæðulaust að halda þessum gömlu tengslum milli Menningarsjóðs, Vísindasjóðs og Listasafnsins, enda gert ráð fyrir því, að fjárveitingar til þessara stofnana verði auknar sem svarar því, sem Menningarsjóður hættir að greiða til þeirra. Þetta er efni málsins, og leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 27 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 518, n. 735).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Á þskj. 735 liggur fyrir álit menntmn. um þetta frv., og leggur hún einróma til, að það verði samþ. Með skírskotun til þess, sem ég sagði hér áðan um þessi þrjú frv., legg ég til, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 795).

---

42. Menningarsjóður og menntamálaráð.

Á 66. fundi í Ed., 17. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1957, um Menningarsjóð og menntamálaráð [263. mál] (stjfrv., A. 519).

Á 68. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 70. fundi í Ed., 19. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 519, n. 610).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 67. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 68. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég hef þegar mælt fyrir efni þessa frv., og leyfi ég mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 519, n. 736).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá Ed. og var samþ. þar ágreiningslaust, að því er ég ætla, ásamt tveimur öðrum frv., sem eru í tengslum við þetta frv. um breytingu á lögum um Listasafn ríkisins og lögum um Vísindasjóð. Lög um Menningarsjóð og menntamálaráð eru frá 5. júní 1957, nr. 50. Lög um Vísindasjóð eru í tengslum við þau lög, nr. 51 frá 5. júní sama ár. Lög um Listasafn ríkisins eru frá 1961, og safnið er samkv. þeim í fjárhagslegum tengslum við Menningarsjóð. Hér er lagt til, að 1. gr. laganna um Listasafnið verði breytt þannig, að eftirleiðis verði veitt fé til rekstrarkostnaðar Listasafnsins og til listaverkakaupa á fjárlögum, en samkv. gildandi lögum hefur Menningarsjóður verið þar milliliður. Jafnhliða þessu frv. liggur fyrir frv. um breytingu á tekjustofnum Menningarsjóðs á þskj. 519. Og svo er í þriðja lagi frv. um breytingu á lögum um Vísindasjóð, sem nú er gert ráð fyrir, að fái sérstakt framlag á fjárlögum og frá Seðlabanka Íslands, en samkv. lögunum frá 1957 átti hann að fá árlegt framlag úr Menningarsjóði. Sem sjá má af þessu, þá eru mjög náin tengsl milli allra þessara laga, og hér er gert ráð fyrir að breyta þar nokkuð til. Þessar breytingar eru gerðar miðað við fengna reynslu, meðan þessi lög hafa verið í gildi, og til samræmis við breytta tíma og byggðar á athugun nefndar, sem hæstv. menntmrh. skipaði 3. jan. 1968. Ég hef leyft mér að gefa nokkra skýringu á þessum frv. og gildandi lögum þar um í einu lagi vegna þess, hversu þetta er nátengt. Eins og fyrr segir, eru frv. komin frá Ed. og voru þar samþ. shlj.
Á þskj. 736 liggur fyrir álit menntmn. um frv. um Menningarsjóð og menntamálaráð, og mælir n. með frv. einróma.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 796).

---

43. Vísindasjóður.

Á 66. fundi í Ed., 17. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 51/1957, um Vísindasjóð [264. mál] (stjfrv., A. 520).

Á 68. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 70. fundi í Ed., 19. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 16 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 520, n. 611).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og ég sagði, þegar ég mælti fyrir frv. um Listasafn Íslands, þá tel ég svo náið samhengi á milli þessara þriggja frv., að það væri ekki ástæða til að hafa sérstaka framsögu fyrir hinum málunum tveimur, og það er einvörðungu vegna ábendinga hæstv. dómsmrh., sem ég taldi rétt að kveðja mér hljóðs. Mér þykir leitt, ef misskilnings hefur gætt á milli okkar um þá endurskoðun á áfengislögunum, sem hæstv. dómsmrh. talaði um, og er auðvitað sjálfsagt að taka það eitthvað til greina, enda skiptir það ekki máli í sambandi við það mál, sem hér er verið að ræða, að hæstv. ráðh. átti ekki við allsherjar-

endurskoðun, heldur aðeins endurskoðun á einstökum lagagreinum. En varðandi þá till. hæstv. dómsmrh., að n. taki þetta til athugunar á milli 2. og 3. umr. og setti þá í gr. um gildistöku laganna — það mundi nú eiga við um frv. um Menningarsjóð og menntamálaráð, að ákvæði áfengislaganna um sektir vegna áfengislagabrota rynnu í Menningarsjóð — er auðvitað hægt að gera það, en ég vildi varpa fram þeirri spurningu, hvort slíkt sé nauðsynlegt, bæði með tilliti til þess, að þessi löggjöf tekur ekki gildi fyrr en um næstu áramót, og í öðru lagi hefur það verið upplýst, að fyrir dyrum stendur að gera breytingu á áfengislögunum. Einnig hef ég litið þannig á, að yngri lög hljóti alltaf að breyta ákvæðum eldri laga, sem í bága við þau fara. Með tilliti til þess, að æskilegt er auðvitað að hraða málum sem mest eins og á stendur á hv. Alþ., þá hefði ég litið þannig á, að ef hæstv. forseti af öðrum ástæðum sæi sér fært að afgreiða þessi mál núna við fyrri umr., þá þyrfti ekki — ef ekki koma fram aðrar skoðanir hér í hv. d. — að láta n. fjalla um málið að nýju, en komi einhverjr slíkar skoðanir fram, þá er auðvitað sjálfsagt að virða þær.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 67. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 68. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Efnislega séð hef ég þegar mælt fyrir þessu frv., og leyfi ég mér að leggja til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 520, n. 737).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Á þskj. 737 liggur fyrir álit menntmn. um þetta frv., og í samræmi við það, sem ég hef áður sagt um hin tvö frv., legg ég til fyrir hönd menntmn., að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 797).

---

44. Eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum (stjfrv.).

Á 68. fundi í Ed., 18. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum [283. mál] (stjfrv., A. 568).

Á 70. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, fól heilbr.- og trmrn. Guðjóni Hansen tryggingafræðingi að semja, og endurskoðaði hann lög nr. 18 frá 1970, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Ég hirði ekki um að rekja aðdraganda þessara l., en tilkoma þessa frv. er sú, að tvö frv. sama efnis höfðu verið flutt í báðum deildum þingsins annars vegar af hv. þm. Birni Jónssyni og hins vegar af Eðvarð Sigurðssyni — í Nd. af Eðvarð Sigurðssyni og Magnúsi Kjartanssyni, en í Ed. af Birni Jónssyni og Jóni Þorsteinssyni. Guðjóni Hansen tryggingafræðingi var síðan falið í samráði við Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands að sameina þessi frv., sem voru efnislega mjög lík. Þær höfuðbreytingar frá gildandi l., sem felast í frv. eru:

1. Samkv. núgildandi l. taka þau aðeins til félaga í stéttarfélögum innan Alþýðusambands Íslands, en með tilliti til þess, að ¾ hlutar útgjalda til eftirlauna eru greiddir úr Atvinnuleysistryggingasjóði, þá er í frv. gert ráð fyrir rýmkun þessa ákvæðis í þá átt, að sama gildi um aldraða félaga í öðrum stéttarfélögum, enda teljist þau til verkalýðsfélaga samkv. l. um atvinnuleysistryggingar og hafi komið á hjá sér skylduaðild að lífeyrissjóði.
2. Gert er ráð fyrir, að skilyrðið um starf í árslok 1967 falli brott og verði réttur til ellilífeyris bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi starfað a. m. k. 10 ár eftir árslok 1954 og eftir að hann náði 55 ára aldri. Þessi breyting hefur í för með sér mikla fjölgun lífeyrisþega.
3. Samkv. frv. er skilyrðinu um félagsaðild breytt í það horf, að einungis er krafizt, að hlutaðeigandi

sé fullgildur félagi, þegar hann sækir um eftirlaun, en samkv. gildandi l. skal aðeins reikna sem réttindatíma þann tíma, sem maðurinn hefur verið fullgildur félagi.

4. Gert er ráð fyrir tengingu við l. um Lífeyrissjóð bænda, sem samþ. voru í árslok 1970, og loks má nefna, að skilyrðið um, að félagi sé hættur starfi, er samkv. frv. fellt niður við 75 ára aldur.

5. Bótaákvæði núgildandi l. eru sniðin eftir þeim ákvæðum um lífeyrisgreiðslur, sem almennt voru í gildi hjá lífeyrissjóðum stéttarfélaga og fyrirtækja vorið 1969, en reglur hinna nýju lífeyrissjóða eru hins vegar ólíkar þessum ákvæðum í grundvallaratriðum. Með þessu frv. er gert ráð fyrir aðlögun að þessum reglum, en sú aðlögun hefur m. a. í för með sér, að ellilífeyrisgreiðslur fyrir stuttan réttindatíma hækka verulega. Þá er í frv. aðeins einn kauptaxti, er hafa skal til viðmiðunar við ákvörðun réttinda fyrir tímabilið 1955—1969, og veldur sú breyting verulegri jöfnun eftirlaunafjárhæða þeim í vil, sem tekið hafa laun samkv. hinum lægri kauptöxtum og fá nú mesta hækkun, ef frv. verður að l. Jafnframt verður öll framkvæmd miklum mun auðveldari, er einungis þarf að hafa einn taxta tiltækan við útreikning eftirlauna.

6. Í frv. er ákvæði um 5 stiga lágmarkseftirlaunarétt. Til þessa lágmarksákvæðis þarf ekki að grípa, nema mjög óverulegar launagreiðslur hafi verið grundvöllur réttindanna. Þess eru hins vegar dæmi, að eftirlaun hafa verið úrskurðuð á grundvelli svo lágra launagreiðslna, að 15 ára iðgjaldagreiðsla til hinna nýrri sjóða af slíkum launum mundi engan rétt veita. Eðlileg afleiðing af hærra lágmarki væri því að setja jafnframt strangari skilyrði um lágmark launagreiðslna, er rétt gætu veitt samkv. l. Þá má og búast við því, að því hærra sem lágmarkið yrði, þeim mun meiri óánægju mætti vænta af hálfu þeirra, sem fengju synjun vegna of skamms réttindatíma, en teldu sig með nokkrum rétti verðugri eftirlauna en ýmsa þá, sem fengju eftirlaun fyrir lítið starf, t. d. ígripavinnu eina.

7. Í núgildandi l. eru engin ákvæði um hækkun eftirlauna, eftir að þau eru úrskurðuð í fyrsta sinn. Í frv. er gert ráð fyrir heimild ráðh. til að ákveða slíkar hækkanir fyrir eitt ár í senn.

8. Í áætlun, sem gerð var vorið 1969, var gert ráð fyrir, að útgjöld til eftirlaunakerfis þess, sem hér um ræðir, mundu nema um 25 millj. kr. árið 1970. Enda þótt ekki séu öll kurl komin til grafar, þá má gera ráð fyrir því, að útgjöldin verði vart nema fjórðungur af hinni áætluðu upphæð, og höfuðástæða þess er stórbætt atvinnuástand.

Í fjárlögum ársins 1971 eru útgjöldin áætluð 36 millj. kr. Það má áætla, að með samþykkt frv. muni eftirlaun umsækjenda, sem þegar hafa verið úrskurðuð eftirlaun, nema um 14 millj. kr. á þessu ári. Auk eðlilegrar fjölgunar eftirlaunafólks á þessu ári bætist við stór hópur manna, sem hætt hafa störfum á árunum 1964 og 1967 og ýmis ákvæði frv. hafa í för með sér nokkra fjölgun. Það er því gert ráð fyrir, að útgjöld á þessu ári geti alls orðið yfir 30 millj. kr., ef þetta frv., sem ég vona og legg áherzlu á ásamt þeim flm., sem upphaflega fluttu frv., verður afgreitt á þessu þingi, en afar ósennilegt er, að útgjöldin fari fram úr fyrrgreindri upphaflegri fjárhæð fjárlaga.

Ég tel svo ekki þörf á því, herra forseti, að rekja nánar, þó að e. t. v. væri tilefni til, efni þessa frv., en það gefst þá væntanlega tækifæri til þess síðar. En till. mín er sú, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að tala langt mál um þetta mál nú að sinni, enda hef ég áður flutt ræðu hér í d., þegar ég mælti fyrir frv., sem ég flutti um þetta mál. En ég stend aðeins upp til þess að lýsa ánægju minni yfir því, að þetta frv. skuli vera fram komið, og vil þakka hæstv. heilbr.- og félmrh. fyrir það, hversu skjótt hann hefur brugðið við að hlutast til um, að þessi lög yrðu endurskoðuð, því að eins og ég sagði hér áður í d., þegar þessi mál voru til umr. í sambandi við mitt frv., þá taldi ég þörf á ýmsum fleiri breytingum en þar voru lagðar til, þó að þær væru einna mikilvægastar. Og þessi endurskoðun hefur sem sé nú farið fram fyrir forgöngu rn., en með fullu samstarfi við fulltrúa Alþýðusambands Íslands, eins og skýrt er frá í grg., og sömuleiðis Vinnuveitendasambands Íslands, þannig að fullt samkomulag er á milli hæstv. ráðh. og Alþýðusambandsins um afgreiðslu málsins.

Í þessu frv., sem nú hefur verið lagt fram og ráðh. hefur rakið aðalatriðin úr, þá koma fullkomlega til skila tvö af þeim þremur atriðum, sem í mínu frv. voru, þ. e. í fyrsta lagi, að það væri ekki algert skilyrði, að menn hefðu unnið þangað til í desember 1967, heldur dygði 10 ára réttindatími, þannig að — eins og kom fram hjá ráðh. — þetta eykur verulega tölu þeirra, sem bætur geta öðlazt. Enn fremur er rýmkað öllu meira en ég hafði gert ráð fyrir um það skilyrði, sem áður var í l. um, að menn hefðu verið tilskilinn tíma í stéttarfélagi, en það hafði valdið miklum erfiðleikum, m. a. vegna þess að stéttarfélög voru ekki til alls staðar í öllum greinum á því tímabili, sem menn höfðu átt að vinna sér réttinn. Og í þriðja lagi er svo um sjálfa hækkun bótanna að ræða. Þar hefur verið farin að vísu talsvert önnur leið en lagt var til í mínu frv. og í frv. hv. þm. Eðvarðs Sigurðssonar í Nd., en það er leið, sem ég tel eftir atvikum, að hægt sé að sætta sig við, þó að bætur geti að vísu orðið með þessum nýja hætti nokkru lægri eða kannske allt að því helmingi lægri en lægstu bætur, sem gert er ráð fyrir í okkar frv. En að öðru leyti er þar líka um meiri hækkanir að ræða í ýmsum tilvikum en orðið hefðu, ef okkar frv. hefði verið samþ., og bæturnar hygg ég, að geti nú numið rúmlega 40 þús. kr. mest, en þó aldrei minna en líklega 10—12 þús. kr. á ári eða 11—12 þús. kr. á ári, en þó líklega öllu meira.

Ég tel, að að ýmsu leyti hafi þessi háttur, sem tekinn var upp til þess að hækka bæturnar nokkuð, verið eðlilegri en sá, sem við lögðum til, við Eðvarð

Sigurðsson og hv. þm. Jón Þorsteinsson, vegna þess að með þessu er fyrir því séð, að ekki myndist stallur, sem menn hrapi ofan af, þegar lífeyrissjóðirnir sjálfir verða að taka við sínum skyldum, þannig að það falli saman með eðlilegri hætti en orðið hefði, ef farið hefði verið að okkar till. Það er auðvitað auðsætt, að hér er um enga ofrausn að ræða og bæturnar hefðu gjarnan mátt verða meiri. Hitt er á að líta, að lífeyrissjóðirnir eiga að taka við þessum bótum að öllu leyti árið 1985, og það er ekki eðlilegt, að þeir, sem áður hafa haft bætur án þess að hafa þó greitt til sjóðanna, standi þá í hærri bótum en þeir, sem hafa unnið sér réttinn með því að greiða til sjóðanna tilskilinn réttindatíma.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð öllu fleiri. Ég mun fyrir mitt leyti greiða fyrir því, að þetta frv. fái skjóta og góða afgreiðslu, og vænti þess sama af hv. þd.

Hitt er svo annað mál, sem ég get ekki alveg stillt mig um að minnast á einnig í lokin, að ég hefði unað því betur, að þarna hefði ekki aðeins verið um heimild til handa ráðh. að ræða til að hækka bæturnar, ef kaup hækkar, heldur hefði það verið skylda, en við það verður að sitja. En annars mun ég kannske minnast aðeins á þetta mál í samhengi við frv. til l. um almannatryggingar, því að mér sýnist, að með þeim l. sé að nokkru leyti verið að taka með annarri hendinni það, sem látið er með hinni. En það er önnur saga, sem ég ræði betur, þegar þar að kemur.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 568, n. 639).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur fjallað um frv. til l. um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Á þskj. 639 kemur fram, að n. er sammála um að mæla með frv. óbreyttu, og voru allir nm. á einu máli um, að hér væri stefnt í rétta átt og eðlilegt að hraða afgreiðslu málsins, svo að frv. næði fram að ganga. Að svo mæltu legg ég til, að frv. verði vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—15. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 68. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 69. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í grg. þessa frv., sem samþ. hefur verið einróma í Ed. Alþ., þá fól heilbr.- og trmrn. í desember 1970 Guðjóni Hansen tryggingafræðingi að endurskoða lög nr. 18 frá 1970, um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum. En tildrög þess voru þau, að tvö frv. um þetta efni höfðu komið fram á Alþ. og hafði nokkuð verið rætt um hugsanlega samræmingu á þeim frv. Flm. þessara frv. voru þeir Björn Jónson og Eðvarð Sigurðsson í Ed., en Jón Þorsteinsson og Bragi Sigurjónsson, að ég hygg, í Nd. Við endurskoðun l. var höfð hliðsjón af þeim tveim lagafrv., sem áður er minnzt á — fyrirgefið, það er rangt til getið um flm. Flm. í Nd., voru Eðvarð Sigurðsson og Magnús Kjartansson og í Ed. Björn Jónsson og Jón Þorsteinsson, og leiðréttist það hér með. Við endurskoðunina hafði Guðjón Hansen tryggingafræðingur samband bæði við launþegasamtökin og samtök atvinnurekenda.

Frv. var borið fram til að ná samkomulagi um tvö áðurnefnd frv., eins og fram kemur í grg., og ætti því vart að valda deilum hér, enda er staðreynd málsins sú, að þeim fjármunum, sem ætlunin var að verja til þessa fólks, sem þarna lenti á milli laga, ef svo mætti að orði komast, og gæti vart öðlazt réttindi vegna aldurs, en væri þó vinnandi, yrði varið til ákveðinnar lágmarkstryggingar, sem með frv. þessu yrði 2000 kr. og verður vart talin of há. En þeim fjármunum, sem fjárlög hafa áætlað, að varið sé til þessara hluta, hefur hvergi nærri verið úthlutað, og sannast sagna hefur samkv. könnun ekki verið úthlutað nema aðeins broti af því, sem fjárlög hafa gert ráð fyrir. Það þykir því eðlilegt, að þetta fólk, sem er æðistór hópur og ekki nýtur þeirra nýju lífeyrisréttinda, sem stéttarfélögin hafa samið um, fái þessa lágmarkstryggingu, sem frv. gerir ráð fyrir. Og ég vænti þess, að hér eins og í hv. Ed., verði ekki ágreiningur um málið og það nái fram að ganga á þessu þingi eftir þá samræmingu, sem farið hefur fram á frv.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 31 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 80. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 568, n. 729).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er komið frá hv. Ed., þar sem það hlaut einróma samþykki, og hefur heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. haft það til meðferðar og er sammála um að mæla með því óbreyttu. Eins og fram kemur í grg. frv., þá er frv. samið af Guðjóni Hansen tryggingafræðingi, sem hefur haft samráð við fulltrúa Alþýðusambands Íslands og fulltrúa Vinnuveitendasambands Íslands. Fulltrúar þessara beggja aðila hafa fylgzt með gangi málsins og eru samþykkir frv., eins og það liggur fyrir. Fyrr á þessu þingi flutti hv. 2. landsk. þm. ásamt hv. 6. þm. Reykv. frv. til laga um eftirlaun aldraðra í stéttarfélögum, og er efni beggja frv. nokkuð svipað að öðru leyti en því, að stjfrv., sem hér er til umr., er ítarlegra. En í sambandi við frv. Eðvarðs Sigurðssonar á þskj. 43 þá bárust heilbr.- og félmn. erindi frá tvennum félagasamtökum, sem þá óskuðu eftir, að þeirra meðlimir féllu undir lögin um eftirlaun aldraðra, en það var Verkstjórasamband Íslands og Bandalag ísl. leigubifreiðastjóra, sem óskuðu þess sama. Og eins og lögin liggja nú fyrir, þá gera þau ráð fyrir, að þau félög og félagasamtök, sem greiða til Atvinnuleysistryggingasjóðs og hafa stofnað lífeyrissjóð, muni falla undir þessi lög, og eftir því sem ég hafði aðstöðu til að kynna mér, þá hygg ég, að svo sé um Verkstjórasamband Íslands, að það uppfylli þessi skilyrði. Óvissa er aftur með Bandalag ísl. leigubifreiðastjóra. En eins og ég sagði í upphafi, þá hefur n. haft þetta til athugunar og mælir einróma með, að það verði samþ.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Nokkuð snemma á þessu þingi flutti ég ásamt 6. þm. Reykv. frv. til l. um breyt. á l. um eftirlaun fyrir aldraða í stéttarfélögum. Ég gat þess í framsögu fyrir því frv., að það væri ekki hvað sízt flutt til þess að koma hreyfingu á þetta mál, og lagði áherzlu á, að endurskoðunarákvæði laganna væri notað og ríkisstj. hlutaðist til um endurskoðun l. í samráði við samningsaðilana frá því í maí 1969 eins og lögin gerðu ráð fyrir. Það var nú að mínu viti alltaf vafasamt, hvort átt hefði að setja þau lög. Það var ekki nauðsynlegt vegna þess, að samningarnir sögðu í raun og veru fyrir um, með hvaða hætti eftirlaunagreiðslurnar skyldu vera, en lögin voru nú sett, og þá var að sjálfsögðu strax vitað, að lögin þyrfti að endurskoða og þá alveg sérstaklega vegna þess, að framkvæmd þessara laga yrði að miklu leyti samhliða hinum nýju lífeyrissjóðum, en þá var ekki vitað, hvaða reglur yrðu gildandi um lífeyrisréttindi manna í hinum nýju lífeyrissjóðum.

Þessar reglur hafa nú verið settar, og höfuðefni þessa frv. er einmitt að aðlaga þessar eftirlaunagreiðslur þeim reglum, sem gilda í reglugerðum hinna nýju lífeyrissjóða verkalýðsfélaganna. Það er tekið upp sama kerfi og þar gildir, en það er allmikið frábrugðið því kerfi, sem lögin um eftirlaun til aldraðra í stéttarfélögum gerðu ráð fyrir, en þau byggðu á reynslu eldri lífeyrissjóða og þá helzt embættismannasjóðanna. Samkv. þeim breytingum, sem nú er gert ráð fyrir á þessum lögum, verður veruleg bót á eftirlaunagreiðslum til aldraðra í stéttarfélögum. Það, sem kannske mætti helzt að finna, er, að eftirlaunagreiðslur geta enn orðið nokkuð lágar, en hins vegar er tekið tillit til þess, að menn, sem hafa haft mjög litla vinnu — svo litla, að naumast er hægt að segja, að þeir hafi verið við störf á s. l. árum — falla undir lögin, og ef þeir á annað borð falla undir lögin, þá eru ákveðnar lágmarksgreiðslur til þeirra, sem núna, eins og bótaupphæðum er háttað, verðlagi og kaupi, mundu vera um 12 þús. kr. á ári. Það er lægsta upphæð, sem hægt er að greiða samkv. þessu frv. Hins vegar samkv. lögunum, eins og þau nú eru, hafa þessar greiðslur farið niður í svo sáralitlar upphæðir, að það hefur engan veginn tekið því að vera að afgreiða þær. Þær hafa komizt niður fyrir 200 kr. á mánuði.

Að öðru leyti eru breytingarnar á l. þessum, eins og frsm. n. tók fram, þær, að grundvöllur l. er færður út. Áður náðu þau einvörðungu til félaga innan Alþýðusambandsins; það voru þau ein, sem sömdu um málið fyrir sína félagsmenn. Nú eru þau útvíkkuð þannig, að þau ná til allra, sem greiða til Atvinnuleysistryggingasjóðs, en Atvinnuleysistryggingasjóður greiðir ¾ hluta af kostnaði við þessar bætur, og einnig er það skilyrði, að viðkomandi félagasamtök hafi komið á hjá sér lífeyrissjóði með skylduaðild. Ég átti hlut að endurskoðun l. núna og er samþykkur því frv., sem nú liggur fyrir. Það hefur einnig verið samþykkt af miðstjórn Alþýðusambandsins, og hinn samningsaðilinn, Vinnuveitendasambandið, var einnig við þessa endurskoðun. Það er aldrei svo, að það sé ekki ýmislegt, sem maður hefði kosið á annan veg, en sú breyting, sem hér er gerð núna, felur í sér verulegar lagfæringar á lögunum, og ég vonast til þess, að þau fái nú afgreiðslu, en eftir sem áður er augljóst, að þessi lög þarf að endurskoða í samræmi við fengna reynslu. Það má vel vera, að við framkvæmd laganna, eins og þau eru nú hugsuð, komi einnig fram ágallar og vandamál, en ég vona, að þau verði mun minni en áður.

Ein breyting, sem er verulega til bóta, er, að skilyrði, hvað snertir starfsaldur, eru með öðrum hætti núna og gera mögulegt, að menn, sem útilokaðir voru áður, falli undir þessi lög. Það er tvennt, sem þessu veldur, þ. e. að nú gildir 10 ára regla, hvenær sem er á tímabilinu frá 1955, og eins hitt, að nú gera lögin ráð fyrir því, að þeir, sem hafa verið bændur einhvern hluta þessa tímabils, heyri einnig undir lögin og á sama hátt heyri verkamenn, — það er hugsað gagnkvæmt — sem kynnu að gerast bændur, undir Lífeyrissjóð bænda. Ég mæli með því, herra forseti, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

2.—15. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 798).

---

45. Fiskvinnsluskóli.

Á 34. fundi í Sþ., 16. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um fiskvinnsluskóla [260. mál] (stjfrv., A. 516).

Á 63. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 64. fundi í Nd., 18. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Með hinum nýju lögum um stjórnarráð var sú breyting gerð á meðferð skólamála, að ýmsir sérskólar eða ýmis sérskólasvið, sem áður höfðu heyrt undir það rn., voru nú flutt yfir í menntmrn. að málefnum bændaskóla einum undanskildum. Þess vegna urðu fiskvinnsluskólamál — mál sem að menntun á sviði fiskvinnslu lúta — verkefni menntmrn. 1. jan. 1970, og hóf menntmrn. þá þegar könnun á þeim gögnum, sem lutu að stofnun fiskiðnskóla og þeim undirbúningi, sem farið hafði fram vegna hans í sjútvrn., og hélt þeim athugunum áfram.

En 10. júlí s. l. skipaði menntmrn. n. til þess að kanna stöðu tæknimenntunarinnar innan skólakerfisins og eðlileg tengsl hinna ýmsu fræðslustiga og til þess að gera till. um endurbætur í þessum efnum. Formaður þessarar n. var og er Andri Ísaksson, forstöðumaður Skólarannsókna menntmrn., en aðrir, sem í n. eiga sæti, eru Bjarni Kristjánsson, skólastjóri Tækniskólans, Gunnar Bjarnason, skólastjóri Vélskólans, Jóhannes Zoëga verkfræðingur, Magnús Jónsson, skólastjóri Ármúlaskóla, Óskar Hallgrímsson, formaður iðnfræðsluráðs, Stefán Guðjohnsen tæknifræðingur, Þór Sandholt, skólastjóri Iðnskólans í Reykjavík, og Þorbjörn Sigurgeirsson, deildarforseti verkfræði- og raunvísindadeildar Háskólans.

Fyrir nokkrum mánuðum fól rn. þessari n. alveg sérstaklega að semja lagafrv. um fiskiðnskóla, og átti hún að grundvalla till. sínar að verulegu leyti á þeim sérfræðilegu álitsgerðum, sem fyrir lágu um málið, og þá fyrst og fremst á nál. um fiskiðnskóla á Íslandi, sem n. undir formennsku Hjalta Einarssonar efnaverkfræðings skilaði í desember 1966, og á álitsgerð Sigurðar B. Haraldssonar, efnaverkfræðings hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, en þetta nál. var birt í desember 1970. Ég óskaði þess, að verk- og tæknimenntunarnefndin hraðaði störfum sínum sem allra mest, þannig að unnt yrði að leggja frv. um þetta efni fyrir þetta þing í von um, að það gæti hlotið afgreiðslu, áður en þingi lyki. Verkefni n. reyndist nokkru stærra og flóknara en hún hafði í upphafi reiknað með, og lauk störfum hennar því ekki fyrr en nú fyrir rúmri viku eða um það bil 10 dögum. En ástæðan til þess, að ég lagði svo mikla áherzlu á, að n. lyki störfum nú á þessu þingi, er sú, að eitt brýnasta verkefnið, sem bíður úrlausnar í íslenzkum skólamálum — eitt af mörgum brýnum verkefnum — er einmitt að koma á fót skynsamlegri fræðslu í þágu fiskiðnaðarins, og það er tilgangur þessa frv. að koma á skólastofnun, sem veiti nauðsynlega fræðslu á þessu mjög mikilvæga sviði.

Í skóla þeim, sem gert er ráð fyrir að koma á fót samkv. frv. og nefndur er fiskvinnsluskóli, er gert ráð fyrir að veita fræðslu í vinnslu sjávarafla. Er svo ætlazt til, að tvö fyrstu námsárin í fiskvinnsluskóla ásamt tilheyrandi starfsþjálfun séu hliðstæð iðnnámi, en þriðja árið og framhaldsdeildin, sem gert er ráð fyrir, að rekin verði við skólann, sé hliðstæð sérhæfðu viðbótarnámi fyrir iðnsveina, sem í Tækniskóla Íslands hefur verið nefnt tæknanám, sbr. titilinn raftæknir, en það er tveggja ára nám. Þá má enn fremur minna á, að í iðnskólum fer fram meistarafræðsla, en gert er ráð fyrir því, að menntun í efri deild í fiskvinnsluskólanum verði á hliðstæðu stigi og meistarafræðsla í iðnskólunum. N., sem frv. samdi, taldi mikilvægt, að fiskiðnskólinn einskorðaði starf sitt ekki við menntun þeirra, sem annast munu verkstjórn, eftirlit, leiðbeiningarstarfsemi og rekstur fiskiðjuvera, heldur annist fiskvinnsluskólinn einnig kennslu og þjálfun í handbrögðum og vinnuaðferðum fyrir þá, sem vinna við móttöku og verkun sjávarafla.

Í 4.gr. frv. er heimildarákvæði um að stofna til framhaldsdeilda við skólann, og er tilgangurinn með starfrækslu framhaldsdeildar, sem yrði 4. bekkur skólans, fyrst og fremst tvíþættur: 1) að veita nemendum aukna þekkingu og gera þá hæfari til fisktæknistarfa, og það á jafnframt að auðvelda aðgang að frekara námi í háskóla, og 2) að gefa nemendum kost á aukinni sérhæfingu í einstökum greinum fiskiðnaðarins, einkum niðursuðu- og fiskmjölsvinnslu. Í frv. er ekki gert ráð fyrir því, að aðgangur að námi í framhaldsdeild sé eingöngu miðaður við þá, sem áður höfðu lokið prófi frá meistaradeild skólans, heldur sé áhugasömu starfsfólki í fiskiðnaði, sem fullnægir tilteknum inntökuskilyrðum, einnig gefinn kostur á námi í deildinni. N. tók ekki afstöðu til þess, hvar skólinn skyldi staðsettur. Menntmrn. ákvað, að skólinn skyldi vera í Reykjavík.

Í 10. gr. frv. er fjallað í einstökum atriðum um námsefni í skólanum. Þar eru ákvæði um, að skólanum skuli skipt í þrjár deildir auk framhalds-

deildar, sem heimilt er að starfrækja, og skuli heildarnámstími í hverri deild vera sem næst 11 mánuðir og námið skiptast annars vegar í bóklegt og verklegt í skólanum, en hins vegar í verklega þjálfun, sem skólinn skipuleggur á vinnustöðunum. Frv. gerir sem sé ráð fyrir fjórum deildum, þremur reglulegum deildum í skólanum, undirbúningsdeild, fiskiðndeild og meistaradeild og síðar framhaldsdeild, sem heimilt er að reka.

Eins og ég sagði áðan, er gert ráð fyrir því, að nám í hverri deild verði tvíþætt, þ. e. annars vegar skólanám, en það er skilgreint sem allt nám bóklegt og verklegt, sem fer fram innan vébanda skólans undir leiðsögn kennara hans, og síðan hins vegar verkleg þjálfun, sem skólanum er ætlað að skipuleggja á vinnustöðum og fyrst og fremst er ætlað að tryggja, að nemendur hafi af eigin raun kynnzt sem flestum þáttum fiskvinnslu í eðlilegu umhverfi á vinnustað. Próf upp úr hverri deild skólans frá og með prófi úr fiskiðndeild eða 2. bekk á að veita að fenginni viðurkenndri tilskilinni starfsþjálfun tiltekin starfsréttindi og heimild til þess að nota ákveðinn titil.

Að því er varðar inntökuskilyrði í skólann, þá varð það niðurstaða n., að nauðsynlegt væri að gera kröfu til gagnfræðaprófs eða landsprófs miðskóla til þess, að nám í undirbúningsdeild skólans eða 1. bekk geti komið nægilega að gagni. Þó er um að ræða heimildarákvæði til undanþágu frá þessu.

Þá er rétt að geta þess að síðustu, að höfð hefur verið hliðsjón af hugsanlegum breytingum í framhaldsdeildum gagnfræðaskólanna eða svokölluðum fjölfræðideildum þeirra, sem starfræktar hafa verið síðan haustið 1969, en n., sem starfar á vegum menntmrn. að till. um nýskipun á framhaldsnáminu í gagnfræðaskólunum, hefur gert tilraun með nýtt kjörsvið í framhaldsdeildunum, sem sé miðað við eins árs nám á sviði matvælaiðnaðar. N., sem samdi þetta frv., verk- og tæknimenntunarnefndin, hefur kannað till. hinnar n., kjörsviðsnefndarinnar, um matvælakjörsviðið, og þess vegna er í frv. lagt til, að nemendur, sem staðizt hafa próf að loknu eins árs námi á matvælakjörsviði, geti fengið inngöngu í fiskiðndeild fiskvinnsluskólans að lokinni a. m. k. þriggja mánaða verklegri þjálfun í fiskiðjuveri eftir 15 ára aldur. Er hér um að ræða lið í þeirri viðleitni, sem nú er almennt unnið að í nýskipan skólakerfisins, að auðvelda nemendum að flytja sig milli skólabrauta, milli námsbrauta, ef svo mætti segja, og má hiklaust fullyrða, að hér sé um skynsamlega meginstefnu að ræða, sem þó einnig er gert ráð fyrir í þessu frv., þ. e. milli framhaldsdeildar gagnfræðaskólanna annars vegar og svo fiskvinnsluskólans hins vegar.

Fyrir þessari hv. d. hefur legið frv. til l. um fiskiðnskóla í Vestmannaeyjum. Hafa menntmrn. og ríkisstj. verið hlynnt þeirri hugmynd, sem í því frv. felst, og hefur niðurstaðan orðið sú að athuguðu máli, að heppilegast mundi vera að taka ákvæði um fiskvinnsluskóla í Vestmannaeyjum inn í þetta frv. Hv. þm. Sunnl., Guðlaugur Gíslason, hefur með vitund minni flutt till. um breytingu á 6. gr., þar sem gert er ráð fyrir því, að auk fiskvinnsluskóla í Reykjavík skuli stofnaður fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum, sem útskrifi fiskiðnaðarmenn og fiskvinnslumeistara, eins og ég gat um áðan, þ. e. hafi heimild til þess að útskrifa menn upp að 3. bekk og að meðtöldum 3. bekk í fiskvinnsluskólanum, en starfræki hins vegar ekki framhaldsdeild nema að fengnu sérstöku samþykki menntmrn.

Ég vænti þess, að hv. n. taki þessa till. til velviljaðrar athugunar, og læt að síðustu í ljós þá ósk, að hv. menntmn., sem ég mun leggja til, að málinu verði vísað til, — nei, ég ætla að leggja til, að henni verði vísað til hv. menntmn. vegna þess, að það er venja, að hún fjalli um öll skólafrv. — en það, sem ég ætlaði að fara að segja, var það, að ég beini þeirri sérstöku ósk til hennar að hafa samráð við hv. sjútvn., þar sem liggja fyrir tvö frv. um skylt efni, þannig að um sameiginlega afgreiðslu á öllum málunum geti verið að ræða. Þó að frv. liggi í sjútvn., sem flutt hafa verið áður, þá tel ég það að vissu leyti hafa verið mistök, að þeim skyldi hafa verið vísað þangað. Þau eru þar hins vegar og þess vegna eðlilegt og nauðsynlegt, að hv. menntmn. hafi samvinnu við sjútvn. um afgreiðslu málsins.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég hef ekki kvatt mér hljóðs til þess að halda hér langa ræðu um þetta efni, en ég vil hins vegar fagna því, að þetta frv. er fram komið, enda er full ástæða til þess að fagna þessu frv. Það er ástæða til þess að fagna því, að ríkisstj. hefur loksins eftir öll þessi ár tekið rögg á sig og markað stefnu sína í fræðslumálum fiskiðnaðarins. Þetta fiskvinnsluskóla- eða fiskiðnskólamál er búið að vera hér á döfinni nú í fullan áratug. Það eru nú um þessar mundir 11 ár, síðan við tveir þm., hv. 2. þm. Reykn. Jón Skaftason og ég, fluttum þáltill. um þetta efni, og síðan héldum við þeim tillöguflutningi áfram líklega á 4—5 þingum, þangað til till. okkar var loksins samþykkt á árinu 1964. Upp úr því var svo kosin fiskiðnskólanefndin, sem svo hefur verið kölluð, sem skilaði áliti eftir ein 2 ár frá því, að hún tók til starfa og tillögum að mjög ítarlegu og glöggu frv. um fiskiðnskóla, sem síðan lá í salti hjá ríkisstj. raunar alla tíð, þangað til nú í byrjun þessa þings, að við þessir sömu þm., hv. 2. þm. Reykn. og ég, tókum þetta frv. upp og fluttum það hér í hv. Nd., og þetta frv. um fiskiðnskóla, flutt af okkur, hefur verið til skoðunar í sjútvn. d. síðan í haust. En ég tel sem sé, að það sé fagnaðarefni, að ríkisstj. hefur ákveðið stefnu sína í málefnum fiskiðnfræðslunnar, og þó að það frv., sem hér er flutt nú af ríkisstj., sé að nokkru leyti öðruvísi en það frv., sem við fluttum í haust, þá tel ég það engan veginn neitt til lýta. Að sumu leyti vil ég segja, að þetta frv., sem hér er nú

flutt af ríkisstj., gangi lengra og sé e. t. v. fyllra en það frv., sem fiskiðnskólanefnd undir forustu Hjalta Einarssonar samdi og við hv. 2. þm. Reykn. höfum flutt, þannig að ég er vel til viðtals um það að fylgja þessu frv. og endurtek, að ég fagna því, að þetta mál er fram komið.

Í sambandi við meðferð þessa máls hér í þinginu hefur hæstv. ráðh. lagt það til, að málið fari til menntmn. Það má vel vera, að það sé nú talið formlega rétt. En þó eru að mínum dómi kannske eins mikil rök fyrir því, að málið fari til sjútvn. Þetta er raunar fremur sjávarútvegsmál en hreint menntamál, eins og við höfum venjulegast litið á þau efni. Að vísu urðu um það nokkrar umræður hér í haust, þegar frv. okkar hv. 2. þm. Reykn. var hér til umr., í hvora n. þetta skyldi fara, og niðurstaðan varð þá sú, að málið færi til sjútvn. Og ég vil minna á það, að frv. okkar — og raunar einnig frv. hv. 3. þm. Sunnl. um fiskiðnskóla í Vestmannaeyjum — liggur fyrir sjútvn., þannig að ég teldi nú eðlilegra, að málinu yrði vísað til þeirrar n., og þá fremur, að haft yrði samráð við menntmn., ef þess gerist þörf, því að mér finnst rétt, að þessi mál séu öll skoðuð í sameiningu, og raunar eðlilegast, að það sé gert. En erindi mitt sem sé hingað í ræðustól var fyrst og fremst að fagna því, að þetta frv. skuli vera komið fram. Mér er það persónulega mikið fagnaðarefni, og ég veit, að það mun vera svo um flesta eða alla þá, sem sýnt hafa þessu máli áhuga, að þeir munu geta fellt sig við meginefni þessa frv., og séu í því einhver atriði, sem ástæða er til þess að breyta eða færa til betri vegar, þá hygg ég, að það megi vinna í nefndarstarfi.

Ég er ekki alveg viss um, að ég hafi tekið rétt eftir ræðu hæstv. ráðh., en mig langar að lokum til þess að spyrja hann — og hann ítrekar þá, hafi hann minnzt á það áður — hvort það sé ekki ætlun hans að afgreiða þetta frv. á þessu þingi. Það er að vísu stutt til þingloka, og nokkrar raddir hafa verið uppi um það hér á hv. Alþingi nú að undanförnu, að rétt sé að láta ýmis skólamál bíða til næsta þings, og ég er því samþykkur um flest þeirra, en hins vegar held ég, að það væri mikil ástæða til þess að hraða þessu máli. Þetta er margrætt mál og eitt af þeim málum, sem lengi hafa raunar verið á umræðustigi og á undirbúningsstigi, og ég held, að það sé ekki eftir neinu að bíða með það að lögfesta ákveðnar reglur um starfrækslu fiskvinnslu- eða fiskiðnskóla. Ég mundi því leggja mikla áherzlu á það við þá n., hver sem hún verður, sem fær þetta til skoðunar, að nefndarstarfi verði hraðað hér í þessari d. og málið megi fá fullan framgang í þinginu, áður en því lýkur nú í vor.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég get tekið undir þau orð hv. síðasta ræðumanns, þar sem hann fagnar framkomu þessa frv., og hann var vel á veg kominn að lýsa yfir þakklæti til hæstv. ráðh. fyrir að leggja það fram, þegar hann áttaði sig á því, að sennilega mælti hann þar of mikið, og lauk þess vegna aldrei þeirri setningu, því að hún hefði sannast sagna ekki átt vel við í sambandi við þetta mikla nauðsynjamál þjóðarinnar, því að ég held, að á þeim nær 12 árum, sem ég hef setið á hv. Alþ., þá hafi ég ekki séð öllu grófara dæmi en þetta um áhugaleysi hæstv. ríkisstj. og þingmeirihluta á framgangi jafnmikilvægs máls eins og þessa. Ég hefði því talið, að það væri mjög ofmælt, hefði hv. síðasti ræðumaður sérstaklega þakkað fyrir, að þetta frv. var lagt fram. Það er vikið lítillega í grg. að aðdraganda þessa máls. Þar er getið um, að seint á árinu 1966 hafi mjög fjölmenn n., sem hæstv. sjútvrh. í eina tíð, Emil Jónsson, hafði skipað þá fyrir tveimur árum, skilað frumvarpi í hendur hæstv. sjútvrh., sem þá mun hafa verið — ja, ég man ekki, hvort Eggert Þorsteinsson var þá tekinn við eða Emil Jónsson var enn þá í því ráðherrasæti, en hvað um það.

Hið fullbúna frv. um fiskiðnskóla, sem vel hafði verið vandað til og margir menn höfðu unnið að um nærri tveggja ára tíma, sá ekki dagsins ljós og var aldrei lagt fram af hæstv. ríkisstj., og þegar drátturinn var kominn nokkuð á annað ár frá því, að þessu frv. var skilað í hendur hæstv. ríkisstj., þá tókum við okkur til, hv. þm. Ingvar Gíslason og ég, og fluttum þetta frv. óbreytt, eins og það hafði komið frá n. Síðan höfum við endurflutt þetta frv. a. m. k. þrisvar sinnum, án þess að það hafi komizt í gegnum þingið. Það hefur sofnað svefninum langa hvert þinghaldið á eftir öðru og verið satt að segja ákaflega leiðinlegt og erfitt að þurfa að fylgjast með þeim móttökum, sem frv. hefur fengið á hv. Alþ.

Frv. það, sem hér liggur loksins fyrir og við skulum vænta, að verði afgreitt frá þessu þingi, af því að það er nú lagt fram af hæstv. ráðh., er í verulega mörgum atriðum byggt á þeim till., sem fiskiðnskólanefndin gerði í desember 1966, enda er um það getið í grg. með því, að það sé byggt á þeim till., sem þar var að finna. Nokkrar breytingar hafa þó verið gerðar á því, sem mér virðast við fljótan yfirlestur ekki vera til bóta, og sumar breytingarnar eru hrein afturför að mínu viti. Ég tel t. d., að það sé ákaflega skrýtið, að þegar semja á slíkt frv. sem þetta, þá er skipuð til þess n., sem ekki er í einn einasti maður, sem tengdur er fiskiðnaðinum, hefur unnið þar á undanförnum árum eða hefur sérstaka þekkingu á þeirri mikilvægu atvinnugrein landsmanna. Enginn slíkur maður var fenginn til þess að taka sæti í n. Þetta tel ég ótvíræðan galla og satt að segja vera beint framhald af þeim vinnubrögðum, sem hæstv. ríkisstj. hefur viðhaft í þessu máli, þar sem stærstu útflutningsgrein landsmanna hefur ekki verið sýndur sá sómi, að það hafi fengizt lögtekið á Íslandi, að hún fái einn fagskóla fyrir sína grein á sama tíma og það er nú að gerast, að búið er að ákveða að stofna þriðja bændaskólann í landinu, sem ég fagna fyrir hönd þeirrar stéttar. En á sama tíma hefur ekki fengizt ákvörðun meiri hl. Alþ. til þess að stofna einn skóla í fiskiðnaði Íslendinga, stærstu atvinnugrein landsmanna, sem þjóðin á meira undir, að vel sé rekin, en nokkur önnur atvinnugrein, sem rekin er í landinu.

Eitt af því fyrsta, sem ég rak augun í, þegar ég renndi yfir þetta frv., var breyting sú, sem er að finna í 6. gr. frv. frá því, sem gert er ráð fyrir í því frv., sem ég hef staðið að að flytja í þrjú skipti og fiskiðnskólanefnd var öll sammála um, þ. e. að staðsetning þessa skóla skyldi vera á Suðvesturlandi. Það hefur verið flutt hér annað frv. af hv. þm. Guðlaugi Gíslasyni, þar sem hann talar um að koma upp slíkum skóla í Vestmannaeyjum. Nú sé ég, að í 6. gr. þessa frv. er báðum þessum till. breytt þannig, að sett er inn, að skólinn skuli staðsettur í Reykjavík. Þess er getið sérstaklega í grg., að þessa ákvörðun um staðsetningu skólans í Reykjavík hafi sjálft menntmrn. tekið, því að n. hafi ekki talið það vera sitt hlutverk að ákveða staðsetningu skólans. Ég vil sérstaklega mæla hart gegn þessari breytingu. Við ræddum þetta þeir 9 eða 10 menn, sem voru í fiskiðnskólanefndinni, sem var mjög fjölmenn, hvar bezt væri að staðsetja skólann, og menn voru þar, held ég, í miklum meiri hluta, sem voru því fylgjandi, að þessi skóli yrði staðsettur utan Reykjavíkur.

Við skulum gá að því, að í landinu hefur sú þróun stöðugt farið vaxandi af síauknum þunga, að flestöllum opinberum stofnunum er hlaðið hér niður á einum og sama stað, þ. e. í höfuðborginni. Ég viðurkenni, að í sumum tilfellum eru málavextir þannig og aðstæður þannig, að það er eðlilegt, að þeim stofnunum sé valinn staður í Reykjavík. En við erum komnir það langt á þessari braut, að þegar engin sérstök rök mæla með því, að opinberar eða hálfopinberar stofnanir eða fyrirtæki skuli staðsett í Reykjavík umfram aðra staði, þá tel ég það hreinan óþarfa og raunar ganga gegn ríkum og sanngjörnum þjóðfélagshagsmunum, að þeim stofnunum, sem eðli málsins samkvæmt verða ekki að vera í Reykjavík, skuli þar ákveðinn staður í l. Ég sé engin sterk og mikilvæg rök, sem mæli sérstaklega með því, að þessi skóli sé staðsettur í Reykjavík.

Ég hef lesið það, sem sagt er um þessa grein í grg., og vil með leyfi hæstv. forseta aðeins lesa upp úr henni, en rökstuðningur rn. fyrir þessari ákvörðun er þessi: „a) að starfsmenn Rannsóknastofnana sjávarútvegsins, opinberra matsstofnana og sölusamtaka nýtist til kennslu;“ það á að vera rökstuðningur fyrir því, að hann skuli vera í Reykjavík, og „b) að fiskiðjuver með fjölbreyttri fiskvinnslu sé í nánd við skólann.“

Þetta eru þau rök, sem rn. hefur fyrir þessari staðarákvörðun sinni. Nú er mönnum það ljóst, a. m. k. að því er tekur til b-liðarins, að margir aðrir staðir eru hér í næsta nágrenni og raunar víðar, sem hafa fullkomnari og fjölbreyttari fiskvinnslu, að því er ég ætla, en frystihúsin hér í Reykjavík. Og ég vil fullyrða það, að bæði Keflavík og Vestmannaeyjar og raunar fleiri staðir eru miklu meiri framleiðslustaðir sjávarafurða en Reykjavík er nokkurn tíma. Ég tek heldur ekki mjög alvarlega þá röksemd, sem er að finna um, að starfsmenn Rannsóknastofnana sjávarútvegsins, opinberra matsstofnana o. s. frv. búi í Reykjavík og það ráði einhverjum úrslitum um, að skólinn þurfi endilega að vera í Reykjavík, en ekki einhvers staðar annars staðar. Við ræddum þetta atriði í fiskiðnskólanefndinni á sínum tíma og vorum, að ég held, allflestir sammála um, að það væru engin þau efnisatriði til, sem gerðu það eðlilegra, að skólinn yrði í Reykjavík, en t. d. einhvers staðar í næsta nágrenni, t. d. í Hafnarfirði, Keflavík eða hvar sem væri.

Nei, ég verð að segja, að mér urðu það mikil vonbrigði, að hæstv. ráðh. og hv. rn. skuli ekki vilja líta til sanngjarnra óska og krafna frá stöðum utan Reykjavíkur um það að fá eitthvað af þeim opinberu og hálfopinberu stofnunum, sem efnt er til, á aðra staði en í sjálfri höfuðborginni. Ég segi þetta ekki af neinum óvilja í garð höfuðborgarinnar, nema síður sé. Ég er bara að benda á, að við erum þegar búnir að gera of mikið af því að setja niður opinberar stofnanir í höfuðborginni, og ég vil benda á það, að um það var getið og frá því greint í fréttum nú fyrir nokkrum vikum, að ég ætla, að Svíar hefðu gripið til þess ráðs að flytja margar meiri háttar stofnanir, sem voru í Stokkhólmi staðsettar, úr höfuðborginni til ýmissa annarra staða í Svíþjóð einmitt til þess að vinna á móti þessari þróun, sem þar hefur verið í gangi eins og hér, þ. e. að öllum þessum stofnunum hættir til þess að lenda í höfuðborgunum, og vildu þeir þannig vinna á móti óheppilegum þjóðfélagslegum áhrifum, sem þessi samansöfnun stofnananna á einn stað hefði í för með sér.

Ég vil líka skýra frá því, sem hæstv. alþm. e. t. v. vita, að fyrir nokkrum mánuðum — ég sakna nú þess, að hæstv. ráðh. er ekki hér inni — bauð Kópavogskaupstaður yfirmönnum menntamála lóð á bezta stað í bæjarfélagi sínu, á miðbæjarsvæðinu, sem er óskipulagt — og þaðan sem er mjög fagurt útsýni yfir stóran hluta af höfuðborgarsvæðinu. Kópavogskaupstaður bauð hæstv. rn. lóð þar undir væntanlegt útvarpshús. Ég veit ekki til þess, að því boði hafi verið svarað af rn. eða hæstv. ráðh.; mér er ekki kunnugt um það. En skömmu síðar heyrði ég, að ákveðið væri, að þetta útvarpshús skyldi einnig byggja í Reykjavík. Þetta er, eins og ég hef sagt, komið út í algerar öfgar að setja allar stofnanir niður í höfuðborginni.

Ég mæli þau orð sérstaklega og ekki síst til hv. þm. Guðlaugs Gíslasonar, 3. þm. Sunnl., sem hefur flutt eins og ég og Ingvar Gíslason frv. um fiskiðnskóla, sem staðsettur væri utan Reykjavíkur, að hann gangi í bandalag við okkur og aðra þá menn, sem eru svipaðs sinnis um, að það þjóni engum þjóðfélagslega réttlátum eða hagkvæmum hagsmunum að setja opinberar stofnanir niður í höfuðborginni sérstaklega, sem engin þörf er fyrir þar, heldur beri að dreifa þeim á byggðirnar. Ég vil mælast til þess, að með okkur geti tekizt bandalag, hvað sem öllum flokkum líður, til þess að fá breytt þeim ákvæðum, sem er að finna í 6. gr. frv. um staðsetningu skólans. Ég hef nú flutt brtt. — eða gerði það þegar í gær, um leið og ég sá þetta — um, að í stað Reykjavíkur yrði skólinn staðsettur í

Keflavík. Það má vafalaust líka deila eitthvað um það, og ég er til viðtals við hvern þann þingmann, sem vill vinna að því að fá breytt ákvæði 6. gr. um það, hvar skólinn eigi að vera.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Forseti gat þess við fundarsetningu, að ég ásamt fleiri þm. hefði flutt brtt. við frv. það, sem hér liggur fyrir, en till. hafði þá enn ekki verið dreift á borð þm., en ég hafði kynnt hana hæstv. menntmrh. Í framsöguræðu gat hann þess, að hann styddi þessa till., og lagði til við þá n., sem frv. fengi til meðferðar, að taka hana til vinsamlegrar athugunar, og leyfi ég mér að þakka hæstv. ráðh. fyrir hans undirtektir.

Eins og fram hefur komið, voru fyrr á þinginu — í þingbyrjun — flutt hér frv. um fiskiðnskóla, það fyrra af hv. 3. þm. Norðurl. e. ásamt hv. 2. þm. Reykn. og það síðara flutt af mér — einnig um fiskiðnskóla. Við 1. umr. þeirra frv. tilkynnti hæstv. menntmrh., að hann hefði skipað n. til þess að gera till. um málið og vænti þess þá, að n. mundi skila áliti það fljótt, að hægt yrði að taka málið til umr. og afgreiðslu nú á þessu þingi. Því miður hefur það dregizt nokkuð lengur en ég hafði vonað, að n. þessi skilaði áliti, en hún hefur nú þegar gert það, og lagt hefur verið fram frv. á þskj. 516, sem byggt er á áliti og niðurstöðum þessarar n. Efnislega má segja, að hið nýja frv., sem hér er til umr., sé nokkuð svipað þeim tveimur frv., sem áður hafa verið rædd hér og flutt voru, eins og ég sagði áðan, í byrjun þingsins. Þó er það frv., sem nú er til umr., nokkuð ítarlegra en hin frv. voru, og tel ég, að vel fari, að stigið hafi verið heldur lengra en hin frv. gerðu ráð fyrir.

Ég gerði nokkra grein fyrir frv. mínu um fiskiðnskóla í Vestmannaeyjum, þegar það var lagt hér fram og tekið til umr., en mér þykir þó rétt að fara aðeins yfir efni þeirrar till., sem hér liggur fyrir, því að hún er efnislega nokkuð samhljóða því frv., sem ég lagði fram. Till. mín og þriggja annarra þm., sem nú hefur verið útbýtt á þskj. 560, er brtt. við 6. gr. frv., þar sem lagt er til, að gr. breytist á þann veg, að auk þess skóla, sem tilgreint er í 6. gr., að stofna skuli til, skuli stofnað til fiskvinnsluskóla í Vestmannaeyjum, sem útskrifi fiskiðnaðarmenn og fiskvinnslumeistara samkv. 1. og 2. tölul. 2. gr., og námi við skólann skuli skipt í þrjár deildir, sbr. 1.—3. tölul. 10. gr. Einnig að heimilt skuli að fengnu samþykki rn. að setja á stofn framhaldsdeild, sbr. 4. gr., ef eða þegar þörf er talin á.

Þá er í brtt. gert ráð fyrir, að skipuð skuli sérstök skólanefnd fyrir hinn fyrirhugaða fiskvinnsluskóla í Vestmannaeyjum og skuli n. skipuð á sama veg og gert er ráð fyrir í frv. að því undanskildu, að samtök fiskiðnaðarins í Vestmannaeyjum skuli tilnefna einn mann í n. í stað þess, að frv. gerir ráð fyrir, að Fiskimálaráð skuli skipa mann í n. þá, sem á að fara með málefni þess skóla, sem er tilgreindur á þskj. 516. Í Fiskimálaráði eru fulltrúar fiskiðnaðarins, en af því að hér er um sérmál að ræða í sambandi við fiskvinnsluskóla í Vestmannaeyjum, þá er eðlilegt, að samtök fiskiðnaðarins þar tilnefni þennan mann — að okkar dómi, sem flytjum brtt.

Þá er og í brtt. gert ráð fyrir, að lögin gildi að öðru leyti um fiskvinnsluskólann í Vestmannaeyjum, að því er varðar greiðslu kostnaðar og annað, sem við getur átt að dómi rn. og afmarkað skal í reglugerð. Til þess að stofnað verði til fiskvinnsluskóla, þarf að sjálfsögðu nokkurn undirbúning og nokkurn viðbúnað, áður en skólinn getur tekið til starfa. Í Vestmannaeyjum hefur verið unnið að þessu máli í meira en heilt ár, og eitt atriði í sambandi við stofnun fiskvinnsluskólans, sem talið hefur verið nauðsynlegt, er, að það sé fyrir hendi rannsóknastofa í þágu fiskiðnaðarins. Þetta er að vísu enn ekki fyrir hendi í Vestmannaeyjum, en þetta hefur þegar verið ákveðið og útvegað fjármagn til þess að koma slíkri rannsóknastofu fiskiðnaðarins á stofn þar, og hefur verið haft náið samstarf við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hér í Reykjavík, og er það ætlunin, ef af því verður, að mjög náið samstarf verði á milli þessara tveggja rannsóknastofnana.

Þá hefur þegar verið útvegað og er fyrir hendi húsnæði fyrir fiskiðnskóla í Vestmannaeyjum. Það hefur bæjarstjórn Vestmannaeyja haft forgöngu um að útvega og hafa til reiðu, ef til skólans verður stofnað þar, og aðstaða til verklegrar kennslu er einnig fyrir hendi, þar sem forráðamenn fiskiðnaðarins þar hafa sagt, að nemendur væntanlegs fiskvinnsluskóla í Eyjum muni fá þar aðstöðu eftir því, sem skólanefnd skólans kann að telja nauðsynlegt á hverjum tíma. Einnig er aðstaða þar fyrir nemendur, sem sækja vildu skólann utan af landsbyggðinni. Á ég þar við heimavistaraðstöðu, sem einnig er fyrir hendi, þannig að segja má, að öll aðstaða til stofnunar fiskvinnsluskóla í Vestmannaeyjum sé þegar fyrir hendi og þannig hafi verið frá málinu gengið, að það ætti ekki á nokkurn hátt að geta torveldað, að skólinn gæti tekið til starfa þegar á næsta hausti, ef samþ. verður frv. það, sem hér liggur fyrir, og brtt., sem ég ásamt þremur öðrum þm. hef flutt við það.

Ég hef áður látið það koma fram, að í sambandi við þessa hugmynd um stofnun fiskvinnsluskóla í Vestmannaeyjum hefur verið bæði af einstaklingum og fyrirtækjum látið í té verulegt fjármagn til að koma skólanum á laggirnar og til að kosta þau tæki, sem með þarf til þess, að hann geti tekið til starfa — kennslutæki og annað. Einnig liggur hér fyrir á lestrarsal Alþ. erindi frá bæjarstjórn Vestmannaeyja, þar sem gefið er beint fyrirheit um það, að bæjarstjórn Vestmannaeyja sé fús til þess að ljá málinu allt það lið, sem í hennar valdi standi, og þar með talinn fjárstuðning einnig, ef með þyrfti til þess að koma skólanum á laggirnar, þannig að nái frv. fram að ganga og verði till. samþ., þá vil ég undirstrika það, sem ég sagði áðan, að ekkert ætti að geta komið í veg fyrir, að skólinn gæti tekið til starfa þegar á næsta hausti, og það er það, sem þeir menn heima í héraði hafa stefnt að, sem um þetta mál hafa fjallað. Ég hygg, að hvergi annars staðar

hafi málið verið undirbúið á þennan veg, eins og ég hef nú lýst, að gert hafi verið á þessum stað.

Það má kannske spyrja, hvort þörf sé fyrir fiskvinnsluskóla í Vestmannaeyjum. Ég tel, að því sé fljótsvarað á jákvæðan hátt, því að það kom fram í skýrslu Fiskifélags Íslands yfir aflann á árinu 1971, að einmitt í þessari verstöð var landað um 25% af heildaraflanum, sem á land var lagður á síðasta ári. Ég tel, að þetta séu þegar út af fyrir sig nægjanleg rök fyrir því, að mjög sé eðlilegt, að stofnað verði til fiskiðnskóla á þessum stað. Í þessu sambandi, þar sem um jafnmikið aflamagn er að ræða í einni verstöð, ber að hafa það í huga, að þeim, sem í forsvari fyrir fiskiðnaðinn standa, hefur verið gert það mjög ljóst af þeim erlendu aðilum, sem kaupa fiskframleiðslu okkar, að mjög verði auknar allar þær kröfur, sem gerðar verða um hreinlæti við meðferð aflans og við vinnslu hans til útflutnings, þannig að þeir, sem þessi mál hafa með höndum, hafa þegar gert sér það ljóst, að mjög þarf að bæta úr mörgum hlutum.

Ég hygg, að menn geti orðið nokkuð sammála um það, að öruggasta undirstaðan til þess, að hægt verði að koma góðu skipulagi á þessi mál, að því er þetta atriði varðar, sé einmitt það, að þeir, sem við fiskiðnaðinn vinna, öðlist fullan skilning á því, hvaða verkefni þeir hafi með höndum og hversu mikils virði það sé þjóðfélagslega séð, að þar sé sem bezt að öllum hlutum staðið og fullt hreinlæti viðhaft. Það er einnig annað, sem mjög mælir með stofnun fiskiðnskóla, bæði á þessum stað og annars staðar, og það er, að þeir menn, sem við sjávarútveg og fiskvinnslu fást, hafa þegar gert sér það ljóst, að óvarlegt sé að reikna með auknu heildaraflamagni í framtíðinni, og það hlýtur að leiða til þess, að eigi útgerð og fiskiðnaður að geta haldið áfram með eðlilegum hætti, þá verður að stefna þar að meiri gjörvinnslu en þegar er gert. Það skal þó tekið fram, að það ber að meta það, að veruleg breyting hefur orðið í þessa átt nú hin síðari ár, en án efa verða enn þá meiri breytingar á því í þá átt að gjörvinna þann afla, sem á land kemur.

Það fer ekki hjá því, að bæði ég og aðrir, sem höfum með fiskvinnslu að gera, höfum orðið nokkuð varir við það, að þegar ungt fólk er spurt að því, hvað það geri eða hvað það starfi, þá segi það: Ja, ég vinn bara í frystihúsi, eða: Ég vinn bara við fiskvinnslu, þannig að manni getur fundizt, að þetta unga fólk telji það eitthvað niðrandi fyrir sig að vinna við fiskiðnaðinn. Ég tel, að á þessu þurfi að verða gerbreyting og fiskiðnaðurinn verði að skapa sér þann sess, að fólk gangi þar að störfum eins og við hvert annað starf og hvern annan iðnað í landinu. Einmitt þess vegna þarf að gefa því kost á að öðlast meiri þekkingu á öllum þessum málum, sem ég tel, að fiskiðnskóli hljóti að gera — ekki aðeins í sambandi við sjálfa vinnsluna, heldur muni og þessir aðilar öðlast þekkingu á því, hvers virði það er að meðhöndla rétt þá vöru, sem verið er að vinna úr, til þess að gæði hennar verði í samræmi við kröfur kaupenda og hún verði sú undirstaða undir efnahag þjóðarinnar, sem hún hefur verið og vonandi verður í framtíðinni. Ég segi þá, að allt ber að sama brunni með það, að þegar er orðið tímabært, eins og reyndar hefur komið fram hjá öllum ræðumönnum, sem um þetta hafa fjallað, að aukin þekking á þessum málum, bæði aukin verkmenntun og aukin bókleg þekking í sambandi við þessi mál, er orðin brýn nauðsyn fyrir fiskiðnaðinn í landinu í heild og þá að sjálfsögðu þjóðina í heild einnig.

Ef brtt. sú, sem hér er flutt á þskj. 560, nær fram að ganga, þýðir það auðvitað, að þá verður stofnað til tveggja fiskiðnskóla í landinu kannske samtímis. Einhverjum kann kannske að finnast þetta of stórt stökk í einu, en ég hygg bara með tilliti til þess, hve lengi hefur dregizt að koma þessum málum heilum í höfn, að þetta geti ekki talizt óeðlilegt, og ég tel það beinlínis nauðsynlegt, að þetta skref verði stigið, eins og nú hefur verið lagt til og fyrir liggur hér í sambandi við frv. á þskj. 516. Ef við lítum á það, að það er talin þjóðarnauðsyn — og ég hygg, að enginn efist um, að það sé rétt — að hér hafa verið starfandi tveir búnaðarskólar í landinu og nú er þegar ákveðið að setja á stofn hinn þriðja skóla, þá getur það ekki talizt neitt óeðlilegt, þó að starfandi séu samtímis tveir fiskvinnsluskólar hér á landi. Ég er sannfærður um það, að engum þm. dettur í hug, að það væri eðlilegt að fækka búnaðarskólunum, heldur munu menn almennt vera sammála um gildi þeirra og sammála um það, að nauðsynlegt sé að fjölga þessu með tilliti til aðstöðu beggja þessara atvinnugreina, sem báðar eru undirstöðuatvinnugreinar í efnahagslífi þjóðarinnar. Þess vegna tel ég það síður en svo nokkra goðgá, þó að til tveggja fiskvinnsluskóla verði stofnað nokkurn veginn samtímis eða á þessu og næsta ári.

Ég skal svo ekki hafa um þetta lengra mál, en vona, að málið nái fram að ganga á þessu þingi, og veltur þá að sjálfsögðu mest á því, að sú n., sem það fær til meðferðar, bregði skjótt við og skili sínu áliti hingað til þessarar hv. deildar.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég fagna því, að loksins er hér komið fram frv. frá ríkisstj. um fiskvinnsluskóla. Því miður kemur frv. seint fram á þessu þingi, og það getur verið vafasamt, að það takist að afgreiða það sem lög að þessu sinni. En ég teldi þó, að það væri mjög nauðsynlegt, að það mætti takast.

Það voru hér örfá atriði, sem ég vildi minnast á í sambandi við þetta frv. hér við 1. umr. Hér hefur nokkuð verið vikið að því, hvar ætti að ætla þessum skóla stað, og á það bent að mínum dómi með réttu, að það sé engan veginn sjálfgefið, að skólastaðurinn eigi að vera bundinn við Reykjavík. Ég tel, að það kæmi vel til mála að ætla skólanum stað á ýmsum öðrum stöðum, þó að ég vilji ekki heldur útiloka það á neinn hátt, að Reykjavík komi ekki einnig til greina. En eins og frv. er upp byggt og gert er ráð fyrir, að þessi skóli verði, þá sýnist mér mjög margt mæla með því, að vissar undirdeildir skólans verði á

miklu fleiri stöðum en gert er ráð fyrir í frv. En hins vegar gæti ég vel fallizt á, að framhaldsdeild sú, sem gert er ráð fyrir, að starfi sem æðsta stig við skólann, og jafnvel einnig næstæðsta deildin, svonefnd meistaradeild, yrðu sérstaklega starfræktar hér í Reykjavík, þó að fyrri deildirnar tvær, þ. e. svonefnd undirbúningsdeild og fiskiðndeild, væru hins vegar reknar á miklu fleiri stöðum. Þegar á það er litið, hvað er ætlazt til, að kennt sé í þessum fyrri tveimur deildum, þ. e. í undirbúningsdeild og fiskiðndeild samkv. 2. gr. frv., þá sýnist mér alveg gefið mál, að það sé full ástæða til þess, að skólar, sem hafa slíkt verkefni með höndum, séu starfandi á fleiri stöðum en einum eða tveimur í landinu.

Í 2. gr. frv. segir um kennslu í skólanum, að kennslan skuli miðast við, að: 1. fiskiðnaðarmenn hafi öðlazt nægilega undirstöðuþekkingu, bóklega og verklega, til þess að geta annazt almenna verkstjórn, gæðaflokkun og stjórn fiskvinnsluvéla. Það er einmitt þetta, sem er algerlega nauðsynlegt, að sé í rauninni fyrir hendi alls staðar, þar sem nokkur fiskiðnaður er rekinn, að það séu til svona sæmilega menntaðir verkstjórar, sem geta annazt eðlilega gæðaflokkun og stjórn á þeim vélum og tækjum, sem um er að ræða við fiskvinnslu. Í þessari gr. er hins vegar sagt undir 2. tölul., að svonefndir fiskvinnslumeistarar verði auk þess, sem um getur í 1. tölul., færir um að taka að sér eftirlitsstörf, verkþjálfun, einfalda vinnuhagræðingu og stjórnun. Þarna er hins vegar orðið um allmiklu meiri kunnáttu að ræða, og ég held, að það gæti verið fiskvinnsluskólanum mjög til gagns, að sá skóli, sem t. d. væri rekinn hér í Reykjavík á hinu hærra stigi og styddist þá meira við þær rannsóknastofnanir, sem hér eru fyrir hendi, ætti kost á því að fá nemendur, sem hefðu verið í undirbúningsdeild og í deild, sem fjallar um fyrstu atriði í sambandi við þetta nám, úti í landsfjórðungunum, og það er mín spá, að yrði það skipulag tekið upp, séu miklu meiri líkur til þess, að skólinn í rauninni heppnist og nægilega margir nemendur sæki skólann.

Ég tel alveg sjálfsagt að ákveða það, að a. m. k. í Vestmannaeyjum verði skóli, sem tekur að sér fyrstu 2—3 stigin, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., og stend því að brtt. á þskj. 560, sem um það fjallar. En ég teldi einnig mjög eðlilegt, að t. d. á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi — að ég tali ekki um hér á Suðurnesjum — væri starfandi skóli, sem tæki að sér þessi fyrstu tvö stig, sem fjallað er um í 10. gr. frv. Það er eins og hér hefur verið sagt, að vitanlega er engin ástæða til þess, þegar verið er að setja upp skóla t. d. í grein eins og þessari, að gera ráð fyrir því, að öll þau fræðslustig, sem þar er um að ræða, skuli vera svo að segja í sama húsi og á sama stað og það þurfi að senda menn víðs vegar að af landinu langar leiðir til þess að geta farið þar gegnum fyrstu stig skólanna. Menn tala stundum um það, að það geti verið dýrt að hafa marga skóla eða skóla á mörgum stöðum, en það er eins og þeim komi ekki til hugar, að það geti verið nokkuð dýrt að þurfa að senda nemendur langar leiðir og halda þeim uppi einnig við nám, sem ætti að vera mjög auðvelt að koma við í þeirra heimabyggð. Ég vil leggja á það áherzlu, að þetta sé athugað í sambandi við uppbyggingu skólans, hvort ekki er hægt að koma þessu við á þennan hátt, og held, að sá aukni kostnaður, sem kynni að koma fram í beinu skólahaldi, sparaðist þá nemendunum, sem annars yrðu að leggja á sig þennan kostnað með því að þurfa að dveljast jafnvel í heimavist, eins og hér er talað um í þessu frv., fjarri sínum heimahögum. Ég efast ekkert um það, að það er hægt að fá í öllum landsfjórðungum hæft kennaralið til þess að taka að sér þá kennslu, sem gert er ráð fyrir á fyrstu tveimur stigunum, og öll aðstaða til þess að kenna þar það verklega í náminu er auðvitað fyrir hendi.

Það er hér annað atriði, sem ég vildi líka minnast á strax við þessa 1. umr. Ég tók eftir því, að hæstv. menntmrh. lagði á það nokkra áherzlu, að þessu frv. yrði vísað til menntmn., en aðrar raddir heyrðust hér í salnum um það, hvort ekki væri rétt að vísa þessu frv. til sjútvn. eins og fyrri frv. um þessi mál. Ég legg á það áherzlu fyrir mitt leyti, að þessu frv. verði vísað til sjútvn., af því að ég lít á þetta mál á því stigi, sem það er nú, sem slíkt hagsmunamál sjávarútvegsins og í svo nánum tengslum við sjávarútvegsreksturinn, að það eigi fyrst og fremst heima þar. Ég get vel fallizt á það, að þeir tímar komi, að málefni þessa skóla eins og annarra skóla í landinu færist yfir í það að flokkast undir starfssvið menntmn., en á þessu stigi þá finnst mér eðlilegra, að fjallað sé um málið í sjútvn., og ég mun því leggja til, að þessu frv. verði vísað til sjútvn., og legg á það talsverða áherzlu. Það má auðvitað segja, að það væri bót í máli að fara fram á það við menntmn., að hún hafi samráð við sjútvn. um afgreiðslu málsins, en í rauninni sé ég enga þörf á þeirri krókaleið í þessum efnum og teldi hitt miklu eðlilegra á þessu stigi málsins.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um málið að þessu sinni, en vona, að það takist að afgreiða málið og m. a. að ná samkomulagi um staðsetningu skólans eða það fyrirkomulag á rekstri skólans, sem allir mega sæmilega við una.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það er ekki efni frv., sem ég ætla að minnast á, heldur aðeins á þá till. hæstv. ráðh. að vísa þessu máli til menntmn. Ég vil ekki færast undan því að taka þátt í athugun á þessu máli, þar sem ég á sæti í menntmn., en ég tel þetta geta leitt til þess, að málið dagi uppi. Öruggasta leiðin til þess, að það dagi uppi, er sú að vísa því til menntmn., og það er af þeirri ástæðu, að á síðustu dögunum hafa komið fram 7—8 frv. og — ég held — öll eða nær öll stjfrv. um menntamál. Þau eru að vísu flutt í Ed., en ekki verða þau að lögum, nema þau komi til Nd., og þá eiga þau öll að fara til menntmn. (**Gripið fram í:** Við erum nú afreksmenn.) Já. Menntmn. hefur staðið sig ákaflega vel í tveimur málum sérstaklega, sem nýlega er búið að afgreiða til þingsins frá n., og hún hefur lagt ákaflega mikið á sig, svo að þess vegna held ég, að

ekki ætti að ofþyngja henni að óþörfu með því að bæta við einu málinu enn, sem kannske er verulegur ágreiningur um.

En svo liggur hitt fyrir, að það eru tvö frv. um sama efni, sem liggja fyrir þessari hv. d., og þau eru bæði í sjútvn. Hvers vegna á þá ekki þetta að fara þangað líka? Það er bezta leiðin til þess að svæfa þetta mál, ef því verður vísað til menntmn. — ekki af því, að nm. dragi neitt af sér frekar en fyrri daginn við að vinna vel, heldur af því, að þeir munu tæplega komast yfir það. Svo held ég, að það séu einhver mál óafgreidd hjá menntmn., ef ég man rétt. Ég man ekki hve mörg, en þau eru þó einhver. (**Gripið fram í:** Þau eru fá.) Þau eru fá, já, en það munar um hvert málið, þegar ekki eru eftir nema tvær vikur til þingloka. Mér skilst, að eigi þetta allt að fara í gegnum þingið, þá muni menntmn. þurfa að afgreiða a. m. k. eitt eða 1½ mál á dag eða nálægt því. Nei, svona vinnubrögð, held ég, að séu óheppileg. Þess vegna er það, sem ég bendi hv. þm. á það, að það er hyggilegt að vísa þessu máli til sjútvn., ef þeir vilja fá málið fram, og það held ég, að sé almennur áhugi á og ekki síður hjá mér en öðrum. Þessu vil ég sérstaklega beina til hæstv. forseta, að hann hlutist til um það við hæstv. ráðh., að hann fallist á að vísa málinu til sjútvn. til þess að greiða fyrir því.

Umr. frestað.

Á 65. fundi í Nd., 19. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég hafði í lok framsöguræðu minnar lagt til að vísa þessu frv. til hv. menntmn., enda er það í samræmi við þær venjur, sem ríkt hafa um nefndameðferð skólamála, eftir að allir skólar heyra undir menntmrn. utan bændaskóla. Hins vegar eru tvö frv. um skylt efni í hv. sjútvn., og í framhaldi af viðræðum, sem fram hafa farið, eftir að umr. lauk, milli fulltrúa sjútvn. og fulltrúa menntmn. leyfi ég mér að breyta minni till. í þá átt, að frv. verði vísað til hv. sjútvn. Mér er tjáð, að það sé öruggari leið til þess, að málið fái skjóta afgreiðslu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24:2 atkv.

Á 68. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 516, n. 634, 542, 560, 635).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Sjútvn. þessarar hv. d. hefur fjallað um frv. til l. um fiskvinnsluskóla á þskj. 516 og orðið sammála um að mæla með afgreiðslu þess með þeim breytingum, sem fram eru bornar á þskj. 635. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það, að hér er mjög merkt mál á ferðinni og ekki seinna vænna, að hér á landi verði komið upp skóla sem þeim, er þetta frv. gerir ráð fyrir. Það hafa oft verið bornar fram till. hér á hv. Alþ. um, að hér yrði komið upp slíkum skóla, og ber að fagna því, að það mál virðist nú á góðri leið með að komast í höfn, verði þetta frv. að l., áður en þessu þingi lýkur. Ég veit, að það er ósk og von allra hv. þm., sem sæti eiga í sjútvn., að svo megi verða.

Ég skal aðeins með örfáum orðum gera grein fyrir brtt. þeim, sem n. flytur á þskj. 635. Fyrsta brtt. er við 1. gr. Þar er lagt til, að í stað þess, sem í gr. stendur, þ. e. „í vinnu sjávarafla“, komi: í vinnslu sjávarafla. Þetta atriði skiptir að sjálfsögðu ekki miklu máli, en till. n. er í samræmi við heiti frv.

Í 2. brtt. n. er lagt til, að tekin séu af öll tvímæli um það, að skólinn skuli halda námskeið í meðferð sjávarafla fyrir nemendur stýrimannaskólanna. Í frv. var gert ráð fyrir, að þetta yrði aðeins heimilað, en samkv. brtt. er fastara að orði kveðið, eins og sjá má af orðalagi hennar.

Í 3. brtt. er meginatriðið í þeim breytingum, sem n. ber fram við frv. Þar er lagt til, að auk þess, sem stofnaður skuli fiskvinnsluskóli í Reykjavík, skuli þegar stofnaður fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum, sem útskrifi fiskiðnaðarmenn og fiskvinnslumeistara samkv. því, sem frv. gerir ráð fyrir. Verði námi við þann skóla skipt í þrjár deildir — einnig í samræmi við ákvæði frv. — þá er það einnig tekið upp í þessa brtt., að á árunum 1972—1975 skuli undirbúin stofnun fiskvinnsluskóla 1. og 2. stigs á Suðurnesjum og í stærstu fiskiðnaðarstöðum í öðrum landshlutum. Við Vestmannaeyjaskólann og þessa skóla, ef stofnaðir verða, gerir síðan brtt. n. ráð fyrir, að heimilt verði að setja á stofn framhaldsdeildir, þegar skilyrði til þess séu fyrir hendi. Loks er í þessari brtt. gert ráð fyrir skipun þriggja manna skólanefndar til fjögurra ára í senn við hvern skóla, sem stofnaður kann að verða samkv. þessu ákvæði. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir því í brtt. n., að um greiðslu kostnaðar og annað það, er varðar rekstur slíkra skóla, fari á sama hátt og um greiðslu kostnaðar við þann skóla, sem stofnaður verður hér í höfuðborginni, þ. e. að ríkissjóður beri kostnaðinn.

Upp í þessa brtt. hefur n. efnislega tekið fram komnar brtt. frá Guðlaugi Gíslasyni o. fl. og brtt. frá Jóni Skaftasyni, en flm. beggja þessara brtt. eiga sæti í sjútvn. Eftir að n. tók efnislega undir till. þeirra á þann hátt, sem hún hefur gert, hafa þeir fallizt á að draga sínar brtt. til baka. Þá vil ég einnig geta þess, að fyrr á þessu þingi var vísað til sjútvn. tveim frv. um fiskiðnskóla. Er það frv. á þskj. 64, sem flutt er af Guðlaugi Gíslasyni, og frv. um fiskiðnskóla á þskj. 11, sem flutt er af Ingvari Gíslasyni og Jóni Skaftasyni. Í nál. sjútvn. segir, að n. telji, að með afgreiðslu þessa máls hafi þessi frv. hlotið þinglega afgreiðslu, og vænti ég þess, að hæstv. flm. þeirra geti fallizt á þá skoðun.

Varðandi hugmyndir n. um það, að fleiri 1. og 2. stigs fiskvinnsluskólum verði komið upp, vil ég geta þess, að þær eru við það miðaðar fyrst og fremst, að

a. m. k. einum slíkum skóla verði komið upp í hverjum landshluta í stærstu fiskvinnslubæjum. Í öðru lagi höfum við haft það til hliðsjónar, að slíkum skólum yrði komið upp, þar sem önnur skilyrði væru fyrir hendi, t. d. það, að iðnskólar hefðu góða aðstöðu, hvað húsakost og kennslukrafta snerti, þannig að auðvelt væri að tengja fiskvinnsluskólana iðnskólunum. Að sjálfsögðu er það nauðsynlegt, þegar slíkum skólum er komið á stofn, að fyrir því sé séð, á hvern hátt þeir falli inn í skólakerfi landsins. Mér hefur skilizt, að þetta atriði stæði aðallega í vegi fyrir því, að frv., sem áður hafa verið flutt um fiskvinnsluskóla hér á hv. Alþ., næðu fram að ganga. Menn hafa ekki fyllilega gert það upp við sig, á hvern hátt nám í þessum skólum skyldi tengt við skólakerfi landsins, og heldur ekki, að hvaða marki skyldi stefnt með því, þ. e. hvaða réttindi nám í slíkum skólum veiti. Í því frv., sem hér liggur nú fyrir og sjútvn. mælir með, að afgreitt verði, er þetta hvort tveggja skýrt fram tekið og gert ráð fyrir því, að nám í fiskiðnskóla geti jafnframt verið undirstaða að framhaldsnámi síðar, ef svo vill verkast, hvort sem það nám yrði stundað hér á landi eða erlendis. Þetta álít ég, að sé mjög mikill kostur við það frv., sem við fjöllum nú um umfram önnur frv., sem áður hafa legið fyrir um þetta sama efni. Þótt við menntum fisktækni- eða fiskiðnfræðinga, þá er að sjálfsögðu eftir sem áður nauðsynlegt, að haldið sé uppi því, sem kallað hefur verið handbragðakennsla í fiskiðnaði. Má þá gera ráð fyrir, að sú kennsla verði hér eftir sem hingað til höfð í námskeiðum, og er gert ráð fyrir því í frv., að fiskvinnsluskólinn annist eftirleiðis slíka kennslu. Enda þótt menn eigi kost á námi, sem veitir þeim aukin réttindi og getur orðið grundvöllur að meiri menntun síðar, þá er ekki síður nauðsynlegt, að þeir, sem að staðaldri vinna framleiðslustörf, eigi þess einnig kost að auka þekkingu sína og hæfni til starfa. Fyrir því er séð með því að gera ráð fyrir slíkum námskeiðum.

Þá vil ég að síðustu geta um 4. brtt. n., sem er á þá leið, að nemendur, sem lokið hafi prófi frá fiskimannadeild stýrimannaskóla, hafi réttindi til þess að hefja nám í fiskiðndeild skólans. Ef komið verður betra skipulagi á þá kennslu, er að þessum málum lýtur í stýrimannaskólum, eins og hér var rætt um áðan, þá hygg ég, að þessi till. sé þeim mun sjálfsagðari.

Loks er smávægileg brtt. við 14. gr., þar sem lagt er til, að í þá upptalningu, sem þar er, verði bætt orðinu „flatning". Það virðist hafa fallið niður í upptalningunni, annaðhvort af vangá eða vanþekkingu, en það er mikill munur á því, hvort fiskur er flakaður eða flattur, eins og allir vita, sem komið hafa nálægt fiskverkun.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði afgreitt frá þessari hv. d. með þeim breytingum, sem ég hef lýst, og ég vænti þess, að það fái greiða afgreiðslu í báðum deildum þingsins, áður en þessu þingi lýkur.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég flutti hér brtt. við þetta frv., sem kom til umr., og ég gerði grein fyrir henni við 1. umr. um málið. Sjútvn. tók til athugunar bæði þessa till., sem ég hafði flutt, og einnig till., sem hv. 2. þm. Reykn. hafði flutt við frv., og að því er varðar till. mína, þá hefur hún efnislega verið tekin inn í brtt. hv. sjútvn., sem fram kemur á þskj. 635. Ég tel, að það, sem lagt er til af sjútvn., verði það samþ., nái því marki, sem að var stefnt með till. minni, og tel ég því ekki þörf á, að hún komi til atkvæðis nú, enda kemur fram í nál., að ég muni telja eðlilegt, að hún verði dregin til baka. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að þetta mál skuli þó vera komið á þann rekspöl, sem nú er, þ. e. að samkomulag hefur náðst í sjútvn. um afgreiðslu á málinu, og vænti ég þess, að það fái hér greiða afgreiðslu hjá þessari hv. d. og það nái einnig að verða að l., áður en þingi verður slitið að þessu sinni.

Jón Skaftason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni þeirra ummæla, sem hér hafa verið höfð uppi um þetta mál. Ég hafði flutt á þskj. 542 till. um, að breyting yrði gerð á 6. gr. frv., sem kveður svo á, að fiskvinnsluskólinn skuli staðsettur í Reykjavík, og hafði ég með brtt. þessari lagt til, að honum yrði ákveðinn staður í Keflavík. Í hv. sjútvn. þessarar d. urðu talsverðar umr. um staðsetningu skólans. Menn í sjútvn. voru almennt sammála um það atriði, að fiskvinnsluskólamálið væri stórmál og hefði átt óeðlilega ógreiðan gang á undanförnum árum í gegnum þingið, og menn voru allir sammála um, að ef til harðvítugra deilna yrði stofnað hér í þinginu um sjálfa staðsetningu skólans, þá kynni það að leiða til þess, að frv. kæmist ekki í gegn á þessu þingi, og menn voru almennt sammála um, að það væri mikill skaði. Í ljósi þessara staðreynda og þessara umr. var það svo, að við flm. þeirra brtt., sem er að finna á þskj. 542 og eins á þskj. 560, gerðum samkomulag við aðra hv. nm. í sjútvn. um það að draga till. okkar til baka gegn ákveðnum breytingum, er n. flytti við sjálft frv., en brtt. þessar liggja frammi á þskj. 635 og hefur verið fyrir þeim talað, og skal ég ekki bæta þar neinu við nema því einu, að ég hjó eftir því — er hv. frsm. sjútvn., hv. 5. þm. Vestf., var að tala um þá skóla, er brtt. gera ráð fyrir, að stofnaðir verði í Vestmannaeyjum, á Suðurnesjum og í öðrum stærstu fiskiðnaðarstöðum í öðrum landshlutum — að hann sagði: „ef stofnaðir verða." En í sjútvn. var algert samkomulag um það og er raunar forsenda fyrir því, að ég hef dregið mína brtt. til baka, að skólarnir verði stofnaðir á þessum árum, enda sker orðalag sjálfrar brtt. að mínu viti ótvírætt úr um, að þessir skólar skuli stofnaðir á þessum tilteknu árum.

Ég tel líka rétt, að það komi fram, að mönnum þótti í sjútvn. sanngjarnt miðað við aðstæður og miðað við það stóra framleiðslusvæði, sem Suðurnesin eru, að þar yrði fyrst undinn bráður bugur að því á árunum 1972—1975 að stofna til þessara skóla, er ráðgert er að rísi á Suðurnesjum. Ég vil svo aðeins að síðustu og aðeins til upplýsingar segja, að

í morgun hringdi til mín einn af bæjarfulltrúum Hafnarfjaðarkaupstaðar og skýrði mér frá því, að á bæjarstjórnarfundi í gær — svo tók ég eftir eða í fyrradag — hefði verið samhljóða samþ. í bæjarstjórn Hafnarfjaðar að æskja eftir því, að fiskvinnsluskólinn yrði staðsettur í Hafnarfirði, og hann skýrði mér frá því, að bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefði boðið fram sérstakt húsnæði, að mér skilst endurgjaldslaust, sem hægt væri að reka aðalskólann í. Án þess að ég ætli að fara nokkuð að leggja dóm á þær óskir á þessari stundu, þá vil ég þó benda á það, að sá rökstuðningur stenzt ekki, sem er að finna í sjálfu frv. í grg. með 6. gr. og þá aðallega í a-liðnum, um nauðsyn þess, að skólinn þurfi að vera í Reykjavík, en þar segir, að starfsmenn rannsóknastofnana sjávarútvegsins, opinberra matsstofnana og sölusamtaka nýtist til kennslu, vegna þess að þeir séu flestir í Reykjavík. Ef horfið yrði að því ráði, að aðalskólinn yrði staðsettur í Hafnarfirði, þá hlýtur öllum að vera það ljóst, að þessir ágætu menn, sem við þessar stofnanir starfa, geta að sjálfsögðu alveg eins stundað þessa kennslu, þótt skólinn væri suður í Hafnarfirði, en ekki í Reykjavík. Og hygg ég enda, að sumir af starfsmönnum þessara rannsóknastofnana séu búsettir í Hafnarfirði.

Með vísan til þess, sem ég hef hér sagt, þá leyfi ég mér að draga þá brtt. á þskj. 542, sem lýst hefur verið, til baka.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki gerast langorður um þetta mál, en ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að þessu 10 ára stríði eða baráttu, sem þeir hófu fyrir 10 árum, hv. 3. þm. Norðurl. e., Ingvar Gíslason, og hv. þm. Reykn., Jón Skaftason, skuli nú vera að ljúka, að því er virðist, með allgóðum árangri. Og má segja, að sum stríð mannkynssögunnar hafi að vísu staðið lengur. En alllangt þykir okkur þetta stríð orðið, sem áhuga höfum haft á því, að tekin yrði upp kennsla í fiskiðnaði hér á landi. Og gott er, að það skuli nú hafa borið þann árangur, sem hér er um að ræða.

Ég vil segja það um þær brtt., sem hér liggja fyrir frá hv. sjútvn., að mér virðast þær vera til bóta, þ. e. til bóta á frv. yfirleitt, eins og það var, þegar það var lagt fyrir af hæstv. menntmrh. Og það, sem einkum er til bóta, er það, að þar er gert ráð fyrir kennslu í þessum fræðum í ýmsum landshlutum, og eins hygg ég, að það geti verið gagnlegt, að nokkurt samband sé í þessum efnum á milli fiskvinnsluskólans og stýrimannaskólanna, eins og nú er gert ráð fyrir í 2. gr. í brtt. n. og þá aðallega, að því er varðar meðferð á fiski um borð í skipum, sem að sjálfsögðu er ákaflega mikilsvert, að sé eins góð og hún þarf að vera. Mig langar til þess að spyrjast fyrir um það hjá hv. frsm. n., sem hv. þm. Reykn. nefndi hér áðan, hvort það sé ótvírætt, að n. leggi þann skilning í aðra mgr. 3. tölul. í till. sínum, að fiskvinnsluskólar þeir, 1. og 2. stigs, sem munu eiga að útskrifa fiskiðnaðarmenn og fiskvinnslumeistara, verði stofnaðir á árunum 1972—1975. Í brtt. stendur: „Á árunum 1972—1975 skal enn fremur undirbúa stofnun fiskvinnsluskóla 1. og 2. stigs á Suðurnesjum og í stærstu fiskiðnaðarstöðum í öðrum landshlutum.“ Ég vil ekki leyna því, að mér finnst þetta orðalag ekki alveg ótvírætt, nema til komi yfirlýsing frá hv. sjútvn. og því verði ekki andmælt af ráðh., að þessir skólar 1. og 2. stigs verði stofnaðir á því tímabili, sem hér er um að ræða. Ég vil spyrja um það, hvort þetta orðalag megi skilja þannig og eigi að skilja þannig.

Þá vil ég koma að atriði, sem nokkuð var rætt við 1. umr., og það er um staðsetningu fiskvinnsluskóla. Segja má, að stofnun fiskvinnsluskóla eða fiskiðnskóla sé svo mikilvæg í sjálfu sér, að það eigi ekki að láta í ljós ágreining um staðarval í því sambandi. En ég hlýt nú samt að gera það mál að umtalsefni og vona, að það geti á engan hátt orðið til þess að tefja þetta frv. Í frv., eins og það kom frá hæstv. ríkisstj., stóð í 6. gr.: „Skólinn“, þ. e. fiskvinnsluskólinn, „skal staðsettur í Reykjavík.“ Síðan kom fram brtt. frá hv. þm. Reykn. um, að skólinn yrði staðsettur í Keflavík, og frá nokkrum þm. af Suðurlandi kom brtt. um það, að skólinn skyldi staðsettur í Reykjavík að vísu, en auk þess stofnaður fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum, 1. og 2. stigs. Nú hefur það orðið samkomulag í hv. sjútvn., að skólinn verði í Reykjavík, þ. e. aðalskólinn, þriggja stiga skóli fyrir fiskiðnaðarmenn, fiskvinnslumeistara og fisktækna, en auk þess verði stofnaður fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum og svo undirbúin stofnun annarra skóla á Suðurnesjum og í stærstu fiskiðnaðarstöðum í öðrum landshlutum. Má segja, að frv. hafi frá mínu sjónarmiði séð að þessu leyti batnað frá því, sem það var, þegar það var lagt fram, en samt er ég nú ekki fyllilega ánægður með það enn.

Það hefur verið nokkuð mikið um það talað undanfarin ár, og ýmsir hafa gefið um það yfirlýsingar, að þeir vildu flytja ríkisstofnanir frá höfuðborginni og á aðra staði í öðrum landshlutum. Menn hafa næstum því keppzt við í seinni tíð, sérstaklega nú í vetur, að lýsa þessu — menn úr ýmsum flokkum. En það er dálítið erfitt, eins og reynslan sýnir, bæði hér og annars staðar, þó að það eigi ekki að vera ókleift, að flytja burt stofnanir, sem búið er að setja á fót í höfuðborginni hér og höfuðborgum annars staðar, og er það af ýmsum ástæðum, sem ekki þarf að rekja hér. Ég hygg nú, að það verði að vinna bug á andstöðunni, ef yfirlýsingar manna um þessi efni eiga að reynast eitthvað meira en orðin tóm, en það eru alltaf erfiðleikar á slíku. En hitt á að vera miklu auðveldara, þegar verið er að setja nýja stofnun á fót, sem ekki hefur áður starfað og þar af leiðandi á ekki við það vandamál að stríða að hafa fyrir fram starfsmenn staðsetta í höfuðborginni, að koma þeirri stofnun fyrir í öðrum landshluta. Og mér finnst alveg tilvalið að framkvæma nú í þessu ákveðna tilviki þessar yfirlýsingar, sem menn hafa verið að gefa um það, að þeir vilji ekki hafa þær stofnanir í höfuðborginni, sem ekki þyrftu endilega að vera þar.

Mér sýnist nú, að aðalstöðvar fiskvinnslukennslunnar gætu alveg eins verið á öðrum stöðum á Suðurlandi. Það er ekkert, sem gæti verið því til fyrirstöðu að reka þriggja stiga fiskvinnsluskóla þar og áreiðanlega ekki í Keflavík, því að samgöngurnar eru svo greiðar hér á milli Reykjavíkur og Keflavíkur, að það er auðvelt fyrir skólann að hafa samband við rannsóknastöðvar í Reykjavík, þó að hann sé staðsettur í Keflavík, og ber að þakka það þeim ágæta vegi, sem lagður hefur verið suður eftir Reykjanesi, malbikuðum og steyptum vegi, sem er mjög fljótfarinn, en vegalengdin ekki mikil eða minni en sums staðar í stórborgum á milli borgarhluta. Ég vil einnig segja það, að ég tel, að það væri vel mögulegt að hafa aðalstöðvar þessa skóla í Vestmannaeyjum. Ég álít, að það sé ekkert því til fyrirstöðu. Það eru ákaflega tíðar ferðir milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur, þar sem rannsóknastofnanirnar eru, ef menn telja, að skólinn þurfi að hafa eitthvert samband við þær, og sama má reyndar segja um fleiri staði á landinu — kannske flesta helztu fiskvinnslustaði landsins, að skólar þar geta vel haft samband við þessar rannsóknastofnanir, sem staðsettar eru í Reykjavík, þó að skólarnir séu annars staðar.

Ég ætla ekki að flytja um þetta neina brtt., en ég vil heita á hv. sjútvn., að hún athugi þetta mál nánar fyrir 3. umr. og rifji upp fyrir sér það, sem menn, sem sæti eiga hér á Alþ., hafa verið að segja um þessi mál, t. d. núna í vetur, og jafnvel till., sem menn hafa verið að flytja um það að dreifa ríkisstofnunum um landið, og noti nú þetta tækifæri til þess að framkvæma sinn góða vilja á auðveldan hátt, af því að hér er um nýja stofnun að ræða. Ég mun svo athuga það fyrir 3. umr., hvort ég sé ástæðu til þess að flytja brtt. um þetta efni, ef hún kemur ekki frá öðrum, en ég vil ekki flytja hana nú m. a. vegna þess, að það er erfitt að koma henni fyrir formlega, fyrr en búið er að samþykkja brtt. Ég vil svo endurtaka það, sem ég hef sagt í þessari stuttu ræðu oftar en einu sinni, að vilji menn framkvæma þetta að „staðsetja" ríkisstofnanir annars staðar en í Reykjavík, þá er núna tækifæri, sem auðveldara er að nota en í flestum öðrum tilfellum, þar sem hér er um nýja stofnun að ræða. Og nú er tækifæri til þess að sýna sinn hug í verki, en ekki í tómum orðum.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af ræðum hv. 2. þm. Reykn. og hv. 1. þm. Norðurl. e. Þeir spurðu báðir, hvort það væri ekki ætlun sjútvn., að það ætti fortakslaust að undirbúa stofnun fiskvinnsluskóla 1. og 2. stigs á Suðurnesjum og í stærstu fiskiðnaðarstöðum í öðrum landshlutum. Það kann vel að vera, að ég hafi í framsöguræðu minni hér áðan ekki tekið þetta nógu skýrt fram, en það er að sjálfsögðu ætlun sjútvn. d., að unnið verði að þessum málum, eins og í brtt. segir, þ. e. að undirbúin verði stofnun þessara skóla á árunum 1972—1975. Hafi ég sagt, eins og hv. 2. þm. Reykn. vitnaði til áðan: „ef stofnaðir verða," þá hef ég aðeins átt við það, að þeir yrðu stofnaðir, ef ekki kæmu í ljós neinir annmarkar á stofnun skólanna við þessa undirbúningsvinnu. Um það er að sjálfsögðu ekki hægt að fullyrða á þessu stigi, en ég endurtek, að það er ætlun sjútvn., að allt verði gert, sem hægt er, til þess að standa að málinu á þann hátt, sem í brtt. segir, á þessum tíma, þ. e. á árunum 1972—1975.

Varðandi staðsetningu fyrsta skólans, sem stofnaður verður samkv. frv., ef að lögum verður, þ. e. hvort hann á að vera hér í Reykjavík eða annars staðar, sé ég ekki ástæðu til að fara út í langar hugleiðingar þrátt fyrir ræðu hv. 1. þm. Norðurl. e. Mér er ljóst, og ég hygg, að það hafi einnig verið skoðun annarra sjútvnm., að hér hlýtur að vera um nokkurt vandaverk að ræða, þar sem stofna á nýjan skóla með nýjum viðfangsefnum og ekki eru til í landinu sérmenntaðir kennarar til að kenna við slíkan skóla. Það, sem að mínu viti ræður m. a. úrslitum um, að fyrsti skólinn, sem stofnaður verður, hlýtur að verða hér í höfuðborginni, er fyrst og fremst það, að hér er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, þar sem starfar fjöldi sérmenntaðra manna í lífefnafræði og öðru, sem að þessu lýtur. Hygg ég, að það hljóti að verða leitað mjög til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins með leiðbeiningar við uppbyggingu skólans og jafnvel það, að hún leggi honum til kennslukrafta.

En þetta eru fyrstu sporin, sem verið er að stíga í þessu efni, og það er ekki svo, að ekki verði síðar hægt að koma við breytingum. Ég gæti ímyndað mér, að þróunin í þessari skólagrein verði sú, að þegar búið er að þjálfa nægilega marga menn til þess að taka að sér kennslu á undirbúningsstigi skólanna, þ. e. á fyrsta og öðru stigi, þá geti svo farið, að alls ekki þurfi að hafa þá kennslu hér í höfuðborginni, heldur fari hún eingöngu fram annars staðar, en framhaldsmenntunin verði síðan hér í höfuðborginni. Ég hygg, að jafnvel þó að víða í fiskiðnaðarbæjum úti á landi sé góð aðstaða til þess að kenna það verklega og handbrögð í sambandi við þetta nám, hljóti þá að taka talsverðan tíma að fá nægilega kennslukrafta til þess að kenna önnur fræði í sambandi við það. Á þessu byggi ég a. m. k. mína afstöðu til þess, að farið verði að till. sjútvn. um staðsetningu fyrsta skólans hér í Reykjavík og jafnhliða honum verði skóli í Vestmannaeyjum fyrir 1. og 2. stig. Síðar meir er svo hugsanlegt, að á þessu verði breytingar í þá átt, sem ég nefndi, þ. e. að undirbúningsnámið og fyrstu bekkirnir í skólanum verði kenndir víðar um landið, en framhaldsnámið fari svo fram í sérstökum skóla hér í höfuðborginni.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta, herra forseti, en ég endurtek, að það er vissulega ætlun sjútvn., að unnið verði að því með öllum tiltækum ráðum að koma upp þessum skólum ekki bara hér syðra heldur víðar á landinu.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég lýsti afstöðu minni til þessa frv. við 1. umr. og leyfði mér þá að

fagna því, að ríkisstj. hefur tekið rögg á sig og markað sér stefnu í þessu mikla máli, sem hér hefur verið á döfinni í fullan áratug. Ég lagði þá einnig fram till. um það, að þessu máli yrði vísað til sjútvn., og undir þá till. var tekið, og ég tel, að það hafi verið til góðs, að sjútvn. fékk þetta mál til afgreiðslu, því að ég sé á vinnubrögðum hennar, að hún hefur tekið þetta mál föstum tökum, og óhætt er að segja, að málið hefur batnað mjög í meðförum n. Og er það vel. Ég tel, að allar þær brtt., sem n. flytur, séu til bóta á þessu frv., og ég mun fylgja þeim, og alveg sérstaklega tel ég, að n. hafi farið inn á rétta braut, þar sem gert er ráð fyrir stofnun fiskvinnsluskóla, a. m. k. á fyrsta og öðru stigi, í landsfjórðungum. Þetta er áreiðanlega rétt stefna, og mig langar í því sambandi að minnast á, að fiskmatsstjóri ríkisins, Bergsteinn Bergsteinsson, hefur áður á opinberum vettvangi hreyft þessari hugmynd og jafnvel ritað Alþ. bréf varðandi þessa hugmynd sína, og ég hygg, að það sé ástæða til þess að geta þess, að hann hefur haft um þetta sínar hugmyndir og sínar till., og er ástæða til þess að geta þess hér í þessu sambandi, og ég fagna því, að hv. sjútvn. hefur tekið þetta mál upp.

Hér hafa orðið talsverðar umræður um staðsetningu skólans, og get ég tekið undir þær hugleiðingar, sem hér hafa farið fram um þau efni hjá ýmsum — ekki sízt hjá hv. 1. þm. Norðurl. e., þar sem hann fór almennum orðum um staðsetningar ríkisstofnana og skóla og benti réttilega á, að þessi mál hafa verið mjög til umræðu — ekki sízt í vetur, og ýmsar yfirlýsingar komið frá mönnum um þessi efni. Ég hef nokkrum sinnum rætt þetta á Alþ., og raunar liggur nú fyrir þinginu enn einu sinni till. frá mér og fleiri þm. um athugun á því að staðsetja skóla, sérskóla, víðar um landið en venjan hefur verið, en við höfum jafnan bent á, að ef slíkt yrði gert, þá verði það að gerast eftir ákveðnum reglum og að vel hugsuðu máli og það þurfi að athuga vel, hvaða skóla sé gerlegt að staðsetja annars staðar en í höfuðborginni. Ég hef þá sannfæringu og við, sem höfum staðið að þessu máli hér á þinginu, að slíkt er gerlegt ekki sízt, þegar um er að ræða nýjar skólastofnanir. En ég skal játa, að ég er engan veginn tilbúinn að gera það að till. minni, að þessi fyrsti fiskiðnskóli verði endilega staðsettur utan Reykjavíkur, þó að ég telji, að vissulega megi að því huga, og ég mun ekki vilja tefja þetta mál með umr. um það efni og ekki gera það að þess háttar efni, sem yrði til þess að tefja framgang þessa máls.

En undir hinar almennu hugleiðingar um þetta efni vil ég taka alveg sérstaklega, og það ber vissulega að hafa það í huga í framtíðinni, þegar nýjar ríkisstofnanir koma til, ekki sízt skólarnir, að þá sé að því hugað, að þeim sé valinn staður annars staðar en hér í höfuðborginni, og ég hef þá alveg sérstaklega í huga tiltekna staði, þar sem rétt sé að koma upp skólamiðstöðvum. Vísir að þeim hefur að vísu orðið til í landinu, en ég tel, að það megi gera enn meira, einkum og sér í lagi held ég, að það sé ástæða til þess að huga að því, að Akureyri verði meiri skólabær en nú þegar er, enda þegar kominn sá vísir að skólamiðstöð þar, sem geti orðið upphaf að því, að þar verði starfandi fleiri skólar og í fleiri greinum en nú er. Hins vegar hef ég ekki hugsað mér að gera það að till. minni nú, að þessi skóli, ef hann verður settur á stofn, verði endilega settur niður þar, en við annað tækifæri væri ástæða til þess að minnast á, hvaða skóla vantar á Akureyri og hvaða skóla mætti stofna þar, sem kæmu að gagni fyrir þjóðina alla, en ekki eingöngu fyrir Norðlendingafjórðung. En ég sé ástæðu til þess að fagna afgreiðslu sjútvn. á þessu máli, og ég vil endurtaka það, sem ég sagði við 1. umr., að ég vona, að þetta mál fái greiðan gang hér í gegnum þessa hv. þd. og í gegnum Ed. og frv. verði að lögum, áður en þingi lýkur nú í vor.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs um þetta frv., þegar það var til 1. umr. hér í hv. þd., og ég hygg, að undir ræðu ráðh. þá hafi fjórir þm. beðið um orðið, en hæstv. 1. varaforseti þessarar þd., sem þá var í forsetastól, tók málið af dagskrá, eftir að tveir þm. höfðu talað á eftir ráðh. Síðan var málið tekið aftur til umr. seinni hluta þess dags eða utan venjulegs þingfundatíma, en oft og tíðum stendur þannig á, að menn hafa þá ráðstafað sér á aðra fundi. Því verð ég að segja, að mér finnst það að mörgu leyti óeðlileg brúkun forsetavaldsins undir slíkum kringumstæðum að nota sér að ljúka umr., þegar fundir eru haldnir á venjulegum tíma. En það verður svo að vera. Það má svara því til, að þm. eigi að vera á hverjum fundi, þegar til hans er boðað, en á því er auðvitað misbrestur og þá ekki síður í fjölmörgum tilvikum hjá þeim, sem kannske eru hærri en óbreyttir þm. En það, sem ég vildi segja við 1. umr., ætla ég nú að nefna aðeins við þessa umr., þ. e. að ég vil mjög eindregið fagna því, að þetta frv. er fram komið. Ég hefði kosið að geta tekið þetta fram fyrr og þar af leiðandi tekið undir ýmislegt í ræðum þeirra þm., sem töluðu við 1. umr. þessa máls.

En það er eitt atriði, sem mér finnst vera mjög undarlegt í mörgum frv., sem flutt eru um staðsetningu stofnana, og ég hygg, að það muni vera óvíða í heiminum, að staðsetning yfirleitt allra stofnana eigi sér alltaf stað í höfuðborg landsins. Nú má enginn skilja orð mín á þann veg, að ég sé andstæðingur Reykjavíkur eða höfuðborgarinnar, heldur held ég, að hagsmunir höfuðborgarinnar og landsbyggðarinnar hljóti að fara saman með því að staðsetja hinar ýmsu stofnanir, sem þjóðfélagið vill starfrækja, sem víðast á landinu til þess að skapa jafnvægi í byggð. Ég held einnig, að það verði höfuðborginni til mikils framdráttar, sérstaklega þegar fram líða stundir, að viðhalda landsbyggðinni og efla hana og það eigi að vera hægt að efla bæði höfuðborg og landsbyggð, en ekki landsbyggð á kostnað höfuðborgar eða höfuðborg á kostnað landsbyggðar.

Ég skal játa það, þó að litið verði á það sem heldur þröngan hugsunarhátt, að ég hefði talið, að

fiskvinnsluskóla hefði ekki síður mátt starfrækja á Vestfjörðum en víða annars staðar. Vestfirðir hafa það sér til ágætis, að þar vinna tiltölulega fleiri menn við fiskveiðar og fiskvinnslu en nokkurs staðar annars staðar á landinu, nema ef vera skyldi í Vestmannaeyjum, sem eru mjög hliðstæðar Vestfjörðum að þessu leyti. Á Vestfjörðum er líka mjög mikil fjölbreytni í fiskveiðum og fiskframleiðslu, og þar eru ekkert síður en í Vestmannaeyjum ágæt frystihús, ágætar fiskvinnslustöðvar, en hins vegar má aftur segja, að rannsóknastarfsemi fiskiðnaðarins sé hér í Reykjavík. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé engin ástæða til þess að láta yfirleitt allar rannsóknastofnanir atvinnuveganna vera hér í Reykjavík. En ef við ákveðum alltaf, að allt skuli vera í Reykjavík, þá verður auðvitað ómögulegt að koma neinu á stofn annars staðar.

Þeir, sem voru ákaflega staðbundnir og fluttu sérstakt frv. um fiskvinnsluskóla eða fiskiðnskóla — held ég nú, að það hafi heitið — vildu staðsetja þessa skóla í sínu kjördæmi. Hv. 3. þm. Sunnl. vildi hafa skólann í Vestmannaeyjum, sem var mjög eðlilegt sjónarmið bæði frá hans sjónarmiði séð og margra annarra, og sömuleiðis vildi hv. 2. þm. Reykn. staðsetja þennan skóla í Keflavík. Nú sé ég, að þeir hafa allir fallizt í faðma í sjútvn. þessarar hv. d., og í frv. um fiskvinnsluskóla, sem búið er að bíða eftir í jafnmörg ár og raun ber vitni og hefur legið í skúffu uppi í virðulegu rn. í mörg ár, kemur í ljós mikið frjálslyndi og ofrausn, því að það á að byggja fullkominn fiskvinnsluskóla hér í Reykjavík á fjórum fræðslustigum og jafnframt á þegar að taka upp tvö skólastig í Vestmannaeyjum. Og hv. 2. þm. Reykn. fær einnig sína huggun, því að það á að byrja undirbúning að þriðja skólanum á Suðurnesjum, og þar að auki eru gefin mjög elskuleg fyrirheit — til þess að sætta alla aðra — um, að það eigi að byrja undirbúning á tveggja stiga fiskvinnsluskóla í öllum landsfjórðungum. Það er ekki að spyrja að því hjá Íslendingum. Þegar þeir hafa loksins ráð á því að byggja fyrsta fiskvinnsluskólann, þá eru ekki skornar við nögl framkvæmdirnar.

Ég hygg, að það verði ekki um það deilt, að ekki sé æskilegt, að þm. almennt flytji svona mál eins og um staðsetningu fiskvinnsluskóla á þessum stað eða hinum. Í stað þess, að byggðar verði upp ágætar stofnanir, endar það kannske með því, að innan ekki langs tíma verða þetta orðnar kannske 6—8 eða jafnvel 10 stofnanir, ef fyrir lægju áætlanir um það, hvar ríkisvaldið vildi staðsetja þetta eða hitt, og það væri ákveðið, þegar farið væri út í einhverja ákveðna framkvæmd að staðsetja ætti þessa stofnun á þessum stað og aðra á hinum. Það er ekki þar með sagt, að Vestmannaeyjar mundu endilega vilja fá þessa ákveðnu stofnun, ef vitað væri, að það væri búið að ákvarða það, að aðrar ættu að vera staðsettar í Vestmannaeyjum. Við þurfum auðvitað að ná samkomulagi um þessa hluti og sýna það víðsýni, sem er nauðsynlegt.

Ég ætla ekki, fyrst hv. sjútvnm. Ed. hafa fallizt í faðma í þessu máli, að flytja sérstaka brtt., en ég get ekki látið hjá líða að láta í ljós fyllstu óánægju mína með það, að inn í þetta frv. tók rn. þá ákvörðun að staðsetja fiskvinnsluskóla í Reykjavík ofan á allar þær stofnanir, sem fyrir eru, sem ríkisvaldið hefur sett á stofn, því að sannarlega var það ástæðulaust með öllu. Ég ætla ekki að fara í meting um það, hvað gert hefur verið af hálfu ríkisvaldsins í hinum einstöku kjördæmum, en á sviði atvinnulífs og atvinnuframkvæmda veit ég ekki til, að ríkið eigi eitt einasta fyrirtæki í Vestfjarðakjördæmi, og í verzlun og viðskiptum veit ég ekki til, að það eigi nema eitt fyrirtæki, sem er áfengisútsala á Ísafirði, en hún hefur ekki orðið til atvinnuaukningar á staðnum, heldur mjólkurkýr fyrir ríkissjóð. Hins vegar kann einhver að segja: Ja, eruð þið ekki að fá menntaskóla þarna á Vestfjörðum? Jú, sannarlega er það rétt. Það hefur verið tekin ákvörðun um það, en ekkert hús er enn þá risið af grunni, og starfsemi hins unga menntaskóla er í gömlum barnaskóla, sem kaupstaðurinn á sínum tíma reisti. Ég vil aðeins ítreka þá skoðun mína og beina þeim tilmælum til þeirra, sem eru í ríkisstj., og sömuleiðis til þeirra, sem jafnvel eiga eftir að vera í ríkisstj., að gerðar verði áætlanir um staðsetningu stofnana og mannvirkja í þessu landi af meiri framsýni en gert hefur verið.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég mun nú verða mjög fáorður. Hv. 2. þm. Vestf. gerði hér í ræðu sinni ýmsar skemmtilegar aths., sem freistandi væri að ræða nánar og í ýmsu var ég alveg sammála honum. En ég ætlaði að spyrja hv. frsm. sjútvn. nánar um eina af brtt. n. Í 3. tölul. brtt. er lagt til, að 6. gr. orðist þannig: „Skólinn skal staðsettur í Reykjavík.“ Er það orðalag stjfrv. „Auk þess skal stofnaður fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum . . .“ o. s. frv. Ég vil spyrja frsm., hvort það sé ætlun n., að þessi fiskvinnsluskóli verði stofnaður í Vestmannaeyjum samtímis aðalskólanum í Reykjavík, eða hvort stofnunartími skólans í Vestmannaeyjum sé óákveðinn.

Í öðru lagi vil ég aðeins segja það, að þegar hv. frsm. var að telja fram rök gegn því, að aðalstöðvar fiskvinnslukennslunnar yrðu annars staðar en í Reykjavík, þá sá ég það, að ég þurfti í engu að svara, vegna þess að ég var búinn að gera þetta að umræðuefni áður og lýsa aðstöðunni, þ. e. að hún er alveg eins fyrir hendi hér í næstu stóru verstöðvunum, t. d. Keflavík og Vestmannaeyjum, og í Reykjavík og hún er að verulegu leyti fyrir hendi einnig annars staðar á landinu. En það er eins og sagan endurtaki sig í þessum efnum. Þó að menn ræði mikið um nauðsyn þess að dreifa stofnunum ríkisins, verður lítið úr, þegar að því kemur að gera það. Það er eins og hjá Páli postula, sem sagði: Það góða, sem ég vil gera, geri ég ekki, en það vonda, sem ég vil ekki gera, það geri ég.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Vegna fsp. hv. 1. þm. Norðurl. e. varðandi Vestmannaeyjaskólann vil ég svara því til, að það er ætlun sjútvn., að sá skóli byrji samtímis skólanum hér í Reykjavík. Það hefur verið upplýst, að Vestmannaeyingar væru allmikið búnir að undirbúa þetta

mál, og eru þeir jafnvel tilbúnir að fara af stað með skóla sem þennan, hvort sem lög um hann verða samþ. á þessu þingi eða ekki. Þetta er ástæðan fyrir því, að skólinn í Vestmannaeyjum er tekinn sérstaklega fram yfir aðra skóla.

En ég vil svo, úr því að ég er kominn hingað í ræðustól, aðeins undirstrika það, sem ég sagði áðan, að ég tel, að það geti verið miklum erfiðleikum bundið að koma fljótt upp skólum af þessu tagi víða um land vegna skorts á kennslukröftum. Ef menn athuga frv., þá er í 13. gr. þess gert ráð fyrir, að helztu bóklegar námsgreinar skuli vera: fiskvinnslufræði, vél- og teiknifræði, vinnuhagræðing, framleiðslufræði og verkstjórn, gæðaeftirlit og tölfræði, markaðsfræði, rekstrarbókhald, lög og reglur um fiskvinnslu og fiskmat, hafliffræði, efnafræði, lífefnafræði, gerlafræði og hreinlæti, eðlisfræði, stærðfræði, íslenzka, svo og rannsóknastofustörf, m. a. í efnafræði, lífefnafræði, gerlafræði og eðlisfræði.

Mér er kunnugt um það, að jafnvel í stærri bæjum úti um land er erfitt að fá kennara í sumum af þessum fögum, sem þarna eru upp talin, þótt ekki sé um að ræða sérhæfða skóla eins og þann, sem við erum að tala um núna. Og ég hygg, að það séu fullgild rök fyrir því, að skortur á kennurum í mörgum þessum fögum hljóti að standa í vegi fyrir því, að hægt sé að fara af stað með marga slíka skóla samtímis víðs vegar um landið. Fyrsta sporið hlýtur að vera það að koma upp einum vönduðum skóla, sem geti orðið eins konar móðurskip fyrir aðra skóla, þannig að hann undirbúi menn jafnhliða undir það að fara í kennslu og í hin almennu störf í þeirri iðngrein, sem við erum að tala um. E. t. v. hefði það verið réttasta byrjunin, hvað þetta snertir, að ákveða að senda tiltekinn hóp manna í sérnám í þeim greinum, þar sem kennaraskortur er mestur, kosta þá til náms til útlanda til þess að sérmennta sig og búa sig undir kennarastörf. En úr því að þannig hefur ekki verið farið að, heldur ákveðið að stofna þegar skóla, þá verður að byggja hann þannig upp, að hann sjái öðrum skólum, sem síðar kynnu að verða stofnaðir, fyrir kennslukröftum. Það vona ég, að geti orðið varðandi þann skóla, sem við erum nú að ræða um.

ATKVGR.
Brtt. 542 tekin aftur.
Brtt. 560 tekin aftur.
Brtt. 635,1 samþ. með 29 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 635,2 samþ. með 30 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 635,3 (ný 6. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv.
7.—9. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
10.—11. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 635,4 samþ. með 31 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 635,5 samþ. með 30 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
15.—16. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
17. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 658).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 75. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 76. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Svo sem þegar er kunnugt af umr. í hv. Nd., er þetta frv. þaðan komið og flutt af hæstv. menntmrh., enda heyrir málið undir hann, eins og nú er komið málum. Með starfsskiptingu ráðh. frá næstsíðustu áramótum skulu öll skólamál heyra undir það rn. En í fjarveru hans nú vildi ég segja aðeins örfá orð, til þess að ekki þyrfti að taka málið hér út af dagskrá af þeim sökum. Við athuganir og undirbúning á þessu frv. hefur verið höfð hliðsjón af hliðstæðum skólum sérstaklega í Noregi, en málið var fengið í hendur n., sem átti að hafa með höndum að gera tillögur og endurbætur um eðlileg tengsl á hinum ýmsu fræðslustigum. Í nefnd þessari áttu sæti: Andri Ísaksson, forstöðumaður skólarannsókna menntmrn., sem var form. n., Bjarni Kristjánsson, skólastjóri Tækniskóla Íslands, Gunnar Bjarnason, skólastjóri Vélskóla Íslands, Jóhannes Zoëga, verkfræðingur, Magnús Jónsson, skólastjóri Ármúlaskóla, Óskar Hallgrímsson, formaður iðnfræðsluráðs, Stefán Guðjohnsen, tæknifræðingur, Þór Sandholt, skólastjóri Iðnskólans í Reykjavík og Þorbjörn Sigurgeirsson prófessor, deildarforseti verkfræði- og raunvísindadeildar Háskólans. Fundarritari n. var Guðný Helgadóttir.

Hv. sjútvn. Nd. gerði á þessu þær breyt., sem einnig fylgja hér með á sérstöku þskj., að þó að gert sé ráð fyrir staðsetningu skólans í Reykjavík samkv. frv., þá verði einnig heimiluð stofnun fiskvinnsluskóla á öðrum stöðum og þá fyrst og fremst í Vestmannaeyjum, stærstu verstöð landsins, en einnig víðar um landið, eftir því sem nánara greinir frá á nefndu þskj. Ég held annars, að þskj. fylgi það ræki leg grg. og aths. um einstakar gr. þess, að óþarft sé að hafa um það langa framsögu, en ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn. (**Gripið fram í:** Það var sjútvn.) Var það sjútvn.? Það mun hafa verið í sjútvn., og legg ég til, að það verði sent til sömu n. hér, og legg eindregið til, að það verði samþ. í þeirri mynd, sem hv. Nd. gekk frá málinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 658, n. 727).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft til athugunar frv. til l. um fiskvinnsluskóla og leggur til, að frv. verði samþ. með smávægilegri breytingu. Í fyrsta lagi teljum við rétt, að staðsetning skólans verði ekki ákveðin fyrir fram, þannig að hann skuli ákveðið staðsettur í Reykjavík. Við teljum, að fleiri staðir en Reykjavík ein komi til greina, og mér var kunnugt um það, að svo var einnig álit þeirrar n., sem upphaflega gerði drög að þessu frv. Segja má, að þegar á það er litið, hvað Íslendingar eiga mikið undir sjávarafla og vinnslu sjávarafurða, þá sé það vonum seinna, að komið sé á fót slíkri menntastofnun, sem hér um ræðir. Það mun hafa verið árið 1966, sem sett var á stofn svokölluð fiskiðnskólanefnd, og var formaður þeirrar n. Hjalti Einarsson efnaverkfræðingur. N. þessi, sem var allfjölmenn, hélt marga fundi um málið og skilaði síðan áliti. N. aflaði sér m. a. ítarlegra upplýsinga um þessi mál og um það, hvernig þeim væri skipað í nágrannalöndunum. Sérstaklega var athugað um það í Noregi, á hvaða stigi fiskiðnfræðsla hjá þeim væri. Það kemur fram í aths. við frv., að sú n., sem skipuð var þann 10. júlí s. l. og endanlega samdi það frv., sem hér liggur fyrir, hefur að verulegu leyti byggt á þeim álitsgerðum og till., sem fyrir lágu um málið.

Eins og fram kemur á þskj. nr. 635, bar sjútvn. Nd. fram nokkrar brtt. við frv. við afgreiðslu málsins í þeirri d. Ég tel, að allar þær breytingar hafi verið til bóta. Þá vil ég geta þess, að önnur breytingin, sem sjútvn. þessarar d. hefur leyft sér að bera fram, er einnig við 6. gr., en hún er um það, að á árunum 1972—1975 skuli enn fremur undirbúa stofnun fiskvinnsluskóla 1. og 2. stigs á Akranesi auk Suðurnesja, eins og þar stendur. Akranes er, svo sem kunnugt er, allmikill fiskibær. Auk útgerðar eru þar fjögur frystihús, tvær niðursuðuverksmiðjur, reykhús og fiskmjölsverksmiðja. Það er því augljóst mál, að á Akranesi er full þörf fyrir menntastofnun þá, sem hér um ræðir.

Í 14. gr. frv. eru taldar upp þær helztu verklegar námsgreinar, sem kenna skal við skólann. Er það meðferð á nýjum fiski, ísun, flökun, frysting, söltun, flatning, síldarsöltun, herzla, reyking, niðursuða, framleiðsla fiskrétta, lifrarbræðsla, fiskmjölsframleiðsla o. s. frv. Allt eru þetta stórir þættir í okkar útflutningsframleiðslu, en sem verulega hefur skort á, að einstaklingar gætu aflað sér menntunar eða kunnáttu í að vinna að. Að vísu hafa um alllangt skeið verið starfrækt námskeið í fiskmati undir leiðsögn Fiskmats ríkisins, og hafa þessi námskeið komið að nokkru gagni.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að orðlengja frekar um frv., en vænti þess, að brtt. n. verði samþ. og frv. þannig breyttu síðan vísað til 3. umr.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Í sjálfu sér hef ég ekki miklu við það að bæta, sem frsm. sjútvn. greindi hér frá. Við vorum allir sammála um það að veita þessu frv. stuðning og lýsa ánægju okkar yfir því, en ég vil þó undirstrika það, að með samþykkt á þeirri brtt., sem fyrir liggur, lýsum við raunar yfir, að eðlilegt sé, að skólinn sé ekki staðsettur í Reykjavík og ekki sé ástæða til þess að draga alla skóla landsmanna í einn hnapp hér í Reykjavík, sem þjónar svo miklu hlutverki, eins og þessi skóli á að gera líka, sem á að vera fiskvinnsluskóli og á að mennta menn til frekara framhaldsnáms og útskrifa fiskvinnslufræðinga, sem geta svo aftur verið leiðbeinendur og stjórnendur víða um land.

Það varð samkomulag í Nd. að leggja til, að fyrstu tvö stigin eigi skóla víða um landið, og við bætum hér — eins og greint var frá áðan í framsögu — Akranesi við, en við breytum ákvæði 6. gr. um staðsetningu skólans og segjum: Skólinn skal staðsettur á Suðvesturlandi. Ég get ekki látið hjá líða að greina frá ályktun í bæjarstjórn Hafnarfjarðar. Hún hefur mjög hvatt til þess, að það yrði gefinn kostur á því, að skólinn yrði staðsettur í Hafnarfirði. Það fer fram endurskipulagning á iðnskóla þar, og nýtt húsnæði er þar í undirbúningi, og einnig er kennaravandamálið hvorki minna né meira í Hafnarfirði en í Reykjavík. Aðgangur að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, sem er bundinn nokkuð þessu frv., er alveg jafnt fyrir hendi, hvort sem skólinn er staðsettur í Reykjavík eða Hafnarfirði, og möguleikar á því að nema margar fiskvinnslugreinar eru meiri í Hafnarfirði en í Reykjavík, ef út í það væri farið að gera samanburð á því. En því má sleppa hér. Það eru því alveg full rök fyrir því að líta í kringum sig, áður en menn vilja staðsetja skólann eða æðri stig hans hér í Reykjavík, vegna þess að engin ástæða er til þess að draga alla skóla landsins — sérstaklega á æðri stigum — til Reykjavíkur og sameina allt hér á einum bletti. Það yrði veruleg lyftistöng fyrir Hafnarfjörð og lægi vel við vegna Suðurnesja og vegna hráefnisöflunar að staðsetja skólann þar.

Ég hef hér í höndunum ályktanir varðandi þetta og tel ekki ástæðu til að eyða tíma hv. d. í að lesa það upp, en þar er lagt til, að öll atriði þessa máls verði athuguð gaumgæfilega og sú ákvörðun tekin, að skólinn verði staðsettur í Hafnarfirði.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég sé það, þegar ég les nál. um frv. til l. um fiskvinnsluskóla, að svo óheppilega hefur viljað til í öllum þessum hamagangi hér, að hvorugur fulltrúi Framsfl. í n. hefur haft tækifæri til þess að sitja þann fund, sem þetta mál var afgreitt á. Ég hygg þó, að því verði tæpast haldið fram og a. m. k. ekki með rökum, að fjarvist þeirra stafi af áhugaleysi framsóknarmanna á því, að fiskvinnsluskóli verði reistur, því að ég hygg, að á engan hv. þm. sé hallað, þó að frá því sé greint og því haldið fram, að þeir hv. þm. Ingvar Gíslason og Jón Skaftason hafi lengst allra manna flutt till. um það á Alþ., að slíkum skóla yrði komið á fót — eða síðan 1960, og hæstv. sjútvrh. hafa skipað n. — a.

m. k. tvær — til þess að ráða fram úr því vandamáli, hvernig þessum skóla verði fyrir komið. Ég sé ástæðu til þess að fagna því sérstaklega, að þetta langþráða mál er nú loksins að nálgast veruleikastigið, og vil gjarnan, að það komi fram hér við þessa umr. málsins.

Ég ætlaði að öðru leyti ekki að lengja umr. að marki. Hv. sjútvn. hefur gert þá breytingu á frv. frá upphaflegu formi, að skólinn skuli vera staðsettur á Suðvesturlandi í stað Reykjavíkur, eins og frv. gerir ráð fyrir. Í upphaflega frv., sem var víst aldrei lagt fram af hæstv. ríkisstj., en einhverjir lögðu þetta frv. þó fram, var einmitt ákveðin staðsetning þessa skóla á Suðvesturlandi. Hæstv. ríkisstj. eða n. sú, sem hún skipaði til þess að kanna þetta mál — verk- og tæknimenntunarnefnd, hygg ég, að hún sé kölluð — hefur lagt til grundvallar sínu starfi frv. fyrri nefndar. Hún hefur breytt í því nokkrum atriðum. Þetta er eitt þeirra. Ég skal ekki leggja neinn dóm á það, hvar þessi skóli sé bezt staðsettur, og það er vissulega alveg rétt, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að ástæðulaust er og raunar rangt að hrúga öllum skólastofnunum og menntastofnunum landsins á einn stað — í Reykjavík. En ég bendi á það og hlýt að benda á það, að af einhverjum ástæðum hefur sú n., sem tók fyrra frv. til endurskoðunar, komizt að þeirri niðurstöðu, að skólinn væri þrátt fyrir allt bezt staðsettur í Reykjavík, og ég held þess vegna, að það sé alveg ástæðulaust, að menn séu að túlka væntanlega lagasetningu eða leggja í hana meiri merkingu en orðin segja.

Í brtt. hv. sjútvn. segir, að skólinn skuli staðsettur á Suðvesturlandi. Það hlýtur að verða mat þeirra, sem framkvæmd hafa með höndum að ákveða, hvaða staður verður fyrir valinu á Suðvesturlandi, og þessi breyting, þótt samþykkt verði, útilokar ekki, að skólinn verði staðsettur í Reykjavík, ef það verður niðurstaða þeirra, sem hrinda málinu í framkvæmd. Með þessum skilningi tel ég einsýnt, að allir hv. dm. geti sameinazt um þessa brtt. En það mætti alveg segja mér, án þess að ég vilji neinn dóm um það fella, að verk- og tæknimenntunarnefnd hafi við nánari athugun komizt að því, að hér séu þrátt fyrir allt þeir starfskraftar, sem þessi skóli þarf við að styðjast, fremur en á öðrum stöðum, t. d. rannsóknastofnanir sjávarútvegsins ýmsar, matsstofnanir sjávarútvegsins og sölusamtökin. Hér eru fiskiðjuver með fjölbreyttri fiskvinnslu. Þannig get ég ekki annað séð en Reykjavík uppfylli þessi skilyrði. Það er alveg sjálfsagt að mínu mati að staðsetja skólann annars staðar, ef skilyrði þar eru jafngóð til þess. En umfram allt verðum við þó að fá þennan skóla, sem svo lengi er búið að bíða eftir, settan, þar sem hann gerir mest gagn fyrir sjávarútveginn í landinu. Það verður engin tiltakanleg lyftistöng fyrir Reykjavík, þótt þessi skóli bætist hér við, og ég er ekki að flytja hér mál Reykjavíkur, þó að ég segi þessi orð, heldur fyrst og fremst mál skólans, þannig að það verði tryggt, að hann verði þar niður settur, sem hann hefur mesta möguleika á því að gegna sínu vissulega þýðingarmikla hlutverki fyrir sjávarútveginn í landinu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 727,1 —2 samþ. með 12 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

7.—17. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 778).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 82. fundi í Nd., 2. apríl, skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 799).

---

46. Laun forseta Íslands.

Á 34. fundi í Sþ., 16. marz, var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 3, 6. marz 1964, um laun forseta Íslands [267. mál] (stjfrv., A. 523).

Á 66. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það segir svo í stjórnarskránni, að laun forseta Íslands skuli ákveðin með lögum, og þannig hefur það verið og ákveðin launaupphæðin, 35 þús. kr., þegar það seinast var ákveðið. Ef þessu ætti að halda svo áfram, þá yrði Alþ. á hverjum tíma, þegar launabreytingar eru, — a. m. k. ef veruleg ástæða þykir til að breyta launakjörum forseta — að ákveða þau. Við athugun á því, hvernig endurskoða skyldi laun forsetans hefur nú komið upp sú hugmynd, að sennilega væri það eðlilegast eins og komið er, að Alþ. afsali þessu valdi sínu með löggjöf til kjaradóms og kveðið verði þá á um það, að laun forsetans séu ákveðin af hálfu kjaradóms eins og laun ráðherra og hæstaréttardómara eru nú. Þetta er efni málsins og vænti ég, að góð samstaða geti orðið um það og fljót afgreiðsla á þessu máli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 523, n. 595).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta mál til meðferðar og eins og nál. á þskj. 595 ber með sér, leggur hún einróma til, að það verði samþ. En efni frv. er, eins og hv. þdm. er kunnugt, það, að framvegis verði það ekki Alþ. eins og verið hefur, sem ákveði laun forseta Íslands, heldur verði þau ákveðin af kjaradómi. Fjhn. lítur þannig á, að eðlilegt sé að gera slíka breytingu og leggur því til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla sízt að hafa á móti því, að lögin um laun forseta Íslands séu endurskoðuð og launakjör hans bætt, því á því er greinilega full þörf, og ég ætla ekki heldur að draga úr því, að það sé að ýmsu leyti þunglamaleg meðferð, að Alþ. þurfi að fjalla um það mál hverju sinni. En ég vildi einungis koma á framfæri aths. eða öllu heldur fsp. frá ólöglærðum manni, og sú fsp. fjallar um það, hvort þetta frv. hefur verið athugað frá því sjónarmiði, hvort það fær staðizt gagnvart tilteknu ákvæði í 9. gr. stjórnarskrár lýðveldisins. En í 9. gr. stjórnarskrárinnar segir, að því er ég fæ bezt séð, með skýrum stöfum, að Alþ. skuli ákveða laun forseta Íslands eða orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta og þeirra, sem fara með forsetavald."

Ég, sem eins og kunnugt er, er algerlega ólöglærður maður, dreg það nokkuð í efa, að hægt sé að túlka þetta ákvæði á þá lund, að Alþ. geti að vísu með sérstakri löggjöf falið öðrum aðila að fara með þetta ákvörðunarvald, sem því einu virðist ætlað að hafa samkvæmt stjórnarskránni. Ég geri að vísu ráð fyrir, að þetta atriði hafi verið athugað, ekki sízt með tilliti til þess, að hér er um stjfrv. að ræða og þrír hæstv. ráðh. eru löglærðir. En ég tel aftur á móti, að það væri afleitt og raunar ófært, ef einhver vafi kynni að leika á því, að þau lög eða sú meðferð, sem ákveða á með þessu frv. að því er varðar að ákvarða laun forseta Íslands, fær staðizt gagnvart stjórnarskránni. Það eru sem sagt upplýsingar um, hvort þetta hefur ekki verið rækilega athugað og hvernig, og hvort litið sé þannig á, að hægt sé að skilja þetta nokkuð skýra ákvæði stjórnarskrárinnar á þá lund, að Alþ. geti falið þetta vald öðrum í hendur. Það er þetta aðeins, sem ég vildi gjarnan fá upplýsingar um frá hæstv. fjmrh.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ákvörðun varðandi laun forseta Íslands heyrir að vísu ekki undir fjmrh., heldur forsrh., en þar sem hann er ekki staddur hér í d., þá hef ég að sjálfsögðu ekkert á móti því að svara þeirri fsp., sem hv. 5. þm. Reykn. varpaði hér fram. Að sjálfsögðu mun það vera kunnugt, að svo segir í stjórnarskrá lýðveldisins, eins og hv. þm. gat um, og þetta mál hefur verið sérstaklega athugað með hliðsjón af því ákvæði, og það er niðurstaðan, sem þetta frv. byggist á, — ella væri það ekki flutt, — að Alþ. sé heimilt að ákveða laun forseta með þessum hætti. Hér er að sjálfsögðu ekkert um það sagt, að Alþ. geti ekki hvenær sem er, ef því þykir henta, ákveðið það með öðrum hætti og tekið formlega ákvörðun um, hver launin skuli vera, en það er skoðun manna, að með þessu frv. sé á engan hátt skertur réttur Alþ., heldur ákveði það með þessum hætti að fela tilteknum opinberum aðila eða hlutlausum dómstóli, sem fer með launamál ríkisins, að ákvarða laun forseta. Sannleikurinn er sá, sem ég held að ekki þurfi að vera neinn ágreiningur um, að þetta er hið mesta vandræðamál að geta ekki haft á þessu annan hátt en þann, sem hefur verið að forsetalaun hafa verið ákveðin á Alþ. með fjárlögum, sem m. a. hefur leitt til þess, að þær breytingar, sem orðið hafa á launum, hafa ekki alltaf komið fram í launum forseta Íslands jafnóðum, þannig að þau eru orðin verulega á eftir að þessu leyti til. Það eru ekki einu sinni þær eðlilegu breytingar, sem verða á launum opinberra starfsmanna í samræmi við kjarasamningalögin, þegar almennar breytingar verða á launum í landinu, sem verka á laun forseta, þar sem ekki er talið heimilt, eins og lögin eru nú úr garði gerð, að svo sé, og þess vegna hefur þessi háttur verið á hafður. Ég skal játa, að það hefði auðvitað mátt hugsa sér annan hátt, sem hefði kannske verið enn þá ótvíræðara að væri heimill, og það væri sá, að Alþ. ákvarðaði, að laun forseta Íslands skyldu vera ákveðnu hlutfalli hærri en laun ráðherra, en þau eru að vísu ákveðin af kjaradómi einnig, þannig að það má segja, að það komi allt út á eitt. Ég held sem sagt og vil aðeins láta það kom hér fram, að þetta atriði hefur verið skoðað og það er álit manna, sem það hafa gert, að þessi ákvörðun, sem um er að ræða í þessum lögum, brjóti ekki í bága við umrædda stjórnarskrá.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég er að sjálfsögðu ekki þess umkominn að deila við löglærða menn um þetta atriði, en frá sjónarmiði leikmanns, sem les þetta tiltölulega skýra ákvæði stjórnarskrárinnar, þá virðist a. m. k. mjög orka tvímælis, hvort hægt er að skýra ákvæðið svo rúmt eins og hér virðist gert, og ég vildi koma þeirri ábendingu á framfæri, ef svo skyldi nú hafa verið, að þetta hafi ekki verið kannað niður í kjölinn.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 67. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 70., 71. og 75. fundi í Nd., 26. og 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Nd., 31. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá Ed. og var samþ. þar ágreiningslaust. Sú breyting er gerð hér frá því, sem nú gildir, að í stað þess, að laun forseta voru ákveðin í eldri lögum í ákveðinni krónuupphæð, þá er hér ákveðið í þessum lögum, að launakjör forseta Íslands skuli ákveðin af kjaradómi. Ríkisstj. sýndist það vera eðlileg samræming við þá þróun, sem orðið hefur í ákvörðun launamála frá eldri tíma, og hafði einnig athugað það sérstaklega, að slík afgreiðsla málsins mundi að beztu manna yfirsýn verða fullkomlega í samræmi við það ákvæði stjórnarskrárinnar, sem kveður svo á, að laun forseta skuli ákveðin með lögum. Ég vil því mega vænta þess, að um þetta mál verði ekki ágreiningur hér og leyfi mér að leggja til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjhn. með 29 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 523, n. 765).

Frsm. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Fjhn. hefur athugað þetta frv., sem er stjórnarfrv. Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja efni þess, sem öllum er kunnugt. N. var sammála um að leggja til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 804).

---

47. Húsnæðismálastofnun ríkisins (stjfrv.).

Á 57. fundi í Ed., 4. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins [234. mál] (stjfrv., A. 443).

Á 59. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Ég þarf nú ekki að hafa mörg orð um þetta litla frv., sem hér liggur fyrir, en skal þó segja þetta: Stjórnir verkamannabústaða víðs vegar um landið eru skipaðar á þann hátt, að bæjarstjórnir viðkomandi staða tilnefna þrjá í stjórnina, húsnæðismálastjórn tilnefnir tvo og verkalýðssamtökin á staðnum tilnefna einn, þannig að stjórnarmenn í þessum stjórnum eru sex. Nú hefur það komið á daginn, að þetta er ekki alveg það heppilegasta fyrirkomulag, sem hægt væri að hugsa sér, og hefur þess vegna verið tekið það ráð að leggja til, að húsnæðismálastjórnin tilnefni þrjá menn í stað tveggja manna nú. Með því verða stjórnarmenn sjö í stað sex áður. Ég ætla, að um þetta geti orðið samkomulag og málið afgreitt fljótlega, því að á ýmsum stöðum er beðið eftir tilnefningu af hálfu húsnæðismálastjórnar í þessar verkamannabústaðastjórnir. Ég leyfi mér svo að leggja til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 16 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 443, n. 563, 525).

Frsm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft þetta frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins til meðferðar, og á þskj. 563 kemur fram, að n. mælir með frv. óbreyttu, en einstakir nm. áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Það, sem hér mun vera um að ræða, er, að í frv. stendur „þrír eftir tilnefningu húsnæðismálastjórnar", en frv. fjallar um að fjölga um einn mann í stjórn verkamannabústaða. Ég hafði tal af hæstv. félmrh. og hann sagði mér, að hann skildi það persónulega, þetta hefði jafnan verið þannig framkvæmt, að eftir tilnefningu í stjórnir hefði verið kosið hlutfallskosningu. Ef við hins vegar færum að taka hér upp í þessu sérstaka tilfelli orðið hlutfallskosningu, þá gæti það þýtt vandamál í sambandi við fjöldamargar aðrar stjórnir og væri ekki að vita, hvað það þýddi. Ráðh. sem sagt lagði á það áherzlu, að um hlutfallskosningu ætti að vera að ræða, þó að ekki stæði það með orðinu hlutfallskosningar. En slíkt hefði verið gert undanfarið í fjöldamörgum stofnunum.

Að svo mæltu legg ég til, að frv. verði vísað til 3. umr.

Kristján Ingólfsson: Herra forseti. Ég þykist vita, að það sé rétt hjá hv. síðasta ræðumanni, að hæstv. félmrh. skilji marga hluti persónulegum skilningi, ég a. m. k. vonast til þess. En hitt þætti mér vænna um, að það hefði komið fram, hvernig stendur á því, að það er óskað breytinga á þessu frv. Það stafar nefnilega af því, að sá meiri hl., sem fyrir

er í húsnæðismálastjórn, hefur beitt þar valdi sínu — þrátt fyrir raddir frá félmrn. — til þess að koma í veg fyrir, að minni hl. fengi að láta kjósa hlutfallskosningu um menn í þessar stjórnir. Okkur finnst full ástæða til þess, mér og hv. 11. þm. Reykv., sem flytjum þessa brtt., að hér sé látin gilda sú venja í gegnum allt þetta atriði löggjafarinnar, að þar sem hluti húsnæðismálastjórnar er kjörinn hlutfallskosningu af Alþ., þá skuli og þær kosningar, sem fram fara af hálfu húsnæðismálastjórnar í aðrar stjórnir, heimilaðar á sama hátt og það skuli tekið fram í löggjöf, svo að meiri hl. hverju sinni geti ekki borið minni hl. ofurliði. Það ætti miklu frekar að styrkja þessa stofnun, að sem flestir aðilar á stjórnmálasviðinu ættu þarna aðild að, svo að ekki kæmi neitt einokunarbragð af stjórnunum. Það er þess vegna, sem ég óska eftir því, að hv. heilbr.- og félmn. taki mál þetta fyrir og athugi það gaumgæfilega, og það væri full ástæða til þess að kalla fyrir menn úr húsnæðismálastjórn og frá Húsnæðismálastofnun ríkisins til þess að athuga, hvað þar hefur gerzt.

ATKVGR.
Brtt. 525 tekin aftur.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 443, 525).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Ed., 24. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Mér skilst, að það hafi komið hér upp nokkur ágreiningur út af brtt., sem fram hefur verið borin á þskj. 525 þess efnis, að í stað orðanna „þrír eftir tilnefningu húsnæðismálastjórnar" komi „þrír kjörnir hlutfallskosningu af húsnæðismálastjórn". Nú er mér engin launung á því, að þetta frv. er fyrst og fremst fram borið vegna þess, að það var í húsnæðismálastjórn ágreiningur um það, hvort þessir menn skyldu kosnir hlutfallskosningu eða ekki, þessir tveir, sem áður var í lögum gert ráð fyrir, að húsnæðismálastjórn skyldi kjósa. Nú gæti það kannske — ég segi kannske — verið álitamál, hvort hlutfallskosning skuli fara fram, þegar aðeins tveir eru í kjöri, en þegar þrír eru, tel ég, að það sé ekki unnt að hafa kosninguna öðruvísi heldur en hlutfallskosningu.

Nú er ég ekki andstæður þessari brtt. þess vegna, vegna þess að ég meina, að það hljóti að fara fram hlutfallskosning, þegar um þrjá menn er að ræða. En mér hefur verið bent á, að þegar svona er og í lögum stendur, að þrír séu tilnefndir af sveitarstjórn og nú í frv. þrír af húsnæðismálastjórn og þessir síðari þrír séu kosnir hlutfallskosningu eftir þeirri breytingu, sem þar hefur komið fram, þá getur hugsazt, að það verði skilið þannig, að hinir þrír, sem kosnir eru af bæjarstjórninni, séu ekki kosnir hlutfallskosningu. Ég er ekki löglærður maður, en mér er sagt, að það sé eitthvað til þar, sem sé gagnkvæmar ályktanir eða ályktanir á móti því, sem tekin er ákvörðun um, þannig að þegar ákveðið er í einu tilfelli, að það skuli vera hlutfallskosning, þá geti menn dregið þá ályktun, að það sé ekki hlutfallskosning við aðrar sambærilegar kosningar, ef það er ekki tekið fram. Þess vegna held ég, að þá þurfi nú ekki í fyrsta lagi að taka fram, að þessir menn séu kosnir hlutfallskosningu, því að ég tel, að það sé sjálfsagt. En ég hræðist svolítið, ef það er tekið fram með þessa menn eina, að það verði til þess, að menn geti dregið andstæða ályktun um þá, sem ekki er ákveðið um, að hlutfallskosning skuli fara fram um. Þó að ég ætti að greiða hér atkv., þá vil ég segja, að ég mundi ekki hika við að greiða atkv. á móti þessari tillögu, sem hér er borin fram, af þessari ástæðu, ekki af því að ég sé efnislega á móti því, sem í tillögunni segir, heldur hinu, að það geti ekki leitt til ályktunar í gagnstæða átt um aðrar kosningar, sem gætu farið fram svipaðar annars staðar. Ég held þess vegna, að ég mundi vilja leggja til, að þessi tillaga á þskj. 525 verði felld, ekki af því að ég sé andstæður henni eða á móti henni, heldur vegna þeirrar gagnstæðu ályktunar, sem mætti draga af því, að hún væri samþykkt.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Við 2. umr. um þetta mál flutti ég ásamt öðrum hv. þm. tillögu til breytinga á kosningum í stjórn Húsnæðismálastofnunar ríkisins. Það var á stjórnum verkamannabústaða. Nú hefur hæstv. félmrh. lýst því eindregið yfir, að samkv. hans skoðun og túlkun rn. hans skuli þessa meðferð viðhafa að óbreyttum lögum. Ég tel mikilsvert að fá þessa yfirlýsingu fram, en sé ástæðu til þess vegna hennar að taka umrædda brtt. aftur.

ATKVGR.
Brtt. 525 tekin aftur.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 68. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 70. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta litla frv. þarf ekki langa framsögu. Það er komið frá Ed., þar sem það var samþ., að ég ætla, ágreiningslaust. Efni frv. er aðeins það, að húsnæðismálastjórn kjósi þrjá menn í stjórn verkamannabústaða í sveitarfélögum í stað þess, að í núgildandi lögum er ætlazt til, að hún kjósi tvo.

Ástæðan fyrir þessari breytingu er sú, að það hefur komið upp ágreiningur um það í húsnæðismálastjórn, hvort kjósa skuli þessa tvo menn hlutfallskosningu eða ekki, og ég tel réttast, til þess að um það þurfi ekki neinn úrskurð, heldur verði það sjálfsagt, þegar þrír menn eru komnir í kosninguna, að það verði höfð hlutfallskosning og þarf þá ekki lengur um það að deila. Ég tel, að þetta sé svo lítil breyting, að hún geti verið fljótlega afgreidd og leyfi mér að leggja til, að eftir þessa umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 22 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 443, n. 730).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft þetta mál til meðferðar og afgreitt það á fundi sínum 30. marz og mælir einróma með, að það verði samþ. óbreytt.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Með þessu frv. er lagt til að gera breytingu á lögum um skipun stjórna verkamannabústaðabygginga, sem hér voru samþ. á síðasta þingi. Nú er lagt til, að í stjórn verkamannabústaða skuli sitja sjö menn og þrír af þeim skuli tilnefndir af húsnæðismálastjórn. Þrír verða eftir sem áður kosnir af viðkomandi sveitarstjórn og einn af verkalýðsfélagi eða verkalýðsfélögum á staðnum. Ég er andvígur þessu frv. og sé enga ástæðu til þess að haga þessum málum þannig, að húsnæðismálastjórn hafi rétt til þess að skipa þrjá menn af sjö í þá framkvæmdastjórn, sem á að hafa með byggingu verkamannabústaða að gera í hverju byggðarlagi í landinu. Satt að segja var það mín skoðun, að réttur húsnæðismálastjórnar til þess að skipa tvo menn væri óþarflega mikill. Það er enginn vafi á því, að framkvæmdir í þessum málum verða að velta á heimaaðilum í hverju einstöku tilfelli og þá fyrst og fremst á sveitarstjórnunum, sem greinilega taka á sig talsvert miklar fjárhagsskuldbindingar í sambandi við þessar framkvæmdir, og þó að nokkurt fé sé lagt til þessa kerfis í gegnum hið almenna húsnæðismálakerfi, þá er engin ástæða til þess að Húsnæðismálastofnun suður í Reykjavík sé að fá þann rétt að skipa þrjá menn í framkvæmdastjórn slíkra framkvæmda í hverju byggðarlagi landsins. Ég tel, að sú skýring, sem gefin hefur verið á þessari tillögu, að upp hafi komið ágreiningur um það með hvaða hætti ætti að velja þessa tvo menn í byggingarstjórnirnar af húsnæðismálastjórn, hvort það væri gert með hlutfallskosningu eða hreinu meiri hluta vali, það sé ekki frambærileg ástæða á neinn hátt til þess að breyta um stjórnir félaganna. Ég tel það aðeins eðlilegt sanngirnismál, að þeir fulltrúar, sem valdir eru af hálfu húsnæðismálastjórnar í þessar framkvæmdastjórnir, séu valdir með hlutfallskosningu, en í mínum augum er þó hitt alveg aðalatriði, að það er engin ástæða til þess að gefa þessari yfirstjórn hér suður í Reykjavík þetta sérstaka vald. Tilnefningar slíkra stofnana, m. a. húsnæðismálastjórnar, á mönnum í stjórnir af þessu tagi hafa ekki gefizt þannig, að það sé nein ástæða til þess að auka á valdsvið þeirra, en draga úr valdsviði eðlilega kjörinna heimaaðila, sem eiga beinna hagsmuna að gæta í sambandi við þessar framkvæmdir.

Ég mun ekki flytja neina sérstaka brtt., en aðeins láta koma fram mína afstöðu til málsins, að ég er andvígur þessu frv.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. sagðist vera andvígur frv. og má vel vera, að hann sé það, það skal ég ekki segja um. Honum þóttu þau rök, sem hafa verið færð fram fyrir breytingunni, vera lítil, en nefndi þau þó. En ég skal bara bæta því við, að það reis upp ágreiningur í húsnæðismálastjórn um það, hvort þessi kosning skyldi vera hlutbundin eða ekki. Og það endaði með því, að í þeim tilvikum, sem komu til framkvæmda, þá var það meiri hl. n., sem kaus báða mennina og taldi sér ekki skylt að viðhafa hlutfallskosningar. Þess vegna er frv. fram komið. Minni hl. húsnæðismálastjórnar, þ. á m. flokksbróðir hv. þm., kærði þetta fyrir félmrn. Félmrn. hefur ekki farið út í að úrskurða um málið, en taldi auðveldast að leysa það á þennan hátt og þá verður auðvitað viðhöfð hlutfallskosning, þegar þrír eru kjörnir og þar með fá þrír aðilar möguleika til þess að tilnefna mann. Auðvitað tilnefna þeir heimamann. Hann segir, hv. þm., að þetta hafi gefizt illa. Ég veit ekkert, hvaða rök hann hefur fyrir því eða hvort þetta er bara fullyrðing út í bláinn, eins og stundum kemur fyrir hjá þessum hv. þm.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Já, það kemur sem sagt í ljós, að menn úr húsnæðismálastjórn hafa kært til ráðh. ákveðin vinnubrögð í n. og óskað eftir úrskurði hans um það, með hvaða hætti kosning þar skuli fara fram á tveimur mönnum, sem ákveðið var að kjósa samkv. lögum, og þá sá hæstv. ráðh. enga aðra leið en þá að breyta lögunum, til þess að hann gæti komizt hjá því að fella úrskurð í málinu. Hann treysti sér ekki til þess. Ekki get ég nú séð að það sé mikil röksemd fyrir því að breyta um stjórn í þessum félögum, að hæstv. ráðh. treystir sér ekki til þess að fella úrskurð í jafn einföldu máli eins og þessu. Það er vitanlega út af fyrir sig lítil huggun, þó að húsnæðismálastjórn tilnefni menn, sem eiga heima í viðkomandi byggðarlögum. Ég tel enga ástæðu til þess, að stofnun hér suður í Reykjavík eigi að fá rétt til þess að tilnefna af sinni hálfu þrjá fulltrúa af sjö í slíka framkvæmdastjórn eins og hér er um að ræða og allra sízt, að það sé nauðsyn á að gera það vegna þess, að einhver ráðh. treystir sér ekki til þess að fella úrskurð um einfaldan hlut. Afstaða mín til málsins er skýr. Ég er á móti þessu fyrirkomulagi og mun greiða atkv. á móti frv., tel, að það hafi verið ærið nóg, að húsnæðismálastjórn fengi að skipa tvo menn af sex. Í

rauninni hefði verið fullnóg fyrir hana að skipa aðeins einn mann, en hitt tel ég alveg fráleitt að veita henni þennan rétt, sem gert er ráð fyrir í þessu frv.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. telur það kappnóg, að húsnæðismálastjórn kjósi tvo menn í verkamannabústaðastjórnina á viðkomandi stöðum og hann getur náttúrlega haft sína skoðun á því. En ég vil bara benda á, að í lögum um verkamannabústaði eða um húsnæðismálastjórn, þar sem verkamannabústaðakaflinn er sérstakur kafli, segir, að þeir, sem þar kom til greina með byggingar, fái framlög eins og allir aðrir, sem fá lán hjá húsnæðismálastjórn, og auk þess fái þeir sérstök lán, sérstök fríðindi, sem ríkið greiðir að hálfu leyti. Það er þess vegna ekki út í bláinn, þó að húsnæðismálastjórn fái þarna 3/7 parta af framkvæmdastjórninni, því að húsnæðismálastjórn ræður undir venjulegum kringumstæðum ein þeim lánveitingum, sem húsnæðismálastjórnin veitir, og til viðbótar við það, sem húsnæðismálastjórn veitir þar, þá kemur stór upphæð með alveg sérstökum lánskjörum, sem húsnæðismálastjórn eðli málsins samkv. hlýtur að hafa mikla íhlutun um, hvernig veitt eru og hennar fulltrúar, sem valdir eru til þess að vera í stjórn viðkomandi verkamannabústaða hér. Ég tel þetta síður en svo um of, að húsnæðismálastjórn tilnefni þarna þrjá menn í staðinn fyrir tvo, þó að það sé ekki aðalatriði málsins fyrir mér, heldur hitt, að eðlileg hlutfallskosning fæst þá í málinu, en ekki þegar tveir eru kosnir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18:6 atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 805).

---

48. Kjördagur 1971.

Á 72. fundi í Ed., 23. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um kjördag við kosningar til Alþingis 1971 [293. mál] (stjfrv., A. 636).

Á 73. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Auður Auðuns): Herra forseti. Samkv. kosningalögum frá 1959 eiga almennar reglulegar kosningar til Alþingis að fara fram síðasta sunnudag í júnímánuði. Nú er talið, að betur henti, að kosningar fari fram nokkru fyrr og liggja til þess ýmsar ástæður. Ég ætla, að öllum þingflokkum hafi verið skýrt frá hugleiðingum ríkisstj. um, að kjördagur yrði 13. júní í n. k. alþingiskosningum, eins og lagt er til með þessu frv., og megi líta svo á, að menn séu yfirleitt sammála um, að það sé heppilegt. Síðustu alþingiskosningar fóru fram 11. júní fyrir 4 árum síðan, og er því umboð þm. fallið niður þann 11. júní n. k., og má segja, að að því leyti til komi þessi kjördagur, 13. júní, vel heim við það. Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. Það má þó aðeins taka fram eða minna á það, að kjörskrá á að leggja fram 2 mánuðum fyrir kjördag samkv. kosningalögunum og það á að auglýsa, hvar það verði gert hálfum mánuði fyrr — skemmri frestur þó í kaupstöðunum — og ætti þá eftir því núna um næstu mánaðamót að auglýsa framlagningu kjörskrár annars staðar heldur en í kaupstöðum. Ég skal ekki hafa fleiri orð um frv. Ég geri ekki tillögu um að vísa þessu til n., eftir því sem mér skilst, þá gerist þess eiginlega tæplega þörf, en hitt er að sjálfsögðu rétt, að frv. verði vísað til allshn., ef einhverjar óskir eru uppi um það.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Út af því, sem hæstv. dómsmrh. sagði, þá vil ég taka það fram, að það er rétt, að það hefur verið talsvert rætt um það, að heppilegt væri að kosningadagur yrði 13. júní, en hins vegar get ég ekki fallizt á það, sem mér fannst koma fram hjá hæstv. dómsmrh., að það lægi fyrir nú, að allir væru sammála um þetta. Ég hef einfaldlega ekki borið þetta undir minn þingflokk og vil því ekki vera með neinar yfirlýsingar hér á þessu stigi um það. En það skal ég gera, og málið er nú sjálfsagt svo einfalt, að það er ekki ástæða til að velta því í n., ef það fæst bara frestur á milli umræðna til þess að athuga þetta. Ég skal þá ekki heldur vera svo sérstaklega að ræða þetta hér. Það var nú raunar aðeins ein ástæða, sem hæstv. ráðherra benti á, að mér skildist, og það var þetta, að umboð þingmanna væri útrunnið um þetta leyti. Það má segja það. Á hitt ber náttúrlega að líta í þessu sambandi, án þess að það megi skoða sem andstöðu mína við þennan kjördag, að í kosningalögunum er ákveðið almennt og í eitt skipti fyrir öll, ef ekki er gerð breyting þar á, að kjördagur sé síðasti sunnudagur í júní, og það verður náttúrlega að álíta, að það hafi ekki verið ákveðið út í bláinn, heldur að vel yfirveguðu máli, t. d. með tilliti til samgangna, að þær væru orðnar það góðar á þeim tíma. Það getur nú verið erfitt að segja um það fyrir fram, hvenær samgöngur eru góðar eða ekki og þær geta náttúrlega brugðizt á ýmsum tímum. Ég vil sem sagt alls ekki lýsa því yfir nú, hver afstaða okkar framsóknarmanna verður til frv. þessa, en það er rétt, að það hefur verið talað um þetta, en hins vegar er það ofmælt, að við höfum samþykkkt nokkuð um þetta efni.

Björn Jónsson: Herra forseti. Það er vissulega rétt, sem hæstv. dómsmrh. sagði, að þeim hug-

myndum hefur verið hreyft hér alllengi, að kjördagur yrði ákveðinn núna 13. júní, en ég er hins vegar ekki sammála hæstv. ráðherra um það, að bara út frá því, að þessari hugmynd hefur verið fleygt manna á milli hér í þinginu, þá megi líta svo á, að fyrir liggi almennt samkomulag um þetta meðal þingflokkanna. A. m. k. hefur ekki verið leitað til míns þingflokks um neitt samþykki við þessari breytingu. Ég vil taka undir það með hv. 1. þm. Norðurl. v., að það er sitthvað, sem mælir gegn því, að þessi kosningadagur sé valinn, og persónulega finnst mér hann að ýmsu leyti óheppilegur. Við höfum rekið okkur á það í undirbúningi undanfarinna kosninga, — ég nefni sérstaklega 1963 — að samgöngur svo snemma júnímánaðar eru alls ekki alltaf í því lagi t. d., að eðlilegum fundarhöldum verði við komið. Það var alls ekki þá, og það getur auðvitað endurtekið sig. Á hitt er að líta líka í sambandi við þetta mál, að þegar kosningalögin voru samþykkt, held ég að allir hafi verið sammála um að velja þann kjördag, sem í þeim er ákveðinn, og því hefði verið eðlilegt að leita samráðs allra þingflokka, áður heldur en slíkt frv. sem þetta var borið fram, og allavegana finnst mér rétt og tek undir það með hv. 1. þm. Norðurl. v., að þetta mál verði athugað fyrir 2. umr., annaðhvort með því að vísa því til n. eða þá kannske öllu frekar með því móti, að þingflokkar ræði málið áður en það verður tekið til 2. umr. Mér finnst kannske eðlilegra, að slíkur háttur sé á hafður, m. a. með hliðsjón af því, að minn flokkur á t. d. ekki fulltrúa í þeirri n., sem um málið mundi fjalla. En sem sagt, ég lýsi því yfir, að ég læt það alveg ósagt mál á þessari stundu, hvaða afstöðu við í Samtökum frjálslyndra og vinstri manna tökum til málsins, en við munum að sjálfsögðu ræða það á réttum vettvangi og taka afstöðu til þess við síðari umr. málsins.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Mér finnst menn gerast nokkuð viðkvæmir í málum eins og þessu, en ég kvaddi mér hljóðs vegna þess, að það, sem dómsmrh. mun hafa sagt hérna, það hefur hann haft eftir mér, en ég tjáði honum, að ég liti svo á, að það væri samkomulag í þinginu um þennan kjördag. Nú segja menn, að þetta hafi ekki verið samþykkt sérstaklega í flokkunum og ekki borið sérstaklega undir þá. Þá tek ég á mig sökina af því, ef hér hefur eitthvað verið ofsagt. Ég held, að rétt væri að hafa þann hátt á að fresta umr., þannig að menn hefðu tækifæri til þess að ræða þetta við sína flokka. En ástæðan til þess, að ég sagði þetta við dómsmrh., sem spurði sérstaklega eftir því, var m. a. sú, að það var ekki aðeins, að hér væri fleygt á milli manna í þinginu, að kjördagur yrði 13. júní, heldur var ég á fundi með forsetum þingsins og formönnum þingflokka, áður en við fórum á þing Norðurlandaráðs, og við vorum að tala um þinghaldið þá, meðan á Norðurlandaráðsþinginu stæði. Þar var beinlínis talað um það, að minn hugur stæði til þess að ljúka þinghaldinu fyrir páska — og voru nokkrar fleiri samverkandi ástæður til þess, — en m. a. hafði ég orð á því þá, að þar sem í okkar huga væri hugmyndin um 13. júní sem kjördag, þá væri betra að ljúka þinginu fyrr en seinna vegna anna, sem allir þm. hafa hver í sínu kjördæmi, þegar almennar kosningar fara fram. Hann er nú svo stór þingflokkur hv. síðasta þm. hér, að ég get fyrirgefið honum, þó hann hafi ekki komið saman til þess að ræða um þetta, en það var formaður þingflokksins, Hannibal Valdimarsson, en ekki hann, sem var á þessum þingfundi. En eins og ég sagði í upphafi, ekki ætla ég að ýfa deilur um málið. Ég tek á mig sök á því, hafi ég mælt um of, en ég taldi mig hafa ástæðu til þess að líta á þetta með þessum hætti, bæði vegna þess, að það var opinberlega um þetta talað í blöðum og útvarpi og ég hafði átt þessar viðræður við formenn þingflokkanna. Og þó að ég hafi ekki beðið þá formlega að bera það undir sína flokka, þá höfðu engin andmæli gegn þessu borizt til mín, þegar dómsmrh. innti mig eftir þessu. Fleiri orð skal ég svo ekki um það hafa. Ég hef þá, eftir því að dæma, sem þessir hv. þm. hafa sagt, tekið of mikið upp í mig við hæstv. dómsmrh. Hann ber ekki sök á því, heldur ég. Ég vona, að menn geti nú jafnað þetta sæmilega friðsamlega.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 636).

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég lét það í ljós hér við 1. umr. þessa máls, að ég teldi mikinn vafa á því, að nokkur verulega haldbær rök væru fyrir því að breyta kosningadeginum frá því, sem í kosningalögum segir, en þar er ákvæði um það, að kosningadagur skuli vera síðasti sunnudagur í júnímánuði. Ég held, að það sé augljóst, að það hafi verið að vel athuguðu máli, að sá kjördagur var ákveðinn, og reyndar eru nú að mínu viti allar forsendur fyrir því að færa kosningarnar til með þessum hætti úr sögunni. Það gat átt rétt á sér á þeim árum, þegar síldveiðar voru einn af höfuðatvinnuvegum þjóðarinnar að sumrinu og sjómenn streymdu á haf út í byrjun júnímánaðar eða seinni hluta maímánaðar jafnvel, en ég tel, að það sé alla vega farsælast, að þessum kosningadegi sé haldið. Ég hygg, að á engum öðrum árstíma séu menn meira heima hjá sér heldur en seinni part júnímánaðar og af þeirri ástæðu sé eðlilegt, að kjördagurinn sé sá, sem í núgildandi lögum segir. Það er líka ljóst, að sé kjördagurinn valinn 13. júní, þá eru a. m. k. á því miklir möguleikar, að samgöngutruflanir séu mjög víða um land, ófærð á vegum einmitt yfir þann tíma, sem eðlilegt er, að frambjóðendur og flokkar kynni sig með fundahöldum um kjördæmin, og ég minnist þess frá fyrri kosningum, sem ég hef tekið þátt í, að þetta hefur reynzt mjög bagalegt og útilokað heilar stéttir frá því að taka nokkurn þátt í fundahöldum og kosningabaráttu og á ég þar alveg sérstaklega við bændur. Ég sé

því enga ástæðu til og hef ekki heyrt nein frambærileg rök fyrir því að breyta þeim lögum, sem nú gilda í þessu efni, og lýsi mig algerlega andvígan þessu frv. og mun greiða atkv. gegn því.

Dómsmrh. (Auður Auðuns): Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. lét orð falla í þá átt við 1. umr. um frv., að hann teldi kjördag 13. júní ekki heppilega valinn og hefur nú aftur látið í ljós þá skoðun sína og tjáð sig andvígan frv. Það er m. a. ein ástæða til þess, að rétt þykir að færa fram kjördaginn, og hún er sú, að þegar komið er fram undir júnílok, þá er komin meiri hreyfing á fólk og það hefur orðið töluverð breyting í rauninni á síðari árum að því leyti og sérstaklega, þegar komið er fram yfir þjóðhátíðardaginn. Ég minni á það, að við síðustu alþingiskosningar var kjördagur ákveðinn 11. júní. Að vísu var það þá ekki gert með lögum eins og nú, og ég minnist þess ekki, að þá hafi sá tími þótt óheppilegur eða það sætt aðfinnslum, að sá dagur var þá ákveðinn kjördagur.

Annars hafa menn sjálfsagt misjafnar skoðanir á því, hvenær kjördagur skuli vera, þegar breytt er frá ákvæðum kosningalaganna, og geri ég ráð fyrir, að það sýni sig þá í atkvgr., hvaða skoðun menn hafa á því.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10:1 atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:1 atkv.

Á 84. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 79. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 80. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá Ed. og hefur hlotið þar skjóta afgreiðslu. Ég hef talið mig hafa ástæðu til þess að ætla, að það muni ekki vera ágreiningur um þetta mál í þinginu og vænti, að það verði heldur ekki hér í Nd. Ég minni aðeins á það, að kjördagar hafa verið við tvennar síðustu kosningar — ég held ég muni það rétt — 7. júní og 9. júní. Hér er ráðgert að hafa kjördaginn 13. júní. Ég skal ekki fara um það fleiri orðum, en leyfi mér að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 636, n. 761).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Allshn. mælir með því, að frv. verði samþ. Allir nm. skrifa undir nál., en einn nm. með fyrirvara.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 807).

---

49. Náttúruvernd.

Á 50. fundi í Ed., 18. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um náttúruvernd [213. mál] (stjfrv., A. 370).

Á 52. fundi í Ed., 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Ed., 24. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Frv. þetta er að meginstofni til samið af nefnd, sem menntmrn. skipaði í júní 1968 í framhaldi af því, að í aprílmánuði það ár hafði Alþ. samþykkt þál., þar sem ríkisstj. var falið að láta endurskoða lög nr. 99/1928, um friðun Þingvalla, lög nr. 40/1956, um náttúruvernd, og semja nýtt frv. um náttúruvernd, friðun Þingvalla og þjóðgarða. Í nefndina voru skipaðir þeir alþm. Birgir Kjaran, formaður, Benedikt Gröndal, Eysteinn Jónsson og Gils Guðmundsson. Frv. nefndarinnar var lagt fyrir síðasta þing, en varð þá ekki útrætt. Nú hefur ríkisstj. gert nokkrar breytingar á því frv. og er frv. þannig lagt fyrir hið háa Alþ.

Nefndin taldi, að um friðun Þingvalla ætti að gilda sérstök löggjöf.

Fyrstu íslenzku lögin um náttúruvernd voru sett vorið 1956. Markaði sú lagasetning tímamót í viðhorfi löggjafarvalds til náttúruverndarmála hér á landi. Þótt þessi löggjöf sé ekki hálfs annars áratugs gömul, er engu að síður orðið nauðsynlegt að endurskoða hana. Ekki aðeins hefur áhugi alls almennings á náttúruvernd aukizt mjög verulega á undanförnum árum. Síaukin iðnvæðing og örar

samgöngubætur ásamt breytingum í búsetu hafa aukið skilning og ábyrgð stjórnvalda á skyldunni til þess að vernda náttúruauðæfi án þess þó að leggja óeðlilegan stein í götu heilbrigðrar og nauðsynlegrar atvinnuþróunar. Nefndin, sem er aðalhöfundur þessa frv., sagði réttilega í grg. með frv., að gera þurfi mjög víðtækar kröfur til framkvæmdaaðilans, sem falið sé að fjalla um náttúruverndarmál. Hlutur hans sé ekki einungis það að hindra afmarkaðar framkvæmdir, sem valdið geta náttúruspjöllum, hvort heldur það eru fegurðarspjöll eða eyðing náttúruminja, heldur verður hann að horfa fram á við og hafa frumkvæði að ýmsu því, sem beinlínis stuðlar að varðveizlu náttúrunnar eða gefa leiðbeiningar um skynsamlega nýtingu náttúruauðlinda. Bendir nefndin á, að þetta verkefni verði ekki rækt svo að vel sé, nema til komi aukin lagaleg stoð til aukinna náttúruverndarframkvæmda og aukið fé til þeirra. Í gildandi náttúruverndarlögum er framkvæmd náttúruverndarmála fengin í hendur náttúruverndarráði, sem menntmrh. skipar til fjögurra ára í senn. Auk þess er gert ráð fyrir náttúruverndarnefndum í hverju sýslufélagi og í kaupstöðum. Nefndunum var ætlað að eiga frumkvæði að náttúruvernd hverri í sínu héraði. En náttúruverndarráð skyldi samræma störf nefndanna og hafa frumkvæði um stærri mál og marka stefnu í náttúruverndarmálum almennt. Þessar stofnanir, náttúruverndarráð og náttúruverndarnefndir, hafa nú starfað í tæpan hálfan annan áratug. Á þessum tíma hefur náttúruverndarráð fjallað um milli 40 og 50 málefni, sem lúta beinlínis að friðlýsingu staða eða náttúruminja. Í nokkrum tilvikum hefur friðlýsing átt sér stað. Helztu málin, sem náttúruverndarráð hefur afgreitt, eru tengd Helgafelli í Vestmannaeyjum, Rauðhólum í Reykjavík, Grábrók í Norðurárdal, friðun dropasteinsmyndana í hellum, Hveravöllum, friðun sjaldgæfra jurta og Surtsey. Auk þessa hefur náttúruverndarráð haft afskipti af fjölmörgum málum, einkum í sambandi við náttúruspjöll af völdum efnistöku, þ. e. a. s. malarnám, sandnám og jarðnám. Þá hefur álits ráðsins verið leitað í sambandi við sumar meiri háttar verklegar framkvæmdir, t. d. kísilgúrverksmiðju við Mývatn, Gljúfurversvirkjun o. fl.

Á hinn bóginn hefur þátttaka náttúruverndarnefndanna í þessum efnum orðið minni en ætlazt var til í upphafi. Sjaldgæft hefur verið, að náttúruverndarnefndir hafi vakið máls á náttúruverndarframkvæmdum, og þess eru dæmi, að náttúruverndarnefndir hafi leyft framkvæmdir, sem náttúruverndarráð vildi síðar leggja bann við vegna náttúruspjalla. Náttúruverndarráð hefur ekki aðeins fjallað um verkefni, sem lúta að því, að vörður sé staðinn um einstakar náttúruminjar, yfirvofandi náttúruspjöll hindruð eða framkvæmdir stöðvaðar, sem taldar voru valda skaða. Annar mikilvægur þáttur í störfum náttúruverndarráðs hefur verið sá að beita sér fyrir stofnun þjóðgarða. Í stofnun þjóðgarðs felst það, að landsvæði er afmarkað og friðað, svo að fjölbreytileg náttúra fær þar að þróast eftir eigin lögmálum, jafnframt því, sem almenningi er auðveldaður aðgangur að svæðum til útivistar og náttúruskoðunar. Náttúruverndarráð hefur þegar beitt sér fyrir stofnun eins þjóðgarðs, að Skaftafelli í Öræfum, og var þar stigið stórt spor til varðveizlu sérstæðs og fagurs landsvæðis. Stofnun annars þjóðgarðs er í undirbúningi.

Í 1. gr. þessa frv. er fyllri skilgreining á því, hvert sé hlutverk náttúruverndar, en er í gildandi lögum. Í greininni segir, að tilgangur laganna sé að stuðla að samskiptum manns og náttúru, þannig að ekki spillist að óþörfu líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft. Lögin eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenzkrar náttúru eftir eigin lögmálum og enn fremur verndun þess, sem þar er sérstætt eða sögulegt. Enn fremur eigi lögin að auðvelda þjóðinni umgengni við náttúru landsins og auka kynni af henni.

Að því er varðar stjórn náttúruverndarmála er þeirri skipan núgildandi laga haldið, að yfirstjórn þeirra heyri undir menntmrn. Að öðru leyti felst í frv. nokkur breyting á skipan náttúruverndarmála frá því, sem nú er. Grundvallarhugmyndinni er þó haldið, en að því stefnt að gera náttúruverndarnefndir virkari en verið hefur til þessa. Ein helzta breytingin, sem þetta lagafrv. hefur í för með sér, er skipan náttúruverndarþings. Þar skulu saman koma þeir aðilar, sem hafa sérstaka þekkingu á náttúruverndarmálum, sérþekkingu á sviði náttúrufræða, hafa vegna sérstöðu sinnar það hlutverk að beita sér fyrir náttúruverndarframkvæmdum og hafa vegna stöðu sinnar hagsmuna að gæta, sem kunna að brjóta í bága við náttúruverndarsjónarmið. Er náttúruverndarþingi ætlað að ræða öll þau mál, sem varða almenna stefnumörkun í náttúruvernd. Þá á það enn fremur að verða vettvangur náttúruverndarnefnda, og ýmis áhugamannasamtök um náttúruvernd geta þar komið hugmyndum og skoðunum á framfæri, og þar yrðu einnig að koma fram skoðanir þeirra aðila, sem stöðu sinnar vegna eiga að sjá um hagnýtingu náttúruauðlinda til almenningsheilla.

Samkvæmt núgildandi lögum er náttúruverndarráð skipað sjö mönnum. Þar eru þrír forstöðumenn einstakra deilda Náttúrufræðistofnunar Íslands, þrír eru skipaðir af ráðh. samkv. tilnefningu félagasamtaka og einn er skipaður án tilnefningar og er hann jafnframt formaður ráðsins. Í þessu frv. er lögð megináherzla á að tengja sem flest þeirra félaga, sem starfa að náttúruverndarmálum, við náttúruverndarráðið. Tengiliðurinn er náttúruverndarþingið og er því hér gert ráð fyrir því, að þingið kjósi menn í ráðið. Því ákvæði gildandi laga er þó haldið, að menntmrh. skipi formann ráðsins, þar eð ákvæði náttúruverndarráðs eru háð samþykki menntmrh. Þá er gert ráð fyrir fastráðnum framkvæmdastjóra og skrifstofu, sem létti þeirri kvöð af náttúruverndarráði, að einstakir ráðsmenn þurfi að hafa dagleg afskipti af málum ráðsins.

Í upphaflegu frv. nefndarinnar voru ákvæði um náttúruverndarsjóð og fjáröflun til hans. Í stað

þeirra ákvæða hefur ríkisstj. sett ákvæði í 9. og 10. gr. þessa frv. um, að fyrir lok maímánaðar ár hvert semji náttúruverndarráð fjárhagsáætlun um útgjöld, sem ætla má, að leiði af framkvæmd laganna næsta almanaksárið. Kostnaður af framkvæmd laganna skuli greiddur úr ríkissjóði, eftir því sem fé er til þess veitt í fjárlögum.

Þá er rétt að vekja athygli á ákvæðum frv. um aðgang almennings að náttúru landsins og um umgengni almennings úti í náttúrunni, en ákvæðin um síðara atriðið eru í þessu frv. miklum mun fyllri en gildandi lagaákvæði. Óþarfa akstur svonefndra fjallabíla og dráttarvéla utan merktra bílaslóða hefur færzt mjög í vöxt á síðari árum. Hefur þetta haft í för með sér, að gróður í brekkum og gíghólar hafa verið rist í sundur af hjólbörðum ökutækja og vatn og vindar tekið síðan við og fullkomnað eyðileggínguna. Í frv. er náttúruverndarráði heimilað að leggja bann við slíkum akstri á tilteknum stöðum í tilteknum tegundum umhverfis eða á tilteknum árstímum. Þá eru og ítarlegri ákvæði en eru í gildandi lögum um rusl og frágang þess, svo og um frágang og staðsetningu sorphauga. Þau skylda alla landsmenn, hvort heldur eru einstaklingar eða sveitarfélög, að ganga þannig frá úrgangi, að náttúrulýti, náttúruspjöll eða hætta á mengun geti ekki af hlotizt. Þannig er sérhverjum ferðamanni bannað að fleygja frá sér eða skilja eftir rusl, sem er til hættu eða óþæginda. Vilji menn losa sig við rusl, er bannað að fleygja því í ár eða læki, jafnt þótt um straumþung fallvötn sé að ræða. Rusl ber að grafa í jörð með þeim umbúnaði að öruggt sé, að vindar eða vatn nái ekki til þess og þannig, að engin ummerki sjáist. Bannað er að fleygja rusli eða úrgangi frá atvinnurekstri og heimilishaldi í ár, læki eða sjó og óheimilt að safna úrgangi í hauga á almannafæri. Öllu sorpi verður að koma þannig fyrir á afviknum stöðum, að hvorki fjúki né úr því fljóti.

Varðandi mengun vatns í ám, lækjum, stöðuvötnum og brunnum gegnir sama máli og um frágang á sorpi. Mengun vatns og andrúmslofts eru meðal alvarlegustu og brýnustu viðfangsefna náttúruverndar. Mengun vatns á Íslandi vex hröðum skrefum ár frá ári, þó að enn séu aðstæður í þessu efni allt aðrar og betri en í flestum nálægum löndum. Nálægt þéttbýliskjörnum hér er ástand þessara mála þó orðið alvarlegt, svo sem í Reykjavík, Kópavogi og á Akureyri. Hér er að sjálfsögðu miklu stærra mál á ferð en svo, að unnt sé að gera því full skil í náttúruverndarlögum. Hér þarf einnig að koma til kasta laga um heilbrigðismál og hollustuhætti og vatnalaga. En mengunarvandamálið er svo alvarlegt og víðtækt, að ríkisstj. hefur þótt ástæða til þess að undirbúa sérstaka lagasetningu um mengun, og er hún í samningu á vegum menntmrn. Í því sambandi ber sérstaka nauðsyn til þess að samræma aðgerðir allra þeirra aðila, sem þessi mál varða.

Þá er þess að geta, að ákvæði þessa frv. um auglýsingar eru nokkuð frábrugðin ákvæðum gildandi laga. Frv. gerir ráð fyrir, að allar auglýsingar meðfram vegum eða annars staðar utan þéttbýlis verði bannaðar eins og núgildandi lög kveða á um. Hins vegar verði ekki á valdi náttúruverndarnefnda framvegis að veita undanþágu.

Þá er rétt að vekja athygli á ákvæðum um friðlýsingu, sem getur verið með ýmsu móti samkv. frv. Þau ákvæði frv. eru talin svara til nýjustu viðhorfa í náttúruvernd. Tegundir friðlýsingar samkv. frv. eru þessar: Náttúruvætti eru ólífrænar náttúrumyndanir, sem ástæða er til þess að vernda gegn eyðingu eða skemmdum. Þá er heimilt að friðlýsa ákveðna tegund jurta eða dýra, sem hætta er á, að eyðist eða skaddist, og er það nefnt tegundavernd. Tegundaverndin þarf ekki endilega að fela í sér veiðibann á dýrinu, heldur getur verið um að ræða bann gegn framkvæmdum, sem fyrirsjáanlega muni raska lífsskilyrðum tegundarinnar að verulegu marki. Þau landsvæði eru mörg, stór og smá, þar sem náttúran er með svo sérstæðum hætti, að mikilvægt er að friða þau í heild sinni og er slíkt friðað svæði nefnt friðland. Þegar landsvæði er afmarkað og friðað í því skyni, að náttúra þess fái að þróast eftir eigin lögmálum, en almenningi um leið auðveldaður aðgangur að svæðinu til útivistar og náttúruskoðunar, þá er talað um þjóðgarð. Þegar að því er stefnt, að fyrir hendi sé opið svæði til útivistar fyrir almenning, sem á ekki greiðan aðgang að náttúrunni, án þess að megintilgangurinn sé sá, að vernda eigi það, sem sérstætt eða mikilvægt er frá sjónarmiði náttúrufræði eða náttúrufegurðar, er talað um fólkvang.

Um framkvæmd friðlýsingar eru þau ákvæði í frv., að náttúruverndarráð skuli með aðstoð náttúruverndarnefnda kynna sér eftir föngum náttúruminjar, sem ástæða sé til þess að friðlýsa, og lönd þau, sem ástæða kann að vera til að lýsa friðlönd eða leggja til þjóðgarða eða fólkvanga. Er gert ráð fyrir því, að náttúruverndarráð semji skrá um slíkar minjar og slík lönd, náttúruminjaskrár. Ef náttúruverndarráð telur ástæðu til friðlýsingar eða annarra náttúruverndaraðgerða, skal það freista að komast að samkomulagi við þá, sem hagsmuna eiga að gæta. Ef fyrirhuguð mannvirkjagerð eða jarðrask veldur hættu á því, að landið breyti varanlega um svip, merkum náttúruminjum verði spillt eða hætta er á mengun lofts og lagar, er skylt að leita álits náttúruverndarráðs, áður en framkvæmdir hefjast. Virkjanir, verksmiðjur og önnur stór mannvirki skulu hönnuð í samráði við náttúruverndarráð. Ef náttúruverndarráð ákveður friðlýsingu og liggi ekki fyrir samþykki eigenda eða sveitarfélags þess, sem hlut á að máli, skal náttúruverndarráð semja tillögu að friðlýsingunni. Skal þeim, sem hagsmuna eiga að gæta, send tillagan til umsagnar. Ef mótmæli berast eða bótakröfur, getur náttúruverndarráð reynt samninga á ný. Ákvörðun náttúruverndarráðs um friðun eða friðlýsingu kemur ekki til framkvæmda fyrr en menntmrn. hefur lagt á hana samþykki sitt. Þegar fullnaðarákvörðun hefur verið tekin, skal birta hana í Stjórnartíðindum.

Að síðustu er þess að geta, að í bráðabirgðaákvæðum er svo kveðið á, að náttúruverndarráð,

sem nú starfar samkv. gildandi lögum, skuli starfa áfram unz náttúruverndarþing hefur kosið nýtt samkv. ákvæðum frv., en náttúruverndarþing skal kallað saman innan árs frá því að lögin tóku gildi, ef samþykkt verða.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að fagna framkomu þessa frv. Þess hefur verið beðið með nokkurri óþreyju síðan það var sýnt á síðasta þingi. Ég vil taka undir það, sem kom fram hjá hæstv. menntmrh., að hér er hreyft afar mikilvægu máli og líklega langtum mikilvægara en margir gera sér grein fyrir í dag. Það er sannfæring mín, að tiltölulega hreint umhverfi þessa lands og raunar umhverfi alls staðar verði veigameiri þáttur í lífskjörum einstaklingsins en nú er almennt skilið. Og raunar er það von mín, að í leitinni að bættu mannlífi verði meiri áherzla lögð á umhverfið og mikilvægi þess.

Ég hef hins vegar kynnt mér nokkuð þær breytingar, sem orðið hafa á frv. frá því í fyrra, og get ég ekki á mér setið að fara nokkrum orðum um þær.

Mér sýnast breytingarnar fyrst og fremst miða að því að draga úr sjálfstæði náttúruverndarráðs og harma ég það. Þetta er gert með tvennu móti fyrst og fremst. Í 32. gr. frv. er svo kveðið á nú, að allar ákvarðanir náttúruverndarráðs um friðun eða friðlýsingu komi þá fyrst til framkvæmda, að menntmrn. hafi lagt samþykki sitt á þær. Ég tel þetta miður. Mér finnst það skiljanlegt, að menntmrn. og ráðh. vilji hafa ákvörðunarvald, þegar mótmæli koma við tillögum náttúruverndarráðs, enda var svo ráð fyrir gert í því frv., sem sýnt var hér í fyrra, og sömuleiðis ef um mjög fjárfrekar aðgerðir er að ræða. Hins vegar tel ég, að þetta muni tefja mjög ýmsar framkvæmdir náttúruverndarráðs og það harma ég. Ég held, að náttúruverndarráð, sem valið er samkv. ítarlegum reglum þessa frv. og við verðum að gera ráð fyrir, að í sitji hinir færustu menn, eigi að hafa verulegt sjálfstæði til eigin ákvarðana.

Að öðru leyti er dregið úr áhrifum náttúruverndarráðs með því að svipta það þeim tekjustofni, sem því var ætlað til ráðstafana í náttúruverndarmálum.

Í fyrra frv. var ráð fyrir því gert, að settur yrði á fót náttúruverndarsjóður og til hans rynnu nokkrar tekjur, eins og nánar var þar fram tekið. Það má að vísu deila um það, hvort þeir tekjustofnar, sem þar var lagt til að rynnu til sjóðsins, væru eðlilegir eða ekki, en ég hefði talið æskilegra að kanna það betur, hvort aðrir stofnar væru réttari og jafnvel að bæta við þær tekjur, sem þar er gert ráð fyrir, fremur en að svipta náttúruverndarráð þessum sjálfstæða fjárhag. Þetta sýnist mér, að hv. þm. ættu að athuga, áður en þetta frv. er afgreitt héðan sem lög.

Þar sem ég efast um það, að ég fái tækifæri til þess að ræða um þetta mikilvæga mál aftur hér, þá langar mig jafnframt til þess að fara fáeinum orðum um nokkur ákvæði frv., sem mér virðast orka nokkuð tvímælis. Í 4. gr. er ákvæði um náttúruverndarþing, sem ég fagna og tel rétt spor. Hins vegar vil ég vekja athygli á því, að verulegar breytingar munu áreiðanlega verða í náinni framtíð á fjölda þeirra aðila, sem um náttúruvernd fjalla. Ég hygg, að þeim muni fjölga og fleiri koma þar til mála, og sýnist mér nokkuð vafasamt að binda þátttöku í náttúruverndarþingi með lögum og ég varpa fram þeirri spurningu, hvort ekki væri rétt að hafa þetta opnara, þannig að á þinginu megi fjölga með reglugerð.

Í kaflanum um aðgang almennings að náttúru landsins og umgengni eru fjölmörg atriði, sem nauðsynlegt er að íhuga mjög vandlega. Ég er í grundvallaratriðum sammála þeirri stefnu, sem þarna er tekin upp, að bæta eigi umgengni almennings fyrst og fremst með verulegri fræðslu eins og náttúruverndarráði er ætlað að hafa með höndum. Þessu fagna ég. En ég tel raunar, að ábyrg þátttaka í náttúruvernd af hálfu almennings fáist ekki fyrr en sú fræðsla er orðin ærið víðtæk. Hins vegar eru engu að síður sett hér ýmis ákvæði um bann við óhreinkun umhverfis og spillingu þess, sem ég satt að segja sé ekki, hvernig framkvæma á. T. d. er annað ákvæði 14. gr. orðað þannig: „Bannað er að saurga vatnsból eða spilla vatni, hvort heldur er rennandi vatn í ám og lækjum eða í stöðuvötnum og brunnum.“ Skyldi hann vera nokkur, sá bæjarlækur í þessu landi, sem ekki er spilltur að einhverju leyti af manna eða dýra völdum? Elliðaárnar hér í Reykjavík, bæjarlækurinn okkar, er mjög verulega spilltur, og veit ég ekki, hvernig úr því verður bætt, þannig að engin spilling verði af. Ég held, að það sé vafasamt að setja í lög bannákvæði, sem, þegar lög eru samþ., er ljóst, að ekki er framkvæmanlegt. Ég held, að það væri rétt í þessu sambandi að ákveða nánar um meðferð vatns í reglugerð, sem gefin verði út í anda þessara laga, en ég sakna þess, að ekki eru nema við einstöku grein ákvæði um reglugerð.

Einnig vakna spurningar í sambandi t. d. við það ágæta ákvæði, sem ekki er nýtt, að bannað er að fleygja frá sér rusli á víðavangi. Ég las það í grg. með frv. frá því í fyrra, að um það muni hafa verið rætt í nefndinni að setja ákveðin refsiákvæði eða sektir við slíkri umgengni, en frá því hafi verið horfið. Er það rétt? Víða erlendis, þar sem við ferðumst, jafnvel með þjóðvegum, sjáum við smekkleg skilti, sem gefa til kynna, að ákveðnar sektir liggja við því t. d. að varpa úrgangi úr bifreiðum o. þ. h., sem því miður tíðkast mjög hér á landi þrátt fyrir ákvæði, sem hafa verið í lögum og banna slíkt. Væri ekki þarna e. t. v. nokkur tekjustofn fyrir náttúruverndarráð og rétt að athuga, hvort einhverjar sektir ættu ekki að koma til? Að vísu skal tekið fram, að í 37. gr. frv. er gert ráð fyrir sektum eða varðhaldi við brotum gegn þessum lögum, en ekki kemur þó fram, hvernig þetta er ákveðið, í reglugerð eða á annan máta. Vera má, að til þess sé ætlazt, að þar komi eitthvert sektarákvæði í þessu sambandi.

Í 16. gr. er hreyft mjög mikilvægu máli um nauðsynleg hreinlætistæki á friðlýstum svæðum, sem mjög er ábótavant hér á landi. Ég fagna því. Það þarf að gera mjög mikið og myndarlegt átak á þessu sviði. Hins vegar sakna ég þess, að þetta skuli ekki vera betur fram tekið í sambandi við þjóðgarða, sem eru í grg. með frv. frá því í fyrra taldir ein mikilvægasta friðunaraðgerð, sem framkvæmd hefur verið hér á landi og meira að segja rætt um það, að þjóðgarðar, a. m. k. tveir, þurfi að vera í hverjum landsfjórðungi. Staðreyndin er sú, að það er alls ekki nóg að friðlýsa land með því að gera það að þjóðgarði, og raunar getur það verið hættulegt, ef jafnframt er ekki séð fyrir því, að aðstaða vaxandi fjölda manna, sem í þjóðgarðana hljóta að leita, sé stórlega bætt og tryggð.

Ég átti nýlega tal við bónda austan úr Öræfum, sem lýsti áhyggjum sínum yfir því, að við auglýsingu á þjóðgarðinum þar hefur mikill fjöldi manna streymt þangað, en aðstaða er bókstaflega engin, hvorki til þess að setja upp tjöld eða hreinlætisaðstaða eða gangstígir og þess háttar, og óttaðist hann, að landið lægi undir mjög verulegum spjöllum. Ég held, að það mætti gjarnan koma í þetta frv. ákvæði um það, að þegar land er lýst þjóðgarður, þá beri jafnframt að tryggja þar slíka aðstöðu. Þetta held ég, að sé mjög nauðsynlegt.

Ég hef verið að velta fyrir mér 20. gr. um fjarlægð frá flóðmáli og vatnsbakka og árbakka o. s. frv. Vera má, að ég misskilji þetta. Ég skil að vísu tilganginn með greininni og hann er góður, en er með þessu t. d. bændum bannað að reisa íbúðarhús sín nær en 100 metra frá vatnsborði áa og vatna? Tekið er fram, að þetta nái ekki til skipulagðra svæða. Bændabýli eru það ekki, að því er mér skilst, og sýnist mér ástæða til að skýra þetta nokkru nánar.

Og þannig mætti að vísu minnast á ýmis önnur ákvæði þessa viðamikla og mikilvæga máls. Ég vil þó láta nægja að minnast á það, sem ég hef nú rakið, en lýsa aftur, að ég harma þær breytingar, sem orðið hafa í meðferð ráðuneytisins, einkum að draga svo mjög úr valdi náttúruverndarráðs, eins og ég rakti í upphafi míns máls. Raunar get ég ekki að því gert, að mér finnst meðferð ráðuneytisins dálítið fljótfærnisleg. Ef til vill mótast þessi skoðun mín af atriðum eins og því, að í 34. gr. hefur gleymzt að breyta tilvísun í grein, sem breytt hefur verið um númer á. Vísað er í 29. grein, en á að sjálfsögðu að vera 28. Þetta er smáatriði, en hefur e. t. v. sín áhrif, og það breytir ekki því, að ég tel mjög rangt að draga svo úr sjálfstæði náttúruverndarráðs sem gert er. Ég vil svo að lokum fagna framkomu þessa frv. og leyfi mér að vona, að samþykkt þess efli mjög alla umhverfisvernd í okkar landi.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í grg. fyrir þessu frv., átti ég sæti í þeirri nefnd, sem vann að undirbúningi og samningu þess. Sú nefnd, sem skipuð var af hæstv. menntmrh. vorið 1968, hóf þá þegar undirbúning að sínu verki, og ég held að mér sé óhætt að fullyrða, að hún var sér þess frá upphafi meðvitandi, að hér væri um að ræða mjög stórt mál, sem miklu skipti að fengi æskilegan og rækilegan undirbúning. Í þeim anda, að verið væri að vinna að afar mikilvægri löggjöf, hygg ég að nefndin hafi starfað og hún lagði allmikla vinnu í það að kynna sér náttúruverndarlöggjöf, ekki aðeins hinna nálægustu landa, heldur allmargra annarra landa og naut til þess aðstoðar ágætra manna, svo sem skýrt er frá í grg. Ef ég man rétt, þá lauk nefndin störfum og skilaði áliti sínu og frv. ásamt grg. til menntmrn. snemma árs 1970. Þá leið nú að vísu einhver tími, sem ekki var nema eðlilegt og sjálfsagt, á meðan hæstv. ríkisstj. athugaði þetta frv. og störf nefndarinnar. En skömmu fyrir þinglok í fyrra var frv. — ég held alveg óbreytt eins og nefndin hafði gengið frá því — lagt fram hér í hv. Nd., þó ekki sem stjórnarfrv., heldur var það þá borið fram af hv. menntmn. Nd. samkv. ósk hæstv. menntmrh. Ég geri ráð fyrir, að ástæðan til þeirrar málsmeðferðar þá hafi verið, að ríkisstj. hafi ekki verið búin að taka endanlegar ákvarðanir um það að flytja þetta frv., og ég býst við, að það hafi e. t. v. ekki hvað sízt verið ákvæðið um tekjuöflun til náttúruverndarmála, um stofnun þess sjóðs, sem frv. nefndarinnar gerði ráð fyrir, sem því olli, að í fyrra var frv. ekki flutt sem stjórnarfrv. Nú er það hins vegar rétt undir þinglok lagt fram sem stjórnarfrv. og í sambandi við þá málsmeðferð, sem hér hefur orðið, vil ég átelja það sérstaklega, hversu seint frv. kemur fram nú, þannig að ég sé ekki mikla von til þess, nema þá að sérstaklega vel verði að unnið, að þetta nokkuð viðamikla frv. nái fram að ganga á þessu þingi, enda þótt ég telji ekki ástæðu til að örvænta um það, ef vel verður unnið í þeim n., sem fá þetta frv. til meðferðar. En ég tel það mjög miður farið, að slíkur dráttur hefur orðið á þessu þingi á því að leggja þetta frv. fram og þá eðlilega orðinn stuttur tími fyrir Alþ. að fjalla um það.

En það, sem ég tel einnig vera ástæðu til að átelja, er það, að ég sé ekki betur heldur en að nú við framlagningu frv. að þessu sinni hafi botninn orðið eftir uppi í Borgarfirði, eins og þar stendur, þ. e. a. s. að burt hafi verið felld úr frv. ákvæði, sem voru af hálfu undirbúningsnefndarinnar veigamikil ákvæði til þess að reyna að tryggja eftir föngum framgang margvíslegra ákvæða, nýrra ákvæða og hertra ákvæða í þessu frv. Það var eitt af aðalatriðum hjá nefndinni, að náttúruverndarráð hefði yfir nokkru og það allverulegu fjármagni að ráða og í því skyni var lagt til, að myndaður yrði sjóður, svo nefndur náttúruverndarsjóður og lögð ákveðin árleg fjáröflun til hans. Þetta var gert í 9. og 10. gr. hins fyrra frv., þess, sem lagt var fram í fyrra, og þar segir svo í 10. gr. þess, með leyfi hæstv. forseta:

„Til náttúruverndarsjóðs greiðist ½% af heildsöluverði þeirrar vatnsorku og ¼% af söluverði þeirrar varmaorku, sem virkjuð er í landinu. Seljendur greiða gjaldið, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Enn fremur skulu renna í sjóðinn 2% af söluverði áfengis, sem framleitt er í landinu.“

Nú má að sjálfsögðu endalaust um það deila, með hverjum hætti ætti að afla fjár til slíks sjóðs,

sem ætti að standa að verulegu leyti undir nauðsynlegum framkvæmdum til þess að halda uppi löggjöf um náttúruvernd, og um þetta fjallaði nefndin fram og aftur og þetta varð að vísu niðurstaða hennar. Nú kann vel að vera, að um einhverja aðra og æskilegri eða eðlilegri fjáröflunarmöguleika hefði verið að ræða, og tel ég alveg víst, að nefndin, sem undirbjó frv., hefði ekki talið það á neinn hátt óeðlilegt, þó að þarna hefði að einhverju leyti eða jafnvel öllu leyti verið breytt um tekjuöflun, en í staðinn fyrir þetta er sem sagt kaflinn um náttúruverndarsjóð og um fjáröflun til hans algjörlega tekinn út úr frv. og í staðinn kemur eingöngu: „Kostnaður af framkvæmd laganna skal greiddur úr ríkissjóði, eftir því sem fé er til þess veitt á fjárlögum."

Nú er ég út af fyrir sig ekki talsmaður þess, að það sé í sjálfu sér eðlilegt að bæta við nýjum og nýjum álögum til sérstakra verkefna. Það hefur verið gert mikið af því og hefur verið e. t. v. í sumum tilfellum um of og að óþörfu gert, og ef ég óttaðist það ekki, að fjárveitingavaldið muni í mörgum tilfellum verða helzt til knappt í sambandi við fjárframlög til náttúruverndarmála, þá væri ég út af fyrir sig ekki andvígur þessari breytingu. En ég óttast það, að þarna verði við býsna ramman reip að draga oft á tíðum og að möguleikar náttúruverndarráðs til þess að vinna að framgangi þeirra málefna, sem í frv. segir, rýrni verulega vegna skorts á fjármagni. Ég vildi óska þess, að þetta yrðu hrakspár hjá mér, en óneitanlega er maður smeykur við, að svo kunni að fara, a. m. k. þegar fjmrh. á hverjum tíma telur, að nú sé sérstök þörf á að spara. Þá eru framlög til slíkra verkefna eins og hér er um að ræða alltaf í þeirri hættu, að þau verði skorin við nögl, en ekki höfð í neinu samræmi við þarfir þær, sem um er að ræða í hverju tilfelli.

Hv. 3. þm. Vestf., Steingrímur Hermannsson, ræddi hér um nokkur einstök atriði þessa frv. og gerði athugasemdir, minni háttar athugasemdir við nokkrar greinar þess. Ég vil sérstaklega taka undir það, að ég tel ástæðu til fyrir þá n., sem fær málið til meðferðar, að athuga nú það fyrirkomulag, sem eðlilegt væri að hafa á náttúruverndarþinginu eða því, hvaða aðilar ættu rétt til þess að senda fulltrúa á náttúruverndarþing, sem ætlunin er að halda þriðja hvert ár. Það hafa orðið ákveðnar breytingar nú á síðustu misserum við stofnun þeirra náttúruverndarfélaga, sem fram eru komin, og ef greinin, eins og hún er orðin nú í frv., takmarkar það á einhvern hátt, að áhugafélög um þessi efni geti átt þar fulltrúa, þá tel ég sjálfsagt, að það verði leiðrétt, því að það var frá upphafi hugmynd þeirra, sem undirbjuggu frv., að allur áhugi almennings á náttúruverndarmálum yrði virkjaður, ef svo má segja, eins og frekast væri kostur og þar væri einmitt náttúruverndarþingið eitt aðalatriðið til að fá fram sjónarmið áhugamanna og að þeir gætu haft veruleg áhrif á þróun mála. Þetta tel ég sjálfsagt, að n. athugi, sem fær þetta mál til meðferðar.

Eins og hæstv. menntmrh. gat um, þá var það í rauninni tvennt, sem þeirri nefnd var falið, sem undirbjó þessa löggjöf. Það var annars vegar að semja nýja löggjöf um náttúruvernd og hins vegar að endurskoða lög um Þingvelli eða þjóðgarð á Þingvöllum. Ég held, að ég muni það rétt, að nefndarmenn flestir, ef ekki allir, litu þannig á, að starfi nefndarinnar væri ekki lokið, þó að þeir hefðu afhent þetta frv. og grg., sem með því var, vegna þess að þeir komust að þeirri niðurstöðu, að það væri ekki rétt að fella löggjöfina um Þingvelli inn í náttúruverndarlögin, heldur þyrfti að hafa um Þingvelli sérstaka löggjöf og endurskoða Þingvallalögin. Ég tel það miður farið, ef ekki verður af þessu, en ég vek athygli á þessu vegna þess, að það hefur ekki orðið hér framhald á, þrátt fyrir nokkrar tilraunir einstakra nefndarmanna til þess að taka upp þráðinn, þar sem hann féll niður, ef svo má segja, snemma á síðasta ári, eftir að nefndin hafði lokið samningu þess frv., sem um er að ræða, en ég tel, að þar með hafi starfi nefndarinnar í rauninni ekki verið lokið, heldur beri henni að taka til endurskoðunar lög um þjóðgarð á Þingvöllum.

Þar sem þetta frv. fer vafalaust til n., sem ég á sæti í, mun ég ekki ræða frekar um einstakar greinar þess eða þau atriði önnur, sem hv. 3. þm. Vestf. minntist á að þyrftu athugunar við. Ég tel víst, að n. athugi sérstaklega þær ábendingar, sem þar komu fram, og svo þær aðrar ábendingar, sem áhugamenn um náttúruvernd vildu koma á framfæri í sambandi við meðferð þessa máls.

Ég vil svo að lokum láta í ljós þá von mína, að þetta frv. geti fengið hér greiðan gang í gegnum þingið og að það verði a. m. k. ekki mörg ár að velkjast hér fyrir hv. Alþ., því að það er vissulega þörf á endurbótum í sambandi við náttúruverndarmálin, og það er full þörf á því, að náttúruverndarráð fái aukna aðstöðu til þess að sinna þeim málum. Og ég vil nú í lengstu lög trúa því, að jafnvel þótt sú breyting, sem ég tel sízt til bóta, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert í sambandi við fjármögnun náttúruverndarmála, verði samþykkt, þá sjái hv. Alþ. nauðsyn þess að veita allverulega fjármuni til þess að halda okkar fagra og enn þá tiltölulega óspillta landi eins óspilltu og framast er kostur.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Þetta verða nú ekki nema nokkur orð hjá mér við 1. umr. Ég vil byrja á því að taka undir það, sem hér hafa aðrir sagt, að um merkilegt og þýðingarmikið mál er að ræða og ekki sízt þess vegna furðar mig nokkuð á því seinlæti, sem ríkt hefur um það að koma þessu frv. öðru sinni fyrir Alþ., þar sem frv. var flutt í fyrra fullbúið, en kemur svo ekki fyrir Alþ. nú fyrr en tæpir tveir mánuðir eru eftir af þingtímanum, eða kannske ekki nema rúmur mánuður. Sérstaklega vekur þetta nú furðu, þegar þær breytingar eru skoðaðar, sem á frv. hafa verið gerðar á þessu langa tímabili, sem liðið er. En þær eru taldar í athugasemdunum fjórar. Samin hafa verið ný ákvæði um greiðslu kostnaðar við framkvæmd laganna, sem eru auðvitað sízt til bóta, því að sjóðurinn er sviptur þeim litlu tekjum, sem honum voru þó tryggðar samkv. fyrra frv. Ég er svo sem ekki að segja, að það

sé sú fjárhæð, að ekki sé hægt við að jafnast með öðru móti, þar sem um 3.7 millj. var að ræða, en það var þó tryggur tekjustofn og hann var miðaður við hlutfallslega upphæð af tekjustofnum, sem hefði kannske getað tryggt það, að hann hefði getað haldið áfram að vaxa, þó að verðbólgan héldi eitthvað áfram, eins og sumir halda að hún geri kannske. Út af fyrir sig fagna ég þeirri leið, sem hægt var að benda á í fyrra, að tekjustofnar væru ákveðnir hlutfallslegir, en þegar ég hef verið að reyna að bera fram frv. í því skyni, þá hefur það ævinlega verið svæft.

Aðrar breytingar eru í ákvæðum malarnáms, sandnáms, grjótnáms og gjallnáms, það er vafalaust mikið til bóta, og svo eru breytingar á orðalagi nokkurra greina, sem virðist fyrst og fremst miða að því að auka vald ráðuneytis, en draga úr valdi þeirra nefnda, sem með þessi mál fara. Þetta álít ég ekki til bóta.

Hluti verkefnisins — eins og hv. síðasti ræðumaður gat um — var óleystur, þegar nefndin skilaði frv. hér í fyrra og hann er óleystur enn. Það eru breytingar á lögum um friðun Þingvalla, en lög um Þingvelli eru frá 1928, og mætti ætla, að einhverra breytinga á þeim væri þörf, og það er vafalaust ekki andi þjóðgarðastefnu nútíðarinnar að taka land af einum til þess að afhenda það öðrum til að girða og banna umferð um, eins og gert hefur verið á Þingvöllum. Ég held, að það sé meira en tímabært, að þau lög verði endurskoðuð og skora á hæstv. menntmrh. að beita sér fyrir því að sýna frv. um það efni á þessu þingi, þó að lítil von sé til, að það geti náð fram að ganga, þó er það ekki útséð enn.

En það, sem mig langaði til að vekja athygli þeirrar n., sem málið fær til meðferðar, alveg sérstaklega á, eru ákvæðin um fólkvanga, sem er að finna í 26. gr. frv. Þar er svo fyrir mælt, að eignist bæjar- eða sveitarfélag landsvæði, sem það ætlar til útivistar, eða ef félag eða einstaklingar leggja slíkt landsvæði fram, þá megi lýsa það fólkvang. Náttúruverndarráð skal setja reglur um almenna umgengni þar í samráði við sveitarstjórnir. Allan kostnað af fólkvöngum greiða hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnir. Svona er greinin. Um þessa grein er það að segja, að ákvæðunum er nokkuð breytt frá því, sem er í gildi nú í 8. gr. náttúruverndarlaganna frá 1956, en samkv. gildandi lagagrein ráða bæjarstjórnir því einar í kaupstöðum, hvort landsvæði skuli gert að fólkvangi, en utan kaupstaða ráða náttúruverndarnefndir og sveitarstjórnir í sameiningu. Breytingin á greininni, sem ég var að lesa, er sú, að eftir henni mun yfirlýsing um, að tiltekið landsvæði sé gert að fólkvangi, eiga að koma frá náttúruverndarráði. Í grg. frv. með 26. gr. — það er greinargerð frá því í fyrra — segir, að frumkvæðið um stofnun slíkra fólkvanga sé í höndum bæjar- eða sveitarstjórna og verður greinin þá vafalaust skýrð í samræmi við það, en af því leiðir, að náttúruverndarráð mun ekki lýsa tiltekið landsvæði fólkvang, nema fyrir liggi samþykki hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar og nef ég ekkert við þetta að athuga, en í framkvæmd er þetta ekki eins auðvelt og ætla mætti, og það, sem ég hef í huga, er ákveðið tilvik, þ. e. sú ákvörðun borgarstjórnar Reykjavíkur, sem tekin var 2. okt. 1969 um að friðlýsa tiltekið landsvæði, eða nánar tiltekið landsvæði frá Elliðavatni suður til Krýsuvíkurbergs, og gera það í framtíðinni að almenningssvæði eða fólkvangi í beinum tengslum við Heiðmörk og Elliðaárdal, eins og í samþykktinni segir. Borgarstjórnin samþykkti að beita sér fyrir því í samstarfi við önnur sveitarfélög við sunnanverðan Faxaflóa og náttúruverndarráð, að gera ítarlega könnun á þessu svæði með það fyrir augum, að það verði friðlýst útivistarsvæði fyrir almenning, samkv. 1. og 8. gr. laga um náttúruvernd frá 1956, eins og þar segir. Þetta var samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur samhljóða og framkvæmdaráði borgarstjórnarinnar, þ. e. borgarráð, skrifaði sveitarfélögunum í Reykjaneesumdæmi. Svar frá þeim barst nánast samstundis, eftir viku eða svo. Það hljóðaði svona, með leyfi forseta:

„Á fundi stjórnar SASIR, Sambands sveitarfélaga í Reykjaneskjördæmi, var lagt fram erindi yðar, dags. 8. okt. s. l., varðandi friðlýsingu á útivistarsvæði fyrir almenning, frá Elliðavatni suður til Krýsuvíkurbjargs. Erindið fékk jákvæðar undirtektir og var undirrituðum falið að taka upp viðræður við yður um málið, þegar yður hentar.“ Undirritað af þar til bærum embættismanni.

Það næsta, sem gerðist svo í þessu máli, var það, að borgarlögmanninum í Reykjavík, Páli Líndal, var falið að taka upp viðræður við þessi samtök um þetta mál. Þær viðræður voru langar og ítarlegar og ég ætla ekki að rekja þær, en aðeins að minna hv. þm. á niðurstöður þeirrar athugunar. En ályktun borgarlögmanns er þessi: „Af því, sem nú hefur verið rakið, er meðferð máls eins og hér um ræðir ákaflega þung í vöfum og raunar óvíst, hvort hún leiðir til nokkurrar niðurstöðu. Sú spurning hlýtur því að vakna, ekki sízt með hliðsjón af hinu nýja lagafrv. um náttúruvernd, sem lá fyrir síðasta þingi, hvort ekki er nauðsynlegt að taka þennan þátt málsins sérstaklega upp og gera málsmeðferð alla einfaldari í sniðum og greiðari. Að lítt athuguðu máli virðist mér sem slíkt ætti ekki að vera mjög erfitt, þar sem friðlýsing í samræmi við anda 8. gr. náttúruverndarlaga ætti ekki að skipta landeigendur verulegu máli fjárhagslega. Þó kann ég ekki að orða formlega tillögu um slíkt, enda kemur fleira til. Sú spurning er nefnilega gróflega áleitin í þessu sambandi, hvort eðlilegt sé, að sveitarfélög standi fyrir stofnun fólkvangs. Nú má hugsa sér, að sum sveitarfélög á svæðinu vildu taka þátt í friðlýsingu, en önnur ekki. Hins vegar mundu íbúar þeirra sveitarfélaga, sem utan við standa, hafa öll skilyrði til að hagnýta sér fólkvanginn. Sama ætti við um íbúa annarra sveitarfélaga og erlenda ferðamenn. Það er því skoðun mín,“ segir þessi embættismaður, „að slík friðlýsing, sem tekur yfir mörg sveitarfélög, væri eðlilegri í höndum ríkisins. Hér eru alls ekki höfð í huga nein fjárhagsleg sjónarmið, heldur eingöngu það, að hér sé um að

ræða rökrétta stjórnarathöfn og sæmilega framkvæmanlega. Það er alltaf óeðlilegt, að eitt sveitarfélag taki að sér stjórn mála í öðru sveitarfélagi. Hætt er og við, að samstjórn sveitarstjórna yrði mjög þung í vöfum."

Nú er skylt að geta þess, að sú breyting er í 26. gr., að úrslitavald er falið náttúruverndarráði. Má því segja, að þar sé til kominn aðili, sem geti skorið úr um deilu, ef upp kemur milli sveitarfélaga, hvort friðlýsa skuli eða ekki. Þó finnst mér, að mjög komi til athugunar einmitt í sambandi við þetta frv. að breyta ákvæðunum eitthvað til samræmis við það, sem ég var hér að lýsa, að borgarlögmaðurinn hér í Reykjavík, Páll Líndal, hefði sett fram sem sína skoðun. Þetta er líka skoðun borgarstjórnar eða borgarráðs Reykjavíkur, því að 27. okt. s. l. sendi borgarstjórinn í Reykjavík, eftir ákvörðun borgarráðs, menntmrn. bréf, þar sem því er lýst, hvað fram fór við þá athugun, sem ég var hér að gera grein fyrir, og frá því greint, að þessi grg. hefði verið rædd á nokkrum fundum borgarráðs. Enn fremur, að könnunin virðist leiða í ljós, að mjög miklir örðugleikar eru á því að hrinda í framkvæmd friðlýsingu samkv. gildandi lögum. Því er sett fram í umræddu bréfi ábending um það, að þar sem lögin eru nú í endurskoðun, þá þykir vænlegra til árangurs að freista þess að fá breytt nokkrum ákvæðum laganna en að ráðast í undirbúning friðlýsingar, sem vafasamt er að leiddi til tilætlaðs árangurs, a. m. k. ekki fyrr en að löngum tíma liðnum. Og tillagan var sem sagt sú, að í fyrsta lagi færi hún í menntmrn. að fengnum meðmælum náttúruverndarráðs og eftir að hlutaðeigandi sveitarfélögum hefði gefizt kostur á að tjá sig um, hvort ákveðið svæði skuli friðað, þar skuli vera fólkvangur. Í öðru lagi, að þessi ákvörðun verði birt opinberlega og þeim, sem telja rétti sínum hallað, gefinn kostur á að gera athugasemdir. Í þriðja lagi, að eftir að ráðuneytið hefur kannað athugasemdir, sem fram hafa komið, verði tekin fullnaðarákvörðun um það, hvort friðlýsing skuli haldast. Og í fjórða lagi, ef ákvörðun ráðuneytis verður á þann veg, að friðlýsing skuli haldast, verði skipuð sérstök matsnefnd, er meti þeim bætur, sem hún telur rétt eiga til bóta og kröfur gera. Svo að öllu þessu framkvæmdu yrði fólkvangur, sem stofnaður yrði samkv. þessu, undir yfirstjórn náttúruverndarráðs eða einhvers aðila, sem háður væri eftirliti þess, og í fimmta lagi er þá lagt til, að sá stofn- og rekstrarkostnaður, sem af þessari stofnun hlytist, legðist á ríkissjóð, enda fólkvangar öllum opnir. Þó er engan veginn útilokaður sá möguleiki, að sveitarfélög, sem einkum teldust njóta góðs af hverjum fólkvangi fyrir sig, tækju tiltekinn þátt í kostnaðinum. Þrátt fyrir þetta bréf og þessar ábendingar og þessa reynslu af því að koma á fólkvangi, þá hefur ráðuneytið ekki séð sér fært að verða við þessum tilmælum. Þvert á móti er eina breytingin á 26. gr., sem gerð hefur verið frá fyrra frv. til hins síðara, sú, að við er bætt: „Allan kostnað af fólkvöngum greiðir hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag." Og þá verður að álykta að mínu viti það, að þarna sé komið svar menntmrn. við tilmælum borgarráðs Reykjavíkur, sem ég hef verið að gera hér grein fyrir. Ég vildi, að þetta mál og svipuð mál færu ekki fram hjá hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar.

Það er margt gott um þetta frv. að segja, og ég ætla ekkert að fara að endurtaka það, sem aðrir hafa hér sagt, aðeins fagna þeirri meginstefnu, sem mér finnst koma fram í 30. gr. frv., þar sem segir, að leita skuli álits náttúruverndarráðs, áður en tilteknar framkvæmdir, sem þar eru upp taldar, hefjist, og meiri háttar mannvirki skuli hönnuð í samráði við náttúruverndarráð og að sama skuli gilda um vegalagningu til slíkra mannvirkja. Þetta eru nýmæli, sem eru áreiðanlega mjög til bóta og ýmis mál í brennidepli nú, sem betur hefðu sjálfsagt leystst, ef slíkt ákvæði hefði verið í fyrri lögum. Það er svo, að þrátt fyrir það, að gildandi lög eru aðeins 15 ára gömul, þá er framþróunin í þessum málum svo ör og skilningur manna svo ört vaxandi, að það er full ástæða til þess að setja nýja löggjöf um þetta mál, og ég tek undir þær óskir, sem hér hafa verið settar fram, og skal gera það að mínum síðustu orðum að sinni, að mál þetta nái fram að ganga á þessu þingi, þótt slælega hafi verið að mínum dómi staðið að því í upphafi.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það er nú raunar búið að fjalla um sum atriðin, sem ég ætlaði að minnast á hér, af fyrri ræðumönnum, svo að ég get verið stuttorður. En þó sé ég ástæðu til þess að minnast hér á þann þátt í þessu, sem ég dreg í efa að nái þeim tilgangi, eins og hæstv. menntmrh. drap á. Það eru nefndirnar, svo margar nefndir, sem gert er ráð fyrir að stofnaðar séu, eins og segir í 3. gr., í hverri sýslu og bæjarfélagi, og í Reykjavík skal starfa þriggja manna náttúruverndarnefnd. Það kom fram í ræðu hæstv. ráðh., ef ég hef tekið rétt eftir, að þáttur þessara nefnda undanfarinn 1½ áratug hefur verið minni en efni stóðu til, og ég dreg í efa, að svona fjölmargar nefndir muni skila því, sem þeim er ætlað í þessu efni. Hitt vil ég undirstrika, eins og ráðh. drap á, að víðtækar kröfur skulu gerðar til þeirra aðila — og á ég þar við náttúruverndarráð — sem eiga að sjá um framkvæmdirnar. Það er aðalatriðið og þess vegna þarf þetta að vera nokkuð lipurt í framkvæmd, en ekki með sífelldum umsögnum eða þörfum um umsagnir fjölmargra nefnda út um allt land og skipt niður í svo smáar einingar eins og í sýslu- eða bæjarfélagi. Annars verður þetta mjög þungt í vöfum og reynslan hefur sýnt, að þetta er erfitt í framkvæmd.

Um einstakar greinar get ég verið stuttorður. Eins og ég sagði áðan, er búið að fjalla um það. En náttúruverndarráð er skipað sjö mönnum og ég verð að ætla það, að kosning í ráðið takist það vel, að þessum mönnum sé vel treystandi til þess að hafa framkvæmdina að mestu eða öllu leyti í sínum höndum, þó að eðlilegt sé, að menntmrn. sé æðsti aðili í því efni. Á hitt vil ég leggja áherzlu, að nánara samstarf og nánari tengsl séu á milli ráðsins og þeirra félaga, sem eru starfandi í landinu af

áhugamönnum, því að ég tel, að þau séu betur vakandi heldur en nefndir úti um allt, sem menn eru settir í og starfa með hangandi hendi. Ég held, að áhugamennirnir séu einmitt sú driffjöður, sem náttúruverndarráð þarf að hafa gott samband við, og vildi, að hv. n., sem fær frv. til meðferðar, athugi það gaumgæfilega.

Í 21. gr. er fjallað um sumarbústaðabyggingar. Það er mikið vandamál og segir þar: „Sveitarstjórn skal, áður en leyfi er veitt, leita umsagnar náttúruverndarnefndar héraðsins.“ Nú er það blessunarlega mögulegt fyrir marga menn að eiga sumarbústaði víða um landið, en eðlilegt er líka, að nokkrar ákveðnar reglur gildi um þetta. Verður þetta ekki allt mjög þungt í vöfum, þegar á að fara frá einbirni í tvíbjörn og tvíbjörn í þríbjörn og þríbjörn í fjórbjörn og svo áfram, og gengur þá nokkuð eins og í sögunni? Er ekki einfaldara að geta mótað um þetta skýrar og ákveðið og um þetta séu hreinar og ákveðnar línur í heild. Ég held það. Ég held, að það sé nauðsynlegt, því að ella verður staðasjónarmiðið mjög ríkjandi, en ég vil, að heildarstefna sé uppi um allt landið frá hendi náttúruverndarráðs og menntmrn., en ekki að einstakar nefndir séu að móta mjög þröng sjónarmið. Framkvæmdin verður þá varla nokkur og allt situr fast.

Um framkvæmd friðlýsingar segir í 28. gr.: „Náttúruverndarráð skal með aðstoð náttúruverndarnefnda . . .“ Því stendur ekki einfaldlega: Náttúruverndarráð skal kynna sér eftir föngum náttúruminjar? Því þurfa þeir að leita til Péturs og Páls í því efni, þessir sjö menn, nema þeir ráði þá ekki við sitt verkefni, ef það skal standa svo, að þeir skuli fara fyrir hverja nefnd og vinna í samráði við hana um helztu náttúruminjar landsins? Ég held, að það geti ekki verið svona flókið verkefni, að svona framkvæmd eigi að standa í lögum. Mér finnst það persónulega.

Varðandi 32. gr. eins og fyrsti ræðumaður hér í dag drap á, þá hefði ég nú talið eðlilegt að athuga um valdsvið ráðsins nokkru nánar og hvernig fer um þeirra ályktanir. Er það svona gersamlega skilyrðislaust háð samþykki menntmrn.? Ég vildi heldur hafa þann hátt á, að a. m. k. í vissum tilfellum væri hægt að koma því við í reglugerð, að menntmrn. gæti heldur stöðvað það, ef náttúruverndarráð verður of ákaft í friðlýsingum, en það verður nokkuð seint í vöfum, ef alltaf þarf að bera undir rn. og nefndirnar, eins og ég drap á áðan, hverja einustu aðgerð. Þetta tel ég, að dragi úr gildi laganna í framkvæmd og geri þetta allt mjög þungt. Það eru mín áhrif við lestur þessara greina.

Í 35. gr. er fjallað um eignarnám. Það getur vel verið, að það megi standa svona ósköp einfalt eins og þar stendur: „Menntmrn. er heimilt að taka eignarnámi lönd, mannvirki og réttindi til þess að framkvæma friðlýsingu, er í lögum þessum greinir.“ Ekki hef ég vit á því, hversu viðkvæmt mál þetta er eða mjög flókið lagalega. En ég held, að það sé mikill vandi á höndum, hvernig á að framkvæma slíka hluti, og e. t. v. er hægt að kveða nánar á um það í reglugerð. En ekki fer mikið fyrir þessari setningu í lögunum sjálfum, og áreiðanlega er þó hér erfitt mál á ferðinni varðandi eignarnám.

Um friðlýsingu á landsvæðum, sem verða gerð að þjóðgörðum, þá er það gott. Þar stendur: „enda sé svæðið ríkiseign“ og hlýtur þá eignarnámsheimildin að hafa verið notuð áður í því sambandi. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að fjalla um fleiri þætti. Það hefur verið drepið á þá. En ég fagna því, að þetta kemur fram og vil taka undir þá ósk manna hér, að frv. nái fram að ganga á þessu þingi, því að það er ekkert vafamál, að efni þessa frv. er mjög þýðingarmikið fyrir alla landsmenn, og eins og segir í 1. gr. á það að auðvelda þjóðinni umgengni við náttúru landsins og auka kynni af henni.

Björn Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð og þá fyrst og fremst til þess að lýsa fylgi mínu — og mér er, held ég, óhætt að segja míns flokks — við meginstefnuna, sem í þessu frv. felst, og lýsa yfir ánægju minni yfir því, að það skuli vera fram komið og vera stutt af nefnd, sem skipuð hefur verið af flestum stjórnmálaflokkum, og líkindi eru því til þess, að það geti náð fram að ganga á þessu þingi. Ég áskil mér þó að sjálfsögðu rétt til þess að athuga nánar á síðari stigum um einstök atriði frv. og e. t. v. gera við það einhverjar brtt. Hæstv. menntmrh. lýsti hér áðan, að tilgangur náttúruverndar og náttúruverndarlaganna væri fyrst og fremst sá að vernda sérkenni og náttúru landsins án þess að hindra eðlilega atvinnuþróun, eins og hann orðaði það. Og þarna held ég, að hann hafi einmitt komið að kjarna málsins. Því er ekkert að leyna og e. t. v. skortir það á í þessu frv., að gerðar séu einhverjar ráðstafanir, þó að erfiðar kunni að vera, til þess að draga úr þeirri togstreitu, sem um náttúruverndarmál hefur ríkt. Það hefur verið sagt af vitrum mönnum, að náttúruvernd væri að ýmsu leyti á gelgjuskeiði enn sem komið er og sérstaklega bent á það, að það væru gerðar tilraunir til þess af mönnum að skipta mönnum í tvo hópa, aðra, sem vildu vernda náttúru landsins og náttúrufegurð og halda henni óskertri, og aftur hina, sem vildu hefja herferð gegn landinu og eyðileggja það. Og í þessum síðarnefnda hópi hafa tæknimennirnir yfirleitt verið taldir vera af þeim, sem hafa gengið lengst í náttúruverndarsjónarmiðum. Að verulegu leyti má segja, að náttúruverndin hafi hneigzt til þess — og sérstaklega nú síðustu árin — að gera fyrst og fremst ráðstafanir til þess að hindra vissa hluti, hindra mengun, hindra breytingar á landi og annað því um líkt, en vinna minna að því að samræma þau óhjákvæmilegu sjónarmið, sem hljóta að koma upp í nútímaþjóðfélagi, þar sem tækni og framfarir hljóta að vera kjörorðið og hljóta að ná fram að ganga, þó að menn verði, eins og það hefur verið orðað, að keyra með hemlana á. Það er undir öllum kringumstæðum höfuðnauðsyn, að sættir takist á milli þessara hópa, annars vegar tæknimanna og hins vegar þeirra, sem áhugasamastir eru

um náttúruvernd og hafa þar auðvitað að sjálfsögðu mikið til síns máls, því að ég get vissulega tekið undir það, sem hv. 3. þm. Vestf. sagði hér áðan, að það væri ekki veigalítill þáttur í lífskjörum landsmanna, í lífskjörum þjóðarinnar, að vernda náttúruna og eiga aðgang að henni, og allt, sem að því lýtur, að það megi verða, er auðvitað til góðs.

Það, sem mér finnst við fljótan yfirlestur á frv. nú að mætti kannske frekast að því finna, er ekki það, sem í því stendur, heldur það, sem í það kynni að vanta, og þá sérstaklega það, sem hæstv. menntmrh. minntist á, að í þessu frv. er ekki fjallað um þá veigamestu náttúruvernd, sem um er að ræða, þ. e. a. s. varnir gegn mengun. Hins vegar er boðuð sérstök löggjöf og skal ég ekki fullyrða, nema það mál megi leysast — að því leyti, sem það er hægt með löggjöf, með eðlilegum og æskilegum hætti með sérstakri löggjöf, — en ég teldi þó, að það hefði átt heima inni í slíkri heildarlöggjöf um náttúruvernd.

Það er enginn vafi á því, að jafnvel í okkar tiltölulega óspilltu náttúru fara hætturnar vaxandi af mjög mörgum ástæðum. Þar er ekki aðeins um að ræða aukinn iðnað, aukinn kemiskan iðnað og annað því um líkt, sem þarna hefur reynzt hættulegast, heldur ýmislegt annað, frárennsli frá bæjum og byggðum, svo að nokkuð sé nefnt, sem vafalaust getur haft stórkostleg spillandi áhrif á dýralífið í vötnum og sjó, og við höfum heyrt fréttir af því nú alveg nýverið, hvernig góð veiðivötn og jafnvel veiðihöf hafa verið að eyðileggjast einmitt af þessum sökum. Og þar er kemiska iðnaðinum ekki einum um að kenna, heldur hreinlega því vandamáli, sem skapast af þéttbýli í borgum og byggðum. Við höfum hér á landi bæi, sem byggðir eru við tiltölulega þrönga firði, sem hafa verið fiskisælir, og það er a. m. k. grunur margra, að vísu ekki sannaður enn, að mengunaráhrif frá byggðunum, sem við firðina eru, séu orðin svo stórfelld, að þau hafi haft áhrif á sjávarlífið á þessum stöðum, og nefni ég þar t. d. Eyjafjörð með sinn stóra og vaxandi bæ. Sömuleiðis kemur þarna til greina það, sem landbúnaðinn varðar. Ekki dettur mér í hug, að það verði farið að setja það í lög, að bændur megi ekki nota útlendan áburð og annað því um líkt, en hitt er augljóst, að þessi kemisku efni, sem á jörðina eru borin, leysast að meira eða minna leyti upp, sogast út í árnar, menga þær og e. t. v. hindra þar eða skemma þá ræktunarmöguleika á fiski, sem þar eru, og þar með dýralífið, sem um er að ræða.

Fleira mætti um þetta segja. Ég vil ekki fara út í einstök deilumál, sem hafa skapazt milli náttúruverndarmanna annars vegar og tæknimanna hins vegar hér á landi og hafa orðið bæði leið og erfið, jafnvel allt að því óleysanleg. Menn hafa haft þau fyrir augum og ég sakna þess ekki, að í sambandi við þetta mál séu þau ekki dregin hér fram í umr. til þess að deila um þau á álíka plani eins og það hefur verið gert, með öfgum kannske á báðar hliðar. En ég legg höfuðáherzlu á það, að í þessu frv. kæmi skýrar fram heldur en er, að það væri reynt að koma þessum málum á þann veg fyrir, að þarna tækist samstarf, því að ég er sannfærður um það, að ef menn á annað borð vilja skilja hugtakið náttúruvernd réttum og heilbrigðum skilningi, þá á ekki að vera þarna óbrúanlegt bil á milli, síður en svo. Þarna á að vera um sameiginlegt markmið beggja að ræða, því að í öllum tilfellunum er ekki raunverulega bara um það að ræða að vernda náttúruna, það er að vernda manninn í náttúrunni, það er að vernda hann, og tæknimennirnir eru vissulega ekki áhrifaminnsti aðilinn í því að gera það.

Um önnur einstök atriði ætla ég ekki að ræða að ráði hér, en ég get vel tekið undir það, sem hér hefur komið fram, að æskilegt hefði verið, að þessum málum hefði verið fenginn meiri og öllu heldur tryggari fjárhagsgrundvöllur heldur en í frv. er greint. Þó að engu skuli hins vegar um það spáð og engar hrakspár hafðar uppi um það, að sú tilhögun, að það sé á valdi Alþingis hverju sinni, hversu mikið fé skuli veitt til þess, geti ekki reynzt fullnægjandi, þá hefði ég þó talið hitt æskilegra. Og a. m. k. er það víst, að sum þeirra atriða, sem að því lúta að gera almenningi fært að njóta náttúru landsins, eru bein fjárhagsatriði, og nefni ég það t. d., sem komið er inn á í 13. gr. frv., þar sem segir í þeim stíl, sem gjarnan er á hafður, þegar um náttúruvernd er að ræða, þ. e. að banna eða hindra: „Heimilt er náttúruverndarráði að banna óþarfan akstur ökutækja utan vega og merktra bílaslóða, þar sem náttúruspjöll geta af hlotizt.“ Ég held, að ef þessi mál, sem þarna er komið inn á með neikvæðum hætti, ætti að leysa með skynsamlegu móti, þá þyrfti að veita allverulegt fé til þess að gera merktar bílaslóðir, t. d. um öræfi landsins. Ég hef ofurlítið ferðazt um öræfin í mínum sumarleyfum og mér hefur a. m. k. reynzt ófært, þrátt fyrir kort og annan tilbúnað, sem ferðamenn gjarnan hafa, þegar þeir eru að kanna ókunnar slóðir, að fara eftir þeim bílaslóðum, sem þó eru merktar inn á landabréf, vegna þess að þær eru bæði svo ógreinilegar og truflaðar af margs konar öðrum slóðum, sem fjallabílar hafa gert, að það er ekki nokkur leið að rata réttar leiðir um öræfin, a. m. k. margar þeirra, vegna þess að það hafa ekki verið gerðar neinar sæmilegar slóðir. Auk þess eru jafnvel sumar þeirra tiltölulega fáu leiða, sem merktar eru inn á landabréf, þannig, að þær eru alls ekki færar nema einstaka farartækjum og ef við ætlum á annað borð að gefa okkur sjálfum eða erlendum ferðamönnum tækifæri til þess að skoða það stórkostlegasta og fegursta, sem við eigum í íslenzkri náttúru, þ. e. í öræfunum, þá verðum við að verja fé til þess að gera þetta mögulegt. Og það verður ekki gert nema með sérstökum fjárveitingum til þess að gera bílaslóðir um hálendið. Og ég held, að þá fyrst, þegar þetta væri gert, sé hugsanlegt, að slík bönn eins og þarna er um að ræða komi að nokkru haldi. Annars halda menn uppteknum hætti, sem þeir hafa gert undanfarin ár, ferðast á fjallabílum hvert sem

hugurinn girnist að komast og skeyta þá engu, hvort um venjulegar leiðir er að ræða eða hvort stórkostleg náttúruspjöll stafa af því, eins og oft hefur orðið og jafnvel orðið upphaf að uppblæstri og alla vega stórkostlegum náttúruspjöllum.

Sitthvað fleira gæti ég kannske um þetta sagt, en ég ætla að láta þessi fáu orð nægja við þessa umr. Ég mun, þó að ég eigi ekki sæti í þeirri n., sem fær þetta til meðferðar, athuga einstök ákvæði frekar, en mér dettur í hug í sambandi við það, sem ég nefndi um samstarf tæknimannanna og náttúruverndarmannanna, — sem ég vil nú að vísu ekki skilja í tvo fjandsamlega hópa, a. m. k. eiga þeir ekki að vera það, — hvort það væri ekki rétt að tryggja það í lögunum sjálfum, að þar ættu sæti einhverjir tæknimenn. En mér sýnist það vera alveg undir hælinn lagt, hvort nokkur tæknimaður muni verða kosinn eða skipaður í þetta ráð, því að það er nú einu sinni svo, að áhugamennirnir eru vaskir, skulum við segja, og áreiðanlega gjarnir til þess að ýta þessum ímynduðu fjandmönnum sínum úr vegi, og ég held, að það væri þess vegna full ástæða til þess, að það væri tryggt, að náttúruverndarráð yrði að einhverju leyti skipað tæknimönnum. Og það kynni vel að verða upphafið að því, sem ég nefndi, þeim nauðsynlegu sættum, sem þarna þurfa að koma á milli tveggja sjónarmiða, sem í raun ættu að vera eitt og sama sjónarmiðið.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég tel mig ekki þurfa að fara mörgum orðum um það frv., sem hér liggur fyrir til umr. að þessu sinni, þar sem ég vænti þess, að því verði vísað til n., sem ég á sæti í, og að ég muni þá geta komið að þeim athugasemdum, sem ég fyrst og fremst kynni að vilja koma á framfæri. En vegna þeirra umr., sem hér hafa orðið um þetta frv., þykir mér rétt að lýsa ánægju minni yfir því, að frv. skuli vera komið fram. Og gagnstætt því, sem komið hefur fram í ræðum flestra þeirra, sem hér hafa tekið til máls, þá vil ég lýsa ánægju minni yfir ýmsum þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á frv. frá því að það var lagt fram hér í fyrra og sem mér sýnast stefna til bóta.

Ég vil benda á það, og það er skemmtileg tilviljun, að á sama ári og nú er lagt fram hér frv. um náttúruvernd, sem við væntum, að geti valdið straumhvörfum í þessum málum, þá skulum við vera komin á það stig í samskiptum við landið, sem lýst hefur verið af sérfræðingum nú alveg nýlega, að nú séum við í jafnvægi með gróðurvinning og gróðureyðslu, sem hefur gengið í öfuga átt allt til þessa tíma. Og ég vona, að það frv., sem við ræðum um hér í dag, verði til þess að herða á þeirri sókn, sem hafin er í því efni og ég vil vona, að verði á þá lund, að við stuðlum að eðlilegri og ánægjulegri skiptum fólksins og landsins með þeirri náttúruvernd og gróðursókn, sem hafin er.

Mér þykir rétt að geta þess hér, að ég tel, að náttúruverndarnefndir hinna ýmsu héraða séu mjög nauðsynlegar og nauðsynlegur tengiliður milli náttúruverndarráðs og héraðanna og þeirrar afstöðu, sem héruðin hafa til vissra mála, sem kæmi til álita, að náttúruverndarráð hefði afskipti af. Og ég hygg, að það sé eðlilegasta uppbyggingin á náttúruverndarráði, sem hér er lagt til, að náttúruverndarþingið kjósi það og meðal þeirra fulltrúa, sem það skipa, séu fulltrúar frá hinum ýmsu náttúruverndarnefndum. Ég vil einnig benda á það, að ég tel ákvæðið í 21. gr. um sumarbústaði og umsagnir náttúruverndarnefnda héraðanna um byggingu þeirra mikilvægt, því að þrátt fyrir það, að nú séu í gildi lög, sem heimila ekki byggingar í sveitum nema byggingarnefndir og sveitarstjórnir leyfi þær, þá verðum við að viðurkenna það, að æði oft hefur verið farið í kringum þann lagabókstaf, en ég hygg, að þetta ákvæði mundi herða nokkuð á í þessu efni og það tel ég mjög mikilvægt. Eins og ég sagði í upphafi máls míns, tel ég ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þetta frv. að þessu sinni. Ég get þó ekki stillt mig um að benda hér aðeins lítillega á tvö atriði enn, sem ég vil vekja athygli á. Það er síðari hluti 17. gr., þar sem sagt er: „Á afréttum og almenningum, sem falla utan hreppamarka, er bannað allt nám jarðefna.“ Ég vil benda á það, að mér er ekki kunnugt um, að hér sé nokkur örugg skilgreining til á því, hvar eru hreppamörk næst óbyggðunum, og þess vegna þarf að athuga þetta atriði í n. Í annan stað vil ég benda á það, að í 25. gr. er gert ráð fyrir því, að náttúruverndarráð fari með stjórn þjóðgarða og setji reglur um meðferð þeirra og umgang almennings. Það má vel vera, að hér þurfi ekki að taka neitt undan, það sé fullnægjandi, sem segir í 38. gr., að lög um friðun Þingvalla haldi gildi sínu þrátt fyrir gildistöku þessara laga, en mér hefði þótt allt eins eðlilegt, að það hefði verið tekið fram í þessari 25. gr., að þjóðgarðurinn á Þingvöllum væri hér undanskilinn. Og það er mál, sem verður að kanna, svo er og um önnur atriði, sem ég hefði áhuga fyrir að benda á í þeirri n., sem fær frv. til meðferðar, og ég sé því ekki ástæðu til að þessu sinni að hafa fleiri orð um frv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka þær vinsamlegu undirtektir, sem meginefni, meginstefna þessa frv. hefur hlotið hjá öllum hv. þm., sem tekið hafa til máls. Hitt er ekki nema algerlega eðlilegt, að þegar um svo veigamikið og viðamikið mál er að ræða, sem hér á sér stað, þá geti mönnum sýnzt sitt hverjum um einstök atriði í málinu og um málatilbúnaðinn og um undirbúning málsins, sem sannarlega er ekki einfalt verk. En ég legg miklu meira upp úr hinu og vil undirstrika það alveg sérstaklega, að af hálfu allra þeirra ræðumanna, sem talað hafa, hefur komið eindreginn stuðningur við þá meginstefnu, sem í frv. felst, og skilningur á mikilvægi þess máls, sem hér er um að ræða. Það finnst mér skipta mestu máli.

Að því er varðar flutning málsins og afskipti eða meðferð þess í stjórnarráðinu er það að segja, að ég tel þau ummæli ekki sanngjörn, sem féllu hjá einum hv. þm., að slælega hefði þar verið að undir-

búningi málsins unnið, að því er stjórnarráðið snertir. Menntmrn. skipaði nefnd til þess að endursemja gildandi lög um náttúruvernd einum tveimur mánuðum eftir að Alþ. hafði gert um það ályktun, eða í júní 1968. Ég hygg, að ég muni það rétt, að það hafi tekið nefndina á þriðja ár að semja þetta frv. Ég segi þetta engan veginn til þess að ámæla nefndinni fyrir slæleg vinnubrögð. Slík ámæli tel ég vera í hæsta máta ósanngjörn. Ég segi þetta eingöngu til þess að undirstrika það, um hversu flókið og viðamikið og vandasamt mál er hér að ræða. Slíka lagaendurskoðun eins og þá, sem nefndinni var falin, hrista engir menn, jafnvel ekki hinir allra færustu menn, fram úr erminni á örstuttum tíma. Ótal atriði þarf að taka til mjög ítarlegrar yfirvegunar, og ég tel þann tíma, sem nefndin notaði, engan veginn vera óeðlilegan. En með hliðsjón af því er ósanngjarnt að ætlast til þess, að stjórnarráðið hafi getað lokið athugun sinni á þessu mikla máli á aðeins örfáum vikum eða mánuðum, enda kom það í ljós, þegar ríkisstj. og einstök rn., sem þetta mál snerta, og einstakir ráðunautar ríkisstj., sérstaklega um lögfræðileg efni, athuguðu frv., þá kom í ljós, að ríkisstj. treysti sér ekki til að flytja það sem stjfrv. á síðasta þingi. Í nefndinni átti ekki sæti neinn lögfræðingur, en hér er um að ræða ýmis mjög flókin lögfræðileg viðfangsefni, eins og reyndar kom fram hjá sumum hv. þm. í ræðum þeirra, og það voru sérstaklega hvað lögfræðiatriði snertir ákvæði frv. nefndarinnar um verksvið náttúruverndarráðs og algera friðlýsingu, sem ýmsir lögfræðingar töldu þurfa nánari athugunar og bóta við. Ég taldi hins vegar vera hér um svo merkilegt mál að ræða, að ég taldi ekki forsvaranlegt annað en kynna síðasta Alþ. þetta mál, ef það mætti verða til þess að flýta fyrir því, að Alþ. gæti tekið afstöðu til þess. Þess vegna var sá háttur á hafður, að menntmrn. sendi menntmn. Nd. málið til flutnings, en allir vita, hvað í því felst. Það felst það í því, að ríkisstj. hefur ekki tekið endanlega afstöðu til málsins, er ekki reiðubúin að beita sér fyrir því, að málið nái fram að ganga í því formi, sem málið er sent n. Og mér er næst að halda, að n. hafi sjálf komizt að raun um það, að málið þyrfti frekari athugunar við, um það hafi í raun og veru enginn ágreiningur verið í menntmn. í hv. Nd. Síðan hefur þessi athugun af hálfu stjórnarráðsins á málinu haldið áfram og hefur leitt til þess, að ríkisstj. hefur orðið sammála um frv. í því formi, sem það er nú flutt, enda er það nú flutt sem stjfrv. En það þýðir, að ríkisstj. fyrir sitt leyti vill stuðla að framgangi málsins í þessu formi ólíkt því, sem átti sér stað um frv., sem sent var menntmn. í Nd. í fyrra.

Það eru tvö atriði fyrst og fremst, sem ríkisstj. hefur breytt í frv. nefndarinnar. Fyrra atriðið er lögfræðilegs eðlis, eins og ég gat um áðan og snertir ákvæðin um verksvið náttúruverndarráðs og aðferðir við friðlýsingu. Hitt atriðið er fjárhagslegs eðlis, þar sem eru ákvæðin um tekjuöflun í þágu náttúruverndarmála. Lögfræðingar, sem um málið fjölluðu, töldu, að ákvæðin í frv. nefndarinnar um valdsvið náttúruverndarráðs gætu tæplega samrýmzt almennum stjórnarfarsreglum um valdsvið nefnda, sem kosnar væru með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir, að náttúruverndarráð sé kosið, þ. e. a. s. á fundi á náttúruverndarþingi, þar sem ýmis félagssamtök, einkasamtök og hálfopinber samtök, eiga sæti og auk þess einstakir embættismenn. En 6 af 7 meðlimum náttúruverndarráðs eiga að vera kosnir af þessu náttúruverndarþingi. Stofnun eins og náttúruverndarráð, sem þannig er til komin, getur tæplega að mati lögfræðinga farið með stjórnarfarslegt vald. Formaðurinn á svo að vera skipaður af menntmrh. Þær breytingar, sem ríkisstj. gerði á frv., lutu eingöngu að þessu atriði, að því er náttúruverndarráðið snerti, enda hefur það komið í ljós, eins og mjög eðlilegt er, að mönnum sýnist sitt hverjum um þetta. Þeir ágætu flokksbræður, hv. þm. Steingrímur Hermannsson og Einar Ágústsson, höfðu alveg ólíka skoðun á þessu efni. Fyrri þm. harmaði, að ríkisstj. hefði breytt frv. í þá átt að rýra verksvið náttúruverndarráðs frá því, sem nefndin hafði gert ráð fyrir, en síðari þm., Einar Ágústsson, lýsti skoðunum, sem ég þekki vel og hef út af fyrir sig mikinn skilning á, sem komið hafa fram af hálfu Reykjavíkurborgar og fleiri sveitarfélaga hér á Suðurnesjum, að ríkisvaldið þyrfti að hafa meira vald í tilteknu efni, sérstaklega til friðlýsingar, heldur en frv. gerir ráð fyrir. Þessi erindi Reykjavíkurborgar og fleiri sveitarfélaga hér voru rækilega athuguð í sambandi við flutning þessa máls og var það eitt af þeim atriðum, sem gerði það að verkum, að málið kom þó ekki fyrr fyrir þingið heldur en raun bar vitni um. Niðurstaðan varð sú að breyta í þessu efni ekki því, sem nefndin hafði gert ráð fyrir, en mér a. m. k. er algerlega ljóst, að Reykjavíkurborg og hin sveitarfélögin hér og þar með hv. þm. Einar Ágústsson hafa mjög mikið til síns máls í röksemdafærslu sinni gegn ákvæðum friðlýsingar og aðild sveitarfélaga að henni, sem frv. gerir ráð fyrir. Ég tel þetta eitt þeirra mörgu atriða, sem n. þarf að taka til mjög ítarlegrar meðferðar. Ég mundi ekki beita mér og áreiðanlega ekki ríkisstj. gegn breytingum á frv. í þá átt, sem Reykjavíkurborg og fleiri aðilar hafa óskað eftir, en við vildum, að Alþ. gerði þá breytingu, að sjálfsögðu í samráði við framámenn sveitarfélaganna.

Að því er snertir þá breytingu, sem ríkisstj. gerði varðandi fjáröflun í þágu náttúruverndar, er það að segja, að sú breyting var ekki gerð vegna þess, að ríkisstj. ofbyði sú upphæð, sem hin sjálfstæða tekjuöflun hefði leitt til að varið yrði í þágu náttúruverndar, heldur var hún gerð út frá grundvallarsjónarmiðum. Eins og raunar kom fram hjá fleirum en einum hv. þm. við þessar umr., þá er sú stefna óeðlileg að eyrnamerkja ákveðna tekjustofna í þágu tiltekinna mála. Það var gert allmikið fyrir 1—2—3 áratugum hér á hinu háa Alþ., en á síðari árum hefur verið horfið frá þessu með meiri og meiri festu. Og þess vegna töldum við, að í raun og veru væri það spor aftur á bak, ef hér væri verið að eyrnamerkja ákveðna tekjustofna í þágu máls,

jafnvel þó að jafnmikilvægt sé og náttúruverndarmálin eru, og langeðlilegast, að um þetta efni séu hafðar hliðstæðar reglur og um fjárveitingar hins opinbera til annarra nauðsynjamála, heilbrigðismála, félagsmála, skólamála og hvers konar menningarmála, að sjálft fjárveitingavaldið, sjálft Alþ. taki ákvörðun um það, hversu miklu skuli verja í þessu skyni og það er sá háttur, sem hér er á hafður.

Það er skemmtileg tilviljun, að hv. þm. Gils Guðmundsson er gerkunnugur stofnun og raunar æðsti starfsmaður stofnunar, sem það hefur bitnað verulega á á undanförnum áratugum, að þessari stefnu hefur verið fylgt að eyrnamerkja ákveðnar tekjur í þágu mikilvægs málefnis. En hann er sem kunnugt er framkvæmdastjóri menntamálaráðs og menningarsjóðs, en í gömlum lögum frá 1928 hafa menntamálaráði og menningarsjóði verið ætlaðar tilteknar tekjur, þ. e. a. s. tekjur af áfengissektum og hagnaður af sölu ólöglega innflutts áfengis. Það hefur verið stefna menntamálaráðs mörg undanfarin ár að losna undan þessu kerfi. Það hefur reynzt vera óhagkvæmt og óskynsamlegt, og svo skemmtilega vill til, ég segi beinlínis, svo skemmtilega vill til, að ríkisstj. hefur einmitt nú alveg nýlega fallið frá að verða við einróma óskum menntamálaráðs um að breyta lögum um þetta efni, hætta eyrnamerkingu ákveðinna tekjustofna í þágu þeirra málefna, sem menningarsjóður á að þjóna, og færa fjármál menningarsjóðs inn í hin almennu fjárlög ríkisins. Þetta er nákvæmlega það sama, sem við þarna gerum eftir einróma ósk menntamálaráðs eins og það, sem við gerum til breytingar frá frv. nefndarinnar, sem náttúruverndarlögin samdi. Það er eðlilegt verkefni fjárveitingavaldsins að kveða á um, hversu mikið fé menntamálaráð skuli fá til umráða, hversu mikið fé skuli renna í menningarsjóð og hversu mikið fé náttúruverndarráð skuli fá til umráða og hversu mikið fé skuli renna til eflingar náttúruverndar.

Að síðustu vildi ég svo aðeins taka undir það, sem kom fram hjá hv. þm. Jóni Árm. Héðinssyni, að það er spurning, hvort ástæða er til þess að hafa náttúruverndarnefndirnar úti um allt land. Ég get að vísu metið það sjónarmið, sem kom fram hjá hv. þm. Steinþóri Gestssyni, að tengsl eru nauðsynleg við aðila í heimahéraði af hálfu náttúruverndarráðs, að of mikil miðstjórn í þessum málum getur verið varhugaverð, að viss „decentralisering" í jafnviðkvæmum málum eins og þessu er nauðsynleg, þ. e. a. s. einhver miðstjórnaraðili má ekki ana áfram án þess að hlusta á eða hafa nokkurn tíma spurt þá aðila, sem kunnugir eru staðháttum á hverjum tíma og mikilla hagsmuna hafa að gæta. Þetta var ástæðan til þess, að við héldum þessum ákvæðum í frv. þrátt fyrir það, að mér er ljóst, að nefndirnar hafa nær ekkert starfað í 15 ár, eins og hv. þm. Jón Árm. Héðinsson tók fram. Engu að síður varð það sjónarmið yfirsterkara, að of misskipt vald getur líka verið hætulegt, varhugavert, og þess vegna féllst ríkisstj. á þá hugmynd nefndarinnar, sem mikið var rædd í nefndinni sjálfri, hvort ástæða væri til þess að halda nefndunum eða ekki. Hins vegar hefur reynslan ekki orðið sú, að það hafi reynzt seinvirkt, að náttúruverndarráð á samkv. gildandi lögum og á enn samkv. þessu frv. að bera t. d. friðlýsingar sínar undir menntmrn. Ég þori að fullyrða, að það hefur aldrei, ekki í einu einasta tilfelli orðið til þess að tefja framkvæmdir, að mál hafi þurft að bíða lengi eða yfirleitt að bíða nokkurrar afgreiðslu þar. Það hafa komið fyrir mjög erfið deilumál eins og allir muna, t. d. í sambandi við vegarlagninguna fyrir kísilgúrverksmiðjuna, þar sem rn. varð að láta sig mjög viðkvæmt deilumál miklu skipta. Það hlaut að taka sinn tíma, en það mál fékk mjög farsælan endi og hefur, eftir að sú lausn fannst, sem rn. beitti sér fyrir, ekki valdið neinum deilum. Þetta þykir mér rétt, að komi hér skýrt fram.

Umr. frestað.

Á 54. fundi í Ed., 25. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. að marki. Ég kvaddi mér hljóðs í gær áður en umr. lauk til þess að árétta það atriði, sem ég gerði að umtalsefni og sem hæstv. menntmrh. misskildi nokkuð að mínum dómi. Nú hefur hann orðið að víkja af fundinum, en ég get ekki verið að gera kröfu til þess, að hann hlýði á þessa smámuni og kem þessum leiðréttingum hér á framfæri.

Hæstv. menntmrh. taldi, að við flokksbræður, ég og hv. 3. þm. Vestf., Steingrímur Hermannsson, værum ósammála í þessu máli og það sýndi m. a., hve vandasamt málið væri. Ég vil nú í fyrsta lagi segja það, að hér er ekki um neitt flokksmál að ræða, þannig að þess vegna væru það engin tíðindi, þó að við værum ósammála og hefðum mismunandi skoðanir á þessu smáatriði, sem ég gerði hér að umtalsefni. En ég held þó, að því sé ekki einu sinni til að dreifa. Ég held, að við séum nánast alveg sammála í þessu máli. Ég er ekkert að mælast undan því, að sveitarfélög hafi úrskurðarvald í þessum málum, síður en svo, og ég vona, að hæstv. menntmrh. skilji það ekki til langframa þannig, að ég hafi verið að leggja það til, að honum yrði fært allt vald í þessum málum. Það var ekki meining mín. Ég er mjög hlynntur því, að sveitarstjórnir skeri úr því sjálfar, sem undir þær heyrir og þær geta ráðið við. Það, sem ég hafði við frv. að athuga, var 26. gr. Mér hefur nú borizt í hendur umsögn um frv. til laga um náttúruvernd skrifuð af Þórði Eyjólfssyni fyrrv. hæstaréttardómara, en til hans er mikið vitnað um þessar mundir í sambandi við lagasmíð hér á Alþ. Um þessa gr. segir Þórður, með leyfi forseta:

„Hér er ákvæðum um fólkvanga breytt frá því, sem nú er í 8. gr. gildandi laga. Samkv. 8. gr. laganna ráða bæjarstjórnir því einar í kaupstöðum, hvort landsvæði skuli gert að fólkvangi, en utan

kaupstaðar ráða náttúruverndarnefndir og sveitarstjórnir því í sameiningu. Eftir 26. gr. frv. mun yfirlýsing um, að tiltekið landsvæði sé gert að fólkvangi, eiga að koma frá náttúruverndarráði." Ég gat um þessa breytingu í gær. En svo segir dómarinn fyrrv.: „Í grg. frv. um 26. gr. segir, að frumkvæði um stofnun slíkra fólkvanga sé í höndum bæjar- eða sveitarstjórna, og verður greinin vafalaust skýrð í samræmi við það. Af því leiðir, að náttúruverndarráð mun ekki lýsa tiltekið landsvæði fólkvang, nema fyrir liggi samþykki hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar."

Það kemur alveg glöggt fram af þessari umsögn, að hér er hugsað um málið í eintölu. Hér er hugsað um fólkvang, sem aðeins eitt bæjar- eða sveitarfélag hefur umráðarétt yfir, bæði yfir landinu, sem gert er að fólkvangi, og eins eftir að búið er að stofna þetta friðlýsta land. Og það, sem mitt mál fjallaði um einfaldlega í gær, var það, hvað á að gera, ef málið varðar fleiri sveitarfélög en eitt, eins og það ákveðna tilvik laut að, sem ég gerði að umtalsefni, friðlýsing lands frá Krýsuvíkurbergi að Elliðaárvogi? Það hefur komið fram tillaga um að gera þetta að fólkvangi. Hún kom fram í borgarstjórn frá okkar framsóknarmönnum í októbermánuði 1969, minnir mig, og það sýndi sig með gildandi lögum, að það voru svo mikil tormerki á því að gera þetta, að málið er nánast í sjálfheldu. Og menntmrn. var bent á þetta og það beðið um að taka inn í núv. frv. ákvæði, sem betur skæru úr um þetta. Það hefur að mínum dómi ekki verið gert. Ég sé ekki samkv. þessu, að náttúruverndarráð hafi heimild til að skera úr deilumálum, ef upp koma milli sveitarfélaga. Eitt sveitarfélag vill, að fólkvangurinn sé stofnaður. Annað vill það ekki. Hefur þá náttúruverndarráð leyfi til þess að skera úr þessu máli? Það held ég ekki. Ég held, að það hafi það ekki miðað við þá grein, eins og hún er núna. Þetta er það, sem ég hafði við frv. að athuga, en alls ekki það, að ég vildi, að sveitarfélögin væru svipt því valdi, sem þau geta mest haft. Það held ég alls ekki. Ég vil bara, að það sé einhver aðili, sem geti höggvið á svona hnút, ef til kemur. Um önnur atriði skal ég ekki fjölyrða sérstaklega, þar sem hæstv. ráðh. getur nú ekki verið viðstaddur.

Ég harma það enn, að út úr frv. var tekin fjáröflunin. Ég óttast það eins og svo margir, sem hér ræddu málið í gær, að þegar að kreppir og á að semja fjárlög, verði svona hlutir, sem hægt er að hafa nokkuð í hendi sér, hornreka, og þeirra hlutur verði smár í fjárlögum, þegar margt kallar á, sem gera þarf. Ekki vegna þess endilega, að ráðherrar þeir, sem hlut eiga að máli, séu andvígir þessu. Mér dettur ekki í hug að halda það, heldur bara einfaldlega vegna þess, að hér er ekki neitt, sem beint rekur á eftir, engin lagafyrirmæli frá Alþ. og *kannske ekki verkefni, sem eru svo bráðaðkallandi*, að mönnum finnist ekki, að þau geti beðið svo sem eins og eitt ár, þó að reyndin sé raunar sú, að þau geta það alls ekki. Það er enginn vafi á því, að samkv. þessu nýja frv., og raunar samkv. gildandi lögum líka, þarf talsvert fjármagn til þess að friðlýsa landið eins og menn almennt eru sammála um og svo vel kom fram í umr. hér í gær. Og ég hygg, að svo sé ástatt nú, að fjármagn til þessara hluta sé of lítið og það væri ástæða til að auka það fremur en draga úr því. Það var náttúrlega enginn glæsibragur yfir þessari fjáröflun í frv., ég skal alveg viðurkenna það. Það er *nánast sitt beinið af hverri* tíkinni, svolítil prósenta af áfengi því, sem búið er til á Íslandi, pínulítil prósenta af orkusölu og enn þá minni prósenta af varmaframleiðslu. Ég skal alveg viðurkenna það, að svona sparðatíningur er leiðinlegur og hefði sjálfsagt mátt tiltaka einhvern einn tekjustofn og tryggja sjóðnum þar með a. m. k. þessar 3.7 millj. eða meira. Ég skal líka viðurkenna það, að svona eyrnamerking skatta er heldur hvimleið og hún hefur náttúrlega kastað tólfunum í tíð núv. hæstv. ríkisstj., hvað sem hæstv. menntmrh. hefur um það að segja. Og ég veit ekki betur heldur en síðasta verulega skattlagning, sem Alþ. hefur samþykkt, eitthvað 249 millj. kr., hafi einmitt verið launaskattur alveg í ákveðnu tilefni, til þess að leysa ákveðin verkefni, eyrnamarkaður á báðum eyrum 249 millj. í 9 mánuði til þess að standa undir svokallaðri verðstöðvun, sem er nú náttúrlega orðin öfugmæli fyrir löngu. En það alvarlega í þessu máli er auðvitað ekki þetta. Ég get vel fallizt á það, að það megi fækka þessum svokölluðu eyrnamerktu sköttum. En það er bara þetta, að fjárveitingar samkv. fjárlögum eru tilteknar í krónutölu og sú krónutala hefur tilhneigingu til þess að dragast aftur úr í verðbólguþjóðfélagi. En hundraðshlutafjárveiting eins og sú, sem í frv. var, lafir þó í hækkununum.

Ég veit ekki, hvort ég nenni að vera með frekari sparðatíning í þessu, en fyrst hæstv. menntmrh. er kominn, þá get ég ekki stillt mig að endurtaka það, að mér finnst frv. hafa verið lengi í rn. til athugunar. Hæstv. ráðh. sagði, að það þyrfti engan að furða það, þó að svona frv. væri örfáar vikur eða mánuði til athugunar. En þetta eru býsna margar vikur, sem frv. er búið að vera til athugunar í rn. og enn þá fleiri vikur síðan frv. kom fram og rn. hefur auðvitað haft tóm til þess að athuga það jafnlengi og allir aðrir. Ég held, að það sé a. m. k. komið á annað ár síðan þetta frv. kom frá nefndinni. Það geta nú þeir borið um, sem hér eiga sæti og í nefndinni voru. En ég skal láta þessum örfáu orðum lokið. Ég sá ástæðu til þess í gær að gera þessar aths. Ég hef, held ég, komið á framfæri því, sem ég man af því, sem ég ætlaði að ræða um í gær.

En aðalástæðan til þess, að ég stóð upp aftur, er sem sagt sú, að það er alls ekki mín stefna, að sveitarfélögin séu svipt því valdi, sem frv. gerir ráð fyrir þeim til handa til þess að ákveða um friðlýsingu og náttúruvernd. Mitt „prinsíp" laut sem sagt að þessu, svo að ég endurtaki það í lokin, hvað eigi að gera, hver eigi að hafa úrslita- og úrskurðarvald, þegar svo stendur á eins og í því tilviki, sem ég nefndi, að fleiri sveitarfélög en eitt eiga sameiginlega aðild að fólkvangi, og ég tala nú ekki um, ef svo

skyldi fara, sem ekki var þó í þessu tilviki, að ósamkomulag risi á milli sveitarfélaga.

Ég skal svo láta þessu lokið.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Það verða nú aðeins fáein orð til viðbótar því, sem ég sagði um þetta mál í gær. Ég tel ástæðu til að fagna því, hversu margir hv. alþm. hafa tekið til máls og látið sig þetta mál einhverju skipta. Ég tel, að það sé ljós vottur þess, að menn hafa hugsað um þessi mál hér á hv. Alþ. Menn skilja, hversu mikilvæg þau eru og að löggjöf um náttúruvernd þarf að vera sem bezt og fullkomnust á hverjum tíma. Þessu fagna ég vissulega.

Ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, var fyrst og fremst sú, að mig langaði til þess að beina alveg ákveðinni fsp. til hæstv. menntmrh. og hún er í sambandi við nefndina, sem vann að undirbúningi þessa máls, og spurninguna um endurskoðun laga um Þingvelli. Sú þáltill., sem lá að baki því, að nefndin var skipuð, fjallaði, ef ég man rétt, um tvennt. Hún fjallaði um það, að það skyldi verða endurskoðuð gildandi löggjöf um náttúruvernd og endurskoðuð gildandi löggjöf um þjóðgarð á Þingvöllum. Eftir að nefndin, sem undirbjó þetta frv., tók til starfa, komst hún nokkuð fljótlega að þeirri niðurstöðu, að það væri rétt að aðskilja þetta. Það kom aðeins til orða, hvort það ætti að taka ákvæðin um þjóðgarð á Þingvöllum inn í kaflann um þjóðgarða í náttúruverndarlögunum, en nefndarmenn hurfu algerlega frá því, og ég held, að það hafi alveg örugglega verið skilningur þeirra, þegar þeir sendu frá sér náttúruverndarfrv. og hafði jafnvel komið fram í bréfi til rn., að nefndin teldi starfi sínu ekki lokið, hún teldi sig eiga eftir að vinna hinn hluta verksins, sem henni var falið, þ. e. a. s. að endurskoða lög um þjóðgarð á Þingvöllum. Því miður hefur nefndin ekki verið kölluð saman eftir að hún sendi náttúruverndarfrv. frá sér, og mig langar til af þessu tilefni að spyrja hæstv. menntmrh., hvort hann lítur þannig á, að nefndin hafi lokið störfum eða hvort hann ætlast til þess eða gerir ráð fyrir því, að hún fjalli einnig um hitt verkefnið, þ. e. a. s. um löggjöfina um þjóðgarð á Þingvöllum. Sá hefur verið og er minn skilningur, og mér þætti mjög vænt um að fá álit hæstv. ráðh. um þetta eða hvort hann hefur gert aðrar ráðstafanir í sambandi við endurskoðun laganna um þjóðgarð á Þingvöllum.

Fyrst ég er staðinn upp, vil ég aðeins bæta fáum orðum við í sambandi við það, sem ég sagði um þá breytingu, sem gerð var á frv., að taka algerlega út úr því ákveðið um náttúruverndarsjóð. Ég skal fúslega fallast á það með hæstv. ráðh. og ég hef látið það fyrr í ljós, að ég tel það í sjálfu sér ekki heppilegt að vera stöðugt að koma með sérstaka tekjuöflun, sérstaka skatta til ákveðinna afmarkaðra verkefna, þar sem það vill nú oft vera svo, að þegar til lengdar lætur verður ekkert samræmi á milli skattlagningarinnar annars vegar og verkefnisins hins vegar. Ástæðan til þess, að ég féllst nú á það í nefndinni að leggja til þarna sérstaka skatta, var einvörðungu sú, að það ríkti innan nefndarinnar nokkur ótti um það, að það yrði erfitt, a. m. k. á ýmsum tímum, að afla nauðsynlegs fjár til framkvæmda í náttúruverndarmálum, ef ekki væri um einhverja sjálfstæða skattlagningu að ræða í því skyni, og ég beygði mig nú fyrir þeirri röksemd og það var eingöngu vegna þess ótta, að ég hef gert aths. við þá breytingu, sem gerð hefur verið á frv. að þessu leyti. En í rauninni er ég „prinsipielt" samþykkur því, að slíkum sérstökum sköttum til ákveðinna verkefna á að fækka, og ríkisvaldið eigi hins vegar og Alþ. að meta það á hverjum tíma, hver verkefnin eru og hver þörfin er, og ég vona, að sá skilningur komi nú til með að ríkja á náttúruverndarmálum á komandi tímum, að þetta komi ekki að sök. Ég veit, að hæstv. menntmrh. hefur skilning á þeim málum. En það er nú hins vegar svo, að þó að hann hafi setið vel og lengi í sínu embætti, þá kemur að því einhvern tíma fyrr eða síðar, að annar maður komi þangað, og maður verður að vænta, að þeir, sem það embætti skipi, hafi góðan skilning á þessum málum og Alþ. geri það á hverjum tíma, sem nauðsynlegt er í sambandi við fjáröflun til náttúruverndarmála.

Ég taldi rétt, að þetta kæmi fram og að ástæðan til þess, að ég var ekki alls kostar ánægður með þessa breytingu, var fyrst og fremst sú, að ég óttaðist, að hún hefði verið gerð í sparnaðarskyni. Hæstv. ráðh. taldi það ekki hafa verið og mér þótti vænt um að heyra það.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég skal með ánægju svara þeirri fsp., sem hv. síðasti ræðumaður beindi til mín. Ég lít eindregið þannig á, að nefndin hafi ekki lokið störfum sínum, henni hafi verið falið að endurskoða löggjöfina um þjóðgarð á Þingvöllum og hún eigi það eftir. Sú till. til þál., sem nefndarskipunin byggðist á, hljóðar svona, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta endurskoða lög nr. 59/1928, um friðun Þingvalla, og lög nr. 48/1956, um náttúruvernd, og semja fyrir næsta reglulegt Alþingi frv. til nýrra laga um náttúruvernd, friðun Þingvalla og þjóðgarða. Endurskoðunin miði að því að auka náttúruvernd og auðvelda almenningi aðgang að heppilegum stöðum til útivistar og náttúruskoðunar. Einnig verði verk- og valdsvið náttúruverndarráðs og Þingvallanefndar skilgreint sem gleggst."

Þar sem nefndarskipunin var byggð á tillögunni og tillagan var send með til þeirra þm., sem þess óskuðu, var augljóst, til hvers rn. ætlaðist af nefndinni. Hitt er annað mál, að ég er persónulega nefndinni sammála um það, að ákvæði um náttúruvernd og ákvæði um friðun Þingvalla eigi ekki að vera í einu og sama lagafrv. þegar af þeirri ástæðu, að náttúruvernd heyrir undir menntmrh., en Þingvellir heyra undir forsrh., og það er óeðlilegt, að framkvæmd einnar löggjafar sé í höndum tveggja rn. eða tveggja ráðh. Þegar af þessari ástæðu — fleiri ástæður koma einnig til, sem

nefndin gerði grein fyrir í sínu áliti á sínum tíma — þegar af þessari ástæðu tel ég, að þessir lagabálkar eigi að vera tveir. Og ég lít þannig á, að nefndin eigi þennan hluta verksins eftir og beri að senda niðurstöður þess hluta verksins, þ. e. a. s. lagabálks um friðun Þingvalla, til forsrh., sem Þingvellir heyra undir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Ed., 18. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 370, n. 527, 536, 539, 562).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Menntmn. hefur haft það mál, sem hér liggur fyrir, til athugunar, og eins og nál. á þskj. 527 ber með sér, þá leggur n. til, að frv. verði samþ., en einstakir nm. áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja brtt. Það var ein brtt., sem n. var sammála um að flytja. Það er nú fyrir vangá mína, að hún hefur ekki verið prentuð sem þskj., en þar er aðeins um nafnbreytingu að ræða, ef svo mætti segja, en þessi brtt. er við 4. gr. frv., 2. málsgr., 2. málsl. Þar stendur „Náttúruverndarsamtök", en þessi samtök munu nú hafa breytt um nafn og kallast Landvernd og þá ber auðvitað að leiðrétta það í samræmi við það. Brtt. ber því að skoða fyrst og fremst sem leiðréttingu, en ég leyfi mér, af því að það var fyrir yfirsjón mína, að þessu var ekki útbýtt sem þskj., að leggja hana fram til hæstv. forseta sem skriflega brtt. og vænti þess, að hann leiti þá afbrigða, þannig að hún megi koma til við þessar umr.

Fyrir hönd n. verð ég að játa það, að hún hefur ekki getað kannað þetta mál eins og æskilegt hefði verið, vegna þess hvað lítill tími hefur verið til stefnu, en n. taldi þó rétt, vegna þess hvernig á stendur nú á hv. Alþ., að gert er ráð fyrir að ljúka þingi fyrir páska, en mikið af málum enn þá óafgreitt, að standa ekki í vegi fyrir því, að þetta mál gæti komið hér fyrir til endanlegrar afgreiðslu og þess vegna hefur hún nú skilað áliti, enda þótt æskilegt hefði verið, — það hygg ég, að allir nm. séu sammála um — að henni hefði getað gefizt meiri tími til athugunar á þessu í sjálfu sér mikilvæga máli.

Náttúruverndarmálin hafa, eins og kunnugt er, verið mjög ofarlega á baugi undanfarin misseri og ber að lofa þann áhuga, sem vart hefur orðið á þeim af hálfu almennings. Hagvöxtur og bætt lífskjör hafa verið kjörorðin síðan síðari heimsstyrjöldinni lauk, þau markmið, sem gjarnan hafa verið sett öllum öðrum ofar bæði hér á landi og annars staðar. En tækin til að ná þessum markmiðum hafa verið aukin framleiðsluafköst, bætt tæknivélvæðing og aukin orkunotkun. En allt getur þetta haft meira eða minna skaðleg áhrif á umhverfið, ef ekki eru gerðar sérstakar gagnráðstafanir. Að vísu er það svo, að einstakir vísindamenn hafa fyrir alllöngu síðan varað við þeirri þróun, sem óhjákvæmileg væri. Ég minnist þess í þessu sambandi, að það var fyrir 14 árum síðan, sem ég hlustaði á erindi, sem kunnur sænskur vísindamaður að nafni prófessor Borgström flutti í Gautaborg eða nágrenni hennar, þar sem hann varaði með mjög sterkum orðum við þeirri þróun, að um stöðugt vaxandi mengun bæði lofts og lagar væri að ræða. Á þeim tíma var þetta ekki tekið svo alvarlega sem rétt hefði verið, en nú fyrst hafa þessi vandamál orðið svo áþreifanleg, að einnig hinn óbreytti þjóðfélagsborgari hefur vaknað við vondan draum. Gerir það auðvitað hið svonefnda mengunarvandamál, sem ég hef í huga, en náttúruvernd er auðvitað miklu víðtækara hugtak og ekki eins nýtt af nálinni.

Mikilvægasti þáttur náttúruverndar hér á landi er gróðurverndin, en vegna óhagstæðra loftslagsskilyrða er gróður hér á landi sérstaklega viðkvæmur fyrir óhagstæðum áhrifum, hvort heldur er af völdum náttúruaflanna eða mannsins. Og gróðureyðingin er auðvitað ekki neitt nýtt vandamál. Hún hefur átt sér stað jafnt og þétt frá því að landnám hófst. Horfast verður í augu við það, að náttúruvernd, sem að gagni kemur, kostar fé og verðmætafórnir, þannig að vega verður og meta þær efnahagslegu fórnir, sem færa verður í þessu skyni, gagnvart þeim verðmætum, sem varðveita á, ef náttúruverndin ber árangur. En slíkt mat hlýtur auðvitað ávallt að verða einstaklingsbundið. En þó að því beri að fagna, að mönnum er nú ljósari en áður sú hætta, sem umhverfinu stafar af hinni tæknilegu og efnahagslegu þróun, þá tel ég þó ástæðu til þess að vara við því að líta einhliða þannig á málið, að náttúruvernd og tæknilegar og efnahagslegar framfarir séu andstæður. Að svo þarf ekki að vera, leiðir þegar af því, sem ég hef bent á, að náttúruverndin kostar fjármuni, en af því leiðir aftur, að efnað þjóðfélag hefur meiri getu til að vernda náttúru landsins en fátækt. Sem dæmi um þetta mætti kannske nefna skógræktarmálin hér á landi. Það er enginn efi á því, að forfeður okkar hafa gert sér ljós þau náttúruspjöll, sem af eyðingunni stöfuðu, og vafalaust harmað þau alveg eins og við. En þá var lífsbaráttan svo hörð, að menn töldu sig ekki hafa efni á öðru en að nýta alla þá möguleika í náttúrunni sér til lífsbjargar, sem fyrir hendi voru, og tillitið til framtíðarinnar vék þá fyrir þessu, og það er mannlegt. Það var talið lífsnauðsyn að nýta þessi verðmæti. Það er kannske meira bættur efnahagur en í sjálfu sér aukinn skilningur á þessu efni, sem hefur svo gert það mögulegt með nokkrum árangri, — þó hann sé kannske ekki eins mikill og æskilegt væri — að varðveita og friða þær skógarleifar, sem við enn eigum eftir, og jafnvel að gera verulegt átak í þá átt að rækta nýja skóga. Ég nefni þetta aðeins sem dæmi því til stuðnings, sem ég tel, að ekki megi loka augunum fyrir, að bættur

efnahagur skapar líka möguleika á því að ráðstafa meiri fjármunum en ella til náttúruverndar, þannig að þess vegna má ekki líta á efnahagslegar framfarir og náttúruvernd sem andstæður. Og varðandi þann þátt umhverfisspillingarinnar, sem stendur í nánustu orsakasambandi við tækniþróunina eða mengunarvandamálið, má á það benda, að hin aukna tæknilega þekking skapar líka skilyrði fyrir því, að menguninni verði haldið í skefjum. En að því leyti, sem hér er um árekstra að ræða, — og fyrir því má ekki loka augunum, að þannig er að vissu marki. Það sló mig t. d. á sínum tíma, þegar ég kom fyrir 20 árum síðan eða meira til Trollhättan í Svíþjóð, sem maður kannaðist við frá landafræði sinni í barnaskólanum, og þar var talað um sem einn stærsta og fegursta foss Svíþjóðar, en þegar maður kom á þær slóðir var ekki neitt að sjá nema steypu og önnur mannvirki — verður maður vissulega að gera sér þetta ljóst. En í þessu efni, að því leyti, sem um slíka árekstra er að ræða milli náttúruverndar og tæknilegra og efnahagslegra framfara, þá er auðvitað ekki til neinn algildur mælikvarði á það, hve miklu skuli fórna í þágu náttúruverndarinnar. Mín persónulega skoðun er sú, að hún sé þess vissulega verð, að verulegar fórnir séu færðar í þágu hennar, en auðvitað eru þar takmörk, því að við verðum einnig að hafa í huga, að ef okkur tekst ekki, hvað lífskjör snertir, að halda í við grannþjóðir okkar, þá eigum við á hættu að missa fjölda fólks úr landinu og sér í lagi þá starfskrafta, sem mest eftirsjá er að, þannig að í þessu efni verður að leitast við að rata hinn gullna meðalveg.

Ég mun ekki rekja efni þess frv., sem hér liggur fyrir, í einstökum atriðum. En í því felast margvíslegar mikilvægar heimildir til handa þeim stjórnvöldum, sem með náttúruverndarmál fara. Ekki má þó loka augum fyrir því, að það verða aldrei lagaboðin, sem úrslitaþýðingu hafa fyrir árangur í þessu efni, þar skiptir mestu áhugi og skilningur almennings. Í okkar strjálbýla landi verður allt eftirlit yfirvalda með umgengni borgaranna við umhverfi sitt svo erfitt, að þessi umgengni verður aldrei með ákjósanlegum hætti, nema borgararnir sjálfir hafi á því nægilegan skilning.

Ég sé, að nú í dag hefur verið útbýtt allmörgum brtt. og má nú vera, að það hafi verið eitthvað fyrr, þó að það hafi farið fram hjá manni, en það hefur verið útbýtt allmörgum brtt. við þetta frv., enda eins og ég gat um höfðu raunar einstakir nm. áskilið sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt. og að sjálfsögðu hefur n. sem slík ekki tekið neina afstöðu til þessara brtt. En ef það væri í samræmi við vilja hv. flm., þá mundi ég nú telja ekki óeðlilegt, að þessar brtt. yrðu teknar aftur til 3. umr., þannig að n. gæfist kostur á því að athuga þær.

Herra forseti. N. leggur að öðru leyti til, að þetta frv. verði samþ. til 3. umr.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa frv. gagnrýndi ég það m. a., hversu seint frv. er fram komið og hversu lítill tími er þar af leiðandi fyrir Alþ. til að fjalla um svo veigamikið mál, sem hér er óneitanlega um að ræða. En það var einróma skoðun menntmn. þessarar hv. d., eins og framsögumaður hennar hefur þegar gert grein fyrir, að þrátt fyrir það, þótt tími væri helzt til naumur til þess að kanna hin mörgu efnisatriði þessa máls, þá væri málið svo mikilvægt, að það væri ástæða til a. m. k. að freista þess að láta það fá framgang á þessu þingi. Og þess vegna hefur n. nú skilað áliti um það. Ég gagnrýndi það einnig við 1. umr., að af hálfu ríkisstj. höfðu verið gerðar nokkrar og býsna veigamiklar og, að ég er hræddur um, örlagaríkar breytingar á þessu frv. frá því, sem það var lagt hér fyrir í fyrra, þá óbreytt eins og milliþinganefnd hafði unnið að málinu og skilað því frá sér. Sú breytingin, sem ég taldi nú einna óheppilegasta, var að taka algerlega út úr hinu eldra frv. ákvæðin um sérstakan sjóð, náttúruverndarsjóð, sem væri undir stjórn náttúruverndarráðs, en það var í rauninni mjög stórt atriði í sambandi við frv., að náttúruverndarráð fengi með slíkum sjóði verulega aukna möguleika til sjálfstæðra athafna og frumkvæðis um ýmis efni, enda þótt það væri þó jafnframt bundið í frv., að ef um væri að ræða framkvæmdir eða aðgerðir, sem kynnu að kalla á verulegt fjármagn úr ríkissjóði, þá yrði slíkt að sjálfsögðu ekki gert án þess að aðrir aðilar, svo sem ráðuneyti, kæmi til.

Þrátt fyrir það, þó fleiri atriði væru, sem ég taldi sízt til bóta af þeim, sem hæstv. ríkisstj. hafði breytt frá hinu upphaflega frv., þá hef ég ekki farið út í að flytja brtt. um annað heldur en það, að á ný yrði sett inn í frv. ákvæði um náttúruverndarsjóð og ákvæði um fjáröflun til hans. Þessar tillögur mínar eru á þskj. 536 og það er fyrst og fremst um þær, sem ég ætla að fara hér nokkrum orðum. Eins og ég sagði áður, þá var ein meginbreyting hæstv. ríkisstj. á hinu upphaflega frv. eins og það var lagt fram í fyrra að kippa algerlega út ákvæðunum um náttúruverndarsjóð og setja inn í staðinn ákvæði um það, að kostnaður við framkvæmd laga þessara skuli greiddur úr ríkissjóði, eftir því sem fé yrði veitt til á fjárlögum. Í hinu upphaflega frv. voru hins vegar ákvæði um sérstaka fjáröflun í þennan sjóð. Og ég get sagt það hreinskilnislega, að ég var aldrei neitt sérstaklega ánægður með þær tillögur út af fyrir sig, hvernig fjár skyldi til sjóðsins aflað, því að það var hvort tveggja, að það mátti mjög um það deila, hvort það væru eðlilegir tekjustofnar, og svo var það alveg ljóst, að það fé, sem þannig fengist, mundi vera allsendis ófullnægjandi. En ég hygg, að það, sem hafi nú fyrst og fremst ráðið því, að nefndin, sem undirbjó frv., varð á endanum sammála um slíka tillögu, hafi verið það, að hv. fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna í nefndinni gerðu sér þá einhverjar vonir um, að slíkar tillögur, — ef ekki væri um hærri upphæðir að ræða heldur en þar voru tilgreindar — slíkar tillögur kynnu að finna náð fyrir augum hæstv. ríkisstj. og þá sérstaklega hæstv. fjmrh., sem hlaut þar að sjálfsögðu um að fjalla. En þarna var á sínum tíma um að ræða fjárupphæð, sem gert var ráð fyrir að næmi nálægt

4 millj. kr. Þetta var óneitanlega allsendis ófullnægjandi, en þó betra en ekki og hefði kannske mátt vænta þess, að þar yrði síðar ráðin bót á. Í stað þeirra tekjustofna, sem þar var lagt til að taka upp, hef ég nú gert að tillögu minni á þskj. 536, að náttúruverndarsjóður verði stofnaður með framlögum úr ríkissjóði og tekjur náttúruverndarsjóðs verði fyrst og fremst fast framlag úr ríkissjóði, sem nemur a. m. k. 20 millj. kr. á ári. Ég tel, að ef einhver alvara er með samþykkt frv. eins og þess, sem hér liggur fyrir, þá verði að horfast í augu við það, að náttúruvernd kostar verulegt fé. Og ég hygg, að því verði ekki í fáum orðum lýst öllu greinilegar heldur en með því að vitna til þess, sem segir um náttúruverndarsjóðinn í grg. frá þeirri nefnd, sem undirbjó þetta frv., og ætla ég að leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa nokkurn hluta þess, sem þar er sagt um náttúruverndarsjóðinn og hlutverk hans. Þar segir svo:

„Flestar náttúruverndarframkvæmdir hafa nokkurn kostnað í för með sér. Þær upphæðir, sem um er að ræða, eru mjög misháar, allt frá framkvæmdum, er miða að stuðningi við útivist almennings, til kaupa á jörðum í sambandi við stofnun nýrra þjóðgarða. Stuðningur við útivist almennings getur orðið mjög fjárfrekur útgjaldaliður. Á þessu sviði er um mjög brýna þörf að ræða, sem ekki er séð fyrir með öðru móti.

Það sjónarmið hefur orðið mjög ríkjandi í umræðum nefndarinnar, að ósnortin náttúra landsins muni í nánustu framtíð verða þjóðinni drýgri tekjulind en margar þær framkvæmdir, sem nú er mjög haldið á loft. Í næsta nágrenni við okkur búa tugir milljóna manna, sem aldrei hafa kynnzt ósnortinni náttúru, hvorki séð ómengaðan fjallalæk né andað að sér fersku lofti í þeim skilningi, sem við leggjum í orðin. Það þarf ekki mikið hugarflug til að sjá, hvaða möguleikar eru fyrir hendi á sviði ferðamála, ef okkur tekst að viðhalda ósnortinni náttúru mitt í heldur óhrjálegum heimi mengunar og náttúruspjalla.

Sérhvert framlag til náttúruverndar á Íslandi er því ekki aðeins trygging fyrir því, að við varðveitum landið til nytja og ánægju okkur sjálfum og afkomendum okkar til handa, heldur er beinlínis hægt að staðhæfa, að sérhver fjárfesting í þessu skyni muni bera margfaldan ávöxt í beinum tekjum af erlendum ferðamönnum."

Síðan segir um náttúruverndarsjóðinn sérstaklega:

„Náttúruverndarsjóður á að gegna því hlutverki að gefa náttúruverndarráði svigrúm til mjög aukinna framkvæmda. Nefndin hefur rætt fjölmörg verkefni, sem hún telur brýna þörf á að leysa á sem skemmstum tíma. Þar á meðal er mjög mikil fjölgun þjóðgarða frá því, sem nú er, þannig að ekki séu færri en 1—2 þjóðgarðar í hverjum landsfjórðungi. Verkefni af þessu tagi verða ekki unnin með nægilegum hraða, nema því aðeins að náttúruverndarráð geti tekið á sig fjárhagslegar skuldbindingar með tilstyrk árvissra og helzt vaxandi tekjustofna.

Önnur verkefni, sem náttúruverndarráði er ætlað að standa straum af, lúta að rannsóknum, sem ýmist eru beinn undirbúningur náttúruverndarframkvæmda eða miða að því að upplýsa, hvort og að hve miklu leyti friðlýsing einhvers svæðis er nauðsyn. Algengustu tegundir rannsókna, sem hér eru hafðar í huga, eru umhverfisrannsóknir, sem segja til um, hvaða áhrif truflun viss þáttar í náttúrlegu umhverfi hafi á aðra þætti náttúrunnar. Í mörgum tilvikum mundi kostnaður við slíkar rannsóknir dæmast á þann aðila, sem að truflueinni stendur, en náttúruverndarsjóður gefur náttúruverndarráði frjálsar hendur, þar sem um vafaatriði er að ræða eða ágreiningur kemur upp."

Ég skal ekki þreyta hv. þdm. með því að lesa meira upp úr þessari grg., en af því, sem ég hef þegar lesið, er ljóst, að nefndin, sem samdi þetta frv., lagði mjög ríka áherzlu á það og taldi það eitt af frumskilyrðum þess, að lögin kæmu að gagni, að náttúruverndarráð hefði nokkuð frjálsar hendur að því er tekur til fjármála, og þyrfti ekki í ýmsum tilfellum að bíða eftir því að fá ákveðnar samþykktir eða ákveðnar fjárveitingar á fjárlögum. Sú bið gæti oft á tíðum orðið helzt til löng og jafnvel undir högg að sækja um fjárveitingar, þegar svo væri, að þær væru algerlega háðar fjárlagaafgreiðslu hverju sinni.

Ég vænti þess, að hv. þdm. geti fallizt á það sjónarmið, að það sé mjög æskilegt, að náttúruverndarráði sé gert kleift að starfa á þann hátt, sem til er ætlazt, með því að sjá því fyrir nokkru og það allverulegu fjármagni til starfa sinna. Ég minnist þess að vísu, að við 1. umr. málsins neitaði hæstv. menntmrh. því algerlega, að sparnaðarsjónarmið hefðu ráðið því hjá ríkisstj., að þetta ákvæði um náttúruverndarsjóðinn var tekið út, og vissulega þótti mér ánægjulegt að heyra þá yfirlýsingu hæstv. ráðh. Hann taldi, að þar hefði ekki ráðið sparnaðarsjónarmið, heldur væri það stefnuskráratriði hæstv. ríkisstj. að fækka fremur heldur en fjölga hinum sérstöku tekjustofnum til alveg ákveðinna og afmarkaðra framkvæmda. Út af fyrir sig er ég sammála því sjónarmiði og því „prinsípi", að slíkum einstökum tekjustofnum, sem ákvarðaðir eru til sérstakra mála eða framkvæmda, eigi að fækka eða þeir eigi jafnvel að hverfa og að það sé fremur, að ríkið eigi að taka til sín skattana og síðan eigi að verja slíkum hlutum úr ríkissjóði. Og með tillögu minni hér væri í rauninni gengið algerlega inn á þetta sjónarmið, því að þar er lagt til, að fjármagnið komi beint úr ríkissjóði, en til þess að hafa það ekki algerlega laust og óbundið, þá hef ég talið rétt og eðlilegt að setja þarna þann varnagla, að framlagið skuli nema a. m. k. 20 millj. kr. á ári. Ég er sannfærður um, að það verður nóg með það fjármagn að gera, og þótt meira væri, miðað við þau verkefni, sem fyrir liggja á þessu sviði.

Í sambandi við þetta mál er e. t. v. rétt að minna á það hér, að í fréttum af hinni nýju ríkisstj. í Noregi, í hádegisútvarpi í dag, var m. a. frá því skýrt, að því væri yfirlýst af ríkisstj., að hún mundi

setja á stofn sérstakt rn. til þess að fjalla um náttúruverndar- og umhverfismál. Svo mikils metur hin nýja ríkisstj. Noregs þessi mál, að hún hefur ákveðið, að um þau skuli fjalla sérstakt rn. Ég hygg, að skilningur manna hér á landi á nauðsyn þessara náttúruverndar- og umhverfisverndarmála hafi einnig vaxið svo mikið nú hin allra síðustu ár, að menn telji það ekki aðeins æskilegt, heldur nauðsynlegt, að þeim sé sinnt í miklu ríkari mæli heldur en áður og að til þeirra sé veitt nauðsynlegu fé, svo að hægt sé að gera þá hluti, sem allra brýnastir eru, ekki aðeins til þess að vernda náttúruna — það sé frumskilyrðið og það mikilvægasta, heldur einnig til þess að auðvelda almenningi, bæði okkur sjálfum og gestum okkar, að njóta óspilltrar íslenzkrar náttúru.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þessar brtt. mínar, sem, eins og ég áður sagði, fjalla eingöngu um náttúruverndarsjóðinn, að ákvæði um hann verði sett á ný inn í frv. Á tveimur öðrum þskj. hafa verið lagðar fram brtt. við þetta frv. og um þær flestar get ég sagt það, að mér sýnast þær vera annaðhvort verulega til bóta eða þá a. m. k. algerlega skaðlausar og jafnvel heldur til bóta nema e. t. v. ein, sem ég taldi rétt að gera aths. við með örfáum orðum. Það er 2. brtt. á þskj. 539 frá þeim Birni Jónssyni og Steingrími Hermannssyni. Ég minnist þess einmitt, að um það atriði, sem þar er um fjallað, hvort ætti að binda kosningu náttúruverndarráðs við ákveðna menntun að einhverju eða öllu leyti, var mikið rætt og var að nokkuð vel athuguðu máli horfið frá því og talið, að náttúruverndarþing hlyti að hafa slík sjónarmið mjög ríkt í huga, þegar það kysi menn í náttúruverndarráð, jafnframt því sem að sjálfsögðu væri ráð fyrir því gert, að náttúruverndarráð hefði ráðgjafa á hinum ýmsu sviðum. Það kom til að mynda fram sú hugmynd, að e. t. v. ætti að binda það, að einn af náttúruverndarráðsmönnum væri lærður lögfræðingur, af því að oft er um að ræða lögfræðileg atriði, sem snerta starfsemi og ákvarðanir náttúruverndarráðs. En talið var, að það væri í rauninni eðlilegra að binda þetta ekki og að náttúruverndarráð hefði þá sína ráðunauta á hinum ýmsu sviðum, ef í því væru ekki á hverjum tíma menn, sem hefðu sérþekkingu á hinum mörgu einstöku efnum, sem ráðið yrði að fjalla um. Það var jafnframt gert ráð fyrir því, að það kæmi varla til mála, að af sjö mönnum, sem skipuðu náttúruverndarráð, yrðu ekki einn eða tveir eða fleiri líffræðingar í víðtækri merkingu þess orðs. Ekki man ég, hvort rætt var í nefndinni um þörfina á því, að þar væru verkfræðingar, en þó kann það að vera. Ég er ekki viss um, að þessi tillaga sé til bóta, og tel jafnvel, að hún þrengi heldur möguleika á því, að í náttúruverndarráð veljist hinir allra hæfustu menn og menn með alveg sérstaklega mikinn áhuga á þessum málum, því að það tel ég jafnvel enn þá meira atriði heldur en sérþekkingu á hinum einstöku þáttum, því að ráðið hlýtur að leita að slíkri sérfræðiþekkingu, þegar hún er ekki fyrir hendi innan ráðsins.

Að öðru leyti virðist mér, að þær tillögur, sem fluttar eru bæði á þskj. 539 og þskj. 562, séu ýmist til verulegra bóta eða a. m. k. ekki á neinn hátt til hins lakara, heldur jafnvel að þar séu nánari ákvæði um ýmis atriði og viðbótaratriði, sem gjarnan mega í þessari löggjöf vera.

Að svo mæltu vil ég mega vænta, að þetta mál geti fengið hér tiltölulega greiðan gang í gegnum hv. d. Ég er að sjálfsögðu fús til þess að verða við þeim tilmælum hv. form. menntmn. að taka mínar brtt. aftur til 3. umr., en þá treysti ég því fullkomlega, að haldinn verði mjög bráðlega fundur í menntmn. til þess að fjalla um þær tillögur, sem fram eru komnar eða fram koma, og að það verði ekki til þess að seinka málinu. Og í trausti þess skal ég verða við þeim tilmælum að taka mínar brtt. aftur til 3. umr. málsins.

Umr. frestað.

Á 71. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Ed., 23. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 370, n. 527, 536, 539, 562, 597).

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér fjórar brtt. við þetta frv., sem hér er til umr., ásamt hv. 3. þm. Vestf. og vil ég leyfa mér að fara um þær nokkrum orðum. Í 4. gr. frv. eru taldir upp þeir aðilar, sem sæti eiga á náttúruverndarþingi, og eru þeir 17 eða 18 talsins samkv. þeirri upptalningu, sem í sömu grein greinir. Með tilliti til þess, hvernig þarna er valið af ýmiss konar félagsmálasamtökum, hefur okkur flm. þessara tillagna, sem ég mæli hér fyrir, þótt hlýða, að þarna bættust við þrír aðilar, þ. e. Vinnuveitendasamband Íslands, Alþýðusamband Íslands og Félag ísl. arkitekta. Reyndar mun það vera rangnefnt félagið og vildi ég biðja leiðréttingar á því, þegar tillagan verður borin upp, að félagið heitir Arkitektafélag Íslands, en ekki Félag ísl. arkitekta. Það eru mistök hjá okkur flm., að það er ekki rétt nefnt, en skilst þó fullkomlega, hvað við er átt.

Ég lagði áherzlu á það í þeirri ræðu, sem ég flutti hér við 1. umr. málsins, að ég teldi, að það bæri að leggja áherzlu á það í sambandi við lög um náttúruvernd, að sættir yrðu betri heldur en oft hefur viljað bregða við milli tæknimanna annars vegar og áhugamanna um náttúruvernd hins vegar. En ég tel líka, að það sé mjög æskilegt, að þeir, sem beinna og mikilla hagsmuna hafa að gæta í sambandi við framkvæmd náttúruverndarmála, komi einnig við sögu og geti sagt sínar skoðanir og komið þeim á framfæri þegar á frumstigum þeirra mála, sem náttúruverndin fjallar um. Og ég held, að það sé óhætt að segja, að ýmsir hafi þar ekki öllu ríkari hagsmuna að gæta heldur en aðilarnir á

vinnumarkaðinum, þ. e. a. s. vinnuveitendur og fólkið, sem í atvinnuvegunum vinnur, og finnst mér því — og það er skoðun okkar flm. — að þessir höfuðfulltrúar vinnumarkaðsaðilanna, Vinnuveitendasambandið og Alþýðusambandið, ættu þarna einnig að vera með.

Íslenzkir arkitektar hafa mjög mikilvægu hlutverki að gegna um alla gerð og útlit mannvirkja og þeirra störf eru ákaflega mikilvæg, þegar um það er að ræða, að mannvirki hæfi landslagi og öðru því umhverfi, þar sem þeim er ætlað að starfa. Ég tel þess vegna sjálfsagt, að þessi félagsskapur sé þarna einnig upp talinn sem eigandi fulltrúa á náttúruverndarþingi, ekkert síður heldur en t. d. Verkfræðingafélag Íslands, og læt ég þá útrætt um þessa fyrstu tillögu. Ég held, að menn ættu að athuguðu máli að geta verið sammála um, að þessi tillaga sé eðlileg og hún sé fremur til bóta heldur en hitt.

Önnur tillaga okkar hv. 3. þm. Vestf. á þskj. 539 er við 6. gr., en þar er um að ræða tvær breytingar, í fyrsta lagi, að það sé fest í lögum, að náttúruverndarráð skuli skipað hið minnsta tveimur líffræðingum og tveimur verkfræðingum. Til að rökstyðja það vísa ég alveg til þess, sem ég hef áður sagt um nauðsynlegt samstarf tæknimanna og áhugamanna um náttúruvernd. Ég tel, að markmið og störf þessara manna eigi og muni geta farið saman, því að þeir vinna — eins og ég hef áður leitazt við að sannfæra hv. þdm. um, sem kannske þarf þó ekki, — þeir vinna raunverulega báðir að sama markmiði, þ. e. að búa okkur sem bezt lífsskilyrði í þessu landi og þannig, að við getum unað hag okkar í því umhverfi, sem það hefur skapað okkur. Önnur breytingin, sem þessi tillaga nr. 2 á þskj. 539 hefur að geyma, er sú, að kosningarrétt við kjör náttúruverndarráðs, þeirrar þýðingarmiklu stofnunar, skuli hafa allir þeir, sem náttúruverndarþing skipa, að undanskildum þeim, sem taldir eru í 5. og 6. lið 4. gr. Í frv., eins og það nú er, hafa embættismenn, sem sæti eiga á náttúruverndarþingi, ekki atkvæðisrétt til kosningar náttúruverndarráðs, en okkur flm. þykir þá ekki heldur við hæfi, að náttúruverndarráðið sjálft, — það, sem er fráfarandi á hverju náttúruverndarþingi — hafi atkvæðisrétt um sitt eigið kjör. Það er óeðlilegt og óvenjulegt, að sá háttur sé á hafður, þó að þetta sé kannske ekki mjög mikilsvert atriði.

Þá er það 3. tillagan og fyrir henni mælti ég í rauninni að nokkru leyti við 1. umr. málsins. Hún er um það, að náttúruverndarráð skuli setja sérstakar reglur um akstur ökutækja og umgengni ferðamanna í óbyggðum, þ. á m. um merkingu bílaslóða. Ráðinu er skylt að banna allan óþarfaakstur utan vega og merktra slóða, þar sem náttúruspjöll geta af hlotizt. Þá skal og gera tillögur til réttra aðila um gerð bílaslóða á öræfum landsins og merkingu þeirra og setja bein fyrirmæli þar um. Þessi brtt. er við 13. gr. frv. og felur í sér nokkuð víðtækara vald náttúruverndarráðs um þau efni, sem þarna er fjallað um, sérstaklega að því er varðar umgengni á öræfunum. Og einnig eru þarna ákvæði, sem ættu að auðvelda bæði innlendum og útlendum ferðamönnum að ferðast um öræfin og njóta þeirra dásemda, sem þau hafa að bjóða. Til þess þarf fjármagn og því þarf að beita með skipulegum og vitlegum hætti og þess vegna fjallar tillagan um það, að náttúruverndarráð skuli gera tillögu til réttra aðila, þ. e. til stjórnar vegamála, um gerð bílaslóða á öræfum og merkingu þeirra eða setja fyrirmæli þar um, þannig að þessi tillaga felur í sér meira vald náttúruverndarráði til handa heldur en í frv. felast. Ég tel það ákaflega mikilsvert atriði fyrir okkur, ekki aðeins vegna nauðsynjar þess, að þjóðin kynnist þessum hluta landsins — en ég tel, að enginn Íslendingur hafi raunverulega kynnzt sínu landi og sínum uppruna fyrr en hann hefur kynnzt eitthvað öræfunum — heldur sé hér líka um beint fjárhagsatriði að ræða að opna öræfin fyrir hinum erlendu ferðamönnum, en það getur hins vegar aftur falið í sér nokkrar hættur, þegar umferð vex um öræfin, og mikil nauðsyn á því, að settar séu fastar umgengnisreglur, sem hindri náttúruspjöll, sem iðulega hafa átt sér stað, jafnvel með þeirri umferð, sem nú þegar er á öræfum landsins.

Þá er svo loks brtt. við 24. gr., sem má segja, að sé bæði e. t. v. ofurlítil efnisbreyting, en kannske fyrst og fremst orðalagsbreyting til þess að móta að mati okkar flm. betur þá hugsun, sem við teljum almennt að eigi að búa á bak við náttúruvernd. Ég vil geta þess, að ég held, að ég ljóstri ekki neinu upp, þó ég segi það, að ég ræddi þessa tillögu sérstaklega við núverandi formann náttúruverndarráðs og hann taldi, að þessi setning, sem þarna er gerð tillaga um að breyta, væri töluvert betur orðuð með þeim hætti, sem við flm. leggjum til. Og met ég það að sjálfsögðu mikils, að sá maður vilji einnig líta svo á. Þessi málsliður í 24. gr. er nú svo hljóðandi: „Má þar“ — þ. e. á landsvæði, sem mikilvægt er að varðveita sakir sérstaks landslags, gróðurfars eða dýralífs og er friðað í heild — „má þar ekki spilla né breyta náttúrufari né gera mannvirki, sem raska svip landsins.“ Okkur flm. þykir alveg nægilegt að segja, að ekki megi raska náttúrufari, því að sé náttúrufari ekki raskað, þá er því vitanlega ekki heldur spillt, svoleiðis að það virðist um óþarfa tvítekningu þarna að ræða. Það megi ekki breyta náttúrufari né gera mannvirki, sem raski svip landsins. Nú er það svo, að um allt, sem mannshöndin gerir í náttúrunni, hvort sem það er til góðs eða ills, má segja, að það raski að einhverju leyti svip landsins. Jafnvel alveg nauðsynlegustu mannvirki, sem yrði að setja upp í almenningsgörðum og þjóðgörðum til þjónustu við þá, sem þeirra eiga að njóta, þau auðvitað raska svip landsins, en spurningin frá náttúruverndarsjónarmiði hlýtur að vera sú, hvort þau spilli svip landsins. Ég býst við, að flestir séu mér sammála um, að íslenzkar sveitir séu fegurð fyrir augað og við kunnum betur við að sjá þær með byggðum bólum, mannvirkjum og

ræktun, en allt hefur þetta auðvitað raskað þeim upphaflega svip landsins, en það hefur ekki að okkar viti spillt honum.

Ég ætla, að þetta nægi til skýringar þessum brtt. og ætla ekki að lengja mál mitt, enda kominn tími til kvöldverðar. Ég vil taka það fram, að ég tel eðlilegt og æskilegt, að hv. menntmn. athugi þessa tillögu ásamt öðrum, sem fram hafa komið og sem ég ætla hér ekki að fjölyrða um, annaðhvort áður en þessari umr. lýkur eða þá fyrir 3. umr. málsins, og ég vona sem sagt, að að athuguðu máli geti hún fallizt á flestar og helzt allar þær tillögur, sem við hv. 3. þm. Vestf. flytjum á þskj. 539.

Umr. frestað.

Á 73. fundi í Ed., 24. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég get tekið undir það, sem hv. 5. þm. Reykn. sagði við fyrri hl. þessarar umr., að það er mikilvægt, að löggjöf fáist sett sem fyrst um náttúru- eða umhverfismál þessarar þjóðar. Hins vegar verð ég að viðurkenna það, að ég varð dálítið undrandi, þegar frv. þetta um náttúruvernd kom svo fljótlega frá n. og án nokkurra aths., því þó það sé nauðsynlegt að hraða afgreiðslu frv. um náttúruvernd, þá er þetta engu að síður svo stórt og mikið mál, að ég tel, að það þurfi að vanda mjög vel til alls undirbúnings. Ég hafði átt von á því, að leitað yrði umsagna ýmissa aðila, bæði einhverra þeirra, sem nefndir eru í frv., og fjölmargra annarra, sem hlut eiga að máli. Ég hef rætt um frv. lítillega við nokkra slíka aðila, sérstaklega á sviði vísinda, og veit ég, að þar er áhugi fyrir því að koma á framfæri einhverjum breytingum. Vildi ég beina því til hv. menntmn., að hún athugi það nokkru nánar, enda hafa orðið á frv. nokkrar breytingar frá því sem það var, þegar það var lagt fram hér á Alþ. í fyrra og ástæða til að kanna það nokkru nánar.

Ég er ásamt hv. 11. þm. Reykv. flm. að nokkrum brtt. á þskj. 562 og sömuleiðis á þskj. 539 ásamt hv. 4. þm. Norðurl. e. Hann hefur flutt þær brtt. og mun ég ekki fjölyrða um þær hér, en snúa mér að þeim, sem við flytjum á fyrrnefndu þskj. 562.

Fyrsta brtt. er þess efnis, að við 4. gr. bætist 6. liður, þannig: „Heimilt er með reglugerð að fjölga þeim, sem sæti eiga á náttúruverndarþingi.“ Okkur sýnist nokkuð vafasamt að binda það í lögum, hverjir eiga sæti á þessu þingi, því að samtökum, sem láta sig varða náttúruvernd, fer áreiðanlega fjölgandi hér á næstunni og er illt, ef breyta þarf lögum til þess, að slík samtök fái sæti á náttúruverndarþingi. Ég vil geta þess, að mér hefur verið bent á það í þessu sambandi, að e. t. v. væri réttara að takmarka þessa heimild við samtök og felst ég fyllilega á það og beini því til menntmn., sem boðizt hefur til að taka þessa brtt. til athugunar.

Við 14. gr. leggjum við til, að orðalagi verði nokkuð breytt. Hún er orðuð svo nú: „Bannað er að eyða eða spilla gróðri með mosa- o. s. frv.“ og einnig: „Bannað er að saurga vatnsból eða spilla vatni, hvort heldur er rennandi vatni í ám og lækjum o. s. frv.“ Ég hafði orð á því við 1. umr., að mér sýndist ekki skynsamlegt að orða þetta svo, að bannað sé að saurga vatnsból. Þetta orkar mjög tvímælis. Vatnsbólum eða ám eða lækjum er vitanlega spillt með sérhverju, sem þar kemur nálægt, öðru en frá umhverfinu sjálfu. Jafnvel skepnur spilla að sjálfsögðu vatni og vafasamt að banna slíkt nema a. m. k. innan skynsamlegra marka. Við leggjum því til, að þessi gr. verði umorðuð og orðist þannig: „Ekki skal eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt eða saurga vatnsból eða spilla vatni, hvort heldur er rennandi vatn í ám og lækjum eða í stöðuvötnum og brunnum, að óþörfu, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.“ Okkur sýnist ekki unnt að setja í lögin ákvæði um þetta atriði, þannig að tæmandi séu, og réttara að veita heimild til þess að ákveða það nánar í reglugerð.

Við 16. gr. leggjum við til, að skotið verði inn viðbót á eftir „nauðsynlegum hreinlætistækjum“ þannig, að þar komi: „sem fullnægi öllum kröfum heilbrigðisyfirvalda.“ Heilbrigðismálin í landinu eru nú í allítarlegri endurskoðun eftir þá löggjöf, sem samþ. var á síðasta Alþ. Er mér kunnugt um það, að í þeirri reglugerð, sem verið er að ganga frá, verða sett ákvæði um slíkan aðbúnað og sjálfsagt að vísa í það og gera ráð fyrir því, að þeim verði fullnægt alls staðar, þar sem samkomustaðir eru úti í náttúrunni. Þetta er afar mikilvægt ákvæði að dómi okkar flm. brtt. Víða hefur verið pottur brotinn í þessu sambandi, ekki sízt á mjög fjölmennum samkomustöðum, sem eru orðnir vinsælir hér á landi á sumartíma. Oft er aðstaða þar þannig, að til hreinnar skammar er, og má alls ekki við svo búið sitja.

Við 20. gr. gerum við brtt. Efni hennar er þannig í frv., að ekki skuli heimilað að girða eða reisa mannvirki 150 m frá hæsta flóðmáli né á vatnsbakka eða árbakka í minni fjarlægð en 100 m frá vatnsborði. Okkur sýnist, að ákvæði þetta sé illframkvæmanlegt. Við erum í sjálfu sér hlynntir þeirri stefnu, sem þarna er mörkuð, og okkur skilst, m. a. við athugun á grg. með eldra frv. og viðræðum við þá, sem að því stóðu eða það sömdu, að þarna sé fyrst og fremst til þess ætlazt, að gangandi fólki væri ekki meinaður gangvegur meðfram sjávarströnd eða vatni eða vatnsborði. Höfum við því umorðað þessa gr. þannig: „Eigi má setja byggingar, girðingar né önnur mannvirki á sjávarströnd né á vatnsbakka og árbakka, þannig að hindri frjálsa umferð fótgangandi manna. Ákvæði þessarar málsgr. eiga þó ekki við um þær byggingar eða þau mannvirki, sem nauðsynleg eru vegna atvinnurekstrar, þar með talin íbúðarhús bænda, né þau, sem reist eru með leyfi réttra yfirvalda á skipulögðum svæðum, eða mannvirki, sem reist hafa verið fyrir samþykkt þessara laga.“

Í seinni hluta greinarinnar höfum við undanskilið íbúðarhús bænda og sömuleiðis mannvirki,

sem reist hafa verið fyrir samþykkt þessara laga. Mér hefur skilizt, að seinni hluta greinarinnar í frv. sé einnig ætlað að ná til íbúðarhúsa bænda. Okkur sýnist þó ekki nógu skýrt að orði kveðið í þessu sambandi og því er það innskot inn komið, sem ég las áðan. Sömuleiðis er ljóst, að ekki kemur til mála — a. m. k. yrði það afar kostnaðarsamt og erfiðleikum bundið — að krefjast þess, að girðingar og sumarbústaðir og ýmis þau mannvirki, sem nú eru nær vatnsborði heldur en þarna er tilskilið, beri að flytja á brott. Það yrði mjög kostnaðarsamt og miklum erfiðleikum háð. Því er seinni hluti þessarar viðbótar okkar þarna kominn inn.

Mér sýnist sömuleiðis, eins og ég sagði áðan, miklir erfiðleikar á framkvæmd þessarar greinar almennt. Vildi ég nefna framkvæmdir eins og t. d. skógrækt, sem er vitanlega víða æskileg nær vatnsborði en 100 m. Hún yrði samkv. orðalagi greinarinnar nú ekki heimil eða nánast óframkvæmanleg, því að öllum er ljóst, að skógrækt verður að girða og hindra þannig aðgang skepna og jafnvel manna í sumum tilfellum. Við teljum hins vegar, að greinin, eins og hún er orðuð hjá okkur, nái þeim megintilgangi að auðvelda mönnum umgang við vatnsborð og sjávarbakka.

Í fimmta lagi leggjum við til í sambandi við 21. gr., að þar komi nokkur viðbót. 21. gr. fjallar um sumarbústaði og þess háttar og skipulagsskyldu í því sambandi. Við viljum bæta þar við svo hljóðandi málsgr.: „Ávallt skal við byggingu sumarbústaða fullnægt kröfum heilbrigðisyfirvalda um frágang rotþróa, olíutanka og annað, sem mengunarhætta getur stafað frá.“ Það má segja, að þetta sé sjálfsagt ákvæði, en víða er pottur brotinn í þessu sambandi. Mjög víða er þannig gengið frá olíutönkum, að veruleg mengun getur stafað frá í umhverfinu. Sömuleiðis er það staðreynd, að rotþrær, þar sem þær á annað borð eru, eru margar hverjar svo gallaðar, að þær koma að litlum eða takmörkuðum notum. Sama má raunar segja um frárennsli frá sumarbústöðum, sem sums staðar er til hins mesta ósóma.

Við 25. gr. gerum við ráð fyrir viðbót. 25. gr. fjallar um þjóðgarða, sem réttilega er bent á í grg. með hinu eldra frv., að eru einn mikilvægasti þátturinn í ráðstöfunum náttúruverndarráðs til umhverfis- og náttúruverndar. Þjóðgarðar hafa verið ákveðnir hér á landi. Þar ber hæst Þingvelli og síðan Skaftafell. Staðreyndin er sú, að í þjóðgörðum þessum hefur aðbúnaður allur fyrir almenning verið mjög takmarkaður. Hefur það jafnvel sums staðar orðið til skaða, eins og t. d. á Þingvöllum. Nú er ljóst, að þar sem þjóðgarður er ákveðinn, má búast við stórauknum ágangi eða heimsóknum almennings, sem von er. Staðurinn er auglýstur og kynntur vel, eins og ber að gera, en við það skapast vitanlega aukin hætta á spillingu umhverfisins frá því, sem áður var, þegar fámenni var þar yfirleitt. Sömuleiðis er nauðsynlegt að skapa þeim almenningi eða því fólki, sem kemur í þjóðgarða, aðstöðu til þess að njóta þeirra sem bezt, aðstöðu til þess að tjalda í þjóðgörðum, aðstöðu til hreinlætis. Og síðast en ekki sízt: upplýsingar verða að liggja fyrir um þjóðgarðinn, um það, sem þar er að sjá, og göngustígar um hann fyrir fólkið, þannig að ekki verði um að ræða óþarfa átroðning á þjóðgarðinum almennt. Því leggjum við til, að til viðbótar við 25. gr. komi málsgr., sem orðist þannig: „Í þjóðgörðum skal þegar koma upp nauðsynlegri hreinlætisaðstöðu, tjaldstæðum, leiðbeiningum, gangstígum og öðru því, sem auðveldar almenningi afnot af svæðinu og stuðlar gegn spjöllum.“

32. gr. felur í sér töluverða breytingu frá því frv., sem sýnt var á síðasta Alþ. Þar segir svo: „Engar ákvarðanir náttúruverndarráðs um friðun eða friðlýsingu koma til framkvæmda fyrr en menntmrn. hefur lagt á þær samþykki sitt.“ Eins og raunar hefur komið fram í umr. á Alþ. nú nýlega, þá veldur slíkt ákvæði verulegum töfum. Hins vegar virðist okkur flm. alls ekki nauðsynlegt að binda allar ákvarðanir náttúruverndarráðs slíku ákvæði. Vitanlega eru fjölmargar ákvarðanir náttúruverndarráðs þess eðlis, að þær t. d. skapa ríkissjóði ekki útgjöld og geta og þurfa að koma til framkvæmda án tafar. Má þar t. d. nefna verndun plantna og akturssljóðir, sem talað er um í frv., svo eitthvað sé nefnt. Við teljum því rétt að binda samþykki menntmrn. fyrst og fremst við þær ákvarðanir náttúruverndarráðs, sem valda ríkissjóði útgjöldum eða hefur verið andmælt, sbr. fyrri gr. Leggjum við því til, að greinin orðist svo: „Ákvarðanir náttúruverndarráðs, sem hafa í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð eða gerðar hafa verið við athugasemdir, bótakröfur eða verið mótmælt samkv. 30. gr., koma ekki til framkvæmda, fyrr en menntmrn. hefur lagt á þær samþykki sitt.“

Í 34. gr. sýnist okkur ranglega vísað í 29. gr. Það mun eiga að vera 28. gr., og stafar þetta af breytingum á greinanúmerum frá því frv., sem sýnt var á síðasta Alþ. Leggjum við til, að þessari tilvísun verði breytt í samræmi við það.

Í 37. gr. er rætt um, að brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar eru samkv. þeim, varði sektum eða varðhaldi. Okkur sýnist, að eitthvert ákvæði þurfi að vera um ákvörðun slíkra sekta og leggjum til, að þess vegna verði bætt þarna við slíku ákvæði og orðist gr. þannig: „Brot gegn lögum þessum og reglum, er settar eru samkv. þeim, varða sektum eða varðhaldi samkv. nánari ákvæðum í reglugerð, sem menntmrn. setur.“

Í þessari sömu grein er svo kveðið á, að sektir renni í ríkissjóð og sömuleiðis, að beita megi dagsektum, er renni í ríkissjóð. Okkur flm. sýnist eðlilegt, að sektir þessar renni í náttúruverndarsjóð og berum fram brtt. í þá átt.

Þá hef ég farið yfir þær brtt., sem eru á þskj. 562. Ég ætla ekki að ræða um aðrar brtt., en vil aðeins minnast á brtt. frá hv. 5. þm. Reykn., Gils Guðmundssyni, um náttúruverndarsjóð. Ég vil lýsa stuðningi mínum við þá tillögu, en vildi þó varpa þeirri hugmynd fram, hvort ekki sé vafasamt að binda tekjur náttúruverndarsjóðs eingöngu við

framlag úr ríkissjóði. Mér sýnist, að ýmsar aðrar tekjur geti komið þar til greina, m. a. tekjur af sektum, sem ég minntist á áðan. Sömuleiðis tíðkast mjög víða, að inngangseyris er krafizt í þjóðgarða. Hann þarf ekki að vera hár, en af því geta hlotizt nokkrar tekjur, og væri eðlilegt, að þær rynnu til náttúruverndarsjóðs og ekki sízt til viðhalds þjóðgarðanna sjálfra. Það er einnig mjög algengt erlendis, þar sem komið er á slík svæði, að greiða verður fyrir bifreiðar, sem aka inn í þjóðgarða. Það eru keyptir leyfismiðar og væri sömuleiðis eðlilegt, að slíkar tekjur rynnu í náttúruverndarsjóð. Þá eru víða seld veiði- og tjaldleyfi. Sama gildir um það og hitt, sem ég hef nefnt áður. Svo má nefna sölu á ritum og myndum, sem fjalla um þjóðgarða. Allt þetta getur orðið nokkur tekjustofn, þó að það sé ekki eins mikið og gert er ráð fyrir að komi frá ríkissjóði, og væri eðlilegt, að það rynni til náttúruverndarmála óskipt. Þessu vil ég koma á framfæri við menntmn., áður en hún fjallar um þessa brtt.

Um fjölmargt fleira í frv. væri fróðlegt að ræða, en ég skal takmarka ræðu mína sem mest. Mörg mál liggja fyrir. Þó vil ég minnast á örfá atriði í þessu sambandi.

Ég var að hugsa um það í sambandi við 28. gr., að þar eða einhvers staðar í frv. þurfi að koma einhver ákvæði um það, að náttúruverndarráð skuli kynna viðkomandi sveitarfélögum, stofnunum og almenningi þær aðgerðir, sem náttúruverndarráð hyggst gera í náttúruverndarmálum. Mér virðist þetta nauðsynlegt. Það má e. t. v. segja, að þetta liggi í hlutarins eðli, en staðreyndin er sú, að náttúruvernd verður aldrei framkvæmd þannig, að vel takist, nema mjög öflug kynningarstarfsemi sé viðhöfð og tekst aldrei, nema almenningur sé með í ráðum, ef ég má orða það svo, sé fylgjandi a. m. k. þeim ákvörðunum, sem náttúruverndarráð gerir, en ekki andvígur. Því held ég, að engin bönn eða sektir geti orðið til þess, að náttúruvernd verði eins og vera ber. Fremur hygg ég, að öflug þátttaka fjöldans, kynningarstarfsemi o. þ. h. verði mikilvægasti þátturinn í þessu sambandi. Sýndist mér því, að gjarnan mætti, ef ekki í þessari gr., þá einhvers staðar annars staðar, leggja nokkuð ríka áherzlu á þetta viðfangsefni og verkefni náttúruverndarráðs.

Ég vil að lokum taka undir það, sem kom fram hjá hv. frsm. menntmn., að vissulega þarf að gæta jafnvægis og skynsemi í sambandi við náttúruvernd annars vegar og ýmsar framkvæmdir hins vegar. Það er staðreynd, að nánast allar framkvæmdir hafa í för með sér einhverja röskun á umhverfinu og snerta þannig þá náttúruvernd, sem hér er til umr. Ég get þó ekki tekið undir það, að um raunverulega fórn sé að ræða í þessu sambandi. Það mætti e. t. v. snúa því við og segja, að einhverju sé fórnað frá náttúrunnar og umhverfisins hálfu, þegar í framkvæmdir er ráðizt. Ég hygg, að umhverfið, sem við njótum Íslendingar í dag og er tiltölulega lítið spillt, þó að nokkur spjöll og raunar veruleg hafi orðið í sambandi við gróðureyðingu, sem ekki má gleyma, sé, þegar á allt er litið, einhver þau mestu auðæfi, sem við eigum. Ég er því þeirrar skoðunar, að það beri að ganga æðilangt til verndar þessu umhverfi, en get hins vegar fallizt á það og tel sjálfsagt, að hvort tveggja sé haft í huga, sá hinn venjulegi mælikvarði á efnahagsvöxt, sem felst í framkvæmdum og aukinni þjóðarframleiðslu, og hins vegar verndun þessa dýrmæta umhverfis, sem við eigum, ekki aðeins fyrir erlenda ferðamenn, heldur einnig og ekki síður fyrir okkur sjálf og okkar afkomendur.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Þegar ég kvaddi mér hljóðs í gær við þessa umr., þá var nú ekki búið að halda fund í menntmn. um fram komnar brtt., en í morgun var fundur í menntmn. þessarar hv. d. og þær brtt. yfirfarnar, sem þegar höfðu verið fluttar, og enn fremur varð að samkomulagi í n. að flytja tvær brtt., sem ég hef borið fyrir brjósti og raunar lýst hér nokkuð rækilega annarri þeirra við 1. umr. Þess vegna hef ég ekki eins mikið um málið að segja nú eins og mér fannst ég þurfa að segja um það í gærkveldi, þegar ég kvaddi mér hljóðs við umr. En ég vil þó, áður en lengra er haldið, lýsa þeirri skoðun minni, að við eigum að afgreiða þetta mál. Það er auðvitað svo um þetta mál, að það verður aldrei fullfrágengið. Það verður aldrei fullkomið, svona frv. Hér er að mörgu leyti um byrjunaraðgerðir að ræða og þess vegna skynsamlegt og eðlilegt að þreifa sig áfram. Þess vegna geri ég nú ráð fyrir því, að þó að okkur lánist að setja náttúruverndarlög, sem eru til bóta frá núverandi lagasetningu, þá líði ekki langur tími áður en menn sjá ástæðu til þess að endurskoða þau. Það tel ég fullkomlega eðlilegt.

Ég vildi svo aðeins minnast á það, að við 1. umr. lét ég, eins og aðrir hv. ræðumenn, sem hér töluðu, mjög eindregna skoðun í ljós um það, að það væri sízt til bóta, það væri raunar til hins verra að fella út náttúruverndarsjóðinn og sérstaka fjáröflun til hans og hafði þá í huga að flytja um það brtt. Áður en það varð, að ég eða mínir félagar flyttum brtt. í þá átt, kom brtt. frá hv. 5. þm. Reykn., sem ég fyrir mitt leyti get vel fellt mig við, þ. e. a. s. að fella niður sérstaka fjáröflun til sjóðsins, en taka í staðinn upp sérstakt ríkisframlag, sem aldrei verði lægra en 20 millj. kr., og vitanlega þá að því stefnt, að það geti orðið allverulega hærra, þegar svo stendur á, að meiri fjárhæða er þörf. Fyrr við þessa umr. lýsti flm. því, að hann vildi taka tillöguna aftur til 3. umr. Nú hefur það vafalaust verið gert, til þess að menntmn. hefði ástæður til þess að kynna sér í fyrsta lagi, hvort hún vildi gerast meðflutningsmaður eða stuðningsmaður þessarar tillögu eða þá, hvort sá ráðh., sem málin heyra undir, vildi veita henni liðsstyrk. Nú var það upplýst á menntamálanefndarfundi þeim í morgun, sem ég áðan gerði grein fyrir, að til þessa mundi ekki koma. Hvorki vill menntmn. sem heild gera þessa tillögu að sinni eins og sumar aðrar brtt., sem fyrir lágu og

síðar verður gerð grein fyrir af öðrum, né heldur vill hv. menntmrh., að þessi leið verði farin. Ég sé þess vegna enga ástæðu til þess, að þessi tillaga sé dregin aftur til 3. umr. Það gerist ekkert á milli umræðna, sem bætir líkurnar á því, að hún nái samþykkt, en ég hef hugsað mér að freista þess þá við 3. umr. að gera brtt. við frv. í þá átt, að sjóðnum verði samt, þrátt fyrir þetta, tryggðar nokkrar tekjur — lægri þá, ekki þýðir að nefna þessa upphæð eða hærri — enn þá lægri og eftir öðrum leiðum, en það vil ég ekki gera, fyrr en þessi leið er fullreynd.

Í raun og veru þarf ég ekki að segja meira um þetta. Ég heyri, að hv. 5. þm. Reykn. hefur kvatt sér hljóðs og ég ætla að hlusta á það, sem hann segir um þetta, áður en ég segi þá meira.

Ég skal þá ekki tefja þessa umr. Eins og ég sagði, þá fannst mér í gær, að málið væri of lítið athugað til þess að ljúka 2. umr. um það. Nú hefur nokkur athugun farið fram og að mínum dómi ýmsar lagfæringar fengizt á frv., þannig að ég sé ekki ástæðu til þess að tefja þessa umr. lengur, nema sérstakt tilefni gefist til.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Eins og fram hefur komið, hélt menntmn. þessarar hv. d. fund um náttúruverndarfrv. eða sérstaklega um þær brtt., sem fram höfðu komið um frv., nú í morgun og tók afstöðu til a. m. k. sumra þeirra. Því miður er nú ekki búið að útbýta þeim brtt., sem n. varð sammála um, og ekki heldur brtt., sem einstakir nm. boðuðu, að þeir mundu flytja. Það er þess vegna ekki ástæða til og ekki tök á því að ræða um þær og verður trúlega að bíða 3. umr.

Í sambandi við það, sem þegar er fram komið, að n. hefur fjallað m. a. um brtt. mína á þskj. 536, um að á ný verði tekið inn í frv. ákvæði um náttúruverndarsjóð, vil ég lýsa því yfir, að ég tel ekki ástæðu til þess að draga þessar brtt. mínar til baka til 3. umr., þar sem það liggur nú alveg fyrir, að n. sem heild treystir sér ekki til að mæla með tillögunum og það upplýstist enn fremur á nefndarfundinum, að hv. menntmrh. er þessum brtt. andvígur. Ég óska eftir því, — þrátt fyrir það, sem ég sagði við fyrri umr. með tilliti til þess, að n. liti á þessar brtt., — þá óska ég eftir því, að atkvæði fari fram um þær nú við 2. umr.

Dómsmrh. (Auður Auðuns): Herra forseti. Það er eitt atriði í þessu frv., sem ég vildi segja um nokkur orð, og ég beini því þá þar með til menntmn., að hún athugi það ákvæði, sem þar er um að ræða, því að mér hefur skilizt, að það muni verða, að menntmn. muni hafa málið til athugunar á milli umræðna.

Það, sem um er að ræða, er 3. mgr. 19. gr. frv., sem fjallar um spjöld með leiðbeiningum fyrir vegfarendur, sem ekki skuli falla undir bannákvæði greinarinnar. Mér er ekki ljóst, satt að segja, hvort undir þetta, þessi spjöld með leiðbeiningum, mundu falla þau spjöld, sem umferðarráð og reyndar fleiri aðilar hafa sett við vegi eða þar sem þau blasa vel við frá vegum, t. d. spjöld með hvatningarorðum til vegfarenda um að sýna varúð í akstri. Mér dettur í hug það, sem umferðarráð lagði sérstaklega áherzlu á með þessum spjöldum á síðastliðnu ári. Það var, að menn notuðu öryggisbeltin við akstur á vegum úti, og ætlunin mun vera að breyta e. t. v. til og taka eitthvert annað atriði fyrir. Í þessari 3. mgr. 19. gr. er talað um leiðbeiningar fyrir vegfarendur, svo sem um leiðir, nöfn bæja, áningarstaði, þjóðgarða o. s. frv., sem frekar má skoða þannig, að þessi mgr. eigi við leiðbeiningar um, hvert menn skuli halda, ef þeir ætla til einhverra ákveðinna staða eða leita að einhverjum ákveðnum stöðum, en vafasamt e. t. v., hvort slík hvatningar- og áróðursspjöld gætu fallið undir þessa mgr., og ég hef ekki séð undanþáguheimildir ráðherra eða öðrum aðila til handa í frv., sem gætu þá náð til þessarar gr.

Ég vildi sem sagt mælast til þess, að hv. menntmn. tæki þetta atriði til athugunar, hvort ekki kynni að vera ástæða til þess að setja inn þarna eitthvert ákvæði, sem gerði það alveg ótvírætt, að slík áróðursspjöld til aukins umferðaröryggis mundu einnig falla undir þessa mgr.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vildi nú fyrst og fremst leggja áherzlu á það, að hv. menntmn. tæki þetta mál til nýrrar skoðunar. Það eru, að því er mér telst til, ekki komnar færri en 17 brtt. við frv. og fleiri í vændum. Mér sýnist því alveg einsýnt, að menntmn. taki þetta til athugunar og að hún taki það til athugunar meðan á þessari umr. stendur, þ. e. a. s. að 2. umr. verði frestað á meðan sú athugun fer fram, en að slíkri athugun sé ekki frestað þangað til á milli 2. og 3. umr. Athugun á máli sem þessu á fyrst og fremst að fara fram á milli 1. og 2. umr., og ég held, að þær brtt., sem hér hafa komið fram, og aðrar þær, sem boðaðar eru, bendi til þess, að hv. n. hafi verið fullfljót á sér að afgreiða málið, enda minnir mig, — ég hef nú ekki nál. — að það sé með fyrirvara helzt frá nm. öllum, þannig að þeir áskilja sér allir rétt til að flytja og fylgja brtt. Mér sýnist því, að málið þurfi athugunar við. Að vísu má segja það, að sú athugun megi fara fram og geti farið fram milli 2. og 3. umr. og það megi hafa þann hátt á, að menn taki þá aftur þær brtt. til 3. umr., sem menntmn. tekur ekki alveg eindregna andstöðu gegn á þessu stigi, og víst veit ég það, að sá háttur er stundum á hafður, en ég tel hann bara óeðlilegan, og ég tel hann sérstaklega óeðlilegan, þegar málið er vaxið eins og sýnilegt er, að þetta mál er vaxið. Það þarf virkilega meiri og það mun meiri athugunar við. Þetta vil ég nú segja.

Ég vil segja það um þessar brtt., sem hér eru fram komnar, að mér sýnist þær margar hverjar til bóta og ég fyrir mitt leyti mun fylgja þeim mörgum hverjum. En ég álít, að það sé eðlilegra að athuga það í n., hvort ekki er hægt að ná samkomulagi um það að fella þær inn í frv.

Um þetta mál, þetta frv., er það náttúrlega að

segja, að kjarni þess er alveg ágætur, en umbúðirnar eru nokkuð fyrirferðarmiklar að mínum dómi. Við höfum ekki ýkjalanga reynslu af löggjöf um náttúruvernd hér. Við höfum miklu skemmri reynslu en aðrar þjóðir, t. d. Norðurlandaþjóðirnar, sem munu hafa farið að setja hjá sér náttúruverndarlög, að ég hygg, snemma á þessari öld, en fyrstu náttúruverndarlögin okkar eru, eins og kunnugt er, þau almennu, sem nú eru í gildi, lögin frá 1956. Það er að vísu ekki langur tími, sem þau hafa verið við lýði, en þó nokkur tími og af þeim hefur fengizt vissulega allmikil reynsla og þess vegna má ætla, að sú reynsla hafi verið athuguð. Mér fannst og finnst sá ágalli á núgildandi náttúruverndarlögum, að það er nokkuð mikið bákn í kringum náttúruverndina, allar þessar mörgu náttúruverndarnefndir. Ég held, að það hafi verið ástæða til að kynna sér í sambandi við þetta mál, hvert hefur verið starf hinna ýmsu einstöku náttúruverndarnefnda, sem hafa átt að starfa.

Ég er því miður hræddur um, að afköst þeirra margra hverra hafi verið heldur lítil. Ég er því miður hræddur um, að það muni sækja í sama horfið með það, en þarna er gert ráð fyrir, að hver bæjarstjórn og hver sýslunefnd kjósi sérstaka náttúruverndarnefnd. Ég efast um, að reynslan af þessu kerfi sé sú, að það sé ástæða til að halda í það. Ég held, að það hefði verið ástæða til að kanna, hvort ekki ætti að hverfa að nýrri skipan að þessu leyti og þá vill svo til, að áhuginn í þessum efnum er mjög vaxandi. Það eru að rísa upp áhugamannasamtök, og það er ekki vafi á því, að það væri auðvelt að hrinda af stað slíkum áhugamannasamtökum og félögum miklu víðar. Þegar á að fara að setja hér upp þing, sérstakt náttúruverndarþing, þá held ég, að það hefði átt að koma til skoðunar, hvort ekki hefði verið eðlilegra að byggja þetta upp á þann veg, að það væri eins konar samband hinna einstöku áhugamannafélaga. Ég er alveg sannfærður um það, að það yrði miklu virkari náttúruvernd, sem áhugamannafélög á einstökum stöðum ættu að vinna að, heldur en svona kosnar nefndir, sem, eins og ég sagði, hafa ekki reynzt aðgerðarmiklar, það er alveg áreiðanlega óhætt að segja það. Þessu vildi ég aðeins skjóta fram, að ég held, að það hefði verið æskilegt, að það hefði verið hægt að gera alla skipun þessara mála einfaldari en mér virðist hún vera eftir frv.

Ég held, að það sé einmitt þetta atriði, sem ætti að taka sérstaklega til athugunar, þ. e. áhugamannaþáttinn í þessu, að binda hann inn í þetta, en byggja ekki allt á stjórnskipuðum eða kjörnum nefndum. Þetta vildi ég aðeins segja almennt um það, og ég vil bæta því við sem minni skoðun og undirstrika það, að þetta frv. heitir frv. til laga um náttúruvernd. Þetta frv. heitir ekki frv. til laga um náttúrufriðun, en náttúruvernd er í mínum huga víðtækara hugtak en náttúrufriðun. Ég álít, að t. d. landgræðsla og gróðurvernd geti heyrt undir náttúruvernd. Þess vegna finnst mér, að það megi ekki einskorða þetta við náttúrufriðunarsjónarmið, sem vissulega eru mikils virði, mjög mikils virði, en sem mér virðist, að sumir hafi nokkuð bundið sig við.

Þar sem ég vona, að hv. n. taki þetta til íhugunar, þá eru það eins örfá einstök atriði, sem ég vil leyfa mér að benda á.

Þá vil ég fyrst nefna hér 37. gr. Það hefur komið fram brtt. um hana og sú brtt. er í sjálfu sér góð, svo langt sem hún nær, en ég held, að það þurfi að gera enn frekari breytingar. Það segir í frumvarpsgreininni, eins og hún er nú: „Beita má dagsektum, er renna í ríkissjóð, allt að 2000 krónum, til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum o. s. frv.“, en það segir ekkert um það þarna og hvergi í þessu frv., hver það er, sem ákveður þessar dagsektir. Þetta er algerlega botnlaust. Ég geri ráð fyrir því, að miðað við alla hugsun, sem er í þessu frv., þá hljóti það að hafa vakað fyrir mönnum, að það væri náttúruverndarráð, sem ákvæði þessar dagsektir, en þá þarf í fyrsta lagi að taka það fram. Og þá getur líka komið upp í hugann, hversu vel náttúruverndarráð sé nú skipað eða fallið til þess að ákveða dagsektir. En þetta held ég að sé einfalt mál, sem þarf bara að lagfæra. Hver sem það svo er, sem á að ákveða dagsektirnar, þá hlýtur það a. m. k. að verða tekið fram, og eiga að vera tekið fram, því vitaskuld getur þarna ekki verið átt við dómssektir, það er fjarri lagi, því að það er heimild til þeirra á öðrum stað, almennt, þannig að það er ekki um það að ræða, að hér sé beitt dagsektum í dómsmáli, heldur hlýtur að vera átt þarna við það, að yfirvald geti gripið til dagsekta til þess að knýja mann til að fullnægja þeirri skyldu, sem á hann hefur verið lögð, og þá finnst mér, að það hljóti að hafa verið náttúruverndarráð, sem hefur verið haft í huga. Þetta þarf að taka fram vegna þess líka, að annars gæti komið til athugunar eða spurning komið um það, hvort hinar einstöku náttúruverndarnefndir í hinum einstöku héruðum ættu að geta beitt þessum dagsektum. Þetta bendi ég nú aðeins á.

Þá er það viðvíkjandi því, hvernig náttúruverndarráð er skipað. Það er gert ráð fyrir því í þessu frv., að það sé náttúruverndarþing, sem kýs náttúruverndarráðið, nema að því leyti, að formaður er skipaður af menntmrh. Við þetta hef ég í sjálfu sér ekkert að athuga. Ég tel það eðlilega skipun, en í brtt., sem fram hefur komið við þetta, brtt. nr. 2 á þskj. 539, er farið að binda kosningu náttúruverndarráðsmannanna við ákveðin kjörgengisskilyrði, þannig að tveir af þeim eiga að vera líffræðingar og tveir verkfræðingar. Ég held fyrir mitt leyti, að það sé ákaflega vafasamt að fara inn á þá braut að binda þetta þannig, ef á að fara inn á þá braut, þá kemst ég nú ekki hjá því að benda á það, að ekki væri nú fjarri sanni, að svo sem einn lögfræðingur ætti sæti í náttúruverndarráði. Má nú minna á það, að upphaflega var náttúruverndarráð þannig skipað, að það var lögboðið, að formaður þess væri embættisgengur lögfræðingur, ef ég man rétt, og stóð svo allar götur þangað til 1962 eða svo. Ég skýt þessu líka fram og það er ekki alveg út í

bláinn, vegna þess að náttúruverndarráði er í þessu frv. ætlað að fara með veigamikið hlutverk, þ. á m. að ákveða um ýmsar friðlýsingar og fleira af því tagi, sem getur snert réttindi einstakra manna með ýmsum hætti og í því sambandi getur áreiðanlega stundum vaknað upp spurning, þar sem æskilegt er, að einhver lagakunnátta komi til. Mér er auðvitað ljóst, að það má segja, að náttúruverndarráð geti aflað sér þeirrar aðstoðar, þó að slíkur maður eigi ekki sæti í ráðinu, og það er út af fyrir sig rétt, en ég undirstrika, að ef á að fara að binda þetta kjör við ákveðna kunnáttu eða ákveðin fræði, þá held ég, að það sé í alla staði óeðlilegt að ganga fram hjá lögfræðingum í því sambandi. Það er að vísu svo, að það eru, eins og ég sagði áðan, talsverðar umbúðir í þessu frv. um friðlýsingu og framkvæmd friðlýsingar, en eftir sem áður stendur það, að það verður að lokum að grípa til eignarnáms, ef ekki næst samkomulag. Allar þessar reglur um það, hvernig eigi að fara að því að ná sáttum við rétthafa, þær eru út af fyrir sig góðra gjalda verðar, en þær segja ekki annað í raun og veru en það, sem sjálfsagt er, og þannig mundi auðvitað náttúruverndarráð fara að í flestum tilfellum og reyna með ýmsum hætti að ná samkomulagi um málið og bætur og fleira, sem þarna er fjallað um, en ef ekki gengur saman, þá er að lokum ekki annað fyrir hendi en að grípa til eignarnáms og það er náttúrlega ákvörðun, sem ekki væri óeðlilegt, að lögfræðingur hefði um að segja. Án þess að ég vilji sérstaklega vera að halda lögfræðingum fram, þá finnst mér nú rétt að benda á þetta í þessu sambandi.

Ég held nú reyndar, að það hefði gjarnan mátt í niðurlagi þessa frv. gera ráð fyrir setningu reglugerðar, sem menntmrh. setti að fengnum tillögum náttúruverndarráðs og ég held, að með þeim hætti hefði mátt draga þetta eitthvað saman og spara sumt af því, sem sett er inn í lagafrv. Það má segja, að auðvitað getur ráðherra sett þessar reglur eða reglugerðir, án þess að það sé tekið fram, en það, sem á ynnist með því að taka það fram og binda það sérstaklega við náttúruverndarráð, er þá það, að náttúruverndarráð ætti að hafa sérstaklega að segja um það, áður en slíkar almennar reglur væru settar, og ég held, að sumt í þessum greinum um framkvæmd friðlýsingarinnar ætti allt eins vel heima í reglugerð eins og hér í sjálfum lögunum, enda er það sýnilegt, að sum ákvæði í frv. hafa gefið mönnum tilefni til þess að koma fram með nokkrar brtt. þar við.

Mig langaði svo líka til þess að vekja athygli hv. nm. á 12. gr. Þar segir, að almenningi sé heimilt að lesa ber, sem vaxa villt á óræktuðu landi, til neyzlu á vettvangi. Mér finnst a. m. k., að það sé erfitt að tala um villt ber, sem vaxa á ræktuðu landi. Ég held, að það mætti nú breyta þessu orðalagi. Ég veit það vel, að þetta er ákaflega gömul regla, alla leið aftan úr Jónsbók, en áreiðanlega hafa nú aðstæðurnar hér á landi verið talsvert aðrar, þegar hún var sett í upphafi, heldur en nú er. Auðvitað er það nú í þessu tilfelli eins og víðar í sambandi við náttúruvernd og umhverfisvernd, að það getur orðið viss hagsmunaárekstur. Auðvitað hefur þéttbýlisfólk þörf fyrir það að geta haft aðgang að góðu umhverfi til þess að njóta þar náttúrunnar og auðvitað er æskilegt og skemmtilegt, að það geti tínt ber upp í sig á þeim stöðum. Það má kannske segja, að það geti ekki gert neinum til, að það geti ekki tínt svo mikið til neyzlu á staðnum, en ég er nú ekki viss um nema að jarðareigendum og bændum í nágrenni stærstu þéttbýlisstaða þyki hætta á því, að nokkur ágangur geti stafað af svona ákvæðum. Eitt er víst, að maður heyrir það oft — eða nokkrum sinnum a. m. k. — í fjölmiðlum, að það er verið að gefa út auglýsingar um það, að berjatínsla í landi þessarar og þessarar jarðar sé algerlega bönnuð. Miðað við þetta lagaákvæði, sem er í náttúruverndarlögunum, sem nú gilda, og er enn í þessu frv., þá eru slíkar auglýsingar út í hött. En ég býst við því, að þeir, sem gefa slíkar auglýsingar út, telji sig oft hafa fulla ástæðu til þess að gera það. Ég bendi aðeins á þetta til athugunar, að það getur verið ástæða til þess að huga að þessu. Ég held, að það sé nú á dögum annað mat á berjum og berjatínslu en í tíð forfeðra okkar, þegar þetta lagaákvæði var upphaflega sett. Ég held, að þau séu nú skoðuð sem dýrmætur jarðargróður, sem er alveg eins verðmætur í sjálfu sér eins og hvað annað, sem jörðinni og landinu tilheyrir. Hitt er svo auðvitað sjálfsagt, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., að öllum sé heimil berjatínsla utan landareigna lögbýla, það er sjálfsagt.

Ég ætla nú ekki að fara að gera þetta að kappsmáli í eina eða aðra átt, en ég bendi bara á þetta til athugunar fyrir n., og þannig hygg ég nú, að í raun og veru megi benda á fleiri ákvæði, sem væri a. m. k. gott að væru íhuguð, og í því sambandi má t. d. nefna þetta ákvæði, sem hæstv. dómsmrh. benti réttilega á hér áðan, og reyndar hafa verið nefnd fleiri atriði í þessum umr. En það, sem aðallega vakti fyrir mér, var að undirstrika það, að ég tel þau vinnubrögð sjálfsögð, að n. taki frv. til athugunar ásamt þeim brtt., sem fram eru komnar, og hún geri það nú, áður en 2. umr. er lokið, og taki þá líka til athugunar þær ábendingar, sem hér hafa verið settar fram í umr.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Ég tók það nú ábyggilega fram í framsögu minni í upphafi þessarar umr., að ég harmaði það, hve lítinn tíma menntmn. hefði haft til þess að athuga þessi mál, svo að því leyti get ég tekið . . . (Gripið fram í.) Ég kem nú að því á eftir. Get ég tekið undir með hv. síðasta ræðumanni og 3. þm. Vestf. En við vitum, hvernig stendur á nú á hv. Alþ., þannig að ef á annað borð á að leggja áherzlu á það, að þetta frv. verði afgreitt á því þingi, sem nú situr, þá verður að hafa meiri hraða á málinu heldur en æskilegt er með tilliti til þess, að það fái sem bezta athugun. Nú er rétt að upplýsa það, að n. hefur þó haldið nokkra fundi um málið. Hún er enn fremur það vel sett, að einn hv. nm., 5. þm. Reykn., átti sæti í þeirri

nefnd, sem undirbjó málið, þannig að hún hefur frá honum getað fengið margar og góðar upplýsingar um undirbúning málsins. Enn fremur — og það mun hafa farið fram hjá hv. síðasta ræðumanni, hann mun hafa verið kallaður frá, — hefur verið upplýst í þessum umr., að n. hafði nú í morgun langan fund, þar sem hún tók fyrir allar þær brtt., sem fram hafa komið til þessa. Auk þess voru ræddar í n. brtt., sem einstakir nm. hafa áhuga á að flytja, og sömuleiðis nokkrar tillögur, sem koma frá n. í heild, þannig að ef ekki er tekið tillit til þeirra ábendinga, sem fram komu hjá hv. síðasta ræðumanni og hæstv. dómsmrh., sem ég tel sjálfsagt, að n. athugi, þá er mér ekki kunnugt um, að neinar brtt. liggi fyrir, sem n. hefur ekki þegar athugað. N. hafði þann hátt á, að það yrði upplýst við 3. umr. málsins, hvaða tillögur það eru, sem n. í heild mælir með. Þ. á m. munu verða ýmsar þær brtt., sem fluttar hafa verið á þskj. 539 og 562. Þær tillögur hins vegar, sem ekki væri fullt samkomulag um í n., hefðu nm. óbundnar hendur um. Nú er það auðvitað að mínu áliti ekkert atriði út af fyrir sig, hvort þessari umr. verður frestað og greidd atkv. um allar brtt., áður en henni lýkur. Ég hefði nú litið þannig á, að það mundi fremur verða til þess að flýta málinu, ef brtt. yrðu teknar aftur til 3. umr., eins og ég mæltist til í framsöguræðu minni og atkv. greidd um þær þá, en þeim brtt., sem einstakir nm. og n. í heild mun flytja, verður útbýtt á morgun. Ég tel, að það mundi flýta málinu, ef tillögurnar væru teknar aftur til 3. umr., en þó vil ég taka það fram, vegna þess að n. hefur, eins og hér hefur þegar verið upplýst, rætt brtt. á þskj. 536 frá hv. 5. þm. Reykn., að ég hef ekkert við það að athuga, að þær komi til atkvæða nú þegar. En um þær tillögur hefur n. óbundnar hendur, þannig að ég mundi líta svo á, að með tilliti til þess, að æskilegt er að hraða málinu, þá sé æskilegt, að þessi háttur verði hafður á, en tel það auðvitað ekki neitt atriði, sem máli skiptir.

Nú get ég enn fremur upplýst, að n. mun halda fund í fyrramálið, þar sem kennaraháskólafrv. verður á dagskrá ásamt fleiri málum, því að því miður er það nú ekki þannig, að þetta sé eina stóra málið, sem fyrir n. liggur. Þar er líka kennaraháskólafrv., útvarpslög höfum við afgreitt, en ekki með góðri samvizku, enn fremur hefur n. til meðferðar frv. til laga um höfundarétt, sem ýmsir aðilar leggja mikla áherzlu á að verði afgreidd á þessu þingi, auk fleiri smærri mála. Auk þess eiga flestir nm. sæti í öðrum n., sem nú hafa nógum verkefnum að sinna. Við verðum bara að horfast í augu við þessa staðreynd. Ég vænti þess samt, að á fundi n. á morgun gefist tími til þess að athuga ábendingarnar bæði frá hæstv. dómsmrh. og síðasta ræðumanni. Varðandi ábendingu hæstv. dómsmrh. við 19. gr. þá mundi ég nú líta þannig á, að þau spjöld, sem hæstv. dómsmrh. talaði um, kæmu undir það að vera spjöld með leiðbeiningum fyrir vegfarendur, því að eins og það, er á eftir fer, er orðað, þar sem segir: „svo sem um leiðir, nöfn bæja, áningarstaði o. s. frv.“, skil ég þetta orðalag þannig, að þessi upptalning sé ekki tæmandi, þannig að eðlilegt væri að skýra þessi ákvæði þannig, að þau spjöld, sem hæstv. dómsmrh. minntist á, kæmu undir þetta, en sjálfsagt er að ræða það í n. og um leið tel ég sjálfsagt, að n. ræði þær ábendingar, sem fram komu hjá hv. 3. þm. Norðurl. v. við þetta tækifæri, en ég mundi nú líta þannig á, ef flm. brtt. á þskj. 539 og 562 fallast á það, að þær verði teknar aftur til 3. umr., því n. mun mæla með ýmsum af þessum tillögum, þó að ekki hafi orðið samkomulag um þær allar, sem þýðir, að nm. hafa óbundnar hendur. Hins vegar tel ég eðlilegt, að atkvæði gangi um brtt., sem n. hefur flutt á þskj. 597, og hef ekkert við það að athuga, að eins fari um brtt. á þskj. 536 frá hv. 5. þm. Reykn.

ATKVGR.
Brtt. 562 og 539 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. — 3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 597 samþ. með 15 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt., samþ. með 17 shlj. atkv.
5.—8. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 536 felld með 11:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÓlJ, PÞ, ÁB, StH, BFB, EÁ, GilsG.
nei: MJ, ÓB, StG, SvG, AuA, OA, EggÞ, JónÁ, JÁH, JÞ, JR.
BJ greiddi ekki atkv.
Einn þm. (KGuðj) fjarstaddur.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Björn Jónsson: Ég tel, að svo mikil verkefni séu óunnin á sviði náttúruverndar, að upphæð sem væri eitthvað í námunda við þetta, væri allavegana of lítil fjárveiting og mundi reynast það. Hins vegar er hætta á því, ef slík tala er fest í lög, að ekki yrði mikið vikið frá henni og mál ekki metin sem skyldi við afgreiðslu hverra fjárlaga. Mér þykir því alveg tvísýnt, að þessi tillaga sé til nokkurra bóta og greiði því ekki atkv.

9. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
11.—21. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
22.—27. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
28.—33. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
34.—38. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 651, 539, 562, 652, 653, 654).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og ég sagði frá í gær við 2. umr. þessa máls, hefur

menntmn. flutt nokkrar brtt. á þskj. 652 og 653. Enn fremur sagði ég, að ég mundi gera hér grein fyrir afstöðu n. til þeirra brtt., sem fram hafa komið og ekki voru afgreiddar við 2. umr. málsins, og enn fremur, að n. mundi ræða og taka afstöðu til ábendinga, sem fram komu við 2. umr. frá hæstv. dómsmrh. og hv. 3. þm. Norðurl. v.

Varðandi þær brtt., sem n. flytur, þá skulu fyrst teknar fyrir brtt. á þskj. 652. Það er í fyrsta lagi brtt. við 11. gr. frv., sem í felst að okkar dómi skýrara orðalag heldur en er á greininni eins og hún er orðuð nú, en enn fremur er sú efnisbreyting, að tekið er fram, að sé land girt, þá þurfi leyfi landeiganda til að ferðast um það og dvelja á því, en eins og greinin er nú, er aðeins tekið fram, að sé land girt, sé aðeins heimilt að fara um hlið á girðingunni.

14. gr. frv. samkv. brtt. n. er í rauninni brtt., sem þeir hafa flutt, hv. 3. þm. Vestf. og hv. 11. þm. Reykv. á þskj. 562., aðeins umorðuð, en n. hefur tekið hana upp umorðaða. Sama máli gegnir um brtt. við 25. gr., að hún er að efni til samhljóða brtt., sem þessir tveir hv. þm. hafa flutt á þskj. 562, en með öðru orðalagi. Þá er alllöng brtt. við 26. gr. En tilefni þessarar brtt. er ræða hv. 11. þm. Reykv., sem hann flutti við 1. umr. málsins, þar sem hann m. a. gerði sérstaklega að umtalsefni þau vandamál, sem kynnu að skapast, ef ákveðið væri að gera landsvæði á mörkum fleiri sveitarfélaga að fólkvangi. N. féllst á þau meginsjónarmið, sem komu fram varðandi þetta atriði í ræðu hv. 11. þm. Reykv. og var honum falið að semja þessa brtt. í samráði við formann Sambands ísl. sveitarfélaga, og er hún hér flutt af n. í heild. Ég fjölyrði ekki meira um þetta atriði, en vísa þar til ræðu hv. 11. þm. Reykv. við 1. umr. málsins, en e. t. v. mundi hann sjá ástæðu til að gera frekari grein fyrir þessari brtt.

Þá er að lokum að geta brtt., sem útbýtt hefur verið frá n., brtt., á þskj. 653, en þar er í rauninni tekin upp brtt., sem flutt er á þskj. 539 af þeim hv. 4. þm. Norðurl. e. og hv. 3. þm. Vestf., þó með þeirri breytingu, að hér er bætt við tveimur aðilum, sem óskað hafa eftir að verða aðilar að náttúruverndarráði, Búnaðarfélagi Íslands og Sambandi ísl. sveitarfélaga. Það er ekki vegna þess, að n. hafi óskað að fara í kapp við hv. flm. þessarar tillögu um slíkan tillöguflutning, að hún hefur þannig tekið þeirra tillögu upp, heldur vegna þess, að n. taldi rétt að bæta við þessum tveimur aðilum og taldi þá eðlilegt, að greidd yrðu atkv. um það í einu lagi, og vænti ég því, að hv. flm. fallist á það að taka þessa tillögu aftur með tilliti til þess, að efni hennar er komið inn í aðra tillögu.

Þetta voru þær tillögur, sem n. flytur, en þá vil ég næst í örstuttu máli skýra frá afstöðu hennar til þeirra brtt., sem óafgreiddar eru hér í hv. d. og komnar voru fram, áður en hún í morgun hélt fund um þetta. Varðandi brtt. á þskj. 539 frá þeim hv. 4. þm. Norðurl. e. og hv. 3. þm. Vestf., þá hef ég þegar gert 1. brtt., við 4. gr. 2. lið, skil. Enn fremur mælir n. einróma með því, að 4. brtt. við 24. gr., um það, að 2. málsl. orðist svo o. s. frv., verði samþ. Um 2. brtt., sem er við 6. gr. og felur í sér ákvæði um, að tveir af meðlimum náttúruverndarráðs skuli vera líffræðingar og tveir verkfræðingar, varð ekki samkomulag í n. og hafa nm. því óbundnar hendur um hana. Sama máli gegnir um 3. brtt. á þessu þskj., við 2. mgr. 13. gr.

Þá vík ég að brtt. þeim, sem fluttar hafa verið á þskj. 562 af hv. 3. þm. Vestf. og hv. 11. þm. Reykv. Hvað 1. brtt. snertir, sem er við 4. gr., þá mælir n. einróma með því, að hún verði samþ. 2. brtt. við 14. gr. hef ég þegar gert skil, n. hefur tekið hana upp sem sína brtt., en með breyttu orðalagi. Um 3. og 4. brtt., sem eru við 16. og 20. gr., hafa nm. hins vegar óbundnar hendur. Varðandi 5. brtt. við 21. gr., að þar komi viðbót, sem er orðuð á þann veg, sem þar segir í þskj., þá mælir menntmn. einróma með því, að hún verði samþ. 6. brtt. við 25. gr. hef ég þegar gert skil, n. hefur tekið hana upp sem sína brtt. með breyttu orðalagi. Um 7. brtt. við 32. gr. hafa nm. óbundnar hendur. Hvað 8. brtt. snertir, sem er aðeins leiðrétting, þá er n. sammála um, að sjálfsagt sé að samþykkja hana, en um 9. brtt., 37. gr., hafa nm. óbundnar hendur.

Þetta var varðandi þær brtt., sem fyrir lágu fyrir fund n. í morgun. Hér hefur einnig verið lögð fram brtt. á þskj. 654 við 17. gr. frá nokkrum þm. Þetta var lauslega rætt í n., en varðandi þessa tillögu hafa nm. óbundnar hendur.

Þá kem ég að athugasemdum frá hæstv. dómsmrh. og hv. 3. þm. Norðurl. v., sem ég lofaði í gær að n. skyldi ræða, og skal ég í örstuttu máli skýra frá afstöðu n. til þessara ábendinga. Þá kem ég fyrst að ábendingu hæstv. dómsmrh. varðandi 19. gr. frv. Um það vil ég aðeins segja, að það kom fram sem sameiginlegt álit n., að hún telur, að þau spjöld frá umferðarráði, sem hæstv. dómsmrh. talaði um, falli undir ákvæði 3. mgr. 19. gr., þannig að upptalning sú, sem á eftir fer, sé ekki tæmandi vegna þess, hvernig þetta er orðað, þar sem segir svo: „um leiðir, nöfn bæja o. s. frv.“ Enn fremur má ég vitna til 4. mgr. 19. gr., sem, með leyfi hv. forseta, hljóðar þannig: „Náttúruverndarráð setur reglur um auglýsingar og leiðbeiningar skv. þessari grein og úrskurðar vafaatriði“. N. var þeirrar skoðunar, að heimilt væri að setja þessi spjöld upp skv. ákvæðum 19. gr. Hins vegar er það gott, að þessu skyldi vera hreyft af hæstv. dómsmrh., því að ég hygg, að ef til einhvers ágreinings kæmi um þessi atriði, þá mundi verða tekið tillit til þess, að þetta er álit n., og mundi það, ef athugasemdir ekki koma fram þar, þá skoðast sem álit hv. d., en n. taldi ekki ástæðu til að bera fram sérstaka brtt. til þess að ákvarða þetta mál.

Varðandi þær ábendingar, sem fram komu frá hv. 3. þm. Norðurl. v., skildist mér, að það væri að efni til aðallega tvennt, sem hann benti á. Í fyrsta lagi, að ekki væru ákvæði í lögunum um skyldu ráðherra til að setja reglugerð um framkvæmd þeirra, og í öðru lagi varðandi 37. gr., að ekki væru skýr ákvæði um það, hvaða aðilar ættu að leggja á

dagsektir o. s. frv. Það er einmitt til þess að koma til móts við þessi sjónarmið, sem menntmn. hefur leyft sér að flytja svo hljóðandi brtt. við 37. gr., sem ég ætla, með leyfi hv. forseta, að lesa upp:

„Aftan við 37. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi: Menntmrn. skal setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.“ Varðandi dagsektir og annað slíkt töldum við eðlilegt, að í reglugerð yrðu sett ákvæði um það. Þó að við viðurkennum fullkomlega það sjónarmið, þá höfum við ekki flutt sérstaka brtt. um það, hverjir hefðu þarna ákvörðunarvald o. s. frv. Við lítum þannig á, að þessi brtt. okkar ætti að koma á fullnægjandi hátt til móts við þær ábendingar, sem hv. þm. setti fram. En þessi brtt. er skrifleg og vil ég því leyfa mér að beina þeim tilmælum til hv. forseta, að hann leiti fyrir henni nauðsynlegra afbrigða, svo hún megi þá einnig koma fyrir þessa umræðu málsins.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 672) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Þegar þetta frv. um náttúruvernd var hér til 1. umr., þá gerði ég við það örfáar athugasemdir varðandi einstaka þætti þess. Ýmsar þær ábendingar, sem ég hafði þá varpað hér fram, hefur menntmn. tekið til athugunar og tekið til greina, en um athugasemd, sem ég hafði að gera við 17. gr., varð ekki samstaða í menntmn. Ég hafði leyft mér að flytja brtt., sem er fyrst á þskj. 654, ásamt fjórum öðrum alþingismönnum. Ég held, að ég þurfi ekki að fara mörgum orðum um þessa brtt. hér. Ég vil aðeins benda á það, að hún fjallar um nám ýmiss konar jarðefna og hvernig beri að hamla við því, að þar verði unninn skaði á landi. Það er gert ráð fyrir því í frv. eins og það liggur fyrir, að mönnum séu heimil not jarðefna á landi sínu, en ef flytja á efnið í burtu, þá þurfi að tilkynna það sveitar- eða bæjarstjórn. Við flm. þessarar brtt. teljum, að þetta sé of þungt í vöfum og algerlega óþarft. Teljum við, að halda megi áfram þeim hætti, að þeir, sem jarðefnanámur eiga, megi ráðstafa þeim, nema sveitarstjórn eða náttúruverndarnefnd hafi eitthvað við það að athuga. Þá sé þeim líka fengið það vald, að þeir geti bannað slíkt jarðrask og að ákvörðun sveitarstjórnar megi skjóta til menntmrh. Í þessari sömu gr. er einnig getið um það, hvernig fari um nám jarðefna á afréttum og almenningum, og eins og í frv. stendur, þá er talað um þau landsvæði, sem falla utan hreppamarka. Ég gat um það hér við 1. umr. máls, að það væri mjög óljóst, og í lögum vissi ég ekki til, — og síðan hef ég heldur ekki fengið um það upplýsingar — að nein ákveðin eða skýr skilgreining væri til á því, hvar væru hreppamörk miðað við óbyggðir. Við töldum því rétt að umorða greinina á þann hátt, að í almenningum er bannað allt nám jarðefna, sem um getur í 1. mgr., nema til komi samþykki menntmrn., eftir að það hefur leitað umsagnar náttúruverndarráðs. Þessi breyting er ekki viðamikil. Ég tel hana þó sjálfsagða, fyrst og fremst fyrir þá sök, að það eru allar líkur á því, að áður en langt líður, áður en mörg ár eru liðin, þá verði búið að setja um þetta fastari reglur. Og ég tel óþarft og ekki rétt, að í sambandi við þessi lög sé tekin nein afstaða til þeirra hluta, sem koma til ákvörðunar, þegar talað er um eignarrétt á afrétti eða byggðamörk og hreppamörk.

Þetta eru þær breytingar, sem við leggjum til í þskj. 564, að gerðar verði, og tel ég mig ekki þurfa að hafa fleiri orð fyrir þeim, en við væntum þess, að hv. dm. sjái ástæðu til þess að samþykkja þessa brtt. með okkur.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. menntmn. fyrir góðar undirtektir við ýmsar þær brtt., sem ég flyt, annars vegar á þskj. 562 ásamt 11. þm. Reykv. og hins vegar á þskj. 539 ásamt 4. þm. Norðurl. e. Ég geri ráð fyrir því, að hann muni ræða um þær tillögur, sem eru á þskj. 539, en ég mun fara nokkrum orðum um brtt. á þskj. 562.

Þó vil ég segja það í upphafi, að mér sýnist það hafa sannazt, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði í gær, að brtt. eru æði margar fram komnar við þetta frv. og bendir það til þess, að það þurfi að fá ítarlega athugun og e. t. v. ítarlegri en hefur orðið hér hjá hv. menntmn. Það er orðið næsta erfitt að fóta sig á öllum þeim tillögum, sem fram eru komnar.

Á þskj. 562 eru skráðar 9 brtt. N. hefur mælt með því, að fyrsta tillagan verði samþ. og þarf ég ekki að fara fleiri orðum um það. Önnur tillagan hefur verið tekin upp í brtt. frá n. með aðeins breyttu orðalagi, og sætti ég mig ágætlega við það og vil leyfa mér að draga þá brtt. til baka.

Þriðju og fjórðu tillöguna hefur n. ekki fallizt á sem slíkar, og eru nm. óbundnir í því sambandi. Það er óþarft að fara mörgum orðum um þriðju tillöguna. Þar er þannig komizt að orði, að á eftir „nauðsynlegum hreinlætistækjum“ í 16. gr. skuli koma innskot, sem orðist þannig: „sem fullnægi öllum kröfum heilbrigðisyfirvalda.“ Vitanlega á það að vera ljóst, að ef heilbrigðisyfirvöldin setja reglugerð um þessi mál, þá verður náttúrlega ekki hjá því komizt, að þeirri reglugerð verði fullnægt á skemmtisvæðum. Ætti því raunar að vera óþarft að endurtaka það í þessum lögum um náttúruvernd. En hugmynd okkar flm. var, að ekki sakaði að ítreka þetta, því að mjög víða — því miður — er pottur brotinn í þessu sambandi á fjölsóttum útivistarstöðum í okkar landi.

Meiri áherzlu legg ég á fjórðu brtt., sem er við 20. gr. og orðast þannig: „Eigi má setja byggingar, girðingar né önnur mannvirki á sjávarströnd né á vatnsbakka og árbakka, þannig að hindri frjálsa umferð fótgangandi manna. Ákvæði þessarar málsgreinar eiga þó ekki við um þær byggingar eða þau mannvirki, sem nauðsynleg eru vegna atvinnurekstrar, þar með talin íbúðarhús bænda, né þau, sem reist eru með leyfi réttra yfirvalda á

skipulögðum svæðum, eða mannvirki, sem reist hafa verið fyrir samþykkt þessara laga."

Í þessari brtt. felast raunar þrjár breytingar á 20. gr. Annars vegar eru felld niður ákvæði um fjarlægð, 150 m frá hæsta flóðmáli og 100 m frá vatnsborði, og er þetta mikilvægasta breytingin. Ég þarf ekki að endurtaka mikið af því, sem ég sagði áður um þetta. Ég tel, í fáum orðum sagt, þetta mál nánast því óframkvæmanlegt. Ég vakti athygli á því, að víða er t. d. skógrækt stunduð nálægt vatnsborði, og vitanlega verður að vernda slíka reiti með girðingu. Sömuleiðis hefur aldrei verið talið óhollt og ekki spyrnt gegn því, að íbúar þéttbýlisins fái sér sumarbústaðalönd. Það eiga þeir, sem betur fer, mjög margir og eiga þar griðland fyrir sig og fjölskyldu sína. Mörg þessi lönd eru nálægt vatnsborði. Mörg hafa ekki verið girt í dag og ekki verið á þeim byggt. Ég leyfi mér því að spyrja, hvernig eigi — eða hvort ætlunin sé að fyrirmuna þessu fólki að nota þetta land, eins og það hefur ætlað sér. Ég tel m. ö. o. þetta illframkvæmanlegt og takmarka mjög eðlilegan rétt einstaklingsins til þess að nota það land, sem hann á. Mér skilst, að tilgangurinn með greininni eigi fyrst og fremst að vera að takmarka ekki umferð gangandi fólks í fjöru og með vatnsborði. Sýnist mér réttmætt og sjálfsagt að tryggja slíkt, enda ráð fyrir því gert í brtt. þeirri, sem við flytjum.

Aðrar breytingar, sem fram koma í þessari brtt., eru nánast aðeins til nánari skýringa á seinni hluta greinarinnar. Þar er fram tekið, að þessi ákvæði nái ekki til íbúðarhúsa bænda, enda á ég bágt með að trúa því, að það sé tilgangurinn. Að okkar mati má hins vegar misskilja þetta, eins og greinin er nú orðuð. Sömuleiðis held ég, að ekki komi til mála, að það sé ætlun þeirra, sem frv. hafa samið, að flytja þurfi þau mannvirki, sem þegar eru þannig staðsett, að brjóta mundi í bága við þessa grein, og sýnist okkur því, að það þurfi að taka skýrt fram.

Fimmtu brtt. mælir n. með, og þarf ég ekki að fara fleiri orðum um hana.

Sjötta tillagan hefur verið tekin upp í brtt. n. með dálítið breyttu orðalagi, en ég felldi mig við það og dreg því þá brtt. til baka.

Sjöundu brtt. hefur n. ekki talið sér fært að fallast á, en hún er við 32. gr. Eru náttúruverndarráði með þessari brtt. gefnar nokkuð frjálsari hendur en er í frv. um eigin ákvarðanir, án þess að þær þurfi að leggja fyrir menntmrn., en þó aðeins í þeim tilfellum, að slíkar ákvarðanir hafi ekki í för með sér fjárhagslegar skuldbindingar fyrir ríkissjóð, eða hafi verið mótmælt.

Við flm. fáum ekki séð, að nokkur ástæða sé til þess að tefja ákvarðanir náttúruverndarráðs með því að skylda það til að leggja þær ákvarðanir fyrir menntmrn., sem ekki orka tvímælis og eru ágreiningslausar eða valda ekki neinum fjárútlátum fyrir ríkissjóð. Okkur sýnist æskilegt, að náttúruverndarráð geti brugðið skjótt við, því að það er áreiðanlega nauðsynlegt í fjölmörgum tilfellum. Teljum við, að það eigi að gera kleift.

Mælt er með áttundu brtt., enda aðeins um leiðréttingu að ræða.

Í 37. gr. frv. er fjallað um brot gegn lögum þessum, og níunda brtt. okkar fjallar um þessa grein. Við höfum gert ráð fyrir því, að nánari ákvæði yrðu sett í reglugerð og sömuleiðis, að sektir renni í náttúruverndarsjóð. En með tilliti til þess, að n. ber fram skriflega brtt. við 37. gr., þar sem gert er ráð fyrir því, að nánari ákvæði almennt verði sett í reglugerð við frv., getum við fallið frá þessari brtt. og drögum hana til baka.

Þær brtt., sem við óskum eftir að verði bornar hér upp við 3. umr., eru: 1., 3., 4., 5., 7. og 8.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég mun ekki lengja hér umr. að neinu marki. Það eru aðeins örfá orð varðandi afgreiðslu hv. menntmn. á þeim tillögum, sem ég hef flutt á þskj. 539 ásamt hv. 3. þm. Vestf.

Um fyrstu tillöguna er það að segja, að efni hennar er að öllu leyti tekið upp í tillögu n., og drögum við þá tillögu að sjálfsögðu til baka, þar sem hún er efnislega algerlega tekin upp, bætt aðeins við hana, og ég tel það sízt til skaða, að það sé gert með þeim hætti, sem þar er gert, þ. e. að við þá aðila, *sem sæti eiga á náttúruverndarþingi*, bætist Samband ísl. sveitarfélaga. Það tel ég fullkomlega eðlilegt og sú breyting á okkar tillögu því sízt til skaða. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að hv. n. hefur fallizt á 4. brtt. okkar við 24. gr. um, að 2. mgr. orðist eins og í þskj. segir. En um 2. og 3. brtt. lýsi ég nokkrum vonbrigðum yfir því, að ekki skuli hafa getað orðið sætti í hv. n. um þær tillögur. Ég undrast það að vísu ekki, að menn geti kannske litið ofurlítið misjöfnum augum á brtt. við 6. gr. um, að það sé fest, að bæði náttúrufræðingar og lögfræðingar eigi sæti í náttúruverndarráði að því marki, sem í okkar tillögu segir. Um þetta geta eðlilega verið skiptar skoðanir, þó að ég telji það hiklaust til bóta og falli ekki frá neinum þeim röksemdum, sem ég hef haft uppi í sambandi við þetta.

Hins vegar verð ég að láta í ljós vonir um það, að þó að n. hafi ekki getað öll í heild mælt með 3. brtt., sem er við 13. gr., þá hljóti hún samþykki í hv. þd. Mér finnst þar vera um svo sjálfsagða hluti að ræða, að það sé varla hægt um þá að deila, og vona, að þm. að athuguðu máli fallist á þá skoðun. Ég skal að vísu játa það, að sérstök reglugerð um akstur og umgengni á öræfum kann að verða ofurlítið erfið vegna eftirlits eða skorts á eftirliti. En ég held, að slíkar reglur, ef settar yrðu, hlytu alla vega að vera til bóta frá því, sem nú er. Ég bendi á það, að þessi tillaga er engan veginn flutt að ófyrirsynju. Núna nýlega t. d. hef ég lesið í ritgerð eftir jafnágætan náttúruverndarmann og vísindamann eins og Sigurð Þórarinsson grein, sem einmitt fjallar sérstaklega um þetta. Hann bendir á ákveðna staði í óbyggðum landsins, þar sem umhverfi sé að fara í örtröð og náttúruunduri séu í stórfelldri hættu vegna óforsvaranlegrar umgengni og skorts á eftirliti og reglum um það, hvernig umgengni megi vera

háttað á öræfum landsins. Það hefur oft verið talað um það hér á hv. Alþ. af ýmsum mætum mönnum, hvílík nauðsyn það væri að opna öræfin meira fyrir almenningi, og þessi tillaga fjallar einmitt um að auðvelda það og jafnframt að koma í veg fyrir þær hættur, sem því eru vissulega samfara. Þar sem engin haldbær rök hafa komið fram gegn því, að þessi brtt. sé til bóta um það efni, sem hún fjallar um, þá vænti ég þess sem sagt, að hv. þd. muni samþykkja hana, enda þótt einstakir nm. í menntmn. hafi óbundnar hendur um afstöðu til hennar.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að ræða almennt um frv. oftar eða einstakar brtt. Ég vil þakka samstarfsmönnum í menntmn. og ekki sízt formanni hennar fyrir samstarfið og þá lipurð, sem hann hefur sýnt til þess að reyna að koma til móts við þær hugmyndir, sem settar hafa verið fram um lagfæringar á þessu frv. Og eins og ég sagði hér um daginn, er það mitt sjónarmið, að það eigi að afgreiða þetta frv. og setja þessi lög á þeim forsendum, að það sé svo margt í þeim til bóta, þó að vafalaust megi að ýmsu finna, og það er mín trú, að ekki muni langt um líða, áður en þessi löggjöf verður á ný endurskoðuð. Sú löggjöf, sem við erum hér að breyta, er ekki gömul og er samt talin úrelt. Þannig mun sjálfsagt fara fyrir þessari lagasmíð okkar. Auðvitað er sjálfsagt að gera þetta eins vel úr garði og menn hafa vit til og tíma. Það höfum við reynt. En það eru tvö atriði, sem ég ætla að gera hér að umtalsefni og skal reyna að stytta mál mitt mjög, því að frv. er nú orðið útrætt hér.

Það er í fyrsta lagi það, sem hv. frsm. gat um, að 26. gr. frv. liggur hér fyrir frá n. umorðuð, en 26. gr. frv. fjallar um það, að svæði er lýst fólkvangur. Það er ljóst af ákvæðum greinarinnar og þeim skýringum, sem okkur hafa verið fengnar á henni, þ. á m. álitsgerð Þórðar Eyjólfssonar hæstaréttardómara, að höfundar frv. hafa eingöngu haft í huga það tilvik, að eitt sveitarfélag yrði aðili að fólkvangi og þegar um fleiri sveitarfélög verður að ræða og samstarf þeirra í milli, þá vantaði ákvæði um það, hvaða aðili gæti skorið úr hugsanlegum ágreiningi, sem upp kynni að koma. Til þess að bæta úr þessu er flutt brtt. við greinina. Þessa brtt. hefur formaður Sambands ísl. sveitarfélaga, Páll Líndal hæstaréttarlögmaður, samið. Ég á engan hlut að henni annan en þann að koma henni á framfæri hér við n. Ég held, að greinin skýri sig að öllu leyti sjálf og skal ekki eyða tíma þdm. í langar skýringar á henni, en hún miðar sem sagt að því, að það sé tilkynnt með hæfilegum fyrirvara, hvaða svæði það er, sem friðlýsa á, þannig að þeim, sem það telja sig eiga, gefist kostur á að koma á framfæri skaðabótakröfum. Þegar svo undirbúningi er lokið, er það úrskurður náttúruverndarráðs, hvort stofna skuli fólkvang, en hér er ekki um að ræða dreifingu kostnaðar, því að í greininni er eftir sem áður gert ráð fyrir því, að sveitarfélög, sem hlut eiga að máli, greiði allan kostnað, sem leiði af stofnun og rekstri fólkvangs, þ. e. a. s. að því leyti sem ekki koma til framlög úr ríkissjóði eða náttúruverndarsjóði, ef hann skyldi einhvern tíma rísa af öðrum ástæðum. Og greininni lýkur svo á því, að ef ágreiningur rís um skilning á lagagreininni eða upp koma sérstök vafaatriði, sem snerta rekstur þessa friðlýsta svæðis, þá skeri náttúruverndarráð úr, en skjóta má þó úrskurði þess til fullnaðarákvörðunar ráðh., eins og segir í niðurlagi greinarinnar. Ég vona, að hv. d. geti fallizt á þetta með okkur í menntmn., að þarna hafi verið nokkur misbrestur á frumvarpssmíðinni, þannig að ekki hafi verið gert ráð fyrir því tilviki, sem hér um ræðir, og upp hefur komið raunar, þegar til stóð að friðlýsa hér ákveðið svæði fyrir forgöngu Reykjavíkurborgar, eins og ég gat um hér við 1. umr. þessa máls.

Hitt atriðið, sem ég ætla aðeins að gera að umtalsefni með örfáum orðum, er náttúruverndarsjóður. Ég gat þess við 1. umr. og raunar aftur síðar, að ég tel það mjög til hins verra, að ekki skuli vera náttúruverndarsjóður, og ég lýsi þessari skoðun og hún byggist ekki fyrst og fremst á því, að ég vantreysti svo þeim ríkisstjórnum, sem við eigum eftir að búa við, að þær hafi ekki út af fyrir sig eða einstakir ráðh. þeirra fullan hug á því að verja fjármagni til náttúruverndar. Ég er ekki að gera neinum upp neinar slíkar skoðanir. En ég bara óttast það, að svona mál verði út undan, þegar, eins og oft vill verða, að margt þarf að gera af takmörkuðum fjármunum, þá verði það skoðun manna, að einmitt þessi mál þoli að bíða svo sem eins og eitt ár enn, þegar tiltekinn vegarspotti eða hafnarbót, svo að við tökum eitthvert dæmi, þoli það alls ekki. Og þess vegna held ég, að það væri miklu öruggara fyrir framgang þeirrar náttúrufriðunar, sem nýtur fyllsta stuðnings og skilnings að ég held hvers einasta þdm., að það væri sérstakur sjóður, sem hefði ávallt nokkra fjármuni undir höndum og gæti mætt þessum kostnaðarliðum um leið og þeir myndast. Því var lýst hér fyrir nokkrum dögum í sameinuðu Alþ., hvaða dráttur hefði orðið á friðlýsingu á tilteknum náttúruminjum hér í grennd Reykjavíkur. Það voru allir, sem töluðu þar, sammála um það, að hér væri um hin merkustu náttúrufyrirbæri að ræða, gíg, sem væri einstakur í sinni röð, og það væri kannske að verða hver síðastur að friðlýsa hann og náttúruverndarráð hefur lagt þetta til. En það kom fram af svari hæstv. menntmrh., að það hefði ekki verið unnt að friðlýsa þennan reit, vegna þess að enginn vissi, hvaða kostnaður mundi leiða af því og það væru engir peningar fyrir hendi til þess að verja í því skyni, þannig að ákvörðunin hefði af þessu dregizt. Ég tel víst, að ef náttúruverndarsjóður hefði verið til eða væri til, þá hefðu menn lagt í þá áhættu, sem fylgir því að friðlýsa þetta svæði, og það jafnvel áður en fyrir lægi sundurliðaður kostnaður, sem af því kynni að leiða og menn voru raunar sammála um, að aldrei gæti orðið mikill. En vegna þess að það er enginn, sem hefur yfir tilteknu fjármagni að ráða í þessu skyni, þá hefur framkvæmdin dregizt, eða

svona skil ég það, sem gerðist í þessu ákveðna tilviki, og tel mig ekki vera að gera neinum upp óeðlilegar hugrenningar eða hvatir í þessu sambandi, heldur einungis það, að vegna þess að ekkert tiltekið fjármagn er fyrir hendi til þess að greiða úr slíkum málum, þegar upp koma, þá dragast þau.

Þetta mál lá fyrir, þegar fjárlög voru samin fyrir þetta yfirstandandi ár. Það var engin beiðni lögð fram fyrir alþm. um að leggja til hliðar fjármagn til þess að standa straum af þessu. Ég óttast, að svona kunni að fara í framtíðinni, ef náttúruverndarsjóður verður ekki endurreistur, eins og fyrra frv. lagði til. Þess vegna ætla ég að leyfa mér að gera úrslitatilraun til þess að koma náttúruverndarsjóði inn í frv. á ný og flyt hér skrifl. brtt. ásamt hv. 5. þm. Reykn., Gils Guðmundssyni, en hann hafði áður við 2. umr. borið fram brtt. um, að sjóðurinn yrði tekinn upp á ný og varið til hans 20 millj. kr. a. m. k. af ríkissjóðsframlagi.

Sú brtt., sem ég ætla að leyfa mér að lýsa hér og leggja fram, er þá svona: „9. gr. orðist svo:" — og það er nú raunar óbreytt frá því, sem orðað var í tillögu hv. 5. þm. Reykn. — ég sé ekki ástæðu til þess að lesa það, en 10. gr. er um fjáröflunina og orðist svo:

„Tekjur náttúruverndarsjóðs skulu vera:

1. ½% af heildsöluverði þeirrar vatnsorku og ¼% af söluverði þeirrar varmaorku, sem virkjuð er í landinu."

Þennan hluta tillögunnar höfum við flm. tekið óbreyttan upp úr fyrra náttúruverndarlagafrv. Og ég tel víst, að hugsunin með þessum tekjustofnum sé fyrst og fremst sú, að einmitt þessar verklegu framkvæmdir séu þær, sem hvað mest geta raskað náttúru landsins, og það sé því ekki óeðlilegt, að af slíkum framkvæmdum verði greitt nokkurt gjald til þess m. a. að lagfæra það, sem úrskeiðis fer við þessar framkvæmdir. Þriðji tekjustofn náttúruverndarsjóðs samkv. fyrra frv. var svo einhver prósenta af áfengi, sem framleitt var í landinu. Það hef ég fellt niður. Við flm. teljum það þessu máli allt of óskylt til þess, að það sé nokkurt eðlilegt samhengi í því að fara að tengja það hér saman.

Því er haldið hér fram og sjálfsagt með nokkrum rétti, að allir slíkir skattar, sem lagðir eru á í tilteknu augnamiði, séu hvimleiðir og þeim beri að fækka. Undir þetta sjónarmið getum við flm. að mörgu leyti tekið, en þessir tilteknu eða svo kölluðu eyrnamörkuðu skattar hafa þó einn kost. Þeir hafa þann kost, að yfirleitt fylgjast þeir með í verðbólguþróuninni, þannig að tekjustofninn hækkar um leið og verðbólgan vex, þannig að hækkun þeirra tekna, sem tilteknum sjóðum, í þessu tilviki náttúruverndarsjóði, koma til góða af tekjustofnunum, helzt nokkuð í hendur við almenna tilkostnaðarhækkun í landinu.

Í öðru lagi er svo hér samkv. þessari tillögu lagt til, að til viðbótar þessum litlu tekjustofnum — þeir eru litlir núna a. m. k., þeir gætu náttúrlega vaxið — komi fast framlag úr ríkissjóði, er nemi a. m. k. 5 millj. kr. á ári. Og þriðji liður brtt. er svo, að kaflafyrirsögn á undan 9. gr. orðist þannig: „Náttúruverndarsjóður og fjáröflun til hans".

Ég skal stytta þetta mál og ljúka því, en meginhugsun þessarar tillögu er sú, að til eigi að vera sérstakur náttúruverndarsjóður og hana ber að skoða sem úrslitatilraun okkar flm. til þess að fá þá staðreynd viðurkennda. Það má mjög auðveldlega okkar vegna breyta þeim tekjuöflunarleiðum, sem náttúruverndarsjóði væru ætlaðar. Við erum báðir mjög til viðtals um það. En það má ekki að okkar mati fella þennan sjóð niður, það getur orðið örlagaríkt fyrir náttúruverndina í landinu.

Ég leyfi mér, herra forseti, að afhenda þessa brtt., sem er bæði skrifleg og of seint fram komin, til fyrirgreiðslu forseta með ósk um, að afbrigða verði leitað fyrir því, að hún megi koma til umr. og afgreiðslu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 669) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég skal ekki eyða mörgum orðum að þessu máli. Út af þeirri brtt., sem hv. menntmn. hefur flutt við 37. gr., að nokkru leyti vegna ábendingar hér, vil ég segja, að hún er góð svo langt sem hún nær. Hins vegar leysir hún ekki úr því vafaatriði, sem ég benti á hér fyrr í umr. Ég tel mjög hæpið, svo að ekki sé meira sagt, að menntmrh. geti í reglugerð ákveðið það, hver skuli beita eða leggja á dagsektir, þegar ekkert er um það tekið fram í lögum, hver það skuli vera og hv. menntmn. hefur ekki einu sinni treyst sér til að taka neina afstöðu til þess. En þetta er algert aukaatriði í sambandi við þetta mál og kemur ekki að sök. Afleiðingin verður aðeins sú, að þetta ákvæði um dagsektirnar verður dauður bókstafur. Þeim verður aldrei beitt. Það er nú ekki mikið atriði, en ég er því miður hræddur um, að þau verði fleiri, ákvæðin í þessu frv. og lögum, sem verða dauður bókstafur, og alveg sérstaklega, ef svo fer fram sem horfir, að verulegustu stoðinni undir þessari lagasetningu verður kippt burtu, en það er auðvitað náttúruverndarsjóðurinn. Þess vegna vil ég mjög undirstrika það, sem hv. síðasti ræðumaður, hv. 11. þm. Reykv., sagði hér áðan um það efni, að það er að mínum dómi stórkostlegur galli og ljóður á þessu frv. og þessari fyrirhuguðu lagasetningu, ef ákvæðunum um náttúruverndarsjóð verður með öllu kippt burt úr þessu frv. og það verður svo gengið frá þessari löggjöf, að náttúruverndarráði og þeim aðilum, sem eiga að sjá um framkvæmd þessara mála, verður ekki tryggt neitt fé til þeirra framkvæmda, sem þar er um að ræða. Ég fyrir mitt leyti lít svo á, að í þessari endurskoðuðu löggjöf hafi náttúruverndarsjóðurinn í raun og veru verið þungamiðja þess máls. Þegar búið er að kippa honum út úr, þá er að vísu um nokkrar breytingar að tefla frá núgildandi löggjöf, en þó í raun ekki svo ýkja miklar, því að vitaskuld gæti náttúruverndarráð beitt sér fyrir ráðstefnu til

þess að skapa þann umræðuvettvang, sem náttúruverndarþingi er ætlað að vera, þannig að ég vil fyrir mitt leyti mjög eindregið mæla með samþykkt þeirrar brtt., sem hv. 11. þm. Reykv. lagði hér fram áðan og mælti fyrir.

Frá mínum bæjardyrum séð er kannske ekki svo sérstaklega rík ástæða til að leggja áherzlu á afgreiðslu þessa máls nú á þessu þingi, ef þetta ákvæði frv. er með öllu út úr því tekið. En það er auðsætt, eins og hann gerði rækilega grein fyrir, að ein grundvallarforsendan fyrir því, að starfsemi náttúruverndarráðs geti komið að gagni, er, að það hafi nokkurt fé, sem það geti gripið til, án þess að þurfa um það að sækja til annarra, því að reynslan sýnir, að sú leið hefur reynzt býsna seinfarin. Og vafalaust hefur af þeim sökum orðið minna úr framkvæmdum í þessum efnum heldur en náttúruverndarráð hefði viljað. Ég held þess vegna enn, að það sé full ástæða til að íhuga þessi mál og ég held, að það hefði nú ekki sakað að fylgja mínum ráðum um það, að það hefði verið látið bíða og fresta 2. umr. og n. hefði haft þetta mál til íhugunar. Ég held, að þá hefði henni gefizt meira tóm til að íhuga einmitt þetta atriði, sem nú er komið fram í þessari brtt. Ég held, að það væri nú ástæða til þess, að hún íhugaði einmitt það atriði rækilega, áður en atkv. eru hér látin ganga um þessa brtt., því að eins og ég sagði, ef ekki eru í þessu frv. nein ákvæði um að tryggja náttúruvernd fé, þá finnst mér meginatriðið úr þessu frv. vera horfið og þá geri ég fyrir mitt leyti ekki svo mikið með það, hvort þessi endurskoðaða löggjöf verður samþ. einu þinginu fyrr eða seinna.

Ég vil aðeins, áður en ég lýk máli mínu, segja það út af því, sem hv. frsm. sagði um þá ábendingu, sem kom frá hæstv. dómsmrh., að sjálfsagt er það til bóta, að hann hefur lýst skilningi n. á þessu ákvæði. Hins vegar held ég, að það hefði nú verið skýrara að taka þetta beinlínis fram, því að þó að það sé ljóst, að upptalningin í greininni sé ekki tæmandi, þá held ég, að þau atriði, sem þar eru nefnd, séu nú öll nokkuð annars eðlis heldur en það, sem ráðh. benti á.

Ég skal svo, herra forseti, ekki hafa fleiri orð um þetta mál.

Dómsmrh. (Auður Auðuns): Herra forseti. Ég þakka hv. menntmn. fyrir hennar athugun á þeim ábendingum, sem ég varpaði hér fram við 2. umr. í sambandi við 19. gr. frv. Það hefur sem sé komið fram, að n. telur, að þau spjöld, sem ég ræddi um, sem sé hvatningar- og aðvörunarspjöld frá umferðarráði, mundu falla undir 3. mgr. 19. gr., eins og hún nú er orðuð. Ég sé nú ekki ástæðu til þess að fara að flytja brtt. við greinina. Ég lít svo á, að það, sem hér hefur komið fram, þetta álit n., sem ég út af fyrir sig get fallizt á, þó að ég teldi, að það mætti e. t. v. vefengja þetta, ég tel, að það mundi styrkja svo þá skoðun, að stjórn umferðarráðs mætti þarna flokkast undir, það hljóti nú að taka af vafa, ef það gæti verið dregið í efa, að heimilt væri að setja upp slík spjöld. Ég sem sé tel eftir atvikum, að maður geti við það unað, að þessi skoðun menntmn. hefur komið hér fram í umr. og skal ekki hafa um þetta fleiri orð.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Það er aðeins til þess að fyrirbyggja misskilning, sem annars gæti átt sér stað, áður en gengið verður til atkv. Ég vil árétta það, sem ég held, að ég hafi nú sagt í gær og kannske hefur ekki komið nógu skýrt fram, að n. hafði þann hátt á, þegar hún athugaði brtt., sem fram höfðu verið lagðar, að ef allir voru sammála um að mæla með þeim, þá var mér falið að skýra frá því hér. En aðrar tillögur, sem ekki var einróma samstaða um, skyldu nm. hins vegar hafa óbundnar hendur um. En auðvitað þýðir það ekki, að n. leggi á móti þessum tillögum. Ég vildi aðeins, að það kæmi skýrt fram. Og það er kannske þessu til áréttingar, að ég get sagt frá minni persónulegu afstöðu til brtt. á þessum tveimur þskj., 539 og 562. Ég tek það fram, að það er eingöngu mín persónulega afstaða, en ekki bindandi fyrir n. 2. brtt. á þskj. 539 er ég andvígur. 3. brtt. mun ég hins vegar greiða atkv. Sama máli gegnir með 4. brtt. á þskj. 562, að ég er henni hlynntur. Hins vegar er ég í vafa um 3. og 7. brtt. og mun sitja hjá við þær. Ég vil aðeins skýra frá þessu, að ég hef þannig persónulega mismunandi afstöðu til þessara tillagna, en það má ekki skilja það þannig, að n. sem slík leggi á móti þeim tillögum, sem hún hefur ekki mælt með enn.

ATKVGR.
Brtt. 539,1 tekin aftur.
Brtt. 653 samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 562,1 samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 539,2 felld með 12:4 atkv.
Brtt. 669,1—2 felld með 11:8 atkv.
Brtt. 669,3 tekin aftur.
Brtt. 652,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 539,3 samþ. með 15:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓB, ÓlJ, PÞ, SvG, OA, ÁB, BGuðbj, BFB, BJ, EggÞ, EÁ, GilsG, JónÁ, JÁH, KGuðj.

nei: MJ, StG, AuA, JÞ, JR.

Brtt. 562,2 tekin aftur.
Brtt. 652,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 562,3 felld með 9:8 atkv.
Brtt. 654 samþ. með 15:3 atkv.
Brtt. 562,4 samþ. með 12:1 atkv.
Brtt. 562,5 samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 539,4 samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 562,6 tekin aftur.
Brtt. 652,3 samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 652,4 samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 562,7 felld með 10:5 atkv.
Brtt. 562,8 samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 562,9 tekin aftur.
Brtt. 672 samþ. með 19 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 70. fundi í Nd., 26. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr. (A. 677).

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Ed., en ríkisstj. lagði frv. til l. um náttúruvernd fyrir Ed. fyrir nokkrum vikum. Ed. gerði nokkrar breytingar á frv., engar þó verulegar, engar verulegar efnisbreytingar, og sé ég ekki ástæðu til þess að gera grein fyrir þeim í einstökum atriðum, en skal fara nokkrum orðum um frv. í heild.

Frv. um náttúruvernd var flutt af menntmn. Nd. á s. l. þingi, en hlaut þá eigi afgreiðslu, en frv. þetta, sem flutt var í fyrra, var samið af nefnd, sem menntmrn. skipaði á sínum tíma, og voru í nefndinni Birgir Kjaran, formaður, Benedikt Gröndal, Eysteinn Jónsson og Gils Guðmundsson. Ríkisstj. lét síðan endurskoða þetta frv. nefndarinnar á s. l. ári og er frv., sem lagt var fyrir Ed., niðurstaða af þeirri endurskoðun. Nefndinni hafði upphaflega verið falið að endurskoða lög um náttúruvernd og um þjóðgarðinn á Þingvöllum. Nefndin samdi nýtt frv. um náttúruvernd, en hefur hins vegar ekki enn samið frv. um þjóðgarðinn á Þingvöllum, en nefndin var á einu máli um, að sérstök lög ætti að setja um þjóðgarðinn á Þingvöllum, en ekki hafa ákvæði um hann í náttúruvernd, og er ég sammála því sjónarmiði. Í Ed. lýsti ég því að gefnu tilefni yfir, að ég teldi það vera verkefni þessarar nefndar, sem ég nefndi áðan, að semja lög um þjóðgarðinn á Þingvöllum og hún hefði ekki lokið störfum sínum fyrr en hún hefði gert það.

Þá skal ég fara nokkrum orðum um þær breytingar á náttúruverndarmálum, sem samþykkt þessa frv. mundi hafa í för með sér. Í gildandi náttúruverndarlögum er framkvæmd náttúruverndarmála fengin í hendur náttúruverndarráði, sem menntmrh. skipar til fjögurra ára í senn. Auk þess er gert ráð fyrir náttúruverndarnefndum í hverju sýslufélagi og í kaupstöðum. Náttúruverndarnefndunum var ætlað að eiga frumkvæði að náttúruvernd hverri í sínu héraði, en náttúruverndarráð skyldi samræma störf nefndanna og hafa frumkvæði um stærri mál og marka stefnu í náttúruverndarmálum almennt. Þessar stofnanir, náttúruverndarráð og náttúruverndarnefndirnar, hafa nú starfað í tæpan hálfan annan áratug. Á þessum tíma hefur náttúruverndarráð fjallað um 40—50 málefni, sem lúta beinlínis að friðlýsingu staða eða annarra verðmæta, sem friðlýsa má. Helztu málin, sem náttúruverndarráð hefur afgreitt, eru tengd Helgafelli í Vestmannaeyjum, Rauðhólum í Reykjavík, Grábrók í Norðurárdal, friðun dropasteinsmyndana í hellum, Hveravöllum, friðun sjaldgæfra jurta og Surtsey. Auk þessa hefur náttúruverndarráð haft afskipti af fjölmörgum málum, einkum í sambandi við náttúruspjöll af völdum efnistöku, þ. e. a. s. malarnám, sandnám og jarðnám. Þá hefur álits ráðsins verið leitað í sambandi við sumar meiri háttar verklegar framkvæmdir, t. d. kísilgúrverksmiðju við Mývatn, Gljúfurversvirkjun o. fl.

Á hinn bóginn hefur þátttaka náttúruverndarnefndanna í þessum efnum orðið minni en ætlazt var til í upphafi. Það hefur verið sjaldgæft, að náttúruverndarnefndir hafi vakið máls á náttúruverndarframkvæmdum, og þess eru dæmi, að náttúruverndarnefndir hafi leyft framkvæmdir, sem náttúruverndarráð vildi síðar leggja bann við vegna náttúruspjalla.

Annar mikilvægur þáttur í störfum náttúruverndarráðs hefur verið að beita sér fyrir stofnun þjóðgarða. Í stofnun þjóðgarðs felst það, að landsvæði er afmarkað og friðað, svo að fjölbreytileg náttúra fær þar að þróast eftir eigin lögmálum jafnframt því, sem almenningi er auðveldaður aðgangur að svæðum útivistar og náttúruskoðunar. Náttúruverndarráð hefur þegar beitt sér fyrir stofnun eins þjóðgarðs að Skaftafelli í Öræfum og þar stigið stórt spor til varðveizlu sérstæðs og fagurs landsvæðis. Stofnun annars þjóðgarðs er í undirbúningi.

Að því er varðar stjórn náttúruverndarmála er í þessu frv. haldið skipan núgildandi laga, þeirri skipan, að yfirstjórn þeirra heyri undir menntmrn., en að öðru leyti felst í frv. nokkur breyting á skipan náttúruverndarmála frá því, sem nú er. Grundvallarhugmyndinni er þó haldið, en að því stefnt að náttúruverndarnefndir verði virkari en verið hefur til þessa. Ein helzta breytingin á stjórn náttúruverndarmála, sem frv. gerir ráð fyrir, er skipan náttúruverndarþings. Þar skulu koma saman þeir aðilar, sem hafa sérstaka þekkingu á náttúruverndarmálum, sérþekkingu á sviði náttúrufræða, hafa vegna sérstöðu sinnar það hlutverk að beita sér fyrir náttúruverndarframkvæmdum og hafa vegna stöðu sinnar hagsmuna að gæta, sem kunna að brjóta í bága við náttúruverndarsjónarmið. Er náttúruverndarþinginu ætlað að ræða öll þau mál, sem varða almenna stefnumörkun í náttúruvernd. Þá á það enn fremur að verða vettvangur náttúruverndarnefnda, og ýmis áhugamannasamtök um náttúruvernd geta komið hugmyndum sínum og skoðunum þar á framfæri og þar eiga einnig að koma fram skoðanir þeirra aðila, sem stöðu sinnar vegna eiga að sjá um hagnýtingu náttúruauðlinda til almenningsheilla.

Samkv. núgildandi lögum er náttúruverndarráð skipað sjö mönnum. Það eru þrír forstöðumenn einstakra deilda Náttúrufræðistofnunar Íslands, þrír skipaðir af ráðh. samkv. tilnefningu félagssamtaka og einn skipaður án tilnefningar og er hann jafnframt formaður. Í þessu frv. er lögð megináherzla á að tengja sem flest þeirra félaga, sem starfa að náttúruverndarmálum, við náttúruverndarráðið. Tengiliðurinn á að vera náttúru-

verndarþingið og er því hér gert ráð fyrir því í frv., að þingið kjósi menn í ráðið. Því ákvæði gildandi laga er þó haldið, að menntmrh. skipi formann ráðsins. Ákvarðanir náttúruverndarráðs eru háðar samþykki menntmrn.

Þá er gert ráð fyrir fastráðnum framkvæmdastjóra og skrifstofu, sem létti þeirri kvöð af náttúruverndarráði, að einstakir ráðsmenn þurfi að hafa dagleg afskipti af málum ráðsins. Hv. Ed. gerði nokkrar breytingar á ákvæðum frv. um skipan náttúruverndarþingsins og get ég fyrir mitt leyti á þær allar fallizt.

Í upphaflegu frv. nefndarinnar voru ákvæði um náttúruverndarsjóð og fjáröflun til hans. Í stað þeirra ákvæða hefur ríkisstj. sett ákvæði í frv. um, að fyrir lok maímánaðar ár hvert semji náttúruverndarráð fjárhagsáætlun um útgjöld, sem ætla má, að leiði af framkvæmd laganna næsta almanaksár og skuli kostnaður við framkvæmdir síðan greiddur úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess á fjárlögum, og er hér um að ræða hliðstæða skipun og á sér stað um aðrar menningarstofnanir ríkisins. Þá er rétt að vekja athygli á ákvæðum frv. um aðgang almennings að náttúru landsins og ákvæðum frv. um umgengni almennings úti í náttúrunni, en ákvæðin um síðara atriðið eru miklu fyllri í þessu frv. en þau, sem eru í gildandi lögum. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að óþarfa akstur svo nefndra fjallabíla og dráttarvéla utan merktra bílaslóða hefur færzt mjög í vöxt á síðari árum og hefur þetta haft í för með sér, að gróður í brekkum og gíghólum hefur verið ristur í sundur af hjólbörðum ökutækja og vatn og vindar taka síðan við og fullgera eyðileggingunа. Í þessu frv. er náttúruverndarráði heimilað að leggja bann við akstri á tilteknum stöðum í tilteknum tegundum umhverfis eða á tilteknum árstímum. Þá eru og í frv. miklu ítarlegri ákvæði en eru í gildandi lögum um rusl og frágang þess, svo og um frágang og staðsetningu sorphauga. Í þessu frv. eru allir landsmenn, hvort heldur eru einstaklingar eða sveitarfélög, skyldaðir til að ganga þannig frá úrgangi, að náttúrulýti, náttúruspjöll eða hætta á mengun geti ekki hlotizt af. Sérhverjum ferðamanni er bannað að fleygja frá sér og skilja eftir rusl, sem er til hættu eða óþæginda. Vilji menn losna við rusl, er bannað að fleygja því í ár eða læki, jafnvel þótt um straumþung fallvötn sé að ræða. Rusl ber að grafa í jörðu með þeim umbúnaði, að öruggt sé, að vindar eða vatn nái ekki til þess og þannig, að engin ummerki sjáist. Bannað er að fleygja rusli eða úrgangi frá atvinnurekstri og heimilishaldi í ár, læki eða sjó og óheimilt að safna úrgangi í hauga á almannafæri. Öllu sorpi verður að koma þannig fyrir á afviknum stöðum, að hvorki fjúki né úr því fljóti.

Varðandi mengun vatns í ám, lækjum, stöðuvötnum og brunnum gegnir sama máli og um frágang á sorpi. Mengun vatns og andrúmslofts eru meðal alvarlegustu og brýnustu viðfangsefna náttúruverndar. Mengun vatns á Íslandi vex nú hröðum skrefum ár frá ári, þó að enn séu aðstæður í þessu efni allt aðrar og betri en í flestum nálægum löndum. Nálægt þéttbýliskjörnum hér er ástand þessara mála þó orðið alvarlegt, fyrst og fremst í Reykjavík, Kópavogi og á Akureyri. Hér er auðvitað um að ræða miklu stærra mál en svo, að unnt sé að gera því full skil í náttúruverndarlögum. Hér þarf því einnig að koma til kasta laga um heilbrigðismál og hollustuhætti og vatnalaga, en mengunarmálið er svo alvarlegt og víðtækt, að ríkisstj. hefur þótt ástæða til að undirbúa sérstaka lagasetningu um mengun og er hún í samningu á vegum menntmrn. Í þessu sambandi ber sérstaka nauðsyn til þess að samræma aðgerðir allra þeirra aðila, sem þessi mál varða, og er undirbúningur hafinn að því, að það geti orðið.

Þá vil ég að síðustu geta þess, að ákvæði þessa frv. um auglýsingar eru nokkuð frábrugðin ákvæðum gildandi laga. Þetta frv. gerir ráð fyrir, að allar auglýsingar meðfram vegum eða annars staðar utan þéttbýlis verði bannaðar. Hins vegar verði ekki á valdi náttúruverndarnefndar framvegis eins og nú er að veita undanþágu frá þessu. Ákvæði frv. um friðlýsingu, sem getur verið með ýmsu móti, eru mun nákvæmari og ítarlegri heldur en ákvæði gildandi laga og eru ákvæði þessa frv. talin svara til nýjustu viðhorfa í náttúruverndarmálum.

Í bráðabirgðaákvæði við frv. er svo kveðið á, að náttúruverndarráð, sem nú starfar samkv. gildandi lögum, skuli starfa áfram, unz náttúruverndarþing hefur kosið nýtt ráð samkv. ákvæðum frv., en náttúruverndarþing skal kallað saman innan árs frá því, að lögin taka gildi, verði frv. samþykkt.

Að svo mæltu vildi ég, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað að lokinni 1. umr. til 2. umr. og hv. menntmn., og þó að skammur tími sé eftir til þingloka, þá vildi ég leyfa mér að mælast til þess við hv. menntmn., að hún freisti þess að afgreiða málið nú á þessu þingi, þar eð ég tel mörg ákvæði frv. vera til mikilla bóta frá því, sem nú er, en náttúruverndarmál verða að teljast til þeirra mála, sem á þessum tímum er hvað nauðsynlegast að sinna, og ég tel, að samþykkt þessa frv. mundi auðvelda og bæta opinber afskipti af náttúruverndarmálum.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Þetta frv. er að meginstofni til ávöxtur af starfi mþn., sem kosin var skv. þáltill., sem hér var samþ. á hv. Alþ. fyrir um það bil þremur árum síðan. Ég beitti mér þá ásamt öðrum þm. fyrir þeirri þáltill. og var hún samþ. hér shlj. og hafði mikinn byr. Þetta frv. er þó, því miður, ekki eins og það, sem mþn. sendi frá sér til hæstv. ráðh., og er þar sérstaklega þess að sakna, að í þessu frv. er ekki gert ráð fyrir náttúruverndarsjóðnum, sem ákvæði voru um í frv. mþn. En nefndinni var það ljóst, að einn stærsti þáttur í þessu máli var sá stórfelldi fjárskortur, sem náttúruverndarstarfsemin býr við, og vildi reyna að bæta úr með því að setja lagaákvæði um sérstakan náttúruverndarsjóð, sem ekki væri blandað inn í

fjárlög. Upp á þessu stakk nefndin vegna þess, að hún hafði tröllatrú á því, að þannig mundi fremur fást fé til þessara nauðsynlegu mála, sem óneitanlega hafa setið á hakanum.

Ég læt í ljós óánægju yfir því, að þessi ákvæði um náttúruverndarsjóðinn skyldu vera plokkuð úr frv. og ekki takast að fá það leiðrétt í hv. Ed. Ég mun nú stinga upp á því í hv. menntmn. d., að við reynum að leita samkomulags við hæstv. ráðh. og ríkisstj. um það að setja náttúruverndarsjóð aftur inn í frv. og vona, að hæstv. ríkisstj. sé til viðtals um athugun á því. En jafnframt vil ég segja, að þótt slíkt ekki tækist, mót von minni, þá mundi ég samt telja það mjög þýðingarmikið, að þetta frv. yrði gert að lögum á þessu þingi, og að því vil ég stuðla eftir því sem ég get, að því verði hraðað með það fyrir augum, og að þessi tilraun, sem ég hef áhuga fyrir að verði gerð til þess að setja náttúruverndarsjóð inn í frv., yrði ekki til að tefja málið. Og sem sagt, jafnvel þó að hún mistækist, yrði ég samt sem áður mjög mikill hvatamaður þess, að frv. yrði gert að lögum, því að í því eru mörg afar þýðingarmikil ákvæði fyrir náttúruverndina og mætti þá frekar byggja framvegis ofan á þann grundvöll, sem þar er lagður.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til menntmn. með 26 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 81. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 677, n. 750).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Birgir Kjaran): Herra forseti. Menntmn. hv. d. hefur haft til meðferðar frv. til laga um náttúruvernd, sem er 213. mál d. og prentað á þskj. 677. Þar sem máli þessu hafa verið gerð allítarleg skil, er það fyrst var lagt fram á síðasta þingi, skal hér farið fljótt yfir sögu um aðdraganda þess. Ekki verður þó hjá því komizt að rifja upp fáein atriði. Upphaf málsins var það, að hinn 18. apríl 1968 samþykkti Alþ. þáltill. um náttúruvernd og friðun Þingvalla og þjóðgarða. Með leyfi forseta hljóðar hún þannig:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta endurskoða lög nr. 59 1928, um friðun Þingvalla, og lög nr. 48 1956, um náttúruvernd, og semja fyrir næsta reglulegt Alþ. frv. til nýrra laga um náttúruvernd, friðun Þingvalla og þjóðgarða. Endurskoðunin miði að því að auka náttúruvernd og auðvelda almenningi aðgang að heppilegum stöðum til útivistar og náttúruskoðunar. Einnig verði verk- og valdsvið náttúruverndarráðs og Þingvallanefndar skilgreint sem gleggst."

Með bréfi dagsettu 28. júní 1968 skipaði menntmrh. nefnd í tilefni af þessari þáltill. Í nefndina voru skipaðir Birgir Kjaran, formaður, Benedikt Gröndal, Eysteinn Jónsson og Gils Guðmundsson. Nefndin réð sér til ráðuneytis dr. Guðmund Sigvaldason jarðfræðing, sem jafnframt var framkvæmdastjóri nefndarinnar, og Ragnar Jónsson hæstaréttarlögmann sem lögfræðilegan ráðgjafa. Nefndin sat alllengi að störfum, enda verkefnið viðamikið og víðtækt, þar sem umsteypa þurfti ærið gamaldags og sumpart úreltri löggjöf, sem voru lög um náttúruvernd frá 7. apríl 1956, sem að vísu hafa á sínum tíma verið góðra gjalda verð frumsmíð, en orðin harla úrelt miðað við nýja tíma, breyttar aðstæður og ný viðfangsefni.

Nefndin aðgreindi þegar í upphafi verkefni sitt í tvennt, annars vegar almenna náttúruverndarlöggjöf og hins vegar lagasetningu varðandi friðun Þingvalla. Taldi hún fyrra atriðið mest aðkallandi og einbeitti þess vegna störfum sínum að því máli og samningu frv. til laga um það efni. Því lauk hún, en varðandi síðara viðfangsefnið, nýja löggjöf um friðun Þingvalla, hefur hún enn ekki lokið störfum, en mun vonandi gera það innan tíðar. Seta nefndarinnar hefur verið alllöng. Þó held ég, að iðjuleysi verði þar ekki um kennt, því að fundahöld hafa verið tíð og margir kvaddir til ráðuneytis, enda tilætlunin að vanda til verksins eftir föngum. Þurfti þess vegna að afla upplýsinga og gagna víða að og kynna sér m. a. nýjustu löggjöf annarra þjóða á þessu sviði, en hér er um mjög sérhæfða löggjöf að ræða, sem einmitt á síðustu árum hefur verið að taka grundvallar-stakkaskiptum í nágrannalöndum okkar.

Það var kannske óskhyggja nefndarinnar, að málið næði fram að ganga á árinu 1970, sem var svo kallað náttúruverndarár Evrópu og Evrópuráð hafði helgað kjörorðinu „Maðurinn og náttúran". Af þessu gat nú því miður ekki orðið, og er í sjálfu sér kannske ekki svo mikið um að sakast, enda ekki óeðlilegt, að slíkt, ef svo mætti að orði komast, stjórnarskrárfrv. um forvöltun þjóðarinnar á landinu þyrfti grandskoðunar og góðrar athugunar við. Frv. var lagt fram og sýnt á vorþinginu 1970. Síðan hefur það gengið í gegnum margþættan hreinsunareld, verið lagt breytt fram af ríkisstj. á þessu þingi og nú verið afgreitt frá Ed. Alþ. með enn fleiri breytingum. Ég skal játa það, að mér eru vonbrigði að ýmsum þeim breytingum, sem frv. hefur tekið í meðförum viðkomandi aðila, enda þótt ég geti að vísu viðurkennt, að sumt er þar þó til nokkurra bóta. En þau atriði vega í mínum huga miklum mun meira, sem niður hafa verið felld, en þau, sem hafa átt að betrumbæta frv. Á ég þar sérstaklega við greinarnar um náttúruverndarsjóð, sem ég mun síðar víkja að, og 32. gr., sem að mínu viti rýrir tilfinnanlega vald náttúruverndarráðs frá því, sem áður var, og ég tel vissulega mikinn ljóð á frv., eins og það nú er. Engu að síður er ég þeirrar skoðunar, og ég mæli þar vist fyrir munn nefndarinnar í heild, að við viljum heldur stíga þetta spor, sem við teljum í rétta átt, þótt við séum allir sammála um, að þarna sé mörgu áfátt — við viljum heldur mæla með samþykkt þessa frv. í því formi,

sem það er nú, örlítið breyttu, heldur en að láta málið niður falla.

Ég mun nú víkja að einstökum greinum frv. Í 4. gr. er fjallað um náttúruverndarþing og er þar bætt við nokkrum aðilum, sem ætlazt er til að fái þingsetu, en þeir eru þessir: Samband ísl. sveitarfélaga, Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands, Búnaðarfélag Íslands, Arkitektafélag Íslands og Félagssamtökin Landvernd. Við þessu skal ekki amazt. Aðeins dálítið vafasamt, hvar línuna á að draga í þessum efnum, og kann mönnum kannske að vera spurn á því, hvers vegna önnur atvinnusamtök, svo sem t. d. Fiskifélag Íslands, Iðnaðarmálastofnunin o. fl. o.fl. ættu ekki einnig að eiga þarna fulltrúa eins og þeir, sem hér hafa verið nefndir. En þetta er í sjálfu sér aukaatriði. Það er hins vegar miklum mun lakara, að náttúruverndarsamtökin hafa af einhverjum óskiljanlegum ástæðum þarna verið svipt aðild að þinginu. Og ættu þau þó öðrum fremur þar heima. Nú hafa verið stofnuð náttúruverndarsamtök á Norðurlandi, önnur fyrir Austurland, þau þriðju fyrir Reykjavík og nágrenni og að sögn mun vera áhugi á og í bígerð að stofna hliðstæð samtök á Vestfjörðum, Vesturlandi, Suðurlandi og e. t. v. í Vestmannaeyjum. Ekki væri ótrúlegt, að öll þessi félög mundu á sínum tíma stofna með sér náttúruverndarsamband eða einhver heildarsamtök, og verður að teljast eðlilegt og raunar sjálfsagður hlutur, að slík samtök ættu sæti á svo nefndu náttúruverndarþingi, þar sem þau eru í raun og veru veigamesti aðilinn í náttúruverndarmálum landsins, því að þetta eru þau frjálsu samtök borgaranna, sem þarna fylgja fram sínum áhugamálum. Þess vegna höfum við nokkrir þm. borið hér fram brtt. við þetta efni, þar sem náttúruverndarsamtökunum er ætlað eðlilegt sæti, og mér er nær að halda, að þetta sé vangá, en ekki vilji, sem því hefur valdið, að það hefur fallið út og treysti því fastlega, að þm. breyti þessu atriði, en jafnframt mundi ég mjög vilja leggja á það áherzlu, að ekki yrði komið með fleiri eða flóknari brtt., sem hefðu það í för með sér, að þetta mál strandaði og næði ekki fram að ganga á þessu þingi, því að mínu viti er töluverðu fyrir það fórnandi, að málið komist fram, þó að það sé ekki kannske í þeim bezta búningi, sem menn hefðu getað hugsað sér. Nýmæli í þessari grein eru og, að hver þingflokkur eigi fulltrúa á náttúruverndarþingi, og sé ég ekkert því til fyrirstöðu og raunar æskilegt, að stjórnmálaflokkarnir fái sem bezt tækifæri til að fylgjast með náttúruverndarmálum, því að því fremur má vænta stuðnings Alþ. við náttúruverndarmálstaðinn almennt.

8. gr. frv. tel ég til bóta og raunar einn af betri þáttum frv., því að ef að lögum verður, mun náttúruverndarráð nú loksins eftir 15 ára starf — en lög um það voru einmitt samþ. frá Alþingi 7. apríl 1956 — fá fastan samastað og hafa leyfi til að ráða fulllaunaðan framkvæmdastjóra. Fram til þessa eða í 15 ár hefur þetta olnbogabarn íslenzka ríkisins verið á húsnæðishrakhólum og orðið að halda fundi í húsakynnum annarrar stofnunar og þess eina eign og „inventar" þar er einn pjáturssmíðaður skjalaskápur — og starfið að mestu verið unnið af fremur láglaunuðum sérfræðingum og áhugamönnum fyrir hungurlús að aukagetu.

Versti ágalli þessa frv. er tvímælalaust niðurfelling 9. og 10. gr. hins upphaflega frv., ákvæðisins um náttúruverndarsjóð. Þær aðferðir til tekjuöflunar til handa sjóðnum, sem við gerðum tillögur um — þeir, sem að samningu frv. stóðu, voru okkur ekkert aðalatriði. Sjóðinn töldum við hins vegar nauðsyn og álitum ábyrgðarlítið að benda ekki samtímis á neinar tekjuöflunarleiðir, enda þótt við værum fullkomlega ásáttir um, að ríkisstj. benti á aðra og fasta, tiltölulega örugga tekjustofna fyrir náttúruverndarsjóð. Hins vegar óttast ég, af fenginni reynslu, án þess að ætla með þeim orðum að reka nokkur horn í fjmrn. eða fjvn., að ef náttúruverndarráð hefði ekki að bakhjarli náttúruverndarsjóð, sem hefði fyrirfram áætlaðar tiltölulega árvissar tekjur, en ætti að sækja allt undir einhvern póst í fjárlögum, yrði starf og möguleikar ráðsins mjög ótryggt. Ég álít sem sagt, að með þessu ákvæði sé því miður mikið tjón unnið. Það er einmitt frumnauðsyn að gert sé ráð fyrir föstum tekjustofni eins og raunar svo margar aðrar hliðstæðar stofnanir í þjóðfélagi okkar hafa. Það þarf ekki að vísa mikið til talna í þessum efnum, en ég sé þó ástæðu til að benda á það, að ef við tökum þau 15 ár, sem náttúruverndarráð hefur starfað, þá hefur íslenzka ríkið ekki verið örlátara í þessum efnum en svo, að það hefur varið frá 0.04 til 0.14‰ af útgjöldum sínum eða til jafnaðar 0.07‰ af heildarútgjöldunum til náttúruverndarstarfa í einu eða öðru formi á sama tíma og aðrar þjóðir — eftir því, sem ég hef aflað mér nýrra upplýsinga um — verja ekki undir 1%, sumar hverjar upp í 3% — ekki promille, heldur prosent — og jafnvel á einstaka stað, ef allt er með tekið, upp í 5% af gjöldum sínum til náttúruverndarmála. Þetta er slík hneisa, að ég held, að við getum ekki blygðunarlaust horft á slíkt til lengdar.

Það er sagt, að peningar séu afl þeirra hluta, sem gera skal, og það er rétt að vissu marki. Hins vegar held ég, að menn geri sér ekki alltaf ljóst, að þeir peningar, sem varið er til náttúruverndar, renta sig ábyggilega ekki lakar heldur en aðrir fjármunir, sem þjóðin leggur fé sitt í. Við erum að tala um að gera íslenzkt atvinnulíf fjölbreyttara og árvissara. Það er verið að benda á ýmsar nýjar leiðir: iðnvæðingu, stóriðju og sitthvað annað. Allt er þetta vafalaust góðra gjalda vert. En sumir hafa bent á, að Ísland gæti haft nokkrar tekjur af því að verða það, sem kallað er ferðamannaland. Ég skal fúslega játa, að á því eru tvær hliðar. Það er sjálfsagt gott að hafa tekjur af ferðamönnum, en því fylgja líka stundum nokkrir agnúar. En um það er ekki að fást, vegna þess að það er greinilegt, hvað fara gerist í þeim efnum. Ísland er að verða ferðamannaland, hvort sem við viljum eða viljum ekki. Og þess vegna

skiptir það miklu máli að beina þessari nýju atvinnugrein inn á réttar brautir. Og ég held, að þarna verðum við að byrja strax og gæta varfærni. Og einmitt þarna koma náttúruverndarlög og náttúruverndarstarf að gagni. Við þurfum að koma á ákveðnum umgengnisreglum fyrir innlenda og erlenda ferðamenn í sambandi við náttúru landsins og við þurfum líka að sjá um það, að ferðafólkið, bæði innlent og erlent, njóti hæfilegrar aðstöðu. Það er ágætt að friða lönd og það er ágætt að stofna þjóðgarða, en samtímis skulum við gera þetta þannig, að fólkið hafi þarna greiðan aðgang og aðstaða sé sköpuð hvað hreinlæti og aðra hluti snertir, sem nauðsynleg er.

Í 11. gr. eru lítils háttar breytingar, sem ekki er orð á hafandi. Við 17. gr. er slakað á ákvæðum varðandi malarnám og töku annarra jarðefna. Þá breytingu tel ég því miður til hins verra, þar sem í henni felst, að náttúruverndarráð fær ekki tækifæri til að fylgjast með þessum málum eins og gert var ráð fyrir í upphaflega frv. Sama er að segja um 25. og 26. gr. Þar er líka slakað á.

En þá kem ég að 32. gr., sem auk höfnunar á myndun náttúruverndarsjóðs er að mínum dómi mest lýti á þessu frv. Hún er okkur náttúruverndarmönnum mikill þyrnir í augum og kannske hvað mestur ákvæða þessa frv., vegna þess að með henni er allt vald varðandi friðlýsingu tekið úr höndum náttúruverndarráðs, þar sem jafnvel gömlu lögin frá 1956 heimiluðu ráðinu friðlýsingar, svo fremi að ágreiningur komi ekki upp eða kostnaður fari ekki fram úr ákveðinni hámarksupphæð. Nú er þessu sleppt. Virðist þetta ákvæði aðeins kalla á óþarfa skrifstofumennsku og geta orsakað seinagang mála og draga úr áhrifavaldi náttúruverndarráðs gagnvart almenningi. Með þessu virðist því aðeins ætlað það hlutverk að vera eftir þessu nokkurs konar hlaupatík milli þegna og rn. í smávægilegum málum, sem samkomulag kann að nást um án handleiðslu eða blessunar hins háa stjórnarráðs.

Einhverjum kann að koma það svo fyrir sjónir, að ég hafi verið hér nokkuð hvassyrtur í þessum aths. mínum um umrætt frv. En því er til að svara, að málið er mér kannske meira hugðarefni en sumum öðrum og mér finnst við náttúruverndarmenn ekki uppskera sem svarar því, sem sáð hefur verið til. Á hinn bóginn er ég svo gagnkunnugur þróun þessara mála í grannríkjum okkar, að mér er engin dul á því, að allt verður ekki fengið í einum áfanga eða atrennu. Náttúruvernd er nýtt hugtak, nýtt viðfangsefni, ný staðreynd, sem þjóð okkar þarf að horfast í augu við. Það þarf tíma til þess að kynna alþjóð náttúruverndarsjónarmiðin, gera henni ljóst, að náttúruvernd er engin spjátrungsleg sérvizka búin til á skrifpúltum lífsfirrtra lærdómsofvita með aðstoð tölvunnar, né heldur rómantískt hugsjónaskvaldur, heldur bláköld hagsmunastaðreynd veruleikans. Okkar kynslóð og sú næsta mun gegna og þurfa að gegna róttækum aðgerðum í náttúruverndarmálum. En komandi kynslóð mun ekki gera það, ef við svo búið verður látið standa, sem er í dag, og fram kann að vinda án þess að nokkuð sé staldrað við og hugað af alvöru og einurð að þessum þýðingarmiklu málum.

Við erum vissulega hamingjusamir, Íslendingar, að eiga enn kannske einir Evrópuþjóða óspillt land. Við eigum ekki mikið annað að undanskildum fámennum, en vel verkkunnandi mannafla og þeirri orku, sem felst í orkulindum landsins, vatnsafli og jarðhita. Og svo er það fegurð landsins, heilnæmt loft og tærar lindir, sem eru ómetanlegar. Þeim arfi verðum við að skila komandi kynslóðum óskertum og óspilltum, ef við viljum ekki, að þær ragni okkur fyrir augnabliks óhugsað fljótræði og óseðjandi auragræðgi.

Með þessu er ekki sagt, að náttúruvernd höfði gegn tæknilegum nýjungum, síður en svo, því að ef við viljum, verðum við að taka tæknina í vaxandi mæli í þjónustu okkar. Vélvæðing og tækni geta einnig auðveldlega átt samleið með náttúruvernd, ef í framkvæmdir er ráðizt með fyrirhyggju. Ódýrasta virkjunin þarf ekki alltaf að vera sú ákjósanlegasta, ef henni fylgir herför gegn náttúrufegurðinni og þeirri nautn, sem henni fylgir. Hanna þarf því hvert stórt mannvirki með hliðsjón af hagnaði og hagsæld þjóðarinnar í heild. Hundruð rafstöðva og orkuvera, stynjandi stórverksmiðjur, auraflóð og allsnægtir geta ekki fært þjóðinni aftur þá lífshamingju, sem grænt gras, lágvaxið kjarr, tröllaukin fossaföll og kliðmjúkar lækjalænur veita henni. Við megum ekki fórna náttúru Íslands á altari Mammons, því að ella verðum við rótslitin þjóð, sem ekki á lengur frumburðarrétt til þessa lands.

Máli mínu vil ég svo ljúka með því, að enda þótt ég sé víðs fjarri að vera ánægður með þetta frv. til náttúruverndar á Íslandi, þá tel ég það þó marka spor í rétta átt, enda er mér e. t. v. manna ljósast, svo lengi sem ég hef fengizt við þessi mál, að það þarf þolinmæði, þrautseigju til þess að þumlunga sig áfram, þrotlausa baráttu við þekkingarskort, baráttu við hagsmuni, baráttu við þröngsýni, auðshyggju og arfgenga fordóma. Þess vegna leyfi ég mér að leggja til, að frv. þetta verði samþ. óbreytt með þeirri smávægilegu brtt., sem lögð hefur verið fram, og heiti á þm. að afgreiða málið á þessu þingi.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Birgi Kjaran fyrir þessa alvarlegu og heitu ræðu, sem hann flutti um þetta mikilsverða málefni hér. Eins og heyra mátti á máli hans, þá er hann mjög óánægður með ýmsar breytingar, sem gerðar hafa verið á upphaflega frv. um þetta efni, bæði breytingar, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert, og breytingar, sem gerðar voru í Ed. Alþ. Og ég er honum algerlega sammála um þessa afstöðu. Engu að síður hef ég skrifað undir nál., þar sem lagt er til, að frv. verði samþykkt óbreytt að heita má, en ég skrifa undir það með fyrirvara, vegna þess að ég sé

ástæðu til þess að mótmæla þeim vinnubrögðum, sem alþm. er ætlað að sætta sig við þessa síðustu daga Alþ. Hv. þm. Birgir Kjaran sagði vafalaust réttilega, að þetta mál hefði verið grandskoðað og fengið góða athugun og hefði farið gegnum margþættan hreinsunareld. En þetta gerðist ekki í menntmn. þessarar hv. d. Okkur var ætlað að afgreiða þetta frv. á einni klukkustund, — á einni einustu klukkustund — frumvarpsbálk um ákaflega veigamikið mál. Hið upphaflega frv. var sem kunnugt er lagt fram á síðasta þingi fyrir tilstilli menntmn. þessarar hv. d. En í haust gerðist það, að ríkisstj. tók þetta mál til sín og hún skilaði því ekki frá sér aftur, þrátt fyrir ítrekaðan eftirrekstur, fyrr en alllöngu eftir áramót. Síðan hefur það legið í Ed. í athugun, sem vafalaust hefur verið málefnaleg og nauðsynleg, en okkur er sá tími eftir skilinn, að það var ætlazt til þess, að við afgreiddum það úr menntmn. Nd. á einni klukkustund, til þess að ekki væri hægt að segja, að það stæði á okkur og þess vegna hefði frv. ekki verið afgreitt. Svona vinnubrögð ná auðvitað ekki nokkurri átt og þetta eru vinnubrögð, sém þm. eiga hreinlega ekki að sætta sig við. En svona vinnubrögðum er ætlazt til að þm. uni í sambandi við fjölmörg mjög veigamikil mál á síðustu dögum þingsins. Og þetta er raunar þeim mun alvarlegra, sem ég er sannfærður um, að eins og Alþ. er nú saman sett, þá hefði verið hægt að samþykkja þetta frv. eða afgreiða það í miklu betri mynd en við gerum, ef alþm. hefðu fengið að vinna að því á eðlilegan hátt og láta á það reyna, um hvað væri meiri hl. og um hvað ekki hér í þinginu.

Í menntmn. Nd. eru t. d. þrír af höfundum þessa frv., í þeirra hópi tveir af forustumönnum úr stjórnarliðinu, hv. þm. Birgir Kjaran og hv. þm. Benedikt Gröndal. Ég gat ekki betur á þeim heyrt í n. en þeir væru andvígir þeim breytingum, sem hæstv. ríkisstj. lét gera, þ. e. a. s. að svipta náttúruverndarráð tekjustofnum og gera allar ákvarðanir náttúruverndarráðs í sambandi við friðlýsingu háðar samþykki menntmrn. Ég er sannfærður um það, að ef ráðrúm hefði gefizt til þess að flytja um það brtt. eða koma þessu í upphaflegt form, þá hefði verið meiri hl. fyrir því hér á Alþ. Og það er óneitanlega hart að verða að una því, að þannig sé staðið að vinnubrögðum, að Alþ. fái ekki komið fram sínum eigin vilja.

Ég vil einnig draga mjög í efa, að það sé raunverulegur meiri hl. fyrir sumum þeim breytingum, sem gerðar voru í Ed. Hv. þm. Birgir Kjaran minntist á sumar, en mig langar að minnast hér á eina breytingu, sem gerð var á 11. gr. frv. Eins og það var lagt fyrir þing, þá er þar að finna þessar setningar, með leyfi hæstv. forseta:

„Gangandi fólki er heimil för um óræktuð lönd manna og dvöl þar í því skyni að njóta náttúrunnar, enda hafi dvöl manna þar ekki í för með sér óhagræði fyrir landeigendur eða aðra rétthafa að landinu. Sé land girt, er aðeins heimilt að fara um hlið á girðingunni.“

Þarna eru ákvæði, sem sett eru frá sjónarmiði gangandi fólks. En hvernig var þessu breytt? Þessu var breytt þannig:

„Gangandi fólki er því aðeins heimil för um eignarlönd manna, að þau séu óræktuð og ógirt og að dvöl manna þar hafi ekki í för með sér ónæði fyrir búpening né óhagræði fyrir rétthafa að landinu.“

Þarna er viðhorfinu snúið við. Þarna er litið á málið frá sjónarmiði svo kallaðra eigenda, þeirra, sem hafa girt, og eftir þessum ákvæðum er anzi víða hreinlega bannað að fara um landið okkar. Það er ekki hægt að fara um landið nema framkvæma lögbrot eða leggja í einhver óhemjuleg ferðalög til þess að fá tilskilin leyfi í einhverjum órafjarska stundum. Það er líklega hart á því, að það sé hægt að komast upp á Esju samkv. ákvæðum þessara laga. Og þetta er ekkert smámál, vegna þess að eitt meginatriði náttúruverndar er að tryggja samband fólksins við landið, samskipti þjóðarinnar við landið. Og einmitt þess vegna þurfa í svona löggjöf að vera sérstök ákvæði, sem tryggja rétt manna til þess að fara um land sitt og njóta þess. Ég lít á þetta sem mjög veigamikið atriði. Þrátt fyrir þetta er ég sammála hv. þm. Birgi Kjaran um það, að í þessu frv., jafnlimlest og það er, eru mörg veigamikil atriði, sem eru til bóta. Og ég skil ákaflega vel þá menn, sem eru áhugasamir um þessi mál og telja sig bera ábyrgð á því, að einhverju þoki þar fram, að þeir beygi sig fyrir þeim vinnubrögðum, sem ég var að lýsa hér áðan, jafnósæmileg og þau eru. Ég segi fyrir mig, ég hefði svo sem gjarnan getað flutt brtt. við þetta frv. Ég er ósköp vanur því að flytja hér brtt., sem menn fella, og kippi mér ekki sérstaklega mikið upp við það. En þarna var ég hins vegar í þeirri aðstöðu að verða að flytja brtt., sem ég vissi að mundu fá minna fylgi en þær eiga í raun og veru á þinginu, og með því gerði maður málefninu að sjálfsögðu ekki gagn. Ég tel, að meðferð þessa máls, sú reynsla, sem við höfum af því hér í þinginu og var að lýsa hér áðan, þurfi að vera þeim mönnum, sem síðar verða kosnir hér á þing, hvöt til þess að breyta þeim herfilegu vinnubrögðum, sem þm. er ætlað að una í lok þinga. Ég veit, að hjá öðrum þjóðþingum gilda ákvæði, sem eiga að tryggja það, að þm. hafi eðlilegan tíma til að fjalla um mál og slík ákvæði verður óhjákvæmilega að festa í þingsköp hér á landi einnig, svo að við gerum okkur ekki seka um það að taka þátt í nefndarstörfum, sem eru í rauninni ekkert annað en skrípaleikur.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég get verið stuttorður, því að ég get í raun og veru skrifað undir margt af því, sem tveir hv. þm., sem talað hafa í þessu máli, hafa sagt, bæði um vinnubrögðin við þetta mál og málefnið yfir höfuð. En ég vil samt segja örfá orð til þess að gera grein fyrir afstöðu minni.

Ég minntist á það við 1. umr. hér í d. um daginn, að ég vildi gera tilraun til þess að fá náttúruverndarsjóðinn settan aftur inn í frv. og ég vildi ekki trúa því þá, að það væri ekki mögulegt. En ég hef

nú sannfært mig um, að þetta er ekki hægt. Staðan í þinginu er þannig, að þess er ekki kostur og þess vegna tek ég það ráð, að ég flyt ekki brtt. um það efni né önnur efni, sem ég þó hefði viljað gjarnan gera.

Ég álít, að í þessu frv. séu stór nýmæli, sem ganga í rétta átt, og því sé þetta frv. þrátt fyrir allt sigur, talsverður sigur, umtalsverður sigur fyrir náttúruverndina og náttúruverndarmenn. Ég hef því mikinn áhuga fyrir því, að það verði gert að lögum. Ég nefni aðeins örfá atriði til þess að rökstyðja þessa skoðun mína.

Í fyrsta lagi verður sett upp náttúruverndarþing og með því er meiningin að samræma kraftana í náttúruverndarmálum og setja eins konar vörð um landið, ef við mættum segja svo, sameina kraftana til þess. Ég hef ekki trú á því, að jafnslysahætt verði í þessum málum framvegis og verið hefur, ef þessi stofnun kemst á fót. Ég álít því, að þetta sé mjög stórt atriði. Þá fær náttúruverndarráð framkvæmdastjóra og nokkra aðstoð, sem ríkissjóður kostar. Þetta er miklu stærra atriði en menn e. t. v. í fljótu bragði geta gert sér grein fyrir: að fá framkvæmdaafl á vegum náttúruverndarráðsins, og mun þetta gera miklu meira en að vega upp á móti þeirri smásmugulegu skemmd, sem gerð hefur verið á afli náttúruverndarráðs í hv. Ed. og aðrir hafa gert að umtalsefni. Ég hygg, að þetta muni verða til þess, að ráðið verði þrátt fyrir allt mun sterkara en áður.

Náttúruverndarnefndir verða kosnar heima fyrir með öðrum og heppilegri hætti en áður hefur verið og þar með virkjað afl í héruðunum, vona ég. Þá vil ég nefna, að eftir þessu frv. er skylt að hanna allar stórframkvæmdir í landinu í samráði við náttúruverndarráð. Þetta álít ég stórfellt grundvallarmál og mikinn sigur. Enn eru stórum fyllri og sterkari ákvæði um friðunarsvæði, fólkvanga og þjóðgarða í þessu frv. en í gildandi lögum, sem ættu að geta komið að miklu liði í þeirri skipulegu sókn, sem þarf að verða til þess að afla útivistarsvæða fyrir þéttbýlið, og þau mál verður að flétta inn í náttúruverndarmálin og það er í raun og veru meginstefna þessa frv. Hún er að flétta þetta tvennt saman og má heita, að náðst hafi verulegir áfangar á þeirri leið.

Þá er í þessu frv. bannað að þvergirða vegna sumarbústaða í ár og vötn eins og tíðkazt hefur hér, en komið er allt of langt þeirri þróun. Enn fremur er í þessu frv. ákvæði um að skipuleggja byggð sumarbústaða og má sannarlega ekki seinna vera, að því máli sé skipað með lögum. Mjög verulega eru hert öll ákvæði, sem miða að góðri umgengni við landið, og hér hefur einnig verið sett inn í Ed. — og það er nú það eina, sem mér finnst, að Ed. hafi gert til bóta, — ákvæði um samstarf sveitarfélaga um fólkvanga, hvernig því skuli hagað. Þetta er mjög gott ákvæði og afar þýðingarmikið, m. a. vegna þess, að það verður notað við að setja upp stóra fólkvanginn á Reykjanesi, sem á að ná alla leið úr Elliðaárvogi á Krýsuvíkurberg og öll sveitarfélög á Reykjanesskaganum ætla sér að standa saman um. Þetta mál hefur staðið fast, vegna þess að of flókið hefur reynzt að fást við það og vantar samstarfsreglur, en þær koma með þessu frv. Vona ég þá, að þetta mikilfenglega mál fái skrið. En hér er um afar stórt mál að ræða, vegna þess að komist þessi hugmynd í framkvæmd undanbragðalaust, sem ég tel að hljóti nú að verða, þá verður hér svo til í miðri höfuðborginni þjóðgarður eða fólkvangur af þeirri tegund, sem fágætt má telja, hvar sem leitað er.

Ég tek undir, að það var mikið tjón, að 11. gr. var skemmd í Ed., en hún er óframkvæmanleg eins og hún er, svo að ég veit ekki, hvort hún gerir í sjálfu sér svo mikinn skaða, og ég vil því alls ekki setja hana fyrir mig. Tel ég augljóst mál, að ég verð margfaldur lögbrjótur innan stutts tíma, ef þessi grein verður í lögum. Ég held, að hún sé óframkvæmanleg. Ég get vel skilið grundvallarhugsunina í henni, og það er erfitt að finna í þessu miðlun. Ég mun reyna að fara eftir henni eins og öðrum lögum, en ég veit, að mér mun ekki takast það. Það var skaði, að friðlýsingarvald náttúruverndarráðs var skert, en ég hef gert það að umtalsefni og skal ekki hafa fleiri orð um það.

Ég vil svo að þessum orðum sögðum, ásamt mínum félögum úr menntmn. Nd., eindregið biðja menn að hjálpa til við, að þetta frv. geti orðið að lögum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 750 samþ. með 23 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
5. —38. gr. og ákvæði til bráðabirgða samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 83. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 775).

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að flytja hér skrifl. brtt. við 3. gr. frv., svo hljóðandi:

„1. mgr. 3. gr. hljóði svo:

Í hverju sýslu- og bæjarfélagi og Reykjavík skal starfa 3—7 manna náttúruverndarnefnd. Sýslunefnd, bæjar- eða borgarstjórn ákveður fjölda nefndarmanna og kýs þá til fjögurra ára í senn og ákveður formann. Varamenn skulu kosnir jafnmargir til sama tíma.“

Í þessari brtt. felast ekki aðrar breytingar en þær, að það er lagt á vald hvers sýslu- og bæjarfélags að ákveða tölu þeirra manna, sem sitja skuli í

náttúruverndarnefnd, en við í Reykjavík höfum t. d. sjö manna náttúruverndarnefnd og teljum það nauðsynlegt til þess að fram komi þau sjónarmið, sem æskilegt er, að séu til staðar í nefnd sem þessari. Ég vil aðeins vekja athygli á því varðandi 26. gr. frv., að þar eru tvær prentvillur í 3. mgr. Þar er vitnað til 3. mgr., en á að vera 2. mgr. og sagt er, að „gera" skuli fulltrúum sveitarfélaga kost á, en á auðvitað að vera „gefa" skuli. Þetta lít ég á sem prentvillur, sem leiðréttar verða að sjálfsögðu. Í 7. mgr. hafði ég tilhneigingu til þess að bæta við orðinu „hlutfallslega" í lok mgr., þ. e. a. s. „Ef sveitarfélag hættir þátttöku í undirbúningi að stofnun fólkvangs, er því skylt að greiða áfallinn kostnað hlutfallslega." Ég tel þó ekki ástæðu til þess að bera fram brtt. á þessa leið, þar sem mgr. á undan skýrir þetta og ég tel vafalaust, að það sé ekki hægt að skylda sveitarfélög, sem hætta þátttöku í undirbúningi að stofnun fólkvangs, til að greiða áfallinn kostnað umfram það, sem íbúatala sveitarfélagsins segir til um miðað við önnur sveitarfélög, sem þátt taka í fólkvanginum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 790) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 790 samþ. með 24 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 89. fundi í Ed., 3. apríl, skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar, og var frv. á þskj. 811 útbýtt á fundinum.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 818).

---

50. Iðnþróunarstofnun Íslands.

Á 29. fundi í Sþ., 2. marz, var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um Iðnþróunarstofnun Íslands [230. mál] (stjfrv., A. 429).

Á 56. fundi í Ed., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Ed., 4. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. það til l. um Iðnþróunarstofnun Íslands, sem hér er nú til umr., hefur átt sér nokkurn aðdraganda, og skal ég reyna í sem stytztu máli að gera grein fyrir því. Það er nokkuð rakið í grg. eða aths. við frv., hvernig málið hefur verið undirbúið, en við skulum byrja þar, sem sett var á laggirnar Iðnþróunarráð með ákvörðun ráðh. án nokkurrar löggjafar í ársbyrjun 1967. Verkefni þess var m. a. að taka við af stóriðjunefnd, sem þá hafði undirbúið samninga um álbræðslu hér og aðra stóriðju og lokið sínu verki, en jafnframt var gert ráð fyrir því, að verkefni Iðnþróunarráðs yrði allverulega miklu víðtækara, enda var það stærra, og líka var gert ráð fyrir því, að það kynni að skipta sér í minni nefndir, sem það og hefur gert. Það var alltaf frá öndverðu mín ætlun að fá nokkra reynslu af starfsemi Iðnþróunarráðs, áður en ég vildi leggja það til við Alþ., að lögfesting færi fram á því. Það má segja, að nú sé nokkur tími um liðinn, og þá er ekki óeðlilegt, að fram komi till. um það að lögfesta starfsemi þessa ráðs, en jafnhliða var það nokkuð ljóst, að lögin um Iðnaðarmálastofnun Íslands, sem eru orðin nokkuð gömul og voru í upphafi allófullkomin — vil ég segja, svo að ekki sé meira sagt, enda þótt starfsemi stofnunarinnar hafi í reyndinni orðið kannske með nokkuð öðrum hætti og víðtækari en lögin gerðu ráð fyrir — gerðu að vísu ráð fyrir, að sett yrði sérstök reglugerð um alla starfsemi Iðnaðarmálastofnunar Íslands (IMSÍ), en slík allsherjarreglugerð um starfsemina var aldrei sett á laggirnar.

Fulltrúi frá Iðnaðarmálastofnun Íslands hefur átt sæti í Iðnþróunarráði, og síðan varð það að ráði að útbúa frv. það, sem hér liggur fyrir, og með þeim hætti tengja saman Iðnþróunarráð og starfsemi þess og Iðnaðarmálastofnun Íslands í þeirri veru, að Iðnþróunarráð færi með yfirstjórn Iðnþróunarstofnunarinnar. Þó með þeim hætti, að gert er ráð fyrir því, að Iðnþróunarstofnun Íslands sé sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn iðnrn., en stjórn stofnunarinnar skuli nefnast Iðnþróunarráð og vera skipuð af iðnrh. til fjögurra ára í senn eftir tilnefningu tiltekinna aðila. Þessir aðilar eru m. a. þau félagasamtök, sjö talsins, sem áður tilnefndu hvert um sig einn mann í stjórn Iðnaðarmálastofnunar, þ. e. Alþýðusamband Íslands, Félag ísl. iðnrekenda, Landssamband iðnaðarmanna, Samband ísl. samvinnufélaga, Verzlunarráð Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands, auk Iðnsveinaráðs Alþýðusambands Íslands, sem hins vegar er, að mér skilst, orðið óvirkt og hefur á einn eða annan hátt lagt niður starfsemi sína. Auk þeirra, sem voru í Iðnþróunarráði, er fleiri aðilum bætt við, þannig að eins og menn sjá af 3. gr. frv., eru tilnefndir í ráðið fulltrúar af hálfu stofnana og samtaka, sem hafa með fjármál iðnaðarins að gera, iðnmenntun og það, sem almennt gæti talizt til iðnþróunar. Verður ráðið í heild nokkuð fjölmennt, skipað 22 aðilum eða 23 að meðtöldum ráðh., sem er gert ráð fyrir, að sé formaður þess. En þegar svo er komið, þá liggur í augum uppi, að minni framkvæmdastjórn þarf að velja, og gert er ráð fyrir því, að hún sé valin af ráðh. úr hópi Iðnþróunarráðs til þess að sjá um daglega stjórn og rekstur þessarar stofnunar með framkvæmdastjóra stofnunarinnar.

Iðnaðarmálastofnun mundi þannig bæði breyta um nafn og nokkuð um starfsemi, en hún hefur verið í vissum tengslum við iðnþróunarstofnanir og framleiðnistofnanir í Evrópu og tekið þátt í fundahöldum með þeim, eftir því sem ástæður hafa leyft. Samkomulag var um það milli þeirra aðila, sem stóðu að samningu frv., og rn., að rétt væri að velja stofnuninni þetta nafn, Iðnþróunarstofnun Íslands, og gefa þannig ótvírætt í skyn, að það væri fyrst og fremst iðnþróunin í landinu, sem stofnunin mundi fást við. Stofnunin yrði þannig aðgreind nokkuð meira frá öðrum stofnunum, sem hafa með iðnaðarmál að gera, eins og Félag ísl. iðnrekenda, Landssamband iðnaðarmanna, Iðnaðardeild Sambandsins o. s. frv.

Án þess að nokkur grein sé gerð fyrir því í grg., þá hefur verið samin hugsanleg áætlun um deildaskiptingu og starfsemi Iðnþróunarstofnunarinnar. Þetta er ekki endanlegt skipulag, og því þótti ekki rétt að láta það fylgja sem fylgiskjal, en til fróðleiks fyrir hv. dm. vil ég geta þess, að í stórum dráttum er þetta hugsað þannig, að Iðnþróunarstofnun Íslands sé undir stjórn Iðnþróunarráðs, en iðnrn. hafi yfirstjórn þessara mála með höndum, og síðan hafi Iðnþróunarráð framkvæmdastjóra eins og Iðnaðarmálastofnun Íslands og framkvæmdastjórn. Hún mun reka sína almennu skrifstofu, og hugsanleg deildaskipting — sem er nú aðeins hugsuð og gæti breytzt í framkvæmd, þegar nánara er hugað að — væri: Stöðlunardeild, en stöðlun hefur verið eitt af aðalmálefnum Iðnaðarmálastofnunar. Hönnunardeild, en vísir að iðnhönnun hefur verið tekinn upp innan vébanda Iðnaðarmálastofnunar Íslands fyrir tilstuðlan iðnrn. á s. l. ári. Fræðslu- og auglýsingadeild, sem hefur gefið út tímarit, eins og kunnugt er, og komið upp sæmilegu eða nokkru bókasafni og veitt ýmiss konar upplýsingar. Tækni- og aðstoðardeild, en það var a. m. k. um tíma verulegur þáttur í starfsemi Iðnaðarmálastofnunar að veita tækniaðstoð og annars konar aðstoð vegna rekstrar, framleiðniathugana, áætlanagerðar og hagkvæmnirannsókna, og um tíma, þegar erlendir aðilar voru hér á vegum OECD á árunum eftir 1960, þá voru þeir jafnan í tengslum við þessa stofnun þann tíma, sem þeir dvöldu hér á landi. Það má segja, að vissulega hafi ýmiss konar tækniaðstoð um tíma lagzt niður, en fyrirhuguð er ýmiss konar meiri samvinna við erlenda aðila í sambandi við tækniaðstoð, rekstraraðstoð, hagkvæmnisrannsóknir o. s. frv., eins og vitnað er til í aths. við frv., sérstaklega við Iðnþróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNIDO) og aðrar stofnanir, sem þar eru eins konar systurstofnanir undir verndarvæng Sameinuðu þjóðanna.

Reyndar eru fleiri aðilar, sem gert er ráð fyrir, að þessi stofnun kunni að hafa samband við, og ætlunin er, að erlendir aðilar, sem fengnir væru hér til aðstoðar, mundu hafa sínar bækistöðvar í Iðnþróunarstofnuninni, en Iðnaðarmálastofnun Íslands eignaðist fyrir nokkrum árum eigið húsnæði, sem er stofnuninni líka nokkur styrkur, og þess vegna er í stórum dráttum sæmilega — skulum við segja — að henni búið. Það hafa svo verið hliðargreinar á starfseminni, sem kynnu að halda áfram, eins og verkstjóranámskeið undir stjórn vissra aðila í tengslum við Iðnaðarmálastofnunina, sem yrði þá í í sambandi við Iðnþróunarstofnunina, og stjórnunarfræðsla, sem nú hefur verið komið á laggirnar, eins og vitað er, fyrir tilstuðlan iðnrn. og undir sérstakri stjórn, en er til húsa hjá Iðnaðarmálastofnun Íslands. Sú stjórnunarfræðsla, ef hún gefst vel, sem ég tengi miklar vonir við, ætti að sjálfsögðu að verða viðtækari og ekki endilega tengd við iðnaðinn, enda eru núna í stjórnunarfræðslunni aðilar frá öðrum atvinnugreinum en iðnaði, eins og eðlilegt verður að teljast, og um það væri að sjálfsögðu rétt að hafa samvinnu við aðrar atvinnugreinar á hverjum tíma.

Það er auðvitað nokkurt álitamál, hvaða aðilar eiga að hafa fulltrúa í Iðnþróunarráði með þessum hætti, en þó held ég, að hér sé nokkuð vel á haldið í bili frá fjárhagslegu, tæknilegu og rannsóknarlegu sjónarmiði og öðrum svipuðum sjónarmiðum. Þannig mundum við vilja tengja t. d. framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins með fulltrúa í Iðnþróunarráði við Iðnþróunarstofnun, en oft eru það verkefni nátengd iðnþróun, sem Rannsóknaráð ríkisins fer með og ýmsir aðilar á hennar vegum, hvort heldur er framkvæmdanefnd eða — við skulum segja — sjóefnavinnslan, sem sett var á laggirnar, og það getur oft verið álitamál, hvenær slík mál koma af frumstigi rannsóknanna og færast inn á framkvæmdastigið og flytjast á milli aðila. Því er bezt að hafa á hverjum tíma sem mest samráð um það frá upphafi að forðast tvíverknað og einnig að forðast ágreining á milli stofnana í þessu sambandi, sem ég held, að sé ákaflega auðvelt að forðast, ef menn hafa nægjanlega gott samráð um þessi atriði.

Ég skal ekki eyða tímanum í það að lesa upp úr frv. sjálfu markmið stofnunarinnar, sem greint er frá í 2. gr. Það má segja, að það sé mjög víðtækt og mætti kannske bæta einhverju við eða draga úr einhverju; það yrði þá til athugunar í n. Ég vil heldur ekki lengja ræðutímann hér með því að gera mönnum grein fyrir margháttaðri starfsemi Iðnþróunarráðs frá 1967, en um það liggja fyrir skýrslur, sem iðnn. þessarar deildar, sem fær málið til meðferðar, gæti fengið auðveldlega aðgang að hjá iðnrn., ef þess yrði óskað.

Nú er sá galli á frv. — sem ég viðurkenni — að það er seint fram komið, og ég hafði hugsað mér að leggja það fram miklu fyrr á þinginu. Ég treysti mér ekki til að leggja megináherzlu á þessu þingi á afgreiðslu slíks máls, sem ekki er fyrr fram komið en þetta, en hins vegar væri mér það mjög kærkomið, ef það gæti orðið það gott samkomulag um afgreiðslu málsins, sem er í eðli sínu næsta óflókið, að það gæti náð afgreiðslu á þinginu, og ég teldi það til bóta. Ef það yrði ekki, þá mundi skipulag þessara mála vera eins og það hefur verið og — við getum

sagt — nokkuð að skaðlausu fram til þess, er næsta Alþ. tæki til starfa, en þó væri það vissulega betra að geta komið að þessari stjórn og þessari stofnun, en það háttar m. a. þannig til, að það átti að skipa stjórn Iðnaðarmálastofnunarinnar á s. l. hausti, og ég hef dregið endurskipan hennar m. a. vegna þess, að ég gerði ráð fyrir, að þingið gæti afgreitt þetta frv., þegar það kæmi fram nú á þessu þingi.

Ég lýk svo máli mínu með því að endurtaka ósk mína um það, að það mætti svo vel til takast, að við gætum afgreitt þetta mál á þinginu, og það held ég, að ætti að vera hægt, ef nægjanlega góð samstaða næst um málið, en það hefur verið gott samkomulag við undirbúning þess, og hafa nú miklu fleiri starfað að undirbúningi þess en þeir þrír menn, sem ég endanlega bað um að semja frv., þ. e. Bragi Hannesson, bankastjóri Iðnaðarbankans, Pétur Pétursson, forstjóri Álafoss, og Sveinn Björnsson, framkvæmdastjóri Iðnaðarmálastofnunar Íslands. Að svo mæltu vil ég leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Þar sem ég efast um, að ég sitji á Alþ., þegar þetta mál kemur frá n., langar mig á þessu stigi við 1. umr. að fara fáeinum orðum um það. Ég vil byrja með því að taka undir þau orð hæstv. forsrh., að hér er hreyft mjög mikilvægu máli. Ég þekki vel til starfsemi Iðnaðarmálastofnunar Íslands, og raunar furða ég mig á því, hvað sú stofnun hefur margt gott getað gert þrátt fyrir að ýmsu leyti erfiða starfsaðstöðu og vissulega mjög breitt svið og umfang iðnaðarins í landinu. Á sama tíma hefur hins vegar starfskraftur stofnunarinnar verið mjög takmarkaður og lögin að ýmsu leyti ekki til þess gerð, að hún gæti sinnt sínum stóru og miklu verkefnum.

Hins vegar sýnist mér ástæða til þess að vekja athygli á og jafnvel vara við einstökum atriðum, sem mér sýnast nokkuð vafasöm, í þessu frv. Í frv. er gert ráð fyrir því að slengja saman tveimur stofnunum, sem báðar hafa eflaust gert margt gott. Ég hef minnzt á Iðnaðarmálastofnun Íslands. Um Iðnþróunarráð veit ég minna. Það hefur ekki verið eins mikið um það rætt, en ég er ekki að efast um ágæti þeirrar stofnunar. Ég tel hins vegar — og tala þar af nokkurri reynslu — mjög varasamt að setja svo stóra stjórn fyrir eina stofnun. Ég hygg, að staðreyndin verði sú, að svo stór og fjölmenn stjórn verði mjög áhrifalítil og muni láta starfsemi stofnunarinnar lítið til sín taka.

Ég vil einnig leggja áherzlu á það, að ég tel vafasamt, að ráðh. sé formaður í slíkri stjórn sinnar stofnunar. Ég tel það bæði vafasamt frá sjónarmiði stofnunarinnar og frá sjónarmiði ráðh. Það er ljóst, og það liggur í hlutarins eðli, að sjálfstæði slíkrar stjórnar í ályktanagerð verður minni, þegar ráðh. situr þar sem formaður. Það hefur sín áhrif, sem óþarft er að ræða. Sömuleiðis sýnist mér vafasamt, að ráðh. skuldbindi sig eða bindi sig á ýmsan máta við afgreiðslu mála, eins og hlýtur að verða, þegar hann er formaður í stjórn stofnunarinnar. Ég hefði talið heilladrýgra, að svona stofnun hafi fámenna stjórn. Ég ætla ekki að nefna neina tölu, en það gæti verið 3—5 eða 7 manna stjórn, sem væri tilnefnd af forvígismönnum iðnaðarins sjálfs fyrst og fremst, en sömuleiðis með fulltrúum ráðh. og iðnrn. Væri þannig tryggt, að hún hafi sem bezt samband við iðnaðinn, sem hún á að starfa fyrir, og við rn.

Ég tel einnig nauðsynlegt, að slík stofnun hafi verulegt sjálfstæði. Að vísu segir í 1. gr. frv., að þetta sé sjálfstæð stofnun, en mjög lauslega er fjallað um það í frv., hvernig það skuli framkvæmt. Reynslan hefur verið sú á undanförnum árum, að meira og meira af ákvörðunarrétti stofnunar er dregið inn í rn. og því fylgja hinar ótrúlegustu tafir og vandræði og að sjálfsögðu tvíverknaður og erfiðleikar fyrir viðkomandi rn. Ég held, að um starfsemi slíkrar stofnunar eigi að gilda almennar reglur og síðan fylgjast með því vandlega, hvernig þær eru framkvæmdar t. d. af ríkisendurskoðun og þeim, sem til þess eru settir.

Þetta eru þau meginatriði, sem ég vil gera að umræðuefni. Ég get upplýst í þessu sambandi, að ég hef, eins og ég sagði áðan, nokkra reynslu af þessu frá Rannsóknaráði ríkisins. Þar hefur starfað mjög fjölmenn stjórn, og hygg ég, að flestir séu sammála um það, að niðurstaðan hafi orðið sú, að hún hafi haft tiltölulega lítil afskipti af Rannsóknaráði. Starfsemin hefur verið að öllu leyti í höndum framkvæmdanefndar. Því er nú í gangi mjög ítarleg endurskoðun á skipulagi rannsókna — og ekki sízt með þetta atriði í huga. Þetta segi ég þrátt fyrir það, að ég þekki það af eigin reynslu, að í Rannsóknaráði sitja margir hinir hæfustu menn, sem mikinn áhuga hafa á rannsóknum. Einhvern veginn vill þetta þó drukkna í hinu stóra ráði.

Ég vil taka undir það með hæstv. forsrh., að mjög er nauðsynlegt að skapa góð tengsl á milli þeirra aðila, sem fara með skyld verkefni í þessu kerfi, t. d. rannsóknastofnana og Rannsóknaráðs, iðnrn., Iðnaðarmálastofnunar o. fl. Ég fagna því, að þetta hefur yfirleitt verið gott og fullur vilji hjá öllum þeim aðilum, sem ég þekki til, að halda því svo. Hins vegar efast ég um, að þetta góða samband náist, þótt einn fulltrúi sitji í fjölmennri stjórn, sem kemur sjaldan saman. Ég held, að það náist betur með því að setja á fót starfshópa, þegar þörf krefur, og í þá séu þá settir þeir menn, sem um viðkomandi mál fyrst og fremst fjalla. Þannig verða tengslin beinni og nánari við lausn fjölmargra verkefna.

Ég vil svo að lokum leggja áherzlu á það, sem ég sagði í upphafi, að mér sýnist mjög tímabært að setja þessari stofnun, Iðnaðarmálastofnun Íslands, ítarlegri lög en hún hefur nú, þannig að hún fái sinnt því mjög svo mikilvæga verkefni, sem hún hefur, og það fer vaxandi.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég get tekið undir margt af því, sem hæstv. síðasti ræðumaður sagði, að það fylgja því alltaf nokkur vandkvæði að hafa stjórn stofnunar stóra. Slík stjórn

verður að sjálfsögðu, eins og ég sagði, til þess, að það þarf að setja stofnuninni framkvæmdastjórn innan vébanda þessarar stofnunar, en það held ég að hafi gefizt nokkuð vel einmitt hjá Rannsóknaráði ríkisins. En það er eitt atriði, sem ég vil alveg sérstaklega tjá mig um, og það er það, sem ræðumaður vék að og taldi vafasamt, að ráðh. væri formaður ráðs eins og Iðnþróunarráðs. Hann taldi, að stofnanirnar ættu að hafa meira sjálfstæði utan rn., en á síðari tímum hefði það færzt meira í vöxt, að senda þyrfti málefnin í rn. og þau teðust þar á ótrúlegasta hátt.

Ég er alveg sannfærður um það af þeirri reynslu, sem ég hef, að hér leika lausum hala með allt of mikið sjálfræði of margar stofnanir, sem eiga að vera undir miklu sterkari stjórn af hálfu rn. en er í dag, og það er eitt af því, sem getur leitt til þess, að ráðh. — hverjir sem eru — veiti t. d. forstöðu svona stóru ráði eins og þessu. Það er ekki samkv. minni uppástungu eða minni löngun, að ég er formaður í þessu Iðnþróunarráði, enda er það ekki sniðið fyrir einstaka menn, heldur fyrir framtíðina. Ég get þó vel sagt það í fullri hreinskilni, að það var skoðun iðnþróunarráðsmanna, sem um þetta fjölluðu, að einmitt það, að ráðh. veitti forustu Iðnþróunarráði, sem starfað hefur fram að þessu, hefði að verulegu leyti getað leitt til þess, að það hefði haft meiri áhrif á stefnuna í iðnþróunarmálum og iðnaðarmálum en ella hefði orðið. Þetta hefur borið áður á góma.

Ég veit, að það eru um þetta nokkuð skiptar skoðanir, en ég tek sem dæmi Búnaðarfélag Íslands, sem er algerlega kostað af ríkisfé. Mér finnst, að sú stofnun sé allt of sjálfstæð og undir of lítilli stjórn af hálfu stjórnvalda eftir því, sem ég bezt veit til og get áttað mig á þeim málum. Sama mætti e. t. v. segja um Fiskifélag Íslands, og svona mætti lengi telja. Menn segja, að það eigi ekki að færa valdið of mikið á einn stað, en hitt er líka alveg fráleitt, að stofnanir, sem ætlazt er til að séu að meira eða minna leyti — eða öllu leyti — kostaðar af ríkisfé, verði að vera undir handarjaðri þeirra stjórnvalda, sem á hverjum tíma fara með ríkisstj. í umboði Alþ. Þetta er mín skoðun á þessu máli.

Að öðru leyti veit ég ósköp vel, að einmitt stjórnin á Rannsóknaráði ríkisins hefur verið nokkuð gagnrýnd, en það var náttúrlega miklu stærra í sniðum á þeim tíma, þar sem voru allir atvinnuvegirnir í einu lagi. Mér finnst af minni reynslu af starfsemi í Iðnþróunarráði, að það ætti að geta verið iðnþróuninni í landinu til styrktar, þó að svo stórt ráð verði sett á laggirnar, og það mundu engu að síður nást meiri tengsl en ella á milli ýmissa aðila, og ég tel mikils virði fyrir iðnaðinn, að menn hafi aðstöðu til þess — ef menn hafa vilja til þess — að fylgjast með því, sem er að gerast, og leggja viðkomandi atvinnugrein, hvort sem það er iðnaður eða aðrar atvinnugreinar, lið. Ef til vill verður sett upp fiskimálaráð; ég veit ekki, hvað það mundi heita.

Rannsóknaráð er að vísu í endurskoðun. Við vitum ekki, hvernig þeirri endurskoðun lýkur, en sú endurskoðun kynni að fela í sér, þegar niðurstöður hennar liggja fyrir, einhverja vísbendingu um hentara form á þessu sviði. En ég vek athygli á því, að hér er í raun og veru ekki um neina breytingu að ræða frá því, sem verið hefur, og ég hef ekki haft nokkur tengsl við stjórn Iðnaðarmálastofnunar Íslands. Hún hefur aldrei við mig talað, sú stjórn. Mér hefur ekki fundizt ástæða til þess að kveðja hana á minn fund sérstaklega, sem ég hefði getað gert, en hún er nú orðin hluti af þessu Iðnþróunarráði, sem gert er ráð fyrir, að iðnrh. veiti forstöðu. Stjórn Iðnaðarmálastofnunar Íslands býr yfir þeirri reynslu, sem hún hefur öðlazt á þeim tíma, sem stofnunin hefur starfað, og þess vegna hef ég talið, að þetta gæti orðið til bóta, og auk þessara tveggja stofnana, Iðnaðarmálastofnunar Íslands og Iðnþróunarráðs, þá eru aðrir aðilar tengdir þar við eins og framkvæmdanefndin, sem við viljum heldur kalla Rannsóknaráð ríkisins, en við hana hefur iðnrn. haft mjög náin tengsl á mörgum sviðum, þó að ekkert hafi verið lögbundið eða ákveðið um það, heldur bara eðli málsins samkvæmt.

En eins og ég sagði áðan, mun ég ekki verða sá, sem leggur neina megináherzlu á afgreiðslu málsins og allra sízt endilega í því formi, sem það er núna. Ef mönnum finnst þörf á brtt., er sjálfsagt að taka það til athugunar, og ég sé nú strax nokkur mistök í 8. lið 2. gr., en þar stendur, að markmið Iðnþróunarstofnunar sé m. a.: Að vinna að öðrum iðnþróunarmálum eftir því, sem Iðnþróunarráð ákveður hverju sinni. Þarna átti rn. að vera líka, og er auðvelt að bæta því þar inn í, eftir ákvörðun iðnrn. og Iðnþróunarráðs, en það hefur fallið niður, og við getum auðveldlega lagað það.

Eins og ég sagði strax, þá skil ég þessi sjónarmið, sem hv. þm. setti fram. Ég veit, að hann er ýmissa hluta vegna kunnugur starfsemi Iðnaðarmálastofnunarinnar og einnig iðnrn., og er ég þess alveg fullviss, að þær aths., sem fram eru settar af hans hálfu, eru fram settar af góðum hug til málsins og ekki til þess að spilla fyrir afgreiðslu þess eða tefja. Þess er ég fullviss.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til iðnn. með 14 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Ed., 24. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 429, n. 619, 620).

Frsm. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Frv. til l. um Iðnþróunarstofnun Íslands, sem er 230. mál Ed., hefur verið til athugunar hjá iðnn. Á þskj. 619 mælir n. með samþykkt frv., en einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. Á þskj. 620 flytur iðnn. brtt. við frv., sem ég kem að síðar. Tilgangur frv., sem flutt er af hæstv. iðnrh., er

raunverulega að sameina Iðnaðarmálastofnun Íslands og Iðnþróunarráð í þeim tilgangi að efla íslenzkan iðnað og íslenzka iðnþróun. Frv. er samið af n., sem skipuð var Braga Hannessyni bankastjóra, Pétri Péturssyni, forstjóra Álafoss, og Sveini Björnssyni, framkvæmdastjóra Iðnaðarmálastofnunar Íslands.

Samkv. 1. gr. frv. er ákvæði um, að Iðnþróunarstofnun Íslands sé sjálfstæð stofnun undir stjórn iðnrn. 2. gr. fjallar um markmið stofnunarinnar í 8 liðum. Þar leggur n. til, að bætt verði við 9. lið svohljóðandi: Að aðstoða hugvitsama einstaklinga og félög við það að koma á framfæri (hanna og vernda) tækninýjungum, sem gætu stuðlað að bættri eða nýrri framleiðslu á sviði iðnaðar. Í 3. gr. eru taldir upp þeir aðilar, sem eiga að tilnefna menn í stjórn stofnunarinnar, en henni er ætlað að koma saman tvisvar á ári. Iðnn. þótti réttara, að hér væri um ráðgefandi aðila að ræða, en ekki stjórn, og flytur nefndin um það brtt. svohljóðandi: Iðnþróunarráð skal vera ráðgefandi aðili fyrir Iðnþróunarstofnun Íslands. Skal það skipað af iðnrh. til fjögurra ára í senn, en hann er jafnframt formaður ráðsins. Lagafrv. gerir ráð fyrir, að ráðh., sem fer með iðnaðarmál, verði formaður Iðnþróunarráðs. Um þetta urðu umr. í n., en meiri hl. taldi þetta nauðsyn til þess að skapa sem bezt tengsl við iðnrn. Aðrir nm. töldu þetta hins vegar galla á frv. Samkv. 4. gr. er gert ráð fyrir, að iðnrh. skipi fimm manna framkvæmdastjórn úr hópi iðnþróunarráðsmanna og einnig formann úr þeirra hópi. Iðnn. gerir þá brtt., að tveir af þessum fimm séu skipaðir samkv. tilnefningu Iðnþróunarráðs. Þá leggur n. til í brtt. sínum, að framkvæmdastjórn skuli gera ársskýrslu um störf Iðnþróunarstofnunar Íslands.

Iðnn. sendi lagafrv. þetta til umsagnar öllum þeim aðilum, sem sæti skulu eiga í ráðgjafarnefndinni. Umsagnir, sem bárust, voru allar mjög jákvæðar. Félagasamtök og stofnanir, sem eru talin upp sem aðilar að Iðnþróunarstofnuninni, ná í eðli sínu yfir mjög sundurleit svið og eru mörg nokkuð fjarlæg iðnþróun, að því er sýnist fljótt á litið. Umsögn Seðlabankans um lagafrv. þetta lýsir þó mætavel, hversu nauðsynlegt er, að ólíkir aðilar skiptist á skoðunum — ekki sízt við frekari framþróun okkar íslenzka iðnaðar. Í umsögn Seðlabankans segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Seðlabanki Íslands hefur frá upphafi átt aðild að Iðnþróunarráði, sem skipað var af iðnrh. í jan. 1967. Teljum vér, að það hafi reynzt mjög gagnlegur vettvangur fyrir umræður og skoðanaskipti milli stofnana um iðnþróunarmál.“ Enn fremur segir í sama bréfi: „Teljum vér vafalítið, að sú endurskipulagning, sem hér er stefnt að, sé til verulegra bóta og muni hafa í för með sér betri samræmingu, að því er varðar stefnuna í iðnþróunarmálum.“

Ég sagði áðan, að þetta frv. yrði sent öllum þeim aðilum, sem við köllum ráðgjafarnefnd, til umsagnar. Félag ísl. iðnrekenda lét getið nokkurra breyt., sem gera þyrfti, og telur, að þarna megi samræma þessa nýju Iðnþróunarstofnun og rannsóknastofnanir iðnaðarins og byggingariðnaðarins og Iðnaðarmálastofnun Íslands. Einnig telja þeir og réttara, að ráðh. skipi aðeins einn mann. Hinir fimm séu tilnefndir af framkvæmdanefndarmönnum. Landssamband iðnaðarmanna telur, að tryggja beri, að Landssamband iðnaðarmanna og Félag ísl. iðnrekenda skuli alltaf eiga sína menn í framkvæmdastjórninni. Þetta taldi meiri hl. n. ekki rétt að ganga inn á. Þetta frv. á fullan rétt á sér og getur orðið íslenzkum iðnaði lyftistöng í framtíðinni. Iðnn. mælir því með samþykkt frv. með þeim breyt., sem n. flytur á þskj. 620.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. frsm., skrifuðum við nm. undir þetta nál. með þeim fyrirvara, að við hefðum óbundnar hendur um að flytja eða fylgja brtt. við það. Það er ástæða til að taka það fram, að í iðnn. var fallizt á nokkrar brtt., sem að mínum dómi voru eðlilegar, við frv., og fyrir mitt leyti hef ég ekki séð neina ástæðu til að flytja hér nema eina brtt. skriflega við þetta frv. Ég flyt hana ásamt hv. 3. þm. Vestf. Hún er við 3. gr., þar sem ákveðið er, að iðnrh. skuli jafnframt vera formaður n., og lagt er til, að þessi orð falli niður. En í staðinn fyrir þau komi aftan við gr. þessi orð: Iðnrh. skipar formann Iðnþróunarráðs úr hópi meðlima þess. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fyrir þessari till. langa framsögu. Það var bent á það hér við 1. umr., að reynslan sýndi, að þar sem þetta fyrirkomulag er viðhaft, gerði það hvort tveggja í senn, að hæstv. ráðh., sem þessa fundi situr og tekur þátt í ákvörðunum ráðsins, álíti sig bundinn af því, sem þar er ákveðið — bundnari en hann væri, ef hann ætti engan beinan þátt að þessum samþykktum. Það er hins vegar til bóta og hlýtur að vera, held ég, samkvæmt eðli málsins, að málið fái tvöfalda, sjálfstæða athugun, þannig að fyrst sé mál athugað í þessu Iðnþróunarráði, en síðan fari fram önnur athugun á ályktun Iðnþróunarráðs í viðkomandi rn. Enn fremur má ætla, að þar sem ráðh. er einn ráðsmanna, þá verði hans skoðanir áhrifaríkar, þegar slík ráð koma saman, og þannig verði hans vilji oft og tíðum yfirsterkari því, sem annars mundi verða niðurstaða ráðsins, ef aðrir meðlimir fengju tækifæri til þess að athuga það einir.

Ég held, að það sé óþarfa umhyggja, sem kom fram hjá hv. frsm. n., að það sé líklegt, að engin tengsl geti skapazt milli ráðsins og rn. án þess, að ráðh. veiti ráðinu forstöðu. Ég held, að það sé engin ástæða til þess að óttast það. Ég treysti því a. m. k. fyrir mitt leyti, að meðlimir ráðsins, hverjir sem verða valdir, eins og þarna segir til, hafi í fyrsta lagi fulla einurð til þess að koma sínum skoðunum á framfæri við viðkomandi rn., og í öðru lagi álít ég, að það sé embættisskylda ráðh. að fylgjast með því, sem svona valdamikil stofnun og viðamikil leggur til, þannig að ég held, að það sé alveg ástæðulaust að óttast það, að þarna muni vinstri höndin aldrei

vita, hvað sú hægri er að gera, heldur eigi einmitt að leggja áherzlu á það, að þetta ráð sé sjálfstæður aðili — ráðgefandi aðili — og sinni þeim verkefnum óháð, sem því samkv. þessu frv. er falið, sem að öðru leyti er að mínum dómi til bóta sem áframhaldandi spor í þá átt, sem stefnt er raunar í. Ég leyfi mér að leggja till. þessa skriflega fram, herra forseti, og óska eftir því, að leitað verði afbrigða til þess, að hún megi koma til afgreiðslu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 659) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég fagna þeim breyt., sem hafa orðið á frv. í meðferð n., en vil leyfa mér að flytja til viðbótar þeim brtt., sem ég flyt ásamt hv. 11. þm. Reykv., tvær brtt. við 4. gr. frv. Ég hef því miður ekki haft tíma til að láta prenta þær og flyt þær skriflega.

Við 4. gr. frv. vil ég í fyrsta lagi gera þá brtt., að aftan við 1. málsl. 1. málsgr. bætist: „þar af þrjá samkv. tilnefningu Iðnþróunarráðs."

Eins og hv. frsm. gat um í framsöguræðu sinni, þá hafa ábendingar um þetta komið a. m. k. frá tveimur aðilum, sem til hefur verið leitað, Verzlunarráði Íslands og Félagi ísl. iðnrekenda, sem leggja á það áherzlu, að raunar fjórir af fimm meðlimum framkvæmdastjórnar séu tilnefndir af Iðnþróunarráði. Ég tel rétt að ganga til móts við óskir þessara aðila og legg því til, að þrír verði þannig tilnefndir, og þykist þá jafnframt taka tillit til óska þeirra, sem frv. hafa samið, og hæstv. ríkisstj., sem leggur það fram. Ég tel eðlilegt, að iðnaðurinn og atvinnuvegirnir, sem eru þeir aðilar, sem þessi stofnun á að starfa fyrir, hafi sterk ítök í stjórn stofnunarinnar. Ég hygg, að það sé margfengin reynsla, að stofnun sem þessi fær ekki sinnt sínum mikilvægu verkefnum, nema hún njóti trausts út á við meðal forráðamanna atvinnuveganna og sé í nánu samstarfi við þá. Ég lít svo á, að eitt meginhlutverk slíkrar stofnunar sé einmitt að skapa þetta samband og það fáist fyrst og fremst gert með því að veita þessum aðilum sterk ítök í stjórninni með tilnefningu fulltrúa þar.

Í öðru lagi legg ég til, að 2. málsgr. í 4. gr. orðist svo: „Framkvæmdastjórn ræður framkvæmdastjóra Iðnþróunarstofnunar Íslands til fimm ára í senn."

Ég tel, að það sé ekki rétt, sem tíðkazt hefur við flestar ríkisstofnanir, þar sem stjórnir eru starfandi, að framkvæmdastjórar og forstjórar eru skipaðir af ráðh. — að vísu að fengnum till. viðkomandi stjórnar, en þó raunar án íhlutunarréttar stjórnanna. Hefur þetta hvað eftir annað leitt til þess, að árekstrar hafa orðið á milli stjórna stofnananna og forstöðumanna þeirra. Það liggur í augum uppi, að forstjórar og framkvæmdastjórar stofnana, sem skipaðir eru af ráðh., geta auðveldlega leitað fram hjá stjórnum viðkomandi stofnunar til rn. eða ráðh. og þannig oft komizt fram hjá þeim vilja, sem fram kemur í stjórn stofnunarinnar. Ég þarf ekki að nefna nein dæmi, en ég hygg, að hæstv. ríkisstj. sé vel kunnugt um ýmis slík tilfelli. Ég tel það fremur til heilla, að stjórn viðkomandi stofnunar sé hinn ákveðni, sterkasti aðili í stjórn stofnunarinnar — vitanlega næst rn. og ráðh., sem hefur allan þann rétt til íhlutunar, sem felst í 1. gr. frv., þar sem fram er tekið, að stofnunin sé undir yfirstjórn iðnrn. En með þessu móti verður skýrari leið ákvarðana og skipana frá iðnrn. um stjórn stofnunar og til forstjóra, og þannig á þetta að vera að mínu mati.

Ég held, að það sé einnig rétt að ráða forstjóra stofnunar ekki ævilangt, eins og nú tíðkast. Það er oft gott að breyta til, og mér sýnist, að fimm ára ráðningartími í senn sé hæfilegur tími. Vitanlega má endurráða framkvæmdastjóra, ef það reynist rétt, en þetta gerir kleift að leita að nýjum framkvæmdastjóra, ef stjórn stofnunarinnar telur það nauðsynlegt, og veitir sömuleiðis aðhald, sem ég tel, að þurfi að vera.

Eins og ég sagði áðan, þá hefur ekki gefizt tími til þess að fá þessar till. prentaðar, og vil ég afhenda þær hæstv. forseta og biðja hann að leita afbrigða, svo að þær megi kom hér fyrir.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 661) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þegar upphaflega var rætt um þetta frv. hér, þá lét ég þess getið, að ég hefði ekkert sótzt eftir því ákvæði, sem felur í sér, að ráðh. sé formaður iðnþróunarráðs, sem átti að vera stjórn stofnunarinnar. Það er auðvitað augljóst mál, að þetta snýst um það, hvort iðnrh. eigi að vera formaður eða ekki, og það eru þau einu embætti, sem nokkuð örugglega flytjast manna á milli, eins og kunnugt er af reynslunni. En nú er lagt til, að þetta verði ráðgefandi ráð, en stjórn stofnunarinnar annist framkvæmdastjórn. Ég skal láta það liggja alveg á milli hluta og má mín vegna afgreiða málið, hvernig sem verða vill. Þó held ég, að það yrði kannske sterkara að hafa ráðh. þarna með í þessari ráðgefandi stofnun, eins og má vera, að verði samkv. till. iðnn. En varðandi brtt., sem flutt var nú síðast, um að ráða framkvæmdastjóra til fimm ára, þá held ég, að það sé alveg útilokað að taka þessa stofnun eina út úr í þessu sambandi og allra sízt vegna þess, að hér er í raun og veru um að ræða framhald á Iðnaðarmálastofnun Íslands. Ég þori ekki alveg að fullyrða um það, en ég held, að það séu allt að 15—20 ár, sem núverandi forstjóri er búinn að veita henni forstöðu. Þetta þýðir ekki það, að ég sé á móti þeirri hugmynd að ráða forstjóra ríkisstofnunar um tiltekinn tíma, en það mál þarf að athuga í heild og í sambandi við launakjör og annað, svo að ég get ekki skilið, að í sambandi við eina stofnun, sem þannig er sérstaklega ástatt um, sé hægt að ákveða það.

Ég er síður en svo að mótmæla því, að þau mál séu tekin til athugunar, að forstjórar ríkisstofnana

séu ráðnir til tiltekins tíma. Þetta tíðkast í mörgum öðrum löndum, að forstjórar einkafyrirtækja eru ráðnir til tiltekins tíma, en það er dálítið meira mál, held ég, en svo, að hægt sé að ákveða það í sambandi við málið, eins og það er lagt fyrir hérna. Ég tek heldur ekki afstöðu til þess, hvort ráðh. eigi að skipa fleiri eða færri iðnþróunarráðsmenn, þó að ég segi það hreinskilnislega, að ég mundi af minni reynslu aðhyllast þá till., sem er frá n., sem þýðir það, að ráðið tilnefnir tvo stjórnarmenn og ráðh. skipar þrjá. Ég get ekki aðhyllzt það sjónarmið, að Landssamband iðnaðarmanna og Félag ísl. iðnrekenda eigi alltaf að hafa menn í stjórn þessara stofnana. Ég hef kappkostað þann tíma, sem ég hef verið iðnrh., að hafa sem allra bezt samstarf við þessa aðila. Það held ég, að hver ráðh. mundi gera, en menn mega ekki alltaf einblína á það, að menn eigi alls staðar að eiga fulltrúa frá tilteknum aðilum, sérstaklega í jafnstóru ráði og þarna er um að ræða, og það getur hreint og beint verið mikill ávinningur að því fyrir þessi samtök, að einhvern tiltekinn tíma væru aðilar frá öðrum en þeim — sem eru vinveittir iðnaði og styðja iðnaðinn að öðru leyti bæði af tækniþekkingu og með sinni fjárhagslegu aðstöðu — kannske tiltekinn tíma í stjórninni. Í svona stóru ráði, held ég, að farsælt væri einmitt, að stjórn stofnunarinnar væri ekki alltaf í höndum sömu manna frá þeim tiltekna skipunartíma, til þess að annars væru sömu mennirnir ekki of lengi.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Það er alveg rétt, sem hæstv. iðnrh. sagði hér, að við 1. umr. tók hann það fram, að hann væri ekki að sækjast eftir því að hafa fyrirkomulagið, eins og frv. gerði ráð fyrir, að ráðh. væri formaður n., og ég veit það, að það er alveg rétt hjá honum. Ég vil þá líka gjarnan lýsa yfir því hér, að brtt. mín er ekki flutt til þess að losna við þennan hæstv. ráðh. úr þessari stjórn. Það verður að reyna aðrar leiðir til þess en að flytja brtt. við þetta frv. — og þær gefast vonandi.

En mér finnst það ekki breyta eðli málsins beint, þó að hér sé orðið um ráðgefandi n. að ræða. Ég átti sæti í n., sem fjallaði um frv., og mér finnst ástæða til þess að bera þessa brtt. undir atkvæði jafnt fyrir því, þó að þessi breyting hafi á orðið, því að hér er um stofnun að ræða, sem á að gefa ráð til þess að efla iðnaðinn — ráð, sem iðnrh., hver sem hann nú verður, á að þiggja, en ekki gefa sjálfum sér þau. Hitt vil ég segja, að ég stend að þeirri brtt., sem iðnn. gerir um stjórn þessa ráðs. Það var í upphafi lega frv. ekki gert ráð fyrir því, að þarna væru tilnefndir menn eftir ákveðnum leiðum. N. tók að nokkru til greina ábendingar, sem komu frá samtökum þeirra, sem þetta ráð sérstaklega varðar, þannig að hún gerði ráð fyrir því, að það skyldu vera jafnan tveir frá þeim, en meiri hlutinn aftur skipaður eftir öðrum leiðum, og það finnst mér eðlileg málsmeðferð. Ég tek undir það, sem hæstv. ráðh. sagði um það hér áðan, og stend þar af leiðandi með eða að þeirri brtt., sem hv. iðnn. gerir um þetta atriði.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Mér virtist gæta dálítils misskilnings hjá hæstv. ráðh. í sambandi við brtt. mína og vil því leiðrétta það.

Ég er honum alveg sammála um það, að ákveðnir tveir aðilar í nafni þess fjölmenna hóps, sem eiga hagsmuna að gæta í sambandi við störf Iðnþróunarstofnunar Íslands, eiga ekki að hafa sem slíkir fulltrúa í stjórn stofnunarinnar. Það var ekki tilgangur minn með þessari till., heldur var hann sá, að þessir þrír menn væru tilnefndir úr hinum stóra hópi, sem skipar Iðnþróunarráð. Ég get út af fyrir sig mjög vel fallizt á það, sem kom fram hjá hæstv. ráðh., að „rotering" á fulltrúum eða mönnum úr ráðinu í stjórninni er mjög æskileg. Ég vildi hins vegar með till. minni ganga til móts við þær aðrar hugmyndir, sem komu fram, og umsagnir, þar sem lögð er áherzla á, að iðnaðurinn hafi meiri hluta í viðkomandi stjórn. Ég þarf ekki að endurtaka það, sem ég sagði áðan, að ég tel, að slíkt skapi aukið traust á milli aðila í Iðnþróunarráði og stofnunarinnar.

Í sambandi við seinni till. mína var það sízt af öllu ætlun mín, að sá ágæti framkvæmdastjóri Iðnaðarmálastofnunar Íslands, sem nú er, fái ekki hlotið þetta starf áfram. Satt að segja er ég sannfærður um, að hann mun fá þetta starf, ef hann óskar, hvort sem ráðh. eða stjórn stofnunarinnar ræður.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 620,1 samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 620,2 samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 659 felld með 10:6 atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 620,3 samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 661,1 felld með 10:4 atkv.
Brtt 661,2 felld með 10:6 atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
5.—9. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 662).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 68. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 69. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv.

þetta er komið frá Ed., og hefur deildin gert á því nokkrar breytingar, sem ég fyrir mitt leyti hef fallizt á, og það má þess vegna ætla, að það sé nokkuð góð samstaða orðin um þetta mál, og vildi ég því mega vona, að það verði ekki vandkvæðum bundið að afgreiða það í þessari hv. d. Hér er um það að ræða að gera nokkrar skipulagsbreytingar til viðbótar á sviði iðnaðarins, þ. e. að sameina Iðnþróunarráð, sem starfað hefur án nokkurrar lagasetningar á undanförnum árum undir forsæti og formennsku iðnrh., og Iðnaðarmálastofnun Íslands, en um hana var mjög ófullkomin löggjöf. Hins vegar hefur stofnunin þurft að sinna og sinnt með ágætum hætti í sívaxandi mæli ýmsum mikilsverðum málum iðnaðarins. Þessi breyting var undirbúin í rn., og að lokum valdir þrír menn til þess að setja saman þetta frv., eins og fram kemur í grg. og var m. a. forstjóri eða framkvæmdastjóri Iðnaðarmálastofnunar Íslands, Sveinn Björnsson, einn af þeim þremur mönnum, sem endanlega settu málið í frv.-form. Hér er um að ræða að breyta í raun og veru nafninu á Iðnaðarmálstofnun Íslands og sameina það Iðnaðarmálaráði og kalla þessa stofnun Iðnþróunarstofnun Íslands. Verkefni hennar eru tilgreind í annarri grein frv., sem ég þarf ekki að lesa sérstaklega. Upphaflega var gert ráð fyrir því, að Iðnþróunarráð væri stjórn stofnunarinnar, en því var breytt þannig í Ed., að Iðnþróunarráð, sem er fjölmennt ráð, væri ráðgefandi aðili í þessum efnum, en hins vegar væri framkvæmdastjórn fimm manna raunverulega stjórn stofnunarinnar. Þetta voru menn yfirleitt sammála um, að mundi gefast betur, því að það er ekki gert ráð fyrir, að Iðnþróunarráð sem ráðgefandi stofnun komi saman nema tvisvar á ári eða svo eða oftar, ef þurfa þykir. Það skal beinlínis koma saman ekki sjaldnar en tvisvar sinnum á ári, en að sjálfsögðu gæti það haldið fleiri fundi, ef þess væri talin þörf. Ég tel, að það sé mjög brýnt nú í sambandi við margháttaða iðnþróun að efla Iðnaðarmálastofnunina, sem verður enn með svipuðum hætti, en hún skiptir um nafn eins og ég sagði, og Iðnþróunarráð verður ráðgefandi stofnun — en í því eru þeir aðilar, sem voru stjórnaraðilar að Iðnaðarmálastofnun — og síðan verður samkv. 4. gr. stofnuninni sett sérstök framkvæmdastjórn, sem ráðh. skipar, en samkv. breyt., sem gerð var í Ed., verða tveir stjórnarmenn tilnefndir af sjálfu Iðnþróunarráði, en hinir af ráðh., sem skipar formann stjórnarinnar. Ég skal ekki eyða fleiri orðum í þessa framsögu, en vona, að það geti orðið samkomulag um málið, eins og ég sagði áðan, og leyfi mér að leggja til, að málinu verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til iðnn. með 22 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 662, n. 742).

Frsm. (Sigurður Ingimundarson): Herra forseti. Iðnn. hefur haft þetta mál til athugunar. Með frv. þessu er aðilum að Iðnþróunarráði fjölgað mjög verulega, þannig að nú verði ekki aðeins aðilar að Iðnþróunarráði þau félagasamtök, sem beinlínis stunda eða standa að iðnaði, heldur einnig rannsóknastofnanir, skólar, sem veita tæknilega menntun, stofnanir, sem vinna að orkuvinnslu, og fleiri aðilar, sem beint og óbeint hafa þýðingu fyrir iðnaðinn og eflingu hans. Gert er ráð fyrir, að Iðnþróunarráð verði ráðgefandi aðili við Iðnþróunarstofnun Íslands og að fimm manna framkvæmdastjórn þessarar stofnunar verði skipuð úr hópi iðnþróunarráðsmanna eða þeirra manna, sem eiga sæti í Iðnþróunarráði. Iðnþróunarstofnunin tekur við störfum Iðnaðarmálastofnunar Íslands, og verður starfsemi hennar þannig byggð á traustari og áhrifameiri grundvelli til eflingar og framþróunar iðnaði í landinu. Er t. d. gert ráð fyrir, að stofnunin annist milligöngu um aðstoð Iðnþróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna við íslenzka aðila. Iðnn. hefur, herra forseti, orðið sammála um að mæla með samþykkt frv., eins og það kom frá Ed. — að vísu dálítið breytt, en einstakir nm. áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 662, 769).

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. frá iðnn. á þskj. 742 um þetta mál, þá hefur n. einróma lagt til, að frv. verði samþ., en einstakir nm. áskildu sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. Þegar ég gerði fyrir mitt leyti þennan fyrirvara, hafði ég hugsað mér að flytja tvær brtt. við þetta frv., en hafði ekki fullráðið við 2. umr., hvort ég flytti þær báðar, en nú hef ég milli umr. ákveðið að flytja aðeins aðra till. Og hún liggur hér fyrir á þskj. 769, og er brtt. við 3. gr. frv. 3. gr. frv. er um Iðnþróunarráð, sem eftir þá breytingu, sem gerð var á frv. í hv. Ed., á að vera ráðgefandi aðili fyrir Iðnþróunarstofnun Íslands. Þetta Iðnþróunarráð á að vera skipað af iðnrh. til fjögurra ára í senn, og er ráðh. formaður ráðsins samkv. gr., en síðan eru taldir þeir aðilar, sem að öðru leyti tilnefna menn í Iðnþróunarráð, einn mann hver aðili. Þessir aðilar eru nokkuð margir. Einn þeirra aðila, sem gert er ráð fyrir, að skipi fulltrúa í Iðnþróunarráð, er Iðja, félag verksmiðjufólks í Reykjavík. Ég tel þetta eðlilegt, að í Iðnþróunarráði sé fulltrúi frá verksmiðjufólki, en vek athygli á því, að þarna er ekki gert ráð fyrir fulltrúa frá landssamtökum eða landssambandi, heldur aðeins frá stærsta félaginu,

þ. e. Iðju í Reykjavík. Nú er Akureyri mjög mikill iðnaðarbær, og þar er mjög fjölmennt félag iðnverkafólks, Iðja á Akureyri. Og ég vil leyfa mér að leggja til, að það félag fái einnig rétt til þess að tilnefna mann í Iðnþróunarráð. Um það fjallar brtt., og vænti ég, að enginn hafi á móti því, að hún verði samþ.

ATKVGR.

Brtt. 769 samþ. með 24:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 89. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 812).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Frv. um Iðnþróunarstofnun Íslands hafði verið samþ. shlj. í þessari hv. þd. Nd. gerði hins vegar þá breyt., að inn í hina ráðgefandi stofnun, Iðnþróunarráð, kæmi Iðja, félag verksmiðjufólks á Akureyri. Iðnn. Ed. hefur haft þetta til athugunar á fundi sínum og mælir eindregið með, að frv. verði samþ. svona óbreytt og staðfest sem lög frá Alþ.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 819).

---

51. Tekjuskattur og eignarskattur (stjfrv.).

Á 45. fundi í Nd., 10. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt, l. nr. 78 29. des. 1967 og l. nr. 48 12. maí 1970, um breyt. á þeim lögum [208. mál] (stjfrv., A. 357).

Á 46. fundi í Nd., 11. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Eftir 1960 var hafin víðtæk endurskoðun á bæði tekjustofnum ríkis og sveitarfélaga, þ. e. beinum sköttum til þessara opinberu aðila, og voru víðtækar breytingar gerðar á þessum lögum í nokkrum áföngum, þó aðallega tveimur áföngum, fyrst 1962 og 1963 og síðan aftur árin 1964 og 1965, og frá þeim árum eru þau lög, sem gilda annars vegar um tekjustofna sveitarfélaga frá 1964 og hins vegar um tekju- og eignarskatt frá 1965. Ég hirði ekki um að rekja þessar breytingar í einstökum atriðum, en að því var miðað með þeim að gera skattkerfið einfaldara, skattstigum var fækkað og samræmi aukið á milli þeirra varðandi gjaldheimtu ríkis og sveitarfélaga. Þá voru sérstaklega varðandi sveitarfélögin gerðar víðtækar efnisbreytingar. Það voru tekin upp landsútsvör, ákvæði sett um Jöfnunarsjóð og ný skattaumdæmi ákveðin í stað þess kerfis, sem áður hafði gilt, þ. e. skattstofur tók nú við störfum af hinum fjölmörgu skattanefndum. Þá var einnig varðandi skatta til ríkisins mörkuð sú meginstefna, að leitazt yrði við, að persónufrádráttur yrði það ríflegur, að almennar launatekjur, svo sem það var orðað, yrðu ekki skattlagðar, og var þá miðað við hina almennu Dagsbrúnartaxta. Þá var jafnframt á árinu 1965 gerð mjög víðtæk og mikilvæg breyting, þ. e. varðandi skatteftirlitið, sem hefur haft geysimikla þýðingu til þess að bæta skattinnheimtu í landinu yfirleitt. Þessar breytingar að öðru leyti skal ég ekki ræða, en í meginefnum höfum við síðan búið við þetta kerfi þar til nú.

Það hafa sem sé ekki síðustu fimm árin verið gerðar veigamiklar breytingar á skattkerfinu, hvorki varðandi innheimtu til sveitarfélaga né heldur innheimtu til ríkisins, enda verður sannast sagna með þeim breytingum, sem gerðar voru eftir 1960, að telja, að þá hafi almennt séð hinar beinu álögur verið innan hóflegra marka, en hins vegar sjáanlegt, eins og þróunin hefur verið, að af mörgum öðrum ástæðum er nauðsynlegt að taka skattkerfið til víðtækrar endurskoðunar. Varðandi skattheimtu til ríkisins er það kunnugt, að það eru aðeins um 10%, sem beinir skattar eða tekjuskattur er af ríkistekjum, og er það miklum mun lægra en vitað er til, að sé í nokkru nálægu landi, þ. e. að beinir skattar séu svo lítill hluti af tekjum ríkisins.

Varðandi hitt atriðið, sem auðvitað skiptir meginmáli, hvort skattheimta er hér óhæfileg eða ekki, þá er eðlilegt, að nokkur hliðsjón sé einnig höfð af því, hvað gerist í nálægum löndum í þeim efnum. Þar kemur í ljós, ef borið er saman við síðustu tölur, sem fyrir liggja í því frá öðrum löndum og eru frá 1967, að t. d. tekjur hins opinbera, þ. e. heildarfjárheimta ríkis og sveitarfélaga, voru í Danmörku 34.5% af þjóðarframleiðslu, í Bretlandi 35.5%, í Svíþjóð 46% og í Noregi 41%, en hér á Íslandi á árinu 1968 var þessi hlutfallstala 33.9%, og breytingar á henni frá því ári hafa orðið sáralitlar. Miðað við þetta virðist sýnt, að ekki sé um óhóflegar fjárkröfur að ræða af hálfu hins opinbera, hvorki sveitarfélaga né ríkis, á hendur borgurunum, ef miðað er við önnur lönd, enda var það niðurstaða af skoðun, sem fram fór af hálfu sérfræðinga Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eftir sérstakri ósk minni fyrir tveimur árum, á íslenzka skattkerfinu, að ekki væri hægt að segja annað en þessi þáttur varðandi gjaldheimtuna almennt af borgurunum væri innan hóflegra marka.

Það er því, eins og ég sagði, ekki aðallega vegna nauðsynjar á því að lækka almennt gjaldheimtu ríkisins eða hlut beinna skatta í gjaldheimtunni, sem nú er talað um, að það sé nauðsynlegt að gera

víðtækar breytingar á ýmsan hátt á skattkerfinu, heldur er þar margt annað, sem til greina kemur. Við óbeinu sköttunum var ekki hreyft undanfarin ár fyrr en á s. l. ári, að söluskatturinn var hækkaður allverulega til þess að mæta tollalækkunum, sem gerðar voru vegna aðildar að EFTA. Þá hafði söluskatti ekki verið breytt í fimm ár, og var það fyrst og fremst með það í huga, að það var sjáanlegt, að það yrði að leggja inn á þá braut að lækka óbeina skatta, þ. e. í formi verðtolls, bæði vegna þess, að ef við gerðumst aðilar að Fríverzlunarsamtökunum, sem hafði legið í loftinu um nokkurt skeið, þá yrði óumflýjanlegt að framkvæma miklar tollalækkanir, og einnig vegna hins, að almennt eru innflutningstollar hér á landi mjög háir samanborið við önnur lönd, þannig að mjög æskilegt væri að hverfa til mun lægri aðflutningsgjalda.

Þá hefur einnig vegna þróunar í öðrum löndum verið nú síðustu tvö árin fylgzt vendilega með því, hver þróun verður varðandi virðisaukaskattkerfið. Unnið er nú að því á vegum fjmrn. á þessum vetri að gera heildaryfirlit yfir reynslu nálægra þjóða af þessu skattkerfi, en í því felst, svo sem hv. þdm. er kunnugt, að horfið er frá almennum söluskatti til svokallaðs virðisaukaskatts, sem ég hirði ekki um að gera grein fyrir hér, enda er hann ekki hér á dagskrá, heldur nefni ég þetta aðeins til þess að gefa almennt yfirsýn um endurskoðun skattkerfisins í heild. Er af mörgum talið, að það sé nauðsynlegt samræmingar vegna, þó að ekki væri af öðrum ástæðum, að taka upp þennan skatt, þó að það sé að vísu minni munur á þessari skattheimtu, þ. e. breytingum úr söluskatti yfir í virðisaukaskatt, hér á landi en í öðrum löndum, af því að við höfum svo almennan smásöluskatt.

Þá hefur einnig verið á dagskrá, eins og mönnum er kunnugt, um alllangt skeið — og má segja, að sé komið á lokastig — staðgreiðslukerfi opinberra gjalda, sem hlotið hefur mjög nákvæman undirbúning og vandlegan og er nú til meðferðar ályktun um það efni hér á hinu háa Alþ. Sú athugun, sem fór fram í sambandi við staðgreiðslukerfið, leiddi ótvírætt í ljós, að skattkerfi okkar er allt of flókið, gjöldin eru allt of mörg, sem á eru lögð, ýmsar frádráttarreglur eru of flóknar og of margþættar, til þess að það falli vel að þessu kerfi, og af þeim sökum ber brýna nauðsyn til, áður en slíkt kerfi væri innleitt, að framkvæma einföldun, ef svo má segja, á kerfi beinna skatta í heild. En ég hygg, að það sé mat manna, að ef það væri hægt að gera það nægilega einfalt, þá mundi staðgreiðslukerfið vera til verulegra bóta.

Í sambandi við aðild Íslands að EFTA koma að sjálfsögðu mörg atriði á dagskrá auk tollanna, sem ég hef áður vikið að, og var í þeim efnum mikið rætt um samkeppnisaðstöðu íslenzks atvinnurekstrar gagnvart atvinnurekstri annarra EFTA-landa, eftir að allir verndartollar væru úr sögunni og raunar áður, og nauðsyn þess að skapa fyrirtækjunum skilyrði til þess að tryggja sér þá aðstöðu, að þau yrðu samkeppnisfær, þegar þau þyrftu að standa andspænis því að berjast verndartollalaust við framleiðslu þessara landa og gera sig jafnframt hæf til þess að keppa um sölu vara sinna á erlendum markaði. Einn þáttur í þessu máli var skattamálin, sem bent var á, að í ýmsum tilfellum væru með allt öðrum hætti en gerist í öðrum EFTA-löndum og í ýmsum tilfellum væru þungbærari en þar gerist vegna þess forms, sem væri á skattgreiðslum fyrirtækja hér á landi. Það var því þegar í aprílmánuði 1969 hafizt handa um það af hálfu ríkisstj. að undirbúa þennan þátt EFTA-málsins, og þá var skipuð sérstök embættismannanefnd. Var henni falið, svo sem sagði í erindisbréfi hennar, að kanna og gera till. um skattalega aðstöðu fyrirtækja hér á landi með tilliti til hugsanlegrar aðildar að EFTA. Sérstaklega er n. falið að kanna leiðir til að örva myndun eigin fjármagns í fyrirtækjum, auðvelda samruna þeirra og jafnframt tryggja, að fjármagn leiti ekki út úr fyrirtækjunum í öðru formi en hæfilegum arðgreiðslum. Hér er drepið á þau atriði, sem tvímælalaust voru mikilvægust í sambandi við þetta vandamál í heild.

Það hefur lengi verið vitað, að íslenzk skattalög að ýmsu leyti hindruðu það, að fjármagn myndaðist með eðlilegum hætti í fyrirtækjum, og það hefur verið eitt mesta vandamálið varðandi atvinnurekstur hér á landi, hvað eigið fjármagn fyrirtækja hefur verið lítið. Það var jafnframt vitað, að íslenzk skattalög væru til hindrunar því, að orðið gæti um að ræða nauðsynlegt samstarf milli fyrirtækja og jafnvel samruna fyrirtækja til þess að auka framleiðnimöguleika þeirra og afköst og gera þau hæfari til samkeppni við erlendan markað og á erlendum markaði, en það er ekki hvað sízt veigamikill þáttur í því að efla fyrirtækin að stuðla að slíkum samruna. Það var jafnframt ljóst um leið, að ef fyrirtækjunum yrðu veitt aukin hlunnindi, yrði að vera tryggt, að það fé, sem með þessum hætti væri fengið atvinnurekstrinum til aukinnar umsýslu, yrði notað til eflingar atvinnufyrirtækjunum, en leitaði ekki með óeðlilegum hætti út úr þeim nema í því formi, að greiddur yrði hæfilegur arður af hlutafé eða því fé, sem lagt yrði í fyrirtækin, því að ella væri að sjálfsögðu engin von til þess, að menn legðu í þau fé. Það var því ljóst, að jafnhliða hinni bættu aðstöðu fyrirtækjanna yrði þetta að vera tryggt.

Þar sem skattalög eru mjög tæknilega flókin mál og hér var um mjög víðtækt vandamál að ræða, var sú leið valin að setja embættismannanefnd til þess að fjalla um þetta mál, og voru valdir í hana hinir fróðustu embættismenn, hver á sínu sviði, um skattamál, bankamál og ríkisfjármál, og hér blandaðist einnig inn í það mikilvæga mál, að það væri auðið að koma hér á eðlilegum verðbréfaviðskiptum og kaupþingi, og var nefnd þessi undir forustu ráðuneytisstjórans í fjmrn., Jóns Sigurðssonar, en aðrir í nefndinni voru þeir Árni Vilhjálmsson prófessor, dr. Gísli Blöndal hagsýslustjóri, Sigurbjörn Þorbjörnsson ríkisskattstjóri og Jóhannes Nordal seðlabankastjóri.

Það má því segja, að með erindisbréfinu hefur verið lögð pólitísk mörkun, stefnumörkun, varðandi þann tilgang, sem að væri stefnt, en síðan væri sérfræðingum falið að fylla út í þann ramma. Frv. var lagt fyrir síðasta þing, seint á síðasta þingi, um skattgreiðslumál fyrirtækja — ekki með það í huga, að hægt væri að afgreiða það þá, heldur vegna þess, að málið var flókið, og vegna þess, að æskilegt væri, að Alþ. gæfist kostur á að kynna sér málið, áður en lengra væri haldið, og marka af sinni hálfu stefnuna, þó að það væri að vísu aðeins þáttur vandans, sem þar var lagður fram. En reyndin varð sú, sem enda var við búizt, að málið fékk ekki afgreiðslu, en hins vegar var það afráðið, sem er nýstárlegt — að segja má — í vinnubrögðum eða samvinnu Alþ. og rn., að sett var á laggirnar sérstök þm.-nefnd, sem var skipuð fulltrúum fjhn. Alþ., til þess að kynna sér málið betur og til þess að fylgjast með framvindu málsins á vegum embættismannanefndarinnar, áður en það yrði lagt fyrir Alþ. á nýjan leik, og þetta hefur verið gert. Að vísu hefur það komið í ljós, að vinnubrögðin í þessu máli voru viðameiri og flóknari en svo, að hægt væri að hraða þeim svo sem æskilegt hefði verið, þannig að þm.-nefndin hefur ekki haft mikið svigrúm, en hún hefur þó fengið aðstöðu til þess að fylgjast með því, bæði í umr. við embættismannanefndina og einnig með því að skoða og ræða frv., áður en það var lagt fyrir Alþ., þannig að þm.-nefndin er að þessu leyti mun betur undir það búin að taka afstöðu til málsins og meta það í n. en ella hefði verið, enda þótt ég taki það fram, að n. sem slík, þm.-nefndin, hefur ekki bundið sig í afstöðu til málsins.

Eftir að málið hafði verið til meðferðar á Alþ. í fyrra var ákveðið, að embættismannanefndin héldi áfram starfi sínu á grundvelli þeirrar stefnu, sem mörkuð var í erindisbréfinu frá 1969, en jafnframt var n. sent framhaldserindisbréf, sem þannig hljóðaði, að jafnframt því að óska þess, að n. ljúki verkefni því, sem henni var falið með erindisbréfi, dags. 25. apríl 1969, er n. hér með falið að framkvæma heildarathugun á skattalögum með því markmiði annars vegar að gera skattkerfið sem einfaldast og hins vegar að gera þær breytingar á ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt varðandi skatt einstaklinga, sem n. telur sanngjarnar og eðlilegar. Er n. í því sambandi falið að taka til athugunar þau frv. til breytinga á skattalögum, sem flutt voru á síðasta þingi, en vísað var til ríkisstj. N. skal athuga, hvert tekjutap till. kunna að leiða af sér fyrir ríkissjóð, og gera till. um, með hverjum hætti það tap skuli bætt. Eins og þetta erindisbréf ber með sér, þá er hér gert ráð fyrir því, að embættismannanefndinni verði falin heildarathugun á skattkerfinu, og það var ekki hvað síst vegna þess, sem kom í ljós í sambandi við staðgreiðslukerfið, að það var raunar augljóst, að ef ætti að innleiða það, þá yrði að gera skattkerfið í heild miklum mun einfaldara, auk þess, sem nauðsynlegt var að gera það virkara með ýmsum hætti, og því varð að taka það í heild til grundvallarskoðunar.

Það lágu einnig fyrir síðasta Alþ. allmörg frv. um breytingar á tekju- og eignarskattslögunum, sem ekki voru þá afgreidd, en flestum þeirra vísað til ríkisstj. og var talið sjálfsagt, að þessi mál kæmu til athugunar í sambandi við framhaldsmeðferð skattalagamálsins.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er að meginstefnu til samið af embættismannanefndinni í samræmi við það umboð, sem henni var veitt af fjmrh. Ég skal geta þess, að það hafa þó komið fram ýmis atriði innan embættismannanefndarinnar og ríkisskattstjóri hefur lagt fram ýmsar sértill., sem ekki eru í þessu frv., en munu að sjálfsögðu verða afhentar fjhn. Alþ. til meðferðar, þegar þær fara að skoða málið nánar. Ég vil því taka það fram, að hvorki hef ég né hefur ríkisstj. í heild bundið sig þannig við þetta mál, að við lítum á það sem óhjákvæmilegt skilyrði, að það verði nákvæmlega afgreitt með þeim hætti, sem það liggur hér fyrir. Ég hins vegar legg á það ríka áherzlu, að þau stefnumið, sem ég hef hér lýst, að liggi að baki frv., nái fram að ganga og þær brtt., sem eru á því gerðar, ef þær verða gerðar hér á hinu háa Alþ., verði í samræmi við þá meginstefnumörkun, sem ég gat hér um, að birtist í erindisbréfum embættismannanefndarinnar.

Frv. er tæknilega mjög flókið, svo sem við var að búast. Það hefur því verið reynt að láta fylgja því mjög greinargóða skilgreiningu eða greinargerð, bæði varðandi einstakar greinar þess og einnig eru dregin saman í upphafi grg. þau meginatriði, sem í frv. felast. Ég vil því ekki nota þennan tíma minn hér til þess að fara að lesa upp í einstökum atriðum þær skilgreiningar, því að skilgreining þessi er mjög glögg og leiðir í ljós þá höfuðþætti, sem hér er um að ræða. En segja má, að með frv. séu gerðar verulega víðtækar breytingar á skattalögum varðandi skattgreiðslur fyrirtækja — ekki eingöngu til þess að lækka þá skatta, heldur eru í þessu efni margvíslegar, mikilvægar skipulagsbreytingar á skattheimtunum, sem allar eiga það sammerkt að eiga að örva starfsemi fyrirtækja og laða fjármagn að þeim.

Nýjar reglur eru settar um fyrningu eigna í atvinnurekstri, og er þar um töluverðar breytingar að ræða. Hingað til hafa verið í gildi mjög mismunandi reglur um fyrningu. Það hefur verið leyfð örari fyrning varðandi ýmis atvinnutæki, svo sem skip og fleiri atvinnutæki, en aftur á móti mun minni fyrning í öðrum greinum atvinnurekstrarins. Nú er gert ráð fyrir því, að eignir fyrnist allar með sama hætti. Og áður var sá hemill á, að eign gat aldrei fyrnzt neðar en í 10% að verðmæti, en nú er gert ráð fyrir því, að eignir geti fyrnzt að fullu. Auk hinna almennu fyrningarreglna, sem gerð er grein fyrir í frv., er ákveðin svokölluð flýtifyrning, sem er til mikils hagræðis fyrir atvinnurekstrinn. Hún er í því fólgin, að gert er ráð fyrir, að allt að 30% fyrningu megi aukreitis framkvæma á þeim árum, þegar hagur fyrirtækjanna leyfir það og er hvað beztur, þannig að í senn sé hægt að safna fé í fyrir-

tækjunum og þá jafnframt skapa aðstöðu til frekari fjáröflunar til þeirra með því að gera þau aðgengilegri með aukinni arðsúthlutun. Til þess að fyrning nái tilgangi sínum, eru gerðar ákveðnar og nákvæmar till. um hækkun fyrningarverðs eigna með tilliti til verðþróunar síðustu ára, og varðandi fasteignamatið er gert ráð fyrir, að hið nýja fasteignamat verði notað sem grundvöllur við fyrningu fasteigna. Komið hafa fram hugmyndir um það og verið lagðar hér fram á hinu háa Alþ., að endurkaupsverð eigna verði lagt jafnan til grundvallar við fyrningu. Nánari athugun hefur leitt í ljós, sem raunar lá nokkuð í augum uppi, að þessi regla væri ekki framkvæmanleg vegna þeirrar miklu óvissu, sem jafnan er um endurkaupsverð eigna, og það væri ógerlegt að setja almennar reglur um slíkan fyrningargrundvöll. Það eru hins vegar í frv. ýmsar reglur, sem stuðla að því, að eignum verði jafnan haldið í eðlilegu verði, m. a. reglurnar varðandi hlutabréf og mat á þeim, og jafnframt má á það benda, að ef mjög færi úrskeiðis í þessu efni, þá er auðvitað jafnan hægt að beita sams konar endurmati og leyft var t. d. 1962, eftir gengisbreytingarnar 1960 og 1961, þ. e. ef miklar sveiflur verða á verðgildi eignanna.

Gert er ráð fyrir þeirri breytingu, að varasjóðir fyrirtækja falli niður, þ. e. að framvegis verði ekki heimilt að leggja í varasjóði. Ég skal ekki rekja það nánar; það er gerð grein fyrir því í frv. En varasjóðir eru að mörgu leyti mjög gallað form í uppsöfnun fjár í fyrirtækjum, og er gert ráð fyrir því, að þeir varasjóðir að vísu, sem nú eru til, verði óskertir, nema hjá sameignarfélögum eiga þeir smám saman að jafnast út eftir ákveðnum reglum, sem er að finna í frv., en í stað varasjóðsins kemur svokallaður arðjöfnunarsjóður, og er gert ráð fyrir, að sá sjóður verði annars vegar notaður til endurnýjunar eigna fyrirtækisins og hins vegar verði hann notaður til arðgreiðslu, eftir því sem henta þykir hverju sinni. Má í því sambandi benda á, að nú er tekin burt takmörkunin á skattfrjálsri arðgreiðslu hjá fyrirtækjum, sem áður var 10%, en var að fullu aftur skattlagt hjá móttakanda arðsins, en gert ráð fyrir því, að nú verði alltaf greiddur 15% skattur af arði. Hér er um heildarskatt að ræða, þ. e. gert er ráð fyrir, að hann renni aðeins til ríkisins, en ekki verði um neina skattgreiðslu að ræða til sveitarfélaganna af þessari arðsúthlutun eða framlagi til arðjöfnunarsjóðsins, en arðjöfnunarsjóðurinn, eins og ég sagði, er til að greiða út fé eða leggja til hliðar. Megintilgangurinn með þessum reglum öllum er að stuðla að því, að það verði arðbært fyrir menn að leggja fé í fyrirtækin, sem að sjálfsögðu veltur á því, að fyrirtækin séu þá með þeim hætti og með þeim rekstrargrundvelli, að það ríflegur arður sé greiddur út, að það borgi sig fyrir fólk að leggja fé sitt í atvinnureksturinn.

Það er jafnframt þessu gert ráð fyrir því, sem er nýmæli, að tekið er upp nokkurt skattfrelsi arðs af hlutabréfum. Þau hafa áður verið skattskyld, og hefur það átt að vissu leyti sinn þátt í því, að menn hafa ekki lagt fé í atvinnurekstur eða kaup á hlutabréfum, þar sem sparifé og vextir af því er skattfrjálst, en það er nú gert ráð fyrir því, að viss úthlutun arðs til hluthafa verði skattfrjáls, svo sem ég mun koma að síðar.

Það er gert ráð fyrir því, sem er töluverð breyting frá því, sem nú er, að söluhagnaður af fyrnanlegum eignum og hlutabréfum sé alltaf skattskyldur að vissu marki og sé sú skattskylda minnst 25%, hvað sem eignarhaldi líður. En áður hefur það verið svo, að vissar eignir í atvinnurekstri hafa verið skattfrjálsar eða hagnaður af sölu þeirra, eftir að menn hafa átt þær í vissan tíma. Í frv. er að finna mjög rækilegan rökstuðning fyrir þessari skoðun, að hér eigi að vera um vissa skattgreiðslu að ræða, og er það auðvitað í samræmi við aðrar reglur frv., sem gera ráð fyrir rýmilegri fjársöfnun í fyrirtækjum og rýmilegum arðgreiðslum. Þessi regla er sett samkvæmt þeirri hugsun, sem ég gat um í upphafi, að þessar reglur allar séu ætlaðar til hjálpar atvinnurekstrinum, en ekki til þess, að menn nái út úr honum fé með óeðlilegum hætti, og er þetta regla, sem gildir alltaf í viðskiptum fyrirtækja varðandi sölu eigna og er reyndar algerlega lögfest sem almenn regla í viðskiptum, nema um sé að ræða íbúðir, og mun ég koma nánar að því síðar.

Það er lagt til í frv., að framvegis verði ekki litið á sameignarfélög sem skattaðila. Þetta var einnig í frv. á síðasta þingi og mætti þá nokkurri andspyrnu og var talið, að það ætti ekki að fella niður þetta félagsform, ef félagsform skyldi kalla. Það er að sjálfsögðu ekki ætlunin að fella niður félagsformið. Menn geta rekið sameignarfélög sín eftir sem áður að eigin vild. Ég held, að það hljóti að verða hverjum manni ljóst, þegar hann skoðar þá stórkostlegu mismunun, sem er í skattfríðindum sameignarfélaga og einstaklinga annars vegar og hlutafélaga vegna þeirra kvaða, sem hvíla á eign manna í hlutafélögum, að sameignarfélögin eru hér algjörlega í sérflokki og njóta alveg sérstakra fríðinda varðandi skattlagningu og þar er hægt að koma við meira undanskoti fjár en a. m. k. er mögulegt varðandi hlutafélögin. Ég er því ákveðið þeirrar skoðunar þrátt fyrir þá gagnrýni, sem hér kom fram og eftir að hafa íhugað það mál betur, að það sé tvímælalaust rétt að fella niður heimildina til þess, að sameignarfélög telji fram sem sérstök félög, heldur sé tekjum þeirra skipt niður á aðila að félögunum eða einstaklingana, sem að þeim standa, og þeir skattlagðir sem einstaklingar.

Það hefur verið mikið vandamál að koma við samruna fyrirtækja og slitum þeirra, og eins og okkar skattalög eru nú úr garði gerð, þá er í rauninni mjög erfitt að slíta hlutafélagi, því að það leiðir til svo þungbærra skattgreiðslna, að niðurstaðan hefur orðið sú, að það er vitað um, að mörgum hlutafélögum er alls ekki slitið af þessum sökum, þó að þau séu hætt starfsemi sinni. Það er auðvitað fjarri öllu lagi að hindra slit hlutafélaga, og það er gert ráð fyrir því varðandi meðferð söluhagnaðar í sambandi við slit hlutafélaga, að um það gildi hin-

ar almennu reglur, sem ég hef áður getið um. Það er auðvitað sjálfsagt, að þá sé um allverulega skattgreiðslu að ræða, vegna þess að þá er hinn samansafnaði skatthlunnindahluti af eignum félagsins orðinn í mörgum tilfellum það mikill, að það er auðvitað með öllu óeðlilegt, að menn geti gengið með hann á brott, án þess að þar komi til nokkurrar skattheimtu. En með reglum frv. um slit hlutafélaga á það ekki að vera neinum erfitt mál hér eftir að koma því við. Varðandi samruna félaga, sem er kannske enn þá veigameira mál, þá er það mjög einfaldað með þessu frv. Þannig að ef félög sameinast þannig, að þar er um að ræða algeran samruna og aðeins skipti á hlutabréfum, þá verður þar alls ekki um neina skattskyldu að ræða og ekki litið svo á, að þar komi til greina neinn söluhagnaður. Það er einnig tekið tillit til þess í þessu frv., ef hlutafélög taka upp með sér samstarf í því formi að mynda sérstök fyrirtæki eða félög til þess að ráðast í tiltekinn atvinnurekstur, að þá eru reglur, sem koma í veg fyrir það, að þar verði um tvísköttun hagnaðar að ræða.

Þá er gert ráð fyrir því í þessu frv., að gefin verði út jöfnunarhlutabréf til þess að koma eignum félaganna, þ. e. hlutabréfaeign í félögunum, í eðlilegt horf. Útgáfa jöfnunarhlutabréfa hefur að vísu verið heimiluð áður, en hún hefur ekki orðið raunhæf vegna eignarskattskyldu af hlutabréfum; menn hafa ekki óskað eftir að skrá hlutafé sitt á eðlilegan hátt einmitt af þessum ástæðum. Nú er sett almenn regla um það, að heimild til þess að gefa út jöfnunarhlutabréf er miðuð við bókfærðan höfuðstól fyrirtækjanna, og það eru settar reglur um það í bráðabirgðaákvæðum frv., mjög ítarlegar, þar sem gert er ráð fyrir heimild til endurmats eigna nú, eftir að þessi lög hafa tekið gildi, og síðan er sett almenn regla, hvernig fara skuli með útgáfu hlutabréfa, jöfnunarhlutabréfa, eftir að þetta upphaflega endurmat hefur farið fram. En það verður að telja mjög æskilegt, að hlutafélögin sýni jafnan nokkuð eðlilega hlutabréfaeign. Að vísu má segja, að það hafi nokkra þýðingu, að hlutabréf geti orðið á yfirverði. Það er eins og gerist yfirleitt þar, sem verðbréfamarkaður er, að þar er reyndin sú, að hafi hlutabréf orðið á bak við sig miklu meira en raungildi sitt, þá að sjálfsögðu hækka þau í verði, og þetta auðveldar þá um leið möguleika viðkomandi félaga til þess að gefa út og selja ný hlutabréf, ef þessi hlutabréf eru orðin eftirsótt. En allar þessar hugleiðingar um hlutabréf og myndun fjár í fyrirtækjum eru ekki hvað sízt háðar hugmyndum, sem uppi hafa verið og hafa enda verið lögfestar, þ. e. að gert er ráð fyrir að koma upp kaupþingi, svo fljótt sem verða má, en er alveg ljóst, að ekki getur orðið með neinu móti að raunveruleika, nema skattalagabreytingar séu gerðar eitthvað í þá átt, sem hér er lagt til.

Gert er ráð fyrir því, að rýmkað verði nokkuð mat á birgðum, og er það æskilegt. Reynslan hefur sýnt, að það er æskilegt.

Þá eru settar reglur, sem hindra óeðlileg viðskipti hluthafa við félag sitt, og m. a. er með þessum reglum reynt að koma í veg fyrir það, sem mikið er fundið að og það í ýmsum tilfellum með réttu, að eigendur fyrirtækja reikni sjálfum sér ákaflega litlar tekjur, en það séu svo fyrirtækin, sem með einhverjum hætti, annaðhvort með lánum til hluthafa eða með því beinlínis að eiga jafnvel húseignir hluthafa, séu látin bera útgjöldin — og í ýmsum tilfellum séu jafnvel notuð hlunnindi, sem þessir aðilar njóta, bæði hlutafélög og sameignarfélög, til þess að koma betur út skattalega séð að þessu leyti. Þetta er mjög óæskilegt og hefur valdið gagnrýni, sem ég held, að ætti að vera sameiginlegt áhugamál allra fyrirtækja að forðast, og það er þess vegna brýn nauðsyn jafnhliða þeim hlunnindum, sem á margan hátt eru veitt fyrirtækjum með þessu frv., að girða fyrir það, að nokkur slík óeðlileg viðskipti geti átt sér stað, og um það fjallar 15. gr. frv., þar sem rækilega er að þessu vikið.

Ég held, herra forseti, að ég hafi í stórum dráttum vikið að grundvallaratriðunum, sem felast í þessu frv., varðandi skatta atvinnurekstrarins, og ég tel, að í frv. felist heilsteypt stefna varðandi skatta atvinnurekstrarins til ríkissjóðs. Hitt er annað mál, að með þessu frv. er ekki nema að takmörkuðu leyti tekin afstaða til skattgreiðslu til sveitarfélaga, og mun ég koma að því nánar síðar. En miðað við það, að hér er nú gert ráð fyrir að efla atvinnurekstur og ekki sízt í formi hlutafélaga, þá er mjög ljós nauðsyn þess, að hlutfélagalögin verði endurskoðuð. Það mun raunar vera í meðförum endurskoðun þeirra laga, og gæti verið einmitt gott að hafa hliðsjón af þeim skattaákvörðunum, sem gerðar verða varðandi félögin, áður en gengið er frá þeirri endurskoðun. En eftir að sú þróun verður, sem hér má ætla, að verði, þ. e. að það verði fýsilegra fyrir menn að leggja fjármagn í fyrirtæki en verið hefur til þessa, þá ber að sjálfsögðu brýna nauðsyn til þess bæði að setja reglur um það, að hlutafélög geti ekki orðið virk, nema þau hafi visst stofnfé, sem sé umfram þá fráleitu upphæð, sem er nú í lögum, og eigi síður hitt að reyna að girða fyrir það, að óhlutvandir menn geti sett í gang söfnun í hlutafélög og fengið fólk til þess að leggja fram fé til hlutafélaga, sem eiga sér í rauninni enga undirstöðu eða tilverurétt. Þetta hvort tveggja er nauðsynlegt að taka til meðferðar í sambandi við endurskoðun hlutafélagalöggjafarinnar.

Þá ætla ég að víkja að nokkru að þeim öðrum atriðum, sem felast í þessu frv. og eru meira almenns eðlis og snerta eigi hvað sízt einstaklingana almennt, en ekki sérstaklega atvinnureksturinn.

Nú er gert ráð fyrir, að nýtt fasteignamat taki gildi alveg á næstunni, og það þarf ekki að lýsa því fyrir hv. þdm., að þar er um að ræða geysilega hækkun frá núgildandi mati af eðlilegum ástæðum, þar sem það var orðið gersamlega úrelt. En vegna þessara breytinga er óumflýjanlegt að gera breytingu á eignarsköttum, og er það gert í þessu frv. Nú er ákveðið, að 100 þús. kr. skattgjaldseign sé frjáls eða megi draga frá, áður en eignarskattur er á

lagður, en þessi upphæð er hækkuð upp í 3 millj. kr. og jafnframt er svo ákveðið, að næstu 3 millj. kr. í eignum skattleggist mun vægilegar en nú er gert. Hingað til hefur verið mjög mismunandi aðstaða varðandi sköttun eigna: Í fyrsta lagi það, sem ég gat um viðvíkjandi gamla fasteignamatinu, sem hefur valdið því, að fasteignir hafa verið á algjörlega óraunhæfu verði til eignarskatts, þó að það að vísu hafi hinsvegar verið nífaldað nú síðustu árin. Sparifé hefur algjöra sérstöðu og spariskírteini. En hins vegar hafa hlutabréf í rauninni verið verst sett allra eigna, þar sem það hefur verið undir hælinn lagt, hvort þau skiluðu nokkrum arði, en þau hafa verið tekin á nafnverði, enda eins og ég gat um áðan, þá hefur það átt sterkastan þátt í því að útiloka útgáfu svokallaðra jöfnunarhlutabréfa.

Þá er gert ráð fyrir því hér að festa núgildandi skattvísitölu í 100 stigum, þ. e. að skattvísitala, sem nú er 168 stig, verði 100, sem merkir það, að það eru um 188 þús. kr., sem verða persónufrádráttur hjóna, og það er jafnframt gert ráð fyrir því, sem ekki var áður nema að takmörkuðu leyti, að aðrir frádráttarliðir skattalaganna breytist hér eftir í samræmi við skattvísitölu. Það hefur áður verið deilt um skattvísitöluna, og ég skal ekki taka upp þær deilur hér, nema tilefni gefist til, en m. a. hefur verið deilt á það, að fjmrh. skuli hafa frjálsar hendur um ákvörðun skattvísitölunnar. Nú er reyndin auðvitað sú, að skattvísitalan er jafnan höfð til hliðsjónar við setningu fjárlaganna, og þegar áætlun er gerð um tekjur af tekjusköttum, þá er miðað að sjálfsögðu við ákveðna skattvísitölu, og það þykir þess vegna skynsamlegt að setja þá reglu, að í stað þess, að fjmrh. einhliða ákveði þessa skattvísitölu, þá skuli hún vera formlega ákveðin í sambandi við setningu fjárlaga hverju sinni. Mér er kunnugt um þá skoðun, að hún eigi að miðast við framfærsluvísitölu, og það er sjónarmið út af fyrir sig, en hefði leitt til þess, sem við allir vitum, að á undanförnum erfiðleikaárum hefði skattvísitalan beint þjónað þeim tilgangi að bæta lífskjör almennings, en ekki verið við það miðuð — eins og hún hefur verið hugsuð alla tíð — að sjá um, að menn yrðu ekki krafðir um fleiri krónur hlutfallslega, þó að kaupið hækkaði. En ef þessi aðferð verður höfð, þá a. m. k. getur það komið til mats á Alþ. hverju sinni, hvaða reglur menn vilja hafa í þessu sambandi, og ég hygg sannast sagna, að það fari nokkuð eftir aðstöðu hverju sinni, hvernig á því verði haldið. T. d. hefur skattvísitalan nú í ár, m. a. vegna bættrar fjárhagsaðstöðu, verið ákveðin nokkru hærri en bæði kaupgjaldsvísitalan og framfærsluvísitalan, þannig að það vinnst nokkuð, sem menn telja, að hafi tapazt í hlutfalli við framfærsluvísitöluna á síðustu árum, þannig að bilið er nú ekki verulegt þar á milli.

Varðandi það atriði, sem ég gat um, að hefði verið meginstefnumörkunin 1960, þegar endurskoðun skattalaganna var hafin þá, að svokölluð almenn verkamannalaun yrðu undanþegin skatti, að persónufrádráttur væri það hár, að þau rúmuðust innan þeirra marka, þá var í því sambandi miðað við Dagsbrúnartaxta með 15% yfirvinnu, þ. e. það var lægsti taxti Dagsbrúnar með 15% yfirvinnu, og hann er nú, eftir því sem Efnahagsstofnun hefur gefið mér upp, um 192 þús. kr., en hinn fasti persónufrádráttur er nú ákveðinn 188 þús. kr., þannig að þarna munar að vísu 4 þús. kr., sem við verðum að telja lítið atriði í þessu sambandi, þannig að segja má, að þetta láti nú mjög nærri. En aftur á móti koma til aukin hlunnindi í því, að skattvísitalan er nú látin gilda um frádráttarliði almennt í fjárlögum, sem ekki var áður nema að litlu leyti — og raunar ekki fyrr en á þessu ári með sérstakri lagabreytingu, að þetta gildir um skattfrádrátt sjómanna.

Í frv. er að finna till. um breytingu á núgildandi reglum um launafrádrátt eiginkonu, sem vinnur utan heimilis, og einnig eiginkonu, sem vinnur við eigin atvinnurekstur bónda síns. Eins og skattalögin eru nú, eru engar hömlur á frádráttarrétti eiginkonu, sem vinnur utan heimilis. Þetta var mjög umdeilt mál á sínum tíma, þannig að hér getur orðið um að ræða stórfelldar fjárhæðir. Og jafnvel þó að eiginkonan hafi hærri tekjur en bóndi hennar, sem eru mörg dæmi til, þá engu að síður er þessi réttur fyrir hendi til þess að draga þessi 50% af tekjum eiginkonu frá skattskyldum tekjum. Með frv., eins og það liggur hér fyrir, er gert ráð fyrir, að þetta verði takmarkað við hálfan persónufrádrátt, sem merkir það, að það mundu verða 94 þús. kr. eða því sem næst, sem væri hægt að draga frá skatti, þ. e. kona, sem ynni sér inn 188 þús. kr., eins og þær tölur líta út nú, mundi hafa fullan rétt til 50% frádráttar, en færu tekjurnar yfir það, mundu þær leggjast við tekjur mannsins. Þetta verð ég að álíta, að sé mjög eðlilegt miðað við allar aðstæður og það, hvernig þróunin hefur verið, þ. e. að einhver takmörk séu á þetta sett. Hins vegar er jafn sanngjarnt að auka frádrátt konu, sem vinnur við eigin atvinnurekstur, og það er því gert ráð fyrir því, að í stað þess, að það er nú 15 þús. kr., þá geti það numið fjórða hluta persónufrádráttar eða nær 50 þús. kr., þannig að hér verður um að ræða veruleg hlunnindi í sambandi við slíka vinnu eiginkonu við atvinnurekstur eiginmannsins, og á það ekki hvað síst við um búrekstur, þar sem þetta mundi mjög koma til góða.

Ég gat um það áðan, að gert væri ráð fyrir því að breyta núgildandi reglum um söluhagnað eða skattfrelsi eigna við sölu, þannig að 25% af söluhagnaðinum yrði alltaf skattskyldur. Ég tók það ekki fram þá, sem raunar er ljóst, og er skýrt frá í frv., að þetta þarf ekki að fela í sér neinar kvaðir fyrir atvinnureksturinn sem slíkan, vegna þess að það er að sjálfsögðu í langflestum tilfellum hægt að beita þá flýtifyrningarreglunum til þess að mæta þessu skattgjaldi. Það þykir hins vegar eðlilegt, að þessi regla um algert skattfrelsi gildi áfram um einstaklinga, þegar þeir eru að skipta um húsnæði, og er raunar einnig látið gilda, þó að önnur íbúð sé í eigu sama manns, eftir að tilteknum aldri þessara

eigna er náð. Það er því engin skerðing á rétti einstaklinga, sem ekki hafa atvinnurekstur, í sambandi við meðferð eigna þeirra að þessu leyti.

Þá hefur verið til meðferðar hér á Alþ. nokkrum sinnum bæði frv. um undanþágu á skattgreiðslu vegna heiðurslauna, þar sem slíkar undanþágur hafa verið veittar í ákveðnum tilfellum, og einnig frv. um almenna undanþágu, þ. e. að lögfesta hana, þegar um slík heiðurslaun er að ræða. Við athugun á þessu máli og samanburð við það, sem gildir annars staðar m. a. í Danmörku, hefur það orðið niðurstaðan að leggja til, að alltaf verði skattskyld 25% af þessum heiðurslaunum, en að öðru leyti verði þau skattfrjáls.

Það er hér um að ræða hlunnindi, sem nú eru tekin upp fyrir þá, sem vinna utan heimilis síns, að nú er gert ráð fyrir samkv. frv., að fæði þeirra verði skattfrjálst, en áður gilti þetta eingöngu um sjómenn. En það er að sjálfsögðu mjög oft, sem menn vinna fjarri heimili sínu, og þá eiga þeir skattalega séð að telja það fram til skatts og greiða af því skatta, en þetta verður að teljast órýmilegt og auk þess erfitt í framkvæmd, og því er gert ráð fyrir að afnema þetta með öllu.

Það er að sjálfsögðu til hlunnindaauka fyrir einstaklinga, sem eiga hluti í hlutafélögum, að nú er lagt til, að veitt verði takmarkað skattfrelsi af arði af hlutafé, sem nemi 60 þús. kr. á hjón og 30 þús. kr. á einstakling, og þetta ætti að geta stuðlað að því, að almennari þátttaka yrði í hlutabréfaeign en nú er, og ekkert nema gott um það að segja. Það er enda vitanlegt, að þróunin nú síðustu árin — ekki hvað síst víðs vegar úti um land — hefur verið sú, að atvinnurekstri hefur verið komið á fót með tiltölulega mjög lágum hlutafjárframlögum frá fjölda einstaklinga. Ég hygg því, að þetta sé mjög gagnlegt og sé sanngjörn ráðstöfun í þá átt að greiða fyrir því, að þessir aðilar leggi fé sitt til atvinnurekstrar með þessum hætti.

Þá er loks gert ráð fyrir því, að hækkuð verði sú viðmiðunartala skulda, þar sem vaxtafrádráttur kemur til greina. Það er miðað við 200 þús. kr. í lögunum, eins og þau eru nú, en nú er gert ráð fyrir að miða við hámark húsnæðislána, sem ég hygg, að muni nú vera eitthvað nálægt 600 þús. kr., og sýnist mér það vera þá mjög í samræmi við þær hugmyndir, sem hér hafa sézt á Alþ. um það efni.

Þá er í lögunum að finna atriði, sem skiptir miklu máli fyrir einstaklinga, og það er að forða þeim frá tvísköttun, og á þetta fyrst og fremst við, ef einstaklingar hafa tekjur í löndum, sem við eigum ekki tvísköttunarsamning við.

Í sambandi við eignarskattana vil ég geta þess, að gert er ráð fyrir, að eignarútsvörin falli niður. Það er að vísu ekki í þessu frv.; það mundi verða að koma í frv. um breytingu á tekjustofnum sveitarfélaga. En ástæðan er ekki hvað sízt sú, að gera verður ráð fyrir því, að fasteignaskattar verði mjög verulega hækkaðir og þess vegna óeðlilegt með öllu, að sami aðili hafi tvenns konar álagningarform á sams konar eignir.

Það er eðlilegt, að sú spurning komi upp í huga manna, enda leiðir niðurlag erindisbréfs n. til þeirra hugleiðinga, hvað þetta kosti ríkissjóð og hvernig ætlunin sé að mæta þessu. Það er í rauninni gersamlega ómögulegt að segja, hvað þetta kostar. Það hefur verið reynt að gera sér hugmynd um það, og hefur mönnum a. m. k. enn ekki tekizt að festa það niður á blað. Þetta byggist einfaldlega á því, eins og menn hafa vafalaust gert sér ljóst við athugun á frv. og því, sem ég hef verið að reyna að túlka, að það er fyrir fram ógerlegt að vita, — það fer eftir afkomu fyrirtækjanna og þeirri stefnu, sem þau fylgja varðandi uppbyggingu sína og á annan hátt — að hve miklu leyti fé verður lagt til verðjöfnunarsjóða eða í úthlutun arðs, sem að vísu er skattlagt með ákveðnum hætti, eða hvort það fer eftir hinum almennu skattprósentum. Þetta er ekki hægt að segja um. Nú er almenn skattprósenta til ríkisins jöfn, hún er ekki stighækkandi, hún er 20%, og til sveitarfélaganna, að ég hygg, 25%, þannig að hér getur að sjálfsögðu orðið um töluverða breytingu að ræða varðandi þann hluta af tekjunum, sem aðeins er greiddur 15% skattur af, en um þetta er sem sé ekki hægt að segja á þessari stundu. Þó er ekki ástæða til að halda, að þetta hafi mikla þýðingu, vegna þess að á móti kemur við örvun atvinnurekstrarins ýmiss konar tekjumyndun, sem ætla má, að geti jafnað þetta nokkuð. Í sannleika sagt, ef frv. nær þeim tilgangi sínum, sem að er stefnt, þ. e. að örva atvinnureksturinn, þá ætti jafnvel að mega gera ráð fyrir því, að hér yrði ekki um alvarlegan tekjumissi að ræða.

Gert er ráð fyrir því, að frv. taki ekki gildi fyrr en um næstu áramót að undanteknu fyrsta bráðabirgðaákvæði þess, sem er í samræmi við það ákvæði, sem sett var á síðasta þingi og gilti við álagningu skatta 1970. Ástæðan til þessa er ekki eingöngu sú, að það sé erfitt um vik að missa tekjur á þessu ári, heldur miklu fremur sú, að málinu er ekki lokið og það er óumflýjanlegt — áður en þetta mál tekur gildi — að marka stefnuna varðandi tekjustofna sveitarfélaga og fá jafnframt stefnumörkun í ýmsum öðrum atriðum í sambandi við heildarstefnuna í persónuskattamálum. Nú kunna menn þess vegna að segja: Hvaða vit er þá í að vera að leggja þetta fram nú, ef það er ætlunin að fá þetta afgreitt nú? Ég álít, að það sé mjög mikilvægt bæði að leggja málið fram auðvitað og einnig að fá það afgreitt, vegna þess að í því felst þá ákveðin stefnumörkun, sem verður að miða við frekari aðgerðir. Og ég teldi, að það hefði verið mjög æskilegt, að fram hefði verið haldið með svipuðum hætti og gert var á síðasta þingi, sem að vísu er nokkuð erfiðara nú að koma við vegna kosninga, sem fram undan eru, og það er nú þess vegna ekki fullvitað, hverjir sitja hér á hinu háa Alþ., þegar það kemur saman í haust, en það hefði verið mjög æskilegt, ef áfram hefði verið hægt að halda þeim hætti, að samvinna væri milli rn., því að félmrn. kemur hér einnig við sögu og Alþ. um áframhaldandi könnun málsins og athugun á tillögugerð.

Ég gat um það hér áðan, að n. hefði verið falið að athuga ýmis sérfrv., sem hefðu verið lögð fram á síðasta þingi. Það hafa síðar að vísu komið fram önnur frv. á þessu þingi, sem koma þá að sjálfsögðu til umr. í sambandi við meðferð þessa máls í fjhn. þingsins. Þau frv. voru öll tekin til athugunar í n. Ég skal aðeins nefna þessi frv. hér.

Það var frv. um, að skattvísitalan skyldi bundin framfærsluvísitölu. Niðurstaðan úr því hefur orðið, eins og ég gat um áðan, að leggja til, að það verði ákveðið í sambandi við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni, hver skattvísitalan skuli vera.

Þá var það frv. um úrtaksrannsókn á 10% allra framtala. Í sambandi við það mál liggur fyrir mjög ítarleg umsögn skattrannsóknarstjóra, sem ég hirði ekki að rekja hér, en send var fjhn. Alþ. í desember 1969, þar sem hann lagðist mjög gegn þessari till., vegna þess að hún mundi aðeins verða fjötur um fót starfsemi skattrannsóknadeildarinnar, en ekki vegna þess, að hann væri á móti úrtökum. Hann stefnir að því fyrirkomulagi, og það hefur nú þegar verið undirbúið að gera viss úrtök. En ef það væri skylda að gera úrtök miðað við alla skattgreiðendur á landinu og taka 10% framtala, þá mundi meginhluti starfsemi skatteftirlitsins fara í athugun á þessum málum og í mörgum tilfellum málum, sem væri gersamlega ástæðulaust að eyða vinnu í.

Frv. um frádrátt tekna eiginkonu af atvinnurekstri hjóna hafa verið gerð hér skil og getið um, að hér hefur verið komið til móts við það mál.

Viðvíkjandi fyrningu fastafjármuna í atvinnurekstri hef ég gert grein fyrir því, að það er óframkvæmanlegt, en hins vegar gerir frv. ráð fyrir því í ýmsum atriðum, að hægt verði að ná þeim sama tilgangi. — (Gripið fram í.) Ekki nema þær vinni úti eða þær vinni við atvinnurekstur. Það getur eins gilt í kaupstöðum. (Gripið fram í.) Ekki við heimilishaldið, nei, ekki nema við atvinnurekstur. Það er eins og með bændurna. Það er litið á þá sem atvinnurekendur, og þar af leiðandi gildir þetta um sveitakonurnar eða eiginkonur bændanna. Skattfrelsi heiðursverðlauna hef ég vikið að áður.

Frv. um það að veita einstæðum mæðrum — sem hlyti raunar einnig að gilda um einstæða feður — sérstök skattfríðindi hefur einnig verið athugað. Þar er þegar um að ræða allveruleg fríðindi. Það hefur ekki verið talið fært að leggja til að auka þau, en það getur vitanlega komið til athugunar og gerir það í fjhn., hvort það sé rétt eða ekki. Þetta er í rauninni aðeins stefnumörkun, hvort Alþ. vill fara út í þá sálma, en sannleikurinn er sá, að þar er um allveruleg fríðindi að ræða nú þegar.

Afráðið var á síðasta þingi, að skattfrádráttarheimildir sjómanna miðuðust við skattvísitölu, og tók þetta gildi í ár.

Þetta held ég, að séu þau frv., sem komu fram á síðasta þingi og n. hefur tekið afstöðu til.

Ég ætla þá aðeins í stuttu máli að víkja að þætti sveitarfélaga í þessu máli. Nú hefur sú breyting á orðið varðandi vinnubrögð í því máli, að það heyrir ekki lengur undir fjmrh. að gera till. um tekjustofna sveitarfélaga. Það gerði það þar til á s. l. ári, og þess vegna hefur skattalaganefnd, sem starfaði á vegum fjmrn., einnig að sjálfsögðu gert víðtækar athuganir á þessu máli. En það er erfitt fyrir mig þar af leiðandi að ræða hér um sérstaka stefnumörkun í því, því að það er að sjálfsögðu félmrh., sem á sínum tíma mun gera grein fyrir þeim ákvörðunum. En ég tel þó rétt og tel það ekki vera að fara inn á verksvið hans miðað við það, að þessi mál voru áður í höndum mínum, að víkja nokkuð að þeim hugleiðingum, sem uppi hafa verið varðandi málefni tekjustofna sveitarfélaga í sambandi við þessa breytingu skattalaganna.

Sannleikurinn er sá, að ef frá eru skilin ýmis þau atriði, sem ég gat um áðan, varðandi auðveldari aðstöðu til að mynda fjármagn í fyrirtækjum, fyrningar og annað þess konar, þá er ekki hægt að segja, svo sem ég í upphafi gat um, að aðstaða fyrirtækja hér á landi almennt sé slæm skattalega séð. Hins vegar er því ekki að leyna, að það er ein tegund skatts, sem allir aðilar, bæði innlendir og erlendir, sem hafa skoðað skattamál atvinnurekstrar hér á landi, hafa rekið augun í og talið hættulegan, og það eru aðstöðugjöldin, sem eru lögð á fyrirtæki án nokkurrar hliðsjónar af arðsvon þeirra, þannig að oft og tíðum sleppa þau fyrirtæki jafnvel mun betur, sem hafa betri afkomu, en önnur, sem hafa lítinn rekstrarhagnað, en hafa hins vegar mikla veltu og rekstrarkostnað, af því að stofninn í aðstöðugjöldunum er rekstrarkostnaður fyrirtækjanna. Ég hygg því, að það megi segja, að það hljóti að verða niðurstaðan, að reynt verði með einhverjum hætti að komast út úr þessu vandamáli. Þetta ásamt öðrum þáttum sveitarfélagaskattanna þarf að afráða fyrir næstu áramót.

Hvað á að gera í þessu efni? Þar kemur ýmislegt til greina. Ég hef áður vikið að fasteignagjöldunum og getið þess, að það hafi lengi verið uppi sú kenning, sem rétt er, að sjálfsagt sé að nota fasteignagjöldin meira sem tekjustofn sveitarfélaga, og það hefur enda verið skoðun forráðamanna sveitarfélaga lengi, og ég tel, að það hljóti að stefna í þá átt, að þar verði gerð mjög veigamikil breyting til að auka fasteignagjöldin, og m. a. þess vegna hafa verið gerðir léttbærari eignarskattarnir, sem ég gat um. Í sambandi við fasteignagjöldin má auðvitað vel hlífa einstaklingum með vissa tegund íbúðarhúsnæðis. Það er ekkert, sem hindrar það, og getur verið alveg nauðsynlegt, að það sé gert. En það á ekkert að vera óeðlilegra t. d. fyrir fyrirtæki og þá, sem eiga stórar eignir — og kemur sér jafnvel betur — að borga af þeim fasteignagjöld en aðstöðugjöld, eins og nú er gert, enda er sannleikurinn sá, að þjónusta sveitarfélaganna er almennt meira tengd fasteignum en rekstri fyrirtækjanna almennt sem slíkum.

Þá kemur auðvitað einnig til að skoða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, og koma þar ýmis atriði til athugunar. Vel mætti hugsa sér að færa þar á milli með einhverjum hætti kvaðir, t. d. að ríkið tæki að sér vissar greinar, sem sveitarfélögin

nú hafa, ef ekki verður annað talið auðið með þeim till., sem helzt eru uppi um tekjustofna sveitarfélaga, þ. e. fasteignagjöld og tekjuútsvar, sem gert er ráð fyrir, að yrði þá með nokkuð öðrum hætti en nú er. Þá kæmi til álita, að ríkið tæki að sér einhverjar kvaðir. Það er einnig mjög nauðsynlegt, að mismunandi útsvör séu ekki á hinum ýmsu stöðum á landinu. Þar sem atvinnuörðugleikar eru og tekjur rýrar og notuð 20% álagningarheimildin, verður það smám saman til að grafa undan viðkomandi sveitarfélagi, ef það er gert ár eftir ár. Hér verður að komast jöfnuður á, og það verður að efla Jöfnunarsjóðinn meira til þess að hjálpa sveitarfélögunum, þar sem svona er ástatt. Þá gæti það vitanlega einnig komið til greina og a. m. k. sjálfsagt að íhuga það, hvort ætti jafnvel að afhenda sveitarfélögunum alveg beina skatta og þau þá tækju á sig auknar kvaðir frá því, sem nú er, þ. e. sjálfstæði sveitarfélaganna ykist að vissu marki.

Það hefur oft verið að því fundið og það með réttu, að það væru tveir aðilar að vega í sama knérunn, ef svo má segja, með því að leggja bæði á útsvör og tekjuskatt, og vitanlega gæti komið til álita, að þarna yrði um sameiginlegan skatt að ræða. Að vísu skiptir þetta ekki miklu máli, ef á kemst staðgreiðslukerfi skatta, vegna þess að þá er þessi skattur innheimtur í einu lagi og síðan skipt eftir á milli sveitarfélaga og ríkis; kynni því þessi vandi að leysast að því leyti.

Þá er því ekki að leyna, þó að það snerti ekki beint sveitarfélögin, heldur aðeins óbeint, að tryggingakerfið kemur hér mjög til álita og að tvennu leyti, þ. e. annars vegar varðandi nefskatta, sem að ýmsu leyti eru þungir, iðgjöld til almannatrygginga og jafnvel sjúkrasamlagsgjöld, og svo hins vegar framlög bæði vinnuveitenda, ríkis og sveitarfélaga til almannatrygginga. Hér þyrfti í rauninni að taka til heildarathugunar, hvernig væri hægt að samræma betur og samrýma þann tilgang, sem tryggingakerfið hefur og ýmis hlunnindi, sem borgurunum eru veitt — einkum þeim, sem illa eru settir í sambandi við skattalög, þannig að þetta næði tilgangi sínum með virkari hætti og yrði einfaldara í framkvæmd. Og það mætti jafnvel hugsa sér það, að tekna almannatrygginga yrði aflað með einhverjum öðrum hætti, t. d. launaskatti, og það mundi að sjálfsögðu verða mjög til hagsbóta fyrir þá, sem tekjulægri eru í þjóðfélaginu. Það hefur áður verið um það rætt, sem ég tel, að þurfi að koma til framhaldsathugunar, hvort ekki sé rétt að breyta kerfi fjölskyldubóta í persónufrádrátt frá sköttum. Allt þetta þarf að íhuga í sambandi við skattkerfið sem slíkt og tryggingabótakerfið. Nú er það ákveðið, að tryggingafrv. kemur hér fyrir Alþ. á næstunni, og getur þetta þá komið til íhugunar í sambandi við það mál.

Það er einnig rétt í þessu sambandi að vekja athygli á því, að allar þær till., sem fram koma og eru góðra gjalda verðar, um ýmis skatthlunnindi koma oftast harla lítið að gagni þeim, sem helzt þurfa á þeim að halda, vegna þess að það eru oft aðilar, sem eru í mjög lágum skattstigum eða borga jafnvel enga skatta, og þessar till. koma þess vegna miklu fremur þeim að gagni, sem borga hærri skatta. Þess vegna er það mjög mikilvæg spurning, að hve miklu leyti þessi hlunnindi ná tilgangi sínum, og gæti verið frekar ástæða til, að þar kæmi til greina tryggingakerfið, t. d. í sambandi við það að tryggja vissan lágmarkslífeyri til þeirra, sem ekki fá tekjur úr öðrum áttum. Þetta er mál, sem vitanlega þarf að íhuga rækilega, því að að því ber að sjálfsögðu að stefna, og brýn nauðsyn er að tryggja vissar lágmarkstekjur til framfærslu.

Til viðbótar þessum atriðum, sem snerta almennar umbætur á skattkerfinu í framhaldi af hugleiðingum mínum um tekjustofna sveitarfélaga, þá eru aðeins örfá önnur atriði, sem ég vildi víkja að og ég tel, að séu viðfangsefni, sem nú verði að vinna að á næstu mánuðum.

Það þarf að ákveða, hver sé meginstefna Alþ. varðandi staðgreiðslukerfi skatta, sem nú liggur hér fyrir till. um. Ég tel, að stefna beri ákveðið að því, eftir því sem mögulegt er, að afnema smáskatta og reyna að fækka skattstofnum. Það eru milli 20 og 30 alls konar sérstök gjöld, sem renna að vísu til tiltekinna þarfa. Sum eiga rétt á sér, en sum eiga sáralítinn rétt á sér, og sum gefa raunar ákaflega litlar tekjur, en valda mikilli fyrirhöfn. Og þetta álít ég, að væri mjög nauðsynlegt, þ. e. að koma sem flestu af þessum gjöldum fyrir í öðru og einfaldara skattformi.

Ég hef áður vikið að almannatryggingagjöldum og sjúkratryggingagjöldum, sem oft hafa verið til umr., einkum varðandi það, hvaða kvaðir það leggur á heimilin, eftir að hætt er að borga barnalífeyri við 16 ára aldur, þegar þessir skattar einmitt lenda svo á unglingunum og oftast nær beinlínis þá á foreldrunum í stað þess, að ári áður er sérstakur barnalífeyrir greiddur. Þetta er einnig mál, sem þarf að taka til athugunar. Ég hef getið um það áður, að ég tel, að bætt aðstaða aldraðra þurfi að eiga sér stað á vegum tryggingakerfisins, og svo að sjálfsögðu á vegum lífeyrissjóðanna, sem verður að stefna að, að nái til allra landsmanna og eru nú á góðri leið með það, eftir að settir hafa verið almennir lífeyrissjóðir fyrir verkamenn og bændur.

Þá vil ég aðeins varpa því fram — ekki sem skoðun minni, en því, sem ég tel vera mikið íhugunarefni, hvort ekki sé jafnvel tímabært að breyta skattstigum. Þeim hefur verið fækkað mikið við þá endurskoðun, sem gerð var á skattalögum og útsvarslögum — sérstaklega þó eftir 1960. En spurningin er, hvort ekki má fækka þeim enn og e. t. v. jafnvel hafa einn skattstiga, ef persónufrádrátturinn er það hár, að hann nægi til þess að rúma almennar lágmarks nauðþurftatekjur. Það hefur oft verið talað um það nú, sem ekki er alveg rétt, að skattheimta sé nú 57% af tekjum, þegar þær komast í visst hámark. Þetta eru ekki nema 51% að vísu, og það er vegna þess, að þar koma til frádráttarbær útsvör, sem verður að reikna þar á móti og jafnast frá ári til árs, þannig að eitt árið greiða

menn hátt útsvar, en fá svo meiri frádrátt árið eftir, en þetta er auðvitað mjög gallað fyrirkomulag og veldur miklum erfiðleikum, bæði fyrir útsvarsgreiðendurna og einnig fyrir sveitarfélögin.

Þá er eitt atriði, sem ég vil láta koma fram ákveðið sem mína persónulegu skoðun, að ég álít, að það eigi að stefna að tvísköttun hjóna — algerlega, þannig að ekki verði eingöngu miðað við það, að eiginkonan vinni utan heimilis, og sú takmörkun, sem hér er gert ráð fyrir á frádráttarréttinum — þó að hann vissulega eigi að vera nokkur og það eigi fullan rétt á sér, að tekið sé tillit til hans, ef kona aflar fjár utan heimilis — geti ekki verið stefnan til frambúðar, heldur hljóti hún að verða sú að fá hér að fullu skiptingu á milli, þannig að heildartekjur heimilisins deilist á milli hjónanna. Ástæðan til þess að þetta er ekki sett fram í frv., er sú, að þá þarf að endurskoða skattstigana og gera ýmsar aðrar breytingar, og þess vegna tel ég, að það sé mikils virði að fá um það skoðun þingsins í nál. eða umr., hvert viðhorfið er til þessarar breytingar, sem vissulega hefur grundvallarþýðingu.

Þá er eitt atriði, sem ég tel, að þurfi að íhuga, en er mjög erfitt að setja reglur um og er ekki gert ráð fyrir í þessu frv. á þessu stigi, að sé gert. Það er spurningin um vaxtafrádrátt, hvort hann á að vera takmarkalaus, eins og nú er gert ráð fyrir, eða hvort eigi að miða vaxtafrádráttinn við eitthvert eðlilegt skuldamagn hjá einstaklingum. En hér kemur til sögunnar sérstakt atriði varðandi fyrirtækin og það vandamál, hvort hægt er að girða þar alveg fyrir misnotkun á þessu ákvæði; það skal ég ekki um segja. En þetta er atriði, sem er tímabært að taka til íhugunar.

Herra forseti. Ég hef því miður orðið nokkuð langorður, en ég taldi nauðsynlegt á þessu stigi að útskýra ekki aðeins frv., heldur einnig gera grein fyrir í stórum dráttum þeim hugleiðingum varðandi skattamálin og framhaldsendurskoðun þeirra, sem uppi hafa verið, vegna þess að ég tel það grundvallaratriði og nauðsyn fyrir hið háa Alþ. að gera sér grein fyrir þessum atriðum öllum, þegar þetta mál er tekið til meðferðar — að vísu ekki vegna þess, að þessi afstaða til allra þeirra atriða, sem ég hef hér rætt um og talið upp, skipti meginmáli í sambandi við frv., eins og það liggur fyrir, heldur hitt, að heildarstefnan í skattamálum tel ég, að verði að vera sú, að skattlagning sé innan hóflegra marka, en þó að því marki, sem menningarþjóðfélag krefst, en samtímis verði að gæta þess, að skattarnir komi bæði sanngjarnlega niður og ekki síður að skattkerfið sé með þeim hætti, að það verði ekki óeðlilega kostnaðarsamt og dýrt í framkvæmd. Okkar skattkerfi er það, og það ber brýna nauðsyn til að beina allri sinni atorku að því að einfalda það, svo sem ég hef áður getið um, að ég hafi falið skattalaganefndinni að gefa mjög ítarlega gaum að. En skattalaganefndin sjálf vill gjarnan fá viðbrögð við ýmsum þeim hugleiðingum, sem ég hef hér getið um, til þess að átta sig á því, hvaða brautir eigi að ganga. Ég geri ráð fyrir, að út af fyrir sig sé enginn ágreiningur hér á hinu háa Alþ. um nein þau stefnumið, sem ég hef lýst í erindisbréfum þeim, sem skattalaganefndin hefur fengið, þó að það megi vafalaust deila endalaust um það, hvernig nákvæmlega eigi að nálgast þessi markmið. Og það er það atriði, sem ég býst við, að verði til umr. hér á Alþ., en ekki deila um meginstefnuna.

Það er einnig mikilvægt og það er þáttur í að hafa skattalögin einfaldari, að þau byggist á almennum grundvallarreglum, en ekki alls konar undanþágum og sérreglum, sem því miður er allt of mikið af í dag.

Herra forseti. Ég skal ekki þreyta hv. þdm. á lengra máli, en ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. vék í lok ræðu sinnar almennt að skattkerfinu í heild og ýmsum atriðum þess. Þær hugleiðingar hans voru á margan hátt athyglisverðar, og ég get tekið undir ýmis atriði, sem þar komu fram hjá honum eins og t. d. um tvísköttun hjóna, en þetta yfirlit, sem hæstv. ráðh. dró upp í ræðulokin, var mér ný sönnun þess, að heppilegasta vinnuaðferðin í þessu máli sé að endurskoða skattkerfið í heild eins og þegar er byrjað á, en taka ekki sérstaklega út úr einstaka þætti þess, eins og hér er gert, og afgreiða þá sérstaklega, nema um alveg nauðsynlegar tímabundnar breytingar sé að ræða. Við höfum talsverða reynslu af þessu í sambandi við fræðslulöggjöfina, sem hefur verið til endurskoðunar á undanförnum árum. Það hafa verið tekin út úr henni viss atriði og þau endurskoðuð, en það hefur svo komið í ljós eftir 1—2 missiri, að þetta var orðið ófullkomið vegna endurskoðunar á öðrum atriðum og þess vegna varð að taka þessi mál fyrir að nýju. Ég nefni t. d. menntaskólafrv. eða menntaskólalögin, sem voru afgreidd á síðasta Alþ. Undirbúningur þeirra virtist vera mjög rækilegur, og þetta mál lá fyrir tveimur þingum, en samt heyrum við það nú í sambandi við frv. um menntamál, sem liggja fyrir Alþ., að það sé orðið nauðsynlegt að endurskoða menntaskólalögin að nýju og taka þau fyrir hér á Alþ. mjög fljótlega.

Eins og kom fram í ræðu hæstv. ráðh., á þetta frv. rætur sínar að rekja til aðildar Íslands að EFTA. Í tilefni af aðild Íslands að EFTA þótti eðlilegt og sjálfsagt að láta fara fram athugun á því, hvort íslenzk fyrirtæki byggju við lakari skattakjör en sambærileg fyrirtæki í EFTA-löndunum, og að gera breytingu á skattlagningu fyrirtækja hér á landi með tilliti til þess, að skattakjörin yrðu ekki lakari hér en í hinum EFTA-löndunum. Á þessu máli fór fram allmikil athugun, en eins og kom fram í ræðu hæstv. ráðh., reyndist allur samanburður í þessum efnum frekar erfiður, vegna þess að bæði eru skattaákvæði mismunandi í einstökum löndum og aðstaða fyrirtækja líka misjöfn. Þetta gerir allan samanburð erfiðan, en niðurstaðan varð

samt sú í stuttu máli, að skattakjör fyrirtækja hér á landi mundu ekki vera lakari almennt en fyrirtækja í umræddum löndum og þó sízt af öllu í sambandi við tekju- og eignarskattinn. Það virtist koma helzt í ljós, að það væri munur á fyrningarreglum hér og í þessum löndum og íslenzk fyrirtæki byggju við óhagstæðari aðstöðu í þeim efnum að vissu marki. Þetta virtist þó ekki stafa nema að nokkru leyti af skattalögunum sjálfum, heldur af því, að þær tíðu gengisfellingar, sem hér hafa verið, hafa á margan hátt kippt fótum undan þeim reglum, sem eru um fyrningar í núgildandi skattalögum, og þess vegna var nauðsynlegt að endurskoða skattalögin með tilliti til fyrningarákvæðanna. Á þetta hefur verið bent af okkur framsóknarmönnum. Bæði var flutt frv. á þingi í fyrra og aftur nú á þessu þingi um það að miða fyrningar við endurkaupsverð, en það mundi verða mikilvæg lagfæring einmitt í sambandi við það atriði, sem ég minntist nú á.

En niðurstaðan varð sem sé sú af þessari athugun, að skattakjör fyrirtækja hér væru yfirleitt ekki lakari en í EFTA-löndunum og jafnvel að sumu leyti hagstæðari, a. m. k. í sambandi við tekju- og eignarskattinn. Það má líka segja í stuttu máli um það frv., sem hér liggur fyrir, að það breytir ekki verulega aðstöðu fyrirtækjanna skattalega séð, þannig að ég held, að það megi nokkurn veginn fullyrða, að skattakjör þeirra mundu ekki breytast neitt að ráði til batnaðar, nema síður sé, með því frv., sem hér liggur fyrir, og skal ég gera nokkurn samanburð á því.

Mér virðist t. d. við lauslega athugun, að tekjuskatturinn, sem fyrirtækin eiga að greiða, muni vera nokkuð svipaður samkv. þeirri reglu, sem hér er tekin upp, og samkv. þeim ákvæðum, sem eru í skattalögum nú. Ákvæðin í skattalögum nú eru þannig, að fyrirtæki fær skattfrjálsan frádrátt frá tekjum allt að 10% af hlutafé eða stofnfé, sem takmarkast við útborgaðan arð, og auk þess fær það að leggja 25% skattfrjálst í varasjóð. Á það, sem eftir er, eru lögð 20%, en það svarar til þess, að fyrirtækið greiði um 13% skatt af hreinum tekjum — skattskyldum tekjum. Samkv. því frv., sem hér liggur fyrir, er reiknað með, að fyrirtækið greiði 15% í skatt af því fé, sem fer til arðsúthlutunar eða leggja í arðjöfnunarsjóð. Það má reikna með því, að félögin fylgi yfirleitt þeirri reglu, en þar sem þessi 15% verða frádráttarhæf, þá eru það raunverulega um 13%, sem fyrirtækið greiðir í skatt af skattskyldum tekjum eða hreinum tekjum eða svo að segja sömu upphæðina og það greiðir samkv. gildandi skattalögum, þannig að í sambandi við tekjuskattinn er engin breyting — eða svo sýnist mér — á stöðu félaganna með þessu frv. frá því, sem er í gildandi skattalögum. Þetta helzt nokkurn veginn óbreytt.

En það er að vísu rétt, að eignarskatturinn lækkar verulega á fyrirtækjum samkv. þessu frv., en eignarskatturinn er nú lítið tilfinnanlegur tekjustofn, eins og sést á því, að í fjárl. er reiknað með því, að heildartekjur ríkissjóðs af eignarskatti á fyrirtækjum verði ekki nema 50 millj. kr. á þessu ári, svo að þar er ekki um neina stóra upphæð að ræða; þó að þessi skattur lækki eitthvað eru ekki í því fólgin nein sérstök hlunnindi fyrir fyrirtækin. Það eru margir aðrir skattar, sem eru alveg eins tilfinnanlegir og eignarskatturinn eða jafnvel fremur, t. d. smáskattar, sem hafa verið lagðir á og eru orðnir nokkuð stórir núna. Það má t. d. minna á það, að iðnlánasjóðsgjaldið, sem iðnfyrirtækin greiða, er áætlað, að nemi 40 millj. kr. á þessu ári eða nærri því jafnhárri upphæð og eignarskatturinn allur.

Þó að verulegar breytingar séu gerðar á fyrningarreglum, þá leiða þær ekki til þess í heild, að fyrirtækin fái öllu betri aðstöðu til fyrningar. Það kemur fram hér einmitt í grg. frv., að staða sjávarútvegs, fiskiðnaðar og samgangna verði nokkurn veginn óbreytt í þessum efnum, en hitt er rétt, að aðstaða verzlunar og iðnaðar batnar. Í grg. frv. segir svo um þetta atriði á bls. 14, með leyfi hæstv. forseta:

„Gildandi lög leyfa mjög öra fyrningu af ýmsum tegundum eigna, svo sem skipum, fiskvinnslustöðvum, flugvélum og fleiri eignum. Eru þær fyrningarheimildir, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, einungis litlu rýmri að því er þessar eignir varðar en gildandi lög gera ráð fyrir."

Þannig að gagnvart þessum atvinnurekstri er hér ekki um neinar stórfelldar breytingar að ræða — eða a. m. k. mjög litla breytingu í þá átt að bæta aðstöðu þessara atvinnugreina, og það halda jafnvel sumir því fram, að t. d. aðstaða sjávarútvegsins batni ekki. Aftur á móti er það rétt, að fyrningaraðstaða verzlunar- og iðnaðarfyrirtækja verður betri samkv. frv. en hún er nú. En ef framlengt er t. d. bráðabirgðaákvæði, sem sett var í lög í fyrra, má segja, að það sé kannske ekki um mjög stórfellda breytingu hjá þessum aðilum að ræða, þannig að það skipti mjög miklu máli. En þó get ég lýst því sem minni skoðun, að ég mundi telja, að það væri heppilegt að setja nýjar fyrningarreglur og láta það ganga fyrir öðrum endurbótum á skattalöggjöfinni og þá fyrst og fremst með tilliti til þeirra gengislækkana, sem hér hafa orðið á undanförnum árum og hafa eiginlega kippt grunninum undan þeim fyrningarreglum, sem eru í núgildandi skattalögum, nema eitthvert tillit sé tekið til þess, hversu mjög endurkaupsverðið hefur hækkað frá því, sem gert er ráð fyrir í afskriftum margra fyrirtækja.

Þá er komið að mikilvægu atriði, sem varðar fyrirtækin og ég dreg mjög í efa, að sé til bóta, nema síður sé. Það er lagt til, að varasjóðirnir verði alveg felldir niður, en eins og ég gat um áðan, þá hafa fyrirtæki nú rétt til þess að draga frá 25% af hreinum arði og leggja í varasjóð, sem verður fastur í fyrirtækinu, nema um taprekstur sé að ræða, þá má nota varasjóðinn til að greiða hann. Ákvæðin um varasjóðshlunnindin voru sett á sínum tíma, til þess að fyrirtækin gætu byggt upp sitt eigið fjármagn, en það hefur kannske einna helzt skort á í íslenzkum atvinnurekstri, að fyrirtækin gætu

komið sér upp eigin fjármagni. Varasjóðirnir hafa komið að mjög verulegu haldi í þeim efnum, þó að hins vegar hafi hinar tíðu gengisfellingar, sem hér hafa orðið á undanförnum árum, orðið til þess að rýra mjög gildi þeirra. En það er ekki löggjöfinni sjálfri að kenna, og hið sama mundi náttúrlega eiga sér stað, þó að einhverjum öðrum sjóðum yrði komið upp við fyrirtækin, t. d. arðjöfnunarsjóði, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. En það, sem á að koma í stað varasjóðsins og vega upp á móti honum, er það, að félögin eiga að hafa heimild til þess að borga út ótakmarkaðan arð eða leggja hann í arðjöfnunarsjóð, og manni skilst, að það sé þá fyrst og fremst arðjöfnunarsjóður, sem eigi að koma fyrirtækjunum að því haldi, sem varasjóðurinn var áður. En eins og frá frv. er gengið, þá er engin trygging fyrir því, að það verði nokkurt fé lagt í arðjöfnunarsjóðinn, heldur verði allur arðurinn borgaður út.

Jafnframt er það ákvæði í frv., að þetta varasjóðsframlag, sem greitt er, megi ekki vera í sjóðnum lengur en í 5 ár. Þá verður það skattskylt að nýju, og verður þá að borga af því 20% tekjuskatt, þannig að það má telja nokkurn veginn víst, að þetta fé verður aldrei inni í arðjöfnunarsjóðnum — það, sem í hann verður lagt — nema 5 ár í senn. Og það er ekki nein trygging fyrir því, að hann verði t. d. jafnstór og varasjóðirnir ættu þó að verða, ef sú heimild verður notuð, og þess vegna er samkv. þessu minni trygging fyrir því, að það safnist eitthvert fé fyrir í fyrirtækinu, sem það geti notað í rekstur sinn. Það er að vísu rétt, að það er reiknað með því, að það komi hér í staðinn, að vegna þess að leyfð sé há útborgun á arði og svo sérstök skatthlunnindi í sambandi við það, þá verði menn fúsari til að kaupa hlutabréf í félögunum en áður var og þannig fái félagið eigið fjármagn til umráða. En eins og játað er í grg. frv. á bls. 27, þá er ekki nein trygging fyrir því, að svo verði, að aukin hlutabréfakaup komi í stað varasjóðsins. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það var meginsjónarmið í nefndu frv. að efla áhuga manna á því að leggja fé í hlutafélög, en slíkt er óhugsandi, nema arðgreiðslur geti verið verulegar. Það er að vísu matsatriði, að hve miklu leyti innstreymi fjár í hlutafélög með aukinni hlutafjársöfnun kemur í stað útstreymis í formi arðgreiðslna, ef þessi leið er farin, en svo virðist sem skoðanir manna og reynsla í nágrannalöndunum bendi til þess, að sú stefna, sem mörkuð var með frv., væri til nokkurra bóta."

Ég álít, að það sé rétt af þeim, sem hafa samið þessa grg. að orða þetta með slíkri varfærni. En það, sem maður veit, er það, að varasjóðurinn hverfur og það 25% framlag, sem í hann hefur farið, en í staðinn kemur arðjöfnunarsjóður, sem er alveg óljóst, hver muni verða. Það getur farið svo, að hann verði sama og enginn vegna þess, að félögin noti sér heimildina til að borga arðinn allan út eða tekjurnar allar. Þetta fé á ekki að staðnæmast hjá fyrirtækinu nema í 5 ár — það, sem lagt er í arðjöfnunarsjóðinn — sem þýðir það, að það verður þá skattskylt að nýju, og það þýðir það að sjálfsögðu, að það verður þá borgað út sem arður, ef ekki þarf að nota það í tapgreiðslur, en arðjöfnunarsjóð má nota á tvennan hátt, þ. e. til þess að greiða arð og til þess að mæta tapi. En ef tap verður ekki, þá má reikna með því, að arðjöfnunarsjóðurinn verði borgaður út sem arður á þennan hátt, þegar 5 ára tímabilinu lýkur.

Ég óttast það mjög, að þessi nýja aðferð, sem hér er tekin upp, verði ekki til þess að auka fjármagn hjá fyrirtækjunum, heldur miklu síður, og fólgin sé meiri trygging í varasjóðsleiðinni og frekar ætti að styrkja hana. Og ég hygg, að það komi líka fram í áliti margra skattfróðra manna, að þeir séu tortryggnir á þessa nýju leið. Ég sé það í þeim plöggum, sem hafa legið fyrir n., að ríkisskattstjóri, sem er manna kunnugastur þessum málum, er með hugmyndir um það, að því er mér skilst, að í stað arðjöfnunarsjóðs eða við hliðina á honum komi sérstakur fjárfestingarsjóður hjá fyrirtækjunum, og það álít ég hugmynd, sem mjög eigi að taka til athugunar í sambandi við þessi mál, því að ef við ætlum að byggja upp heilbrigðan og traustan atvinnurekstur í landinu, þá verðum við að miða að því, að sem mest safnist fyrir af fjármagni hjá fyrirtækjunum, eins og ætlunin er með varasjóðnum og átt hefur sér stað með honum. En engin trygging er fyrir því með því að fara út á þá braut, sem hér er gert ráð fyrir, að það seljist svo eða svo mikið af hlutabréfum, vegna þess að arðurinn sé aukinn. Og sízt af öllu finnst mér, að það sé trygging fyrir þessu, ef engin breyting á sér stað á hlutafélagalögunum. Ég held, að þetta geti ýtt undir það, að hlutafélögin — sérstaklega þau, sem gefa sæmilegan arð — lokist og eigendurnir haldi fast í þau hlutabréf, sem fyrir eru, og leyfi ekki sölu á nýjum bréfum, þegar meiri hluti hefur náðst.

Þetta liti strax öðruvísi út, ef hlutafélagalögunum yrði breytt þannig, að þau félög, sem nytu þessara hlunninda, væru skyldug til þess að hafa stöðugt til sölu hlutabréf á opnum markaði — á kaupþingi. Þess vegna finnst mér það, að sé farið á annað borð inn á þá braut, sem hér er lagt til, þá þurfi alveg jafnhliða að koma fram gagnger endurskoðun og breyting á lögum um hlutafélög og sú breyting verði að vera fólgin í því, að þau verði opnuð, en nú eru langsamlega flest hlutafélög lokuð og sérstaklega þau, sem skila sæmilegum arði, vegna þess að þeir aðilar, sem eiga hlutabréfin í þessum félögum, vilja ekki sleppa þeim og vilja ekki hleypa nýjum hluthöfum að.

Það kemur svo til viðbótar, að samkv. þessu frv. er lagður nýr skattur á eitt rekstrarformið, sem fyrir er í landinu, þ. e. samvinnufélögin, en í 19. gr. er gert ráð fyrir því, að þau verði að borga skatt af vöxtum, sem þau greiða þeim, sem eiga fé í stofnsjóði. Slíkur skattur er ekki til nú, og hann getur reynzt mjög verulegur — a. m. k. hjá þeim félögum, þar sem er um verulega stofnsjóði að ræða. Ég vil nú ekki halda því fram, að hér sé raunverulega um

neinn ásetning að ræða í því að skattleggja samvinnufélögin með þessum hætti, heldur held ég, að þetta stafi af einhverjum misskilningi og þetta muni þess vegna verða leiðrétt í n., ef niðurstaðan verður sú, að frv. nái fram að ganga. En náttúrlega gildir alveg sama um vexti, sem félag greiðir af innstæðu í stofnsjóði, og af fé annarra aðila, sem það hefur með höndum.

Niðurstaða mín er sem sé í stuttu máli sú um þetta frv., að í því séu ekki fólgnar neinar þær breytingar, sem bæti að ráði aðstöðu atvinnufyrirtækjanna skattalega séð frá því, sem nú er, nema síður sé, og þar á ég við þá breytingu að fella niður varasjóðina og auka arðsúthlutun og framlag í arðjöfnunarsjóð. Ég dreg það mjög í efa, að það muni reynast til bóta fyrir fyrirtækin, og a. m. k. er ástæða til þess, að fyrirtækjunum, bæði í einkarekstri og samvinnurekstri, verði gefinn kostur á að skoða þetta atriði mjög niður í kjölinn, áður en Alþ. mótar endanlega stefnu í sambandi við það. Ég hef orðið var við það, að hjá ýmsum fyrirtækjum ríkir ótrú á þessari nýju leið. Ég efa það ekki, að það vakir fyrir hæstv. fjmrh. og þeim, sem hafa samið þetta frv., að stuðla að því, að þetta verði til þess að auka fjármagn hjá fyrirtækjunum. En ég dreg hins vegar í efa, að þeir hafi komizt að réttri niðurstöðu í þeim efnum og þess vegna sé ástæða fyrir þá að íhuga málið að nýju — til þess þá líka að hafa nægan tíma, vegna þess að það er hvort sem er ekki gert ráð fyrir því, að þetta frv., þó að það verði að l. nú, taki gildi fyrr en á næsta ári, og þess vegna þyrfti það ekki að tefjast neitt við það, þó að a. m. k. meginatriði þess væru látin bíða haustþingsins og endanleg afstaða tekin þá.

Þetta er það, sem mér finnst ég vilji segja um fyrirtækin í sambandi við þetta frv. En ég kem þá að því, sem mér finnst í raun og veru, að sé meginefni frv. — því, sem hafi í sér fólgna mesta stefnubreytingu frá því, sem nú er. Það er í fyrsta lagi það, að gert er ráð fyrir, að hlutabréfaeigendur fái arð, sem þeir fái greiddan — að vissu marki skattfrjálsan. Einstaklingar eiga að fá slíkan arð skattfrjálsan allt að 30 þús. kr., og hjón eiga að fá hann skattfrjálsan — 60 þús. kr. hjá hjónum og 15 þús. kr. á barn. Í öðru lagi, sem ég reyndar er búinn að víkja að áður, er gert ráð fyrir að auðvelda félögum að stórauka arðgreiðslur frá því, sem nú er. Það er stefnt að því. Og þetta tvennt verður til þess og á að verða til þess að stórbæta aðstöðu þeirra, sem eiga hlutabréf, og er að sjálfsögðu vafalaust gert til að örva sölu á hlutabréfum, en verður samt til þess að skapa þessum mönnum sérstaka forréttindaaðstöðu, þannig að þeir fá þarna verulegar tekjur — arð af hlutabréfum skattfrjálsan auk þess, sem á að hækka arðinn.

Rökin fyrir þessu eru þau, að það eigi að gefa sem sambærilegasta aðstöðu hlutafjár og sparifjár, en ég held, að það sé mjög rangt í þessu tilfelli að bera saman aðstöðu hlutafjár og sparifjár, enda minnist ég þess, að þegar einn af greindustu hagfræðingum landsins las plagg um þetta efni, þá varð honum að orði: „Ég held, að þetta sé nú bara ekki prenthæft hjá félögum mínum," og svo hló hann mikið á eftir. En þetta liggur í því, sem öllum ætti að vera ljóst, að hlutafé heldur verðgildi sínu, þó að verðbólga aukist, því að eignirnar, sem standa á bak við það, hækka að sama skapi. Ef verðbólga aftur á móti á sér stað, rýrnar sparifé. Verðbólgan rýrir ekki gildi hlutafjárins, heldur helzt það stöðugt eftir sem áður með tilliti til þess, að þær eignir, sem eru á bak við það, aukast að verðgildi, a. m. k. krónulega séð á sama hátt. Aftur á móti verður óumdeilanlega rýrnun á sparifénu. Og það er þessi mikli munur, sem menn verða að gera sér grein fyrir í þessu sambandi.

Svo er ekki búið verr að hlutafénu en svo, að samkv. gildandi l. fá fyrirtæki rétt til að draga frá af hreinum tekjum 10% af hlutafé eða stofnfé. Það þýðir það, að þau geta skattfrjálst borgað 10% vexti af hlutafénu. Aftur á móti eru almennir innlánsvextir nú í bönkum ekki nema 7% og hæst 9%. Þannig að hvað þetta snertir, er jafn vel séð fyrir þeim. Það er alveg rétt, sem hæstv. ráðh. skaut inn í, að þessir vextir af hlutafénu eru skattskyldir, en hlutabréfin eru ekki skattfrjáls eins og sparifjáreign, og þar kemur til sögunnar þessi mikli munur, sem ég minntist á áðan, að á verðbólgutímum, eins og hér hafa verið, rýrnar hlutafé ekki að verði, þó að verðbólga aukist, en aftur verður óumdeilanlega mikil rýrnun á sparifénu.

Það má vel vera — og ég skal ekki mæla beinlínis á móti því, að það sé ekki rétt að bæta aðstöðu hlutabréfaeigenda að einhverju leyti. En ég álít það fjarri öllu lagi að ætla að leggja aðstöðu þeirra til jafns við þá aðstöðu, sem sparifjáreigendur þurfa við að búa. Eins og ég sagði nú áðan, þá getur það komið til athugunar að einhverju vissu marki að bæta aðstöðu hlutafjáreigenda, en ég tel mér ekki fært að fylgja því að veita hlutabréfaeigendum skattfrjálsan frádrátt á arði af hlutabréfum á sama tíma og skattþegnum almennt og þá sérstaklega launafólki er ekki skammtaður hærri frádráttur en gert er ráð fyrir í þessu frv., og mun ég nú víkja nánar að því.

Eins og hæstv. fjmrh. minntist á, var það loforð núv. ríkisstj., þegar hún kom til valda, að almennar launatekjur skyldu vera skattfrjálsar. Hvernig er nú staðið við það í þessu frv.? Jú, samkv. þeim frádráttum á skattstigum, sem þar eru ákveðnir, þá lítur þetta þannig út, að af því, sem er umfram 185 þús. kr. skattskyldar tekjur, þá verður skattgreiðandi að greiða 30% í útsvar og 9% í skatt eða um 40%. M. ö. o. af þeim skattskyldum tekjum, sem eru umfram 185 þús. kr., verður hann að greiða um 40% í skatt samkv. þeirri reglu, sem er mótuð í þessu frv., eða skattstigum og frádráttarreglum, sem eru í þessu frv. Af því, sem er umfram 250 þús. kr. skattskyldar tekjur, á að greiða 30% í útsvar og 18% í tekjuskatt eða samanlagt 48%. Og loks af því, sem er umfram 292 þús. kr. skattskyldar tekjur, greiðast 30% í útsvar og 27% í tekjuskatt eða samtals 57%. Menn þurfa ekki að hafa í skattskyldar tekjur nema

185 þús. kr. til þess að greiða 40% af því í útsvar og tekjuskatt, og ef þeir komast upp í 250 þús. kr. skattskyldar tekjur, þá verða þeir að greiða 40% af því, sem eftir er, og eru áður búnir að greiða verulega upphæð samt, og af því, sem er umfram 292 þús. kr., verða menn að greiða 57% í útsvar og tekjuskatt.

Nú skulum við íhuga, hvernig muni verða háttað tekjum hjá láglaunastéttum landsins, og ég hef hér til samanburðar skýrslur Hagtíðinda um brúttótekjur á árinu 1969. Ég ætla aðeins að nefna sem dæmi eina stétt, og það eru ófaglærðir verkamenn í fiskvinnslu. Hagstofan hefur yfirlit yfir framtöl 1145 framteljenda, og af þeim hafa á árinu 1969 — ég tek fram, að hér er eingöngu um að ræða kvænta framteljendur. — Ég verð að biðjast afsökunar. Ég hef hérna ruglazt á línu og verð þess vegna að endurtaka þetta. Í Hagtíðindum er að finna yfirlit yfir framtal kvæntra verkamanna við fiskvinnslu eða starfsmanna við fiskvinnslu. Þetta yfirlit nær til 1614 framteljenda, og af þeim hafa 663 haft á árinu 1969 brúttótekjur á milli 250—349 þús. kr., en 356 hafa haft tekjur yfir 350 þús. kr. og meira. Hér er að sjálfsögðu um brúttótekjur að ræða, en ekki skattskyldar, og kemur þess vegna fleira til frádráttar. Nú er reiknað með því í fjárl., að tekjur hafi almennt orðið 20% hærri á síðasta ári en árinu 1969, og e. t. v. hafa þær orðið enn meiri vegna þess, að atvinnuástandið hefur verið betra og menn þess vegna haft meiri vinnu en á hinu árinu. En mér sýnist, að það sé ljóst samkv. þessu, að svo að segja öll sú kauphækkun, sem menn hafa fengið á síðasta ári, muni lenda a. m. k. í 40% samanlögðum tekjuskatti og útsvari og í langflestum tilfellum mun leggjast á þetta 57% sameiginlegur skattur, þ. e. tekjuskattur og útsvar, þannig að tekinn sé í langflestum tilfellum um það bil helmingur af þessari launauppbót, sem þeir fengu á síðasta ári, í skatt á þessu ári og í mörgum tilfellum talsvert meira.

Meðan láglaunafólki er ekki skammtaður meiri frádráttur en hér er gert ráð fyrir eða hagstæðari skattstigar, þá finnst mér, að það sé ekki hægt að vera því samþykkur, að hlutabréfaeigendur fái verulega aukinn frádrátt umfram aðra á sínum tekjum, eins og gert er ráð fyrir í frv. Mér finnst, að það væri lágmarkskrafa, ef ætti að fara inn á þá braut að bæta hlutabréfaeigendum þetta upp, þá yrði a. m. k. að veita hinum almenna skattgreiðanda og ekki síst láglaunafólkinu hagstæðari kjör en gert er ráð fyrir í þessu frv. Það geta nú allir líka séð, hversu fjarstætt það er, að ríkisstj. standi við það loforð sitt að undanþiggja almennar launatekjur skatti, þegar skattþegnar verða að borga 40% skatt af öllu því, sem er umfram 185 þús. kr., 48% skatt af öllu því, sem er umfram 250 þús. kr. skattskyldar tekjur, og 57% af því, sem er umfram 292 þús. kr. skattskyldar tekjur. Hér er um tekjur að ræða, sem láglaunafólk í landinu yfirleitt hefur og þarf að hafa, ef það á að geta lifað við mannsæmandi lífskjör. Þess vegna fer svo fjarri því, að samkv. þessu frv. sé staðið við þetta fyrirheit ríkisstj. að undanþiggja almennar launatekjur skatti. Þær eru skattlagðar eins og hátekjur, eins og hér er gert ráð fyrir. Og mér finnst, að hæstv. ríkisstj. geti ekki boðið upp á það, að meðan hún býr ekki betur að láglaunafólkinu en þetta, veiti hún hlutabréfaeigendum alveg sérstök frádráttarhlunnindi, jafnvel þó að það gæti átt rétt á sér að einhverju leyti undir öðrum kringumstæðum.

En það er þetta, eins og ég er búinn að víkja að áður, sem er raunverulega höfuðefni í frv., þ. e. að veita hlutabréfaeigendum sérstök skattfríðindi og auka arðtekjur hjá fyrirtækjum til þeirra. Þetta er það, sem má segja, að sé verulega nýtt í frv., og er til marks um þá stefnubreytingu, sem hæstv. ráðh. var að tala um. En mér finnst hún ekki tímabær undir þeim kringumstæðum, þegar búið er jafnilla að láglaunafólki og gert er ráð fyrir með þeim frádráttarreglum samkv. skattstigum, sem eru í frv. Auk þess dreg ég líka mjög í efa, eins og ég hef áður sagt, að þetta verði til þess að auka fjármagn í fyrirtækjunum, heldur óttast ég miklu frekar, að þetta geti orðið til hins gagnstæða.

Í frv. er svo að finna fjöldamörg atriði önnur, eins og hæstv. ráðh. vék að og gerði rækilega grein fyrir. Vafalaust eru ýmis af þessum ákvæðum til bóta, sum umdeilanleg og önnur alls ekki. Eitt af þeim atriðum, sem ég heyri, að mjög er deilt um — og ég skal játa, að ég hef eiginlega ekki næga þekkingu til að dæma um — er, hvort eigi að fella niður sameignarfélagaformið, eins og frv. gerir ráð fyrir. Ég heyri því haldið fram af mörgum mönnum, sem eiga að þekkja vel til þessara mála, að þeir telja sameignarfyrirkomulagið henta vel í vissum atvinnurekstri og samvinnu vissra fyrirtækja, t. d. verktaka, og þess vegna hefði því verið beitt í vaxandi mæli. Hitt er vafalaust rétt, eins og bent er á í grg. þessa frv., að það má finna ýmsa ágalla á þessu fyrirkomulagi, eins og það er nú, og m. a. vegna þess, að það skortir alveg um það lagasetningu. Ég held, að það megi bæta úr þessu með því að setja sérstök lög um sameignarfélögin og það sé hugsanlegt, að það sé réttari leið en leggja þau alveg niður. En með þessu frv. er eiginlega stefnt að því að binda sig alveg við eitt rekstrarform, þ. e. hlutafélögin. Sameignarfélögin eru alveg lögð niður og einkarekstur, þar sem einstaklingur rekur einn fyrirtæki, fær ekki nein þau hlunnindi, sem hlutafélagið fær.

Ég er nú svo mikill einkarekstrarmaður, að ég væri alveg til í það að veita einstaklingi, sem rekur sitt fyrirtæki vel, svipuð hlunnindi og hlutafélag hefur eftir því, sem því verður við komið. Og ég sé t. d., að í þeim till., sem ríkisskattstjóri hefur gert um fjárfestingarsjóðinn, þá virðist mér, að hann geri ráð fyrir því, að ósvikið einkafyrirtæki eigi að fá að mynda sinn eigin fjárfestingarsjóð alveg eins og hlutafélög. Mér skilst á því, sem kemur fram í því, sem ég hef séð frá honum, en hins vegar hef ég ekki séð sjálfar till., sem hann gerði um þetta efni. Hlutafélagaformið á vafalaust við undir mörgum kringumstæðum og er sjálfsagt að veita því eðlileg hlunnindi. En mér finnst, að það sama eigi að gilda

um önnur rekstrarform og hreinan einkarekstur ekkert síður en þau. Ég er eiginlega þeirrar skoðunar, að öll þessi rekstrarform, einkarekstur, hlutafélög, samvinnufélög og ríkisfyrirtæki, eigi að búa við sem jafnasta aðstöðu og fá að keppa innbyrðis og sýna það, hvert hæfast er.

Ég vil einnig benda á það, að þær reglur, sem eru í frv. um skattlagningu söluhagnaðar, eru mjög umdeildar hjá atvinnurekendum og þess vegna væri ærin ástæða til þess að íhuga þær betur. Og sama gildir um fjöldamörg önnur atriði eða ákvæði í frv. Þau eru þannig vaxin, að þau þarfnast áreiðanlega nánari athugunar, og sérstaklega finnst mér, að það eigi að gefa þeim aðilum, sem við þessi lög eiga að búa, þ. e. atvinnurekendunum, og svo að sjálfsögðu líka skattgreiðendum yfirleitt, aðstöðu til að kynna sér vel þær nýjungar, sem frv. fjallar um. Þess vegna fyndist mér það engin goðgá, þó að ýmis meginatriði þessa frv. væru látin bíða og ekki tekin afstaða til þeirra á Alþ., fyrr en við tökum afstöðu til heildarendurskoðunar á skattkerfinu sjálfu, eins og nú er verið að vinna að. Og a. m. k. væri alveg óhætt að láta þetta bíða haustþingsins, þar sem þetta frv., ef að lögum verður, á hvort eð er ekki að taka gildi fyrr en í byrjun næsta árs.

Ég vil svo að síðustu víkja að því, sem hæstv. ráðh. ræddi aðallega í niðurlagi ræðu sinnar og ég er á vissan hátt búinn að taka undir. Ég álít, að hann hafi hafizt handa um mjög athyglisvert verk, þegar hann fól embættismannanefndinni að endurskoða skattkerfið í heild. Ég tel slíka endurskoðun nauðsynlega af mörgum ástæðum, og ég held, að hún þurfi ekki að taka svo gífurlega langan tíma, kannske 1—2 ár — ekki meira. En vegna þess, að þannig er hafin heildarendurskoðun á skattkerfinu, þá finnst mér það mjög vafasamt að taka einstök atriði út úr eins og hér og ætla að setja um þau lög án samhengis við aðrar breytingar, sem kunna að verða gerðar.

Og mér finnst, og ég vil sérstaklega árétta það, sem ég er áður búinn að segja, að meðan hæstv. fjmrh. treystir sér ekki til þess að skammta láglaunafólkinu betri skattakjör en gert er ráð fyrir í þessu frv., þá finnst mér það röng stefna að koma á sama tíma með kröfur um sérstök skattfríðindi fyrir hlutabréfaeigendur, en langflestir þeirra eru áreiðanlega í hópi þeirra manna í þjóðfélaginu, sem frekar verður að telja vel stæða en hitt. Þó að einhverjir láglaunamenn kunni að eiga einhver hlutabréf, þá verður sá frádráttur, sem þeir fá, vafalaust svo lítill, að hann munar þá ekki neinu, og ég hygg, að þeir séu mjög fáir, sem eru svo stórir hlutabréfaeigendur, að þeir muni njóta góðs af ákvæðum þessa frv. Hins vegar getur það alltaf verið nauðsynlegt í sambandi við skattalögin eins og önnur lög, að þó að sjálfur kjarninn sé látinn bíða, þá séu kannske gerðar á þeim aðkallandi breytingar — tímabundnar, og í sambandi við skattalögin finnst mér vera tvö atriði, sem sérstaklega þyrfti að taka til meðferðar hér á þessu þingi og ætti að taka út úr og afgreiða sérstaklega, en það eru leiðréttingar á fyrningarreglunum með tilliti til þeirrar verðbólguþróunar, sem hér hefur verið á undanförnum árum og krefst þess, að það verði gerðar einhverjar breytingar á, þó að ekki verði nema til bráðabirgða eins og í fyrra. Sömuleiðis finnst mér það líka nauðsynlegt í samræmi við það frv., sem hér er flutt, að gerðar séu meiri leiðréttingar á skattvísitölunni en gert er ráð fyrir í þessu frv., þ. e. frádrættirnir verði hækkaðir og skattstigunum breytt þannig, að a. m. k. skattakjör láglaunastéttanna verði verulega betri en þau verða á þessu ári, ef þær reglur ná fram að ganga, sem eru í þessu frv.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð mín fleiri að sinni. En ég vil aðeins láta þá skoðun uppi, áður en ég lýk máli mínu, að ég tel, að hæstv. ráðh. hafi tekið upp rétt vinnubrögð með því að gefa þn. eða mönnum úr þn. kost á því að fylgjast með undirbúningi þessa máls. Ég held, að slíkt ætti að gerast miklu oftar, því að það vill nú vera þannig, að slík mál koma oft ekki inn á þingið fyrr en seint og um síðir — jafnvel ekki fyrr en undir þinglok — og þá hafa þn. takmarkaðan tíma til þess að kynna sér þau, svo að vel sé, en þó að það kunni að vera ýmis ágreiningur, eins og reyndar hefur komið fram hjá mér, um þau atriði, sem eru í þessu frv., þá höfum við, sem erum í stjórnarandstöðunni, haft miklu betri aðstöðu til að átta okkur á þessum atriðum en við hefðum haft, ef við þyrftum að fara að kynna okkur efni þessa frv. fyrst nú.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það eru varla aðstæður til þess hér á þessum fundi að ræða það stóra mál, sem hér er til umr., um breytingar á tekju- og eignarskattslögunum, svo sem ástæða væri þó til, og geri ég ráð fyrir því að segja hér aðeins nokkur almenn orð um málið. Enda kom hér skýrt fram í ræðu hæstv. fjmrh., að hann gerir ráð fyrir því, að þetta mál verði athugað gaumgæfilega í þeirri n., sem fær málið til meðferðar, og þar verði reynt að samræma skoðanir, en hér sé fyrst og fremst um að ræða till., sem hafa komið fram hjá sérstakri embættismannanefnd, sem unnið hefur að samningu þessa frv., og ég skildi hann þannig, að hann sem fjmrh. og hans flokkur væntanlega einnig hefðu þar með ekki tekið fasta afstöðu til ýmissa mikilvægra atriða, sem er að finna í þessu frv. Það liggur sem sé allt fyrir áfram til athugunar, hvernig með skuli fara.

En almennt um málið vil ég segja það, að mér finnst, að embættismannanefndin, sem unnið hefur að því að semja þetta frv., hafi farið svona heldur frjálsum tökum með það að vinna eftir þeirri almennu stefnu, sem henni var mörkuð í starfsbréfi frá hæstv. ráðh. Það er greinilegt, að það er skoðun embættismannanefndarinnar, að það sé í rauninni þörf á því að taka okkar skattalög til rækilegrar endurskoðunar og gjörbreyta þar ýmsum grundvallaratriðum — veigamiklum atriðum — frá því, sem verið hefur, og hennar till. miðast að nokkru við þetta sjónarmið. En boðorðin frá hæstv. ráðh.

voru hins vegar í aðalatriðum þau, að nú skyldi gera endurskoðun á skattalögunum með það fyrir augum fyrst og fremst að reyna að gera skattheimtuna einfaldari og gera ýmis ákvæði skattalaga einfaldari og auðveldari í meðförum en verið hefur. Ég dreg nú mjög í efa, að þessar till., sem embættismannanefndin tekur upp varðandi mjög þýðingarmikil málefni, séu þess eðlis, að þær geri í rauninni framkvæmd þessara mála auðveldari en áður var, hvað sem um þau má nú segja að öðru leyti.

Þá hafði hæstv. ráðh. einnig lagt það til í sínu bréfi, að það yrði tekið til sérstakrar athugunar að breyta skattalöggjöfinni á þá lund, að atvinnurekstur hér á landi ætti ekki að þurfa að bera öllu þyngri opinbera skatta en hliðstæður atvinnurekstur gerir í öðrum EFTA-löndum. Ég lít þannig á líka, að svo eðlilegt sem það er, að hæstv. ráðh. leggi þetta fyrir starfsnefnd, þá sýnist mér, að till. embættismannanefndarinnar séu harla lítið miðaðar við þetta út af fyrir sig, enda hafi það verið skoðun hennar — og ég hygg líka, að það mundi verða skoðun fleiri, sem athuguðu þessi mál — að það væri ekki undan ýkja miklu að kvarta fyrir atvinnurekstur hér á landi í samanburði við skattlagningu í ýmsum öðrum EFTA-löndum miðað við þá löggjöf, sem við eigum við að búa nú — ekki þegar litið er á málin sem heild, þó að vitanlega séu alltaf til einstök undantekningarákvæði í þessum efnum, sem mundu þá kalla í rauninni á minni háttar breytingu.

Þá hafði hæstv. ráðh. einnig lagt það fyrir n. að koma fram með breytingar á skattalöggjöfinni varðandi skattlagningu einstaklinga. Af málinu eins og það liggur nú fyrir frá embættismannanefndinni, er augljóst, að hún hefur ekki komizt yfir þennan þátt málsins. Sá þáttur er í rauninni að mestu leyti eftir.

En eigi að síður kemur embættismannanefndin fram með býsna athyglisverðar skoðanir í þeim till., sem hér liggja fyrir í frv.-formi, og ég tel, að sumt af því, sem þar kemur fram, sé réttilega skoðað hjá embættismannanefndinni og jafnvel til bóta. En í ýmsum öðrum greinum fellst ég ekki á þau sjónarmið, sem ríkjandi hafa verið hjá embættismannanefndinni, og tel þar, að hennar till. stefni í mjög vafasama átt.

Svo að aðeins sé drepið í örstuttu máli á þýðingarmestu breytingarnar, sem hér er um að ræða varðandi skattlagningu félaga — því að þær till., sem hér liggja fyrir, eru nálega einvörðungu um skattlagningu félaga, en hitt eru aðeins minni háttar breytingar, sem fylgja þarna með — þá er að finna í frv. mjög miklar breytingar varðandi fyrningarafskriftir hjá fyrirtækjum frá því, sem í gildi hefur verið í okkar skattalögum um langan tíma. Það er sagt, að þessar nýju fyrningarreglur séu byggðar á því í grundvallaratriðum, að ætlað sé, að allur atvinnurekstur í landinu eigi að búa þar við hliðstæð kjör gagnvart skattalögum, þ. e. að njóta svipaðra fyrningarafskrifta. Eins og þetta kemur hér fram í frv., þá tel ég, að þetta feli raunverulega það í sér, að hinar nýju fyrningarreglur, sem gilt hafa gagnvart langsamlega stærsta og þýðingarmesta atvinnuvegi okkar, þ. e. sjávarútveginum eða öllum greinum hans, séu síður en svo til hagsbóta. Í vissum greinum tel ég þær til hins lakara, enda skal það fyllilega játað, að sjávarútvegsfyrirtækin hafa notið samkv. gildandi skattalögum okkar mikilla fríðinda í sambandi við fyrningarafskriftir. Hitt er hins vegar ljóst, að þessar almennu reglur, sem þarna er gert ráð fyrir að taka upp, mundu þýða í velflestum tilvikum aukin skattfríðindi fyrir t. d. verzlunarrekstur og fyrir rekstur iðnfyrirtækja í vissum tilvikum, en engan veginn í öllum að mínum dómi.

Ég álít það, að reynslan hafi þegar sýnt það, að þær fyrningarreglur, sem í gildi hafa verið, hafa verið tiltölulega rúmar gagnvart atvinnurekstri, enda er sannleikur málsins sá, að atvinnurekstur hér á landi hefur ekki, þegar almennt er á það litið, þurft að greiða til hins opinbera ýkja háa skatta, enda kemur það fram, þegar heildartölur eru skoðaðar hér hjá okkur. Hvað hefur okkar atvinnurekstur borið í opinber gjöld á undanförnum árum t. d. í hlutfalli við það, sem einstaklingar hafa borið? Þá kemur strax í ljós, að heildargreiðslur atvinnurekstrarins í opinber gjöld samkv. skattalögum og samkv. skattlagningu sveitarfélaga, þ. e. í hina beinu skattlagningu, eru ekki háar; þær eru lágar.

Ég vil segja það í sambandi við þessar fyrningarreglur án þess að fara frekar út í það að þessu sinni, að ég tel, að það sé aðeins eðlilegt, þegar fyrningarreglur eru ákveðnar í skattalögum — en þær jafngilda í rauninni í framkvæmd ákveðnum skattfríðindum — að tekið sé fyllilega tillit til þess, hvers eðlis eignirnar eru og atvinnureksturinn, hvort það verður að teljast mjög líklegt, að eignirnar hafi takmarkað verðgildi — kannske aðeins bundið við þann atvinnurekstur, sem eignin þjónar frá upphafi — og hvort veruleg hætta er á því, að eignin verði skyndilega verðlaus eða verðlítil, ef um einhverjar almennar breytingar í atvinnurekstrinum verður að ræða. Og á sama hátt tel ég, að líka eigi að taka tillit til þess, ef atvinnureksturinn er þess eðlis, að ýmsar eignir hans og tæki eru þannig, að það er auðvelt að breyta þeim til notkunar og hafa fullt gagn af þeim til annars en þær höfðu upphaflega verið ætlaðar; þær hafa miklu almennara verðgildi.

Dæmi um þetta, sem ég nú hef verið að nefna, er t. d. eins og stundum hefur verið minnzt á annars vegar — við skulum segja — síldarverksmiðja, sem byggð hefur verið, eða aðrar eignir, þar sem eignin getur tapað verðgildi sínu tiltölulega snögglega og hún verður ekki notuð til margs annars en þess, sem hún upphaflega hafði verið ætluð til. Það var því í rauninni nauðsynlegt að gefa þarna nokkuð ríflegar fyrningarafskriftir vegna áhættu og aðstöðu. En hins vegar má nefna t. d. verzlunarhús, sem hefur nálega fullt gildi, jafnvel þó að verzluninni verði

lokað og þeim rekstri þar hætt. Þar er vitanlega aðstaða öll önnur til þess að halda uppi verðgildi eignarinnar. Og ég álít, svo að hugsað sé út af þessum dæmum, sem ég hef hér nefnt, að það verði og eigi að taka mikið tillit til þessa í sambandi við almennar reglur, sem settar eru um fyrningu. Varðandi þetta mikilvæga atriði í þeim till., sem hér liggja fyrir, þá tel ég sem sé, að hinar nýju reglur, sem eru býsna athyglisverðar á margan hátt, um fyrningu, séu þó þannig, að það þurfi að athuga þær miklu betur, áður en þær verða teknar upp og hinum kastað, sem í gildi hafa verið.

Þá er einnig að finna í þessum till. býsna mikilvægt atriði varðandi skattlagningu félaga, t. d. hlutafélaga, sem eru algengustu rekstrarfélögin, þar sem nú er gert ráð fyrir því að leggja niður varasjóð slíkra félaga og varasjóðshlunnindin, en til þessa hafa hlutafélög mátt leggja í varasjóð 25% af hagnaði sínum, án þess að hann væri skattskyldur, en þó með því skilyrði, að varasjóðurinn héldist örugglega í félögunum áfram. Hér hefur auðvitað tvímælalaust verið um mikil skattfríðindi að ræða til þessa félagsrekstrar. Nú er gert ráð fyrir því að leggja varasjóðinn niður, afnema þessi sérstöku hlunnindi og taka annað upp í staðinn, þar sem er hinn svonefndi arðjöfnunarsjóður.

Ég tel, að þær hugmyndir, sem þar koma fram hjá embættismannanefndinni, séu líka á þá lund, að þær séu á margan hátt varhugaverðar. Þar er gert ráð fyrir því, að öll hlutafélög geti lagt í arðjöfnunarsjóð — ekki aðeins 25%, heldur í rauninni allan hagnaðinn, sem verður á viðkomandi ári, ef stjórnendur fyrirtækisins telja sér það hagkvæmt, því að um þetta gilda sérstakar reglur, hve langt er hægt að ganga í þessum efnum, þegar til lengri tíma tekur, og þá gert ráð fyrir því, að greiddur verði að vísu 15% skattur af því, sem lagt er í arðjöfnunarsjóðinn — 15% skattur til ríkisins, en hins vegar ekkert til sveitarfélaga. Og síðan er það gert mögulegt, að fyrirtækin geti ráðstafað fé úr arðjöfnunarsjóði á miklu auðveldari hátt en þau gátu áður gert, og jafnframt er þeim beinlínis gert kleift að deila út hagnaði úr arðjöfnunarsjóði með þeim hætti, að þeir, sem taka við arðinum og eiga hlutabréfin, þurfi ekki að greiða skatt af þessum arði að vissu marki. Þannig er gert ráð fyrir því, að meðalfjölskylda, t. d. hjón með tvö börn, hafi aðstöðu til þess að taka við arði úr hlutafélagi, sem nemur um 90 þús. kr. á ári, án þess að þurfa að borga nokkurn skatt af slíkum arði. Ég tel fyrir mitt leyti, að þær reglur, sem gengið er út frá, að arðjöfnunarsjóðurinn eigi að starfa eftir, séu á ýmsan hátt þannig, að þær séu varhugaverðar og það þurfi að endurskoða þær. Og mér sýnist, að það sé síður en svo með þessu fyrirkomulagi stefnt að því, sem hæstv. fjmrh. hafði beinlínis lagt fyrir embættismannanefndina að vinna að með sínum till., en það var að reyna að tryggja það, að sem mest af arði rekstrarins yrði áfram í félögunum.

Þá eru einnig í þessu frv. teknar upp nýjar reglur varðandi skattlagningu á hagnaði, sem fram kemur við sölu eigna. Ég játa það, að þarna er tekið á býsna þýðingarmiklu efni, því að það er auðvitað enginn vafi á því, að í ýmsum tilvikum þætti manni eðlilegt, að þeir aðilar, sem sannanlega hagnast verulega á eignasölu, jafnvel þó að þeir hafi verið búnir að eiga viðkomandi eign í nokkur ár, yrðu skattlagðir að einhverju leyti ekki síður en þeir, sem skattlagðir eru vegna beinnar tekjuöflunar. Hins vegar tel ég fyrir mitt leyti, að þær reglur, sem settar eru fram í till. embættismannanefndarinnar, séu þannig, að þær séu mjög óaðgengilegar og hljóti í ýmsum tilvikum að þýða það, að hér verður tekin upp í þessu formi skattlagning á verðbólguhagnaði og ýmsum fyrirtækjum og aðilum verður torveldað að geta komið fram eðlilegum breytingum í sambandi við sínar eignir, þ. e. að selja hið gamla og kaupa aftur nýtt. Ef a. m. k. reglurnar um þetta yrðu nákvæmlega eins og þær eru í þessu frv., þá mundu þær tvímælalaust leiða til þess.

Þessi atriði, sem ég hef hér minnzt á, eru aðalbreytingarnar að mínum dómi, sem varða skattlagningu félaga. Það eru fyrningarreglurnar og ákvæðin um arðjöfnunarsjóðinn og varasjóðinn og um skattlagningu á söluhagnaði. Þetta eru langsamlega veigamestu atriðin, og ég tel, að allar þessar till. þurfi því að athuga miklu betur.

En varðandi breytingar á skattalöggjöfinni vil ég taka það fram, að ég tel, að það sé í rauninni ómögulegt að taka á því máli á raunhæfan hátt, án þess að allir þættir málsins séu í rauninni teknir fyrir allir í senn. Þar á ég við það, að breytingar séu gerðar samhliða á skattlagningu félaga, skattlagningu einstaklinga og tekjumálum sveitarfélaganna. Að gera sjálfstætt breytingu aðeins á einum þessara þátta hér á Alþ. tel ég vera mjög hæpið.

Ég held líka, að þó að það væri hægt, sem ég tel vera hægt, að veita meiri skattfríðindi félögum og einstaklingum en nú er gert í sambandi við skattheimtu ríkisins, þá er engan veginn víst, að það sé raunhæft að veita hliðstæða skattaívilnun gagnvart sveitarfélögunum að öllu öðru óbreyttu. Mér er það t. d. ljóst, að verði enn létt skattgreiðslum af félögum með almennum reglum og hafi það einnig áhrif á tekjustofna eða grundvöll tekjustofnalaganna hjá sveitarfélögum þannig, að félögin þurfa þá að greiða minna til sveitarfélaganna en þau hafa gert áður, þá mundi þetta að óbreyttum öðrum ákvæðum laga þýða það í reynd, að sveitarfélögin mundu hækka álögur sínar að sama skapi á einstaklingunum. Slíka breytingu tel ég ekki eðlilega, eins og nú háttar, nema síður sé.

Ég held, að það sé enginn vafi á því, að hver sá, sem kynnir sér þessi mál vandlega, kemst að raun um það, að flestar tegundir af atvinnurekstri hjá okkur nú borga tiltölulega lítið í beina skatta, bæði til sveitarfélaganna og til ríkisins, svo að það væri síður en svo til bóta að létta þessa skatta, sem eru tiltölulega lágir, og láta það leiða til þess að hækka í reyndinni um leið útsvörin á almennu launafólki í sveitarfélögunum. Ég tel, að það sé enginn vafi á því, að það þurfi að lagfæra mörg ákvæði í gildandi

skattalögum nú og einnig í tekjustofnalögunum. Þar eru ýmis ákvæði, sem eru vægast sagt vafasöm og önnur alveg beinlínis ranglát, og það þarf að reyna að koma þar fram æskilegum breytingum. Enn aðrir þættir þessara skattamála liggja í rauninni fyrir utan bæði tekjustofnalögin sem slík og eins skattalög ríkisins, og má þar nefna t. d. nefskattana, sem hæstv. ráðh. minntist hér á, og ýmis önnur gjöld. Þessi atriði þarf í rauninni öll að taka til endurskoðunar af sömu aðilum og samtímis.

En ég sagði hér í upphafi míns máls, að það væri ekki aðstaða til þess að tala hér langt mál um þessar skattalagabreytingar að þessu sinni, og skal því stytta mál mitt nú. Aðalatriðin í því, sem ég vildi segja hér við þessa umr., eru þessi, að ég tel, að ýmsar þær till., sem fram koma í þessu frv. og snerta skattlagningu félaga, séu þess eðlis, að það þurfi að taka þær til frekari athugunar og ýmis ákvæði þeirra stefni ekki í æskilega átt. Ég tel, að það sé alveg óhjákvæmilegt, að jafnhliða till. varðandi skattlagningu félaga komi hér einnig fram till. um skattlagningu einstaklinga og einnig komi hér fram samhliða till. varðandi tekjustofna sveitarfélaga. Þetta tel ég skipta langsamlega mestu máli.

Svo kemur auðvitað að því stóra máli, sem ég tel eitt það stærsta varðandi breytingar á skattalögum. Það er að bæta lögin þannig, að sérstaklega verði dregið úr möguleikum þeirra, sem fást við atvinnurekstur og eru í ýmsum óeiginlegum störfum eða sjálfs sín húsbændur, á því að skjóta undan tekjum, þannig að þær komi ekki eðlilega til skattlagningar. Það er það, sem valdið hefur mestri óánægju hjá einstaklingunum, að reka sig á það, að hinn almenni launamaður, sem ræður ekki framtali sínu nema að litlu leyti sjálfur, þar sem það eru aðrir, sem svo að segja telja fram fyrir hann, verður að borga skatta nokkurn veginn nákvæmlega af þeim tekjum, sem hann hefur haft. Hins vegar liggur það í augum uppi, að ýmsir aðrir aðilar, sem hafa með höndum stærri eða minni atvinnurekstur eða eru sjálfs sín húsbændur, geta svo að segja skrifað tekjur sínar á blaðið án þess að athuga nokkur gögn, af því að eftirlitið með því, hvaða tekjur þeir hafa raunverulega haft, er afar lítilfjörlegt. Þeir komast því upp með að skjóta undan verulegum hluta af tekjum sínum, og ýmis atvinnurekstrarfyrirtæki hafa þennan möguleika líka í reynd. Ég álít, að það þurfi líka að vinna að því að draga úr þeim ágöllum skattalaganna, sem í rauninni heimila óeðlilega framkvæmd í þessum efnum, þannig að hægt er a. m. k. að færa þetta undir einhvern lagabókstaf. Það þarf að vinna að því að breyta slíku og einnig að reyna að koma betur í veg fyrir það, að menn beinlínis skjóti undan sínum tekjum.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um málið að sinni. Málið fer í þá n., þar sem ég á sæti, og þar gefst því tími til þess að taka þessi mál öll til frekari athugunar og umræðu síðar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 47. fundi í Nd., 17. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 357, n. 688, 698 og 700, 673, 701).

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 688, hefur fjhn. þessarar hv. d. ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Á þskj. leggur meiri hl. fjhn. til, að frv. verði samþ. með breytingum, sem meiri hl. n. flytur á þskj. 673. Minni hl. skila svo sínum sérálitum.

Eins og hv. þm. rekur minni til og kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. við 1. umr. þessa máls, þá skipaði hann nefnd embættismanna til þess að endurskoða lög um tekju- og eignarskatt. Með tilliti til þess, að Ísland gerðist á s. l. ári aðili að Fríverzlunarsamtökum Evrópu, fól ráðh. n. í framhaldserindisbréfi til hennar að gera till. um framtíðarstefnu í málefnum tekju- og eignarskatts. Á s. l. þingi, í lok þess, flutti fjhn. þessarar hv. d. frv. að breytingu á skattalögum að beiðni ráðh. og var því aðeins ætlað að sjá dagsins ljós til þess, að hv. alþm. hefðu tækifæri til þess að kynna sér frv. Niðurstaðan af meðferð þess máls varð m. a. sú, að hæstv. fjmrh. skipaði að loknu þingi n. þm. allra þingflokkanna úr fjhn. beggja þd. til þess að fylgjast með áframhaldandi störfum embættismannanefndarinnar og fá tækifæri til þess að koma að sjónarmiðum þeirra og ræða frv., sem þar hefur verið lagt fyrir jafnóðum og það varð til, og hugsunin með þessari skipan var sú, að fjhnm. allra þingflokka væru þessu máli kunnugir, þegar það kæmi síðar til umr. og athugunar hér á Alþ.

Frv. var síðan lagt fram og hefur verið til meðferðar í fjhn. þessarar hv. d., og hafa þeir fulltrúar embættismannanefndarinnar, sem hvað mest hafa unnið í þessu máli, verið n. til aðstoðar og ráðuneytis, en það hafa verið sérstaklega þeir Jón Sigurðsson, ráðuneytisstjóri í fjmrn., og ríkisskattstjórinn Sigurbjörn Þorbjörnsson. Þegar frv. var komið til fjhn., var það sent til umsagnar þeim aðilum, sem hafa hvað helzt hagsmuna að gæta í sambandi við þessa lagasetningu, þ. e. til samtaka atvinnurekenda, og skiluðu fimm samtök shlj. umsögn til n., þ. e. Landssamband ísl. útvegsmanna, Félag ísl. iðnrekenda, Vinnuveitendasamband Íslands, Landssamband iðnaðarmanna og Verzlunarráð Íslands. Hins vegar stóð Samband ísl. samvinnufélaga ekki að þessari umsögn að öðru leyti en því, að það sendi sérstakt bréf til n., þar sem það lýsti sig sammála því, sem fram kom í umsögnum hinna vinnuveitendasamtakanna.

Fjhn. hefur síðan unnið að skoðun frv. og haft mjög til athugunar þær umsagnir, sem fram komu, og þær brtt., sem meiri hl. flytur, eru vissulega til

þess að breyta ákvæðum frv. þannig og eftir því, sem bent hafði verið á af hálfu þeirra aðila, sem — eins og ég gat um áðan — mestan áhuga höfðu á þeirri lagasetningu, sem hér um ræðir. Ég vil nota tækifærið hér og færa samnefndarmönnum mínum í fjhn. þakkir fyrir þeirra störf, því að þetta hefur af skiljanlegum ástæðum verið mikið starf, sem hér hefur verið unnið, og jafnframt vil ég færa þeim ríkisskattstjóra og ráðuneytisstjóranum þakkir fyrir þeirra aðstoð í sambandi við þetta mál. Ég mun leitast við að gera grein fyrir þeim brtt., sem meiri hl. n. flytur, og jafnframt mun ég gera grein fyrir því, með hvaða hætti þau frv., sem flutt voru á síðasta þingi, hafa fengið afgreiðslu svo og hvernig tekið hefur verið tillit til þeirra frv., sem flutt hafa verið á þessu þingi í sambandi við brtt. þær, sem meiri hl. hér gerir. Mér þykir því rétt að gera fyrst grein fyrir brtt. meiri hl. og síðar þeim brtt. — eða þeim till., sem fluttar hafa verið og var ýmist á síðasta þingi vísað til ríkisstj. eða liggja nú fyrir fjhn. beggja þd., því að athugun fór enn fremur fram á því, hvort í till. meiri hl. bæri að taka til greina einhverjar ábendingar, sem fram hafa komið í Ed. í sambandi við breytingar á skattalögum , til að flýta fyrir og gera vinnubrögðin eins hagkvæm og mögulegt er.

Á þskj. 673 eru brtt. meiri hl., og 1. brtt. er um það, að 1. tölul. 1. gr. frv. falli niður, þannig að helmingur tekna giftrar konu haldi áfram að vera skattfrjáls, en þetta hefur verið án takmörkunar. Í frv. er lagt til, eins og þm. hafa séð, að frádrátturinn nemi aðeins hálfum persónufrádrætti hjóna, en andmæli komu fram í sambandi við þetta ákvæði, og meiri hl. n. telur, að með tilvísun til þeirrar stefnu, sem fjmrh. gerði grein fyrir í sinni framsögu, þ. e. um sérsköttun hjóna, þá sé ekki ástæða til að taka þetta ákvæði upp nú, heldur láta það koma inn af sjálfu sér, þegar sú breyting tæki gildi.

2. brtt. á þskj. fjallar um að fella niður nokkur orð úr 2. gr. frv., sem leiðir af breytingu á 9. gr. frv., sbr. 8. tölul. á þskj. 673, b-lið, sem verður hér ræddur á eftir, þ. e. það er felld niður úr 9. gr. frv. heimild til skattfrelsis á arði barna, sem nemur 15 þús. kr. En til þess að slíkt væri heimilt, þá þurfti þá breytingu, sem frv. gerði ráð fyrir, en í brtt. meiri hl. er gert ráð fyrir eða lagt til, að sú heimild verði felld niður.

Þá er 3. brtt. Þess ber að geta í upphafi, að það hefur fallið niður ein lína í brtt. Upphaf brtt. á að orðast svo: „Við 3. gr. Greinin orðist svo: 5. gr. laganna orðist svo: . . .“ Og leiðréttist það hér með. Í frv. er gerð till. um þá breytingu, að sameignarfélög verði ekki áfram sérstakur skattaðili, en í brtt. við frv. er hins vegar gert ráð fyrir því, að sameignarfélögin haldi áfram að vera til sem sjálfstæðir skattaðilar, en þó með þeim skilyrðum, að slík félög séu sérstaklega skráð í firmaskrá og við skráningu liggi fyrir félagssamningur, þar sem getið er eignarhlutfalla eigenda, innborgaðs stofnfjár, sem eigendur skuldbinda sig til að láta standa óhreyft í félaginu til félagsslita, svo og hvernig félagsslitum skuli háttað. Það er gert ráð fyrir því, að hjón ein sér eða með ófjárráða börnum sínum geti ekki myndað sameignarfélög af þessu tagi. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir, að önnur sameignarfélög verði ekki skattlögð sem sjálfstæðir skattþegnar, heldur verði eignum og tekjum þeirra skipt milli félagsaðila eftir eignarhlutföllum og þær skattlagðar með öðrum eignum og tekjum félagsaðilanna, eins og frv. gerir ráð fyrir.

Til skýringar á þessari breytingu er nauðsynlegt, að fram komi strax, að í stórum dráttum er breytingunni ætlað að ná því markmiði, að sameignarfélög, sem hafa sæmilega traustan lagagrunn, geti orðið sjálfstæðir skattaðilar og þá með sambærilegum kjörum og tíðkast um hlutafélög. Af þessu leiðir nokkra þrengingu á ráðstöfunarrétti fjár í sameignarfélögum, en eins og kunnugt er, er samkvæmt núgildandi skattalögum heimilt að ráðstafa út úr sameignarfélögum, sem eru sérstakir skattaðilar, öllu því fjármagni, sem ekki er lagt í varasjóð. Hér er hins vegar gert ráð fyrir því, að upp verði tekin sú regla, að aðeins 10% af því fjármagni af hagnaði fyrirtækis sé heimilt að ráðstafa út úr sameignarfélaginu og þessi 10% verði skattlaus hjá viðtakanda, en sé skattlagt hins vegar í sameignarfélaginu. Þrengingin er úr 100% ráðstöfun ofan í 10% ráðstöfun.

Þá er 4. brtt. Í a-liðnum felst aðeins leiðrétting á orðalagi, en engin efnisbreyting. Í b-lið brtt. felast hins vegar umfangsmiklar breytingar á frv. Gert er ráð fyrir skattlagingu arðs af eignarhlutum í sameignarfélagi með sama hætti og arðs af hlutabréfum. Gert er ráð fyrir, að ákvæði frv. um útgáfu jöfnunarhlutabréfa verði ekki upp tekin, heldur verði núgildandi jöfnunarhlutabréfaútgáfa látin gilda — þó svo, að vísitala fyrir slíka jöfnunarbréfaútgáfu taki gildi 1. jan. 1973, en fram að þeim tíma megi gefa út jöfnunarhlutabréf skattfrjáls án takmörkunar af öðru en raunvirði eigna. Í sambandi við arð af eignarhlutum í sameignarfélagi, sem getið var, er gert ráð fyrir, að slíkur arður teljist sérhver afhending verðmæta til eigenda eignarhluta, sem telja verður sem tekjur af eignarhluta þeirra í félaginu, er nemur hærri fjárhæð en 10% af stofnfé og hreinni bókfærðri eign félagsins, annarri en skattfrjálsum varasjóði í byrjun þess árs, sem úthlutunin átti sér stað. Í c-lið 4. tölul. þskj. felast einnig mjög miklar breytingar frá frv. Fallið er frá meginreglum um skattlagningu söluhagnaðar, sem gerði ráð fyrir, að aldrei minna en fjórðungur slíks hagnaðar yrði skattlagður. Þess í stað er gert ráð fyrir, að söluhagnaður af fyrnanlegu lausafé sé skattfrjáls eftir fjögur ár og skattlagður að hálfu eftir tveggja ára eignarhald. Að því er varðar fasteignir, er hins vegar gert ráð fyrir, að söluhagnaður af þeim verði skattlagður að fullu, hafi skattþegn átt eignina skemur en þrjú ár. Sé eignarhaldstíminn 3—4 ár, skulu 75% af söluhagnaðinum vera skattskyld. 50% eru skattskyld, ef skattþegn hefur átt eignina 4—5 ár, en 25% skattskyld, hafi hann átt eignina 5—6 ár, en eftir það skal söluhagnaður af fyrnanlegri fasteign ekki skattlagður. Reglan nú

er sú, að hagnaður af fyrnanlegri fasteign er skattlagður að fullu innan 5 ára. Hér er lagt til að breyta þeirri reglu og láta skattlagninguna minnka á 3—6 árum, en eftir 6 ár verði engin skattlagning á söluhagnaði af fyrnanlegri fasteign. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir, að allar fyrningar umfram heimilaða lágmarksfyrningu séu skattskyldar að fullu, ef þær fást endurgreiddar af söluverði fyrnanlegrar eignar. Frá þessari reglu er þó gert ráð fyrir undantekningu, að því er varðar skip og flugvélar fyrstu þrjú árin, en að því er þær eignir varðar, er gert ráð fyrir, að mismunur hámarks- og lágmarksfyrningar þann tíma verði ekki skattlagður, jafnvel þó að hann fáist borinn uppi í söluhagnaði. Þá er gert ráð fyrir, að ágóði af sölu hlutabréfa, þ. e. mismunur eðlilegs söluverðs þeirra og kaupverðs, sé skattskyldur eins og fyrnanlegt lausafé, sbr. það, sem nú er.

Þá komum við að 5. brtt. meiri hl. Gerð er till. um það, að í 6. gr. frv. verði jafnhliða ákvæðum um arðjöfnunarsjóð tekið upp ákvæði um varasjóð, en ég mun síðar gera grein fyrir notkunarheimild þessara ákvæða, þegar kemur að brtt. varðandi skattlagningu hlutafélaga.

Í 6. brtt. meiri hl. er fjallað um ákvæði um skattfrelsi fæðis, og leggur meiri hl. til, að það sé lítillega rýmkað þannig, eins og brtt. gerir ráð fyrir, að fæði, sem allir launþegar, sem vinna utan heimilissveitar sinnar, fái hjá vinnuveitendum sínum, sé skattfrjálst og sömuleiðis, þótt unnið sé innan heimilissveitar, ef eingöngu er um að ræða hluta af fullu fæði eða samsvarandi hæfilegan fæðisstyrk.

7. brtt. er ekki efnisbreytingartillaga, heldur aðeins orðalagsbreyting til þess að forðast misskilning, en er í samræmi við framkvæmd l. nú, eins og gert hafði verið ráð fyrir með frv.

Þá er komið að 8. brtt. Í a-liðnum er gert ráð fyrir heimild til þess að eignfæra vexti af lánum til öflunar eigna, þar til þær eru hæfar til tekjuöflunar. Er hér miðað við fyrirtæki, sem kann að vera að hefja starfsemi sína og hefur því ekki tekjur til að mæta gjaldfærslu vaxta, á meðan á byggingartíma mannvirkja stendur. Er því talið eðlilegt, að þessu fyrirtæki sé heimilað að færa vexti til eignar í stað þess að færa þá til gjalda. Þá er gert ráð fyrir veigamiklum takmörkunum á ákvæði frv. um skattfrelsi arðs af hlutabréfum í hinum svonefndu A-hlutafélögum samkv. brtt. meiri hl. Gert er ráð fyrir, að skattfrelsi arðs hjá viðtakanda takmarkist eingöngu við arð úr félögum, sem fara við ráðstöfun arðs eftir A-lið 17. gr. l., sbr. 11. tölul. þskj., og A-lið 9. gr. l., sbr. 5. tölul. þskj. Til einföldunar verða þessi félög hér eftir nefnd A-félög. Heimild þessa ákvæðis er þannig eingöngu takmörkuð við arð úr hinum svokölluðu A-hlutafélögum, en að auki er heimildin takmörkuð við það, að arður, sem er frádráttarbær samkv. ákvæðunum, megi ekki vera meiri en 10% af hlutafjáreign skattþegns í hverju einstöku hlutafélagi. Til þess að hjón geti notfært sér heimild ákvæðisins að fullu, þurfa þau því að eiga a. m. k. 600 þús. kr. hlutafé, sem skilar 10% arði, eða 1 millj. kr. hlutafé, sem skilar 6% arði. Þá er því breytt enn fremur frá frv., að þar var gert ráð fyrir 15 þús. kr. frádráttarheimild fyrir hvert barn, en lagt er til að fella niður þá heimild úr frv.

Áður var getið um meðferð vaxta á byggingartímanum, og í a-lið 9. brtt. felst því breyting til samræmis. Í b-liðnum felst sú breyting, að skip og skipsbúnaður er flutt milli liða í heimildum til fyrninga, þannig að í stað fyrningar á bilinu 8% til 12.5% er gert ráð fyrir, að fyrningarheimild skipa og skipsbúnaðar verði á bilinu 10—15%. Í d-liðnum í þessari brtt. er gert ráð fyrir, að samkv. þessum lið sé heimild til sérstakrar fyrningar, sem nemur allt að skattskyldum hluta söluhagnaðar samkv. ákvæðunum þar um á því rekstrarári, sem söluhagnaðurinn er skattlagður. Í e-liðnum er aðeins um að ræða orðalagsbreytingu á ákvæðunum um, hvaða íbúðarhúsnæði skattþegn megi fara með eftir sérákvæðum um fyrningu og söluhagnað á einkahúsnæði. Er gert ráð fyrir, að skattþegn megi eiga sem svarar tveimur íbúðum eða íbúð og húsnæði, sem henni fylgir, jafnvel þótt ekki fullnægi því að teljast íbúð, allt að jafnvirði fasteignamats þeirrar íbúðar, sem maðurinn býr í.

Í 10. brtt. er gert ráð fyrir hækkun á sérstökum skattfrádrætti einstæðs foreldris, stjúpforeldris, kjörforeldris eða fósturforeldris, sem heldur heimili og framfærir börn sín, þannig að þessi frádráttur verði í stað 27 þús. kr., eins og gert er ráð fyrir í frv., 40 500 kr., og mun ég síðar gera grein fyrir þessu sérstaka atriði.

11. brtt. felur í sér skiptingu félaga í A- og B-hlutafélög, sem áður var rætt um, eftir því, hvernig með arð þeirra er farið. Er þá gert ráð fyrir, að A-félög séu þau félög, þar sem farið er með arðinn eftir því, sem frv. gerði ráð fyrir, en B-félögin fari með arð með sama hætti og nú gildir í l. Þannig er gert ráð fyrir því, að af útborguðum arði eða ráðstöfuðum arði í arðjöfnunarsjóði í A-félögum verði greiddur 15% skattur í ríkissjóð. Miðast þessi breyting við það, að l. um tekjustofna sveitarfélaga verði breytt og undir þessum kringumstæðum verði ekki greiddur skattur til viðkomandi sveitarfélags, en ég hygg, að hæstv. fjmrh. hafi í sinni framsögu gert grein fyrir, að vissar forsendur þessa frv. væru með þeim hætti, að breyting yrði á l. um tekjustofna sveitarfélaga.

Þá er sú breyting gerð frá frv., að þessi skattlagning af framlagi til stofnsjóðs í samvinnufélögum verði felld niður. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir, að B-félög hafi heimild til skattfrjálsrar útborgunar arðs allt að 10% af nafnverði hlutafjár eða stofnfjár, eins og áður er getið, en þó jafnframt gert ráð fyrir fullri skattlagningu þess arðs hjá viðtakanda. Það má því setja þetta þannig fram, að hjá B-hlutafélögum er 10% af arðinum skattlaust hjá fyrirtækinu, en skattskylt hjá viðtakanda. Hjá A-hlutafélögum er þessu öfugt varið. Allt er skattskylt hjá félaginu, en 10% skattfrjálst hjá viðtakanda, og í sameignarfélögunum er heimild til þess að greiða út úr félögunum 10% af arði miðað við

stofnfé og hlutafé og aðrar eignir að undanskildum varasjóði, og þessi 10% eru skattfrjáls hjá viðtakanda.

12. brtt. meiri hl. er aðeins orðalagsbreyting á 15. gr. frv., en markmiðið með gr. er hins vegar óbreytt.

13. brtt. er breyting, sem stafar af því, að gert er ráð fyrir því í till. meiri hl. fjhn., að sameignarfélagsformið verði að nýju tekið upp sem félagsskapur, og er hér um að ræða brtt. til samræmis.

14. brtt. er af sömu rótum runnin, en breyting í b-lið 14. brtt. er afleiðing af breytingu á 17. gr. frv., sem áður var skýrt frá í sambandi við A-hlutafélög og B-hlutafélög.

15. brtt. meiri hl. er um að taka þrjár nýjar gr. inn í frv. Aðalbreytingarnar, sem þessar gr. hafa í för með sér, eru þríþættar: 1) Að breyting á skatti sé ekki gerð öðruvísi en hún sé tilkynnt skattþegni í ábyrgðarbréfi og eigi send til innheimtu fyrr en að loknum kærufresti til skattstjóra eða að loknum úrskurði þeirrar kæru. 2) Ætlunin er með þessum ákvæðum að gera kröfu til þess, að úrskurðir skattstjóra um kærur séu rökstuddir. 3) Gert er ráð fyrir þeirri kröfu, að einungis sérstaklega löggiltir fulltrúar skattstjóra eða skattstjórar sjálfir megi gefa út slíka úrskurði um kærur. Hér er um að ræða meira aðhald að skattstofunum í sambandi við úrskurði þá, sem þar eru upp kveðnir, bæði það, að viðkomandi skattþegn fái til sín sendan slíkan úrskurð örugglega í gegnum ábyrgðarbréf, en það sé ekki undir hælinn lagt, að það skili sér með hinum venjulegu póstsamgöngum, svo og hitt, að úrskurðirnir séu kveðnir upp af skattstjóranum sjálfum eða þar til löggiltum fulltrúa af ríkisskattstjóra, og í þriðja lagi, að úrskurðurinn sé rökstuddur. Af þessum breytingum leiðir, að nauðsynlegt verður að breyta því, sem tíðkazt hefur, að skattskrár hafa verið lagðar fram snemma og skattstjórum ætlaður mjög skammur frestur til þess að úrskurða kærur, en innheimtuskrár fyrir innheimtumenn ekki verið gerðar að jafnaði fyrr en að loknum þeim kærum. Þegar krefjast skal þess, að úrskurðir verði rökstuddir, er óhjákvæmilegt að gefa skattstjórunum mun lengri tíma til að úrskurða kærur en verið hefur, og þá er um leið nauðsynlegt, að upphafleg álagning skatta verði lögð til grundvallar innheimtu. Því er nauðsynlegt að gefa skattstjórum nokkuð rýmri tíma til fyrstu yfirferðar framtala, sem þeir ljúka fyrir frumálagningu. Er því gert ráð fyrir í till., að framlagningu skattskrár geti seinkað um tæpar 3 vikur, en frestur skattstjóra til úrskurðar verði tvöfaldaður. Í l. um tekjustofna sveitarfélaga er gert ráð fyrir því, að heimilt sé að fresta framlagningu útsvarsskrár til 20. júní, og því er talið eðlilegt, að þar sem þetta er nánast unnið samtímis og víða af sömu aðilum, þá verði fresturinn hjá þessum aðilum hinn sami, þ. e. til 20. júní.

16. brtt. er fólgin í því, að þessi ákvæði, sem hér voru rædd nú áður, komi til framkvæmda á þessu ári.

Þá er 17. brtt. Í a-liðnum er gert ráð fyrir lítils háttar breytingu á ákvæði til bráðabirgða, að því er varðar gjaldfærslu fyrninga vegna gengistapa á árinu 1968, til samræmis við það, sem áður hafði verið gert. Í b-lið er nánast óbreytt ákvæði frá frv. að öðru leyti en því, að nú tekur þetta ákvæði eingöngu til sameignarfélaga, sem ekki fullnægja sérstökum skrásetningarskilyrðum 5. gr., sbr. það, sem sagt var um 3. tölul. þskj. Í c-lið felst breytt endurmatsregla frá því, sem frv. gerir ráð fyrir. Gert er ráð fyrir endurmati á lausafé þannig, að miðað er við endurkaupsverð og frá því dregin óbókfærð fyrning fyrir skattárið 1970, en síðan dregin frá hlutfallstala þeirra fyrninga, sem samtals hefur verið notuð af eigendum eignarinnar á liðnum árum, en þó aldrei meira en 80% fyrir eignir, sem eigandi eignaðist fyrir 1. jan. 1960, og 50% fyrir eignir, sem hann eignaðist eftir þann tíma.

Í d-lið í 17. brtt. felst heimild til úthlutunar jöfnunarhlutabréfa án takmörkunar af vísitölu á árinu 1971 og 1972, en eins og áður sagði, er gert ráð fyrir vísitölu á útgáfu jöfnunarhlutabréfa eftir 1. jan. 1973.

Í e-liðnum felast þrjú ný ákvæði til bráðabirgða, sem ættu að koma sem V., VI. og VII. ákvæði við frv., en raðað er upp í brtt. sem 1., 2. og 3. Í V. ákvæði til bráðabirgða yrði gert ráð fyrir, að sameignarfélög, sem stofnuð hafa verið fyrir gildistöku þessara l., en óska að verða skattlögð sem sjálfstæðir skattþegnar, tilkynntu það samkv. sérstökum ákvæðum þessa töluliðs. Í VI. ákvæði er gert ráð fyrir með sama hætti, að hlutafélög, sem stofnuð hafa verið fyrir gildistöku l. þessara, en óska eftir að starfa eftir ákvæðum B-liðs 17. gr., geri hlutaðeigandi skattstjóra viðvart fyrir árslok 1971.

Og þá er VII. ákvæði, 3. tölul. í e-lið. Það ákvæði skiptir því aðeins máli, að ekki hafi verið gerð breyting á l. um tekjustofna sveitarfélaga, áður en skattar vegna ársins 1971 verða lagðir á. Frv. gerir ráð fyrir, að slík breyting hafi þá þegar verið gerð, eins og kom fram hér áður, og eignarútsvör verði felld niður. En þess má minnast, að eignarskattar samkv. frv. eiga ekki að vera frádráttarbærir. Ákvæðið er til þess gert, að útsvör verði frádráttarbær, þar til ákvæðum um þau yrði breytt og prósentan væntanlega lækkuð miðað við það.

Ég hef þá gert grein fyrir þeim brtt., sem meiri hl. fjhn. flytur á þskj. 673, og vonast til þess, að með þessum skýringum hafi komizt til skila efnislega þær breytingar, sem meiri hl. leggur til, að gerðar verði á frv.

Ég ætla nú að gera grein fyrir þeim frv., sem áður hafa verið flutt, ýmist á síðasta þingi eða nú, og athuguð hafa verið af þeim aðilum, sem hafa unnið að endurskoðun frv.

Þá er fyrst að geta frv. um skattfrelsi heiðursverðlauna, sem flutt var á síðasta þingi á þskj. 83 af Magnúsi Kjartanssyni. Var gerð till. í frv. — í 4. tölul. 4. gr. stjfrv. — um, að slík heiðurslaun skulu einungis skattskyld að fjórðungi, en það er gert ráð fyrir, að hér sé um að ræða heiðurslaun, sem séu veitt án umsóknar fyrir sérstök afrek. Þannig hefur

þetta mál verið skoðað og lagt til, að það fái þá afgreiðslu, sem lagt er til í stjfrv., sem meiri hl. fjhn. leggur til, að verði samþ. óbreytt.

Frv. hv. þm. Ingvars Gíslasonar og hv. 2. þm. Reykn., Jóns Skaftasonar, um sérstakan útsvars- og skattfrádrátt aldraðs fólks, sem ekki nýtur lífeyrissjóðsréttinda, var flutt í fyrra á þskj. 459 og var 190. mál þingsins. Frv. gerir ráð fyrir, að 70 ára skattgreiðandi eða eldri, sem ekki nýtur lífeyrissjóðsréttinda, fái sérstakan skattfrádrátt, 50 þús. kr. fyrir einhleyping, en 75 þús. kr. fyrir hjón. Þó skyldi ákvæðið ekki eiga við um þá, sem hafa með höndum sjálfstæðan atvinnurekstur. Þótt tilgangur með flutningi þessa frv. sé góðra gjalda verður, er ekki að sama skapi hlaupið að því að festa hendur á efni frv., þegar það er skoðað ofan í kjölinn. Frv. kæmi einungis að gagni fólki með umtalsverðar tekjur og að mestu gagni þeim, sem mestar tekjur hefðu. Eins og frv. er, mundi eigandi stóreigna, innistæðu í bönkum, vaxtabréfa, hlutabréfa og fasteigna, geta notið góðs af ákvæðinu, en ekki gamall maður, sem hefur litla vinnu, en þó það mikla, að til skatts gæti komið. Þetta mál hefur ekki fengið afgreiðslu af hálfu þeirra aðila, sem hafa undirbúið skattafrv., en ég held, að með frv. um almannatryggingar, sem nú er til meðferðar í þinginu, sé komið til móts einmitt við þá hugsun, sem að sjálfsögðu felst í þessu frv., þ. e. að bættur sé hlutur þeirra, sem verst eru staddir.

Ég vil þá taka til meðferðar frv. þau, sem nú hafa verið flutt á þessu þingi og sum hver voru flutt á fyrra þingi. Þar má geta frv. á þskj. 354. Flm. voru hv. þm. Stefán Valgeirsson og Vilhjálmur Hjálmarsson. Þar er gert ráð fyrir hækkun á persónufrádrætti eiginkvenna, sem vinna að atvinnurekstri eiginmanns. Um þetta var flutt frv. í fyrra. Það er endurflutt nú í örlítið breyttri mynd. Þetta er tekið upp í frv. ríkisstj. og er í 2. mgr. 1. gr., þar sem gert er ráð fyrir því, að frádráttur eiginkvenna þeirra manna, sem eru með eigin atvinnurekstur, verði ¼ hluti persónufrádráttar og mundi því hækka hlutfallslega eftir breyttri skattvísitölu. Mundi þetta þýða nú um 47 þús. kr. frádrátt í stað þess, að l. gera nú ráð fyrir 15 þús. kr. Í sama frv. á þskj. 354 í 2. gr. er gert ráð fyrir þeirri orðalagsbreytingu í B-lið 16. gr. l. um tekju- og eignarskatt, að fyrir „hjón" komi: einstætt foreldri, sem heldur heimili fyrir börn sín. Enn fremur var flutt á s. l. þingi frv. til l. um breytingu á tekju- og eignarskatti af þeim hv. þm. Pálma Jónssyni og Pétri Sigurðssyni. Til móts við þessa hugmynd er komið með hækkun á persónufrádrætti og þó sérstaklega með hækkun á frádrætti einstæðra foreldra úr, eins og frv. gerir ráð fyrir, 27 þús. kr. í 40 500. Á þskj. 211 flytur hv. 2. þm. Reykn., Jón Skaftason, brtt., þar sem hann leggur til þá breytingu við B-lið 21. gr. l., að í stað orðanna „200 þús. kr. samtals" komi: 600 þús. kr. samtals. Í 17. gr. stjfrv. er ekki lagt til, að 600 þús. kr. komi í stað 200 þús. kr., heldur gert ráð fyrir, að þetta hámark breytist með hámarkslánum húsnæðismálastjórnarinnar, en þau eru nú 600 þús. kr., þannig að hér er tekin upp sama till., en bætt því við, að breyting eigi sér stað með breyttri hámarksupphæð húsnæðismálalána.

Á s. l. þingi var flutt frv. í Nd. af fjórum þm. Framsfl., og hefur það nú verið endurflutt í hv. Ed., þar sem um er að ræða fyrningu á endurkaupsverði. Stjfrv., sem hér er til umr., gerir ráð fyrir heimild til allsherjarendurmats fyrnanlegra eigna nú og gerir þannig ráð fyrir, að náð sé að svo stöddu því markmiði, sem flm. þessara frv. telja æskilegt. Meiri hl. fjhn. gerir till. um breyttar endurmatsreglur í samræmi við till. atvinnurekendanna. Hins vegar telur meiri hl. fjhn., að ákvörðun um slíkt endurmat eigi að vera í höndum Alþ. á hverjum tíma, en ekki eigi að gera ráð fyrir sjálfvirkri hækkun um fyrningarverð. Hins vegar er í till. frv. gert ráð fyrir örari fyrningu og þar sérstaklega gerðar till. um 30% flýtifyrningu í atvinnurekstri, og mundi ég álíta, að sú till. nái að töluverðu leyti þeim tilgangi, sem flm. þessa frv. hafa sjálfsagt haft í huga, og þannig verði fyrirtækjum gert kleift að fyrna töluvert örara og þau standi þess vegna miklu betur að vígi um endurkaup á þeim tækjum, sem þau þurfa til síns atvinnurekstrar.

Þá hafa hv. þrír framsóknarmenn flutt frv. bæði á síðasta þingi og nú um, eins og þar stendur, að fram skuli fara ítarleg rannsókn á framtölum 10% allra framtalsskyldra aðila. Af grg. virðist mér sem flm. ætlist til þess, að slíkt úrtak komi í stað núverandi endurskoðunar allra framtala. Meiri hl. n. hefur fallizt á rök skattrannsóknarstjóra í þessum efnum, að óæskilegt sé að sníða eftirlitsstarfinu þannig ákveðinn stakk. Allir, sem að þessu starfa, eru sammála um, að tilviljanir eigi við í þessu sambandi, en ekki sé æskilegt að lögfesta stærð úrtaks og árlega skyldu til þess að gera það. Slíkt mundi hefta mjög störf rannsóknardeildarinnar hjá ríkisskattstjóranum.

Þá er að lokum frv. hv. 4. þm. Reykv., sem hann hefur borið fram á þessu þingi og áður, um, að skattvísitalan verði látin víkja og framfærsluvísitalan komi hennar í stað. Því hefur hins vegar verið haldið fram og er rökrétt, að eigi á annað borð að binda skattvísitöluna, þá ætti hún að bindast kaupgjaldsvísitölu. Hins vegar jafngildir að mati meiri hl. fjhn. ákvörðun skattvísitölunnar í eðli sínu ákvörðunum um tekjur ríkissjóðs og sveitarfélaga, og í stjfrv. er lagt til, að svo mikilvæg ákvörðun, sem ákvörðun skattvísitölunnar er, verði í höndum Alþ. og hún ákvörðuð með fjárl. hverju sinni. Sýnist þar verða samræmi í milli, þar sem annars vegar er ákveðin upphæð skatta, sem að sjálfsögðu er þá háð þeirri skattvísitölu, sem ákvörðuð verður, og hins vegar, um leið og Alþ. ákveður upphæðina í fjárl., þá sé hún ákveðin í samræmi við þá skattvísitölu, sem Alþ. ákveður hverju sinni.

Ég hef nú gert grein fyrir þeim brtt., sem meiri hl. fjhn. þessarar d. flytur við frv. um breytingu á tekju- og eignarskatti, og enn fremur gert grein fyrir þeim athugunum, sem hin ýmsu frv. hv. þm. hafa fengið, þ. e. brtt. þeirra um l. um tekju- og eignarskatt, og ég vonast til þess, að mér hafi tekizt

nægjanlega að gera grein fyrir brtt. svo og hverjar till. meiri hl. fjhn. gerir varðandi hin einstöku frv. hv. þm. Eins og fjmrh. hæstv. lýsti yfir í sinni framsöguræðu, þá er frv. þetta um breytingu á skattalögum flutt til að gera íslenzkum atvinnuvegum betur kleift að standast erlenda samkeppni, eftir að við nú höfum gerzt aðilar að Fríverzlunarsamtökum Evrópu. Enn fremur stefnir frv. í þá átt að efla uppbyggingu íslenzks atvinnulífs og koma því til leiðar, að hlutafé í félögum sé í eins konar sparnaðarformi, um leið og reynt er að stuðla að því, að félögin geti komið sér upp fjármagni af eigin fé og þannig myndað stór hlutafélög til þess að efla enn betur en verið hefur okkar atvinnulíf. Þá er í frv. ákvæði um það, að óski þeir aðilar, sem standa í atvinnurekstri, eftir stækkun fyrirtækja, þ. e. stækkun eininga með samruna fyrirtækja, þá er þeim gert kleift að standa að slíku án þess að til sérstakrar skattgreiðslu þurfi að koma. Í brtt. n. er hins vegar lagt til, að sameignarfélög fái að halda áfram sem sérstakur skattaðili, en þeirri meginstefnu frv. haldið, að þau sitji við sama borð og hlutafélög, þannig að þeir aðilar, sem óska eftir að halda slíku rekstrarformi, hljóti ekki sérstök fríðindi fram yfir þá, sem reka hlutafélög. Ég held — og það er skoðun meiri hl. fjhn., að að samþykktum þeim brtt., sem meiri hl. leggur til, muni þessi breyting á l. um tekjuskatt og eignarskatt stuðla að því, að íslenzkur atvinnurekstur verði mun betur fær um að keppa á erlendum vettvangi og íslenzkt atvinnulíf muni eflast til mikilla muna.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um málið, og eins og segir í áliti meiri hl. fjhn., legg ég til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem meiri hl. fjhn. hefur flutt.

Frsm. 2. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég hef gefið út sérstakt nál., sem ekki er komið úr prentun enn, en verður væntanlega útbýtt nú innan stundar. Ég hef einnig flutt við frv. nokkrar brtt., og þeim hefur heldur ekki verið útbýtt, en ég mun nú gera grein hér fyrir þeim, um leið og ég geri grein fyrir afstöðu minni til málsins almennt.

Fyrir rétt rúmlega ári hlutaðist hæstv. ríkisstj. til um það, að lagt var hér fyrir Alþ. frv. um breytingar á tekju- og eignarskattslögum. Það frv. náði ekki fram að ganga, og enn hefur ríkisstj. lagt fyrir Alþ. frv. um sama efni — það frv., sem hér liggur nú fyrir til afgreiðslu og er í meginatriðum svipað hinu fyrra. Frv. fjallar í stuttu máli um skattlagningu fyrirtækja. Umfram það er tiltölulega mjög lítið um breytingar í þessu frv. Eins og fram kom hér í framsöguræðu formanns fjhn., þá hefur fjhn. eða meiri hl. fjhn. gert á frv. allverulegar breytingar, en þó er það mitt mat, að þó að þær breytingar kynnu að verða samþykktar, standi eftir sú meginstefna, sem mörkuð var í frv., eins og það kom frá hæstv. ríkisstj.

En hver eru þá meginatriðin? Hver eru þá meginstefnuatriðin, sem er að finna í þessu frv., sem varðar breytingar á skattlagningu fyrirtækja? Jú, aðalbreytingin er sú að mínum dómi, að það er lagt til að hækka allverulega fyrningar eða afskriftir af eignum í atvinnurekstri. Þó er þessu þannig fyrir komið, að hér verður ekki um að ræða hækkaða fyrningu, t. d. hjá sjávarútvegsfyrirtækjum, en það mun ekki verða mikill munur frá gildandi reglum, þó verður fremur um lækkun að ræða í einstaka tilfellum á leyfðum fyrningum. En hækkunin á hinum leyfðu fyrningum verður aðallega í verzlunarrekstri og í rekstri ýmiss konar þjónustustofnana. Það mætti t. d. nefna skrifstofuhúsnæði og íbúðarhúsnæði, ef um er að ræða leiguhúsnæði til hótelrekstrar, húseignir tryggingafélaga eða annað þess háttar. Atvinnurekstur af þessu tagi mundi fá mun meiri fyrningarafskriftir en hingað til hafa verið leyfðar. Þessi meginregla stefnir því að því að létta sköttum af þessum aðilum til ríkisins. Það kemur greinilega fram í grg. frv., að ýmsar tegundir atvinnurekstrar í landinu hafi búið við mjög hagstæðar fyrningarafskriftir eins og t. d. fyrirtæki sjávarútvegs, flugfélög og ýmis fleiri fyrirtæki, og á því er enginn vafi, að þessi fullyrðing er rétt. Þessir aðilar hafa mátt draga frá tekjum sínum árlega mjög verulega fjárhæð vegna hárra afskriftareglna. En í grg. þessa frv. segir jafnframt, að með því sé að því stefnt að gera allar greinar atvinnurekstrarins í landinu — allar hinar mismunandi tegundir af atvinnurekstri — jafnar gagnvart fyrningarreglum, en það skuli ekki vera áfram slíkur mismunur, sem nú sé gildandi. Þetta þýðir auðvitað það, að þeir, sem hafa búið við hinar lægri fyrningarreglur, eiga að hækka, fyrst hinir, sem búið hafa við hinar hagstæðu reglur, eiga ekki að lækka — a. m. k. ekki neitt að ráði.

Þá er að gera sér aðeins grein fyrir því, hvernig hefur staðið á því, að við höfum haft þann hátt á á undanförnum árum að heimila vissum tegundum atvinnurekstrar hærri fyrningarafskriftir en öðrum. Hvernig hefur t. d. staðið á því, að við höfum heimilað fiskiskipum eða slíkum rekstri fyrningarafskriftir, sem nema allt að 20% á ári fyrstu árin, og ýmiss konar fiskvinnslustöðvum á sama tíma og við höfum ekki leyft verzlunarrekstri, sem átt hefur t. d. stórhýsi hérna við Austurstræti, að afskrifa fasteign sína nema tiltölulega lágt eða um 2% eða svo á ári? Hver er ástæðan? Ástæðan, sem alltaf hefur verið talið, að lægi til þessa, er sú, að í okkar útgerðarrekstri og ýmsum fleiri tegundum af atvinnurekstri er fólgin mikil áhætta, miklar breytingar á afkomu frá ári til árs, mikil og hröð umskipti. Einnig hefur verið hér um að ræða undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar, sem löggjafinn hefur beinlínis viljað stuðla að, að gæti haft sæmilega afkomu, a. m. k. með þessari reglu.

En lítum þá aftur á hinn þáttinn, sem eru afskriftareglur, t. d. afskriftir á verzlunar- eða skrifstofuhúsnæði. Skyldi nokkur halda því fram, að það hafi verið brýn þörf á því að heimila eigendum að verzlunarhúsnæði eða skrifstofuhúsnæði að afskrifa á undanförnum árum eignir sínar meira til

skatts en þeir hafa haft heimildir til? Ætli reynslan hafi ekki sýnt það, að þessir aðilar hafi átt gott með það að losa sig við sínar eignir, ef þeir óskuðu eftir, ekki aðeins á skráðu verði, heldur á margföldu verði? Það er líka mikill munur á því, hvort um er að ræða verzlunarhús hér við Austurstræti eða t. d. síldarverksmiðjubyggingu austur á Raufarhöfn. Jafnvel þó að verzlunin hér við Austurstræti þyrfti að hætta rekstri, þá er enginn vafi á því, að hún gæti auðveldlega losað sig við sína fasteign á fullu verði og líklega vel það til annars konar rekstrar en til verzlunar. Húsnæðið í því tilfelli er nothæft til margs konar rekstrar, en ekki aðeins til verzlunarrekstrar. En hvað verður um síldarverksmiðju austur á Raufarhöfn, þegar hún hættir að vera síldarverksmiðja? Hvað skyldi þá verða um verðmæti þeirrar eignar? Og jafnvel þó að menn gerðu samanburð á fasteignum hér í Reykjavík. Hvað verður úr frystihúsi hér í Reykjavík eins og Sænska frystihúsinu, þegar það hættir að vera frystihús? Að mínum dómi er hér mikill munur á, þegar ákveða á fyrningarreglur fyrir áhættusaman rekstur, en þó þýðingarmikinn fyrir þjóðarbúskapinn — rekstur, sem er þess eðlis, að hann er tiltölulega mjög bundinn við hina fyrirhuguðu rekstraraðferð, eða fyrir rekstur t. d. á húsnæði, sem rekið er almennt sem skrifstofuhúsnæði, hótelhúsnæði eða eitthvað annað af því tagi. Að mínum dómi er því ekkert, sem kallar á það að hækka fyrningarreglur eða hækka lögleyfða fyrningu á verzlunarhúsnæði, skrifstofuhúsnæði, hótelhúsnæði eða öðru slíku frá því, sem verið hefur, og það eru engin rök fyrir því að hækka þessar heimildir til þessara aðila, þó að hægt sé að benda á það, að t. d. sjávarútvegurinn hafi notið hlunninda með miklum fyrningarafskriftum á undanförnum árum.

En það er augljóst, að hæstv. ríkisstj. lítur allt öðruvísi á þetta mál. Hún telur, að hér sé um brýna þörf að ræða á því að létta sköttum af verzlun og ýmiss konar þjónustugreinum í landinu og — eins og hún segir svo fallega — að gera þessa aðila jafna hinum, sem búa við þessar afskaplega hagstæðu reglur eins og sjávarútvegurinn. Ég hef þá hér í nokkrum orðum gert grein fyrir einu af aðalatriðunum í þessu frv. ríkisstj. um breytingu á skattalögum.

Ég kem þá að öðru atriðinu. Með frv. er gert ráð fyrir því, að hlutafélög og önnur félög, sem hafa með höndum atvinnurekstur, geti nú stofnað hjá sér svonefndan arðjöfnunarsjóð, og ef þessi félög standa þannig í sínum rekstri eftir árið, að það verði um verulegan hagnað að ræða eða nokkurn hagnað, þá getur viðkomandi félag lagt allan hagnaðinn í þennan arðjöfnunarsjóð og á þá að greiða af þessum hagnaði, sem fór í arðjöfnunarsjóðinn, aðeins 15% í skatt til ríkisins eða það sama og hlutafélögin hafa borgað til þessa af þeim hlutanum, sem ekki fór í varasjóð. Hins vegar eiga þessi félög ekki að borga af þessu fé, sem fer í arðjöfnunarsjóð, eina einustu krónu til viðkomandi sveitarfélags, en hingað til hafa þau þurft að greiða til sveitarfélaganna tekjuútsvar, ef um rekstrarafgang var að ræða.

Hér er því um það að ræða, að það er verið að opna leið til þess, að ýmiss konar félagsrekstur í atvinnurekstri þarf ekki að greiða gjöld, sem hann hefur þurft að greiða hingað til, t. d. til sveitarfélaganna. Að vísu er þessu þannig fyrir komið, að þetta á að gilda um fimm ára skeið hjá viðkomandi félagi. Þegar félagið er búið að hafa í sínum arðjöfnunarsjóði þennan rekstrarafgang sinn í fimm ár, þá skal hann aftur á ný koma til skattlagningar eftir þar til settum reglum, en þó ekki allt fé. Við þetta er nú í fyrsta lagi það að athuga, að hér er augljóslega verulega gengið á rétt sveitarfélaganna. En um leið og þetta er gert, þá gerist annað. Það vita allir, að um leið og sveitarfélögin eru svipt möguleikum, sem þau hafa haft til tekjuöflunar, þá ákveða þau að ná tekjum sínum inn með öðrum hætti og þá velja þau auðvitað þá leiðina, sem þeim stendur opin og þau hafa þurft að beita í sumum tilfellum, að þau leggja hærri útsvör á einstaklinga en þau hefðu annars gert. Hér er því stefnt að því að létta gjöldum af vissum tegundum í atvinnurekstri, þó að það sé hins vegar alveg séð og vitað, að það jafngildir því að hækka gjöld að sama skapi á einstaklingunum. En reglurnar um þennan arðjöfnunarsjóð eru býsna einkennilegar í ýmsu fleira en þessu. Þessi arðjöfnunarsjóður er byggður upp með þeim hætti, að viðkomandi félög, sem stofna hjá sér arðjöfnunarsjóð, fá sérstaka aðstöðu til þess að greiða hluthöfum sínum arð út úr félögunum umfram það, sem verið hefur. Og til þess að auðvelda þetta enn frekar er sett sú regla, að þó að félag í atvinnurekstri greiði hjónum allt að 60 þús. kr. í arð af hlutabréfum, þá þurfa hjónin ekki að borga tekjuskatt af tekjum, sem fengnar eru með þessum hætti. M. ö. o., þegar hlutabréfaeigandi aflar sér tekna með því að eiga hlutabréf og vinnur þá tiltölulega lítið fyrir þeim tekjum, eins og menn þekkja, þá eru slíkar tekjur skattfrjálsar að vissu marki. En ef menn púla fyrir þessum tekjum og vinna sér inn með hörðum höndum tekjur upp á 60 þús. kr., þá skulu þær skattleggjast. Það er sú regla, sem á að gilda um hinn almenna launamann.

Hér er sem sé tekin upp sú furðulega regla, að það er farið að ætla hlutabréfunum persónufrádrátt, 30 þús. kr. á hvern einstakling skattfrjálst út á arð af hlutabréfum og 60 þús. kr. út á hjónin, en þeir hafa þó í seinni umferð málsins fellt það niður, að síðan áttu að koma 15 þús. kr. skattfrjálsar með þessum hætti út á hvert barn. Það var fellt niður við nánari athugun. Þetta er afskaplega skemmtileg regla að taka hér upp sérstakan persónufrádrátt fyrir hlutabréf á sama tíma sem allir kvarta í landinu undan því, að hinn almenni persónufrádráttur fyrir lifandi einstaklinga sé of lágur.

Það er mjög greinilegt, að með þessari reglu er verið að skipta félögum í landinu í tvo hópa. Reyndar er það greinilega gert í frv., því að annar hópurinn heitir A-félög og hinn heitir B-félög. Og A-félögin — þessi, sem mynda arðjöfnunarsjóð, —

eiga alveg greinilega, eins og sagt hefur verið í umr. um málið, að teljast opin félög, en B-félögin eru raunverulega lokuð félög. Hvað meina menn með þessum opnu félögum og lokuðu félögum? Opnu félögin, A-félögin, mynda menn, þegar þeir eru nokkurn veginn vissir um það, að félagsreksturinn muni gefa gróða. Ef félagsreksturinn í formi hlutafélags gefur gróða, þá þarf að reyna að koma gróðanum undan skatti, setja hann í arðjöfnunarsjóð og fá tækifæri til að deila honum út til mannanna, sem eiga hlutafélögin. En um B-félögin, hin lokuðu, gildir það, að þar er um að ræða þá skattlagningu á félögum, sem gilt hefur til þessa, en hún er sú, að hlutafélög hafa mátt leggja í svonefndan varasjóð 25% af ágóða sínum, en með því skilyrði, að þessi ágóði, sem fór í varasjóðinn, ætti að vera bundinn í rekstri félagsins áfram og ekki mætti úthluta honum sem arði til eigenda félagsins. Skattfríðindin voru veitt með þeirri röksemd, að það þyrfti að efla fjárhag fyrirtækjanna og leyfa þeim að leggja fé til hliðar í varasjóð, án þess að félögin þyrftu að greiða skatt af því, gegn því meginskilyrði, að fé yrði áfram í rekstri félagsins, en færi ekki út til eigendanna. Það hefur sem sé ekki dugað mönnum að hafa þessi lokuðu hlutafélög, sem aðeins áttu að hafa leyfi til þess að leggja fé í varasjóð — varasjóð, sem síðan átti að vera bundinn hjá félögunum og þjóna markmiðum félaganna. Nei, það vitanlega dugir ekki þeim, sem myndar félag fyrst og fremst í sambandi við einhvern skyndigróða. Gróðanum þarf að koma út og helzt með þeim hætti, að menn borgi minna af þeim gróða, en ef hann hefði komið fram með venjulegum og eðlilegum hætti hjá einstaklingunum.

Það er mín skoðun, að sú regla, sem gilt hefur um varasjóðsframlag hjá hlutafélögum, hafi verið mikil fríðindi fyrir slík félög og vissulega gert þeim það mögulegt að byggja upp myndarlega rekstrarsjóði án allt of mikillar skattlagningar, ef um raunverulegan hagnað hefði verið að ræða í félaginu. Ég álít því, að sú regla, sem þar gilti, hafi verið nægilega góð fyrir félögin, og hún var byggð upp á eðlilegum grundvelli, þar sem að því var stefnt, að fé yrði áfram í félögunum og þjónaði markmiði þeirra, en ekki að hinu, að hægt væri að ná þessu fé út aftur bakdyramegin, án skattlagningar. Reglan um arðjöfnunarsjóð, tel ég, að sé því röng — að hún stefni í ranga átt. En það er rétt að vekja athygli á því, að það kemur fram í grg. þessa frv., að einn megintilgangurinn með frv. af hálfu þeirra, sem að frv. standa, er einmitt þessi, eins og sagt er, að örva menn til þess að eignast hlutabréf í hlutafélögum og auðvelda það, að hægt sé að greiða mönnum arð út úr hlutafélögunum.

Ég veit, að því er stundum haldið fram, að það sé ástæða til þess að veita nokkur skattfríðindi vegna arðgreiðslna úr hlutafélögunum til hlutabréfaeigenda, til þess að arður af slíkum innstæðum, eins og menn eiga þær í formi hlutabréfa, njóti svipaðra réttinda og arður af sparifjáreign nýtur nú, en eins og kunnugt er, gilda þær reglur, að vextir af sparifé njóta skattfríðinda, en hér er algjörlega ólíku jafnað saman. Það má vissulega deila um það, hvort það sé rétt að undanþiggja vexti af sparifé skattlagningu. Það má deila um það, hvort það sé rétt. En sparifé er háð hinum miklu verðsveiflum, og við vitum, að reynslan hefur verið sú, að sparifjáreigendur hafa raunverulega verið að tapa fé á undanförnum árum vegna verðlagsþróunarinnar í landinu, en allt önnur regla gildir um verðmæti hlutabréfanna. Sannleikurinn er sá, að hlutabréfaeign í sæmilegum félögum þarf ekki að verðrýrna með hækkandi verðlagi. Það er eins líklegt, að þau hækki í verði með hækkandi verðlagi, vegna þess að hlutabréfin eru í rauninni ákveðin ávísun á þær eignir, sem viðkomandi félag á. Þess vegna þykir líka full ástæða til þess að gefa út með vissu millibili svonefnd jöfnunarhlutabréf eða margfalda að stofnverði í mörgum tilvikum upphaflegt nafnverð hlutabréfanna. Engu slíku er vitanlega til að dreifa um sparifjárinnstæður manna. Það er því engin ástæða til þess að mínum dómi að veita skattfríðindi út á arð, sem greiddur er af hlutabréfum, þótt veitt séu skattfríðindi út á vexti af sparifjárinnstæðu.

Ég hef þá minnzt hér á nokkur aðalatriði þeirra breytinga, sem er raunverulega að finna í þessu frv. Ein breytingin enn á skattlagningarreglunum er í frv. Þó er það svo, að eftir breytingar þær, sem fjhn. hefur gert á frv., er ekki orðið um mikla breytingu að ræða frá reglunum, sem í gildi hafa verið, en það er um skattlagningu á söluhagnaði af eignum. Nokkrar breytingar eru þó gerðar í þessum efnum frá gildandi reglum, en eins og ég segi, eru þær ekki orðnar miklar. Þó er það greinilegt, að t. d. fyrir skipaeigendur, sem iðulega þurfa að skipta um skip og það af mjög eðlilegum ástæðum oft og tíðum, verða hinar nýju reglur óhagstæðari en hinar eldri og að mínum dómi óréttlátari. En með hinum nýju reglum verður þó um það að ræða, að í ýmsum tilfellum verður nokkur hluti söluhagnaðar, sem fram kemur við sölu á fasteignum, sem menn hafa átt um nokkurt árabil, skattskyldur umfram það, sem verið hefur. Ég tel fyrir mitt leyti, að það kæmi vel til mála að taka upp reglur, sem ganga í þessa átt, en ég álít, að þá þurfi að ganga til verks af miklu meiri röggsemi en gert er í þeim till., sem liggja fyrir með þessu frv. Það er enginn vafi á því, að í okkar landi eru til ýmsar eignasölur, sem ég hygg, að flestum fyndist vera ástæða til að skattleggja að meira eða minna leyti, en ekki eru skattlagðar nú og ekki á að skattleggja samkv. þessu frv., þó að breytingar séu gerðar í þessum efnum. Við skulum t. d. taka lóðasölu. Til eru aðilar, sem eiga dýrmætar lóðir t. d. hér í Reykjavík og selja þær stundum með gífurlega miklum hagnaði — stundum svo að skiptir tugum milljóna í sambandi við sölu á einstökum lóðum. Það er ekki gert ráð fyrir því að taka þann hagnað til skattlagningar, sem þar væri um að ræða, en hins vegar er gert ráð fyrir því að skattleggja að vissum hluta þann hagnað, sem til félli reikningslega séð, ef um væri að ræða sölu á húsi, sem menn hefðu átt í fjögur ár.

Ég álít, að þær reglur, sem settar eru upp í þessu frv., séu mjög hæpnar og það sé ekki ástæða til að taka þær upp, nema farið sé í það mjög gaumgæfilega að skattleggja yfirleitt söluhagnað af eignum, þar sem hann er alveg óumdeilanlega fyrir hendi. En því verður ekki neitað, að það er býsna erfitt að koma þeim reglum fyrir, svo að sanngjarnt sé, á slíkum verðbreytingatímum eins og hafa gengið hér yfir um alllangan tíma.

Ég hef þá vikið hér nokkrum orðum að aðalbreytingunum, sem er að finna að mínum dómi í þessu skattamálafrv., og aðalröksemdin fyrir þeim er sem sé þessi, að það þurfi að létta sköttum af fyrirtækjum, en skattar einstaklinga verða að bíða, eins og þeir eru. Það er ekki tími til þess að taka upp þann hluta skattamálanna, sem snýr að sveitarfélögunum í landinu, en þar er þó um mjög verulega skattlagningu að ræða, en það þykir þurfa að lækka skatta á ýmsum félögum, eins og ég hef gert hér að umtalsefni.

Það væri þá kannske fróðlegt í þessum efnum að líta á fyrirliggjandi tölur um það, hvaða skatt félög yfirleitt greiða í atvinnurekstri á Íslandi, eins og nú standa sakir. Hvernig er þessu háttað við skattlagningu? Og það mætti kannske minnast á einnig um leið, hvað einstaklingar í landinu borga í tekju- og eignarskatt. Ég hef fengið hér nokkrar upplýsingar frá yfirvöldum um þessi efni. Þessi tafla, sem ég hef hér fyrir framan mig, sýnir skattgreiðslur einstaklinga annars vegar og félaga hins vegar á árabilinu 1960—1970 eða á aðalstarfstíma núverandi ríkisstj. Árið 1960 greiddu öll félög í landinu, sem skatt greiða til ríkisins, rétt tæpar 30 millj. kr. eða 29.6 millj. kr. í tekjuskatt. Það sama ár greiddu einstaklingar í tekjuskatt — allir einstaklingar í landinu — 33.7 millj. kr. eða aðeins hærri upphæð en félögin; þetta var árið 1960 í upphafi viðreisnar. Hlutföllin voru þá þannig, að einstaklingar greiddu af tekjuskattinum 53.2%, en atvinnureksturinn 46.8%. En hvernig er þessu varið nú? Á árinu 1970 borga öll félög í landinu í tekjuskatt 152.1 millj. kr. eða 16.5% af öllum tekjuskattinum, en einstaklingarnir borga þá orðið 771.5 millj. kr. eða 83.5%. M. ö. o. hefur tekjuskattur félaga í landinu á þessu tímabili verið að lækka úr 46.8% niður í 16.5%, en tekjuskattur einstaklinga hefur verið að hækka úr 53.2% upp í 83.5%. En þó segja sjálfar tölurnar auðvitað miklu merkari sögu en nokkurn tíma prósentutalan í þessum efnum. Á þessu tímabili hefur tekjuskattur félaga í landinu rétt um það bil sexfaldazt, en tekjuskattur einstaklinganna í landinu er orðinn tuttugu og tvisvar sinnum hærri. Þar hefur orðið stígandi í, en þrátt fyrir þessa þróun segir hæstv. ríkisstj. nú, að allt sé í lagi með tekjuskattinn hjá einstaklingum — hann má eiga sig, það þarf ekki að endurskoða hann í bili, hann má liggja óbreyttur, en það er lífsnauðsyn að lækka skattinn enn meir á fyrirtækjum í landinu.

Það er auðvitað enginn vafi á því, að hver sá, sem kynnti sér skattgreiðslur félaga á Íslandi og ber saman tekju- og eignarskattsgreiðslur félaga hér og í nágrannalöndunum og greiðslu þeirra til ríkisins í þessu formi, þ. e. í formi tekjuskatts og eignarskatts af heildartekjunum, sem ríkissjóður heimtar til sín á hverju ári, sannfærist um það, að félögin hér á landi borga sáralitla skatta; það er sannleikurinn í málinu — sáralitla skatta. Það var engin þörf á því — og er engin þörf á því að rífa upp skattareglurnar vegna félaga. Enda verður sannleikurinn í málinu sá, þegar litið er á heildina, að þær breyt., sem hér er um að ræða, munu ekki vega þungt. En það er auðvitað alveg rétt, að hverjar tuttugu, þrjátíu eða fjörutíu millj. kr., sem sparaðar verða í skattgreiðslum félaga — sá sparnaður kemur aðallega til nokkurra aðila, sem reka verzlun og skrifstofuhúsnæði eða leiguhúsnæði til almennings — geta orðið talsvert góðar fyrir þá, sem fá þetta í hendur og fá sína skatta gerða léttbærari.

Það er vitanlega mesta fjarstæða að halda því fram, að það sé þörf á því að gera þessar skattalagabreytingar, sem hér er um að ræða, vegna EFTA-aðildar, eins og sagt er, til þess að atvinnurekstur hér á Íslandi verði betur samkeppnisfær á erlendum mörkuðum. Allt slíkt er vitanlega hreinasta fjarstæða. Í fyrsta lagi er það nú svo, að þáttur þeirra, sem hér eiga að njóta, í útflutningi er ekki mikill. Þó að ég hafi sagt þetta um skattlagninguna almennt, þá er ekki þar með sagt, að atvinnurekstur á Íslandi yfirleitt borgi ekki talsvert mikið í skatta, þegar allt kemur saman. Hann borgar ekki mikið í tekjuskatt og ekki mikið í eignarskatt, en það er rétt, að það eru til óteljandi skattar í alls konar formi, sem liggja býsna þungt á atvinnurekstrinum í landinu og mjög misjafnlega. Það væri mikil þörf á því að taka skattamálin sem heild til athugunar, en þetta fikt, sem hér er verið að viðhafa í sambandi við tekju- og eignarskattinn í þá átt að lækka hann enn hjá þessum aðilum, er í rauninni ómerkilegt fikt. Enda var það býsna eftirtektarvert, að þegar fulltrúar helztu samtaka atvinnurekenda í landinu höfðu kynnt sér þetta frv. ríkisstj. og sendu fjhn. þessarar hv. d. umsögn sína um málið, þá kom það í ljós, að fulltrúar þessara samtaka atvinnurekenda, þ. e. Félags ísl. iðnrekenda, Landssambands iðnaðarmanna, Landssambands ísl. útvegsmanna, Verzlunarráðs Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, komust að þeirri niðurstöðu eins og segir í þeirra bréfi, að að undangenginni athugun sé það samdóma álit þessara aðila, að fresta beri lögfestingu frv. í flestum atriðum, að því er tekur til þeirra ákvæða þess, er varða skattlagningu atvinnurekstrar. Þessir aðilar sáu það, að í sjálfu sér var hér ekki fyrir þá um merkilegt mál að ræða. Það gat verið svo fyrir nokkra einstaklinga, sem gætu þá sloppið við þá lágu skatta, sem þeir hafa greitt, en þessir fulltrúar samtaka atvinnurekenda bentu réttilega á það, að það væri nauðsynlegt að taka skattlagningarmálin fyrir sem heild, þ. e. skattgreiðslur til bæjar- og sveitarfélaga og skatta til ríkisins, bæði tekju- og eignarskatt og fjöldamarga aðra skatta, sem atvinnureksturinn verður að greiða.

Það þyrfti auðvitað heldur ekki langt að fara, ef maður spyrði sjálfan sig miðað við þá reynslu, sem maður hefur fengið hér á hinu hv. Alþ. að undanförnu, hvort hér væri um einhverja verulega bót að ræða fyrir atvinnureksturinn í landinu almennt séð og hvort verið væri að létta af honum einhverjum fjárhæðum. Hvaðan ætlar þá hæstv. fjmrh. að fá tekjur í staðinn? Hann er vanur að minnast á það, ef eitthvað á af honum að taka, að hann vilji fá eitthvað annað í staðinn. En hann minnist ekki á nokkurn skapaðan hlut annan í staðinn. Ég hygg, að það stafi af því, að hér er ekki um neinar stórar fjárfúlgur að ræða í sjálfu sér, en stefnan, sem kemur fram í frv., er að mínum dómi röng, og það er verið að reyna að hygla þeim, sem sízt er ástæða til að hygla, en hins vegar eru afskiptin af skattamálum hinna, sem mestu máli skiptir þó að líta eftir með og öll yfirbyggingin hvílir á, ekki mikil í þessu frv.

Það er enginn vafi á því, að sú stefna, sem fram hefur komið hjá hæstv. ríkisstj. í skattamálum almennt séð á undanförnum árum, er mjög fjandsamleg almennu launafólki í landinu. Sé gerður samanburður á skattlagningu ríkisins á árinu 1960, þegar ríkisstj. byrjaði að framkvæma sína efnahagsmálastefnu, og á skattheimtu ríkisins nú, kemur í ljós, að skattabyrðin hefur verið að færast í sívaxandi mæli af herðum þeirra, sem hafa haft hæstar tekjur í landinu, frá atvinnurekstrinum í landinu og yfir á herðar hins almenna launamanns og alveg sérstaklega yfir á herðar láglaunamannsins í landinu. Árið 1960 var heildarsöluskatturinn rétt um 440 millj. kr. Nú er hann kominn upp í 3400 millj. kr. — 3.4 milljarða. Það er búið á þessu tímabili að færa söluskattinn yfir á allar lífsnauðsynjar manna og láta á þann hátt láglaunamanninn í landinu borga til ríkissjóðs miklu meira hlutfallslega en hann gerði áður. Á sama tíma hefur átt sér stað nokkur lækkun á tollum, en nálega eingöngu á allra hæstu tollunum, þ. e. á þeim varningi, sem helzt varð yfirleitt flokkaður undir það að teljast til lúxus. Slíkir tollar hafa verið lækkaðir, en raunverulega hafa tollar á lífsnauðsynjum hækkað vegna þeirra verðsveiflna, sem átt hafa sér stað í landinu með gengislækkunum. Með stórfelldri hækkun á verði lífsnauðsynjanna hefur óbreyttur tollstigi raunverulega orkað þannig, að um hækkun hefur verið að ræða á þessum tollgreiðslum. Á þessu tímabili hafa líka nefskattar hækkað stórlega, t. d. lífeyrissjóðsgjald, gjald til almannatrygginga eða sjúkrasamlagsgjöld og önnur slík gjöld, sem nú eru orðin verulega tilfinnanleg fyrir tekjulágt fólk — og miklu tilfinnanlegra nú en áður.

Ég hafði hér áður gert grein fyrir því, hvernig tilfærslan hefur átt sér stað í sambandi við tekju- og eignarskattinn. Tekju- og eignarskatturinn á hinu almenna launafólki hefur farið stórhækkandi á sama tíma sem tekju- og eignarskatturinn hefur raunverulega farið lækkandi jafnt og þétt hjá atvinnurekstrinum í landinu. Hér hefur verið um alveg ákveðna stefnu að ræða af hálfu ríkisstj. Hún hefur beinlínis stefnt að því að færa til skattabyrðina, og hún er enn að vinna að þessari stefnu sinni m. a. með þessu frv. Hún vill gera einstaka fyrirtækjum, sem t. d. eru sérstaklega stofnuð til gróðaöflunar, kleift að skjóta sér undan eðlilegri skattgreiðslu, og hún miðar að því að verðlauna hlutabréfaeigendur á sama tíma sem gjöldin munu halda áfram að hækka á almennu launafólki. Ég tel, að það hefði einmitt þurft nú að taka til endurskoðunar skattamálastefnuna sem heild, alla þætti skattamálanna — ekki aðeins reglurnar um tekju- og eignarskatt, því að það er vitanlega algjörlega ófullnægjandi endurskoðun á þessu máli, sem aðeins nær til þess þáttar.

Ég skal koma hér að þeim aðalbrtt., sem ég flyt við frv. Ég vil fyrst segja það, að við Alþb.-menn styðjum till. um það, að þessu máli verði vísað frá. Við álítum, að það væri réttasta afgreiðslan, en vegna þess, að við vitum það, að það yrðu mjög litlar líkur til þess úr því, sem komið er, að ríkisstj. gefi sig í málinu — við reiknum með því, að málið haldi áfram — þá hef ég flutt hér nokkrar brtt. við frv. og skal nú gera grein fyrir þeim.

Fyrsta brtt., sem ég flyt, er við 10. gr. frv., sem fjallar um 13. gr. l. sjálfra. Þar legg ég til, að bætt verði við 13. gr. l. nýjum staflið. En í þessari gr. eru taldar upp ýmsar tekjur eða greiðslur, sem skattþegnar fá, sem draga má frá skattskyldum tekjum, þ. e. tekjur, sem eiga að vera skattfrjálsar. Ég legg til, að bætt verði við staflið, sem er á þessa leið: „Allar bætur, sem greiddar eru samkv. l. um almannatryggingar, svo og atvinnuleysisbætur.“ Það er skoðun okkar, að það eigi ekki að leggja tekjuskatt á þær bætur, sem menn fá úr almannatryggingunum og heldur ekki á atvinnuleysisbætur. Þeir, sem fá einhverjar tekjur greiddar sem atvinnuleysisbætur, hafa auðvitað orðið fyrir allverulegum áföllum á árinu, og við teljum því, að það eigi ekki að skattleggja þessar tekjur sérstaklega.

Önnur brtt. mín er við 13. gr. frv. og fjallar um breytingar á persónufrádrætti. Þar legg ég til, að persónufrádráttur fyrir einstakling hækki úr 80 þús. kr. í 156 þús. kr. Í frv. ríkisstj. er gert ráð fyrir því, að talan 80 þús. hækki upp í 134 þús. Þá legg ég einnig til, að persónufrádráttur hjóna hækki úr 112 þús. kr. í 220 þús. kr. Og einnig legg ég til, að í þeim tilvikum, sem hjón telja fram hvort í sínu lagi, þá fái þau leyfi til þess að draga frá tekjum sínum persónufrádrátt eins og um einstakling væri að ræða, en ekki hálfan hjónafrádrátt, eins og verið hefur. Í þessari till. er einnig lagt til, að frádráttur fyrir hvert barn verði 35 þús. kr. Og síðan er lagt til að hækka allverulega persónufrádrátt með börnum einstæðra foreldra. Till. mínar í þessum efnum eru við það miðaðar í aðalatriðum, að persónufrádrátturinn hækki nú í réttu hlutfalli við hækkun á framfærslukostnaði, sem orðið hefur, síðan þær grunntölur voru ákveðnar, sem í l. eru. En í frv. ríkisstj. er gert ráð fyrir því, að persónufrádráttur-

inn hækki nokkru minna en sem nemur hækkun á framfærslukostnaði á þessu tímabili. Þó er í mínum till. lagt til að hækka bæði frádrátt með börnum almennt og eins sérstaklega frádrátt með börnum einstæðra foreldra talsvert miklu meira en sem þessari verðhækkun nemur.

Þriðja brtt. mín er við 42. gr. l., en þar legg ég til, að tekin verði upp viðbót svo hljóðandi: „Auk þeirrar rannsóknar á skattframtölum, sem um er rætt í 2. og 3. mgr. þessarar gr., skal árlega gerð sérstök ítarleg rannsókn á skattframtölum, samkvæmt útdrætti, sem Hagstofa Íslands lætur gera. Lágmarkstala þeirra framtala, sem þannig eru dregin út, skal vera 10% af framtölum atvinnurekenda og 5% af framtölum annarra." Ég þarf ekki að gera grein fyrir þessari till. í löngu máli. Ég tel alveg sjálfsagt að slá því föstu í lögunum, að til viðbótar þeirri almennu athugun, sem á sér stað á skattstofnunum, fari fram sérstök ítarleg athugun á þeim framtölum, sem dregin eru út af Hagstofu Íslands eftir sérstökum reglum fyrst og fremst með það í huga, að slíkar reglur mundu veita stóraukið aðhald fyrir alla þá, sem telja fram.

Fjórða till. mín er við 25. gr. frv., sem fjallar um 52. gr. l., en þar legg ég til, að verði bætt við nýjum tölulið, sem hljóði þannig: „Ef skattþegn hættir störfum eða hefur náð 70 ára aldri og sýnt þykir, að tekjur hans muni lækka verulega frá því, sem verið hefur." Hér er um það að ræða að veita skattayfirvöldum heimild til þess að lækka verulega skatt á þeim aðilum, sem sannanlega hafa hætt störfum eða hafa náð 70 ára aldri, og sýnt þykir, að tekjur lækki verulega hjá. Það er alkunna, að þeir aðilar, sem verða af ýmsum ástæðum að hætta störfum, eiga oft í miklum erfiðleikum með að greiða háa skatta frá árinu á undan, og ég tel, að það sé nauðsynlegt að setja reglur um það, að í öllum slíkum tilfellum sé heimild til að lækka skattana, þegar menn hætta að hafa nokkrar teljandi tekjur, og þetta gildi einnig um þá, sem orðnir eru 70 ára og eldri, og það þykir nokkurn veginn sannað mál, að tekjur þeirra muni lækka verulega.

Fimmta og síðasta brtt. mín er svo við 26. gr. frv., en þar legg ég til, að skattvísitalan, sem orkar á persónufrádráttinn og þrep skattstigans, verði látin fylgja hreyfingum framfærsluvísitölunnar.

Þessi atriði, sem ég hef hér flutt brtt. um, tel ég vera þess eðlis, að það sé í rauninni ekki stætt á öðru en að taka þessi atriði öll fyrir, ef á að gera hér breytingar á skattalögunum. Mér er þó ljóst, að hér hefði þurft að flytja brtt. um miklu fleiri atriði skattalaganna, en sé ekki ástæðu til þess að gera það hér a. m. k. á þessu stigi málsins. Ég skal svo láta lokið ræðu minni um málið. Eins og fram hefur komið í henni, erum við Alþb.-menn á móti frv. og teljum, að eðlilegast væri að vísa því frá og taka síðan skattamálin fyrir til gaumgæfilegrar endurskoðunar sem heild, en ekki aðeins þennan eina þátt, sem frv. fjallar um. En fáist það ekki fram að vísa málinu frá, þá teljum við þó, að miklu máli skipti að reyna að fá fram þær leiðréttingar, sem felast í þeim brtt., sem ég flyt og ég hef gert grein fyrir.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég hafði nú ekki ætlað mér að kveðja mér hljóðs í sambandi við þetta mál, en sem ég var að koma inn í þingsalinn beint úr flugvél norðan úr landi, þá var hér í ræðustól frsm. meiri hl. fjhn. og var einmitt að gera að umtalsefni frv. um sérstakan skattfrádrátt aldraðra, sem við 2. þm. Reykn. fluttum í fyrra og höfum efnislega flutt að nýju í vetur í öðru frv. með öðrum efnisatriðum. Vegna þessara ummæla hv. frsm. þá langar mig til þess í örfáum orðum að minna á tilgang þessa frv., vegna þess að hann er nokkuð annar en kom fram í túlkun hv. þm. Það, sem var höfuðatriðið í sambandi við frv. okkar um hinn sérstaka skattfrádrátt aldraðra, var það, að slíkur frádráttur kæmi sjálfbjarga fólki að gagni — því fólki, sem vill bjarga sér sjálft á ellidögunum. Það var höfuðmarkmiðið að styðja sjálfsbjargarhvöt aldraða fólksins og jafnframt að koma í veg fyrir ofsköttun aldraðs fólks, sem vinnur fyrir sér á almennum vinnumarkaði og hefur þess vegna nokkrar vinnutekjur — í raun og veru að koma í veg fyrir það, að gamalmenni, vinnufús gamalmenni, séu skattlögð fram á grafarbakkann — fram í andlátið. Þetta er það, sem ég vildi segja eða minna á í sambandi við þessa ræðu hv. frsm. meiri hl. n.

Frsm. gerði mest úr því, að einhverjir óverðugir kynnu að hagnast á slíku ákvæði, sem þarna var gert ráð fyrir í þessu frv. okkar. En hann horfir alveg fram hjá því, að ákvæðið er til hagsbóta fyrir fjöldamarga eignalitla menn, sem vilja bjarga sér sjálfir. Hv. frsm. magnar upp ágalla, sem kynnu að leynast í frv., en hann reynir hins vegar ekki að gera sér grein fyrir kostum frv. eða höfuðmarkmiði þess. Hann virðist ekki gera sér grein fyrir því, að hér er um að ræða réttlætismál og sérstaka aðferð til þess að bæta kjör aldraða fólksins í landinu. Það er fyrst og fremst verið að reyna að koma til móts við það fólk, sem vinnur fyrir sér á almennum vinnumarkaði og hefur þar af leiðandi talsvert miklar tekjur, en er þó komið að lokum starfsævinnar í raun og veru. Og mér finnst það koma úr hörðustu átt, þegar hv. þm., sem sérstaklega þykjast vilja styðja einstaklinginn og einstaklingsframtakið, mæla gegn slíkri till., sem gengur í þá átt að styðja sjálfsbjargarhvöt manna, til að gera þeim kleift að standa sem lengst á eigin fótum.

Einn hv. þm., frsm. 2. minni hl., hv. 4. þm. Austf., sagði áðan, að þetta frv. væri þannig, að höfuðtilgangur þess væri að ætla hlutabréfunum sérstakan persónufrádrátt. Þetta var mjög vel að orði komizt og lýsir í raun og veru inntaki þessa frv., en aftur á móti lifandi fólk nýtur lítillar náðar þeirra, sem samið hafa þetta frv. og þeirra, sem eru nú að tala fyrir því hér í hv. þd.

Mig langar til, herra forseti, í lokin að lesa hér kafla úr Lesbók Morgunblaðsins frá því í janúarmánuði. Þar er grein eftir einn af ritstjórum Morgunblaðsins, Styrmi Gunnarsson, og þar kem-

ur hann einmitt inn á þessi mál, sem ég hef reynt að gera hér að umtalsefni, þ. e. skattlagningu aldraða fólksins. Og ég vil með leyfi hæstv. forseta lesa stuttan kafla úr þessari grein. Styrmir segir í grein sinni: „Og annað atriði. Það fólk, sem komið er yfir sjötugt, hefur greitt skatta alla sína ævi eða a. m. k. hálfa öld eða rúmlega það. Erum við ekki betur stæðir en það, Íslendingar, að við þurfum að innheimta skatta af þessu fólki fram á grafarbakkann? Hvers vegna ekki að afnema alla skatta af fólki, sem komið er yfir sjötugt? Sjálfsagt verður sagt, að þá missi ríkið tekjur og megi ekki við því, en fróðlegt væri þá að vita, hver sá tekjumissir yrði." Þetta voru orð ritstjóra Morgunblaðsins um þetta efni. Ég hef þá leyft mér að kalla þann til vitnis, sem ég hygg, að hv. frsm. meiri hl. og jafnvel hæstv. ráðh., sem ber þetta frv. fram, muni taka nokkurt mark á, og ég geri ráð fyrir því, að þeir fái þá ástæðu til þess að hugleiða, hvort þessi hugmynd um sérstakan skattfrádrátt aldraðs fólks kunni ekki að fela í sér nokkurt réttlæti. Og skal ég ekki hafa um þetta fleiri orð.

Frsm. 1. minni hl. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Við fulltrúar Framsfl., sem erum í 1. minni hl. fjhn., leggjum það til, að þessu frv. verði vísað frá með rökst. dagskrá. Rök okkar fyrir dagskránni eru fyrst og fremst þessi: 1) Heildarendurskoðun allra skattalaga er orðin mjög aðkallandi, og það er aðeins til að tefja fyrir henni að taka einn þátt skattalaganna út úr og afgreiða hann, en þetta frv. fjallar nær eingöngu um tekjuskatt og eignarskatt, sem leggjast á fyrirtæki. 2) Meginbreytingin í þessu frv. er að auðvelda aukna arðgreiðslu fyrirtækja og gera arðinn skattfrjálsan hjá hluthöfum. Þetta verður tvímælalaust til þess, að fyrirtækið safnar minna af eigin fé en ella. Við teljum þetta öfugt við það, sem ætti að vera, því að það skiptir miklu máli fyrir atvinnuvegina, að fyrirtækin geti safnað sem mestu af eigin fé. Auk þess mun þetta nýja fyrirkomulag ýta undir stofnun fjölmargra smáhlutafélaga, eins og atvinnurekendur hafa bent á í bréfi sínu til Alþ., en þar er tvímælalaust um mjög óheppilega þróun að ræða. 3) Það er algert ranglæti að veita hlutabréfaeigendum mikil hlunnindi á sama tíma og einstaklingum er neitað um sjálfsagða leiðréttingu á skattvísitölunni, en afleiðingar þess verða þær, að tekjur fólks með lág laun og miðlungstekjur verða skattlagðar eins og um hátekjur væri að ræða. Það er fyrst og fremst af þessum þremur meginástæðum, sem við leggjum til, að þetta frv. verði afgr. með rökst. dagskrá.

Ég vil láta það koma fram í þessu sambandi, að við teljum eðlilegt, að þetta þing afgreiði tvær breytingar á skattalögunum, sem liggja fyrir í öðrum frv. hér á hv. Alþ. Það er í fyrsta lagi um að ræða frv. á þskj. 34, þar sem lagt er til, að framfærsluvísitalan ráði því, hver skattvísitalan er, eða réttara sagt, að skattvísitalan fylgi framfærsluvísitölunni. Ef þetta yrði samþ., þá mundi það verða til þess, að frádráttur einstaklings hækkaði úr 134 þús. kr., eins og nú er gert ráð fyrir samkv. frv., í 156 þús. kr., frádráttur hjóna mundi hækka úr 188 þús. kr. í 220 þús. kr. og frádráttur vegna barns mundi fara úr 27 þús. kr. í 35 þús. kr. Auk þess mundu svo allir skattstigar breytast í samræmi við þetta og það valda nokkurri verulegri lækkun á sköttum. Þá mundi þetta einnig valda hliðstæðum breytingum á frádrætti í sambandi við álagningu útsvara og einnig breyta útsvarsstiganum þannig, að af því mundi hljótast lækkun. Í öðru lagi teljum við, að það sé nauðsynlegt, að frv. á þskj. 198 nái fram að ganga, en efni þess er það, að allir fastafjármunir skuli fyrnast miðað við áætlaðan endingartíma þeirra. Þetta mundi að sjálfsögðu hafa þær afleiðingar, að fyrningar hjá fyrirtækjum og einstaklingum raunar líka mundu breytast talsvert frá því, sem nú er, og komast í eðlilegt horf, en vegna hinna miklu gengisfellinga, sem hér hafa orðið síðustu árin, þá hefur allur grundvöllur, sem fyrningarnar miðast við, meira og minna skekkzt. Við teljum, að þau frv., sem hér um ræðir, feli í raun og veru ekki í sér neinar breytingar á skattalögunum, heldur sé hér aðeins um leiðréttingar að ræða, sem nauðsynlegt er að gera vegna þeirrar dýrtíðar og verðbólguþróunar, sem hefur verið í landinu á undanförnum árum, en aftur á móti sé hér ekki um neinar grundvallarbreytingar að ræða, eins og eru í þessu frv.

Mér finnst rétt að víkja að því, þegar ég fer að rekja röksemdirnar fyrir dagskrártill. okkar, hvernig að þessu máli hefur verið unnið. Ég held, að það séu fá mál, sem hafa legið hér fyrir hv. Alþ., sem hefur verið lögð í öllu meiri vinna, og eins og ég kem að síðar að sumu leyti, að ég held, vegna þess, að reynt hefur verið að fela þann raunverulega tilgang, sem er að baki þessu frv.

En saga þessa máls er í upphafi sú, að hæstv. fjmrh. skipar sérstaka embættismannanefnd til að endurskoða og athuga skattamál fyrirtækja með tilliti til hugsanlegrar EFTA-aðildar. Þessi nefndarskipan átti sér stað 25. apríl 1969, og það verður ekki annað sagt, og ég skal fullkomlega viðurkenna það, að það var nauðsynlegt, að slík athugun færi fram á skattamálum fyrirtækja með tilliti til EFTA-aðildarinnar. Við þurftum að fá samanburð á því, hvort fyrirtæki hér borguðu svipaða skatta og fyrirtækin í EFTA-löndunum, sem við áttum að fara að keppa við, eða hvort skattaálögur væru hér miklu hærri og þess vegna þyrfti að gera breytingar á — a. m. k. til samræmis við það, sem ætti sér stað í umræddum löndum. Til þess að fá réttan samanburð í þessum efnum þyrfti að sjálfsögðu að gera athugun á öllum skattamálum fyrirtækjanna — ekki aðeins tekjuskattinum og eignarskattinum, sem er að verða tiltölulega léttbærasti skatturinn, sem lagður er á atvinnufyrirtækin, heldur á aðstöðugjöldum, útsvörum, framlögum og greiðslum til trygginga og annarra opinberra stofnana, í byggingarsjóð, í Iðnlánasjóð, í Stofnlánasjóð landbúnaðarins o. s. frv. Það þurfti sem sé til þess að fá réttan samanburð í

þessum efnum að fara fram heildarúttekt á því, hve háir skattarnir væru, sem fyrirtækið raunverulega greiddi, og eins og ég sagði áðan, upplýsist það ekki nema að litlu leyti með því að taka tekju- og eignarskattinn einan til meðferðar, vegna þess að hann er orðinn tiltölulega lítill hluti af þeim sköttum, sem fyrirtækin greiða.

En af einhverjum ástæðum fór aldrei fram nein slík úttekt hjá embættismannanefndinni. Ég hef a. m. k. ekki séð, að það liggi fyrir nokkur heildarúttekt, sem embættismannanefndin hefur gert á því, hverjir þeir skattar eru samanlagðir, sem fyrirtækin raunverulega greiða. Ég held, að nefndin hafi algerlega vanrækt að vinna sín verk samkvæmt þessu. Og þess vegna liggja ekki fyrir af hennar hálfu nema fullyrðingar um það, að skattaálögur séu sennilega ekki hærri hjá fyrirtækjum hér en í hinum EFTA-löndunum, en engin raunhæf rannsókn hefur enn farið fram á þessu. Nefndin lét sem sé ekki fara fram athugun á öðrum þætti þessara mála en þeim þætti, sem laut að tekju- og eignarskattinum. Um þetta efni var lagt fram frv. á síðasta þingi, sem nefndin hafði samið, og bersýnilega hafði verið lögð mikil vinna í að semja það. Samkvæmt ósk hæstv. fjmrh. var það lagt fram af fjhn. Nd. án þess, að nefndin tæki nokkra sérstaka afstöðu til málsins, en það mun þá ekki hafa legið fyrir, að það hafi verið samkomulag um málið í ríkisstj., og þess vegna var ákveðið að hafa þessa vinnuaðferð.

Þegar nefndin fór svo að athuga málið og atvinnurekendur fóru að kynna sér það, þá virtist það vera sameiginlegt álit, ég held, eiginlega allra aðila, jafnvel fjmrh. líka, að það væri rétt að láta þetta mál daga uppi og afgreiða ekki nema einn þátt þess, sem var tekinn út úr og fluttur í sérstöku frv. (Gripið fram í.) Ég held, að það hafi ekki komið fram við meðferð upphaflega, heldur hafi það komið fram við meðferð málsins í nefnd, og það var stöðvað. Ég held, að það hafi kannske ekki raunverulega verið fyrir tilmæli hæstv. fjmrh., að málið stöðvaðist endanlega, heldur hafi kannske samstarfsflokkur hans átt einhvern þátt í því — ásamt því, að það komu strax fram ákveðin mótmæli frá atvinnurekendum. Það, sem réð mestu um það, að mönnum fannst ekki eðlilegt, að þetta mál næði fram að ganga í fyrra, var, að það fjallar ekki nema um einn þátt í skattamálum atvinnufyrirtækja á mjög takmarkaðan hátt og það er áhugi hjá atvinnurekendum á því og öðrum reyndar líka, að það eigi að láta fara fram heildarathugun á þessum málum, en ekki taka einn þáttinn alveg út úr og afgreiða hann, en láta aðra vera óafgreidda eins og t. d. það, hve há aðstöðugjöldin eigi að vera, hver fasteignagjöldin eigi að vera, hvert útsvarið eigi að vera, hvert iðnlánasjóðsgjaldið eigi að vera og hver launaskatturinn eigi að vera o. s. frv.

Hæstv. viðskrh. mun hafa komizt að raun um það, að eftir þær undirtektir, sem þetta mál fékk á Alþ., væri rétt að vinna að málinu með talsvert öðrum hætti en að taka þennan eina þátt út úr, tekju- og eignarskatt fyrirtækjanna — sem sé vinna að málinu á breiðari grundvelli. Og þess vegna skrifaði hann embættismannanefndinni nýtt bréf, sem er dagsett 14. maí 1970, þar sem hann leggur fyrir nefndina, að hún ljúki verkefni því, sem henni var falið með erindisbréfinu frá 25. apríl 1969, en jafnframt er henni falið að framkvæma heildarathugun á skattalögunum með það markmið annars vegar í huga að gera skattkerfið sem einfaldast og hins vegar að gera þær breytingar á ákvæðum l. um tekju- og eignarskatt varðandi skatt einstaklinga, er nefndin telur sanngjarnar og eðlilegar. Hér var eiginlega starf nefndarinnar fært yfir á alveg réttan grundvöll. Nú átti það ekki lengur að beinast eingöngu að því að fjalla um tekjuskatt og eignarskatt fyrirtækja, heldur átti að fara fram almenn athugun á öllum skattamálum fyrirtækja og ekki aðeins á öllum skattamálum fyrirtækja, heldur einstaklinganna líka, og í framhaldi af því átti að liggja fyrir heildarniðurstaða af slíkri allsherjarendurskoðun. En þrátt fyrir það, þó að hæstv. ráðh. gæfi nefndinni þessi fyrirmæli, þá held ég, að megi fullyrða það, að þeim hefur verið að sáralitlu eða engu sinnt. Allt starf nefndarinnar, sem mér er kunnugt um, að hefur verið mjög mikið, hefur beinzt að þessu eina máli, athugun á tekjuskatti og eignarskatti fyrirtækja. Og nefndin fór yfir það frv., sem hún hafði samið í fyrra og lagt var fram á Alþ. þá, og komst að þeirri niðurstöðu, að það þyrfti að gera á því stórar breytingar — mjög veigamiklar breytingar — og samdi nýtt frv. samkv. því, og það er það frv., sem hér er nú til umr., sem er mjög verulega breytt frá því, sem frv. í fyrra var.

Það er kunnugt, hvaða undirtektir þetta nýja frv. fékk, t. d. hjá atvinnurekendum. Það var sent þeim sérstaklega til athugunar, og það er alveg auðséð, að þeir hafa vaknað við vondan draum, þegar þeir fengu þetta mál til athugunar, því að þeir hafa að sjálfsögðu búizt við því samkv. öllu því, sem var á undan gengið, og því, sem var búið að lofa og tala um, að hér væri um að ræða heildarathugun á öllum skattamálum fyrirtækja og einstaklinga líka og þess vegna fengju fyrirtækin glöggar upplýsingar um það, hvernig þau mundu raunverulega standa gagnvart sköttum, opinberum sköttum, eftir að slík heildarendurskoðun hefði farið fram, og breytingar á skattalögunum yrðu í samræmi við það. En í staðinn er hér fjallað um tekju- og eignarskattinn einan, sem eins og kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, er ekki nema tiltölulega lítill hluti af því, sem fyrirtækin greiða í skatta, og þess vegna skiptir það fyrirtækin miklu meira máli, að athugaðir séu, endurskoðaðir og samræmdir aðrir skattar en þessir. Það voru líka fyrstu viðbrögð atvinnurekendasamtakanna í bréfi, sem þau sendu fjhn. og dags. er 25. febr. 1971, að leggja til, að málinu yrði frestað — frv. yrði frestað og heildarendurskoðun skattamálanna látin fara fram. Í þessu bréfi atvinnurekenda segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

Samtökin telja nauðsyn á, að endurskoðun l. um

tekjuskatt og eignarskatt og l. um tekjustofna sveitarfélaga fylgist að. Frá sjónarmiði fyrirtækisins eru tekjuútsvör og tekjuskattur raunar sami skatturinn, en ráðstöfunin aðeins misjöfn. Þetta mál tengist þá spurningunni um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og á hvern hátt fullnægja eigi tekjuþörf þeirra síðarnefndu. Það snertir svo aftur álögur aðstöðugjalda og fasteignaskatta, en þessi gjöld til sveitarfélaganna skipta fyrirtæki almennt miklu meira máli en tekjuskattur til ríkissjóðs. Er því lagt til, að málið verði afgreitt í einni heild. Þá er á það bent, að aðalákvæðum frv. er ekki ætlað að koma til framkvæmda fyrr en við álagningu á árinu 1972. Sýnist því ekki brýn nauðsyn að ljúka afgreiðslu þess á því Alþ., sem nú situr.

Hér liggur fyrir alveg skýr yfirlýsing frá samtökum atvinnurekenda um það, að þau óski ekki eftir því, að frv. nái fram að ganga í því formi, að eingöngu sé fjallað um tekju- og eignarskattinn, heldur séu öll skattamál þeirra íhuguð í heild og skattalögum breytt samkv. þeirri niðurstöðu, sem sú endurskoðun kann að leiða til. Og það er náttúrlega ákaflega heilbrigð og eðlileg afstaða hjá atvinnurekendum að fara fram á þetta. Það hefur einnig ráðið miklu um þá afstöðu atvinnurekenda að óska eftir, að málið nái ekki fram að ganga, að þeim er ljóst, að margar þær breytingar, sem frv. gerir ráð fyrir, gengju beinlínis gegn hagsmunum atvinnurekstrarins og þess vegna yrði það óheppilegt fyrir hann, að frv. næði fram að ganga. Sérstaklega eru það höfuðatriðin í frv., sem eru áreiðanlega óhagstæð hagsmunum atvinnurekstrarins.

En þegar búið er að klæða frv. úr öllum þeim miklu umbúðum, sem það er í, og fjarlægja ýmsar breytingar, sem ekki eru reyndar margar, heldur aðallega smávægilegar, sem í því eru, þá er það raunverulega þrennt, sem má telja, að séu meginatriðin. Það er í fyrsta lagi það, að það er lagt til að leggja niður hinn skattfrjálsa varasjóð, sem hefur hingað til verið bezta leiðin fyrir fyrirtækin til að safna eigin fé. Í öðru lagi á að koma í stað hans arðjöfnunarsjóður, sem fyrst og fremst hefur það takmark að auðvelda fyrirtækjunum að greiða út meiri arð en átt hefur sér stað fram að þessu. Loks er það, að eðli frv. er svo að gera arð af bréfum skattfrjálsan að mjög verulegu marki. Þessi meginatriði frv. hljóta að leiða til þess, að það safnast miklu minna eigið fé hjá fyrirtækjunum en ella mundi vera. Þegar hlutabréfaeigendur fá skattfrjálsan arð, munu þeir að sjálfsögðu leggja á það megináherzlu, að félögin greiði sem mest af hagnaði í arð, og það er auðveldað að gera þetta með arðjöfnunarsjóðsfyrirkomulaginu. Það er hins vegar látið skína í það, að þetta skattfrelsi á hlutabréfaarði muni verða til þess, að menn kaupi frekar hlutabréf í félögunum og eigið fé þeirra aukist á þann hátt, en það er enginn kominn til með að segja það, að svo verði. Og það er heldur enginn kominn til með að segja það, að hlutafélögin opni sig nokkuð frekar af þessum ástæðum. Það er miklu meiri ástæða til að halda, að hlutabréfaeigendur reyni að halda félögunum lokuðum, eftir að farið er að veita skattfrjálsan arð af hlutabréfum.

Jafnframt er sú mikla hætta, sem atvinnurekendur benda á í bréfi sínu, að þetta fyrirkomulag geti leitt til þess, að alls konar atvinnurekstur, sem er rekinn af einstaklingum nú sem einstaklingsrekstur, breyti um það form og menn taki upp hlutafélagafyrirkomulagið til þess að ná í þennan skattfrjálsa arð. Það er t. d., eftir að búið er að samþykkja frv. eins og þetta, þ. e. þessi ákvæði þess, orðið hagsmunamál fyrir bóndann að breyta sínum rekstri í hlutafélög, vegna þess að hann getur þá gert svo og svo mikið af sínum tekjum skattfrjálsar með því að reikna sér þær sem arð af hlutabréfum. Og búast má við því, að ótalmörg smáfyrirtæki, sem nú eru rekin sem einstaklingsfyrirtæki, breyti sínu rekstrarfyrirkomulagi og verði hlutafélag vegna þessara ákvæða. Þannig er hætta á því, að það rísi upp fjöldi smárra hlutafélaga, og það er áreiðanlega óhagstæð og óheppileg þróun fyrir atvinnulífið í landinu. En þetta er ein hættan, sem fylgir þessu.

Önnur meginhætta, sem stafar af þessum ákvæðum, er þó sú, að með því að fella varasjóðinn niður og láta arðjöfnunarsjóðsfyrirkomulagið koma í staðinn og skattfrelsi á hlutabréfaarðinum þá sogist mikið fé út úr fyrirtækjunum, sem annars hefði færzt þar í varasjóð. Þess vegna er það ákaflega einkennilegt, að t. d. flokkur eins og Sjálfstfl., sem hvað eftir annað hefur verið að prédika það, að það væri nauðsynlegt, að félögin gætu safnað sem mestu af eigin fé, skuli beita sér fyrir þeim breytingum að fella varasjóðina niður og láta arðjöfnunarsjóðina og skattfrelsi hlutabréfaarðsins koma í staðinn. En á þessu er þó einföld skýring, og hún er sú, að þegar til kastanna kemur, þá eru það ekki þeir, sem bera hag atvinnuveganna sérstaklega fyrir brjósti, sem ráða Sjálfstfl. og hafa mest að segja þar. Það eru hinir, sem eiga hlutabréfin, og þeir hafa margir allt annarra hagsmuna að gæta en hinir, sem eiga að stjórna atvinnufyrirtækjunum. Þess vegna held ég, að afstaða t. d. margra sjálfstæðismanna til þessa máls sé sú, að þeir, sem eru í sjálfum atvinnurekstrinum, þeir, sem eiga að stjórna fyrirtækjunum, og þeir, sem eiga að sjá um það, að það sé sæmilegt fjármagn í þeim, eru á móti þessari breytingu. Hins vegar eru hinir, sem eru einhvers staðar úti í bæ, koma ekkert nálægt rekstrinum, en eiga bréfin og vilja fá sem mestan arð af þeim; það eru þeir, sem knýja þessar breytingar fram. Og það sést þess vegna glöggt af þessu, hvaða öfl það eru, sem í raun og veru ráða mestu í Sjálfstfl.

Eftir að þessi mótmæli atvinnurekenda komu fram, var talsvert fjaðrafok í herbúðum stjórnarinnar og — ég held — ekki sízt í herbúðum Sjálfstfl. Þá var byrjað á því í þriðja sinn að semja þetta frv. upp. Og nú liggja fyrir brtt. frá meiri hl. fjhn., sem eru að mörgu leyti alveg nýtt frv. Þetta er eiginlega þriðja frv. þess eðlis, sem hér liggur fyrir. Ég man ekki eftir því, að síðan ég kom á þing — og ég

fylgdist nú talsvert með þingstörfum hér áður — hafi ég nokkurn tíma séð þskj., þar sem brtt. hafa tekið einar 11 síður eins og þær brtt., sem meiri hl. fjhn. hefur lagt fram að þessu sinni. Og það er vegna þess, að það er eiginlega búið að gerbreyta að mörgu leyti frv. frá því, sem áður var, en því miður eru þessar breytingar, sem hafa verið gerðar á frv., fyrst og fremst varðandi ýmis aukaatriði þess, en aðalatriðin standa hins vegar áfram. Arðjöfnunarsjóðsfyrirkomulagið á að haldast áfram, og hlutabréfaarðurinn á að vera skattfrjáls. Það hefur þess vegna í raun og veru þrátt fyrir alla þessa löngu brtt. ekki verið gengið til móts við hina raunverulegu hagsmuni atvinnurekstrarins, vegna þess að hagsmunir hlutabréfaeigendanna hafa verið látnir sitja í fyrirrúmi. Það sýnir enn sem fyrr, eins og ég er búinn að nefna hér, að þeir, sem mega sín mest í Sjálfstfl. og þar af leiðandi líka í Alþfl., sem er nú ekki annað en eins konar diskur Sjálfstfl., eru ekki sömu mennirnir og þeir, sem standa í sjálfum atvinnurekstrinum, stjórna fyrirtækjunum og vilja hafa sem mest eigið fé í fyrirtækjunum; það eru hluthafarnir úti í bæ, hinir fjársterku hluthafar úti í bæ, sem hvergi koma nálægt rekstrinum, en heimta að fá sem mestan arð af honum, sem hafa hér fengið að móta stefnuna.

Þetta skýrist líka enn betur, þegar það er tekið til athugunar, að í sambandi við þessa athugun er alveg sleppt öllum öðrum skattamálum atvinnuveganna en þessu eina. Því er sleppt að fást nokkuð við aðstöðugjöldin, því er sleppt að taka fasteignaskattana til athugunar, því er sleppt að taka útsvörin til athugunar, því er sleppt að taka iðnlánasjóðsgjaldið til athugunar, því er sleppt að taka til athugunar það, sem bændur greiða í stofnlánasjóði, því er sleppt, sem atvinnuvegirnir greiða í byggingarsjóðinn og íbúðarlánasjóðinn, og það er sleppt einum 20—30 sköttum öðrum, sem atvinnuvegirnir verða að greiða. Það er ekki hróflað við neinu af þessu. Það er bara tekið fyrir þetta eina mál, tekju- og eignarskatturinn, sem er að verða einna minnst tilfinnanlegur af sköttunum, sem atvinnufyrirtækin greiða, og það stafar eingöngu af því, að það er ekki verið að breyta þessum skattalögum atvinnurekstrinum í hag. Það er verið að breyta þeim til hagsbóta fyrir þá menn, sem eiga fyrirtækin, hlutabréfaeigendurna, sem sitja úti í bæ, og koma ekki nálægt atvinnurekstrinum, og það er verið að stuðla að því með þessu, að eigið fé í fyrirtækjunum safnist miklu síður fyrir en hefur verið fram að þessu, þegar um skattfrjálsan varasjóð hefur verið að ræða, og því er þetta frv. beinlínis atvinnurekstrinum í óhag.

Það kunna einhverjir að segja, að það hafi verið komið á vissan hátt til móts við sjónarmið atvinnurekstrarins í brtt. meiri hl. vegna þess, að nú eiga fyrirtækin að geta valið á milli þess að hafa skattfrjálsan varasjóð samkv. núgildandi l. eða arðjöfnunarsjóð samkv. því, sem gert er ráð fyrir í frv. En það er bara einn böggull látinn fylgja skammrifi, sem verður til þess, að varasjóðsleiðin verður allt of lítið notuð, og hann er sá, að þeir hlutabréfaeigendur, sem eiga hlutabréf í félagi, sem hefur varasjóð, fá arðinn ekki skattfrjálsan. Aftur á móti fá þeir hlutabréfaeigendur, sem eru í félagi, sem hefur arðjöfnunarsjóð, arðinn skattfrjálsan. Þetta verður að sjálfsögðu til þess, að hlutabréfaeigendur knýja á um það, að það verði yfirleitt farin arðjöfnunarsjóðsleiðin. Fleiri og fleiri hlutafélög munu fara inn á þá braut, og það leiðir óhjákvæmilega til þess, að eigið fé, sem safnast fyrir hjá fyrirtækjunum, verður miklu minna en ella, því að arðjöfnunarsjóðnum er fyrst og fremst ætlað það hlutverk að greiðast allur sem arður. Þess vegna er það, að framlag í arðjöfnunarsjóð á að vera skattskylt að 5 árum liðnum, ef það verður ekki greitt út í arð. Ég er alveg sannfærður um það, að hér er stigið rangt spor vegna þess, að hefði Alþ. rétta íhlutun í þessu máli, þá ætti það að stuðla að því, að það safnaðist meira eigið fé hjá fyrirtækjunum, og það væri kannske miklu skynsamlegra að ganga í þá átt að gera varasjóðinn enn þá sterkari en hann nú er. En þetta nýja fyrirkomulag, arðjöfnunarsjóðurinn og skattfrjáls hlutabréfaarður, verður til þess, að það fé, sem lagt hefur verið í varasjóðina fram að þessu, verður greitt út sem arður að mestu eða öllu leyti og eigið fé fyrirtækjanna minnkar sem því svarar.

Það er sem sé, eins og ég hef áður vikið að, að í stað þessa á að koma svo og svo mikil sala á hlutabréfum, en ég hef mjög takmarkaða trú á því, að svo verði, sökum þess m. a., að í t. d. — við skulum segja — hlutafélögum, sem gefa sæmilegan arð af sér, hafa hlutabréfaeigendur ekki áhuga á því að bjóða út hlutabréf. Og þetta sást t. d. á því, að þegar fulltrúar atvinnurekenda voru að ræða við embættismannanefndina um breytingar á þessu frv., þá lögðu þeir til, að það ákvæði yrði sett í frv., að skattfrelsi á hlutabréfaarði skyldi aðeins ná til þeirra félaga, sem seldu bréf sín á opnu kaupþingi — til félaga, sem höfðu hlutabréf sín til sölu, eins og viðgengst víða annars staðar. Þetta hefur ríkisstj. ekki viljað fallast á. Og það er vegna þess, að hún vill ekki fara þá leið, að hlutafélögin séu opin eins og þau væru með þessum hætti. Þess vegna var þessi till. atvinnurekenda lögð til hliðar. En það væri óneitanlega veruleg breyting í rétta átt, ef það væri gert að skilyrði fyrir skattfrelsinu, að þau félög eða hluti af þeim félögum, sem nytu þess, hefðu sín bréf stöðugt til sölu á opnum markaði. Þá gætu þeir, sem vildu, haft aðgang að því að kaupa þau, en á þessa till. atvinnurekenda vildi ríkisstj. ekki fallast, eða þeir menn, sem vinna fyrir hana, og þess vegna er hætt við því, að hlutafélögin verði áfram lokuð. Og því meiri arður, sem verður af rekstri þeirra, því meiri líkur eru til þess, að hlutabréfaeigendur vinni að því, að þau verði lokuð og bréfin fáist ekki til sölu á frjálsum markaði.

Það er skoðun okkar, sem stöndum að þessu áliti minni hl., að það sé rangt og óheppilegt að taka til meðferðar einn þátt skattamálanna, heldur sé það mjög mikilvægt, að þau séu endurskoðuð í einni

heild, og það er ein ástæðan til þess, að við leggjum fram þá brtt., sem hér liggur fyrir. Önnur ástæðan er svo sú, eins og ég hef verið að færa rök að, að þessi breyting hlýtur að stuðla að því, að miklu minna eigið fé safnast hjá fyrirtækjunum en ella. En nú kem ég að þriðju ástæðunni, sem er ekki síður þung á metaskálunum, og hún er sú, að það er fyllsta ranglæti að veita hlutabréfaeigendum það skattfrelsi, sem felst í þessu frv. eða þessum breytingatill., á sama tíma og fyrirsjáanlegt er, að skattvísitölunni verður beitt þannig, að láglaunamenn verða að greiða mjög háa skatta.

Ég held, að það sé rétt að rekja þetta mál þannig að rifja upp þau loforð, sem hæstv. ríkisstj. gaf, þegar hún kom til valda. Það var rétt eftir, að hún kom til valda á árinu 1960, og þá var það loforð hennar, að almennar launatekjur skyldu undanþegnar tekjuskatti. Ég held, að ég hafi þá ágætu bók einhvers staðar, þar sem þetta loforð er að finna, en ég tel, að það sé óþarft að fletta upp á því hér, því að öllum þm. og hæstv. fjmrh. er kunnugt um það ákvæði.

Nú var hæstv. ráðh. að reyna að færa rök að því við 1. umr. þessa máls, að eins og hann beitti skattvísitölunni núna fullnægði hún alveg þessu atriði, að almennar launatekjur væru undanþegnar tekjuskatti, og hann komst að þessari niðurstöðu á þann hátt, að hann hafði látið Efnahagsstofnunina reikna út, hvað verkamaður í Dagsbrún hefði átt að hafa á síðasta ári samkv. 1. taxta Dagsbrúnar og með 15% yfirvinnu til viðbótar. Það, sem kom út, var 192—193 þús. kr., og svo sagði ráðherrann, að samkv. skattvísitölunni, sem við erum búnir að ákveða og er í þessu frv., þá eiga hjón að fá frádrátt, sem nemur 188 þús. kr., svo að það vantar ekki nema 4 þús. kr. á það, að almennar launatekjur séu undanþegnar tekjuskatti, og þannig sé alveg staðið við það loforð, sem ríkisstj. og stjórnarflokkarnir hafa gefið.

En nú vill svo til, að það eru aðrir hæstv. ráðh., sem hafa látið reikna út fyrir sig, hverjar hefðu verið atvinnutekjur verkamanna og launamanna á síðasta ári og hverjar væru almennar launatekjur, og þeir hafa látið gera þessa útreikninga með tilliti til þess að geta sýnt fram á það, að kaupgeta almennings hefði verið sem mest. Þetta eru þeir hæstv. viðskrh. og hæstv. landbrh. Þeir hafa báðir birt tölur um það, hverjar hafi verið almennar launatekjur í landinu 1970. Ég hef þær tölur því miður ekki við hendina, en hæstv. fjmrh. getur áreiðanlega útvegað þær. En ég get fullvissað hann um það, að þessar tölur, sem þeir eru með, landbrh. og viðskrh., um það, hverjar hafa verið almennar launatekjur á síðasta ári, eru sennilega um það bil helmingi hærri en þessi upphæð eða meira og samkv. þeim þyrfti skattvísitalan að hækka æðimikið eða skattfrádrátturinn, ef það ætti að fullnægja því loforði ríkisstj. að undanþiggja almennar launatekjur tekjuskatti. Ég skal ekkert fullyrða um það, hvort þessar tölur landbrh. og viðskrh. séu réttar. Ég er hálfhræddur um það, að ekki sé mikið að marka þessar mismunandi tölur, sem ráðh. eru alltaf að birta öðru hverju eftir því, hvort þeir þurfa að miða almennar launatekjur við skattvísitöluna eða hvort þeir þurfa að vera að sýna fram á það, að verkamenn hafi svo og svo góð kjör. En hitt er áreiðanlega víst, að almennar launatekjur á s. l. ári hafa sem betur fer verið talsvert miklu hærri en 192 þús. kr., þó að það séu þær tekjur, sem verkamenn hafi fengið miðað við lægsta taxta og miklu minni eftirvinnu og aukavinnu en þeir hafa haft.

Mér finnst það mjög líklegt eftir þeim upplýsingum, sem ég hef haft, að það væri ekki óeðlilegt að tala um það, að almennar launatekjur hafi á síðasta ári verið í kringum svona 350 þús. kr. eða um það bil og jafnvel kannske hærri en það — um það þori ég ekki að fullyrða. En það er alveg víst, að verði skattfrádrátturinn ekki hærri en hann er ákveðinn í frv., 134 þús. kr. fyrir einstakling og 188 þús. kr. fyrir hjón, þá lenda langflestir launþegar í því á þessu ári vegna þeirra kauphækkana, sem þeir fengu á síðasta ári, að greiða stórhækkaða skatta.

Og þetta skýrist líka nokkuð fyrir mönnum, ef þeir lesa þær brtt., sem liggja hér fyrir frá hv. fjhn. Þar er lagt til, að sú breyting komist á, að skattskrár skuli ekki lagðar fram fyrr en 20. júní. Samkv. núgildandi lögum á að leggja skattskrár fram fyrir 1. júní. Það er skiljanlegt, að ríkisstj. kæri sig ekki neitt um það, að menn séu búnir að sjá skattskrána fyrir 13. júní, þegar kosningar fara fram. Ástæðan til þessara breytinga er einfaldlega sú, að ríkisstj. vill ekki láta það sjást, hverjir skattarnir verða samkv. þeirri skattvísitölu, sem hún hefur ákveðið. Með því að beita skattvísitölunni, eins og hæstv. ríkisstj. hefur gert, þá stefnir hún að stórfelldri skattahækkun á þessu ári. Og það er að sjálfsögðu — það þarf ekki að færa nein rök að því, það liggur svo í augum uppi — hið fullkomnasta ranglæti, sem hægt er að hugsa sér, að ætla að veita hlutabréfaeigendum, sem yfirleitt tilheyra efnaðri stétt þjóðfélagsins, mjög veruleg skattfríðindi, meðan skattvísitölunni er þannig beitt, að skattar á lágtekjufólki hljóta að stórhækka. Þess vegna getur enginn maður, sem er sæmilega sanngjarn, átt sinn þátt í því að samþykkja frv., eins og það er.

Ég sakna þess, að hæstv. viðskrh. skuli ekki vera hér viðstaddur, en hann var nýlega á einhverjum fundi — ég man ekki hvar — að lýsa yfir því, að það væri áreiðanlega hægt að gera skattalögin miklu heilbrigðari og sanngjarnari en þau eru nú. Er það skoðun viðskrh. og hans flokks, að það sé leiðin til að gera skattalögin heilbrigðari og sanngjarnari að veita hlutabréfaeigendum stórfelld skattfríðindi á sama tíma og skattvísitalan er raunverulega fölsuð til þess að hækka skatta á lágtekjufólki? Ég leyfi mér að kalla það hreina fölsun, þegar skattvísitalan er ekki ákveðin nema 168 stig, en ætti að vera 196 stig — ef fylgt hefði verið framfærsluvísitölu, eins og ætti að gera og alþm. hefðu raunar átt að gera, þó að það hafi verið gengið þannig frá því í seinustu skattalögum, að fjmrh. eigi að ákveða vísitöluna að fengnum till. vissra aðila.

Það vill nú svo vel til, að þeir hæstv. ráðh., sem ráða kannske mestu hér á hæstv. Alþ. a. m. k. um þessi mál, hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., fluttu einu sinni frv., þegar þeir voru ungir þm. Það frv. fjallaði að vísu um breytingar á skattalögum og hét frv. um lækkun skatta á lágtekjum eða eitthvað þess háttar, og aðalefni þess frv. var að taka upp það fyrirkomulag, að skattar hækkuðu eða lækkuðu í samræmi við framfærsluvísitöluna, sem þá að vísu var kölluð líka kaupgjaldsvísitala, en var raunar eitt og hið sama. Og þeir bentu réttilega á það, að væru skattstigarnir og frádrættirnir ekki látnir hækka eða lækka til samræmis við verðlagið í landinu, þá lentu menn oft í hinum hæstu sköttum, án þess að rauntekjurnar hefðu nokkuð verulega aukizt eða hækkað, sökum þess að kaupið eða tekjurnar höfðu hækkað í krónutölu, og þess vegna töldu þeir alveg sjálfsagt, að breyting eins og þessi yrði gerð. Ég verð að segja það, að mér finnst það næstum sorglegt að sjá þessa ágætu ráðh. troða þannig á sínum góðu og gömlu æskuhugsjónum, því að þetta var meðal fyrstu mála, sem þeir fluttu hér á Alþ. sem ungir þm.

En þó finnst mér það samt enn þá furðulegra, að Alþfl., sem hefur talið sig eiga að gæta hagsmuna láglaunafólksins og alþýðustéttanna, skuli veita stuðning sinn til þess að láta skattalöggjöfina þróast í þessa átt. Ég hef satt að segja ekki viljað trúa því á þingi í vetur, að þetta frv. næði fram að ganga, því að ég hef eiginlega haft enn þá trú á Alþfl. og talið, að hann myndi þó enn þá það mikið eftir sínum gömlu stefnumálum, að hann mundi ekki taka þátt í því að stórauka skattfríðindi hlutabréfaeigenda á sama tíma og búið er að láglaunafólki, eins og gert er, með því að beita skattvísitölunni á þann veg, sem ríkisstj. ætlar sér að gera núna. Ég vil vænta þess fram á síðustu stund, að það komi einhver mótspyrna fram af hálfu Alþfl. gegn þessu og þetta verði ekki látið viðgangast, nema einhver stórfelld leiðrétting fáist á skattvísitölunni, því að hvað launþegana snertir, þá er það a. m. k. allt annar blær á því, ef málið næði fram að ganga með þeim hætti. Eftir stæði eigi að síður hitt, að frv. væri jafnskaðlegt fyrir atvinnureksturinn eða sú breyting, sem í því felst, vegna þess að það stuðlar að því, að eigið fé hans hlýtur að dragast verulega saman, þar sem arðgreiðslur koma til með að aukast stórlega úr fyrirtækjunum.

Vegna þess að ég og meðnefndarmaður minn, sem stendur að þessu nál., leggjum það til, að málinu verði vísað frá með rökst. dagskrá, þá sé ég ekki ástæðu til þess að ræða á þessu stigi um einstök atriði í brtt. meiri hl. Ég tel, að þó að ýmsum minni háttar atriðum sé breytt þar til bóta, þá séu aðalatriði frv. jafnóhagstæð og áður og þess vegna eigi að vísa þessu frv. frá með rökst. dagskrá, eins og gert er í nál. okkar.

En það, sem ég vildi nú segja að síðustu, er það, að ég vildi eiginlega vona, að beztu öflin í Sjálfstfl. og beztu öflin í Alþfl. sameinuðust um það að lokum að stöðva þetta frv., en þegar ég nefni beztu öflin í Sjálfstfl. í sambandi við þetta mál, þá á ég eiginlega við þá menn, sem standa mitt í sjálfum atvinnurekstrinum — atvinnurekendurna, sem finna það manna bezt, hve mikilvægt það er, að fyrirtækið geti safnað eigin fé og byggt upp eigin sjóði. Ég tel það alveg víst, að þessir menn hljóti að líta svo á, að það sé miklu betra fyrir fyrirtækin að byggja upp skattfrjálsa varasjóði en stofna arðjöfnunarsjóði, sem allir eiga að greiðast út í arð á 5 árum. Ég trúi því, að beztu öfl Sjálfstfl. að þessu leyti rísi upp og stöðvi frv. af þessum ástæðum, og ég vil jafnframt vænta þess, að þau öfl, sem ég vildi segja, að væru beztu öflin í Alþfl., þ. e. sá hluti Alþfl., sem ég hygg, að enn þá hafi vissa samúð með láglaunastéttunum í landinu, rísi nú einnig upp og stöðvi þetta frv. vegna þess, hversu ósanngjarnt það er gagnvart láglaunastéttunum, þar sem stórhækka á skatta á þeim á sama tíma og hluthafar eiga að fá stóraukin skattfríðindi.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal reyna að stytta mál mitt eftir föngum, þó að það hafi mörg atriði komið fram, sem vert væri að leggja áherzlu á, en ræða aðeins meginatriði málsins.

Þegar ég lagði frv. fram í háttv. d., þá gerði ég grein fyrir því, að frv. væri samið af embættismönnum eða embættismannanefnd, sem hefði fengið ákveðið verkefni, sem hér hefur verið lýst, enda skilgreint nánar og réttilega af ýmsum öðrum háttv. þm. hér í d. Þess vegna tók ég það fram í upphafi, að það væri ekkert sáluhjálparatriði frá minni hendi, að þetta frv. yrði afgreitt óbreytt. Ég óskaði eftir, að það næði afgreiðslu, en hins vegar lagði ég áherzlu á, að frv. yrði afgreitt með hliðsjón af þeim grundvallarreglum, sem settar hefðu verið í þeim tveimur erindisbréfum, sem skattamálanefndin fékk frá mér, og það er vissulega rétt, sem háttv. síðasti ræðumaður, frsm. 1. minni hl. n., 4. þm. Reykv., lagði hér áherzlu á og bent er á í nál. hans og hans flokksbróður, að það beri brýna nauðsyn til þess að fá heildarmynd af öllu þessu máli. Því var það, sem ég lagði fyrir n. á s. l. vori að hefja heildarendurskoðun skattalaganna — ekki aðeins skattalaga um atvinnurekstrinn, heldur einnig bæði varðandi hina mörgu skatta almennt, sem hvíla á atvinnurekstrinum, og skattalöggjöfina í heild, eins og erindisbréfið ber með sér.

Það er alveg rétt, að n. hefur ekki komizt yfir þetta verkefni. Hins vegar hefur hún samið frv. það, sem hér liggur fyrir, og hún hefur jafnframt skilað áliti um fjölmörg önnur atriði, sem hún telur, að þurfi að taka til meðferðar, en leggur áherzlu á, að hún telji nauðsynlegt að fá vissa stefnumörkun frá Alþ., sem felst í þessu frv., sem nú liggur fyrir, til þess raunverulega að geta byggt á þeim grunni framhaldsathuganir og tillögur í skattamálunum í heild — ekki hvað sízt, hvað varðar atvinnureksturinn. Af þessum sökum get ég ekki fallizt á það sjónarmið háttv. 4. þm. Reykv. og þann rökstuðning fyrir dagskrártill., að vegna þess að málið

liggi ekki fyrir í heild hér á Alþ., þá sé eðlilegt að fresta því öllu án þess að gefa nokkra vísbendingu um það til þeirra manna, sem eiga að annast framhaldsathugun málsins, eftir hvaða sjónarmiðum þeir skulu vinna í málinu. Þess vegna tel ég, að það séu ekki rök fyrir því að fresta frv. af þessum ástæðum, heldur beri að leggja áherzlu á það, að málið nái fram að ganga.

Það hefur verið lögð á það áherzla hér af báðum talsmönnum minni hl. fjhn., að atvinnurekendur hafi óskað eftir þeirri málsmeðferð, sem þeir hafa lagt hér til, að yrði á höfð, að málinu í heild yrði frestað, þar sem það væru svo mörg atriði, sem væru óljós, og málið væri efnislega þannig, eins og það lægi fyrir, að það væri rétt, að því yrði frestað, og það hefur verið vitnað í bréf, sem réttilega er með farið, að sent var fjhn., þar sem þessi ábending var borin fram. Það hefði að sjálfsögðu verið fjarri mínum huga að fara að knýja þetta mál hér í gegn á háttv. Alþ., ef atvinnurekendasamtökin hefðu verið almennt á móti málinu, því að eins og háttv. þm. er kunnugt um, hefur áherzla verið lögð á það m. a. af háttv. stjórnarandstæðingum, þegar EFTA-málin voru rædd, að það yrði að vinda bráðan bug að því að koma skattalegri aðstöðu fyrirtækja í það horf, að þau gætu verið samkeppnishæf innan EFTA. Á þetta held ég, að stjórnarandstæðingar almennt hafi lagt ríka áherzlu. Nú hefur það hins vegar gerzt, sem ekki hefur verið skýrt frá hér á Alþ. — og ekki hefur verið lesið neitt bréf varðandi það efni, að þessir sömu atvinnurekendur hafa lagt á það ríka áherzlu, að málið næði fram að ganga, og ég vil leyfa mér, herra forseti, að lesa hér bréf, sem mér barst um þetta efni 19. þ. m., svo hljóðandi:

Undirrituð landssamtök atvinnuveganna, sem haft hafa til umsagnar frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt, leggja áherzlu á, að frv. nái fram að ganga á þessu þingi. Fulltrúar samtakanna hafa átt ítarlegar viðræður við formann fjhn. Nd. Alþ. og fulltrúa embættismannanefndar þeirrar, sem stóð að samningu frv., og treysta samtökin því, að árangur þeirra viðræðna verði sá, að á frv. verði gerðar þær breytingar, sem samtökin telja viðunandi. Sérstaklega vilja samtökin benda á, að aðild Íslands að EFTA geri breytingar á skattalögunum brýnni og með þeim sé unnt að efna að nokkru þau fyrirheit, sem gefin voru í sambandi við inngöngu Íslands í EFTA. Undir þetta skrifa Félag íslenzkra iðnrekenda, Landssamband iðnaðarmanna, Landssamband íslenzkra útvegsmanna, Verzlunarráð Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands. Þannig horfir málið á allt annan veg við.

Það kann að vera, að þetta hljómi nokkuð ankannalega, en sannleikurinn í málinu er sá, að það, sem gerzt hefur í þessu efni, og það, sem ég lagði áherzlu á, að gerðist, og var í fullu samráði við mig gert, var, að hafnar voru ítarlegar viðræður við fulltrúa frá þessum samtökum, sem sérstaklega höfðu kannað frv. og þær till., sem nú liggja frammi frá háttv. meiri hl. fjhn. og eru afleiðing þessarar athugunar og þessarar samræmingar á skoðunum annars vegar rn. og meiri hl. fjhn. og hins vegar allra þessara vinnuveitendasamtaka. Ég hygg, að Samband íslenzkra samvinnufélaga hafi einnig látið í ljós sömu skoðun um þetta efni, eftir að þessi athugun fór fram, og ég tel það á engan hátt niðrandi fyrir mig sem ráðh., þó að þessu frv. hafi verið breytt.

Ég lýsti því í upphafi, að tilgangurinn væri að ná fram vissum höfuðmarkmiðum, en ekki nákvæmlega, hvernig þeim yrði bezt náð. Það var hægt að hugsa sér, eins og ég gat þá um, ýmsar leiðir að því marki, og það hefur tekizt að samræma þessi sjónarmið, þannig að því fer víðs fjarri, að þær fullyrðingar standist, sem komið hafa fram í þessum umræðum, að hér væri verið að stefna gegn hagsmunum atvinnuveganna, en hins vegar verið að vinna í þágu einhverra hlutabréfaeigenda, sem mér er satt að segja — ég er það treggáfaður — ómögulegt að skilja, þ. e. hvernig hægt er að skilja að hagsmuni atvinnurekstrarins og þeirra, sem eiga atvinnureksturinn, en það er annað mál. Það hins vegar liggur ljóst fyrir, að þessar breytingar, sem nú eru gerðar á frv., eru það mikið í samræmi við óskir þessara heildarsamtaka, sem báðir háttv. frsm., sem hér hafa talað, hafa lagt áherzlu á, að bæri að hafa hliðsjón af og með í ráðum, að þessi samtök leggja nú á það áherzlu, að frv. nái fram að ganga, og ég vænti þess í rauninni, að háttv. 4. þm. Reykv. sjái eftir þessar upplýsingar ástæðu til að taka till. sína aftur um það að vísa málinu frá. Það er a. m. k. horfin þessi grundvallarröksemd, að hér sé ekki verið að bera fram óskir atvinnurekenda.

Ég sé ekki ástæðu til þess að eyða mörgum orðum að þeim brtt., sem meiri hl. fjhn. leggur fram, en aðeins fara um þær örfáum orðum. Þau atriði, sem n. aðallega breytir, eru efnislega ekki mörg. Þó að þau hafi áhrif á allflestar greinar frv., þá er þar að verulegu leyti um endurbreytingar og samræmingar að ræða, sem leiða af grundvallarbreytingunum. Það atriði að fella niður ákvæðið um að skerða frádrátt giftrar konu tel ég algert aukaatriði. Ég lýsti því yfir við 1. umr. málsins, að skoðun mín væri sú, að það ætti að aðskilja algerlega sameiginleg framtöl hjóna, þannig að hvort sem kona ynni úti eða ekki, þá yrðu þau sjálfstæðir skattgreiðendur, þannig að það skiptir auðvitað engu máli, þó að þessi tölul. falli niður.

Um sameignarfélögin er það að segja, að ég tel, að nefndin hafi — þó að hún hafi látið sameignarfélög haldast áfram sem sjálfstæða skattaðila — sett þær hömlur á starfsemi þeirra, sem ég tel viðunandi miðað við það, sem ég lýsti í framsöguræðu minni við 1. umr. málsins. Ég sagðist þá ekki telja viðunandi það ástand, sem nú er, þ. e. hversu mikið misrétti er á milli sameignarfélaga annars vegar og einkarekstrar og hlutafélaga hins vegar.

Meginbreytingarnar, sem hér eru gerðar, eru á formi hlutafélaganna, þ. e. að gefinn er kostur á því, að hlutafélög geti verið með tvennu móti. Annars vegar eru félög, sem halda áfram að vera með sama hætti og hlutafélög eru nú. Það kom í ljós, að at-

vinnurekendur lögðu á það verulega áherzlu, að sú leið yrði höfð opin. En að hinu leytinu er það fyrirkomulag, sem ég tel einnig mjög mikilvægt og raunar er nú haldið fram, að sé eitthvert sérstakt hugsjónamál, að nái fram að ganga, þ. e. að félög séu með arðjöfnunarsjóðsfyrirkomulagi, sem felur í sér möguleika til þess að borga arð á annan hátt en gert hefur verið til þessa. Og þar sem báðum þessum leiðum er haldið opnum, þá tel ég, að fullkomlega sé náð þeim tilgangi, sem eðlilegur er í raun-inni, að atvinnureksturinn geti valið um, hvora leiðina hann vill fara til þess að byggja sig upp.

Hugsunin í frv., eins og það var í upphafi, var eingöngu sú að reyna að tryggja það að halda fjármagni í félögum eða að laða nýtt fjármagn að félögunum með því, að það væri mögulegt að greiða arð, og til þess að auðvelda þetta enn þá frekar var tekin upp þessi skattfrjálsa heimild, sem nú hefur verið takmörkuð, og ég tel vera til bóta, að hafi verið takmörkuð, en tel hins vegar höfuðnauðsyn að halda. Mér er óskiljanlegt, hvernig hægt er að hafa uppi þann áróður gegn þessari hugmynd, sem hér hefur komið fram frá báðum háttv. frsm. minni hl. n., sem að öðru leyti ræða báðir málin mjög málefnalega, og ég hef almennt ekkert út á þeirra málflutning að setja. En ég skil ekki, að menn skuli ekki átta sig á því, að ef við ætlum að koma á opnum verðbréfamarkaði og kaupþingi og ef við ætlum að laða fjármagn að atvinnurekstrinum, þá verðum við að hafa möguleika á því að hafa þetta arðjöfnunarsjóðsfyrirkomulag og örva þátttöku í atvinnurekstri með því að veita það takmarkaða skattfrelsi, sem hér er um að ræða. Annars safnast ekki fé til atvinnurekstrarins — a. m. k. ekki með almennri þátttöku. Og það hefur verið ákveðið, eins og menn vita, og samþykkt hér á hinu háa Alþ. að efna til kaupþings, en það verður þá að sjálfsögðu að skapa skilyrði til þess, að einhver verðbréf verði þar til sölu.

Ég legg á það ríka áherzlu, að það er algjör misskilningur, að það hafi verið vegna andstöðu ríkisstj., að ekki hafi verið beinlínis kveðið svo á í frv., eins og það liggur fyrir, að aðeins opin hlutafélög hefðu möguleika til að velja A-liðinn. Því fer víðs fjarri. Ríkisstj. hefur engin afskipti haft af því máli, og samning frv. hefur algerlega byggzt á samvinnu milli meiri hl. fjhn. annars vegar og embættismannanna og fulltrúa atvinnurekstrarins hins vegar, og vitanlega geta þá allir haldið sínum félögum lokuðum, sem vilja, eins og frá þessu formi er gengið, og mér er það óskiljanlegt, að það að hafa opin hlutafélög eða að hafa möguleika til að bjóða út hlutabréf verði til þess að draga fé út úr atvinnurekstrinum. Það get ég með engu móti skilið.

Það vill nú svo til, af því að það er verið að tala um þessa auðkýfinga, sem hér sé verið að hugsa um, en ekki atvinnureksturinn, að það er einmitt þvert á móti. Ég hygg, að það hafi verið andstaða gegn því að opna félögin, að menn hafi í mörgum tilfellum alls ekki kært sig um arðjöfnunarleiðina, vegna þess að þeir hafi ekki kært sig um að taka fleiri menn inn í félögin. Nú þá það. Þá er sjálfsagt, að menn fái rétt til þess að halda sínum félögum lokuðum að þessu leyti. En hugsunin með þessu er einmitt sú að geta stofnað stór félög og geta haft almennt hlutabréfaútboð. Og ég held, að það sé alveg ljóst, að ef við ætlum að keppa á hinum stóra markaði innan EFTA-landanna og vera samkeppnisfærir, þá verðum við að fá miklu stærri rekstrareiningar en eru nú hér, og við fáum ekki þær rekstrareiningar nema með því móti, að við fáum almenna þátttöku fólks í því að leggja fram fé til þessara félaga.

Það vill nú svo einkennilega til, að þau félög, sem mundu falla undir þetta, að ég hygg, mjög sjálfkrafa eftir eigin ósk, eru einmitt félög almennra borgara og það oft og tíðum mjög efnalítils fólks — félög, sem hafa verið að rísa upp nú síðustu árin. Það einkennilega hefur sem sé gerzt, og ég segi það gleðilega, að víða — og ekki hvað sízt úti á landsbyggðinni — hafa risið upp félög um atvinnurekstur, þar sem svo að segja hver maður er þátttakandi og hefur eignazt hlutabréf. Og því í ósköpunum má ekki láta þessa menn, sem nota sitt sparifé á þennan hátt, njóta einhverra fríðinda? Ég held, að það sé miklu fremur þetta fólk, sem nýtur fríðinda samkvæmt þessum heimildum, sem hér er um að ræða, en einhverjir sérstakir auðugir verðbréfaeigendur, sem hafa engra hagsmuna að gæta í rekstri félaganna, sem þeir eru að leggja fé í. Það eru fyrst og fremst lokuðu félögin, þar sem eru fáir eigendur, eða fjölskyldufélög, sem kannske óska að vera það áfram, og þá er ekkert við því að segja.

En þessi almennu félög með almennu hlutabréfaútboði eru félögin, sem þarf að örva og þarf að koma á fót í íslenzku atvinnulífi. Félög hafa verið mynduð hér, og það hefur oft verið á það bent, með alveg fáránlega litlu hlutafé, og m. a. s. meginhlutinn af atvinnurekstrinum eða hlutafélögunum er byggður upp með alveg fáránlega litlu hlutafé — svo litlu, að það hafa verið nokkrir tugir þúsunda kannske í hlutafélagi, sem á stóreignir. Þetta er auðvitað alveg fráleitt með öllu. Síðan er hugsunin sú að reyna að leysa allan vandann með lánsfé í stað þess, eins og erlendis gerist, þar sem atvinnurekstur er orðinn þroskaður, að þar er einmitt boðið út aukið hlutafé. Það eru þessir möguleikar, sem hér er verið að skapa og fólkið í landinu er sjálft farið að finna fyrir, að þarf að vera til. Ótalmörg dæmi má nefna um, að það hefur gerzt nú á síðustu árum einmitt á þeim stöðum, þar sem við atvinnuörðugleika hefur verið að stríða, að hinn almenni borgari hefur gerzt hluthafi til að hjálpa til við að halda atvinnurekstri í gangi. Það er til hagsbóta fyrir þetta fólk — ekki hvað sízt, en ekki fyrir eitthvert ópersónulegt hlutafé.

Og það er nú eiginlega svo óskiljanleg kenning, að maður áttar sig ekki á, hvað á bak við liggur, að það sé þegar farið að tala um, að hér sé um að ræða fríðindi hlutabréfa, en ekki fólksins. Ég get ekki hugsað mér þann möguleika, að það sé ekki fólk, sem á hlutabréfin, alveg eins og það er fólk, sem á sparifé. Það finnur enginn að því, og ég tel það

alveg sjálfsagt að halda við skattfrelsi sparifjár, og það má þó gera ráð fyrir, að það séu margir ríkir menn, sem eiga mikið sparifé, og það talar enginn um, að það sé neitt óeðlilegt við það. Þó að það eigi að heita svo, að nokkur verðtrygging sé í hlutabréfaeign, þá er það nú því miður svo, að það er ákaflega mikill fjöldi hlutafélaga hér á Íslandi, sem ekki hefur gengið betur en svo, að þau hafa ekki getað borgað út nokkurn arð. Og við skulum gera okkur grein fyrir því, að sá er munurinn á hlutabréfaeign og sparifjáreign, þegar er verið að bera það saman, að menn eiga undir högg að sækja, hvort þeir geta losnað við hlutabréf aftur, og þeir geta ekki losað þetta fé sitt, þegar þeim þóknast; því fer víðs fjarri. Það er bundið, en hins vegar geta menn þó ráðstafað sparifé sínu eftir vild. Það er frjálst. Betur að það væri svo, að allur rekstur á Íslandi ætti það bjarta framtíð fyrir sér, að það væri alltaf hægt að greiða arð, hvort sem er 10% eða meira — það er gert ráð fyrir því, að það sé hámarkstalan, sem hér er um að ræða.

En mér er í rauninni alveg óskiljanleg þessi afstaða hv. þm., þ. e. að það skuli vera gert að höfuðatriði í þessu máli, að það sé vegna einhverrar baráttu fyrir auðuga hlutabréfaeigendur, sem ekki komi atvinnurekstrinum neitt við, að hér er verið að opna möguleika til þess, að hinn almenni hlutafjáreigandi geti fengið einhvern arð af sínu hlutafé og það með skattfrjálsum hætti. Ég legg áherzlu á það og endurtek það, að það er ekkert á bak við þessa hugsun annað en það að greiða fyrir því, að hér geti myndazt hlutafélag með öðrum hætti, hér geti risið upp stór hlutafélög með almennri þátttöku og fjármagnið sé laðað að atvinnurekstrinum, og það var eitt af því, sem embættismannanefndinni var falið í sínu umboði að leitast við að gera. Jafnframt var lögð áherzla á það, að með óeðlilegum hætti væri dregið fé út úr atvinnurekstri, enda eru ákvæði um það í þessu frv., sem vinna gegn því.

Um fyrningarnar virðist ekki vera í rauninni neinn ágreiningur, og ef hann er nokkur, þá er það það, að hv. framsóknarmenn vilja ganga lengra en gert er ráð fyrir í þessu frv., vegna þess að það er lagt til, að alltaf verði lagt til grundvallar endurmatsverð eigna, sem hefur verið útskýrt, en ekki er hægt að koma í framkvæmd í eitt skipti fyrir öll, heldur verður að gerast í áföngum með ákvörðun Alþ. hverju sinni, og ég sé því ekki ástæðu til þess að ræða það mál sérstaklega.

Það hefur verið á það bent, sem er rétt, að skattur fyrirtækja væri almennt ekki þungur hér á Íslandi, þ. e. tekjuskattur, og ég skal fúslega játa það, að það er margt annað, sem þarf hér að lagfæra, og ég benti á það í frumræðu minni við 1. umr. þessa máls, að tekjuskatturinn væri hér ekki hár almennt á atvinnurekstri, og hann er almennt ekki heldur hár hér á einstaklingum. Ég vil vekja athygli á því, að það, sem hv. 4. þm. Austf. sagði um, hversu gengið hefði á hlutdeild félaga í heildartekjuskattsgreiðslum, sannar auðvitað ekkert um það, sem hann vildi sanna, að þetta hefðu verið einhver sérstök aukin fríðindi atvinnurekstrarins á kostnað annarra skattgreiðenda, heldur sannar það það, sem ég segi, að því miður sé óskemmtilegt, og það er, að atvinnureksturinn virðist ekki hafa borið það sama úr býtum, eins og hann hefur áður gert, vegna þess að allt frá 1963 hefur verið lagt á atvinnureksturinn eftir nákvæmlega sömu álagningarreglu. Það er því ekki vegna breytinga á skattalögum, sem atvinnureksturinn ekki borgar hærra en hann gerir nú miðað við árið 1962 og 1963. Þetta er nauðsynlegt að leggja áherzlu á. Það er eingöngu vegna þess, að atvinnureksturinn hefur átt við erfiðleika að stríða, og það kemur engum á óvart, sem þar þekkir til. Áfallaárin 1967 og 1968 og fram á árið 1969 hefur atvinnureksturinn búið við mikla erfiðleika. Og þetta er eina skýringin á því, að atvinnureksturinn greiðir ekki hærra framlag til ríkisins en hér er um að ræða. Sannleikurinn er sá, eins og við vitum, að beinir skattar eru almennt ekki háir hér á Íslandi miðað við óbeinu skattana. Það eru um 12% af ríkistekjunum, sem eru beinir skattar, og það hefur haldizt nokkurn veginn óbreytt allt frá því 1958.

Þá er eitt atriði, sem lögð hefur verið áherzla á í þessu máli, og það er skattvísitalan, og ég skal ekki eyða mörgum orðum að því; það er búið að ræða það svo oft hér. Ég legg aðeins áherzlu á það enn einu sinni, að það hefur aldrei verið gengið út frá því og var ekki gengið út frá því í frv. því, sem við Jóhann Hafstein fluttum á sínum tíma, að það væri framfærsluvísitalan, sem ætti að leggja hér til grundvallar um ákvörðun á hækkun persónufrádráttar, heldur það, hvort breyting hefði orðið á kaupgjaldi, þannig að menn vegna breytinga á kaupgjaldi þyrftu ekki að greiða hlutfallslega hærri skatt en þeir áður höfðu greitt. En það er alveg rétt, og mér dettur ekki í hug að mótmæla því, og ég hef áður sagt það hér, að árin 1967 og 1968 og fram á árið 1969 var vegna fjárhagsörðugleika ekki fyrst og fremst ríkisins, heldur ekki síður sveitarfélaganna, skattvísitalan ekki notuð að fullu. Þetta hef ég fullkomlega viðurkennt. Fram til ársins 1967 eða ársins 1968 var hún notuð að fullu þannig, að hún vó ekki aðeins upp hækkun á kaupvísitölu, heldur einnig framfærsluvísitölu og rúmlega það.

En á þeim erfiðleikaárum, sem eftir það komu, var í rauninni ekki um að ræða nema tvennt, annaðhvort að draga úr skattvísitöluhækkuninni eða afla tekna með öðru móti. Hefði sú leið verið farin, sem auðvitað mátti fara, að hafa skattvísitöluna með þeim hætti, sem hv. 4. þm. Reykv. hefur haldið fram, að fylgja framfærsluvísitölunni, þá hygg ég, að óhætt sé að segja, að það hefði skapað algert öngþveiti hjá fjölda sveitarfélaga og ríkið hefði auðvitað orðið að fara aðra leið til skattlagningar. Það má vel vera, að sú leið hefði verið heppilegri; ég skal ekkert segja um það. En þar sem nú á að ákveða útsvörin eftir skattvísitölu, þá hefði niðurstaðan orðið sú, að það hefði orðið að beita álagi á útsvörin í sama mæli og skattvísitalan hefði hækk-

að. Nú er það hins vegar svo, þegar farið er að birta aftur í lofti, að skattvísitalan hefur verið ákveðin hærri en hækkun tekna á árinu 1970, hvort heldur litið er til meðalkauphækkana á árinu eða hækkunar á framfærsluvísitölu. Skattvísitalan hefur nú hækkað um 20%, og það er töluvert hærra en bæði hækkun á framfærsluvísitölu, sem hv. 4. þm. Reykv. vill láta fylgja, og kauphækkanir þær, sem orðið hafa að meðaltali á árinu 1970.

Hitt held ég, að liggi í augum uppi — og á það hef ég lagt áherzlu æ ofan í æ, að auðvitað hljóta skattar að hækka með auknum tekjum. Þá hljóta skattar að hækka í krónutölu, hvernig í ósköpunum ætti annað að vera. Og ég skil ekki, að nokkrum manni hafi dottið annað í hug. Það er aðeins hlutfallið, sem á ekki að raskast. Og þegar verið er að tala um það, eins og nú hefur verið gert, að það sé skipulega unnið að því að fresta því að leggja fram skattskrár, af því að ríkisstj. sé hrædd við, að það komi fram, að skattar hækki, þá mótmæli ég því algerlega. Till. um það er hér komin inn af tæknilegum ástæðum og fyrir atbeina skattayfirvalda, sem á þetta hafa bent, vegna breytinga, sem orðið hafa á og hv. frsm. fjhn. vék hér að í dag, en ekki vegna þess að ríkisstj. af ótta við skattskrár ákveði það, hvað mikið eigi að lengja þennan frest; því fer víðs fjarri. Og þessu til sönnunar skal ég aðeins minna á það, að ég hef sjálfur flutt hér í Alþ. frv. fyrir skömmu um það að auka fyrirframinnheimtu opinberra gjalda vegna þess, að gjöldin mundu hækka það mikið, og það er ósköp eðlilegt, að gjöldin hækki mikið, þegar tekjur manna hafa hækkað jafnmikið á s. l. ári og raun ber vitni um. Það verður auðvitað ekki étið upp með neinni skattvísitölu.

Varðandi einstakar brtt., sem fluttar hafa verið hér af hv. 4. þm. Austf., skal ég ekki verða margorður. Ég held, að það sé sameiginlegt með þeim öllum, að út af fyrir sig eru þær nytsamleg mál, en ég held, að það megi segja um þær allar, að þær séu þess eðlis, að það sé illmögulegt — jafnvel formsins vegna — að afgreiða þær nú við þessa meðferð skattalaga, heldur sé eðlilegt, að þær bíði haustsins. Og það eru ýmsar ástæður, sem valda því, sem ég skal hér ekki víkja að. Ég vil þó minna á eitt atriði, sem hefur veigamikla þýðingu, og það er hækkunin á persónufrádrættinum, sem er að forminu til ekki hægt að framkvæma með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í till. hv. þm., vegna þess að ekki er um leið verið að breyta tekjustofnalögum sveitarfélaga. Ef á að hækka grunntöluna, sem nú á að vera 100, þá mundi það leiða til þess, að það mundi tapast samsvarandi upphæð í frádrætti fyrir almenning vegna útsvara. Þetta er aðeins eitt dæmi, sem ég nefni, en önnur dæmi um till. hans yrðu að öðru leyti hliðstæð, t. d. till. hans um úrtak fyrir skattayfirvöld til þess að hafa eftirlit með skattframtölum, sem er fráleitt með öllu og skattrannsóknarstjóri hefur bent á og vakið athygli á, að mundi stórkostlega torvelda eðlilegt skatteftirlit í landinu.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. vék hér að till. eða frv., sem hann hafði flutt um skattfríðindi fyrir eldra fólk eða það, sem komið er yfir 67 ára eða 70 ára aldur; það hefur oft áður verið rætt hér á þingi. Ég tel rétt, að þetta mál sé athugað. Ekki í því formi, sem hann flytur það, vegna þess að það er, eins og hv. frsm. meiri hl. fjhn. ræddi um, útilokað með öllu, að skattyfirvöld geti haft eftirlit með slíku og enda ósanngjarnt í fyllsta máta. Þótt maður hafi atvinnurekstur, þá er ekki víst, að hann búi við neitt betri hag en annar eldri maður, sem hefur e. t. v. mjög háan lífeyri eða tekjur úr öðrum áttum, þannig að það atriði kemur auðvitað ekki til álita, en miðað við það, að heimild er nú til þess í tekjustofnalögum sveitarfélaga, sem ýmis sveitarfélög nota, að ívilna þessu eldra fólki, þá mundi ég telja æskilegt, að hv. fjhn. taki það mál til meðferðar á milli umr. Ég hygg, að það sé hægt að gera það með mjög skaplegum hætti án þess, að það leiði til neinna vandræða og geti þar varla verið um veruleg fjárhagsatriði að ræða.

Herra forseti. Það er auðvitað margt, sem hefði verið æskilegt að ræða í þessu máli, en ég sé ekki ástæðu til þess. Ég vitna aftur til þess bréfs, sem ég las upp frá heildarsamtökum vinnuveitenda, að þeir óska eftir því, að frv. í því formi, sem það er nú, nái fram að ganga. Og það er með það í huga, sem ég hefði lagt áherzlu á, að frv. yrði samþ., og ég tel ekki nema gott, að það hefur tekið þeim breytingum, sem hér hafa verið á því gerðar, þar sem það er skoðun atvinnurekstrarins, að þær séu til bóta og verði til eflingar atvinnurekstrinum og auðveldi samkeppnisaðstöðu hans innan EFTA.

Ég legg jafnframt áherzlu á það, að áfram verður að halda heildarendurskoðun skattalöggjafarinnar og þetta er auðvitað ekki nema ein hlið á því máli, og er þar algerlega sammála þeim sjónarmiðum, sem komu fram hjá hv. 4. þm. Reykv., að öll þau atriði, sem hann vék að, þarf að athuga, því að það eru allt drættir í þessari sömu mynd, sem við þurfum að draga til þess að fá út úr því fullkomna heildarmynd af því skattkerfi, sem við þurfum að stefna að. Það þarf að gera víðtækar breytingar á íslenzkri skattalöggjöf; það hef ég lagt áherzlu á. Það þarf að gera hana einfaldari og fella niður ótalmarga smáskatta, og það þarf að sjálfsögðu að hafa hliðsjón ekki aðeins af tekjuskattinum, heldur ekki síður útsvörunum, sem eru að mörgu leyti þyngri baggi bæði á einstaklingum og atvinnurekstri, enda ekki að undra, þar sem það er aðaltekjustofn sveitarfélaganna, eins og nú horfir málum. Og ég er sammála því, að það hefði auðvitað verið æskilegast, að þetta dæmi hefði allt getað legið hér ljóst fyrir, en með hliðsjón af þeim rökum, sem vinnuveitendur benda á og ég get algerlega fallizt á, að það sé æskilegt að marka stefnuna, sem fylgja eigi í þessu máli, og hún sé skynsamlega mörkuð í því frv., sem nú liggur fyrir, með þeim breytingum, sem meiri hl. fjhn. hefur á því gert, þá vil ég mæla með því við hv. d., að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem hv. fjhn. leggur til.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., um tekju- og eignarskatt er eitt af stærri málum þingsins, og skattalöggjöfin er viðamikil, ef litið er á hana í heild. Eins og fram hefur komið í þessum umr., þá vil ég taka undir það, að brýna nauðsyn ber til að endurskoða skattamálin í heild. Sá hluti skattamálanna, sem hér er til meðferðar, er of lítill hluti til þess, að nokkra hugmynd sé hægt að gera sér af þeirri raunverulegu stefnu, sem talað er þó um, að sé verið að marka. Og ég vil líka víkja að því, að það ber brýna nauðsyn til þess, að jafnhliða því, sem tekju- og eignarskattur til ríkisins er endurskoðaður eða löggjöf um það, séu endurskoðuð lögin um tekjustofna sveitarfélaga. Þessir stofnar eru svo náskyldir, að það er ekki hægt að endurskoða svo annan, að hinn sé ekki tekinn um leið. Vegna þess að þær breytingar, sem verða á þeirri löggjöf, sem endurskoðuð er, hafa það mikil áhrif á hina, að það er ekki hægt fram hjá því að horfa og þess vegna er það hin mesta nauðsyn að taka þetta mál fyrir í heild. Enda er það svo, að með því að breyta löggjöfinni þannig, að fyrirtæki beri minni byrði í tekjuútsvörum t. d., þá verður það þess valdandi, að einstaklingarnir verða að bera meira af þeim, því að sveitarfélögin verða að fá sínar tekjur. Það var líka nú æskilegt að taka þessi mál fyrir í heild, og það var í sjálfu sér vel valinn tími — þetta þing og það næsta — til að vera með þessi mál til meðferðar, þar sem að því hefur verið látið liggja og nauðsyn ber til í sambandi við þá athugun, sem hefur verið gerð á staðgreiðslukerfi skatta, að endurskoða þessi mál í heild og miða við þær breytingar, sem þar gætu verið á leiðinni.

Ég hef haft það í huga um alllangt skeið, að nauðsyn bæri til að gera skilin í tekjuöflun á milli ríkissjóðs annars vegar og sveitarsjóðs hins vegar miklu skýrari en nú er og breyta því á þann veg, að þessir aðilar væru ekki báðir að afla sér tekna með sama tekjustofni. Þess vegna hef ég litið svo á, að nauðsyn bæri til, að ríkissjóður rýmdi til fyrir sveitarfélögunum í sambandi við tekjuskattinn og sveitarfélögin hefðu aðgang að tekjum einstaklinga og fyrirtækja á vissu teknabili. Hins vegar gæti svo þátttaka ríkissjóðs í tekjuskatti komið sem hátekjuskattur, en væri ekki í skattlagningu á almenn laun. Ég held, að þessi breyting mundi hafa margt gott í för með sér og það mundi gera þessi mál meðfærilegri og framkvæmdina þægilegri, ef svo væri að unnið. Ekki sízt væri ástæða til að athuga þetta mál á þennan veg, þar sem uppi hefur verið tal um, að fasteignaskattarnir gætu orðið að einhverju leyti virkari þáttur í tekjustofnum bæjar- og sveitarfélaga en verið hefur. Nú er um það mál það að segja, að athugun á því hefur ekki verið gerð svo sem skyldi, en það er brýn nauðsyn að taka þann þátt inn í þetta kerfi, sem nú er hér til meðferðar. Það þarf að gera það upp, hver á að verða þáttur fasteignaskattanna í öflun tekna fyrir bæjar- og sveitarfélög og ríki, um leið og tekju- og eignarskattslöggjöfinni er breytt.

Það er líka annar þáttur, sem brýn nauðsyn er að taka til athugunar í sambandi við tekjuöflun sveitarfélaga og ríkis, og það eru þau skattfríðindi, sem atvinnutæki, sem ríkið hefur rekið, hafa nú. Ég held, að það sé að verða úrelt, að ríkisfyrirtækin eigi að vera undanskilin sköttum eins og þau hafa verið fram að þessu. Og það getur bókstaflega verið hættulegt í sumum byggðarlögum, þar sem þau eru fyrirferðarmikil í atvinnurekstrinum, ef þau eru algerlega undanþegin sköttum, eins og þau hafa verið. Ég álít, að eitt af þeim atriðum, sem eigi að taka með í endurskoðun á skattkerfinu og á tekjustofnum sveitarfélaganna, sé einmitt afstaðan til ríkisfyrirtækjanna. Og ég vil taka það fram, að ég undanskil ekki banka í þessu sambandi. Það er orðið óeðlilegt, að þetta form í atvinnurekstrinum njóti þeirra forréttinda, sem ríkisfyrirtæki njóta nú, og það á að taka þann þátt með í þeirri heildarendurskoðun, sem á að gera á skattkerfinu og tekjustofnalögunum.

Þetta vildi ég láta koma fram í upphafi máls míns, að ég tel brýna nauðsyn bera til að taka allt, skattamálin og tekjustofna sveitarfélaganna og þá löggjöf, fyrir til athugunar og endurskoðunar í einu lagi. Það er algerlega rangt að taka einstaka þætti eins og gert er með þessu frv.

Í sambandi við umr. um frv. um tekju- og eignarskatt, sem hér er nú til meðferðar á þskj. 357, vil ég víkja að gefnu tilefni að ræðu frsm. meiri hl. fjhn. Hann minntist á frv. það, sem ég ásamt hv. 2. þm. Sunnl. og hv. 3. þm. Norðurl. e. flyt um breytingar á sömu löggjöf, sem er í sambandi við úrvinnslu á framtölum. Eins og fram kom í ræðu hv. 1. þm. Reykn. og síðar í ræðu hæstv. fjmrh., þá er þessi till. talin mjög fráleit til þess að vinna eftir hjá skattstofunum. Nú má það vel vera, að orðalag það, sem þar er notað, gefi tilefni til að ætla það, að með þessu móti sé lokuð leið til frekari rannsókna. Ef svo er, þá vil ég segja það, að þannig er þetta ekki hugsað af hálfu okkar flm., heldur er þessi leið, sem hér er stungið upp á, hugsuð sem aðalúrvinnsluleið hjá skattstofunum. Skattrannsóknarstofnunin getur svo farið sínu fram að því leyti, sem hún telur eðlilegt, nema að því leyti, að henni ber ásamt skattstofunum að rannsaka þau 10%, sem út yrðu dregin. Ég er sannfærður um það, að þessi vinnuaðferð mundi bæta mjög skatteftirlitið og framkvæmd skattalaga.

Ég hef áður vikið að því hér á hv. Alþ., að sú vinnuaðferð, sem ég hef kynnzt í sambandi við úrvinnslu úr skattframtölum, hefur að minni hyggju verið það seinvirk og það illa fallin til þess að leysa þau verkefni, sem henni var ætlað að leysa, að ég tel, að það sé óframkvæmanlegt að búa við það til frambúðar. Þar sem ég þekki bezt til um þessi vinnubrögð, þá er frumvinnsla skattstofunnar með þeim hætti, að það er aðeins farið yfir skattframtölin, upphæðirnar lagðar saman og kannske bornar saman við vinnumiða, sem fyrir liggja, en engin raunveruleg endurskoðun gerð. Og það mun vera svo, a. m. k. um flest smærri sveitarfélög

landsins, að þau leggja á útsvörin eftir þessa könnun. Og í flestum þeirra hefur ekki verið talin þörf á að leggja á á nýjan leik, þó að athugasemdir hafi borizt um næstu áramót á eftir eða kannske ekki einu sinni svo fljótt — eru kannske að berast nú vegna ársins 1970. Í þessum smærri sveitarfélögum hefur ekki verið talið, að það væri framkvæmanlegt að hefja þá nýja álagningu, enda hef ég heyrt marga innheimtumenn ríkissjóðs kvarta undan því, að þeir þyrftu að vera að innheimta hjá sömu aðilum allt árið vegna þess, hvað þessi endurskoðun á skattskýrslum væri seinvirk. Ég er því sannfærður um það, að þó að þetta sé talið fráleitt nú og þessi vinnubrögð séu talin óhæf í sambandi við úrvinnslu á skattframtölum, þá mun þessi leið eiga eftir að ryðja sér til rúms og verður farin, þegar fram líða stundir.

Það má vel vera, að það mætti draga það skýrar fram í þessu frv., að skattarannsóknarstofnuninni sé heimilt að gera sínar rannsóknir, hvað sem því líður, sem þarna er lagt til. Enda mundi ekki verða ágreiningur um slíka breytingu á frv., því að það er einmitt hugsun flm., að það trufli ekki þessa starfsemi stofnunarinnar, þó að þessi almenna vinna við skattframtöl sé unnin á þennan hátt. Það á sem sé ekki að koma í veg fyrir rannsókn, sem skattrannsóknarstjóri telur, að nauðsyn beri til að gera, og hann gæti unnið að eftir sem áður. Hins vegar á þetta að tryggja rétt vinnubrögð á skattstofunum og tryggja það, að framtölin yrðu betur gerð, þegar allir gætu átt von á slíkri endurskoðun.

Þessi almennu orð mun ég láta nægja í sambandi við það, sem ég hef sagt um nauðsyn þess að endurskoða skattalöggjöfina í heild og tekjustofna sveitarfélaganna og nauðsyn þess að breyta vinnuaðferðum við eftirlit með skattframtölum.

Í framhaldi af því vil ég minna á það, að núv. hæstv. ríkisstj. hefur ekki sízt núna á síðari árum gert gerbyltingu í álagningu skatta á þjóðina. Árið 1960, þegar núv. valdhafar höfðu afgreitt sitt fyrsta fjárlagafrv. — sín fyrstu fjárlög, þá var söluskatturinn 18.1% af heildartekjum fjárlaganna. Nú er söluskatturinn 35.1%. Eins og oft hefur verið bent á hér á hv. Alþ., þá er söluskatturinn sá skattur, sem leggst á alla þegna þjóðfélagsins alveg án tillits til getu þeirra á einn eða annan hátt, því að hver og einn, sem þarf að kaupa í matinn eða að kaupa á sig föt, verður að greiða söluskatt, hversu litlar sem hans tekjur eru. Og það hefur líka verið á það bent, að einmitt með söluskatti á almennum neyzluvörum eins og hér — og með jafnhárri söluskattsprósentu og hér er — þá leggst þetta þyngst á þá, sem þurfa að framfleyta stærstu fjölskyldunum. Og þegar núv. valdhafar hafa stundum verið — þeir eru að vísu hættir því — að hæla sér af frammistöðu sinni í tryggingamálum, þá hafa þeir gleymt því, að verulegur hluti af tryggingafénu fer nú aftur í söluskattinn, sem ekki var til, þegar söluskattur var ekki lagður á almennar neyzluvörur hér á landi. Enda var það svo, að hér áður fyrr kepptust þeir Alþfl.-menn við það að lýsa söluskattinum sem ranglátasta skatti, sem á hefði verið lagður, og var hæstv. núv. viðskrh. þar fremstur í flokki.

Á þessu árabili frá 1960—1971 hafa svo tollarnir eða aðflutningsgjöldin, sem voru 46.9% af ríkistekjunum, lækkað niður í 26.2%. Og þetta segir þó ekki alla söguna vegna þess, að tollalækkunin hefur einmitt verið mest á þeim vörum, sem áður var talið, að þeir keyptu mest og gera enn, sem mestar hafa tekjurnar. Þeir, sem hafa lægstu tekjurnar og rétt til nauðþurfta, kaupa ekki þær vörur, sem tollarnir hafa verið lækkaðir mest á. Þessi breytta stefna í skattamálum er geysilega mikil og sýnir betur en annað, hver raunveruleg stefna hæstv. ríkisstj. er.

Jafnhliða þessu hefur svo verið lagður skattur á elli-, sjúkra- og örorkulífeyri, ef sá, sem þessara tekna hefur notið, hefur haft aðrar tekjur með. Og ég vil leggja áherzlu á vegna þess, sem hæstv. fjmrh. vék hér að áðan út af ræðu hv. 3. þm. Norðurl. e. um afstöðuna til hinna eldri í þjóðfélaginu, að það er a. m. k. lágmark, að tekjur vegna ellilauna verði ekki skattlagðar, hvorki til tekjuskatts né útsvars, eins og nú er gert. Það mundi hafa nokkur áhrif á skattgreiðslur þessa fólks. Ég minnist þess, að við endurskoðun á skattalöggjöf hér einu sinni reyndum við hv. 4. þm. Reykv. að koma þessu inn í löggjöfina, en það tókst ekki, en mér fannst á ræðu hæstv. fjmrh. í kvöld, að einhverjir möguleikar mundu nú verða til þess að bæta um í sambandi við álagningu skatta á gamla fólkið.

Ég vil líka minna á það, að á valdatíma núv. valdhafa munu hafa verið á lagðir nýir skattstofnar a. m. k. um 30 talsins, og hygg ég þó, að þegar ég gef þessa tölu upp, áætli ég hana fremur of lága en of háa. Hér er um að ræða stórar fjárhæðir í mörgum tilfellum og þ. á m. álögur á atvinnuvegina, sem taka miklu meiri fjárhæð af atvinnuvegunum en tekjuskatturinn gerir nú. Hins vegar er hann hér einn til meðferðar, og í því sambandi má minna á það, að tekjuskatturinn eða stofninn í honum hefur einnig verið stofn af tekjuútsvari, en hinir skattarnir, sem lagðir eru á atvinnurekstrinn t. d., varða ekki sveitarfélögin, enda standa þeir óbreyttir áfram. Það vil ég undirstrika og endurtaka, að það er jafnnauðsynlegt að endurskoða þessa skatta og þær verkanir, sem þeir hafa á atvinnureksturinn, eins og tekju- og eignarskattinn og tekjuútsvarið. Hér er um miklar fjárhæðir að ræða, og málið út af fyrir sig er ekki á neinn hátt tekið til meðferðar, svo að hagkvæmt sé fyrir atvinnureksturinn, nema allir þessir skattar séu teknir til meðferðar.

Um frv. það um breytingar á tekju- og eignarskattslögunum, sem hér liggur frammi á þskj. 357, vil ég segja það, að eins og fram hefur komið er m. a. gert ráð fyrir í því að fella niður þau réttindi, sem fyrirtæki höfðu til þess að mynda varasjóð og greiða arð án þess að greiða skatt af. Enn fremur voru sameignarfélögin lögð niður með þessu frv. Nú hefur þetta frv. tekið verulegum breytingum hér í hv. d. Hæstv. fjmrh. sagðist ekkert hafa við það að

athuga, þó að þessar breytingar hefðu á orðið. Sú var tíðin, að hæstv. ríkisstj. lét ekki breyta mikið þeim frv., sem frá henni komu. Hins vegar hefur nú orðið nokkur breyting á þessu í seinni tíð, og hygg ég þó, að frv. um breytingu á tollskrá, sem var til meðferðar hér á síðasta hv. Alþ., hafi slegið þar öll met, því að ef ég man rétt, þá voru samþykktar við það frv. yfir 200 brtt. í báðum d. Þetta frv. hefur ekki möguleika, að ég held, til þess, að svo margar brtt. verði samþykktar við það, en það eru allmiklar brtt., sem eru hér á ferðinni í sambandi við þetta frv. Og mér sýnist fljótt á litið, að sumar þeirra séu þannig, að með samþykkt þeirra sé búið að færa stefnuna allverulega til frá því, sem frv. gerði ráð fyrir.

Og í raun og veru finnst mér, að það orki sumt tvímælis af því, sem þar er lagt til, miðað við það, að frv. geti samt haldið áfram að vera með þeim hætti, sem það var úr garði gert. T. d. var að minni hyggju samband á milli þess ákvæðis, sem sett var inn í frv., að afskrifa alveg niður í botn og færa síðan söluhagnað til tekna, ef sala ætti sér stað á hinni afskrifuðu eign. Nú sýnist mér, að það sé búið að breyta þessu þannig, að ekki megi færa söluhagnað af afskrifaðri eign nema á ákveðnu árabili og það jafnvel heldur styttra tímabili en er í gildandi l. Ég held, að það séu ýmis fleiri slík atriði, sem orka tvímælis, þ. e. hvort breytingarnar falla að sjálfu kerfinu.

Hins vegar skil ég það, af hverju breytingarnar eru gerðar, og það kom fram m. a. í ræðu hæstv. fjmrh. Ég tek undir það með hæstv. fjmrh., að það ber brýna nauðsyn til, að fyrirtæki hafi yfir verulegu eigin fé að ráða. Og ég vil líka taka undir það, að það hefur verið gengið allt of langt í því að setja á stofn fyrirtæki með sama sem engu hlutafé. Það er ekki til fyrirmyndar, að svo skuli að farið, og tel ég, að það þurfi að breyta stefnunni í þá átt og setja við því skorður, að það sé hægt að setja upp fyrirtæki í nafni hlutafélags eða á einn eða annan hátt með sama sem engu hlutafé, en það hefur átt sér stað og er ekki til fyrirmyndar. Hins vegar finnst mér, að það orki tvímælis, hvort sú regla, sem hér er tekin upp, nær þessum tilgangi nema að takmörkuðu leyti. Frá mínum bæjardyrum séð er það meira virði fyrir þau fyrirtæki, sem til eru í landinu og starfa með sæmilegum hætti, að halda varasjóðshlunnindunum og skattfrelsi á útborguðum arði, eins og hefur verið, en sú arðsúthlutun eða sá sjóður, sem nú á að gegna því hlutverki. Mér sýnist hann miklu frekar snúa vel við þeim fyrirtækjum, sem síðar verða stofnuð.

Ég held, að aðalatriðið sé, að gömlu fyrirtækin fái að njóta þess arna með bættu afskriftafyrirkomulagi, því að verðbólgan var búin að leika fyrirtækin svo grátt, að þær afskriftareglur, sem giltu hér á landi, voru orðnar sama sem þýðingarlausar, vegna þess að það var ekki hægt að kaupa nema einhvern smáhlut í vélina fyrir afskriftirnar á þeim tíma, sem átti að afskrifa hana, en engin leið að endurnýja hana. Ég held hins vegar, að með þessum hætti, eins og frv. er orðið núna, þar sem miðað er fyrst og fremst að því að borga hluthöfunum út arð af sínu hlutafé, þá verði meira farið inn á þá leið í sambandi við arðjöfnunarsjóðinn, þó að það ákvæði sé enn þá í fyrirtækjunum, að nota megi varasjóðsleiðina, því að það reynir í sjálfu sér verulega á hluthafana að byggja upp sitt fyrirtæki á þann hátt, en sækjast ekki eftir því að fá aukna útborgun á arði af hlutafénu, eins og arðjöfnunarsjóðurinn gerir ráð fyrir. Ég hef ekki trú á því, að gömul og gróin fyrirtæki hér fari að opna fyrirtækið og veita inn í það straumi af nýju fjármagni og nýjum aðilum. Það getur komið til mála á annan hátt hjá nýjum fyrirtækjum, en ég hef ekki trú á því, að það verði almennt hjá þeim, sem eru sæmilega vel stæð og starfandi hér á landi, enda er það svo um okkur Íslendinga, að við höfum mjög takmarkaða reynslu af almenningshlutafélögum. Ég hygg að Eimskipafélag Íslands hafi á sínum tíma verið næst því að mega kallast það. Hins vegar er það svo, að það hefur ekki verið það á síðari árum, vegna þess að hinir fjársterkari hafa yfirleitt keypt upp hluti þeirra — litlu hlutina, sem almenningur átti í þessu fyrirtæki. Þess vegna held ég það, að a. m. k. fyrst um sinn muni ekki verða verulegur áhugi á þessu. Þess vegna tryggir að minni hyggju það fyrirkomulag, sem við búum nú við, þ. e. varasjóðshlunnindin, aðstöðu fyrirtækjanna miklu betur en arðjöfnunarsjóðshugmyndin, sem hér er sett fram.

Ég vil líka benda á það, að það er ekkert réttlæti í að gera hlut hluthafanna svo góðan sem hér er gert á sama tíma og hinn almenni skattborgari í þessu landi verður að búa við kerfið eins og það er. Til þess að bæta úr þessu þyrfti að endurskoða alla skattalöggjöfina og taka tillit til hins almenna borgara. Það er því alveg óhugsandi, að það sé hægt að gera þetta á þann hátt, sem hér er gert. Og eins og hv. 4. þm. Reykv. benti á, þá eru það skattalögin í heild, sem þarf að endurskoða, bæði vegna einstaklinga og fyrirtækja, og byggja þannig upp samfellda skattalöggjöf, og jafnframt yrði að setja löggjöf um tekjustofna sveitarfélaganna, sem er brýnt verkefni, sem þarf að leysa og það sem fyrst.

Hæstv. fjmrh. sagði frá því hér á fundinum fyrir kvöldmat, að það væri ekkert bundið við kosningarnar, að dregið væri að leggja fram skattskrána, heldur væri það af tæknilegum ástæðum, sem það hefði gerzt, og vafalaust er það eins með það að flýta kjördeginum; það er líka af tæknilegum ástæðum, en ekki tengt þessu. Hins vegar verð ég að segja, að þá datt mér í hug, að hæstv. ríkisstj. hefði getað tekið undir með skáldinu, sem sagði:

„Dæmalaust var drottinn góður
að drepa hrossið en ekki mig.“

Það var hentugt, að þessi tæknilegu vandkvæði skyldu einmitt falla saman við kosningarnar.

Hitt verð ég að segja, að ég varð nokkuð undrandi, þegar hæstv. fjmrh. las upp bréf frá atvinnurekendum þeim hinum sömu, sem sendu fjhn. þessarar hv. d. álit sitt á þessu frv. og töldu, að bezt

færi á því, að það yrði ekki afgreitt á þessu þingi, enda skipti það ekki máli, þar sem ákvæði þess ættu ekki að koma til framkvæmda fyrr en við skattlagningu á næsta ári. Ég verð að segja það í tilefni af þessu nýja bréfi þeirra, að ekki bregzt hæstv. fjmrh. bogalistin í áróðurshæfileikum, því að á einhvern hnapp mun hafa verið stutt, áður en þetta bréf var skrifað. Það er hins vegar ekkert við því að segja, þegar mönnum snýst hugur. En mér sýnist hins vegar, að rökstuðningur þeirra í fyrra bréfinu falli saman við þann skilning, sem almennur borgari hefur á þessu máli, og það er nauðsyn, að meðferð málsins verði með þeim hætti, sem þar er lagt til, að það sé unnið að skattamálunum í heild og teknir séu til meðferðar allir þættir skattamálastefnunnar og tekjustofnar sveitarfélaganna samtímis og reynt að fella þetta saman. Og ég tek líka undir það með þeim ágætu mönnum, að það er engin ástæða til að vera að hespa þetta mál af nú, þegar frv. á ekki að taka gildi fyrr en á næsta ári, því að framlengja hefði mátt þau ákvæði, sem sett voru hér í fyrra um þau atriði, sem mestu máli skipta um framkvæmdina í ár.

Ég vil líka segja það, að ekki er rétt, eins og þetta frv. er nú úr garði gert, að vera að fjalla um það síðustu daga þessa þings og gera á því jafnstórfelldar breytingar eins og hér liggja nú fyrir, án þess að í raun og veru sé tími til fyrir hv. alþm. að bera þær saman eða athuga málið þannig í heild, að augljóst verði, að breytingarnar falli inn í sjálft frv. Þetta er, eins og fram hefur komið, tengt EFTA-málinu, sem vitnað hefur verið í hér í grg. frv. Þetta er, eins og fram hefur komið, svo mikið mál, að nauðsyn bar til að undirbúa það betur og taka sér meiri tíma en gert var til þess að vinna að undirbúningi þess en hæstv. ríkisstj. leyfði sér.

Ég vil að lokum endurtaka það og undirstrika, að brýna nauðsyn ber til að taka skattamálin í heild til gagngerðrar athugunar og það er þjóðarnauðsyn að breyta þeirri stefnu í skattamálum, sem núv. valdhafar eru að taka upp. Almenningur í landinu getur ekki tekið því, að álögur á hann séu þyngdar eins og gert hefur verið með söluskattinum á sama tíma og verið er að reyna að hygla þeim, sem yfir fjármagninu ráða.

Frsm. 1. minni hl. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Vesturl. hefur nú svarað ýmsu því, sem kom fram hjá hæstv. fjmrh. og ég hafði ætlað mér að gera aths. við, svo að ég get haft það styttra en ella, sem ég segi hér. En ég ætla samt að víkja að tveimur eða þremur atriðum, sem komu fram í ræðu ráðh., og ég ætla þá að víkja fyrst að því, að ráðh. sagðist ekki geta skilið það, hvernig ákvæði þessa frv. ættu að stuðla að því, að dregið væri fé úr fyrirtækjunum og eigin fjármyndun hjá þeim minnkaði. Og ráðh. talaði helzt á þá leið, að ætla mætti, að þetta væri einhver uppfinning hjá mér eða stjórnarandstöðunni að túlka ákvæði frv. á þennan veg og þó sérstaklega það ákvæði þess að gera arð á hlutabréfum skattfrjálsan, en ég get sagt hæstv. ráðh. það, að það eru menn, sem eiga að þekkja miklu betur til atvinnurekstrar en bæði ég og hann, sem halda þessari skoðun fram.

Í bréfi dags. 25. febr. 1971 sendu atvinnurekendur fjhn. álit sitt á þessu frv. Þar víkja þeir sérstaklega að 9. gr. frv., en hún fjallar um það, að arður af hlutabréfum verði skattfrjáls að mjög verulegu marki. Og álit þeirra á gr. eða þessu atriði er á þá leið m. a., að þessi till. um breyt. á þessum lið, þ. e. a. s. af þeirra hálfu, sé eitt þeirra atriða, sem athuga þarf í sambandi við endurskoðun l. um tekjustofna sveitarfélaga. Einnig benda þeir á, að taka beri fram, að vafasamt sé, að það feli í sér úrlausn máls þessa til frambúðar m. a. vegna þeirra fyrirsjáanlegu afleiðinga, sem það hefur.

Nú vona ég, að hæstv. ráðh. taki sérstaklega eftir því, sem atvinnurekendur segja um að gefa hlutabréfaarð skattfrjálsan: Má í þessu sambandi segja, að jafnhliða arðjöfnunarsjóðsfyrirkomulaginu mundu þessar reglur þrýsta óhæfilega mikið á um arðgreiðslur úr hlutafélögunum.

Þarna segja atvinnurekendur beinum orðum, að ef arður af hlutafé eða hlutabréfum verði gefinn skattfrjáls, þá muni það þrýsta óhæfilega mikið á um arðgreiðslur úr hlutafélögunum, þ. e. það muni leiða til þess, að hlutafélögin verði að greiða miklu meiri arð en hingað til, en það verður að sjálfsögðu til þess, að eigin fjármyndun þeirra sjálfra minnkar og það verður dregið þarna meira fé úr félögunum en ella.

Við þetta bætist svo arðjöfnunarsjóðsfyrirkomulagið, en um það segja þeir á öðrum stað, þar sem þeir fjalla um 6. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir arðjöfnunarsjóðsfyrirkomulaginu. 6. gr. fjallar um það að leggja varasjóðinn niður og taka upp arðjöfnunarsjóð í staðinn, og um þá breytingu farast atvinnurekendunum svo orð:

Lagt er til, að gr. verði felld niður, þ. e. um arðjöfnunarsjóðinn, og núgildandi reglur um varasjóðinn látnar haldast óbreyttar, a. m. k. þar til endurskoðun hefur farið fram á l. um tekjustofna sveitarfélaga. Að óbreyttum lögum er það fyrirkomulag, sem frv. gerir ráð fyrir, öllum þorra fyrirtækja mun óhagstæðara en það, sem þau eiga nú við að búa. Virkjun skattprósenta þeirra félaga, sem afla sér eigin fjár með samanspunnum eigin ágóða, hækkar til muna, eins og raunar er viðurkennt í grg. frv. Og síðan segir, og ég legg til, að hæstv. ráðh. taki sérstaklega eftir því: Hið ótímabundna skattfrelsi varasjóðanna er mun hagstæðara slíkum félögum en reglur frv. um arðjöfnunarsjóð, þar sem fyrst ber að greiða 15% skatt ásamt tekjuútsvari, þegar fé er í hann lagt, og síðan 20% tekjuskatt aftur að 5 árum liðnum, hafi féð ekki verið greitt út sem arður eða notað til að mæta tapi.

Þarna er það alveg ótvírætt álit atvinnurekenda, að arðjöfnunarsjóðsfyrirkomulagið sé miklu óhagstæðara fyrirtækjunum en varasjóðsfyrirkomulagið, vegna þess að það kalli á það, að það sé borgaður út miklu meiri arður og þar af leiðandi

safnist minna fé hjá fyrirtækjunum en ella. Þess vegna er það alveg tvímælalaust, að þessi tvö meginatriði, sem frv. fjallar um, þ. e. að gera arðinn af hlutabréfum skattfrjálsan og taka upp arðjöfnunarsjóð með þeim hætti, sem hér er gert ráð fyrir, verða til þess, að eigin fjármyndun hjá fyrirtækjunum minnkar, og það áreiðanlega í mörgum tilfellum mjög verulega. Það, sem á svo að koma í sjóðinn, er einhver óviss von um hlutabréfasölu, sem enginn veit, hver verður — og alls ekki einu sinni víst, eftir að hlutabréfaeigendur eru farnir að taka aukinn arð af hlutabréfunum, að þeir leyfi það, að hlutafélögin hafi ný hlutabréf til sölu, a. m. k. þau félög, sem skila sæmilegum arði. Þar munu hlutabréfaeigendur koma í veg fyrir það, að nýir aðilar geti keypt hlutabréf, vegna þess að þeir munu telja það svo hagkvæmt að eiga bréfin sjálfir, að þeir munu ekki sleppa öðrum í að kaupa slík bréf.

Þetta mundi að vísu líta talsvert öðruvísi út og í því vera fólgin veruleg breyting, ef það fyrirkomulag væri tekið upp, sem mér skilst, að atvinnurekendur hafi bent á, að arður af hlutabréfum verði því aðeins skattfrjáls, að viðkomandi félög hafi jafnan til sölu hlutabréf á opnum markaði, en fyrir því er alls ekki gerð grein í þessu frv. Sannleikurinn er líka sá, að ef á að fara að veita hlutabréfaeigendum og hlutafélögum einhver sérstök forréttindi og betri aðstöðu en öðrum félagsrekstri eða atvinnurekstri í landinu, þá er það óhjákvæmilegur undanfari, að hlutafélagalögin verði tekin til mjög gagngerðrar endurskoðunar. Það hefur staðið til í mörg ár að endurskoða l. um hlutafélög, en af því hefur ekki orðið enn. En það hefði verið alveg grundvallaratriði, sem hefði þurft að vera fyrir hendi, áður en farið var að breyta skattalögunum í þá átt, sem nú er gert ráð fyrir.

Þá var hæstv. ráðh. að gera ráð fyrir því, að það mundi leiða af þeirri breytingu, sem hér er gerð á skattal., að fyrirtækin yrðu færri og stærri. Atvinnurekendur eru alveg ósammála um þetta. Samkv. þeirra áliti verður þetta fyrirkomulag, sérstaklega það fyrirkomulag að gera arðinn skattfrjálsan, til þess að fjölga smáhlutafélögum, og þeir óttast bersýnilega, að eftir að þessi breyting er komin á, muni allt úa og grúa hér í smáhlutafélögum. Í áliti þeirra segir um 9. gr. frv., sem fjallar um það að gera arðinn af hlutabréfum skattfrjálsan, á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

Í annan stað er vert að benda á, að eins og löggjöf um hlutafélög er nú háttað, er nánast hægt að stofna hlutafélög um hvaða smáatvinnurekstur sem vera skal. Af þessu leiðir, að smáatvinnurekendur og jafnvel einyrkjar, í hvaða atvinnugrein sem er, gætu í reynd valið um skattlagningarform hlutafélags og einstaklings. Hin misjöfnu skattakjör mundu því að líkindum þrýsta einstaklingsrekstrinum að mestu yfir í smáhlutafélög.

Þetta er alveg augljós afleiðing, sem hlýzt af þessari breytingu. Einstaklingur, sem nú rekur smáverzlun, smáiðnfyrirtæki eða jafnvel þokkalegt bú, getur tryggt sér verulegt skattfrelsi með því að breyta sínum rekstri í hlutafélag. Hann reiknar sér lágar tekjur af atvinnurekstrinum, en lætur fyrirtækið eða hlutafélagið borga sér þeim mun hærri arð. Þannig getur hann öðlazt veruleg skattfríðindi. Og það er áreiðanlegt, að þetta er sú þróun, sem verður mest áberandi afleiðing þessa frv., þ. e. að það þjóta hér upp smáhlutafélög í tuga- og hundraðatali. Og á þennan hátt geta þeir, sem stunda hér svona smáatvinnurekstur, að sjálfsögðu tryggt sér veruleg skatthlunnindi umfram t. d. launamenn, sem geta ekki komið slíkum aðferðum við til að komast hjá skatti.

Ég held, að það gildi um þetta atriði eins og svo mörg önnur, að hæstv. ráðh. og hv. stjórnarþm. hafi alls ekki gert sér grein fyrir því, hvað er hér á ferðinni. Það hefur verið sótt fast — ég veit, að það hefur verið sótt geysilega fast af hálfu ýmissa fjársterkra hlutabréfaeigenda — að fá þá breytingu gerða á skattal., að arður af hlutafé verði gefinn skattfrjáls. En því fylgja svo margvíslegar afleiðingar, að ég er alveg sannfærður um það, að hæstv. fjmrh. hefur alls ekki gert sér þær allar ljósar fyrir fram, og ég held, að hann hafi t. d. alls ekki hugsað út í þá breytingu eða þau áhrif, sem þetta getur haft í þá átt, að það rísi upp hundruð eða jafnvel þúsundir smáhlutafélaga í landinu í framhaldi af þessari breytingu, sem hér er um að ræða. En áhrif hlutabréfaeigendanna eru geysilega sterk í Sjálfstfl. og eru að sjálfsögðu nokkuð sterk innan atvinnurekendasamtakanna líka, vegna þess að þó að atvinnurekendur, sem standa sjálfir í atvinnurekstrinum, vilji og telji sér skylt að hugsa fyrst og fremst um hag fyrirtækjanna og að byggja upp eigið fjármagn þeirra, þá eiga þeir yfir sér húsbændur, sem eru hlutabréfaeigendurnir, og þeir geta kippt í spottann, ef þeim sýnist svo.

Ég er hræddur um, að eitthvað slíkt hafi gerzt, sem veldur þessu furðulega áliti, sem hæstv. fjmrh. var að lesa hér upp úr og átti að vera bréf, sem atvinnurekendur eða fulltrúar atvinnurekenda höfðu skrifað honum 19. marz s. l. Þetta bréf er nefnilega í svo algerri andstöðu við það bréf, sem sömu aðilar sendu fjhn. nokkrum vikum áður eða 25. febr. 1971. Það er alveg bersýnilegt, að þar hafa einhverjir kippt í spottann. Í því bréfi, sem við fengum frá atvinnurekendum og var dags. 25. febr. 1971, er megináherzla lögð á það, að tekju- og eignarskatturinn sé ekki tekinn sérstaklega út úr skattkerfinu og endurskoðaður og honum breytt, heldur séu allar skattaálögurnar teknar fyrir í einni heild. Það er meginatriðið, sem atvinnurekendur leggja áherzlu á í bréfinu 25. febr., sem þeir skrifuðu fjhn., þ. e. að tekjuskatts- og eignarskattsþátturinn í skattkerfinu verði ekki tekinn út úr, heldur verði allt skattkerfið endurskoðað í heild. Þetta er fyrsti liðurinn í þeirra bréfi og það, sem þeir leggja megináherzlu á. Síðan hefur bara eitthvað gerzt rúmlega þremur vikum seinna eða 19. marz s. l. Þá virðist hæstv. ráðh. vera kominn með bréf upp á vasann frá þessum sömu aðilum, þar sem

þeir segja: Nú höfum við ekki neinn áhuga lengur á því, að skattkerfið sé endurskoðað í heild. Við skulum bara láta það bíða. Við sættum okkur alveg við það, að þessi eini þáttur í skattkerfinu, tekju- og eignarskatturinn, skuli endurskoðaður. Það má sleppa öllu hinu.

Hvað hefur gerzt þarna? Hvað kemur til, að atvinnurekendur eða forvígismenn atvinnurekenda láta frá sér fara álit eins og þetta? Og ég er alveg sannfærður um það, að þetta hafa þeir ekki gert í samráði við meginþorra atvinnurekenda í landinu. Ég er alveg sannfærður um það, að meginþorri atvinnurekenda í landinu er fylgjandi þeirri stefnu, að það eigi að endurskoða skattkerfið í heild. Ég er alveg sannfærður um það, að atvinnurekendur vilja fá endurskoðun á aðstöðugjaldinu. Þeir vilja fá endurskoðun á útsvörunum, og þeir vilja fá endurskoðun á fasteignagjöldunum. Þeir vilja fá endurskoðun á þeirri stóru fúlgu, sem kemur til tryggginanna. Þeir vilja fá endurskoðun á launaskattinum, og þeir vilja fá endurskoðun á skattinum, sem þeir greiða til Iðnlánasjóðs. Og þeir vilja ekki sízt af öllu fá endurskoðun á þessum 30 smásköttum, sem hafa verið lagðir á í tíð núv. ríkisstj. Það þarf enginn að segja mér, að atvinnurekendur séu búnir að missa áhugann á því, að þetta allt verði endurskoðað. En samt kemur þetta furðulega bréf frá forvígismönnum í atvinnurekendasamtökunum (Gripið fram í.) Þetta furðulega bréf, góðir hálsar, og þeir segja við þingið: *Við höfum ekki minnsta* áhuga á því lengur að endurskoða allt skattkerfið. Sleppið aðstöðugjaldinu, sleppið launaskattinum, sleppið útsvörunum, sleppið þessum 30 smásköttum. Látið þetta bara bíða, og sinnið því ekki neitt. Afgreiðið bara fyrir okkur tekju- og eignarskattinn. Og hver er þessi tekju- og eignarskattur, sem atvinnureksturinn greiðir nú? Hann er eitthvað í kringum 150 millj. kr. á síðasta ári, man ég var.

Ég held, að þetta sé eitthvert furðulegasta plagg, sem hefur sézt á Alþ., og ég veit ekki um jafnmikil og jafnsnögg skoðanaskipti eins og þau, sem hér hafa átt sér stað. Mennirnir, sem segja 20. febr.: Endurskoðið þetta allt saman. Við höfum engan áhuga lengur á því, að þið takið þetta eina út úr. Þeir eru alveg búnir að snúa við blaðinu 19. marz, rúmlega þremur vikum seinna og segja: Sleppið endurskoðun á þessu öllu saman nema bara tekju- og eignarskattinum. (**Gripið fram í:** Þeim er nú alveg sama um þetta allt saman.) Ég ætla ekki að vera með neinar útskýringar á því, hvað hefur komið þarna fyrir og hvernig hefur verið kippt í spottann. En það er alveg ómögulegt fyrir mig að finna neina skynsamlega skýringu á þessari stefnubreytingu, og ég verð að minna hæstv. ráðh. á það, að hann var að tala um það, að við framsóknarmenn ættum eftir að taka eitthvert tillit til þessara skoðanaskipta. Okkar skoðun er alveg óbreytt þrátt fyrir þetta bréf frá atvinnurekendum 19. marz s. l. Við teljum, að það sé meginnauðsyn fyrir atvinnurekstur í landinu, að það fari fram heildarendurskoðun á öllu skattkerfinu og ekki eingöngu vegna atvinnurekenda, heldur líka vegna einstaklinganna.

Skattkerfið er orðið margbrotið og flókið og ekki sízt vegna þess, hvernig stefnan í skattamálum hefur verið hjá hæstv. núv. fjmrh. og fyrirrennara hans, að það er alltaf verið að bæta við alls konar nýjum og nýjum sköttum. Það hafa verið teknir hér upp skattar, sem ég held, að þekkist hvergi annars staðar í heiminum, svo að ég viti til. Ég held t. d., að það þekkist hvergi í veröldinni nema hér, að atvinnuvegirnir séu látnir borga í lánasjóði, sem svo veita þeim lán á eftir, eins og t. d. bændur eru látnir gera og iðnrekendur eru látnir gera. (**Gripið fram í:** Og útgerðarmenn líka.) Og útgerðarmenn líka; það er alveg rétt. Núv. stjórn hefur fundið þetta allt saman upp. Það var ekkert gjald lagt á atvinnuvegina til þess að fá í lánasjóði þeirra, fyrr en núv. ríkisstj. kom til valda. Iðnlánasjóðsgjaldið kom eftir það og líka launaskatturinn, sem lagður var á bændur. Hæstv. ráðh. getur flett upp í þingtíðindum og sannfært sig um, að þetta er rétt, sem ég segi um þetta efni. Og til viðbótar þessum sköttum, sem ég nefndi núna, þá hefur verið bætt við alls konar smásköttum öðrum. Þetta nál. frá embættismannanefndinni höfum við fengið að sjá sem mjög mikið trúnaðarmál, og mér hefur jafnvel skilizt, að við verðum að skila bókinni aftur. Ég veit nú ekki, hvort ráðh. gerir alvöru úr því, en ég afhendi að sjálfsögðu bókina aftur, ef farið verður fram á það, en þar eru taldir upp einir 30 skattar, sem ég held, að svo að segja allir — nema kannske þrír eða fjórir — hafi komið til sögunnar í tíð núv. stjórnar.

Við framsóknarmenn erum þeirrar skoðunar, að þrátt fyrir það, að atvinnurekendum hafi snúizt hugur og forvígismenn þeirra hafi ekki lengur áhuga á heildarendurskoðun skattalaganna, þá teljum við enn, að það sé nauðsynleg aðgerð, að slík endurskoðun fari fram og vegna þess sé óeðlilegt að taka einn þáttinn út úr, eins og gert er í þessu frv., og afgreiða hann sérstaklega. Og því er ég alveg sérstaklega mótfallinn vegna þess, að það er okkar skoðun, að þær meginbreytingar, sem þetta frv. fjallar um, verði til þess, að það verði minni myndun eigin fjármagns í fyrirtækjunum en þó nú er og það sé stefnt alveg í ranga átt. Til þess að koma hér upp traustu efnahagslífi þurfa fyrirtækin að geta safnað meiri og sterkari sjóðum en nú, en ekki minni. Þau þurfa að geta lagt þetta fé í varasjóði en ekki borga það út sem arð. Við teljum, að frv. stefni í algerlega ranga átt, hvað þetta snertir. Í þriðja lagi teljum við það höfuðrangindi, að á sama tíma og láglaunafólk fær ekki eðlilegar leiðréttingar á skattvísitölunni og verður þar af leiðandi að borga stórhækkaða skatta á næsta ári séu hlutabréfaeigendum veitt stórfelld skattfríðindi, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. Þess vegna höldum við fast við þá stefnu okkar, að þessu frv. verði vísað frá með þeirri rökst. dagskrá, sem við höfum borið fram.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Málflutningur

hv. stjórnarandstöðu er með nokkuð einkennilegum hætti við þessa umr. Það er ýmist látið í veðri vaka, að frv. það, sem hér er til meðferðar, sé af þeim hvötum sprottið að styðja við bakið á atvinnurekendaauðvaldinu, eða hins vegar látið í það skína, að ekki sé nægilega mikið gert fyrir atvinnureksturinn í landinu. Þetta kom berlega fram hjá hv. síðasta ræðumanni, og skal ekki frekar fjölyrt um það. Ég vil þó aðeins geta um nokkur atriði þessa frv., sem ég hygg, að máli skipti fyrir þá stefnu, sem Alþ. vill marka atvinnurekstrinum og félögum í atvinnurekstri. Það hefur að vísu verið haft hér við orð, um leið og það er sagt, að frv. dragi taum atvinnurekenda, að atvinnurekendur vilji ekkert með efni frv. hafa að gera og vitnað er í álit þeirra þar að lútandi. Þegar svo hæstv. fjmrh. hefur vitnað til nýlegs bréfs þeirra, þar sem getið er um, að þeir skori á Alþ. að samþykkja frv., eins og því hefur verið breytt með brtt. fjhn., þá er ekkert mark lengur takandi á atvinnurekendum, þó að áður væri aðallega vitnað til þeirra um það, hvað rétt væri og hægt væri að gera í þessum efnum.

Það er ljóst mál, að atvinnurekendur voru ekki ánægðir með allar gr. frv., eins og það var upphaflega úr garði gert, en hins vegar hafa ýmsar þær ábendingar, sem þeir komu fram með, verið teknar til greina eins og t. d. um sameignarfélögin og nokkrar breytingar varðandi fyrningarreglur. Þá hefur reglum um skattlagningu söluhagnaðar verið hagað öðruvísi en upphaflega var ætlað, og um leið og félögum er í sjálfsvald sett, hvort heldur þau vilja halda varasjóði eða velja nýja leið með arðjöfnunarsjóði, þá er og takmarkað skattfrelsi arðs hjá viðtakanda. Þessar breytingar hafa allar orðið til þess, að samtök atvinnurekenda sjá sér og atvinnurekstrinum í landinu hag í samþykkt frv. svo breytts. Og það vill svo til, að öll gagnrýni hv. stjórnarandstöðu hér á efni þessa frv. hefur gengið í sömu átt og gagnrýni atvinnurekenda upphaflega, þannig að breytingar fjhn. eru til þess fallnar að koma til móts við hv. talsmenn stjórnarandstöðunnar að þessu leyti einnig. Þess vegna skyldi maður ætla, að þessir talsmenn minni hl. fjhn. sæju bjartar hliðar á þessum brtt. og brtt. væru til þess fallnar að bæta efni frv., þótt svo hafi ekki verið að heyra á þeim hér áðan. Og sannleikurinn er sá, að hér er ekki fjallað um málin af málefnalegum áhuga eða áhuga á atvinnurekstrinum i landinu eða félagarekstri almennt. Hér er fyrir fram mörkuð afstaða, neikvæð afstaða, eins og hv. stjórnarandstöðu er eiginlegt og hún hefur vanið sig á nú á undanförnum árum.

Það er rætt um það, að skattfrelsi arðs af hlutafé sé óeðlilegt. Og hvers vegna er um óeðlilega leið þar að ræða? Ég hygg, að allir hv. þm. hafi í einn eða annan tíma átt þátt í því annars vegar að viðurkenna skattfrelsi sparifjár og hins vegar að viðurkenna skattfrelsi spariskírteina. Það er verið að viðurkenna skattfrelsi þessara sparnaðarforma í því skyni að auka sparnaðarviðleitni meðal landsmanna vegna þess skilnings, sem ég býst við, að hv. þm. hafi allir á því, að sparnaður í þjóðfélaginu er undirstaða framfara, framkvæmda og fjárfestingar, sem atvinnurekstrinum og framförum í atvinnurekstri er nauðsynlegt. Nú viðurkennum við skattfrelsi sparifjár í bönkum landsins, þar sem hægt er að fá á ákveðnum bundnum innstæðum 9—10% vexti, þar sem innstæðan er ríkistryggð, þ.e. ríkið ber ábyrgð á því, að innstæðan ásamt áföllnum vöxtum fáist greidd á hverjum tíma. Við viðurkennum einnig skattfrelsi spariskírteinanna, en andvirði þeirra er notað í ýmsum tilgangi, t. d. að stuðla að opinberum framkvæmdum, sem ekki eingöngu gefa vexti frá 4 og upp í 6%, heldur eru endurgreidd með og í samræmi við byggingarvísitölu, þ. e. þau eru verðtryggð. Við viðurkennum hvort tveggja þetta sparifjárform sem skattfrjálst.

Hvar er þá ósamræmið í því að viðurkenna takmarkað skattfrelsi arðs af hlutabréfum? Hlutabréf eru í raun og veru ekki annað en sparnaðarform, sem á að örva allan almenning til þess að nota sér. Í því efni má nefna, að hlutabréf sem sparnaðarform er ekki eins öruggt og innstæða í banka eða spariskírteini. Það er ekki eins öruggt, að hlutabréf gefi árvissan arð eins og bæði spariskírteini og sparifé í banka. Og þegar á það er bent, að hlutabréfin vaxi að verðgildi í samræmi við verðsveiflur í þjóðfélaginu eða réttara sagt haldi sínu verðgildi, þá má ekki gleyma hinu, að hlutafjárframlög verða ávallt áhættufé. Það er aldrei hægt að ganga að því sem vísu, að öruggt sé að fjárfesta í hlutabréfum. Það fer eftir gengi rekstrarins, sem peningarnir eru lagðir í. Og það er oft og tíðum nauðsynlegt, bæði í t. d. sjávarútvegi og nú t. d. í iðnaði, að hætta á, að hlutafé geti tapazt, ef ryðja á nýjar brautir á þessum sviðum. Það eru dæmi til þess, að hlutafé hafi tapazt, sem lagt hefur verið í sjávarútveg, og það er vissulega ekki útilokað nú, þegar okkur ríður á að ryðja nýjar brautir á sviði iðnaðar, að fé, sem í þann atvinnurekstur er lagt, geti tapazt. Þess vegna hygg ég, að skattfrelsi hlutafjár að ákveðnu takmörkuðu marki sé á engan hátt óeðlilegra en skattfrelsi annars sparnaðar í þjóðfélaginu. Hitt má svo deila um, hvort eigi að verðlauna sparnað í þjóðfélaginu með skattfrelsi og hvort það eigi að vera nauðsynlegt, að sparnaður í þjóðfélaginu sé skattfrjáls að einhverju eða öllu leyti. Þetta hefur samt sem áður ekki verið deiluefni á undanförnum árum. Við höfum verið sammála um það að veita sparnaði í þjóðfélaginu skattfrelsi, og ég hygg, að það sé nauðsynlegt til þess að tryggja framþróun í atvinnurekstrinum almennt.

Það er að vísu svo, að ekki má gleymast, þegar rætt er um skattlagningarreglur í atvinnurekstri, að undirstaða þess, að atvinnufyrirtæki geti nýtt hagkvæmar skattlagningarreglur, er sú, að atvinnufyrirtækin hafi möguleika á því að bera sig, gefa nokkuð í aðra hönd, og á það hefur skort oft og tíðum hér í okkar þjóðfélagi. Við erum gjarnan þannig gerðir, Íslendingar, að við viljum taka jafnóðum það, sem aflast, til okkar sjálfra og eyða því í okkar eigin þágu — til neyzlu ýmiss konar. Og þess

vegna er einmitt meiri þörf en ella á því að örva sparnaðarviðleitni manna með því að verðlauna þá, sem ástunda slíkan sparnað. Það hefur verið rætt um það, að það fyrirkomulag að hafa arðjöfnunarsjóð og takmarkað skattfrelsi arðs hjá viðtakanda leiði til aukinnar arðgreiðslu úr hlutafélögum. Ég hygg, að hér sé nauðsynlegt að minnast þess, að hlutafélög geta verið óeðlilega íhaldssöm í því að greiða arð og mörg hlutafélög eru rekin hér á landi eingöngu sem atvinnuveitandi fyrir stjórnendur sína og tiltölulega fámennan hóp starfsmanna í stað þess að taka einnig tillit til hagsmuna þeirra, sem eiga fjármagn sitt í félögunum. Og það er ljóst mál, að við söfnum ekki fjármagni í stórum stíl í atvinnurekstri hlutafélaga, nema við viðurkennum, að það fjármagn verður að bera sams konar arð og önnur fjárfesting í þjóðfélaginu.

Ég hygg, að við getum allir verið sammála um það, að það sé nauðsynlegt að endurskoða skattalögin í heild sinni, en það er engu að síður nauðsynlegt að marka ákveðna stefnu í þeim efnum, og ég tel t. d., að það séu ákaflega æskilegar umr., sem hér fara fram og upplýsi það, hverjir það eru, sem vilja örva fjárfestingu í atvinnurekstri í landinu, og hverjir það eru, sem vilja verðlauna þá, sem leggja fjármagn sitt í atvinnurekstur, og það er undirstaða undir því, hvernig standa skuli að frekari endurskoðun skattalaganna. Mér er t. d. ljóst, að nokkur atriði þessa frv. gera það að verkum, að nokkuð muni draga úr skattstofnum sveitarfélaga, og ég tel nauðsynlegt að vekja athygli á því, að í framhaldi þessa máls við endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga sé tekið tillit til þessa með því að skapa sveitarfélögunum aðra og nýja tekjustofna eða með annarri skiptingu verkefna milli sveitarfélaga og ríkissjóðs en nú er. En ég get ómögulega lesið það út úr þessu frv., að hér sé verið að ívilna hlutabréfaeigendum á kostnað atvinnurekstrarins og hér sé verið að ívilna hlutabréfaeigendum á kostnað annarra aðila í þjóðfélaginu. Hér hefur verið nefnt, að 188 þús. kr. væri of lág upphæð sem persónufrádráttur fyrir hjón. Fyrir hjón eru 60 þús. kr. hámark þess arðs, sem greiða má skattfrjálsan af hlutabréfum, og til viðbótar er annað skilyrði sett — sem sé það, að ekki sé um að ræða meira en 10% arð af hlutabréfaeign. Þannig er ljóst, að ákvæði þessi miða að því, að skattfrelsið nái til hins almenna þjóðfélagsborgara, taki til þess, að hlutabréfaeign sé almenn í landinu, nýtist engum úr hófi fram, en sem flestum nokkuð — þeim, sem hafa skilning á því að leggja til hliðar nokkurt fé af aflafé sínu til þess að stuðla að örri uppbyggingu atvinnurekstrarins.

Ég skal að sinni ekki hafa þessi orð fleiri, en ég tel það mjög þarft, að Alþ. samþykki það frv., sem hér liggur fyrir, með þeim breytingum, sem fjhn. hefur lagt til, að gerðar væru á því. Ég tel, að það muni verða til þess að marka nokkuð stefnuna í þeirri áframhaldandi allsherjarendurskoðun á skattamálum ríkis og sveitarfélaga, sem við erum allir þm. sammála um, að nauðsynlegt sé, að fari fram. Og í þeirri stefnumörkun þarf að koma fram, hver hefur skilning á því, að fjármagn þarf að safnast fyrir í atvinnurekstrinum sjálfum, og hver hefur skilning á því að örva allan almenning til þess að leggja sparifé sitt í atvinnureksturinn til þess að skapa betri og meiri tækifæri og bætt lífskjör fyrir almenning í landinu í framtíðinni.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umr. Það er alveg þarflaust, og meginatriði þess, sem ég hefði viljað sagt hafa, hefur hv. 12. þm. Reykv. mælt hér. Ég hef ekkert við það að athuga, sem hv. 3. þm. Vesturl. sagði, og get tekið undir það, sem hann sagði um skattlagningu ríkisfyrirtækja og ýmis önnur atriði í því sambandi og sömuleiðis verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, sem ég lagði áherzlu á við 1. umr. málsins, að væri eitt af þeim verkefnum, sem nú þyrfti einmitt að vinna að. Vissulega er það rétt hjá honum, að ef skertir verða tekjustofnar sveitarfélaganna, þá getur verið þörf á því að sjá fyrir því með einhverjum hætti, annaðhvort með því að ríkið taki á sig ákveðnar skyldur eða með því að ríkið láti að einhverju leyti af hendi tekjustofna. Og það kann vel að vera, að í framtíðinni verði það svo, að sveitarfélögin t. d. fengju beinu skattana. Meginhlutinn af þeirra tekjustofnum núna eru útsvörin. Það er yfirgnæfandi hluti af þeirra tekjum, og það má segja, að það sé óeðlilegt, að tveir aðilar, ríki og sveitarfélög, séu með samkynja tekjuöflun eins og nú á sér stað.

Það, sem kom mér til þess að standa hér upp, var raunar aðeins það að leiðrétta það, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði um bréf það, sem ég las frá samtökum atvinnuveganna. Ég vil ekki láta í ljós neitt um það, hvaða hvatir hafa legið því að baki; það má hv. þm. gera sjálfur eftir því, sem hann vill. Ég hins vegar hef ekki haft nokkur minnstu áhrif á það sjálfur, að þetta bréf var sent, hvorki fyrra né síðara bréfið, þannig að ég tek ekkert til mín í því efni, né heldur hef ég ráðið því, að fjársterkir hlutabréfaeigendur hafi ráðið þannig lögum og lofum hjá þessum fjöldasamtökum. Það þykir mér heldur ósennilegt, og ég held, að það sé ómakleg ásökun hjá hv. þm., sem hann eigi erfitt með að standa við. En það, sem var misskilningurinn hjá hv. þm., var það, að það ber ekki að skilja þetta bréf forystumanna atvinnuveganna þannig, að þeir hafi engan áhuga, eins og hann orðaði það, á því, að áfram verði haldið endurskoðun skattalaganna. Þeir taka það skýrt fram, að þeir telji þetta vera mikilvægt spor í áttina og marki stefnuna, eins og ég gat um áðan í ræðu minni, að ég teldi, að væri það jákvæða við þetta mál, þ. e. að með því fengist þó mörkuð viss stefna hjá Alþ., sem væri mjög mikils virði fyrir þá, sem eiga að halda áfram endurskoðun skattalaganna, endurskoðun á sköttum bæði til ríkis og sveitarfélaga. Þannig fengist einhver stefnumörkun, en Alþ. léti ekki alltaf málið liggja hjá sér, þó að allir þættir þess í einu komi ekki til Alþ. Þetta er það, sem atvinnurekendurnir eiga við, en alls ekki

það, að þeir hafi ekki áhuga á, að það séu endurskoðaðir þeir liðir, sem hv. þm. gat alveg réttilega um, að nauðsynlegt væri að endurskoða. Það hygg ég, að allir séu sammála um.

Ég er honum innilega sammála um, að það sé allt nauðsynlegt, og mér sýnist, að okkur beri ekki annað í milli um meðferð málsins en það, að hann vill láta það allt bíða, en atvinnurekendurnir — og það er einnig mín skoðun — vilja afgreiða þennan þátt málsins og láta þá ákvörðun Alþ. marka stefnuna í því, hvernig framhald eigi að verða á þessum málum í heild. Það má svo fyrirgefa hv. þm. það, þó að hann hafi gleymt því, að skattar hafi viðgengizt í tíð annarra ríkisstj. en þeirrar, sem nú er við völd. Það er alveg rétt, að það er svo langt, síðan hún kom til valda, að það er kannske von, að hv. framsóknarmenn hafi gleymt því, að nokkrir skattar hafi þá verið til, en ég er nú hræddur um, að leiti þeir vel — og báðir þeir mætu þm., sem hér töluðu, eru sagnfróðir menn — þá munu þeir komast að raun um, að þá voru líka til skattar á Íslandi.

Frsm. 1. minni hl. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Það er nú sennilega ekki mikil ástæða til þess að vera að halda áfram þessu pexi, sem hefur staðið yfir hjá okkur um skeið, því að það breytir sennilega ekki miklu. Þó eru viss atriði, sem komu fram í ræðu hæstv. fjmrh. og hv. 12. þm. Reykv., sem mér finnst rétt að láta ekki með öllu ósvarað.

Hæstv. fjmrh. vildi halda því fram, að það hefðu verið skattar, áður en núv. stjórn kom til valda. Ég held, að ég hafi nú ekki sagt það, að það hafi ekki verið til skattar, en hitt er staðreynd, að þeim hefur fjölgað geysilega mikið, síðan núv. stjórn tók við, og þeir hafa líka stórhækkað. Ég þori bara ekki að fara með það, hvað þeir hafa margfaldazt, síðan núv. ríkisstj. kom til valda. Ég held, að þeir hafi a. m. k. sjö- eða áttfaldazt eða vel það. En á sama tíma samkv. þeim . . . (Gripið fram í.) Við skulum segja, að skattarnir hafi nífaldazt í krónutölu, en ég held, að á sama tíma samkv. þeim útreikningum, sem t. d. viðskrh. hefur verið að birta og eiga að sýna fram á það, hvað kaupgjaldið hafi margfaldazt í landinu á þessum tíma, hafi þeir ekki nema eitthvað þreða fjórfaldazt — svona rúmlega fjórfaldazt. Og það sýnir það, að þó að því sé nú haldið fram, að verkalýðssamtökin hafi verið rösk í því að hækka kaupið, þá hafi þau í sínum hækkunum ekki verið hálfdrættingar við hæstv. ríkisstj. í hækkunum hennar á sköttunum.

Þá vildi hann halda því fram, að atvinnurekendur væru ekki alveg fallnir frá því, að skattarnir væru endurskoðaðir í heild. Það er ekki hægt að skilja þeirra bréf öðruvísi, þ. e. bréfið frá 19. marz, sem hann las upp, en þeirra afstaða sé gerbreytt frá því, sem var 25. febr. Í bréfinu 25. febr. leggja þeir áherzlu á það, að þessi mál séu öll tekin fyrir í heild og þetta frv. sé látið bíða vegna þess. En núna segja þeir, að þeim nægi að fá þetta frv. afgreitt og hitt allt megi bíða, þeir geri ekkert tilkall til þess og óski þess ekki, að sú endurskoðun fari fram. Enda vita menn það, að þegar búið er að taka eitt atriði svona út úr, þá verður það miklu frekar til þess, að það verður dráttur á í öðrum efnum. Það er venjan.

Þá var það hv. 12. þm. Reykv. Hann var að gera hér samanburð á sparifé og hlutafé og vildi leggja það alveg að jöfnu. Ég hefði eiginlega gjarnan viljað, að hér hefði verið staddur 10. þm. Reykv. til að geta borið það undir hann, hvort hann sæi um þennan boðskap hv. 12. þm. Reykv. Þeir eru að vísu flokksbræður, en ég hef eiginlega engan mann heyrt útskýra það betur en hv. 10. þm. Reykv., Ólaf Björnsson, hvílíkur reginmunur er á þessu tvennu, sparifé og hlutafé. Og hann bendir að sjálfsögðu réttilega á það, að þegar verðbólga er, eins og hefur verið hjá okkur á undanförnum árum, þá rýrnar sparifé í hlutfalli við hana. Aftur á móti heldur hlutafé undir langflestum kringumstæðum a. m. k. óbreyttu verðgildi, vegna þess að með jöfnunarhlutabréfum er hægt að hækka hlutabréfin í samræmi við það, hversu mikið eignir viðkomandi fyrirtækja vaxa. Og þetta veldur því, að hér er um geysilegan mun að ræða. Auk þess má geta þess, að lögum samkv. er heimilað að borga í arð skattfrjálst 10% af hlutafé, en það er prósenta, sem sparifé nær ekki nema kannske í sérstökum bindingartilfellum og í mörgum tilfellum, án þess að um nokkra verðtryggingu sé að ræða. Þannig að ef einhver sæmileg afkoma er hjá hlutafélögum, þá er náttúrlega útkoman miklu betri hjá þeim, sem eiga hlutabréf, heldur en hinum, sem eiga sparifé, þ. e. í þjóðfélagi eins og er hjá okkur. Þetta lítur að sjálfsögðu talsvert öðruvísi út hjá þjóðum, sem hafa taumhald á verðbólgunni.

Svo var hv. 12. þm. Reykv. að tala um það, að við framsóknarmenn værum fylgjandi neikvæðri stefnu. Við skulum rifja upp, hver er munurinn á okkar stefnu og þeirra, t. d. í sambandi við það frv., sem hér er til umr., í því, hvernig eigi að byggja upp fjármagn fyrirtækja. Við framsóknarmenn fylgjum þeirri stefnu, að það eigi að skapa fyrirtækjum aðstöðu til þess að byggja upp sína eigin sjóði, og þess vegna er það ákvæði í l., sem var sett af okkar stjórn og okkar fjmrh. á sínum tíma, að fyrirtækin mættu leggja 25% af hagnaðinum skattfrjálst í varasjóð. Þetta verður síðan þeirra eign, sem þeir mega ekki hreyfa, nema um tap sé að ræða. Þennan sjóð vilja þeir sjálfstæðismenn leggja niður. Það var stefnan með frv. Í stað hans á að borga út sem arð það, sem hefur runnið í varasjóðinn að undanförnu, en þeir treysta á það, þó að þeir hafi enga vissu fyrir því, að þetta fé komi aftur inn í fyrirtækið sem hlutafé. En ég hygg, að þó að við gerum ekki samanburð á nema t. d. varasjóðnum og hlutafénu, þá séu það ólíkt sterkari og betri aðstæður fyrir fyrirtækið, að þetta eigið fé sé varasjóður en ekki hlutafé. Af t. d. fénu, sem er í varasjóðnum, þarf félagið ekki að borga út neinn sérstakan arð né sérstaka vexti. Aftur á móti ef um hlutabréf er að ræða, þá verður

nú að borga út arð af því allt að 10% og kannske meira. Hvort halda menn, að það sé hagkvæmara fyrir félagið að eiga þessa upphæð í varasjóði án þess að borga af því vexti ellegar þessi upphæð sé hlutafé, sem verður að borga af svo og svo mikinn arð? Ég held, að varasjóðsleiðin sé í öllum tilfellum miklu hagstæðari fyrir fyrirtækin.

Það er mesti misskilningur hjá hv. þm., að við séum á móti því, að fyrirtækin byggi sig upp fjárhagslega, en við viljum að varasjóðurinn sé notaður til þess. Sjálfstæðismenn vilja hafna þessari leið, leggja varasjóðinn niður og láta hlutaféð koma í staðinn, sem er tvímælalaust óhagstæðara fyrir fyrirtækið, vegna þess að það verður að borga út af því svo og svo háa vexti í arð. Enda er það niðurstaða þessara atvinnurekenda, sem ég var að vitna hér í áðan, að þeir telja varasjóðsfyrirkomulagið miklu hagkvæmara fyrir sig en arðjöfnunarsjóðsfyrirkomulagið. Og þeir hljóta alveg að viðurkenna það, að að þessu leyti hefur afstaða þeirra leitt til nokkurs árangurs, því að sjálfstæðismenn hafa hætt við að gera það að alveg ófrávíkjanlegu skilyrði, að félögin legðu varasjóðinn niður og tækju upp arðjöfnunarsjóðinn. Nú á að verða frjálst val hjá fyrirtækjunum um það, hvor leiðin sé fremur farin. En hins vegar óttast ég það, að brtt. verði til þess, að fyrirtækin fengjust til þess að taka upp arðjöfnunarsjóðinn, þó að þau kjósi varasjóðinn heldur, vegna þess að hluthafar fái ekki arð skattfrjálsan, ef varasjóðsleiðin er farin, og þeir muni þess vegna hvetja til þess og leggja áherzlu á það, að félögin kjósi heldur arðjöfnunarsjóðsleiðina en varasjóðsleiðina, og það tel ég megingallann á brtt. meiri hl.

Ég held, að það sé alveg rangt hjá hv. 12. þm. Reykv. að vera að tala um einhverja neikvæða stefnu hjá okkur í þessum efnum. Hér er munur á aðferðum, og það hefur komið fram í margnefndu bréfi atvinnurekenda, að þeir líta þannig á, að varasjóðsleiðin sé heppilegri en arðjöfnunarsjóðsleiðin. Og þess vegna hafa þeir þvingað stjórnina til þess að leyfa þó frjálst val á milli þessara tveggja leiða, en leggja ekki varasjóðinn alveg niður. Að því er mér skildist, þá taldi hann, hv. þm., það neikvæða stefnu hjá okkur að vilja vísa þessu frv. frá með rökst. dagskrá, en hún er byggð á því, að við viljum fá heildarendurskoðun á þessum málum. Og ég held, að það sé miklu jákvæðari stefna, að öll skattamál fyrirtækja og raunar einstaklinga líka verði endurskoðuð í heild, svo að fullkomið samræmi fáist í þessu máli og fyrirtæki og einstaklingar geti þannig séð fullkomlega, hvar þeir standa skattalega, vegna þess að skattarnir verða orðnir hærri og samanþjappaðri, ef svo mætti orða það, fremur en fara þá leið að taka hér eitt atriðið út úr, afgreiða það — eins og þeir segja á mjög umdeilanlegan hátt — og eiga það svo á hættu, að þetta kák verði til þess að tefja heildarendurskoðunina svo og svo lengi. Með því að láta þetta allt saman bíða og taka það fyrir í heild er miklu meiri trygging fyrir því, að það náist fram heildarendurskoðun á þessum málum, en með því að taka fyrir eitt og eitt í einu.

Við sjáum, til hvers þessi kákaðferð leiðir t. d. í sambandi við skólamál. Þar er alltaf verið að taka einn þátt skólakerfisins fyrir í einu og breyta honum án nokkurs samhengis við hina og svo fæst aldrei neitt endanlegt samhengi út úr þessu. Svo að dæmi sé tekið, má nefna, að við vorum að setja menntaskólalög í fyrra. Nú eru þau orðin úrelt og þarf að fara að breyta þeim aftur, vegna þess að þau voru ekki gerð í neinu samhengi við aðra þætti skólamálanna. Þetta er áreiðanlega mjög óheppileg vinnuaðferð. Það er miklu hreinlegra og heppilegra að taka öll þessi mál fyrir í heild og afgreiða þau þannig en að nota þá kákaðferð, sem hér er viðhöfð, þó að maður sleppi því alveg, hvaða áhrif þetta hefur að öðru leyti.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð; ég skal ekki lengja umr. Ég hef átt því láni að fagna að ræða við hv. 10. þm. Reykv. um sparifé og hlutafé, og okkur hefur komið, held ég, bærilega saman. Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því, að hlutafé og sparifé í banka eru mismunandi form sparnaðar og hafa mismunandi eiginleika og að mörgu leyti ber þess vegna að fara mismunandi með þessi tvö sparnaðarform. En hvort tveggja flokkast undir sparnað. Hlutafjáreign er sparnaðarform, sem atvinnureksturinn nýtur góðs af. Sparifjáreign er það sparnaðarform að fela bankastjórum fé til ávöxtunar ýmist í atvinnurekstri eða annarri starfsemi þjóðfélagsins. Og spariskírteini eru enn ein leið til að spara, og ég gat sérstaklega um þau, og sérstaklega ber að hafa þau í huga í þessum umr., þegar talað er um skattfrelsi, því að hvergi kemur skattfrelsið meir fram en þar og er þeim í hag, er spara, en fjármagnið, sem þannig aflast, er einkum nýtt til opinberra framkvæmda.

Öll þessi sparnaðarform eiga rétt á sér, og þá ekki *sízt á fjárfesting í hlutabréfum rétt á sér vegna þess*, að atvinnurekstur*inn* í landinu stendur undir öllu öðru bæði opinberum framkvæmdum, einkaneyzlu og öllu því, sem við hér aðhöfumst eða leyfum okkur í landinu. Þess vegna er það engin goðgá að ætla þessu sparnaðarformi sérstaklega skattfrelsi, sem þó er takmarkað með tvennu móti, annars vegar með heildarupphæð 60 þús. kr. fyrir hjón — hið hæsta á ári hverju — og enn fremur takmarkað við, að ekki sé um að ræða meira en 10% af hlutafjáreign. Ég ítreka það, að fjárfesting í hlutabréfum er áhættufé, sem lagt er fram, þó að eigandinn viti ekki, hvort það glatast eða ávaxtast og hvort það ávaxtast þá í samræmi við verðþróun í því landi, þar sem fjárfestingin á sér stað. Og ég vildi alveg sérstaklega vekja athygli á því, að hlutafjárfesting er áhættusöm og jafnframt eru árssveiflur á því, hvort atvinnureksturinn gefur arð eða ekki, þannig að ekki er að hárvissum tekjum af arði að ganga í því falli.

Ég skal svo ekki sérstaklega deila við hv. 4. þm.

Reykv. um það, hvort heppilegra er fyrir félögin að safna fjármagni sínu í varasjóði eða eiga það í arðjöfnunarsjóði. Brtt. ganga út frá því, að það sé á valdi félaganna sjálfra — á valdi hluthafanna — að velja þarna á milli, og við skulum láta reynsluna skera úr um það, hvora leið hluthafar og félögin sjálf vilja fara, en félagaformið gerir ráð fyrir því, að hluthafar hafi völdin í félaginu, og það er eðlilegt þess vegna, að þeir ráði, hvor þessara leiða verði farin. Það er hins vegar misskilningur hjá hv. þm., að félögin þurfi í raun og veru ekki með rekstri sínum að svara vöxtum af varasjóði. A. m. k. tel ég það misskilning, þótt það sé alveg rétt, að vextirnir fara ekki úr fyrirtækjunum og að því leyti geta þeir styrkt fjárhagsaðstöðu fyrirtækjanna. En á móti er líka fyrir hendi arðjöfnunarsjóður, sem ekki á að greiðast út fyrr en eftir 5 ár, og félögin þurfa á sama hátt ekki að greiða vexti af þeim sjóði úr félaginu, þannig að það getur verið matsatriði, hvor leiðin er hagkvæmari félögunum sem sjálfstæðri einingu. En félög sem sjálfstæð eining eiga auðvitað að gefa vexti af öllu því fjármagni, sem í þeim er bundið, og vera bundin vilja sinna félagsmanna. Það, sem hefur torveldað hlutafjársöfnun, er, að mörg hlutafélög hér á landi eru rekin eingöngu sem atvinnuveitandi fyrir starfsmenn sína, en án þess að taka tillit til þeirra, sem leggja fjármagnið í félögin. Þess vegna eru félögin ekki fær um að safna nýju fjármagni til þess að ráðast í nýjar framkvæmdir og efla og treysta atvinnureksturinn.

Það er þessi nýja leið, sem er verið að opna með þessum breytingum á skattalögunum. Það er þessi stefnumörkun, sem er nauðsynlegt, að sé ljós við frekari endurskoðun skattalaganna í heild, sem ég er sammála öðrum, sem hér hafa talað um, að er brýn nauðsyn, að fari fram og helzt sem allra fyrst.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. úr því, sem orðið er, en hv. 12. þm. Reykv. gaf aðeins tilefni til þess, þar sem hann, eins og hv. 4. þm. Reykv. gat um réttilega, sló því föstu hér áðan, eins og venja er hjá hv. stjórnarsinnum, að okkar afstaða væri neikvæð. En um leið sagði þessi hv. 12. þm. Reykv., að gagnrýni stjórnarandstöðu og atvinnurekenda gengi í sömu átt. Enda þótt það sé rétt hjá hv. 12. þm. Reykv., að hlutafjáreign sé sparnaðarform, þá er það líka rétt, að það hefur ekki verið sambærilegt í tíð núverandi valdhafa að eiga hlutafé í sæmilegu fyrirtæki og eiga sparifé, sem hefur rýrnað með hverju ári, sem hefur liðið. Það er líka ljóst, að enda þótt þessi breyting verði gerð á skattafyrirkomulagi, þá tryggir það ekki öryggi atvinnurekstrarins í landinu, ef þeirri efnahagsmálastefnu verður framfylgt, sem núverandi valdhafar hafa mótað. Það er breytt efnahagsmálastefna ein, sem getur tryggt öryggi atvinnurekstrarins í landinu, en ekki það form á útborguðum arði, sem fyrirtækin greiða til sinna hluthafa. Eins og hv. 12. þm. Reykv. sagði, er það ríkt í fari okkar Íslendinga að vilja ná fjármagninu til okkar sjálfra og til eigin neyzlu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 76. fundi í Nd., 30. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 698 felld með 20:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, ÁÞ, BP, EðS, EystJ, GeirG, GíslG, HS, HV, IG, JK, JSk, JónasÁ, LJós, MK, SE, SV, SP, VH.

nei: ÁS, BGr, BF, BK, BGuðm, BrS, EmJ, FÞ, GeirH, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, MB, PJ, SI, EKJ, MÁM.

1 þm. (PS) fjarstaddur.

Brtt. 673,1 samþ. með 22 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 673,2 samþ. með 21 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 673,3 (ný 3. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 673,4 samþ. með 21 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 20:1 atkv.

5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 673,5. A (nýr fyrri hl. 6. gr.) samþ. með 20:13 atkv.

Brtt. 673,5. B (nýr síðari hl. 6. gr.) samþ. með 20:1 atkv.

Brtt. 673,6 samþ. með 25 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 673,7 (ný 8. gr.) samþ. með 21:2 atkv.

Brtt. 673,8. a samþ. með 21:1 atkv.

Brtt. 673,8. b samþ. með 21:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BP, BrS, EmJ, FÞ, GeirH, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, MB, PJ, SI, EKJ, ÁS, BGr, BF, BK, BGuðm, MÁM.

nei: EðS, EystJ, GeirG, GíslG, HS, HV, IG, JK, JSk, JónasÁ, LJós, MK, SE, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ.

1 þm. (PS) fjarstaddur.

9. gr., svo breytt, samþ. með 20:3 atkv.

Brtt. 701,1 felld með 20:13 atkv.

10. gr. samþ. með 20:1 atkv.

11. gr. samþ. með 20:1 atkv.

Brtt. 673,9 samþ. með 20:4 atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 20:4 atkv.

Brtt. 701,2 felld með 20:16 atkv.

Brtt. 673,10 samþ. með 21 shlj. atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 20:1 atkv.

Brtt. 673,11 (ný 14. gr.) samþ. með 21:5 atkv.

Brtt. 673,12 (ný 15. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

16. gr. samþ. með 20:1 atkv.

17. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 673,13 samþ. með 20:1 atkv.

18. gr., svo breytt, samþ. með 20:1 atkv.

Brtt. 673,14 samþ. með 20:1 atkv.

19. gr., svo breytt, samþ. með 20:1 atkv.

20.—21. gr. samþ. með 20:2 atkv.

Brtt. 673,15 (þrjár nýjar gr., verða 22.—24. gr.) samþ. með 20:1 atkv.

Brtt. 701,3 felld með 20:16 atkv.

22.—24. gr. (verða 25.—27. gr.) samþ. með 20:1 atkv.

Brtt. 701,4 felld með 20:17 atkv.

25. gr. (verður 28. gr.) samþ. með 20:1 atkv.

Brtt. 701,5 felld með 20:12 atkv.

26. gr. (verður 29. gr.) samþ. með 20:1 atkv.

Brtt. 673,16 samþ. með 20:1 atkv.

27. gr. (verður 30. gr.), svo breytt, samþ. með 20:1 atkv.

Brtt. 673,17 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 20:8 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20:14 atkv.

Á 77. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 722, 723).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. um breyt. á l. um tekju- og eignarskatt hefur verið til athugunar hjá fjhn. á milli umr., en eins og getið var í nál. meiri hl. fjhn., þá hafði m. a. borizt bréf frá Sambandi ísl. tryggingafélaga varðandi þetta frv. og skattlagningu þess fjár, sem — eins og þar segir — þeir hafa í hyggju að leggja í sérstakan varasjóð. N. taldi ekki ástæðu til að flytja brtt. við frv. samkv. efni bréfsins. Málið hafði áður verið kynnt sérfræðinganefnd þeirri, sem áður hafði samþ. frv. og sent til fjmrn. Þar yrði það að sjálfsögðu athugað, ef ástæða þætti til að auka á þá heimild, sem tryggingafélögin hafa til að leggja í varasjóð af arði, þ. e. skattfrelsið til að leggja í varasjóð aukið hjá tryggingafélögum.

Meiri hl. fjhn. hefur flutt viðbótarbrtt. við frv., sem ég ætla að leyfa mér að gera grein fyrir í örstuttu máli. Sumpart er það í sambandi við umr., sem hér urðu við 2. umr. málsins, en það er 1. brtt. á þskj. 726. Í henni er lögð til sú breyt., að nemi hreinar tekjur barns 13 500 kr. eða lægri fjárhæð, teljist einungis 50% af því til tekna hjá foreldrum, en hefðu getað numið allt að 27 þús. kr. að frv. óbreyttu. Einnig er lagt til, að sérsköttun barns sé heimil, ef hreinar tekjur þess nema meira en 13 500 kr. í stað 27 þús. kr., og hjá foreldrum teljist þá til tekna 13500 í stað 27 þús. kr. Hér er um að ræða tilslökun, þannig að aukinn er frádráttur vegna launa barna innan 16 ára aldurs, en það er hins vegar tryggt, að þetta ákvæði sé notað til tekjudreifingar milli foreldra og barns með synjun á sérsköttun barnsins. Breyt. á 2. gr. felur í sér það, sem ég nú gat um.

Við 12. gr. frv. er 2. brtt., sem er í samræmi við það, að felld verði niður — eða það er till. meiri hl. fjhn. — þau ákvæði frv., þar sem gert er ráð fyrir skattlagningu á söluhagnaði. En til samræmingar við þá skattlagningu, sem nú er, þá er lagt til í a-lið 2. brtt., að ekki megi fyrna eignir meira en að 10% af niðurlagsverði eignanna. Þannig er það nú, að söluhagnaðurinn er ekki skattlagður eftir 5 ár, og þessi breyt. er til samræmis við það, að söluhagnaðarreglunni, sem frv. gerði ráð fyrir, er breytt í það horf, sem það er í nú, og er því hér gerð brtt. til samræmis við það. Þá er b-liður 2. brtt. til þess, að hægt sé að víkja frá reglunum um hámarksfyrningu og niðurlagsverð, en ríkisskattstjóra er veitt heimild til fráviks í þessum tilvikum í stað skattstjóranna áður.

3. brtt. er við 13. gr. frv. og kemur til móts við frv. hv. 3. þm. Norðurl. e. o. fl., en hann kom við 2. umr. þessa máls og gerði aths. við mín orð hér við umr. Hér er lagt til, að frá hreinum tekjum einstaklinga, sem náð hafa 67 ára aldri á skattárinu, skuli draga fjárhæð, sem nemur 2/5 hlutum af fjárhæð frádráttar samkv. A-lið 1. mgr. Á sama hátt skal draga frá hreinum tekjum hjóna, sem telja fram saman, sömu fjárhæð fyrir hvort um sig. Má segja, að hér sé nánast um að ræða samræmingu við skattlagningu hjá sveitarfélögum, en þar er heimild til þess að veita öldruðum sérstakan frádrátt, og þetta ákvæði er því sett hér inn til að hafa samræmi þar á milli og komið til móts við það, sem fólst í þessu frv., sem hér var til umr.

Þá er 4. brtt. aðeins til þess, að það sé skýrt tekið fram, af hvaða hluta hagnaðar fyrirtækis megi taka til að setja í varasjóð, og þar er um að ræða aðeins staðfestingu á þeirri framkvæmd, sem nú er viðhöfð, þ. e. ¼ hlutinn af tekjum félagsins, eftir að 10% arðsheimildin hefur verið notuð, sé hún notuð.

Þá er 5. brtt. orðalagsbreyting, þ. e. að í stað „skatta" er sett inn orðið „þinggjöld", þ. e. það er talið eðlilegra, að öll þau gjöld, sem innheimt eru á vegum ríkisins, falli undir ákvæðið, enda mun framkvæmdin vera sú hjá t. d. Gjaldheimtunni og öðrum þeim aðilum, sem innheimta gjöld fyrir ríkissjóð og ríkisstofnanir, og að heimildin sé miðuð við þinggjöld, en ekki eingöngu tekju- og eignarskatt.

Þá er 6. brtt. aðeins um, að lögin verði gefin út eftir þá breyt., sem á þeim verður nú við meðferð Alþ. á skattalögunum að þessu sinni.

Það er ein prentvilla, sem rétt er að leiðrétta. Í 4. brtt. stendur: Ef nokkuð af hreinum tekjum félaga samkv. 1. mgr. þessa stafliðs, svo og félaga samkvæmt B-lið, 1. gr. C-liðs . . . Hér á að vera 1. mgr. C-liðs. Þetta er aðeins prentvilla, og leiðréttist hún hér með.

Þá flytur fjhn. eina brtt. skriflega við 9. gr. frv., þar sem er um að ræða arð af hlutabréfum í eigu manna og vexti af stofnsjóðum manna í félögum samkv. B-lið, þ. e. um skattfrelsi á arði. Þar er lagt til, að í stað orðanna „í eigu manna" í 2. tölul. komi orðin: í eigu innlendra manna, þannig að erlendir aðilar mundu ekki njóta þessa ákvæðis með þeirri breyt., sem hér er lögð til. Ég vil svo, herra forseti, óska eftir því, að það verði leitað afbrigða fyrir þessa skriflega fluttu brtt., og legg ég til við hv. þd., að þær brtt., sem meiri hl. fjhn. hefur flutt hér við 3. umr., verði samþykktar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 726) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 5. þm. Austf. að flytja brtt. við 29. gr. frv. á þá leið, að skattvísitalan skuli framvegis miðast við framfærsluvísitöluna. Eins og kunnugt er, hefur það ákvæði gilt um skattvísitöluna að undanförnu, að hún hefur verið ákveðin af fjmrh., og ég ætla ekki að fara að rifja það upp, hvernig það hefur verið gert, vegna þess að ég er búinn að gera það svo margoft hér í d. og raunar víðar. En í frv. er sú breyting gerð á þessu, að framvegis skuli skattvísitalan ákveðin á Alþ. við afgreiðslu fjárlaga.

Við flm. þessarar till. teljum, að það sé langeðlilegasta og heppilegasta aðferðin, að ákvörðun skattvísitölunnar fari eftir ákveðinni reglu og tryggi það, að skattar hækki ekki, nema rauntekjur hafi raunverulega aukizt. Þessi regla er áreiðanlega mjög sanngjörn, þ. e. að miða skattvísitöluna við framfærsluvísitölu, enda held ég, að það sé eiginlega meðal merkustu till., sem hafa komið fram frá hæstv. núv. forsrh. og hæstv. núv. fjmrh., þótt vafalaust hafi margt frá þeim komið, síðan þeir sem ungir þm. fluttu upphaflega till. um það á Alþ., að skattvísitalan yrði ákveðin með þessum hætti, og áttu þá sinn þátt í því, að hún var tekin í lög 1953 og gilti næstu árin á eftir. Því miður var horfið frá þessari reglu, þegar ný skattalög voru sett 1960, en þá hafði hvorugur þeirra með þessi mál að gera, og hygg ég, að það hafi verið fyrrv. fjmrh., Gunnar Thoroddsen, sem ákvað að fella þessa reglu niður og láta þetta alveg óbundið. Það gafst svo illa að láta skattstigann standa óbreyttan, að á árinu 1964 var svo komið, að skattarnir voru orðnir svo háir, að sérfræðingar ríkisstj. í efnahagsmálum, þ. á m. einn af núv. aðalbankastjórum Landsbankans, lögðu það til, að mönnum yrði veitt tveggja ára lán til þess að greiða skatta, og þá var það, að sú regla var tekin upp, sem nú hefur verið í gildi, að fjmrh. ætti að ákveða skattvísitöluna hverju sinni, og þá treystu menn á það, sérstaklega eftir að núv. fjmrh. hafði tekið við stjórn þessara mála og ekki sízt eftir að núv. forsrh. hafði tekið við sinni stöðu, að nú yrði tekin upp þessi góða gamla regla þeirra að miða skattvísitöluna við framfærsluvísitöluna, og þess vegna treystir maður alveg sérstaklega á það, að þessi till. fái nú góðar undirtektir.

Hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir því, þegar hann mælti með því, að ákvæði um frádrátt í sambandi við vísitölu yrðu felld inn í þetta frv., að samkvæmt útreikningi, sem hann hefði falið Efnahagsstofnuninni að gera, hefðu almennar verkamannatekjur á s. l. ári ekki orðið nema 192 þús. kr. Og þetta var þannig fundið út, að það var miðað við fyrsta taxta Dagsbrúnar og 15% eftirvinnu, og þá komu ekki út nema 192 þús. kr. á ári. Það taldi hæstv. ráðh., að væri almennt verkamannakaup, og áleit þess vegna, að þar sem frádráttur hjóna er samkvæmt þessu frv. 188 þús. kr., þá væri nokkurn veginn gengið til móts við þá gömlu yfirlýsingu ríkisstj. að undanþiggja almennar launatekjur tekjuskatti. Nú má að sjálfsögðu reikna þetta út með ýmsum hætti. Og það, sem hefur að sjálfsögðu mest að segja í þessum efnum, er það, hverjar atvinnutekjurnar hafa orðið á því ári, sem skattarnir eiga að leggjast á.

Nú hef ég í dag átt viðtal við forstöðumann Efnahagsstofnunarinnar og spurt hann að því, hvað hann teldi, að hefðu verið svona meðalatvinnutekjur verkamanna á s. l. ári, og í svörum sínum mun hann hafa fylgt þeim útreikningum um þetta efni, sem hann hefur látið hæstv. viðskrh. og landbrh. í té og þeir hafa notað í greinum, sem þeir hafa skrifað um þessi mál. Forstöðumaður Efnahagsstofnunar sagði að sjálfsögðu, að það væri dálítið erfitt að áætla þetta, vegna þess að skattframtöl fyrir s. l. ár liggja enn ekki fyrir, en samkvæmt þeim útreikningum, sem hann hefur farið eftir, þegar hann hefur verið að reikna út kaupgjaldið fyrir landbrh. eða almennar atvinnutekjur verkamanna — þeir hafa reiknað það út fyrir viðskrh. og landbrh. — þá hefur niðurstaðan hjá honum orðið sú, að meðalatvinnutekjur verkamanna á s. l. ári hefðu ekki orðið 192 þús. kr., heldur 327 þús. kr., og það telur hann, að sé nokkurn veginn meðaltal atvinnutekna giftra verkamanna um land allt á s. l. ári. Að sjálfsögðu eru margir fyrir ofan þetta með hærri tekjur og svo aðrir lægri, en meðaltalið taldi hann, að væri 327 þús. kr., en ekki 192 þús. kr., eins og fjmrh. hefur miðað við, þegar hann hefur reiknað úr skattvísitölu. Nú sjáum við það, að ef atvinnutekjur verkamanna á s. l. ári hafa verið í kringum 327 þús. kr., þá hljóta þeir að lenda í mjög háum skatti miðað við þá vísitölu, sem nú hefur verið ákveðin.

Ég vil taka það fram, að í þessum tilfellum, sem ég var að nefna, þá var miðað við það, sem kallað er í Hagtíðindum kvæntir verkamenn, en það er eingöngu miðað við tekjur þeirra, en ekki tekjur, sem unglingar á vegum þeirra kunna að afla sér eða konan kann að vinna sérstaklega fyrir, heldur eingöngu þær tekjur, sem verkamaðurinn sjálfur hefur unnið sér inn. Við sjáum það, að ef atvinnutekjur verkamanns hafa orðið á s. l. ári um 330 þús. kr. og hann fær frádrátt fyrir sig og sína konu, sem er 188 þús. kr., þá er æðimikið, sem er þar umfram. Á fyrstu 62 þús. kr., sem eru umfram þetta, leggst 9% skattur. Á það, sem er umfram þessar 62 þús. kr., leggst 18% tekjuskattur, og á það, sem er umfram 104 þús. kr. af skattskyldum tekjum, leggjast 27%, þannig að það kemur mjög verulegur tekjuskattur á verkamann, sem hefur haft þessar tekjur. En þó lítur þetta miklu verr út, þegar menn snúa sér að útsvarinu, því að þar er frádráttur hjóna ekki nema 84 þús. kr. af 327 þús. kr., og eftir að komið er upp í 100 þús. kr. af skattskyldum tekjum, þá verður að greiða 30% í útsvar, þannig að af a. m. k. helmingi af þeim atvinnutekjum, sem umræddur verkamaður hefur haft á s. l. ári, verður hann að

greiða um 30% í útsvar og af verulegum hluta þeirra 18% tekjuskatt og í sumum tilfellum 27%. Þannig að þessir menn verða að greiða mjög stóran hluta sinna tekna á s. l. ári í tekjuskatt — um 50% og jafnvel upp í 60%. Það sést vel á þessu, hversu fjarri öllu lagi það er, að sú skattvísitala, sem hæstv. fjmrh. og ríkisstj. hafa ákveðið, fullnægi því loforði að undanþiggja almennar launatekjur tekjuskatti og útsvari.

Ég vil jafnframt taka það fram, að jafnvel þótt fallizt væri á þær till., sem hér liggja fyrir, þá mundi það mark hvergi nærri nást, að umræddur verkamaður með þessar tekjur verði alveg undanþeginn tekjuskatti og eignarskatti, en þrátt fyrir það yrði um mjög verulega lækkun að ræða, því að samkvæmt þessari till. mundi skattvísitalan í ár verða 196 stig í stað þess, að hún hefur verið ákveðin 168 stig af ríkisstj. Ég trúi ekki öðru en að hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkarnir og þá sérstaklega fjmrh. fallist á þá till., sem hér liggur fyrir, sérstaklega eftir að það var upplýst, að almennar verkamannatekjur á s. l. ári hafi ekki verið 192 þús. kr., eins og hann hélt, þegar hann reiknaði út skattvísitöluna, heldur hafi þær alltaf verið í kringum 327 þús. kr. samkvæmt nýjustu upplýsingum frá Efnahagsstofnuninni. Ég held, að þessar upplýsingar hljóti að breyta svo miklu, að hæstv. fjmrh. sjái, að það er sanngjarnt að fallast á þessar till., og ég tala nú ekki um, þegar hann rifjar upp sínar gömlu æskuhugsjónir í sambandi við þessi mál um það, hvernig eigi að reikna út skattvísitöluna, þá hlýtur hann að veita þessari till. fúslega stuðning sinn.

Og ég þarf svo ekki að rifja það upp, sem ég hef reyndar áður gert, hvílík ósanngirni og óréttlæti það er, ef láglaunafólkinu og t. d. verkamönnunum í þessu tilfelli er neitað um þessa leiðréttingu á skattvísitölunni á sama tíma sem samþykkt eru mjög veruleg skattfríðindi til handa hlutabréfaeigendum, sem a. m. k. mjög margir tilheyra ekki láglaunastéttum landsins. Það hefði, ég skal viðurkenna það, litið miklu betur út og átt meiri rétt á sér að veita hlutabréfaeigendum þessi fríðindi, ef tekið hefði verið eðlilegt tillit til einstaklinganna og til láglaunastéttanna og miðstéttarfólksins með því að breyta skattvísitölunni í það horf, sem hér er lagt til. En verði það ekki gert, þá er ekki hægt að líta á það öðruvísi en sem fyllsta óréttlæti að veita sumum mikil skattfríðindi á sama tíma og álögur á láglaunafólki og fólki með miðlungstekjur, álögur á verkamönnum, bændum og sjómönnum, eru stórhækkaðar vegna þess, að ranglega er gengið frá skattvísitölunni.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykv. og 5. þm. Austf. hafa lagt hér fram brtt., sem vissulega er æði umfangsmikil, og vil ég leyfa mér að fara um hana nokkrum orðum án þess að lengja þessar umr. mikið. Varðandi till. sjálfa formlega er það að segja, að ég hygg, að hún fái með engu móti staðizt, nema því aðeins að víðtækar breytingar aðrar séu gerðar á frv. Eftir því, sem ég bezt fæ séð, hefur ekki verið gert ráð fyrir að breyta mörgum öðrum greinum frv., sem fjalla um persónufrádrátt og hvernig hann skuli vera. Þetta er eflaust af sökum, sem kannske ekki skipta meginmáli — maður á ekki að vera að eltast við formleg atriði — það er vafalaust hægt að breyta þeim gr., en ég hygg samt, að till. fái ekki staðizt eins og hún er. Ég veit heldur ekki, hvernig ber í rauninni að skilja hana. Hún er miðuð við skattvísitöluna 1964, en mér er ekki ljóst, hvort það er ætlunin með till. að fara að umreikna þá skatta, sem á hafa verið lagðir á liðnum árum og skattvísitala þessi hefur ekki verið notuð við, eða hvort hún á eingöngu að gilda um skattana í ár. Mér skilst, ef ég fæ skilið það rétt — þetta er nú orðið nokkuð flókið með þessum brtt., að það sé ætlun hv. þm. eða hv. flm., að þessi skattvísitala, sem þeir ræða um, verði notuð við álagningu skatta í ár. Þar er því að sjálfsögðu um að ræða eina stórfellda breytingu út af fyrir sig, sem mundi hafa mjög mikla þýðingu í fyrsta lagi fyrir afkomu ríkissjóðs og svipta hann miklum tekjum, en látum það vera, en það mundi einnig hafa, að því er ég hygg, stóralvarleg áhrif fyrir öll sveitarfélög í landinu, ef svo færi, sem hér er að stefnt með þessari till. Þetta er nú varðandi þau áhrif, sem þessi æskuhugsjón mín mundi hafa, sem hv. þm. ræddi um, og þakka ég honum fyrir það, að hann titlar hana því nafni, og ætla ég þar af leiðandi að fagna því mjög, að hún skuli vera gerð að veruleika.

Ég hef að vísu áður reynt að útskýra það, að sú hugsjón var ekki nákvæmlega þetta, heldur var gengið út frá öðrum forsendum í sambandi við það frv., sem við núv. hæstv. forsrh. fluttum á sínum tíma. Þá var kaupgjalds- og framfærsluvísitala það sama, og hugsun okkar var sú, svo að ég endurtaki það enn einu sinni, að sú hækkun, sem yrði á kaupgreiðsluvísitölu, kæmi ekki fram í hækkuðum skatti, þ. e. skattar hækkuðu ekki í hlutfalli við þær kjarabætur, sem menn fengju við hækkun kaups af verðlagsástæðum. Vitanlega var þar ekki átt við hækkanir á grunnlaunum, sem eru allt annars eðlis, heldur fyrst og fremst við kaupgreiðsluvísitölu. Á þessu hafa síðan orðið miklar breytingar, og ég skal játa, að það er ákaflega erfitt að miða við kaupgreiðsluvísitölu, vegna þess að stundum hefur verið fellt niður af henni og framfærsluvísitalan hefur fjarlægzt kaupgreiðsluvísitöluna að þessu leyti. Og vitanlega er það rétt, að það er hægt að hugsa sér framfærsluvísitöluna sem eðlilega viðmiðun, vegna þess að hún er nokkurn veginn stöðug. Hitt liggur aftur á móti ljóst fyrir, eins og t. d. hefur gerzt nú á allra síðustu árum, að framfærslukostnaður hefur hækkað miklu meira en sem svarar hækkun á kaupgjaldi vegna gengisbreytinganna tveggja, sem ég þarf ekki að útskýra fyrir hv. þdm., og þetta hefur valdið því, að framfærsluvísitala hefur farið allverulega fram úr kaupgreiðsluvísitölu.

Ég hef hins vegar á það bent, að auðvitað hafi aldrei verið hugsunin með skattvísitölunni, að menn ættu að fá bætur fyrir þetta, nema kaup-

hækkanirnar kæmu til á móti — að það ætti ekki beinlínis að lækka útsvör og skatta, ef framfærsluvísitalan hækkar án þess, að kaupgjald hækkaði að sama skapi. En afleiðingin gæti orðið sú með þeirri till., sem hv. nefndir þm. flytja hér á þessu þskj. Ég tel því, að það mundi skapa algert öngþveiti, eins og sakir standa, ef till. sem þessi yrði samþ., hvað sem um hana má segja að öðru leyti. Það væri auðvitað ósköp gott, ef hægt væri að veita þessi fríðindi, sem hér um ræðir. Og ég hef játað það, að skattvísitalan er lægri nú en hún ætti að vera og það stafar eingöngu af því, að henni var ekki breytt á árunum 1968 og 1969 vegna þess vandræðaástands, sem þá var ríkjandi. Það hefði þá ekki verið um annan kost að ræða en þann, að Alþ. hefði orðið að leggja á nýja skatta, og það má segja, að menn geti sagt sem svo, að það hefði heldur átt að gera það, en þessi kostur var valinn, og ég verð að sjálfsögðu fyrir mitt leyti að bera ábyrgð á því að hafa valið þann kostinn fremur en að leggja á einhverja aðra skatta, en fram hjá því varð ekki komizt, að fjárins þurfti að afla.

Hefði sú leið verið farin, sem hér er talað um, að framfærsluvísitalan hefði verið látin ráða, þá hefði það, eins og ég sagði, hlotið að valda algeru öngþveiti hjá sumum sveitarfélögum, sem ekki nægði einu sinni 20% álag á þessum árum, þannig að annað er ekki sjáanlegt en þar hefði orðið um algert greiðsluþrot að ræða. Þó að það væri vissulega slæmt — það get ég tekið undir — að geta ekki haft skattvísitöluna eins háa og eðlilegt hefði verið, þá var það af illri nauðsyn eins og margt annað, sem þurfti að gera á þessum vandræðaárum. Hitt er svo annað mál, að strax og fór að birta í lofti, eins og nú hefur gerzt í ár, hafa skrefin verið stigin í þá átt, að skattvísitala, sem nú hefur verið ákveðin fyrir árið 1971, þ. e. tekjur ársins 1970, er hærri en bæði meðal framfærsluvísitala ársins 1970 og kauphækkanir þær, sem orðið hafa á árinu 1970, þannig að þar hefur aftur nokkuð áunnizt í því, sem áður hafði tapazt. Skattvísitalan hækkar nú um 20%, en samkvæmt útreikningum Hagstofunnar hefur meðalframfærsluvísitala hækkað um 13.12% og meðalkauphækkanir hafa orðið 18.4%, þannig að skattvísitalan nú í ár er hærri en báðar þessar tölur, svo að það er auðvitað alger rangfærsla, að skattvísitalan nú miðað við þetta tímabil leiði af sér stórfellda hækkun skatta. Það er aðeins sú skerðing, sem eftir stendur frá þeim tveimur árum, sem ég áður gat um.

Hv. þm. telur, að það hafi verið einhverjir rangir útreikningar, sem stuðzt hafi verið við í annaðhvort mínu máli eða í máli annarra tveggja hæstv. ráðh. í sambandi við kaupgjald verkamanna og meðaltekjur. Ég hygg, að þetta sé hvort tveggja rétt og réttar tölur. Við töluðum aðeins um mismunandi hluti, og það má segja, að stundum sé hægt að lesa ýmislegt út úr tölum; það skal ég fúslega fallast á með hv. þm. Það er svo eitt út af fyrir sig, að þegar er verið að tala um þau neyðarkjör, sem verkamenn búi við, þegar blað hv. 4. þm. Reykv. er að skrifa, það samrýmist ekki vel því — sem mér finnst mjög gleðilegt — að meðaltekjur verkamanns séu 327 þús. kr., sem er, sem betur fer, ekki hægt að segja, að séu neinar neyðartekjur, og það sannar einnig það berlega, að taxtar þeir, sem jafnan er vitnað í í sambandi við verkamenn, sýna ekki raunverulegar tekjur þeirra, því að það er auðvitað margt annað, sem þar kemur til greina.

En það breytir engu um það, að það, sem ég sagði í mínu máli um þá viðmiðun, sem ég hefði, haggast ekkert við þetta, vegna þess að ég sagði aldrei neitt um það, að ég miðaði við meðaltekjur verkamannanna, og það var ekki miðað við meðaltekjur verkamanna, þegar skattvísitalan var ákveðin á sínum tíma, né heldur þegar skattalögunum var breytt 1962. Það var miðað við Dagsbrúnartaxta með átta stunda vinnudegi og ákveðnu yfirvinnuálagi, og það er breytingin á þessum taxta, sem ég hef beðið Efnahagsstofnunina að reikna út, og það voru þær tölur, sem ég fór með hér síðast og gat um, hvernig samræmið væri milli þessa taxta og skattvísitölunnar. Það eru þessar 192 þús. kr., sem ég hef nefnt, en ég sagði ekkert um það, að það væru meðalárstekjur verkamanna, og mér hefur aldrei hugkvæmzt það, og mér þætti satt að segja fróðlegt að sjá, hvernig beinu skattarnir litu út, ef við hefðum t. d. persónufrádrátt, sem næmi fyrir hjón 327 þús. kr., sem auðvitað ætti að vera, ef ætti að fara eftir þeirri kenningu, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði hér um, að það hefði verið stefna stjórnarinnar, að meðaltekjur verkamanna væru undanþegnar skatti. Ég held, að það hljóti hver maður að sjá það, enda er það ekki till. hv. þm., að slíkt sé gert, því að ef við eigum að hafa nokkra beina skatta, þá skil ég ekki í, að það sé nokkur möguleiki til þess að hafa slíkan frádrátt.

Þess vegna er það, að þessar tölur, sem hv. þm. nefnir og mismunandi ráðh. hafa farið með, eru á engan hátt ósamrýmanlegar. Það eru bara mismunandi tölur, sem eru teknar, og þegar ég er að reikna út skattvísitöluna og þann taxta Dagsbrúnar, sem miðað er við, þá er miðað við sama taxtann allt tímabilið frá því, að skattalagabreytingin var gerð, sem hann vitnaði í, að hefði verið stefnumið viðreisnarstjórnarinnar á sínum tíma. Hvort það hefði verið rétt stefnumið og heldur hefði átt að taka meðaltekjur, það skal ég ekkert um segja, en þetta var viðmiðunin, sem þá var höfð, og það er sú viðmiðun, sem ég tala um nú, þegar ég segi, að 192 þús. kr. sé þessi taxti nú með 15% álagi, en skattvísitalan er fyrir hjón 188 þús. kr. eftir þá 20% hækkun, sem nú hefur verið ákveðin á þessu ári. Þannig að hjá hjónum með tvö börn, sem mun vera nánast það, sem kölluð er vísitölufjölskylda, þó að það sé nú kannske ekki skemmtilegt nafn út af fyrir sig, er frádrátturinn 242 þús. kr., sem er, að því er tekjuskattinn varðar, alls ekki lágur frádráttur. Hitt er alveg rétt, sem hv. þm. sagði, að það er persónufrádrátturinn við útsvar, sem er náttúrlega miklu lægri en þessu nemur. Þá kemur aftur það til á móti, að útsvörin eru frá-

dráttarbær, og þess vegna er persónufrádrátturinn hafður þar lægri.

Ég sé nú enga ástæðu til þess, eins og hv. þm. raunar sagði líka í sínu máli, að við séum að karpa sérstaklega um þetta mál. Ég tel, að það sé ekki skynsamlegt. Menn geta sagt sem svo, að ég hafi framkvæmt þetta ranglega og hefði átt að leggja á aðra skatta og beita skattvísitölunni til fulls og afla þannig fjár til ríkissjóðs. Það hefði ekki hjálpað sveitarfélögunum. Það hefði orðið að leysa þeirra vanda með öðrum hætti, en ég tel, að með þeirri till., sem nú er tekin upp í skattalagafrv., skuli það vera Alþ. hverju sinni, sem ákveður skattvísitöluna í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, og það sé langeðlilegasta leiðin í þessu máli, því að það er vissulega fjárlagaafgreiðslan, sem ræður mestu um það, hver skattheimtan þarf að vera á hvern þjóðfélagsborgara. Og þá verður það metið við afgreiðslu fjárlaga, hvort eigi að láta tekjuskattana hækka eða lækka eða hvort menn eigi að leggja á einhverja óbeina skatta, ef nýrrar tekjuöflunar þarf með. Þetta er eina skynsamlega og eðlilega leiðin í þessu máli, og ég skil í rauninni ekki, að við hv. þm. skulum ekki geta orðið sammála um það.

Það má segja, að fjmrh. sé kannske ekki treystandi fyrir þessu, og hann getur sagt sem svo, að reynslan sýni, að ég hafi ekki framkvæmt þetta þannig, að skattvísitalan hafi skilað sér til fulls, en með þessari breytingu, sem hér er lögð til, þá er Alþ. sjálfu fengið þetta vald, og ég sé ekki neina ástæðu til þess, að það séu bundnar hendur þess með einhverri formúlu, eins og hér er gert ráð fyrir í þessari till. Auk þess, eins og ég áðan sagði, að hvað sem öðru líður, þá mun till. ekki geta staðizt, eins og hún er flutt hér.

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það var aðeins í sambandi við þá 3. brtt., sem meiri hl. fjhn. flytur á þskj. 726, að komið hefur í ljós, að orðalagið er ekki nægjanlega skýrt til þess, að það, sem meint er í þessari breytingu, nái tilætluðum árangri, en við drögum 3. brtt. til baka og flytjum aðra í staðinn við sömu gr. og sama tölulið, þ. e. að ný mgr. komi á eftir 4. mgr. 16. gr. l., er orðist svo:

„Auk frádráttar samkv. 1. mgr. skal draga frá hreinum tekjum einstaklinga, sem náð hafa 67 ára aldri á skattárinu, fjárhæð, er nemi 2/5 hlutum af fjárhæð frádráttar skv. A-lið 1. mgr. Á sama hátt skal draga frá hreinum tekjum hjóna, sem telja fram saman, sömu fjárhæð fyrir hvort um sig."

Það, sem hér er um að ræða, er breytingin á upphafi gr., þ. e. „Auk frádráttar samkv. 1. mgr. . . .", þ. e. a. s. auk persónufrádráttarins. Þetta er skriflega flutt brtt. og þarf því afbrigða við, og má ég biðja hæstv. forseta að leita eftir þeim, um leið og 3. brtt. er dregin til baka.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 733) leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Við erum vafalaust sammála um það, ég og hæstv. fjmrh., að það sé ástæðulaust að halda áfram löngu karpi um þetta efni, því að að sjálfsögðu liggur þetta mál það ljóst fyrir, að þm. hafa áttað sig á því, hvað er um að ræða, en mér finnst þó samt í tilefni af þessari ræðu rétt að gera aths. við aðeins örfá atriði.

Hæstv. ráðh. minntist á það, að þessi till. okkar hv. 5. þm. Austf. væri ekki að öllu leyti formlega rétt flutt; þessi breyting okkar hefði átt að ná til fleiri greina í frv. Ég skal viðurkenna, að það er rétt hjá honum, en við höfum okkur það til afsökunar, að frv., eins og frá því var gengið við 2. umr., liggur enn ekki fyrir, og satt að segja vegna þess, að við vorum að stuðla að því að flýta frekar afgreiðslunni en hitt vegna þess, hvað tíminn er orðinn naumur, þá vorum við búnir að leggja þessa till. fram fyrir 3. umr., áður en var gengið frá atkvgr. við 2. umr., eins og líka hv. meiri hl. fjhn. var búinn að gera. Hann var búinn að leggja sína till. við 3. umr. fram til afgreiðslu hér á skrifstofunni, áður en atkvgr. fór fram. (Gripið fram í.) Ég vildi enn fremur benda á í þessu sambandi, að núna fyrir nokkrum dögum á Alþ. þá gerðist það m. a. s. samkv. till. hæstv. forsrh., að við afgreiddum lagagrein með þeim hætti, að það varð óhjákvæmilegt að breyta henni við 3. umr. Við afgreiddum hana við 2. umr. þannig, að það var óhjákvæmilegt að breyta henni við 3. umr., og það gengu allir að því sem sjálfsögðu; þetta var í sambandi við útvarpslögin. Þm. höfðu fellt niður eina gr., en önnur grein var þannig, að hún stangaðist á við hana, en samt var óhjákvæmilegt að samþykkja hana og breyta henni við 3. umr. Og það sama gildir að sjálfsögðu hér, að ef þessi till. okkar yrði samþ., þá mundi það verka á hinar gr., sem hún stangast á við, þannig að þeim yrði breytt, svo að ég held, að það sé ekki neinn annmarki á þessu.

Þá var hæstv. fjmrh. að spyrja um það, hvort þessi till. okkar mundi hafa þau áhrif, að það þyrfti að reikna upp skattvísitöluna fyrir liðin ár. Það tel ég, að komi ekki til greina, enda held ég, að það sé yfirleitt venja í sambandi við lagasetningar eða þegar lög eru sett, að þau verki ekki langan tíma aftur fyrir sig, en þau gildi fyrst og fremst fyrir nútímann og framtíðina. Hins vegar mundi þessi till. að sjálfsögðu hafa þau áhrif, að ef hún yrði samþ., þá yrði skattvísitalan reiknuð upp að nýju og mundi fylgja framfærsluvísitölunni. Við leggjum til, að við síðustu gr. frv., 30. gr., verði þessi breyting okkar, ef hún verður samþ., ein af þeim gr., sem mundi koma til framkvæmda strax við álagningu skattanna í ár, þó að frestað yrði öðrum atriðum frv.

Ég held, að ég eyði ekki miklum tíma í útskýringar hæstv. fjmrh. á því, hvers vegna hann og viðskrh. nota mismunandi tölur á víxl um það, hvert verkamannakaupið sé allt eftir því, hvað hentar í hvert skipti. Að sjálfsögðu á ekki að fara eftir nema einni tölu í þessum efnum, og það er sú

tala, sem er álitið, að hafi verið atvinnutekjur verkamanna eða launafólks á árinu. Hæstv. fjmrh. orðaði þetta nú þannig í sinni ræðu á dögunum, að hann sagði, að hann hefði látið reikna út, hverjar væru almennar verkamannatekjur. Hann tiltók að vísu jafnframt ákveðinn taxta, en það var náttúrlega fjarri öllu lagi, þegar miðað var við fyrsta taxta eingöngu, að tala um, að þar hafi verið um almennar verkamannatekjur að ræða. En við þurfum ekki að þrátta um þetta atriði núna. Það liggur eiginlega svo ljóst fyrir, um hvað er hér að ræða og hvernig ráðh. haga sínum tölum. Ég álít hins vegar, að í þessu tilfelli séu þær tölur, sem þeir hafa verið með, landbrh. og viðskrh., nærri sanni, án þess að ég vilji nokkuð fullyrða um, að þær séu réttar, enda kemur það ekki fullkomlega í ljós fyrr en eftir að skattframtölin liggja fyrir á þessu ári. En það finnst mér ekki rétt hjá ráðh. að tala um það sem einhverjar stórfelldar tekjur, þó að menn hafi haft á s. l. ári rúmlega 300 þús. kr. Það hefur enginn, miðað við þá dýrtíð, sem var á síðasta ári, lifað kóngalífi fyrir það. Og þessar tekjur eru það lágar, að kaupmáttur þeirra miðað við verðlag í landinu er minni en var fyrir 10 árum. Að því er hægt að leiða mjög sterk rök með samanburði á verðlagi og kaupgjaldi á þeim tíma og nú, en út í það ætla ég ekki að fara hér að sinni.

Ég vil svo aðeins vitna til þess, af því að hæstv. ráðh. var að gagnrýna þá reglu, sem þessi till. er byggð á, að embættismannanefndin, sem hefur unnið að þessu frv., fékk m. a. það hlutverk að athuga þessa till. okkar hv. 5. þm. Austf., og ég held, að þó að álit hennar sé að öðru leyti mikið trúnaðarplagg, sé mér óhætt að lesa það upp, sem hún segir um álit hennar á frv., sem ég og aðrir fluttu um þetta efni á síðasta þingi, en hún kemst m. a. að þessari niðurstöðu, með leyfi hæstv. forseta, um sams konar frv. og þessi till. fjallar um:

Nefndin er að því leyti sammála frv., að af þeim vísitölum, sem hér eru reglulega reiknaðar út, telur hún framfærsluvísitöluna vera traustustu viðmiðun, sem völ er á í þessu efni, ef á annað borð er talið æskilegt að binda skattvísitölubreytingar með lögum, enda er þá gert ráð fyrir, að framfærslu- og kaupgjaldsvísitölur fylgist að ... Þannig að við höfum eiginlega vottorð sjálfrar embættismannanefndarinnar fyrir því, að þessi aðferð sé ekki óeðlileg til þess að ákveða skattvísitöluna, heldur þvert á móti sú réttasta, sem hér hefur verið um að ræða, ef hún er á annað borð bundin við einhverjar ákveðnar reglur.

En það, sem ég vildi víkja að að síðustu, er þetta: 1. sept. n. k. á hin svokallaða verðstöðvun að falla úr gildi. Það er alveg ljóst mál, ef skattvísitalan verður látin standa óbreytt, að skattar hljóta að hækka mjög verulega á þessu ári. Meiri hl. Alþ. er raunar búinn að gera ráð fyrir því með því að hækka fyrirframgreiðsluna á fyrri hluta ársins um 15%. En það er alveg fullvíst, að ef skattvísitalan stendur óbreytt, þá munu skattgreiðslurnar á þessu ári ekki hækka um 15% á síðari helmingi ársins, heldur sennilega allt að 30—40%, og þá stöndum við frammi fyrir því, að á sama tíma og verðstöðvunin fellur úr gildi eru launþegar farnir að borga 30—40% hærri skatta en þeir gerðu á síðasta ári. Og menn skulu gera sér grein fyrir því, að það mun hafa áhrif á afstöðu launafólks til þess, sem þá gerist. Ef menn vilja búa þannig í haginn, að hægt sé að taka skynsamlega á þessum málum, þegar verðstöðvunin gengur úr gildi, þá á Alþ. að ganga svo frá skattal., að það dynji ekki yfir stórauknar skattgreiðslur á sama tíma og verðstöðvunin fellur úr gildi. Það mun gera þessi mál miklu erfiðari viðfangs en þó ella, og munu þau vera nógu erfið samt. Þess vegna held ég, að þetta ætti að vera hvatning öllum þeim, sem vilja leysa málin með eðlilegum hætti eftir 1. sept. n. k., að haga ekki skattamálunum þannig, að hér dynji yfir stórkostlegar auknar skattgreiðslur einmitt á sama tíma og verðstöðvunin gengur úr gildi og gera þarf nýjar ráðstafanir. Það mun gera þessi mál miklu erfiðari viðfangs en þau yrðu, ef skynsamlega væri að farið í skattamálunum.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég gerði að umtalsefni hér við 2. umr. skattamál aldraðs fólks og minnti þá á, að við höfum nokkrir þm. flutt frv. um sérstakan skattfrádrátt aldraðra. Það kom í ljós við 2. umr., að fjhn. hafði ekki tekið till. okkar til greina og þóttist finna á henni ýmsa annmarka, en ég sé nú, að við endurskoðun þessa máls hefur n. flutt að nýju brtt. og þ. á m. tekið að nokkru undir þessa hugmynd okkar um sérstakan skattfrádrátt aldraðra. Mér finnst, að í þessari till. felist virðingarverð viðurkenning á réttmæti þeirrar hugmyndar, sem við höfum borið hér fram, og ég vil leyfa mér að fagna þessu skrefi í réttlætisátt, sem stigið er með þessu. En hins vegar vil ég benda á, að það er líka rétt að huga að því, að svipuð ákvæði eða sams konar ákvæði um skyldu sérstaks ellifrádráttar komi inn í l. um tekjustofna sveitarfélaga, en þar mun þó vera a. m. k. heimild til þess að koma slíku við. Ég vil benda á þetta, um leið og ég út af fyrir sig fagna þessu skrefi, sem þó er tekið nú, og tek undir þessa hugmynd, og ég tel, að hún hafi fengið vissa viðurkenningu, og e. t. v. eru möguleikar til þess að gera betur síðar.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki sérstaklega svara þeim orðum, sem hv. 4. þm. Reykv. lét hér falla áðan. Það er ekki tilefni til þess, eins og hann sagði, að við séum að karpa um efni málsins; það liggur ljóslega fyrir. Og ég get tekið undir það með honum, að vissulega væri það mjög æskilegt, að skattar væru sem lægstir. Hins vegar vil ég benda á það, að skattar eru bæði skattar til ríkis og sveitarfélaga, og það er mikið vandamál, sem ég veit að hann viðurkennir eins og ég, hvernig á að leysa fjárþörf sveitarfélaganna, ef of nærri er höggvið þeim í sambandi við þann tekjustofn, sem er þeirra aðaltekjustofn, en það eru útsvörin. En nóg um það. Það eina, sem mig langaði til að gera,

er að lesa svolítið meira en hv. þm. las upp úr mínu leyniplaggi, Gulu bókinni, því að það er ekki það mikið leyniplagg, að það megi ekki lesa upp úr henni, og bókin er út af fyrir sig ekki leyniplagg að öðru leyti en því, að ástæðan til, að ég óska ekki eftir, að þessari bók sé dreift út, er, að þetta eru ábendingar og hugleiðingar þeirrar nefndar, sem vinnur að málinu, og á þessu stigi ekki formlegar till. Þess vegna væri mjög óráðlegt og mjög gagnstætt óskum n. að dreifa þessu, þó að ég hafi talið sjálfsagt að afhenda sem trúnaðarmál nm. fjhn. Alþ. þessa bók, til þess að þeir gætu áttað sig betur á frv., þegar þeir væru að fara gegnum einstök atriði þess, og séð samhengi þess við það, sem fyrirhugað er á öðrum sviðum í skattalögunum.

En hér er aðeins um að ræða það, sem hv. þm. las upp, þ. e. umsögn nefndarinnar um frv. hans, sem flutt var hér á síðasta þingi, og eitt af þeim verkefnum, sem ég fól nefndinni, var að taka til athugunar öll þau frv., sem flutt voru á síðasta þingi og þ. á m. frv. hans um skattvísitölu. Og þar segir svo: Nefndin er að því leyti samnála frv. — eins og hv. þm. las upp — að af þeim vísitölum, sem hér eru reglulega reiknaðar út, telur hún framfærsluvísitöluna vera traustustu viðmiðun, sem völ er á í þessu efni, ef á annað borð er talið æskilegt að binda skattvísitölubreytingar með lögum, enda er þá gert ráð fyrir, — ég endurtek það — enda er þá gert ráð fyrir, að framfærslu- og kaupgjaldsvísitölur fylgist að ... Og í framhaldi af þessu: Sú stefna hefur náðst fram í gildandi l., að æskilegt sé, að ráðh. hafi forræði um stighækkandi skatta með ákvörðun skattvísitölu.

Nefndin telur ákvörðun um skattvísitölu svo mikla stefnuákvörðun, að hana ætti að taka á Alþ., og bendir á þá leið, að ákvörðun skattvísitölu verði hluti fjárlagaafgreiðslu ár hvert, enda hlýtur áætlun um tekjur af tekju- og eignarskatti að vera reist á ákveðinni forsendu um hæð skattvísitölu. Þannig hljóðar þessi lesning öll saman, og ég er alveg sammála því, að það er rétt, að framfærsluvísitalan, eins og ég sagði áðan í mínum fáu orðum, sem ég þá mælti, er traustasta viðmiðunin, en hér er lögð áherzla á það einmitt með hliðsjón af hugsuninni, sem liggur á bak við skattvísitöluna, að gera ráð fyrir, að framfærsluvísitalan og kaupgjaldsvísitalan fylgist að.

ATKVGR.
Brtt. 726,1 samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 733,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 726,2 samþ. með 18:4 atkv.
Brtt. 726,3 tekin aftur.
Brtt. 733,2 samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 726,4 samþ. með 21:3 atkv.
Brtt. 726,5 samþ. með 18:6 atkv.
Brtt. 723,1 felld með 18:14 atkv.
Brtt. 723,2 tekin aftur.
Brtt. 726,6 samþ. með 21 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 18:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞG, JóhH, JP, MB, PJ, SI, EKJ, ÁS, BGr, BF, BK, BGuðm, EmJ, FÞ, GeirH, GuðlG, GunnG, MÁM.

nei: HS, IG, JK, JónasÁ, LJós, MK, SE, SV, VH, ÞÞ, ÁÞ, BP, EðS, EystJ, GeirG, GíslG.

6 þm. (HV, IngJ, JSk, PS, SP, BrS) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 83. fundi í Ed., 31. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 743).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 84. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir hv. d., á sér nokkuð langa sögu. Árið 1969 var skipuð embættismannanefnd til þess að athuga skattalega aðstöðu fyrirtækja hér á landi með það í huga, að kannað yrði, hvort skattaleg staða þeirra væri erfiðari en í öðrum EFTA-löndum, og til þess að gera till. um breytingar, sem gerði þau samkeppnisfær miðað við fyrirtæki EFTA-landanna; þessi nefndarskipun var með hugsanlega aðild að EFTA í huga. Nefndin skilaði till. að breytingum á tekju- og eignarskattslögunum, sem lagðar voru fyrir síðasta þing seint á því þingi, og þar var ekki um lokatill. að ræða, en hins vegar um veigamikil atriði, sem talið var rétt að sýna og fá viðbrögð við, og tók ég það þá sérstaklega fram, að ekki væri ætlazt til þess, að endanleg afgreiðsla málsins yrði á því þingi. Til þess að auðvelda hv. alþm. að fylgjast með málinu og framvindu þess, þá var ákveðið, að fulltrúar fjhn. Alþ. fengju aðstöðu til þess að fylgjast með áframhaldandi starfi embættismannanefndarinnar bæði með það í huga að skoða frv. og þær till., sem í því fólust nánar, og jafnframt til að fylgjast með framvindu málsins, því að eftir síðasta þing var víkkað mjög starfssvið embættismannanefndarinnar. Jafnhliða því að ljúka verkefni sínu varðandi sköttun atvinnurekstrar í sambandi við EFTA-aðild var nefndinni falið að framkvæma heildarathugun á skattkerfinu með það í huga að gera það einfaldara í sniðum og umsvifaminna, þ. e. takmarka ekki eingöngu starf sitt við skattlagningu atvinnurekstrar, heldur taka skattkerfið í heild til endurskoðunar með þetta sjónarmið í huga.

Síðan hefur verið unnið samfellt að þessu máli, og nokkru eftir áramót var frv. lagt fyrir hv. Nd. um breyt. á l. um tekju- og eignarskatt, en það frv. var enn sem fyrr að mestu leyti takmarkað við sköttun atvinnurekstrarins jafnhliða því, að þar var að finna ýmsar breytingar á skattalögunum almennt einkum með hliðsjón af frv., sem legið höfðu fyrir Alþ. bæði í þessari hv. d. og Nd. á síðasta þingi og ég óskaði eftir, að skattalaganefndin sérstaklega tæki til meðferðar. Heildarathugun málsins er hins

vegar enn ekki lokið, og er unnið áfram að henni. Þó að skattalaganefndin hafi gert ýmsar athuganir og ýmsum bráðabirgðatill. hafi verið hreyft, sem komið hefur verið á framfæri við mig, þá liggur enn ekki fyrir heildarrammi að lausn málsins. Aftur á móti hefur það verið talið mikils virði — og var það bæði skoðun mín og n. einnig — að málið yrði sýnt og fengin afgreiðsla hér á hinu háa Alþ. á þeim þætti þess, sem liggur nú fyrir, en það er um álagningu tekjuskatts á félagsrekstur fyrst og fremst, því að þar koma við sögu mjög mikilvæg atriði, sem hafa áhrif á stefnuna í þessum málum, hvað varðar athugun skattkerfisins í heild, því að eftir er enn að athuga vissa þætti, fyrst og fremst þá, sem snúa að sveitarfélögunum og hafa auðvitað mjög mikla þýðingu fyrir atvinnureksturinn, og einnig er að verulegu leyti eftir að athuga skattamál einstaklinga og hvernig haga skuli ýmsum grundvallaratriðum varðandi skattkerfið í heild, m. a. skiptingu skattstofna milli ríkis og sveitarfélaga. Allt þetta er viðfangsefni, sem þarf að sinna.

Nokkru eftir að þetta frv. var lagt hér fyrir hið háa Alþ., var lagt fram erindi frá samtökum atvinnuveganna, þar sem nánast var lagzt gegn því, að þetta frv. fengi afgreiðslu. Ég að sjálfsögðu hefði að óbreyttum aðstæðum í því efni ekki talið eðlilegt að afgreiða málið, því að það fjallar fyrst og fremst um skattamál atvinnurekstrarins, og því var fjarri öllu lagi að fara að afgreiða það í andstöðu við heildarsamtök þeirra, sem öll stóðu að því máli. Það kom hins vegar í ljós við meðferð málsins í hv. Nd., að það var auðið að samrýma það sjónarmið samtaka atvinnuveganna, sem þau höfðu lagt áherzlu á í sérstökum till. sínum, sem þau lögðu fram, og þau sjónarmið, sem liggja að baki þessu frv. á þann veg, að síðan hafa atvinnurekendasamtökin lagt áherzlu á það, að frv. í því formi, sem það nú er, nái fram að ganga. Og það er ástæðan til þess, að ég tel æskilegt, að Alþ. fallist á málið í því formi, sem það nú er.

Ég vil taka það hér fram, eins og ég gerði í hv. Nd., að frv. var lagt þar fram eins og embættismannanefndin gekk frá því, og ég tók það þar skýrt fram, að ég hefði ekkert við það að athuga, að á því yrðu gerðar breytingar, svo lengi sem þær breytingar beindust í þá átt, sem fólst innan þess meginramma, sem embættismannanefndinni var settur með þeim tveimur erindisbréfum, sem henni voru í hendur fengin. Þar var að finna hina pólitísku stefnumótun á því markmiði, sem skattalögin áttu að ná, en vitanlega er hægt að ná því markmiði með mismunandi hætti, og ég tel ekkert við það að athuga og á engan hátt niðrandi fyrir mig, þó að það hafi orðið niðurstaðan, að frv. hafi verið breytt í mjög veigamiklum atriðum hér við athugun Alþ., bæði við nánari athugun fjhn. og þó ekki hvað sízt í sambandi við till. samtaka atvinnuveganna. Enda hafa bæði ég og embættismannanefndin haft aðstöðu til þess að fylgjast með allri meðferð þess máls, og ég hef efnislega ekkert við þær breytingar að athuga, sem hv. Nd. hefur gert á frv. í samræmi við þessa athugun, né við þetta samstarf og samráð við samtök atvinnuveganna og tel það mjög vel farið, að það er skoðun samtaka atvinnurekstrarins, að náðst hafi fram sá tilgangur, sem frv. var ætlað að ná eftir þær breytingar, sem gerðar hafa verið í hv. Nd.

Það eru nokkrar grundvallarreglur, sem settar voru, svo sem ég gat um í sambandi við gerð þessa frv., sem vinna embættismannanefndarinnar beindist að. Það var í fyrsta lagi eins og ég gat um að samræma skattabyrði atvinnurekstrar hérlendis því, sem gerist í öðrum EFTA-löndum. Það var í öðru lagi að örva myndun eigin fjármagns í fyrirtækjum, sem allir munu sammála um, að sé allt of lítið yfirleitt. Það var í þriðja lagi að auðvelda samruna fyrirtækja, en skattalög hér hafa komið í veg fyrir það, að hægt væri að koma á samruna og samvinnu fyrirtækja, sem gera má ráð fyrir, að geti orðið í allstórum stíl, af því að það þurfi að skapa stærri rekstrareiningar til þess að fá betri samkeppnisaðstöðu. Og það var í fjórða lagi, að jafnhliða því, sem aukið væri fjármagn í fyrirtækjunum, þá var það talin brýn nauðsyn, að fé yrði ekki tekið út úr fyrirtækjunum nema í formi hæfilegs arðs af því fé, sem menn hefðu í þau lagt.

Ég mun nú gera grein fyrir helztu atriðum frv. og þá ekki hvað sízt með hliðsjón af þeim breytingum, sem gerðar voru á því í hv. Nd. Frv. sjálft, eins og það upphaflega lá hér fyrir, hafa menn haft til athugunar í alllangan tíma, og sé ég því ekki ástæðu til þess að rekja það í einstökum atriðum, heldur fremur að gera grein fyrir þeim höfuðatriðum, sem einkenna það, og þá fyrst og fremst þeim breytingum, sem orðið hafa á frv. í Nd. og sem ekki er víst, að hv. þdm. hér hafi gert sér til hlítar grein fyrir.

Eins og ég gat um, tel ég, að frv. stefni eftir þessar breytingar allar í þá átt, sem til var ætlazt, og sé því ekkert við það að athuga almennt séð, eins og það liggur fyrir eftir meðferð í Nd. En það voru nokkur meginatriði í frv., eins og það lá fyrir í upphafi, sem atvinnurekendasamtökin voru óánægð með. Stefnubreytingar frv., eins og það liggur nú fyrir, frá gildandi lögum eru í meginefnum þessar: Breytt er fyrningum í atvinnurekstri. Það er meira svigrúm fyrir atvinnurekanda til að fyrna eignir sínar, og það er gert með sérstökum flýtifyrningum, sem leyft er að nota, þegar betur árar, og er það nýmæli. Það er jafnframt gert ráð fyrir endurmati á eignum til fyrningar vegna verðhækkana, en á það hefur verið bent og reyndar legið frv. fyrir um það hér á Alþ., að rétt væri að taka upp endurmat eigna miðað við endurmatsverð þeirra hverju sinni eða réttara sagt að fyrna þær miðað við endurmatsverð. Það er ekki tæknilega auðið að gera. Það er gert ráð fyrir því, að þær verði endurmetnar nú, eftir að þessi lög taka gildi og endurmat hlutafjár eigi sér þá stað einnig, en hins vegar verði það á valdi Alþ., hvenær veittur verði aftur réttur til endurmats á eignunum, og fer það svo sem verið hefur að sjálfsögðu eftir því, hversu örar verðbreytingar verða.

Þá er sú veigamikla breyting gerð, að allur atvinnurekstur í landinu er nú gerður jafn, að því er varðar fyrningar, en þó er mismunað tegundum eigna, þannig t. d. að skip og fleiri framleiðslutæki eru fyrnd hraðar. Skiptir þá ekki meginmáli, hver á þær, en aftur á móti hafa sérstakar flýtifyrningarreglur verið notaðar við þessar eignir hingað til, ef svo má segja, hafa þær verið fyrndar mun hraðar en gert er í öðrum atvinnurekstri, en eftir aðildina að EFTA verður óumflýjanlegt að veita svipaða aðstöðu atvinnurekstrinum í landinu almennt og þá ekki hvað sízt iðnaðinum, sem ekki hefur notið þessara fríðinda. Í frv., eins og það var lagt fram, var gert ráð fyrir því, að söluhagnaður væri alltaf skattlagður um vissa prósentu eða 25%. Það hefur orðið niðurstaðan við meðferð málsins í Nd., að söluhagnaður verði ekki skattlagður með þessum hætti, og skattlagningin miðist aðeins við það, að hafi menn út úr eignunum við sölu meira en eðlilegar fyrningar leyfa, þá verði það skattlagt, þ. e. að menn geti ekki notfært sér um of hinar öru fyrningar, ef þær hafa verið notaðar til eignaauka, heldur verði að greiða skatt af þeim. Eins og hv. þdm. er kunnugt, hafa hingað til gilt þær reglur, sem áfram verða í gildi, að með þessum takmörkunum má eftir eignarhald um tiltekið árabil selja bæði lausafé og fasteignir án þess að greiða af því söluandvirði nokkurn skatt.

Þá hefur verið nokkur ágreiningur um, hvernig ætti að fara með sameignarfélög. Þau hafa hingað til notið algerlega óeðlilegra skattfríðinda. Þetta eru félög, sem enginn hemill er á, og menn geta í rauninni tekið fé út úr eftir vild, en hafa notið mun betri meðferðar skattalega séð en einkarekstur, og í frv. var gert ráð fyrir því, að þau yrðu afnumin sem sjálfstæður skattaðili. Á það hefur ekki verið talið hægt að fallast, og Nd. hefur samþykkt, að sameignarfélögin verði áfram skattaðili, en hins vegar eru sett á þau verulegar hömlur, þannig að þau verða að vera skráð, hafa formlegan félagssamning og uppfylla viss skilyrði til þess að njóta fríðinda þeirra, sem skattalögin gera ráð fyrir, en því miður er ekki til enn þá nein löggjöf um sameignarfélög hliðstætt hlutafélögum, og það er því aðeins í þessum ákvæðum skattalaganna, sem er að finna þessar hömlur. Hins vegar hefur verið lögð á það rík áherzla, þar sem til eru mörg sameignarfélög í landinu, að þetta form fengi að halda sér, og eftir atvikum hef ég talið viðhlítandi að fallast á, að svo verði með þessum hömlum, sem hafa þó verið settar á sameignarfélögin í hv. Nd.

Þá kemur að því atriðinu, sem er eitt grundvallaratriði frv., eins og það var lagt fram, að gert var ráð fyrir, að varasjóðsskipulagið yrði lagt niður og tekinn upp svokallaður arðjöfnunarsjóður, sem notaður yrði til þess að standa undir hallarekstri félaga og greiða arð af því fé, sem í félögin væri lagt, og sá sjóður mátti standa inni í fimm ár hjá félaginu. Þá varð mikil andstaða hjá atvinnurekendasamtökunum gegn því, að öllum atvinnurekstri yrði skipað að koma sinni skipan mála í þetta horf, en hugsunin með arðjöfnunarfyrirkomulaginu var sú að nota þessa aðferð til að laða aukið fjármagn inn í atvinnureksturinn og þá m. a. með það í huga að koma á frjálsum verðbréfamarkaði, sem óhugsandi er að koma á, nema möguleiki til slíkrar arðgjafar sé fyrir hendi og til séu opin hlutafélög, sem ekki er um að ræða í dag eða a. m. k. að sáralitlu leyti. Og af þessum ástæðum var þessu skipulagi félaganna breytt. Nú er niðurstaðan sú, að félögunum er leyft að velja, hvort formið sem er, annaðhvort arðjöfnunarsjóðinn með þeim kvöðum og réttindum, sem því skipulagi fylgja, eða þá að fylgja gömlu reglunni og hafa rétt til þess að leggja í varasjóð og hafa heimild til 10% skattfrjáls frádráttar, en það er það, sem ekki gildir hjá hluthöfunum. Þetta er sem sé frjálst val, sem er niðurstaðan úr þessum athugunum.

Samhliða þessu nýja skattformi hlutafélaga, sem ég gat um varðandi arðjöfnunarsjóðinn, þá fylgir sú till. í frv., að tekið yrði upp nokkurt skattfrelsi á hlutafé. Þetta var tiltölulega frjálst í frv., eins og það var upphaflega. Nú hafa í meðferð hv. Nd. — og tel ég það til bóta — verið settar á þetta ákveðnar hömlur. Bæði hafa verið felld niður þau fríðindi, sem gert var ráð fyrir, að börn gætu notið í þessu sambandi sem eigendur hlutabréfa, og í öðru lagi eru sett þau takmörk á þessar arðgreiðslur, að þær megi aldrei fara yfir 10% og auk þess aldrei yfir 30 þús. kr. á einstakling eða 60 þús. kr. fyrir hjón. Hér þarf því að vera um verulega hlutabréfaeign að ræða, til þess að þessi fríðindi verði nokkur að ráði, en aftur á móti álít ég, að þetta sé grundvallaratriði sem hvati fyrir fólk — og ekki sízt þá fyrir hinn almenna borgara — til að leggja fé í atvinnurekstur, eins og tíðkast í stórum stíl erlendis, þar sem atvinnulífið er orðið mjög þróað og fólk vant því að fjárfesta í góðum hlutabréfum.

Ef ekki eru fyrir hendi fríðindi sem þessi, þar sem hér er vissulega um áhættusama ráðstöfun fjár að ræða, þá er þess lítil von, að almenn þátttaka verði í atvinnurekstri. Það má gera ráð fyrir því, að nú verði einmitt þörf á því á næstunni að koma af stað miklu stærri félögum en áður hafa verið hér, sem þurfa á miklu fjármagni að halda, og það vill einnig svo til, sem hv. þm. mun mörgum kunnugt um, að víðs vegar um landið eru að rísa upp fyrirtæki, einmitt þar sem fjármagn er lítið, þar sem svo að segja hver einasti íbúi tiltekinna byggðarlaga leggur fram fjármagn til þess að koma á laggirnar vissum atvinnurekstri í byggðarlaginu. Það er vitanlega síður en svo, að með þessu ákvæði sé verið að hlynna að einhverju auðvaldi, eins og gjarna er látið í veðri vaka. Það má eins segja, að svo sé með sparifé. Það eru engar hömlur settar á réttindi til skattfrjáls sparifjár, þ. e. hvað menn eiga mikið sparifé skattfrjálst í banka. Og í þessum tilfellum, þ. e. varðandi þau félög, sem helzt kæmu til með að njóta þessa hér, t. d. eftir að verðbréfamarkaðurinn kemur til, sem hefur verið ákveðið að koma á laggirnar, svo fljótt sem auðið er, má gera ráð fyrir, að það verði hinn almenni sparifjáreigandi,

skuldabréfaeigandi eða hlutabréfaeigandi, sem geti þarna notið þessara æskilegu fríðinda.

Þá eru einnig í frv. till., sem auðvelda algeran samruna fyrirtækja, sem nú getur orðið skv. frv. án þess, að um nokkra sérstaka skattlagningu sé að ræða. Þá verða sett skýrari ákvæði og reyndar breytt ákvæðum varðandi mat á birgðum við uppgjör þeirra til skatts. Þá er að finna í frv. verulega breytingu á eignarskatti, þar sem hann er lækkaður mjög verulega, og ber að skilja þá breytingu með hliðsjón af því, sem að er stefnt með fasteignagjöldum og kemur fram í sambandi við tillögur um fjáröflun til sveitarfélaga. Jafnframt verður að skilja þessa till. og þessa miklu lækkun, sem gerð er þarna á eignarskattinum, út frá þeim stóru breytingum, sem verða á mati fasteigna til eignarskatts.

Nú ætla ég að víkja að nokkrum atriðum frv., sem ekki sérstaklega snerta atvinnureksturinn, en skipta þó nokkru máli. Í frv. er lagt til, að skattfrádráttur giftrar konu, sem vinnur við fyrirtæki bónda síns, verði aukinn mjög verulega frá því, sem nú er. Hann er nú aðeins 15 þús. kr., og hafa komið fram till. á Alþingi um, að þessi frádráttur verði aukinn, og er gengið hér til móts við þær óskir með þessari till.

Gert er ráð fyrir því, að fæði manna, sem vinna utan heimilissveitar, og hluti úr fæði, sem þeir fá hjá atvinnurekanda innan heimilissveitar, sé skattfrjálst. Áður hefur þetta skattfrelsi gilt um fæði sjómanna. En það eru vitanlega margir aðrir, sem vinna utan sinna heimilissveita.

Þá er gert ráð fyrir því, að hækkað verði verulega það skuldamark, sem er í gildandi lögum, um skattfrelsi sparifjár. Það er aðeins 200 þús. kr. í gildandi lögum, en gert er ráð fyrir því, að það verði núna metið eftir því, hversu há eða lág lán húsnæðismálastjórnar eru, en þau munu nú vera 600 þús. kr. Það mun hafa legið fyrir þinginu frv. um það að hækka þetta mark í 600 þús. kr., en ég held, að sú viðmiðun sé þó enn þá eðlilegri að miða það við hámarkslán húsnæðismálastjórnarinnar, eins og þau eru á hverjum tíma, til þess að það þurfi ekki stöðugt að vera að breyta þessari fjárhæð.

Eins og ég áður gat um, þá er eignarskattsprósentan lækkuð mjög verulega, en jafnframt hættir eignarskatturinn að vera frádráttarbær. Er þessi till. miðuð við þá forsendu, að eignarútsvör verði felld niður að öllu leyti. Er gert ráð fyrir, að fasteignagjöldin verði hækkuð, þegar kemur að tekjustofnum sveitarfélaga, og er því ástæðulaust að hafa einnig eignarútsvör, er renni til sveitarfélaganna. Er miklum mun einfaldara og eðlilegra að taka aðeins eitt gjald, sem greitt er af fasteignum. Ákveðnar till. um þetta er að sjálfsögðu ekki að finna nú, enda eiga þær ekki við í þessu frv., en till. hér er gerð með hliðsjón af því, sem fyrirhugað er í þessum efnum varðandi sveitarfélög.

Þá er lagður til sérstakur frádráttur einstæðra foreldra, er halda heimili fyrir börn sín. Hann er aukinn um 50%.

Þá verða í frv. strangari ákvæði til að koma í veg fyrir, að fjármagn streymi út úr fyrirtækjum með málamyndagjörningum án skattlagningar og sérstaklega vegna viðskipta tengdra aðila við fyrirtækin, en þess hefur nokkuð orðið vart, að það hafi verið með nokkuð óeðlilegum hætti, hvernig viðskipti fjölskyldufyrirtækja hafa verið, en með þessum reglum, sem nú eru settar í frv., er gert ráð fyrir, að ef um nokkur óeðlileg viðskipti er að ræða milli fyrirtækisins og einstaklinganna að þessu leyti, þá sé það ekki leyft.

Þá er að finna hér í þessu frv. breytingu varðandi skattvísitölu, sem hefur verið mjög umdeilt mál. Ákvörðun um hana er tekin úr höndum fjmrh., og gert er ráð fyrir því, að við samþykkt fjárlaga hverju sinni, ákveði Alþ. sjálft, hver skattvísitalan skuli verða. Það hefur verið mjög umdeilt, við hvað ætti að miða skattvísitölu, og skal ég ekki fara út í þá sálma hér. Með því að færa þetta vald í hendur Alþ. þá er það að sjálfsögðu sérstakt mál hverju sinni að meta það, hvað fært þykir að hafa skattvísitöluna háa, vegna þess að þetta er eitt af atriðunum, sem eðlilegt er, að marki stefnuna hverju sinni um það, með hverjum hætti eigi að skattleggja borgarana, þ. e. hvort eigi að veita þeim meiri eða minni fríðindi í beinum sköttum og þá taka skattana með öðrum hætti, ef á auknu fé þarf að halda. Það er eðlilegt, að það verði þess vegna í samhengi við fjárlagasetninguna að ákveða tekjuskattana fyrir hvert ár.

Hér er að vísu um vandamál að ræða, þar sem þetta hefur áhrif á útsvörin, og það má segja, að það sé dálítið varasamt að tengja þetta mál saman svo sem gert hefur verið, en það kemur þá til athugunar, þegar tekjustofnamál sveitarfélaga verða hér til meðferðar, þegar þar að kemur. Menn gera ráð fyrir, að það verði á næsta þingi. Að því verður að stefna varðandi skattamálin í heild, að endurskoðun þeirra verði lokið fyrir næsta þing, þannig að það verði hægt að afgreiða málið það snemma, að heildarmyndin liggi fyrir við skattlagningu á árinu 1972, en það er gert ráð fyrir því, að þetta frv. taki gildi um næstu áramót, og getur það valdið margvíslegum vandkvæðum, ef ekki verður þá búið að setja dæmið upp í heild — einnig að því er sveitarfélögin varðar.

Þá var sú breyting gerð í hv. Nd., að auknar kröfur eru gerðar til meðferðar skattstjóra á kærum skattþegna, þannig að úrskurðir þeirra skuli vera rökstuddir. Það gildir nú um úrskurði ríkisskattanefndar, en ekki úrskurði skattstjóra, og skattbreytingar allar skulu tilkynntar með ábyrgðarbréfum. Jafnframt er nauðsynlegt að innheimta gjalda geti hafizt í samræmi við það, hvenær skrár um gjöld eru lagðar fram, og þess vegna er skattstjóra ætlaður nokkru rýmri tími til að undirbúa þetta en verið hefur, til þess að hægt sé að innheimta eftir eðlilegri og réttri álagningu, en ekki þurfi stórfelldar breytingar að koma til eftir á.

Í frv., eins og það var lagt fyrir hv. Nd., verða settar takmarkanir á skattfríðindi þeirra giftu kvenna, sem vinna utan heimilis. Það kom fram

andstaða gegn þessu í hv. Nd., og taldi ég því eðlilegast, að málið yrði látið niður falla, vegna þess að það á ekki að koma til framkvæmda, hvort sem er, fyrr en við skattlagningu á næsta ári, og skiptir því ekki máli. Hins vegar vil ég taka það fram hér, sem ég lýsti yfir í hv. Nd., að mín skoðun er sú, að það eigi að stefna að því, að um einstaklingsskattlagningu verði í öllum tilfellum að ræða, hvort sem konan vinnur utan heimilis eða innan þess, og tekjum hjónanna verði þá skipt niður á milli þeirra, en þetta kostar að sjálfsögðu endurskoðun á öllum skatt- og útsvarsstigum. Og þess vegna er sú till. ekki gerð hér, þar sem endanlega hefur ekki verið gengið frá tekjustofnamálum sveitarfélaga.

Það eru ýmis önnur atriði, sem er að finna í þessu frv., sem ég tel ekki ástæðu til þess að rekja hér, en verða að sjálfsögðu skoðuð í þeirri hv. n., sem málið fær til meðferðar. Flest þeirra frv., sem hafa legið fyrir Alþ. á síðustu þingum, hafa verið tekin til meðferðar í sambandi við þetta frv. og langflestum þeirra gerð efnislega jákvæð skil, þannig að gengið hefur verið til móts við þau að meira eða minna leyti.

Ég held, að ég hafi ekki gert grein fyrir þeirri breytingu, sem gerð var við síðustu umræðu í hv. Nd., þ. e. gert var ráð fyrir sérstökum hlunnindum varðandi tekjur barna, sem eru innan 16 ára aldurs, og jafnframt voru veitt sérstök fríðindi þeim, sem eru komnir yfir 67 ára aldur. Í tekjustofnalögum sveitarfélaga er gert ráð fyrir því, að hægt sé að undanþiggja slíkt fólk útsvari eða veita því sérstök fríðindi a. m. k. í útsvörum. Það er ekki í skattalögum, en talið er nokkuð sanngjarnt að veita hér nokkur fríðindi að þessu leyti, þótt að vísu megi segja, að þetta geti verið umdeilanlegt mál, þar sem ekki er tekið neitt tillit til þess, hversu tekjuháir þessir aðilar eru, og það er erfitt og raunar illframkvæmanlegt, en hugmyndir um þetta hafa áður legið hér fyrir í frv., enda var þetta einróma samþykkt í hv. Nd.

Ég get farið mjög fljótt yfir sögu og mun að sjálfsögðu ræða þetta mál nánar, ef tilefni gefst til eftir umræður hv. þm. Ég legg á það ríka áherzlu, að hér er aðeins að finna þátt í stóru og miklu vandamáli, og heildarendurskoðun skattalöggjafarinnar er hin brýnasta nauðsyn, og henni verður að halda áfram með öllum tiltækum ráðum, og eins og ég gat um í upphafi máls míns, tel ég, að beri að stefna að því, að henni verði lokið það snemma, að hægt verði að miða álagningu skatta á árinu 1972 við heildarlöggjöf um nýtt skattkerfi, og þá þurfa að sjálfsögðu sveitarfélögin einnig að hafa fengið sína meðferð. Þar blandast einnig inn í annað dæmi, sem að vísu er vandasamt, og ég skal ekki segja, hvort hægt verður að ljúka í tæka tíð, en er mjög nátengt þessu, og það er verkaskipting ríkis og sveitarfélaga, sem nú er í brennipunkti og miklar umræður eru um, og ég hef fyrir mitt leyti tjáð mig reiðubúinn til samvinnu við Samband ísl. sveitarfélaga um breytingar í þeim efnum, eftir því sem ástæða þykir til bæði varðandi verkefni og tekjustofna. Allt þetta þarf að athuga í heild, til þess að málið geti fengið eðlilega afgreiðslu, og jafnframt vil ég leggja áherzlu á það, að ég hef lagt till. fyrir þetta þing um staðgreiðslukerfi skatta, en ekki hefur hún fengið sérstaka afgreiðslu hér fremur en á síðasta þingi. Ég tel það vera háð því, að það takist að gera skattkerfið einfaldara, hvort staðgreiðslukerfi skatta verði talið hér til bóta eða ekki. Og einmitt með hliðsjón af að gera það mögulegt, sem ég tel almennt séð, að væri æskilegt, að taka upp staðgreiðslukerfi skatta er nauðsynlegt að gera skattkerfið allt miklu einfaldara og líka með hliðsjón af heildarendurskoðun, sem ég hef getið um. Jafnframt má í því sambandi losna við ótal smáskatta, sem eru til trafala og valda bæði mikilli fyrirhöfn og kostnaði, en margir þeirra skipta ekki miklum fjárhæðum.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessa umræðu mína lengri, en legg til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég verð að játa það, að ég er að ýmsu leyti og reyndar flestu leyti vanbúinn að segja nokkuð um þetta frv. á þessu stigi málsins, jafnvel þó að svo vilji til, að ég væri til kvaddur í þá þmn., sem var gefið tækifæri til þess að fylgjast með störfum embættismannanefndarinnar á s. l. sumri og fram eftir vetri. Sannleikur málsins er sá, að frv. hefur verið að taka stöðugum breytingum, og síðustu breytingarnar, sem á því hafa verið gerðar, höfum við þm. aðeins haft á borðinu fyrir framan okkur í tæpan klukkutíma.

Ég hlýt að átelja til að byrja með þau vinnubrögð, sem hér hafa verið viðhöfð — ekki þau, sem frekar ber að hæla, þ. e. að hæstv. fjmrh. hefur gefið fulltrúum flokkanna í fjhn. tækifæri til þess að fylgjast ofurlítið með því, hvað embættismannanefndin væri að gera, og þeir hafa verið kallaðir saman nokkrum sinnum, til þess að þar væru bornar á borð fyrir þá tilkynningar um það, hvað *málsmeðferðinni hjá embættismannanefndinni liði* — heldur vil ég sérstaklega átelja meðferð málsins hér á háttv. Alþ. Það eru orðnir, eins og hæstv. ráðh. sagði, um það bil tveir mánuðir, síðan málið var lagt fyrir á Alþ., og þá var gert ráð fyrir því, að fjhn. beggja d. störfuðu saman að athugun málsins, en framkvæmdin varð hins vegar sú, að fjhn. Ed. var aðeins kölluð saman til eins fundar, en fjhn. Nd. hefur síðan alfarið haft með málið að gera og gert á því svo stórkostlegar breyt., að hér er í raun og veru orðið um alveg nýtt frv. að ræða — nýtt frv., sem — eins og ég sagði — við höfum haft til athugunar núna í tæpa tvo tíma, og ég hygg, að enginn hv. þm. hafi enn þá gert sér grein fyrir því, og ekki einu sinni lesið það, því að til þess hefur ekki verið tækifæri. Og þó að hæstv. ráðh. hafi gert hér í mjög stórum, grófum atriðum grein fyrir þeim breytingum, þá er langur vegur frá því, — ég get sagt það a. m. k. fyrir mitt leyti — að manni sé fullljóst, hvaða breytingum málið hefur tekið. En þrátt fyrir það, að bæði ég og sjálfsagt fleiri hv. þm. séu illa í stakk

búnir nú til að ræða einstök atriði, þá vil ég þó aðeins fara um þetta mál nokkrum orðum.

Þá vil ég segja það fyrst, að ég tel þá endurskoðun, sem hér hefur farið fram, vera þannig, að það megi vafalaust finna ýmislegt, sem er til bóta — ýmisleg einstök atriði, þó að ég vilji ekki að svo komnu leggja dóm á þá stefnu í heild, sem upp er tekin með frv. Því að það er að sjálfsögðu rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að hér er um mörkun pólitískrar stefnu í skattamálum að ræða. En hvað sem því líður, tel ég, að endurskoðun skattkerfisins sé eðlileg og nauðsynleg af mörgum ástæðum, en það gildir auðvitað ekki aðeins um tekju- og eignarskatt, sem greiddur er til ríkisins, heldur einnig um önnur gjöld, sem atvinnurekstrinn og einstaklingar í landinu eiga við að búa, og gildir það auðvitað, eins og ég sagði, um fyrirtæki sem einstaklinga. Slík heildarendurskoðun er nauðsyn, og það viðurkenndi hæstv. ráðh., en sagði þó, sem líka er rétt, að hér væri aðeins tekinn hluti af stóru og miklu vandamáli. Og það er einmitt þetta, sem gerir það að verkum, að það er ekki nokkur lífsins leið fyrir menn að leggja endanlega dóm á þennan hluta. Það er a. m. k. ekki hægt að leggja endanlegan dóm á þá stefnu, sem þetta frv. að ýmsu leyti mótar, fyrr en við höfum alla myndina fyrir okkur — alla myndina af skattheimtu ríkisins, af skattheimtu bæjar- og sveitarfélaga og öllum þeim margvíslegu gjöldum og sköttum, sem bæði atvinnureksturinn og einstaklingar í landinu búa við.

Ég er alveg sammála hæstv. ráðh. t. d. um það, að það nær ekki nokkurri átt að hafa skattkerfið svo flókið, að hvert einasta fyrirtæki eða hver einasti maður, sem við atvinnurekstur fæst í landinu, þurfi að greiða á milli 20—30 mismunandi gjöld, en þannig er þetta nú, ýmist til opinberra eða hálfopinberra aðila. En það, sem hér er aðalatriðið, er, að hér tengist auðvitað allt saman, sveitargjöldin til sveitarfélaganna og gjöldin til ríkisins, því að auðvitað er það ekki svo, að tekjuþörf þessara samfélagsforma, ríkisins og sveitarfélaganna, vaxi eða minnki við það, að breytingar verði í kerfinu sjálfu. Vissum upphæðum þarf að ná inn, til þess að hægt sé að gera þessum aðilum kleift að starfa með eðlilegum hætti, og spurningin er því fyrst og fremst um það, hvernig þessum útgjöldum er dreift á atvinnurekstur, á gróða fyrirtækja og á einstaklingana og að hve miklu leyti skuli tekið tillit til efnahags þeirra og afkomu. Ég hygg, að menn geti verið mér sammála um það, að fullnaðardómur um hluta af þessu kerfi öllu saman, þessu flókna og mikla kerfi, geti ekki legið fyrir hjá mönnum, fyrr en öll myndin blasir við. Við getum ekki dæmt um það frekar en við getum dæmt t. d. um mynd eða málverk, þar sem er skorinn af svolítill biti. Við getum ekki sagt um það fullkomlega, hvort það er vont eða gott, fyrr en við sjáum verkinu lokið. Og það er einmitt það, sem ég tel höfuðgallann á allri málsmeðferð þessa máls og á þessu frv., að þessi mynd blasir ekki við. Við sjáum hér aðeins vissa þætti, en við höfum ekki myndina af því, hvað á að koma í staðinn, t. d. hvað á að koma í stað þeirra skerðinga, sem sveitarfélögin auðsjáanlega verða fyrir, þegar þetta frv. hefur verið samþ.

Það breytir því ekki, að ég er sömu skoðunar og hæstv. ráðh., þ. e. að endurskoðun hafi verið og sé nauðsynleg af mörgum ástæðum. Ég tel það alveg hafa verið eðlilegt á sínum tíma, að hann léti fara fram athugun á skattalegri stöðu atvinnurekenda í landinu vegna aðildar okkar að EFTA, þó að það sé sannast mála, að það hafi komið fram í þeim samanburði, sem reynt hefur verið að gera á íslenzku skattkerfi og skattkerfi í öðrum löndum Fríverzlunarsamtakanna, að skattar væru hér ekki almennt þyngri en þar er. Hitt er augljóst, að við höfum mismunað atvinnurekstri hér mjög verulega, þannig að útgerð, fiskvinnsla, farmskipafélög, flugfélög og annað slíkt hafa búið við sérstakar og hagstæðari skattareglur en annar atvinnurekstur þ. á m. iðnaður. Og ég tel það fullkomlega eðlilegt og sjálfsagðan hlut til leiðréttingar í sambandi við vaxandi iðnvæðingu og vaxandi samkeppni við inngöngu okkar í EFTA, að þarna væru metin jöfnuð. Þó að ég vilji hins vegar alls ekki halda því fram, að það sé rétt — alfarið rétt og ævinlega rétt — aðferð að gera engan mun á því, um hvaða atvinnurekstur er að ræða. Ég tel nefnilega, að skattkerfið eigi að vera og þurfi að vera öðrum þræði hagstjórnarkerfi, og það getur vel aftur hæglega leitt til þess, að það sé okkur þjóðhagsleg nauðsyn að ívilna okkar mikilvægustu atvinnugreinum jafnvel á kostnað annarra. Ef það er ekki hægt að bera það fyrir sig a. m. k. í vissum tilvikum, þá er skattkerfið ekki það hagstjórnartæki, sem ég tel, að það þurfi að vera. En það breytir ekki því, að ég tel, að með tilliti til iðnaðarins hafi jöfnuður milli hans og annarra grundvallaratvinnugreina okkar verið eðlilegur.

Það er svo fyrir mælt, ef ég man rétt, í síðara erindisbréfi hæstv. fjmrh. til embættismannanefndarinnar að fela henni að framkvæma heildarathugun á skattalögunum með það að markmiði annars vegar að gera skattkerfið sem einfaldast og hins vegar að gera þær breytingar á ákvæðum l. um tekju- og eignarskatt að því er varðar skatta einstaklinga, er n. telur sanngjarnar og eðlilegar. Þarna er lögð á það grundvallaráherzla að gera skattkerfið einfaldara en það er nú. Ég sé ekki neitt í þessu frv. og viðurkenni þá að sjálfsögðu jafnframt, að ég hef ekki skoðað öll atriði þess svo niður í kjölinn, sem mér bæri kannske að gera og æskilegt hefði verið, en ég sé ekki neitt í þessu frv., sem hér liggur fyrir, sem gerir skattkerfið einfaldara en það áður var, og yfirleitt hefur það verið svo í tíð núv. hæstv. ríkisstj., að skattkerfið er sífellt að verða flóknara og flóknara.

Ég minni á þá miklu einföldun, sem það átti að vera á skattkerfinu á sinni tíð, að ég tali nú ekki um sparnaðinn, sem það átti að leiða af sér, að leggja niður skattanefndirnar og taka upp skattstjóraembættin. En hver hefur reynslan orðið í þeim efnum? Var það ekki strax reynslan á fyrstu

árunum, eftir að það kerfi var tekið upp, að það var mörgum sinnum dýrara og flóknara í öllum meðförum. Og ekki hefur sköttunum fækkað, því að ég held, að þeim hafi fjölgað næstum því á hverju ári, sem liðið hefur af hinu svo kallaða viðreisnartímabili. Og ekki örlar í þessu frv. á neinu — og ég sný ekki til baka með það, fyrr en það er þá rekið ofan í mig sem misskilningur — sem heitið geti einföldun á skattkerfinu. Mér sýnist hins vegar, að að öðrum þræði sé skattkerfið gert talsvert flóknara en áður var m. a. með þeirri breyt., sem hæstv. ráðh. minntist á, sem gerð var í hv. Nd., þ. e. að nú geta fyrirtæki valið á milli tveggja ólíkra skattforma — valið á milli þess að hafa skattfrjálsan varasjóð, eins og verið hefur, og þess að koma upp hjá sér arðjöfnunarsjóði. Ég held, að bara þetta eitt sér hljóti að valda margs konar ruglingi og erfiðleikum í allri tæknilegri framkvæmd skattalaganna.

Því hefur mjög verið haldið fram og er kannske að mörgu leyti mismikið hæft í því, að núgildandi skattalög tryggi ekki eða a. m. k. stuðli ekki nægilega að eigin fjármagnsmyndun í fyrirtækjum, og ég er því alveg sammála, að það, sem veldur hvað mestum erfiðleikum í okkar atvinnurekstri — í okkar efnahagsmálum — er það, að ekki hefur tekizt að skapa í fyrirtækjunum eðlilegt eigið fjármagn. Á því er enginn vafi, og ég held að um það séu ekki ýkja skiptar skoðanir. Hitt er svo auðvitað annað mál, að það er aðeins önnur hlið málsins, og vandinn er vitanlega sá, að þetta sé unnt án þess, að of nærri einstaklingunum og þá sérstaklega láglaunafólkinu sé gengið. Þar held ég, að verði að reyna að finna gullinn meðalveg, sem leysir vandann, þannig að báðir megi við það una.

Og það er sagt núna, að það sé eiginlega sú meginstefnubreyting, sem þetta frv. hafi í för með sér, að þessi fjármunamyndun í fyrirtækjunum verði auðveldari en áður. Og vissulega er það rétt, að frv. allt í heild stefnir að því að létta álögum og sköttum af fyrirtækjunum í landinu og alveg sérstaklega með breyttum fyrningarreglum og með því að heimila þeim að koma upp hjá sér arðjöfnunarsjóðum, sem aftur leiðir til þess, að þau geta dregið árum saman að greiða nokkur gjöld til hins opinbera þ. á m. til bæjarfélaganna og sveitarfélaganna, þó að um stórkostlegan hagnað og stórkostlegan gróða sé að ræða. Á hinn bóginn er svo jafnframt því, sem þessum læk af fjármagni — skulum við segja — er veitt inn í fyrirtækin, þá er opnuð aftur útrás fyrir þetta sama fjármagn með því að skylda — allt að því skylda — fyrirtækin til þess að greiða arð, hvort sem það er þeim hagstætt eða ekki. Og það er gert með ákvæðunum um það, að sé arðjöfnunarsjóður ekki notaður til arðgreiðslna eða til þess að borga niður töp á fimm árum, ef ég hef tekið rétt eftir, þá er þeim fyrirtækjum refsað með sérstökum skatti á allt það, sem í arðjöfnunarsjóðinn rennur. Þannig sýnist mér, að það sé í raun og veru stefnt að því að gera hlutaféð að meira eða minna leyti að eins konar lánsfé, sem reynt sé að tryggja, að beri a. m. k. eðlilega og venjulega bankavexti eða eitthvað nálægt því. Mér sýnist þess vegna, að þegar þetta tvennt er vegið saman, þá sé á því allur vafi, hvort meira af eigin fjármagni safnast í fyrirtækjunum með þessu fyrirkomulagi en áður, þó að ég teldi það hins vegar á margan hátt æskilegt, ef þar er farið að öllu með gát.

Það þykir mér líka strax galli á þessu frv., að mér sýnist, að það sé greinilegt, að það mismuni rekstrarformunum, geri rekstrarformum mjög mishátt undir höfði. Þar á ég að sjálfsögðu ekki við þá leiðréttingu, sem í l. felst um það, að sameignarfélög og hlutafélög eru álíka sett, hvað skatta til ríkisins snertir, heldur á ég sérstaklega við þá, sem hafa rekstur á eigin nafni, leggja allar eigur sínar og heiður að veði og standa og falla með sínum rekstri, en eru ekki að fela sig á bak við minni áhættu með því að hafa rekstur sinn í formi hlutafélags. Og ég verð að segja það, að mér finnst það koma úr hörðustu átt sem stefna Sjálfstfl. — flokks, sem kennir sig við einkaframtakið — að hann skuli sérstaklega vera að refsa þeim mönnum, sem með framtaki og dugnaði vilja reka sín eigin fyrirtæki á sínu eigin nafni og leggja undir allar sínar eigur og sína efnalegu velferð. En það er auðvitað auðsætt, að t. d. þau hlunnindi, sem í arðjöfnunarsjóði felast, ná ekki til einstaklinganna. Og m. a. þetta og reyndar ýmislegt fleira hlýtur svo að leiða til þess, að þeir verða færri og færri, sem leggja í þá áhættu að hafa sinn eigin atvinnurekstur og standa og falla með því, hvernig þeim tekst að sjá honum borgið. Einnig kemur þarna til, að þau hlunnindi, sem hlutafjáreigendur fá, þ. e. að þeir geta fengið allt að 60 þús. kr. skattfrjálsar á ári, gefur auðvitað skýra vísbendingu um það, að það sé hagstæðara fyrir þann, sem atvinnurekstur stundar, að hafa hann í hlutafélagsformi, hafa sín laun kannske eilítið lægri, ef svo stendur á með eðlilegum hætti, en fá heldur skattfrjálsa arðgreiðslu frá fjölskylduhlutafélagi. Og allt, sem ýtir undir slíkan skollaleik, tel ég sízt vera til bóta.

Mín niðurstaða er því sú a. m. k. að svo komnu máli, að það sé mjög fjarri því, að þetta frv. bæti úr misrétti og ágöllum skattkerfisins. En fyrir utan það, sem ég hef nefnt í þessum efnum, þá tel ég, að þeir ágallar séu margir. Suma þeirra hef ég nefnt og þó ekki þann, sem mér þykir allra verstur, og hann er sá, að skattar og útsvör eru nú lögð á mjög lágar tekjur, þurftarlaun eða það an af minna, en inn á það svið fer þetta frv. ekki með neinum beinum hætti, en hins vegar að sjálfsögðu með þeim óbeina hætti, að þegar verið er að létta af félögunum — gróðafélögunum skulum við segja, sem gjalda nú ekki nema um eða innan við 2% af öllum tekjum ríkissjóðs — stórkostlegum byrðum, þá getur það auðvitað ekki endað nema á einn veg, þ. e. að allur almenningur í landinu, einstaklingarnir, verði að bera meira. Og sama gildir auðvitað, þegar gengið er inn á þær brautir að skerða tekjumöguleika sveitarfélaganna frá því, sem verið hefur. Þá er ekki

annað úrræði fyrir þau en snúa sér að einstaklingunum, og a. m. k. út um landsbyggðina, þegar höfuðborginni sleppir, þá er það víða svo, að þar er ekki í annarra vasa að seilast en launafólksins og það oft fólks, sem ekki ber ýkja mikið úr býtum og í mörgum tilfellum ekki nema þurftarlaun.

Það má svo líka vera, að þær breytingar, sem eru gerðar á fyrningarreglunum, og sú stórkostlega rýmkun, sem þar er um að ræða, hljóti að leiða bæjarfélögin meira inn á brautir aðstöðugjaldanna, en þau tel ég vera allra ósanngjörnust og óeðlilegust allra gjalda, sem á atvinnurekstrinum hvíla. En eins og ég sagði áðan, þá heimta sveitarfélögin sitt og ríkissjóður sitt, og einhvers staðar verður að taka þær tekjur, sem annars staðar glatast. En aðstöðugjöldin eru auðvitað þess eðlis, að takist mönnum ekki að reka sín fyrirtæki með hagnaði, greiða þeir venjulega mestu og þyngstu gjöldin. Ég held þess vegna, að það sé í því fullkomið óraunsæi — líka frá sjónarmiði atvinnurekstrarins — að taka bara einn bitann af vandamálinu og skoða hann án alls samhengis við það, sem við hann er tengt.

Ég hef stundum minnzt á það hér áður, og ég er enn þá þeirrar skoðunar, að óeðlilega rúmar fyrningarreglur hafi í för með sér ýmsar hættur. Við þekkjum sjálfsagt öll, sem eitthvað höfum fylgzt með atvinnurekstri, þá tilhneigingu, sem kannske er ekki nema mannleg, en engu að síður staðreynd, að menn reyna að haga svo sínum málum, að þeir sleppi sem léttast frá allri skattheimtu, hvort sem er til ríkis eða bæja og auðvitað alveg sérstaklega, ef þeir geta gert það með fullkomlega lögmætum hætti. En rúmar fyrningarreglur leiða iðulega til þess, að fyrirtæki og einstaklingar, sem atvinnurekstur stunda, leiðast út í óeðlilega og oft óarðbæra fjárfestingu og stuðla þannig að rýrari kjörum alls almennings og ýta undir verðbólgu. Það er t. d., hygg ég, fátt öllu óvinsælla hjá öllum almenningi, — og það ekki að ófyrirsynju, þegar menn horfa upp á það, að þeir menn, sem reka fyrirtæki t. d. í útgerð og fiskvinnslu, sem sannanlega skila jafnvel tugmilljónum í hagnað árlega, þurfa ekki að greiða neina skatta; og það er gjarnan talað um svindl í því sambandi. En oftast nær er hér auðvitað ekki um neitt slíkt að ræða, heldur eru bara þessar rúmu fyrningarreglur notaðar, og samkv. þeim ber mönnum ekki að gjalda meira, þó að þeir hafi haft mikinn gróða og hafi vel verið aflögufærir til þess að leggja eitthvað til samfélagsins, hvort sem það er ríki eða bær, sem um er að ræða. En með þessu frv. er að mínu viti svo rýmkað um fyrningarreglurnar, að það sé enn ríkari hættum boðið heim en verið hefur og miklu meiri en nokkur ástæða er til.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð að þessu sinni. Ég hef minnzt á málsmeðferðina, og ég hygg, að það hefði reynzt fleirum örðugt en mér að leggja fullnaðardóm á ákvæði þessa frv. í heild sinni, fyrr en þeir sjá, hvert stefnir, hvert áframhaldandi endurskoðun skattkerfisins leiðir, og menn hafa alla myndina fyrir sér af þeim gjöldum, sem bæði atvinnurekstrinum og einstaklingunum í landinu er gert að standa undir. En eins og ég sagði, sýnist mér þó meginstefnan í þessu frv. vera sú að koma skattheimtunni meira yfir á lágtekjur og miðlungstekjur launþega og niðurstaðan hljóti að verða sú, að með þeim hætti, sem þetta er gert, verði horfið æ meira að söluskatti, aðstöðugjöldum og öðrum gjöldum, sem einna óvinsælust eru af alveg rökréttum ástæðum meðal alls almennings. Við horfum líka fram á það, að við þurfum að lækka tolla á næstu árum og höfum skuldbundið okkur til þess, og ég get þá ekki séð, að víða sé að leita fanga í þeim efnum, nema við viljum koma á framleiðslugjöldum, sem gerðu það að verkum, að ekki væri um mismunun að ræða í tollum og framleiðslugjöldum í sambandi við skuldbindingar okkar í EFTA nema þá í auknum söluskatti og auknum aðstöðugjöldum, og það held ég, að væri engum til heilla og allra sízt atvinnurekstrinum í landinu.

En að svo komnu máli finnst mér það höfuðatriði málsins, sem ég hef reyndar margminnzt á í þessari ræðu minni, sem ekki er ýkja löng, að hér er aðeins um hluta máls að ræða, en bendi hins vegar á það, að það er ekki ætlazt til þess, að þessi lög taki gildi fyrr en á næsta ári og það beri því enga bráða nauðsyn til þess að afgreiða þetta mál nú, heldur verði það látið bíða, þangað til heildarendurskoðun á skattkerfinu öllu og tekjustofnum sveitarfélaganna liggur fyrir. Það finnst mér sjálfsögð og eðlileg krafa, sem hver sanngjarn aðili, hvort sem hann er í stjórn eða stjórnarandstöðu, ætti að geta tekið undir, og atvinnurekendur í landinu hafa reyndar gert það alveg þangað til nú síðustu dagana, þegar látið hefur verið undan flestum þeirra kröfum. En ég spyr: Bar hér aðeins að hafa samráð við atvinnurekendur? Var ekki líka einhver ástæða til þess að hafa samráð við launþegana í landinu um það nýja skattkerfi, sem hér er verið að koma á? Er það þeim alveg óviðkomandi, hvert sú stefna, sem hér er verið að móta, leiðir? Ég sé það nú — þó að ekki væri nú annað en það — að a. m. k. 10 menn í d. virðast hafa beðið um orðið eins og ég, og læt ég því máli mínu lokið.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja hv. d. með löngu máli. Ég get vissulega sagt eins og hv. síðasti ræðumaður, að ég er engan veginn undir það búinn að tala um þetta mál. Ég vil þó aðeins segja fáein orð um málið almennt, en mun ekki ræða einstök atriði þess að neinu ráði, enda er það auðvitað ógerningur, eftir að málið í sinni núverandi mynd hefur aðeins legið nokkrar — örfáar — stundir á borðum hjá okkur þm. og þó að hæstv. ráðh. gæfi nokkrar skýringar í framsöguræðu sinni, þá var það vitaskuld ekki nægilegt til þess, að það sé hægt að átta sig fullkomlega á þessu máli, þannig að maður geti rætt það í einstökum atriðum.

Ég efast ekki um það, að í þessu frv. séu viss atriði, sem horfa til bóta og eiga rétt á sér, og sama máli gegnir um sitthvað, sem kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. Ég get tekið undir sum þau atriði,

sem þar komu fram, og ég tel, að þau atriði sum hver séu þess eðlis, að þau þurfi vel að athuga. En ég tel, að vinnubrögðin í þessu máli séu á þann veg, að það sé mjög athugavert. Og ég verð að segja það, að ég er andvígur þessu máli í heild, eins og það liggur nú fyrir. Bæði tel ég, að það sé byggt á röngum grundvelli, vinnubrögðin óforsvaranleg og eins, að meginstefnu til byggt á röngum grundvelli. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um það, enda yrði það að sumu leyti endurtekning á því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, þ. e. að það liggur ljóst fyrir, að þeirri n., sem falið var að endurskoða skattalögin, var gefið ákveðið erindisbréf. Hún átti ekki aðeins að endurskoða þann þátt þess máls, sem hér liggur fyrir, heldur átti hún að endurskoða skattkerfið í heild m. a. með það fyrir augum að gera það einfaldara. Og hvað sem um skattkerfið má nú segja, þá býst ég við, að það geti flestir verið sammála um það, að það sé þörf á því að gera okkar skattkerfi einfaldara en það er.

Það hefur margoft verið minnzt á það hér og rakið, að skattarnir, sem lagðir eru á skattþegna, einstaklinga og félög, eru orðnir æðimargir, og það hefur sífellt hnigið meira í það horf, að það hefur verið bætt við nýjum og nýjum sköttum. Fróðir menn geta talið upp, að ég hygg, upp undir 30 skatta, sem lagðir eru á. Það er auðséð, að það er lítil skynsemi í slíkum vinnubrögðum, og það mundi horfa til bóta á margan hátt, þótt ekki væri annað að gert en steypa þessum sköttum saman með einhverjum hætti. Og ég geri ráð fyrir því, að þessari n., sem falið var að endurskoða skattkerfið, hafi m. a. verið ætlað það hlutverk. Því hlutverki hefur hún ekki lokið. En aðalatriðið er auðvitað þó það, að það er ekki hægt að taka svona einn þátt út úr og taka hann einn til endurskoðunar. Þessi mál eru þannig vaxin, að það þarf að líta á þau öll í heild. Það er ekki aðeins hægt að líta á skattamál félaga út af fyrir sig. Það verður að líta á skattamál félaga og einstaklinga saman í einni heild. Það er ekki hægt, svo að sæmileg niðurstaða fáist, að líta á skattamál ríkisins ein út af fyrir sig, heldur verður líka að líta á tekjuöflunarleiðir sveitarfélaga, og þetta allt verður að skoða í samhengi og ef ekki er litið á þetta í heild, þannig að heildarmynd fáist af þessu, þá álít ég, að alltaf sé hætta á því, að úr athugn verði nokkur óskapnaður. En af einhverjum ástæðum hefur þessi n., sem átti að inna þetta verkefni af hendi, ekki farið eftir sínu erindisbréfi, heldur hefur hún tekið þarna einn þátt út úr, aðallega að því er virðist skattamál félaga, en þó líka tekið þar með nokkur einstök atriði, tæplega þó að því er maður getur séð í fljótu bragði eftir nokkru ákveðnu kerfi, og það hefur verið sett saman nýtt frv., og það frv. var svo lagt fram.

En þó að mér gangi heldur erfiðlega að sjá nokkurt ákveðið kerfi í þessu, þá lá það þó fyrir, þegar frv. var lagt fram, og kom fram í grg. með því, að það markmið, sem stefnt var að með því frv., var það, að það átti að bæta stöðu atvinnurekstrarins. Það skilst mér, að hafi verið það höfuðmarkmið, sem átti að liggja til grundvallar því, að þetta frv. var lagt fram. En það virðist hafa tekizt heldur óhönduglega, því að svo vildi til, að eftir að frv. hafði verið lagt fram, risu þeir upp, sem áttu sérstaklega að njóta góðs af þessu frv., og lýstu sig, að því er mér skilst, andvíga því og lögðust eindregið gegn því, að það gengi fram í þeirri mynd, sem það lá fyrir. Hæstv. fjmrh. lýsti því yfir áðan, sem skynsamlegt var, að þegar svo var komið, þá hefði sér vitaskuld ekki dottið í hug að knýja frv. fram, og ég held nú, að það hafi verið öllum fyrir beztu, að þá hefði þetta frv. verið kistulagt. En einhverjir áhugamenn virðast hafa gengið í málið, og því hefur verið, eins og gerð hefur verið grein fyrir og fram lögð þskj. bera með sér, gerbylt og algerlega umsteypt í meðferð hv. Nd.

Hæstv. fjmrh. segir, að atvinnurekendur vilji nú við una þá gerð frv., sem fyrir liggur, og dreg ég það ekki út af fyrir sig í efa, þó að það liggi hins vegar ekki fyrir, og ég held, að það hafi ekki komið fram í ræðu hæstv. fjmrh. að þeir legðu nokkra sérstaka áherzlu á að knýja það fram á þessu þingi, enda liggur það í hlutarins eðli, að það getur í raun og veru naumast átt sér stað, þar sem þetta frv. er með því marki brennt eins og fleiri, sem við erum að afgreiða um þessar mundir, að því er ekki ætlað að öðlast gildi fyrr en um næstu áramót, þannig að satt að segja sér maður litla ástæðu til þess að knýja sum þeirra mála fram í þessum önnum þingsins síðustu daga. En látum svo vera. Ég læt það liggja á milli hluta, hver afstaða atvinnurekenda er til þessa máls.

Ég neita því ekki, að það getur verið ástæða til þess og er ástæða til þess sjálfsagt að líta á skattamál atvinnurekstrarins þ. á m. skattamál félaga. Ég geri ráð fyrir því, að það sé sannmæli margra, að það þurfi að vinna að því að bæta stöðu atvinnuveganna. Og það er vissulega rétt, sem hv. síðasti ræðumaður hér drap á, að það stendur sjálfsagt heilbrigðum atvinnurekstri í mörgum tilfellum mjög fyrir þrifum hér, að það hefur ekki tekizt að safna nægilegu eigin fjármagni í þeim. En ég leyfi mér að draga í efa, svo að ekki sé meira sagt, að skattamál atvinnurekstrarins — skattamál félaga — eigi mikinn þátt í því. Ég held, að þar séu að verki og hljóti að vera að verki ýmsar aðrar ástæður en það, að félögin og atvinnureksturinn hafi greitt svo mikið í beinum sköttum til ríkissjóðs. Ég held, að staðreyndin sé sú, að það eru ekkert óskaplegar upphæðir, sem atvinnureksturinn og félögin í landinu hafa greitt til ríkissjóðs í beinum sköttum.

Ég held, að það sé staðreynd, sem ekki verður vefengd, að hlutdeild félaga í beinum skatti til ríkissjóðs miðað við einstaklinga hefur farið stórkostlega minnkandi á undanförnum árum. En hlutdeild einstaklinganna hefur hins vegar farið vaxandi, og ég held, að það sé svo komið, að beinir skattar á einstaklingum séu mjög umtalsverðir og það þurfi einmitt sérstaklega að hyggja að því, hvort það þarf ekki að slaka á þar. Ég hefði haldið, að það hefði átt að verða eitt af fyrstu verkefnum

þessarar n. að taka einmitt það atriði til meðferðar, því að sannleikurinn er sá, að þeir skattstigar, sem hér eru í gildi, eru miðaðir við allt aðrar krónur og allt aðrar tekjur í krónum talið en nú eru, þannig að ef það ætti að vera eitthvað svipað og það var í reyndinni, þegar þeir skattstigar voru settir á, þá þyrfti vitaskuld að verða mjög veruleg breyting þar á, því að þær tekjur, sem nú lenda uppi í hátekjuskatti, sem kallaður var — þeim skattstiga — eru ekki í reyndinni nú orðnar neinar hátekjur.

Ég held þess vegna, að það hefði verið brýnt verkefni og jafnvel enn brýnna verkefni að athuga skattamál einstaklinganna en félaganna, og er ég þó ekki að hafa á móti því, að skattamál félaganna séu skoðuð. En jafnframt því, sem þarf að athuga skattamál einstaklinganna, skatta einstaklinganna og skatta félaga, sem ganga til ríkissjóðs, þá er hitt auðvitað alveg óhjákvæmilegt, eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. gerði hér grein fyrir áðan, að líta á tekjustofna sveitarfélaga, því að þetta allt hangir saman. Það er ákaflega lítill hagur af því eða léttir að því fyrir einstaklinga eða félög að fá létt af svo og svo miklu af sköttum til ríkissjóðs, ef þeir svo verða að taka á sig þeim mun fleiri skatta til sveitarfélaga. Þetta mál verður sem sé allt að athuga, og ef það er ekki gert, þá verður varla lag á þeirri athugun.

Þetta vildi ég segja um þetta, og þetta eru í stuttu máli ástæðurnar fyrir því, að ég get ekki fylgt þessu máli eins og það liggur fyrir, af því að ég tel rangt að taka út úr svona einn þátt þess. Ég tel, að það verði að taka allt saman til endurskoðunar, og ég tel, að dráttur á þeirri endurskoðun verði ekki til baga, vegna þess að þessu frv., ef að lögum verður, er, hvort sem er, ekki ætlað að koma til framkvæmda fyrr en um næstu áramót. Og ég verð að ætla, að þessari skattanefnd, sem þegar hefur haft æðilangan tíma til að vinna það verk, sem henni var sett fyrir, ætti ekki að vera það ofraun að skila af sér öllu verkinu, þannig að það geti legið fyrir næsta þingi og þá væri hægt að líta á þessi mál öll í heild. Og ég held, að það hljóti að vera eina rétta leiðin.

Ég skal að vísu játa, eins og ég hef þegar sagt, að það eru einstök atriði í þessu frv., sem vafalaust eru til bóta. Ég býst við því, að þarna séu ákvæði um fyrningar, sem eru eðlileg — a. m. k. eitthvað í þá átt. Eins geta reglur um endurmat eigna og því um líkt átt fullan rétt á sér. Og auðvitað er það, að það er sjálfsagt, að það þarf að leiðrétta skattfrádráttinn og þá skattvísitölu, sem gildir í því sambandi. Og í þessu frv. er nokkuð gengið í þá átt. En ég tel þó ekki nægilega langt gengið. Í því sambandi vil ég taka það fram, að ég álít það ákaflega vafasamt að ætla að fara að hringla með skattvísitölu á hverju ári, eins og mér skilst, að sé gert ráð fyrir hér í þessu frv., að Alþ. eða fjárveitingavaldið fari að ákveða hana á hverju einasta ári. Ég held, að það eigi að finna einhvern mælikvarða í þessu efni og miða við hann, en það eigi ekki að fara að haga því til svona eftir einhverjum hentugleikasjónarmiðum á hverju ári í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, hver skattvísitalan eigi að vera. Ég vara eindregið við því að taka upp þá reglu. Mér sýnist hún geta orðið dálítið hættuleg.

Eins og þegar hefur verið tekið fram, hefur þessu frv. verið umsteypt, og það liggja nú fyrir hér tveir stórir bálkar, sem maður verður að lesa saman til þess að fá rétta mynd af því, og ég hef ekki treyst mér til að gera það. En þar af leiðir líka, að maður getur stundum verið í vafa, hverju hefur verið breytt frá upphaflega frv. og hvað stendur eftir af því, sem þar var gert ráð fyrir. Í upphaflega frv. voru ákvæði t. d. varðandi varasjóði, sem ég gat ekki fellt mig við. Það má vel vera, að það sé búið að breyta því að einhverju leyti. Í upphaflega frv. voru ákvæði varðandi arðsúthlutun til hluthafa, sem ég gat ekki fellt mig við. Einhver breyting hefur orðið á í því efni, en þó hygg ég, að það gildi nú að talsverðu leyti enn. Í upphaflega frv. var gert ráð fyrir því svona hálfpartinn, að ég held, að útrýma sameignarfélögum, a. m. k. í skattalegu tilliti og þá í reyndinni alveg, en mér skilst, að það hafi verið gerð tilslökun á því. Það held ég, að sé líka rétt. Ég held, að það sé ekki ástæða til þess að amast við sameignarfélögum. Hitt er annað mál, að það getur verið þörf á því að setja lög og reglur um þann félagsskap, og það þarf vitaskuld að gera.

Mér skilst, að það sé byggt á því í þessu frv. eða hafi a. m. k. verið upphaflega á því byggt að mismuna atvinnurekstri dálítið eftir því, í hvaða formi hann var rekinn. Nú verð ég að biðja afsökunar, ef þetta er misskilningur hjá mér. Hann byggist á því, að ég hef ekki haft aðstöðu til að lesa þetta nægilega vel. En mér skilst sem sé, að að vissu leyti hafi verið ýtt undir það, að atvinnurekstur væri rekinn í formi hlutafélaga. Ég er alls ekki tilbúinn til þess að samþykkja það, að það eigi endilega að stefna að því, að atvinnurekstur sé rekinn í formi hlutafélaga. Ég álít, að einstaklingar og sameignarfélög, þar sem um ótakmarkaða ábyrgð er að tefla, eigi vissulega að fá að njóta jafnræðis á við hlutafélög. Það getur vel verið, að það eigi við í sumum tilfellum og það sé nauðsynlegt að grípa til hlutafélagsforms, þegar um stóratvinnurekstur er að ræða. Það viðurkenni ég. En ég held, að á ýmsum sviðum sé engin sérstök ástæða til þess að ýta undir það rekstrarform fremur en önnur. Ég er ekkert að amast við því heldur. En þó er það svo, að áður en ætti að fara að veita hlutafélögum sérstök fríðindi og réttarstöðu betri en þau hafa nú, þá vil ég fyrir mitt leyti leggja höfuðáherzlu á, að það þyrfti vissulega að endurskoða hlutafélagalögin, vegna þess að það er ýmislegt, sem þar þarf frekari skoðunar og athugunar við.

Þetta voru nú aðeins nokkur almenn atriði, sem ég vildi drepa hér á við 1. umr. Að sjálfsögðu verður þetta athugað í þeirri hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, þó að við því megi búast, að henni gefist takmarkaður tími til að athuga málið, ef það er virkilega meiningin að knýja það fram. En ég held, að það væri ástæða til þess að beina því enn af fullri alvöru til hæstv. fjmrh. og ríkisstj. að athuga um

það, hvort það er nokkur ástæða til þess að vera að leggja áherzlu á að knýja þetta mál fram, eins og það nú liggur fyrir, og ég vil jafnvel segja, eins og það er úr garði gert. Því að þó að mér hafi ekki gefizt tóm til að lesa þetta vandlega, þá sé ég það, að þetta frv. er — ja, ég vil segja frá lagatæknilegu sjónarmiði — dálítið einkennilega úr garði gert. Ég rek t. d. strax augun í það, að í því plaggi, sem hefur verið útbýttt eftir 2. umr. í Nd., þá er 4. gr. þrjár bls. Ég hef sjaldan vanizt því að sjá lagagr. svona. Þetta er ritgerð, en ekki lagagr. Og það er annar háttur en er í lagasetningu, ef það á að fara að taka upp á því að gera lög þannig úr garði. Og ég held fyrir mitt leyti, að það sé ekki heppilegt að hafa þann hátt á. Og ég held, að þessi gr. sé ekkert einsdæmi í þessu. Mér sýnist 12. gr. vera hálf þriðja bls. og fleira er af því tagi í því plaggi, sem útbýtt hefur verið hér eftir 3. umr. í Nd. Þá er 9. gr. Ég sé ekki betur en hún sé líka um þrjár bls. Ég held, að þetta hafi ekkert illt af því að vera athugað svolítið betur.

Ég verð satt að segja að furða mig líka á einum ummælum, sem komu fram hjá hæstv. fjmrh. Hann lét þess getið, að hann hefði sagt, þegar hann lagði málið fyrir í hv. Nd., að þetta frv. væri úr garði gert eins og embættismannanefndin hefði gengið frá því, og mér skildist, að hann með því vildi segja það, að þetta væri í raun og veru verk embættismannanefndarinnar eða a. m. k. hefði stjórnin ekki gert þetta að sínu máli. Þess vegna veittist honum ákaflega auðvelt að sætta sig við allar þær breytingar, sem orðið hafa á þessu frv. En ég hélt satt að segja, að skattamálin væru einhver allra pólitískustu málin, og ég verð að segja, að það er eitthvað einkennilegt, ef ein ríkisstj. hefur ekki nokkuð ákveðna stefnu og sjónarmið í því, hvernig hún vill skipa þeim málum. Það má vera, að ég hafi misskilið hæstv. fjmrh. að þessu leyti, en ef ég hef skilið hann rétt, þá finnst mér þetta einkennileg yfirlýsing. Ég hefði haldið, að það, sem lagt er fram sem stjórnarmál og stjfrv. í skattamálum, yrði að líta á sem stefnu ríkisstj. í þeim málum. (**BJ:** Ef embættismennirnir stjórna fyrir ríkisstj.) Já, ég hef nú staðið í þeirri meiningu, að embættismenn og sérfræðingar ættu að vera ríkisstj. til aðstoðar, en ríkisstj. ætti síðan að taka ákvarðanir, og það vil ég vona, að eigi sér enn þá stað.

En ég held satt að segja, — þó að ég efist ekki um og reyndar veit það, að það eru ágætir embættismenn, sem hafa unnið að þessu frv. — að þeim hafi verið gefinn fulllaus taumurinn í þessu efni. Og ég held, að það hefði verið eðlilegra að leggja eitthvað nánar línurnar fyrir þá, og þá efast ég ekki um það, að þeir hefðu getað gengið frá málinu í sæmilegum búningi og athugað það þannig. En hitt vekur náttúrlega furðu, ef embættismenn eiga að fara að móta stefnu í þessum málefnum. En ég endurtek það, sem ég hef áður sagt, að það væri öllum fyrir beztu, að þetta mál fengi að sofa til næsta Alþ. og þó ekki sofa, heldur væri athugað í n., sem um það fjallar. Það má vera, að það séu einstök atriði í þessu, sem þurfi að koma fram, og þá held ég, að það ætti að vera einfalt að taka þau út úr. En ég vil vænta þess, að hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, taki það rækilega til athugunar þrátt fyrir þá tímaþröng, sem nú er orðin, en láti þetta ekki ganga alveg óathugað í gegn.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Varðandi það atriði, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði síðast í máli sínu um undirbúning málsins og hvort sérfræðingum hefði verið afhent sjálfdæmi um það, vil ég taka það fram, sem ég hélt, að ég hefði gert mjög skýrt í frumræðu minni, að ég lít á erindisbréf embættismannanefndarinnar sem pólitíska stefnumörkun í því, hvaða árangri ríkisstj. vilji ná með endurskoðun skattal. Hitt hygg ég, að öllum þdm. sé mjög ljóst, að skattalög eru geysilega tæknilegs eðlis, og það var af þeim ástæðum, sem rétt þótti að skipa í þetta n. hinna færustu manna, þannig að sem bezt næðist sá árangur, sem að var stefnt með þeirri pólitísku stefnumörkun, sem ég tel, að ríkisstj. hafi gefið í þeim tveimur erindisbréfum, sem hér hefur margsinnis verið vitnað til bæði af mér og öðrum hv. þm. Að svo miklu leyti sem embættismannanefndinni var settur sá verkahringur með þeim bréfum, hefur hún starfað í samræmi við þá pólitísku stefnumörkun, sem ég gat um.

Ég held ekki, að embættismannanefndin hafi tekið neitt vald af ríkisstj., og sannast sagna var ekki með góðu móti hægt að hafa önnur vinnubrögð en þessi. Og því til viðbótar var það gert, sem ég gat um í minni frumræðu, sem e. t. v. hefur þó ekki verið í nægilega ríkum mæli hægt að koma við, þar sem till. voru ekki nægilega snemma tilbúnar, að þm. var gefinn eða það átti a. m. k. að gefa þeim kost á að fylgjast með málinu og gera sér grein fyrir því í einstökum atriðum, áður en það kæmi fyrir þing vegna þess, hversu flókið það væri. Þó að það hafi komið í ljós við athugun málsins hér á þingi og við samráð, sem haft hefur verið við atvinnurekendasamtökin, að á því hafi verið gerðar veigamiklar breytingar, þá tel ég ekki, að það beri vott um það, að höfð hafi verið að engu þau meginsjónarmið, sem mörkuð voru í erindisbréfum í sambandi við endurskoðun l. Þvert á móti við það samráð, sem fjhn. Nd. og embættismannanefndin hafa haft sín á milli annars vegar — og ég hef mjög gjarnan fylgzt með — og fulltrúar atvinnuveganna hins vegar, þá hygg ég, að allar þær breytingar, sem gerðar hafa verið, séu innan þeirra pólitísku stefnumarka, sem sett voru af minni hálfu með þeim erindisbréfum, sem embættismannanefndin upphaflega fékk. Og þetta veit ég raunar, að hv. þdm. allir skilja, að það er auðvitað útilokað annað en undirbúa málið með þessum hætti, og ég tel, að það hefði ekki verið annað en þvermóðska af minni hálfu að fallast ekki á neinar breytingar á þessu frv., ef hægt væri að koma þeim við með þeim hætti, að megintilganginum með löggjöfinni og endurskoðun hennar væri engu að síður náð.

Um það atriði, hvort frv. sé illa undirbúið eða ekki, get ég aðeins sagt það, að málið er ekki verr undirbúið tæknilega og lögfræðilega en það, að einn mjög mætur hæstaréttardómari hefur unnið mjög nákvæmlega með embættismannanefndinni að því að semja þessar frumvarpsgreinar. Það getur vel verið, að þær séu langar og lengri en í öðrum lagafrumvörpum. Ég skal ekkert um það segja. En ég tel mig a. m. k. þess ekki umkominn að gagnrýna það lögfræðilega, sem sett hefur verið saman í samráði við þann mæta og ágæta dómara.

Ég skal ekki lengja mikið þessar umr., enda sé ég enga ástæðu til þess að gagnrýna sérstaklega það, sem fram hefur komið frá hv. þm. hvorum um sig. En það er alveg rétt, að það vantar heildarmynd af þessu vandamáli, og það sagði ég í minni framræðu. Ég tel hins vegar, að það sé mjög mikilvægt einmitt til þess að átta sig á skoðunum Alþ. á framhaldi þessa máls, að þetta frv. fáist samþykkt, sem hér liggur fyrir. Hv. 1. þm. Norðurl. v. taldi það ótrúlegt, að samtök atvinnuveganna eftir fyrri afstöðu sína til þessa máls legðu nokkra sérstaka áherzlu á, að það næði fram að ganga. Af þessu tilefni vildi ég leyfa mér að lesa hér stutt bréf, sem mér hefur borizt frá þeim, sem þannig hljóðar:

„Undirrituð landsssamtök atvinnuveganna, sem haft hafa til umsagnar frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt, leggja áherzlu á, að frv. nái fram að ganga á þessu þingi. Fulltrúar samtakanna hafa átt ítarlegar viðræður við formann fjhn. Nd. Alþ. og fulltrúa embættismannanefndar þeirrar, sem stóð að samningu frv., og treysta samtökin því, að árangur þeirra viðræðna verði sá, að á frv. verði gerðar þær breytingar, sem samtökin telja viðunandi. Sérstaklega vilja samtökin benda á, að aðild Íslands að EFTA geri breytingar á skattalögum brýnni og með þeim sé unnt að efna að nokkru þau fyrirheit, sem gefin voru í sambandi við inngöngu Íslands í EFTA."

Undir þetta skrifa Félag ísl. iðnrekenda, Landssamband iðnaðarmanna, Landssamband ísl. útvegsmanna, Verzlunarráð Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og — að því er mér hefur verið tjáð — hefur einnig verið haft samráð um þetta álit við Samband ísl. samvinnufélaga, þó að það skrifi hér ekki undir, en þá hefur það tekið þátt í þessari samvinnunefnd atvinnuveganna um skattamálin.

Það er einnig hárrétt hjá hv. 4. þm. Norðurl. e., að það er ekkert í þessu frv., sem gerir skattkerfið einfaldara. Það er rétt athugað, enda er því ekki haldið fram, heldur tók ég það fram og hef hvað eftir annað gert það hér í þessari d. og áður í hv. Nd., að það væri vandamál í framhaldi af þessu, sem þyrfti að sinna. Embættismannanefndin hefur gert bráðabirgðaathuganir á því máli, þannig að það er alls ekki svo, að því hafi ekki verið sinnt, þó að ekki liggi fyrir um það formlegar till., en það er það langt komið, að ekki á að vera ýkja mikil vinna að gera sér grein fyrir þeim vandamálum, sem menn standa þar andspænis. (**BJ**: Hæstv. ráðh. las ekki fyrsta atriðið í erindisbréfinu . . .) Nei, það var ekki fyrsta atriðið. Það átti að halda áfram og ljúka endurskoðun á því frv., sem lá fyrir þinginu í fyrra. Þetta var framhaldserindisbréf, þannig að það var ekki svo. (Gripið fram í.) Já, það hefði vissulega mátt verða númer eitt, en málið var upphaflega tekið upp á þessum grundvelli, sem ég held, að hafi ekki verið óeðlilegt. Í sambandi við inngöngu okkar í EFTA var nauðsynlegt að taka sérstaklega upp þessi skattamál atvinnurekstrarins, og þess vegna var byrjað á þeim. Það var upphafið að þessu máli öllu saman. Það var svo í rauninni í framhaldi af þessu, að athuganirnar á staðgreiðslukerfinu leiddu ótvírætt í ljós, — a. m. k. að minni skoðun — að það sé útilokað að taka upp staðgreiðslukerfið nema gerbreyta skattkerfinu, þannig að það verði miklum mun einfaldara en það er nú.

Ég skal ekki ræða sérstaklega hér einstök atriði svo sem arðjöfnunarsjóðinn og varasjóðinn að öðru leyti en því, að í sambandi við það, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. spurði um, þá er það rétt, að arðsúthlutun hefur verið breytt allverulega frá því, sem var í upphafi í frv. Hvort það er komið í það horf, sem hann telur viðhlítandi, skal ég ekki um segja. En það hefur orðið samkomulag um það að segja við fulltrúa atvinnuveganna, að það væri eðlilegt, að formið væri með þessum hætti, og þar sem arðsúthlutunin er í rauninni takmörkuð meir en gert var ráð fyrir í frv., þá hygg ég, að hv. þm. mundu telja, að það væri til bóta. Sameignarfélögin eru einnig við lýði, sem ekki var gert ráð fyrir, en ástæðan til þess, að gert var ráð fyrir að fella þau niður, voru þau sérstöku fríðindi, sem þetta félagsform naut. Það var alls engin ástæða til þess að hafa á móti því, að menn rækju sín fyrirtæki í sameignarfélagsformi, ef þeir vildu. Það var alls ekki bann við því, heldur við því, að sameigendurnir yrðu skattlagðir sem einstaklingar. Um varasjóðina er einnig það að segja, að þeir standa eftir sem áður, þannig að það er hægt fyrir hin einstöku atvinnufyrirtæki að ráða því, hvort þau hafi varasjóðsfyrirkomulagið eða ekki.

Varðandi það atriði, að frv. byggðist á því að mismuna atvinnurekstrarformum, sem einnig hv. 4. þm. Norðurl. e. kom inn á, þá er það ekki rétt nema að sáralitlu leyti. Atvinnurekstrarformum hefur að vissu leyti alltaf verið mismunað, og það er ekki aukið í þessu frv., t. d. gilda allar fyrningarreglur með sama hætti, um hvaða form sem er. Það eina, sem má segja, að sé mismunun — ég held, að það sé rétt með farið — er það, að hinn skattfrjálsi arður getur að sjálfsögðu ekki orðið öðrum að gagni en þeim, sem eiga hlutabréf. Það er rétt. En ef við eigum að stefna inn á þær brautir, sem ég gat um, þ. e. að koma hér upp stórrekstri, þá er það alveg sjáanlegt, að það verður að vera í hlutafélagaformi, og veruleg innborgun fjár í atvinnurekstrinum fæst naumast nema með þessum hætti, þannig að ég held, að eins og allar aðstæður eru, sé það ekkert sérstakt, sem knýr menn til að breyta núverandi fyrirtækjum í hlutafélög, nema þeir hugsi sér að stækka þau mjög verulega. Þetta held ég, að sé

naumast hægt fyrir einstaklinga nema þá mjög fjársterka einstaklinga án þess að koma þeim í hlutafélagaform. Enda er það þannig í öllum löndum yfirleitt, þar sem a. m. k. er þróaður iðnrekstur, að öll meiri háttar fyrirtæki eru í hlutafélagaformi, þó að auðvitað fjöldi einkafyrirtækja sé til, en það er allt minni rekstrareiningar.

Varðandi rýmkun fyrninganna má náttúrlega endalaust um það deila, en þar er um að ræða leið til þess að stuðla að samansöfnun fjár í fyrirtækjunum, sem gerir þeim útþenslu auðvelda, og það má segja, að það sé kjarni þessa frv. að auðvelda fyrirtækjunum að byggja sig upp fjárhagslega, sem ég hygg, að við í rauninni getum verið sammála um, að sé nauðsynlegt. Vera má að þetta verði til þess að þyngja eitthvað skatta á öðrum aðilum eða taka verði upp nýja skatta. Það má gera ráð fyrir, að það geti orðið að einhverju leyti. En að það komi niður á einstaklingunum almennt og þyngi skattbyrðar þeirra, það er ég í miklum vafa um vegna þess m. a., að ef hægt er að hlúa nógu vel að fyrirtækjum í landinu, þá mundi ég álíta, að það skapaðist betri aðstaða fyrir þau t. d. til að greiða hærri laun. Ég tel það fyrirkomulag æskilegra að reyna að efla fyrirtæki þannig, að þau geti orðið þess umkomin að greiða starfsmönnum sínum laun fremur en taka af þeim fé, þannig að þau geti ekki staðið undir eðlilegum launagreiðslum.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja frekar um þetta mál. Þess gerist ekki þörf. Það voru mjög hógværar og efnislegar ræður, sem báðir hv. ræðumenn fluttu, sem um þetta mál hafa hér talað, og það er ósköp eðlilegt, að þeir telji erfitt að ræða um málið, án þess að það hafi verið athugað í n. hér. Ég veit, að það er orðinn naumur tími til þess, og það kann að vera, að einhver vanhöld hafi orðið á því, að menn bæru saman bækur sínar í n. svo sem var í rauninni óskað eftir í upphafi. En hins vegar vona ég þó, að hv. fjhn. þessarar d. geti fyrir sitt leyti fallizt á, að sú mikla vinna, sem unnin var í Nd. í þessu efni, hafi orðið til þess að auðvelda málið og gera það aðgengilegra, þannig að von mín er sú, að hv. n. sjái sér við nánari athugun málsins fært að mæla með því án þess að gera á því nokkrar breytingar, sem máli skipta a. m. k., þannig að ekki verði teflt í tvísýnu í því, að það nái fram að ganga á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 90. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 743, n. 759 og 762, 763).

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta mál til meðferðar, og hafa á fundi með n. mætt þeir Jón Sigurðsson ráðuneytisstjóri, formaður n. þeirrar, sem undirbjó frv., og Sigurbjörn Þorbjörnsson ríkisskattstjóri, sem gáfu n. ýmsar verðmætar upplýsingar um málið og undirbúning þess. En eins og nál. þau, sem útbýtt hefur verið, bera með sér, hefur n. ekki náð samstöðu um málið, þannig að við, sem að meiri hl. nál. á þskj. 759 stöndum, leggjum til, að það verði samþ. óbreytt, en aðrir hv. nm. leggja til, að málinu verði vísað frá með rökstuddri dagskrá, en flytja auk þess sérstakar brtt. við það til vara, að mér skilst, ef hin rökstudda dagskrá félli, en fyrir því mun verða gerð grein í framsöguræðu þeirra.

Hér er um mjög tæknilegt málefni að ræða, og ég mun ekki fara út í það að ræða frv. í einstökum atriðum. Ég býst við, að lítið mundi verða á slíku að græða fyrir þá hv. þdm., sem ekki hafa haft nema lítinn tíma til þess að kynna sér málið, en varðandi þá, sem þrátt fyrir annríkið hafa getað gefið sér til þess tíma, þá ætti slíkt að vera óþarft. Eins og fram hefur komið og hv. þdm. er kunnugt, fjallar þetta frv. aðallega um skatta fyrirtækja, en þó eru það einstök atriði frv., sem snerta skatta einstaklinga. Ef ég nefni þá það helzta eða mikilvægustu atriðin, sem að mínu áliti er breytt með þessu frv., skal ég taka það fram, að auðvitað verður það matsatriði, hvað sé mikilvægt og ekki mikilvægt í því sambandi. Það vill gjarnan vera þannig, að þegar um breytingar á skattalögum er að ræða, þá telur hver einstakur þau atriði mikilvæg, sem fyrst og fremst snerta skatta hans og skjólstæðinga hans, en önnur atriði lítilvægari, svo að í því efni er auðvitað ekki hægt að kveða upp neinn Salómonsdóm, en ég skal aðeins gefa stutt yfirlit yfir þau atriði eða þær breytingar frá gildandi l., sem frv. hefur í för með sér, og ég tel þýðingarmestar.

Varðandi einstaklingana má í fyrsta lagi nefna það, að samkv. ákvæðum frv. verða tekjur barna á framfærslualdri skattlagðar vægar en er samkv. gildandi l., en samkv. þeim ber að fullu að telja foreldrum til tekna tekjur barna á framfærslualdri, en nú er heimilaður samkv. 2. gr. frv. nokkur frádráttur þar frá.

Annað atriði, sem sér í lagi snertir einmitt einstaklingana, er það, að mörk þeirrar eignar, sem skattur er lagður á, eru hækkuð mjög verulega frá því, sem er í gildandi l. Þetta má telja nauðsynlegt með tilliti til hins nýja fasteignamats, sem tekur gildi fyrri hluta þessa árs, þannig að ef slík breyting væri ekki gerð, mundi það þýða mjög tilfinnanlega skattahækkun t. d. á öldruðu fólki, sem litlar tekjur hefur, en á fasteignir. Hygg ég, að flestir eða allir hv. dm. mundu vera sammála um, að slíkt væri ekki sanngjarnt. Enn fremur hefur á síðustu stundu í hv. Nd. verið skotið inn brtt., þar sem heimilað er framvegis að veita öldruðum, sem eru orðnir 67 ára að aldri, ákveðinn frádrátt frá skattskyldum tekjum. Um réttmæti þessa atriðis má e. t. v. deila, þ. e. að miða í þessu efni við tiltekið aldursmark, en ég býst nú við, að þessi brtt. muni verða vinsæl, þannig að fæstir þeirra, sem í framboði verða við

komandi kosningar, mundu treysta sér til að snúast gegn því.

En eins og ég áðan sagði, þá eru það aðallega skattamál fyrirtækjanna, sem þetta frv. nær til. Upplýst hefur verið, að unnið er að víðtækri endurskoðun skattalaganna, þannig að hér er aðeins um að ræða hluta af niðurstöðum þeirrar endurskoðunar. En eins og bent hefur verið á, er það EFTA-aðildin, sem gerir það aðkallandi að afgreiða þennan þátt skattalöggjafarinnar nú þegar, og þau breyttu viðhorf fyrir atvinnureksturinn, sem EFTA-aðildin skapar. Megintilgangurinn hefur verið sá, sem ég hygg, að allir muni út af fyrir sig telja sjálfsagðan, að innlend fyrirtæki, sem nú eiga í harðari samkeppni við erlend fyrirtæki en áður, standi ekki höllum fæti í þeirri samkeppni vegna skattanna. Hitt er svo annað mál, að erfitt hlýtur að vera að gera slíkan samanburð landa á milli, en það ræði ég út af fyrir sig ekki frekar.

Varðandi þær breytingar, sem verða samkv. frv., ef að lögum verður, á skattamálum fyrirtækjanna, eru þessar að mínu áliti helztar. Nú hafa að vísu orðið mjög örar breytingar á einstökum atriðum frv. við meðferð þess í Nd., sem erfitt hefur verið fyrir þm. Ed. að fylgjast með, svo önnum kafnir sem við höfum verið, og hef ég því þann fyrirvara á varðandi það, sem ég segi, að vel er hugsanlegt vegna þess, hve erfitt hefur verið að fylgjast með hinum öru breytingum, sem orðið hafa, að eitthvað af því, sem ég segi, sé þannig á misskilningi byggt, en það yrði þá væntanlega leiðrétt í þeim umr., sem hér fara á eftir.

En hvað snertir þessar mikilvægustu breytingar, þá má í fyrsta lagi nefna fyrningarreglurnar, þ. e. að alveg nýjar reglur eru settar um þessar fyrningar og er þar komið til móts við það, sem um langa hríð hefur verið baráttumál atvinnurekstrarins, þ. e. að tekið sé í ákvörðunum um fyrningar tillit til hinna stöðugu verðhækkana, þar sem fyrning, sem miðuð er við upphaflegt kostnaðarverð, reynist algerlega ófullnægjandi, þegar að því kemur að endurnýja þessi tæki. Bráðabirgðaákvæði l. heimila samkv. þeim nánari reglum, sem um það eru settar og ég rek hér ekki, að endurmat skuli fara fram á þeim eignum, sem fyrndar eru með tilliti til hækkaðs verðlags, þannig að með því móti er leitazt við, að fyrningin sé í samræmi við raunverulegt verðmæti þessara eigna, eins og þær eru á hverjum tíma.

Í samræmi við þetta eru ákvæði um söluhagnað og skattskyldu hans. Að vísu mun þeim reglum nú hafa verið breytt í meðförum Nd. nokkuð í áttina til þess, sem fyrir var. En leitazt er við, að eftirleiðis verði a. m. k. dregið verulega úr skattlagningu þess, sem kalla mætti hreinan verðbólguhagnað. Nú kann það e. t. v. að láta illa í eyrum, að verðbólguhagnaði, eins og það stundum er kallað eða verðbólgugróða, sé hlíft við sköttum. En þá ber bess að gæta, að þessi svokallaði verðbólgugróði er ekki raunverulegur. Hann stafar ekki af því, að um raunverulega verðmætaaukningu sé að ræða, heldur aðeins breytingu á þeim mælikvarða, sem á verðmætin er lagður, svo að hér er í rauninni um gervigróða að ræða, sem ekki er sanngjarnt að skattleggja eftir sömu reglum og þegar hagnaðurinn er raunverulegur. Þær eignabreytingar, sem aðeins stafa af því, að breytingar verða á gildi peninganna, eru auðvitað ekki raunverulegar alveg á sama hátt og vegalengdin héðan og inn að Elliðaám hlýtur auðvitað að vera nákvæmlega sú sama, hvort sem hún er mæld í kílómetrum eða metrum, en þetta er að mínu áliti alveg hliðstæða við það.

Jafnhliða þessu eru rýmkaðir möguleikar á samruna fyrirtækja, án þess að til skattlagningar komi. Og sömuleiðis eru rýmkaðir möguleikar á því að hækka verð hlutabréfa að krónutölu, gefa út svokölluð jöfnunarhlutabréf, án þess að slíkt verði sérstaklega skattlagt. Þá eru enn fremur í frv. sérstök ákvæði um svokallaða arðjöfnunarsjóði og heimild fyrirtækja til þess að leggja í þá án þess að draga það frá skattskyldum tekjum, en þessir arðjöfnunarsjóðir ættu að skapa möguleika á jafnari útborgun arðs en verið hefur og ættu þannig að vera almenningi hvatning til þess að leggja fé sitt í hlutabréf.

Öll þessi atriði, sem ég hef talið, tel ég vera til bóta og gera það jafnvel nauðsynlegt, þó að hér sé aðeins um að ræða lið í heildarendurskoðun skattalaganna, að þetta frv. verði afgreitt nú, og tel ég hæstv. fjmrh. eiga lof skilið fyrir forystu sína í þessu vandasama máli og þann árangur, sem af því hefur orðið.

En þó að ég hafi ekki hugsað mér að halda hér langa framsöguræðu, þá get ég þó ekki látið hjá líða, áður en ég lýk máli mínu, að vekja athygli á enn einu nýmæli frv., sem ég tel orka enn meira tvímælis en það, sem ég hef rætt um, en vil taka það fram, að það, sem ég segi um það atriði, ber að skrifa einvörðungu á eigin reikning, en er ekki á ábyrgð hv. meðnm. minna, sem staðið hafa að sameiginlegu áliti meiri hl. En þetta atriði er skattfrelsi arðs af hlutabréfaeign að vissu marki, sem mun vera algert nýmæli í okkar skattalöggjöf, og aðspurðir sögðu sérfræðingar þeir, sem ég gat um, að hefðu komið á fundi okkar, að þeim væri ekki kunnugt um, að fordæmi væri fyrir slíku í löggjöf nágrannalandanna, en auðvitað sker það ekki úr í þessu efni. Það, sem ég hef við þetta að athuga, er, að ég tel, að þær röksemdir, sem þarna eru fyrir þessu, fái ekki staðizt. En auðvitað getur niðurstaðan átt fullan rétt á sér, þó að hún sé ekki studd hinum heppilegustu rökum, því að þessu tvennu má ekki blanda saman.

En eins og fram kemur í grg. frv., eru þau meginrök færð fyrir þessu, að það þurfi að jafna aðstöðuna milli mismunandi sparnaðarforma og þá fyrst og fremst sparifjár og hlutafjár. Þetta kann að láta vel í eyrum, að það eigi að vera jafnrétti milli hinna mismunandi sparnaðarforma, en mér hefur nú fundizt, að það sé ekki fullkomlega ljós hugsun, sem liggur því að baki, þegar talað er um

að jafna þurfi þarna skattaaðstöðuna, og undir öllum kringumstæðum er það algjörlega rangt, að það halli á hlutabréfaeigendur í þessu tilliti. Það verður með öðrum orðum að taka tillit til verðbólguskattsins, sem ég mundi vilja nefna svo, sem skerðir hér mjög hlut sparifjáreigenda. Að vísu hafa sparifjáreigendur fengið 7—9% vexti af sínu sparifé, sem eru skattfrjálsir, en árlegar verðhækkanir nema 10—15% á ári, þannig að verðbólguskatturinn hefur undanfarinn aldarfjórðung, held ég mér sé óhætt að segja, gleypt alla vextina og skert höfuðstólinn að auki. Hvað aftur á móti snertir eigendur hlutabréfa, má gera ráð fyrir því, að þeir haldi sínum höfuðstól óskertum og þó umfram það, sem afgangs verður, þegar skattur af úthlutuðum arði hefur verið greiddur. Ef um lágtekjufólk væri að ræða, sem ætti hlutabréfin, væri þessi skattur auðvitað lítill eða enginn, en getur auðvitað farið upp í allt að því um það bil 50%, ef um hátekjumann er að ræða, en það er þó alltaf helmingurinn eftir, þannig að hlutur hlutabréfaeigendanna er fyrir til muna betri en sparifjáreigenda, þannig að þetta bil er breikkað, en ekki það gagnstæða.

Annars finnst mér þetta dálítið þokukennt, eins og ég sagði áðan, þegar talað er um að jafna skattaaðstöðu hinna mismunandi sparnaðarforma. Nú má vel vera, að sú þoka sé ekki í mínum kolli fyrst og fremst, en ég vænti þá, að henni verði blásið í burtu í þeim umr., sem hér fara fram á eftir, en auðvitað er hægt að spara í fleiri formum en þeim að leggja fé inn í banka eða kaupa hlutabréf, því að sparnaður er ekki annað en eignaaukning, þ. e. að menn ráðstafa tekjum sínum til eignaaukningar fremur en að eyða þeim, og slíkt getur gerzt í margvíslegri mynd. Í sveitum landsins hefur það verið þannig um langt skeið og er enn þann dag í dag, að bændurnir spara á þann hátt, að þeir setja lömbin sín á frekar en slátra þeim. Það er þeirra sparnaðarform, svo að þá mætti alveg eins út frá þessum hugsunarhætti segja, að arður af búfé ætti í raun og veru að vera skattfrjáls, af því að vextir af sparifé séu það. Mér er ekki kunnugt um það, þó að bændurnir geri vissulega sínar kröfur eins og aðrar stéttir þjóðfélagsins — og væru sennilega flosnaðir upp af búum sínum, ef þeir gerðu það ekki — að slík krafa hafi þó nokkurn tíma komið fram frá bændunum. Í þessu sambandi vildi ég nefna það, að það er oft sagt, að það fylgi því áhætta að eiga hlutabréf. Það sama held ég gildi um búféð, því að fyrir kemur, að lömbin fara ofan í pytti eða fá bráðapest, svo að búfjáreignin hefur líka sína áhættu í för með sér, enda er þetta dálítið einkennilegt, að þegar þau rök eru færð fyrir því, að það eigi að leyfa fyrningarreglur með tilliti til síhækkandi verðs á þeim verðmætum, sem fyrnd eru, og ekki eigi að skattleggja söluhagnað, sem er verðbólgugróði, sem ég tek fyllilega undir, að réttmætt sé, þá er þetta rökstutt með verðbólgunni. En það er ekki hægt að snúa röksemdafærslunni við, þannig að þegar talað er um nauðsyn þess að gera hlutabréfaarð skattfrjálsan, er alveg strikað yfir verðbólguna og farið að álykta þannig, að hún sé ekki til.

Nú má ekki skilja þetta þannig, að ég sjái ofsjónum yfir skattfríðindum til handa eigendum hlutabréfa, því að vissulega á hlutafélagafyrirkomulagið mikilvægu hlutverki að gegna og vaxandi hlutverki í efnahagslífi þjóðarinnar að mínu áliti, en hagur hlutabréfaeigenda hefur nú þegar, eins og ég hef rakið, verið stórbættur með ýmsum ákvæðum þessa frv. Mikið álitamál er, hvort út á þessa braut á að fara, en eins og ég sagði, er ég í sjálfu sér ekki að amast við slíkum skattfríðindum að vissu marki, en vil aðeins í framhaldi af því, sem ég sagði hér fyrir nokkrum dögum í hv. d., þegar frv. um lántökuheimild ríkissjóðs vegna framkvæmdaáætlunar var til umr., aftur koma að því, sem ég þá drap á, að ég tel, að þessi hugsun sé hættuleg, því að ef ályktanir væru dregnar af henni út í æsar, þá mundi það í rauninni leiða til þess, að það ætti annaðhvort að afnema eða a. m. k. takmarka mjög þau skattfríðindi, sem sparifé nýtur nú, en með því yrði rofinn sá öflugasti varnargarður, sem við höfum nú gegn óðaverðbólgu.

Hér kemur til sú meinloka, sem mér hefur stundum fundizt, að væri í höfði margra mætra manna, sem með skattaeftirlit fara, en hún er sú að hugsa þannig, að ef menn sviki tekjur sínar undan skatti, þá geti þeir ekkert annað gert við þessar tekjur en leggja þær inn í banka. Ef þessari leið væri lokað með einhverju móti, mundu þessir hinir sömu ekki hafa nein úrræði önnur en verða löghlýðnir þjóðfélagsborgarar og telja þetta fram og labba með peningana í Gjaldheimtuna eða á tollstjóraskrifstofuna. En trúir þessu bara nokkur maður, ef betur er að gáð? Maður gæti hugsað sér, að bönkum og lánastofnunum væri gert það að skyldu að skila á hverjum degi skýrslu til skattyfirvalda um það, hverjir hefðu lagt inn í bankann og hvað miklar fjárhæðir þeir hefðu lagt inn. Öllum mundi verða ljóst, hvaða truflun það mundi hafa í för með sér fyrir bankastarfsemina. En dettur nokkrum manni í hug, að þetta út af fyrir sig væri spor í átt til þess, að hægt væri að hafa betra eftirlit með því, að menn svikju ekki tekjur sínar undan skatti? Auðvitað mundu menn gera það eftir sem áður. Að vísu mundu þeir, sem kunna þar til verka, gæta þess, að bankareikningarnir kæmu ekki í bág við það, en það eru aðrir möguleikar en þessir tveir til að ráðstafa peningum, þ. e. að leggja þá inn í banka eða eyða þeim í Gjaldheimtuna. Það nærtækasta er það, að það er hægt að eyða peningum — gera sér glaðan dag fyrir þá, en ef menn eru svo sparsamir, að þeir vilja auka eignir sínar, þá eru auðvitað þúsund leiðir til þess aðrar en sú að leggja peningana inn í banka, og þær leiðir mundu auðvitað verða farnar. Eins og ég sagði um daginn, þá er hér um algjöra blindgötu að ræða. Þetta var nú annað atriðið, en eins og ég sagði, þá er hér um að ræða aðeins gagnrýni á þau rök, sem færð hafa verið fram fyrir þessari ráðstöfun. Það þarf að sjálfsögðu alls ekki að hagga niðurstöðunni.

En ég get að lokum ekki látið hjá líða að benda hér á annað atriði og vil þá, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp fáein orð úr erindi því, sem borizt hefur varðandi þetta mál frá atvinnurekendasamtökunum. Í því segir, með leyfi hæstv. forseta: Í annan stað er vert að benda á, að eins og löggjöf um hlutafélög er nú háttað, er nánast hægt að stofna hlutafélög, um hvaða smáatvinnurekstur, sem vera skal. Af þessu leiðir, að smáatvinnurekendur og jafnvel einyrkjar, í hvaða atvinnugrein sem er, gætu í reynd valið um skattlagningarform hlutafélags og einstaklings. Hin misjöfnu skattakjör mundu því að líkindum þrýsta einstaklingsrekstrinum að mestu yfir í smáhlutafélög.

Nú vil ég í sambandi við þessi orð, sem standa í áliti atvinnurekendasamtakanna, segja það, að ég virði mjög þá ábyrgðartilfinningu, sem lýsir sér í því, að þessi ábending skuli einmitt koma frá atvinnurekendasamtökunum, því að margir munu vera — og e. t. v. flestir — í þeim hópi, sem eiga hlutabréf, og mundu þá út frá eiginhagsmunasjóðarmiði gjarnan líta það hýru auga, að þeim fylgi skattfríðindi, en hér verður það þyngra á metunum, að slík ráðstöfun gæti haft öfug áhrif á tilganginn, sem er að efla hlutafélögin, mundi sem sé leiða til þess, ef þetta yrði misnotað, að rýra mjög álit þessa rekstrarforms, ef það væri í mjög stórum stíl notað sem skjól til þess að koma tekjum undan sköttum. En eins og hlutafélagalöggjöfin er, þá er auðvitað mjög rúmt um þetta, og það má ekki loka augunum fyrir þeirri hættu, sem á því er og atvinnurekendur benda á, að þeir, sem hafa einhvers konar sjálfstæðan atvinnurekstur með höndum, muni í mjög stórum stíl fara þá leið að stofna hlutafélag með nánustu fjölskyldu sinni, sem þýðir það, að þeir fengju þar jafnvel nokkra tugi þúsunda króna skattfrjálsa. Hér er ekki um það að ræða, að þetta sé raunverulegur arður af neinu hlutafé, því að aldrei er neitt borgað inn í slík hlutafélög, heldur mundi leiðin vera sú, að það er til málamynda stofnað þarna nýtt fyrirtæki, Hlutafélagið Jón Jónsson, ef um málflutningsmann væri að ræða, síðan reiknar Jón Jónsson sér tiltölulega lágt kaup sem starfsmaður hjá þessu hlutafélagi og fær þannig meiri eða minni hluta af sínum vinnutekjum í formi hlutabréfaarðs. Fyrir þessari hættu má ekki loka augunum.

Nú ber þess að vísu að gæta, að undir öllum kringumstæðum ber að greiða 15% af því, sem borgað er út sem arður í stað tekna. Þetta ákvæði kemur vafalaust í veg fyrir það, að t. d. skósmiðir, bílstjórar, smábændur o. s. frv. fari þessa leið, en eftir sem áður væri hún opin fyrir málflutningsmenn, tannlækna, endurskoðendur, jafnvel stórbændur og aðra slíka; ég get ekki látið hjá líða að benda á þetta. Menn munu þá kannske spyrja, hver ástæðan sé til þess, að ég hafi þá ekki borið fram brtt. þess efnis, að þetta verði fellt niður. En ég skal að síðustu nefna fjórar ástæður fyrir því, að ég hef ekki gert það.

Í fyrsta lagi, hvernig á stendur í þinginu. Ég tel þetta frv. í heild til mjög verulegra bóta frá gildandi skattal., en auðsætt er, að ætti að gera róttæka breyt. á því hér í Ed., væri málinu í heild stofnað í verulega hættu.

Þá vil ég í öðru lagi nefna það, sem ríkisskattstjóri benti okkur á í þessu sambandi á nefndarfundi, en það er 15. gr. þessa frv., eins og það liggur nú fyrir, en í henni segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Á eftir 2. mgr. 18. gr. l. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ef skattþegnar, einstaklingar eða félög semja um skipti sín í fjármálum á hátt, sem er verulega frábrugðinn því, sem almennt gerist í slíkum viðskiptum, skulu verðmæti, sem án slíkra samninga hefðu runnið til annars skattþegnsins, en gera það ekki vegna samningsins, teljast honum til tekna."

Nú er það auðvitað lögfræðilegt atriði, hvort þessi ákvæði setja undir þann leka, sem hér er um að ræða. Ég skal ekki túlka það. Það er talað um þau tilvik, þar sem skipti í fjármálum eru verulega frábrugðin því, sem almennt gerist í slíkum viðskiptum. Ég veit nú ekki, ef allar málflutningsskrifstofur hér í bænum væru komnar í hlutafélagaform, hvort það mundi þá lengur geta talizt bóta í hv. Nd. Upphaflega voru ákvæði um það, viðkomandi leituðust við að taka verulegan hluta af þóknun sinni sem hlutafé. Það skal ég ekki segja um, en hitt skiptir meira máli, eins og fram kom hjá ríkisskattstjóra, að skattayfirvöld líta þannig á, að með ákvæðum þessarar gr. sé sett undir þann leka, sem hér er um að ræða, og það mundi þá aftur þýða það, að tekjumaður, sem færi þessa leið, ætti á hættu að lenda a. m. k. í útistöðum við skattayfirvöldin, hver sem lok þeirrar viðureignar yrðu. Það er auðvitað dómstólanna, þegar allt kemur til alls, að kveða þar upp hinn endanlega úrskurð.

Í þriðja lagi hefur þessu verið breytt mjög til bóta í hv. Nd. Upphaflega voru ákvæði um það, að þessi skattfrjálsi arður mætti nema allt að 20% af hlutafénu, sem ég tel allríflegt, en það hefur þó verið lækkað niður í 10%. Enn fremur er fellt niður ákvæði um það, að menn megi fá í hlut í skattfrjálsan hlutabréfaarð 15 þús. kr. fyrir hvert barn sitt. Nú nær þetta aðeins til viðkomandi einstaklings og maka, og nú eru það samtals 60 þús. kr. Um 10 þús. kr. verður að greiða undir öllum kringumstæðum. Ef þetta væri skattlagt að fullu hjá hátekjumönnum, þá væru það 30 þús. kr., svo að 20 þús. kr. má hafa upp úr krafsinu. Það er nú lítill peningur fyrir svo tekjuháa menn, sem hér er fyrst og fremst um að ræða, svo að óvíst er, að þeir mundu gera sér þann kostnað og umstang, sem af því leiddi að breyta tannlæknastofu eða málflutningsskrifstofu í hlutafélag. Og hvað sem því líður, jafnvel þó að sú yrði raunin á, þá er ekki verið að semja hér löggjöf til eilífðar, og þessu yrði þá auðvitað aftur breytt. Þetta gæti að því leyti orðið til góðs, að það mundi knýja á um það, að hlutafélagalöggjöfinni verði breytt, sem ég tel, að hljóti að vera brýnasti þátturinn í endurskipulagningu þeirri, sem hér er um að ræða, enda á núgildandi

hlutafélagalöggjöf fimmtíu ára afmæli á þessu ári, og þarf ekki að ræða það frekar, hversu frábrugðið það þjóðfélag, sem við og feður okkar lifðum í fyrir 50 árum, er því, sem við nú lifum í.

Herra forseti. Meiri hl. fjhn. leggur samkv. því, sem ég hef sagt, til, að þetta frv. verði afgreitt óbreytt.

Frsm. minni hl. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég mun leyfa mér að mæla hér fyrir nál. minni hl. fjhn. um frv. til l. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt, sem hér er til umr. Nál. okkar er prentað á þskj. 762. Minni hl. skipa auk mín þeir Björn Jónsson, hv. 4. þm. Norðurl. e., og Steingrímur Hermannsson, hv. 3. þm. Vestf. Niðurstaða okkar er sú, sem frá er greint á þskj. 762. Þar kemur fram, að aðaltillaga okkar er að vísa málinu frá með rökstuddri dagskrá.

Forsögu þessa máls, hygg ég, að allir hv. þdm. þekki, en hún er sú, að í apríl 1969 skipaði hæstv. fjmrh. embættismannanefnd, er hafði það verkefni að athuga skattgreiðslur fyrirtækja með tilliti til þess, að skattgreiðslur þeirra yrðu svipaðar og í öðrum EFTA-ríkjum. Þessi nefnd mun hafa skilað skýrslu til ráðh. snemma á síðasta ári. Sú skýrsla fjallaði aðeins um l. um tekju- og eignarskatt, og frv. hafði n. samið um skattlagningu fyrirtækja að þessu leyti. Þetta frv. mun hafa verið til meðferðar á hv. Alþ. í fyrravetur, en náði þá ekki fram að ganga. Ástæðan mun aðallega hafa verið sú, eftir því sem mér er tjáð — ég var ekki hér á Alþ. þá — að Alþ. hafði litið svo á, að athuga þyrfti skattamál fyrirtækjanna fremur í heild. Það næsta, sem mun hafa gerzt, var það, að út var gefið nýtt erindisbréf til þessara embættismanna, og skyldi nú athuga skattalögin, framkvæma á þeim heildarathugun, er hefði tvennt að markmiði, annars vegar að gera skattkerfið sem einfaldast og hins vegar að breyta ákvæðum l. um tekjuskatt og eignarskatt fyrirtækja og einstaklinga, eins og n. teldi sanngjarnt og eðlilegt. Vona ég, að hér sé ekki rangt farið með efni þessara bréfa, sem ég hef þó ekki sjálfur undir höndum. Þess sjást þó engin merki á Alþ., að þessi embættismannanefnd hafi unnið að endurskoðun skattalaga á þessum grundvelli. Aftur á móti hefur hún enn á ný unnið að því að endurskoða og endurbæta það frv., sem varð að steini hér á Alþ. í fyrra. Þetta frv. var lagt fram í nýjum búningi í febr. s. l., að því er mig minnir.

Ég hef hér með höndum bréf, sem raunar hefur fyrr verið vitnað til í þessum umr., frá samtökum atvinnurekenda — stærstu samtökum atvinnurekenda í landinu, Félagi ísl. iðnrekenda, Landssambandi iðnaðarmanna, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Verzlunarráði Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands, fimm stærstu landssamböndum atvinnurekenda, þar sem þessi samtök segja, að undangenginni athugun sé það samdóma álit þeirra, að fresta beri lögfestingu frv. í verulegum atriðum, að því er tekur til ákvæða þess, er varða skattlagningu atvinnurekstrar. Og þeir rekja ástæðurnar fyrir þessari afstöðu sinni og segja þar í fyrsta málslið, með leyfi hæstv. forseta: Samtökin telja nauðsyn á, að endurskoðun l. um tekjuskatt og eignarskatt og l. um tekjustofna sveitarfélaga fylgist að. Frá sjónarmiði fyrirtækisins eru tekjuútsvar og tekjuskattur raunar sami skatturinn, en ráðstöfunin aðeins misjöfn Þetta mál tengist þá spurningunni um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og á hvern hátt fullnægja eigi tekjuþörf þeirra síðarnefndu. Það snertir svo aftur álögur aðstöðugjalda og fasteignaskatta, en þessi gjöld til sveitarfélaganna skipta fyrirtæki almennt miklu meira máli en tekjuskattur til ríkissjóðs. Er því lagt til, að málið verði afgr. í einni heild.

Fyrst eftir að frv. kom fram, stóð heilmikið til hjá hv. stjórnarliðum. Fjhn. beggja d. skyldu vinna saman að athugun þessa máls, sem svo mikilsvert var kallað. Hæstv. fjmrh. hafði svo mikið við, að hann fór með þetta mál til Nd. til þess að leggja það þar fram — hið eina, hygg ég, af hans málum og það nokkrum dögum eftir, að hér höfðu staðið nokkrar umr. og aðfinnslur komið fram um þá miklu mismunun í verkefnaskiptingu, sem þá var milli d., þar sem hv. Ed. hafði verið aðgerðalítil og verkefnalítil um nokkurt skeið einmitt rétt áður en þetta frv. kom fram. Var í því sambandi talið, að kostir tvískiptingar þingsins eða deildaskiptingar væru ekki nýttir, sem þó vitanlega væri sjálfsagt að gera, meðan deildaskiptingin er, þ. e. áður en Alþ. verður gert að einni málstofu. En sameiginlegan fund héldu fjhn. beggja þd. mjög skömmu eftir útbýtingu frv. Það var alllangur fundur, stóð heilan morgun. Þar mættu helztu menn þeirrar nefndar, sem frv. höfðu samið, ríkisskattstjóri og ráðuneytisstjórinn í fjmrn. a. m. k. Ég man það, en ég man ekki, hvort fleiri voru þar, og það komu þar fram ýmsar gagnlegar upplýsingar. Það skal viðurkennt. En jafnframt kom þar fram talsvert ákveðin gagnrýni á einstök ákvæði frv. frá nm. mjög mörgum — ekki einungis okkur stjórnarandstæðingum, heldur einnig frá öðrum.

Svo kom áðurnefnt bréf atvinnurekendasamtakanna, sem ég minntist á hér áðan. Þá virtist sem ýmsum brygði í brún, sem kannske er ekki furða, því að samtök þau, sem helzt átti að liðsinna með þessari lagasetningu, sögðu einfaldlega: Nei takk. Svona l. viljum við ekki, og þau sögðu meira: Það liggur ekkert á. Frv. á ekki að taka gildi fyrr en við álagningu á árinu 1972. Sýnist því ekki brýn nauðsyn að ljúka afgreiðslu þess á því Alþ., sem nú situr. Þetta sögðu þessi samtök og bentu svo á, að þau vildu láta athuga þessi mál í heild, en ekki taka einstaka þætti þeirra út úr. Við þennan atburð riðluðust fylkingarnar, og okkur Ed.-mönnum var þakkað fyrir komuna. Þá héldum við ýmsir, að þar með væri málið úr sögunni og embættismennirnir yrðu sendir heim öðru sinni til þess að vanda verkið betur og vinna verk sín meira í samræmi við það embættisbréf, sem þeim hafði verið sent.

En svo upplýsist það hér fyrir nokkrum dögum rétt fyrir þingslitin, að málið er síður en svo úr

sögunni, heldur hefur meiri hl. hv. fjhn. Nd. setið við löngum stundum að reyna að gera þetta frv. þannig úr garði, að einhver von væri til þess, að a. m. k. þeir, sem því var ætlað að liðsinna, hefðu ekki manna mest á móti því, og nú er þetta frv. komið hér í verulega breyttri mynd og — að ég hygg — nú í nokkuð betri búningi en upphaflega var. Ég held það, þó að ég sé nú ekki viss um það að öllu leyti. Eitt meginatriði er þó enn óbreytt. Það er eitt atriði í upphaflega frv., sem hefur staðizt alla endurskoðun, og það er það, að arður af hlutabréfum skuli vera skattfrjáls upp að vissu marki, sem nánar er tilgreint í frv. Það eru 30 þús. kr. hjá einstaklingum og 60 þús. kr. hjá hjónum, sem telja fram saman. Á þessu eru nokkrar takmarkanir, eins og hér hefur verið drepið á. Aldrei má frádráttur vegna arðs af hlutabréfum nema meira en 10% af hlutafjáreign skattþegns í hverju einstöku hlutafélagi, eins og segir í 9. gr. á þskj. 722. Það virðist því, að hv. stjórnarliðar hafi getað hugsað sér að breyta nánast öllum ákvæðum upphaflega frv. nema þessu og hér sé kjarni málsins því fundinn.

Það er að vísu rétt, að skattlagningu eða fyrningarreglum félaga er nokkuð breytt. Á því var mikil nauðsyn. Ég skal alveg viðurkenna það, og þá nauðsyn höfðum við viðurkennt t. d. með því að flytja um þetta frv. Ég stóð hér að flutningi frv. um það efni á þessu þingi, þannig að ekki situr á mér að mótmæla því, að þörf sé breytinga á fyrningarreglunum. Hingað til hefur verið viðurkennd sú röskun, sem verðbólgan veldur, með því, að annað veifið hafa þessi mál verið endurskoðuð af Alþ., en ég hef ekki neitt við það að athuga, þó að þessum reglum út af fyrir sig sé breytt, þannig að þær geti gilt til nokkru lengri tíma en tíðkazt hefur um skeið. Ég verð að segja það, að mér finnst það óheppileg vinnubrögð og ekki rökrétt að slíta þennan tiltölulega litla þátt út úr skattadæminu og ætla sér að afgreiða hann einan út af fyrir sig. Svo margt annað hefur þó áhrif í umræddu dæmi, bæði aðrir skattar og önnur gjöld, hvernig þau verða, og eins líka hitt, hvar fyrirhugað sé að afla þeirra tekna, sem þarna tapast ríkissjóði, því að ef atvinnureksturinn á að hagnast á breytingunni, þá hlýtur ríkissjóður að tapa einhverju af því, sem hann hefur hingað til fengið í hendur.

Af yfirliti, sem lagt var fram í fjhn. á fundi hennar í fyrradag, má sjá það, að á árinu 1960 var hundraðshluti félaga í heild tekju- og eignarskatta 40.6%. Samsvarandi tala 1970 er 17.9%. Það hefur meira en helmingslækkun orðið þar. Á sama hátt hafa þá einstaklingar axlað aukinn hlut af þessum byrðum. Prósenta þeirra hefur hækkað á umræddu tímabili úr 59.4% í 82.1%. Þetta þýðir, að ef prósentan hefði ekki breytzt á tímabilinu, þá hefði hlutur einstaklinga í þessum gjöldum ekki verið 881.6 millj. kr. eins og hann varð 1970, heldur mundi hann hafa orðið 637 millj. kr. Hér hefur því orðið tilfærsla, sem nemur 250 millj. kr., frá félögum og yfir á einstaklinga á þessu 10 ára tímabili til viðbótar við marghækkaðan söluskatt, sem hefur hækkað, að ég hygg, úr 440 millj. kr. 1960 í 3400 millj. kr. árið 1970, þ. e. söluskatturinn hefur hækkað á tímabilinu um þrjá milljarða, og fleira af þessu tagi hafa einstaklingarnir í landinu orðið að taka á sig. Mér finnst það alveg lágmarkskrafa, að áður en þetta hlutfall verður enn þá skert með þessari lagasetningu, þá verði það athugað, hvaðan á að afla teknanna, nema ráðgert sé að spara svo í ríkisrekstrinum, að þessara tekna verði ekki lengur þörf. Ef það er hugsunin, þá væri náttúrlega sjálfsagt, að frá því yrði sagt, hvernig það yrði gert. Það væri betur seint en ekki, ef hæstv. ríkisstj. léti það verða sitt síðasta verk kannske að sinni að benda á það, hvar þessar fjárhæðir mætti spara.

En síðustu verk Alþ. þessa dagana benda ekki til þess, að fjárþörf ríkissjóðs verði minni í framtíðinni en hún hefur verið fram að þessu. Alþ. er í þann veginn að afgreiða l. um almannatryggingar, sem á að fjármagna á næsta ári og munu auka byrðar ríkissjóðs um 200—300 millj. kr. Það var verið að ákveða nýja kennaramenntun hér í gær, sem áreiðanlega kostar mikið fjármagn, og fleira mætti til tína, er ástæða þætti til. En þessir hlutir hafa, hygg ég, ekkert verið athugaðir. Í fjhn. Ed. bað einn hv. nm. um það, þegar fyrsti sameiginlegi fundur n. var haldinn fyrir um það bil mánuði síðan, að það yrði upplýst, hvaða skattatilfærslu þetta frv. mundi hafa í för með sér — við skulum segja að öðrum ástæðum óbreyttum — hvað áætlað væri, að þessi breyting gæti numið miklum fjárhæðum og sparað félögunum mikið í tekjuskatti og eignarskatti. Ráðuneytisstjóri fjmrn. sagði, að það væri ekki mikið verk að upplýsa þetta og tók þessu vel. Þessar upplýsingar voru ekki komnar í fyrradag, þegar fjhn. Ed. hélt á fund. Þá gekk sami maður, hv. 4. þm. Norðurl. e., enn eftir því að fá þessar upplýsingar. Enn var því vel tekið og þeim lofað samdægurs. Ég hef ekki séð þessar upplýsingar. Það má vera, að þær séu komnar, en það upplýsist hér . . . (**Gripið fram í:** Þær eru ókomnar.) Ókomnar. Já, þær eru ókomnar og verða okkur þá ekki að miklu gagni a. m. k. við þessa umr., hvað sem síðar verður. Stjórnarflokkamenn í hv. Nd. hafa engar áhyggjur af þessu. Þá virðist ekkert varða um þetta. Þeir vildu bara samþykkja frv. og gerðu það án þess að vita neitt um afleiðingar þess. Þegar það er nú upplýst, að lítið verk er að láta þessar tölur hér í té, þá vil ég nú leyfa mér að fara fram á það enn þá einu sinni, að hæstv. fjmrh. hlutist til um það, að við getum fengið að sjá þessar upplýsingar, áður en frv. verður að l., og ég vona, að hann sjái sér fært að verða við þessu.

Menn hafa margir lengi verið sammála um það, að einn helzti ókostur við atvinnurekstur hér á landi væri sá, að þeir, sem hann stunda, hefðu ekki yfir nægilegu eigin fjármagni að ráða. Það þyrfti að haga skattareglum þannig, að þennan vankant mætti laga. En mér sýnist, að þetta frv. miði ekki nema að óverulegu leyti að þessu. Það, sem fyrirtækin vantar, er eigið fé, en ekki fyrst og fremst hlutafé, sem þau verða að greiða af arð svipað og

vexti af lánsfé. Höfuðvandi félaganna hefur enn fremur verið sá, að rekstur þeirra hefur í mjög mörgum tilfellum ekki skilað arði, þannig að þau verða jafnt eftir þessa breytingu sem fyrir hana í vandræðum með að greiða fjármagnskostnaðinn, og þá skiptir ekki máli, hvort hann er kallaður vextir eða arður af hlutafé. Iðnrekendur hafa nýlega haldið og lokið ársþingi sínu. Í upphafi þess þings hélt formaður samtakanna ræðu. Þar segir hann, með leyfi hæstv. forseta:

Hinn 1. nóv. s. l. var sett á verðstöðvun og vísitölu haldið í skefjum með geysilegri niðurgreiðslu á nokkrum vörum, sem mikil áhrif höfðu á vísitölu framfærslukostnaðar. Fæst iðnfyrirtæki höfðu að fullu reiknað inn í verðlag á framleiðsluvörum sínum þær kostnaðarhækkanir, sem komnar voru til framkvæmda eða komu til framkvæmda eftir setningu verðstöðvunarlaganna. Er því svo komið, að afkoma þeirra hefur versnað mjög á árinu þrátt fyrir það, að framleiðsla iðnaðarins hefur aukizt verulega. Er því fyrirsjáanlegt, að fjöldi fyrirtækja stefnir nú beint í taprekstur með þeim uggvænlegu afleiðingum, sem slíkt hlýtur að hafa fyrir fyrirtækin sjálf og þá, sem hjá þeim vinna. Það er iðnrekendum því mikið áhyggjuefni, hver þróun verðlagsmála og kaupgjaldsmála hefur verið síðustu mánuðina og hverrar þróunar megi vænta á komandi hausti, þegar verðstöðvunarlögin renna út og nýir kjarasamningar verða teknir upp.

Það er ekki líklegt, að þessi spá sé röng — því miður. Og ég hygg því, að menn þurfi ekki að óbreyttu að hafa miklar áhyggjur af arðgreiðslum hlutafélaga í þessum greinum. Og þessi félög þurfa áreiðanlega fremur á einhverju öðru að halda en því, að einstaklingar, sem hlutabréf eiga í þeim, fái þau undanþegin skatti. Félögin þurfa meira eigið fjármagn; það er alveg rétt. En þessar reglur miða ekki að því.

Eins og ég gat um áðan, var það hlutverk embættismannanefndarinnar að bera skattareglur á Íslandi saman við það, sem tíðkast í grannlöndunum í þessum efnum. Það var upplýst í n., eins og hv. form. hennar gerði grein fyrir hér áðan, að hvergi í nálægum löndum nyti arður af hlutabréfum slíkra hlunninda, sem hér er ráðgert að veita honum, svo að fordæmi fyrir þessu eru a. m. k. ekki þaðan. Þetta er heimatilbúið. Það þarf svo sem ekki endilega að vera verra fyrir það. Ég er sammála hv. 10. þm. Reykv. um það. En athuga verður þó og gera sér grein fyrir því, hvort þessi tilhögun eykur sparnað eða er líkleg til að auka sparnað í landinu eða það fjármagn, sem fyrirtækjum er tiltækt. Við núverandi aðstæður er gangur málsins yfirleitt sá, að fólk, sem fjármagn hefur aflögu, leggur það inn í banka eða kaupir spariskírteini hæstv. fjmrh. Hæstv. fjmrh. og Alþ. ver þeim hluta sparifjárins, sem þangað kemur, til framkvæmda, og Alþ. hefur hlutdeild í því að nokkru, en bankarnir og peningastofnanirnar lána fyrst og fremst atvinnurekstrinum það fjármagn, sem frá sparifjáreigendunum kemur. Þessa hringrás þekkja allir hv. alþm., og sparifjármyndun, held ég, að ekki muni vaxa, þótt arður af hlutabréfum verði skattfrjáls — a. m. k. ekki, meðan engin trygging er fyrir því, að hlutabréfin beri arð. Og séu ummæli formanns Félags ísl. iðnrekenda, sem ég áðan greindi frá, höfð í huga og séu menn þeirrar skoðunar, eins og ég er, að þar sé rétt frá greint, þá er ekki líklegt, að svo skipist mál í næstu framtíð, að mikils arðs sé að vænta frá þeim hlutafélögum a. m. k., sem í iðnrekstrinum starfa.

Í fjhn. var enn fremur spjallað um það, hver væru skattakjörin í sambandi við sparifé og hlutafé, og hv. 10. þm. Reykv. gerði mjög glögga grein fyrir því hér, hvert okkar álit, að ég held flestra, ef ekki allra, er á þeim málum, og ég skal ekki endurtaka það, sérstaklega ekki ef ég má minna á það, að ekki alls fyrir löngu fóru einmitt nokkrar umr. um þetta efni hér fram; ég lýsti þar minni skoðun og ætla ekki að endurtaka hana. En niðurstaðan af þeim hugleiðingum er auðvitað sú, að það halli sízt á hlutafé í þessum samanburði. Það hallar ekki á það. Þvert á móti. Og ef þessi lagaákvæði verða sett, sem hér eru til umræðu, þá verður bilið enn þá breiðara, eins og hv. 10. þm. Reykv. réttilega gat um.

Í þessu frv. eru nokkur minni háttar ákvæði, sem eru vafalaust til einhverra bóta, ef þau eru skoðuð ein út af fyrir sig. Þar vil ég t. d. nefna ákvæði 1. gr. frv., sem fjallar um skattfrjálsar tekjur giftrar konu, sem vinnur við fyrirtæki, sem hjónin — annað hvort eða bæði — eiga eða reka, þar sem þessi frádráttur er hækkaður úr 15 þús. kr., sem búið er að standa æðilengi og hefur náttúrlega úrelzt eins og önnur ákvæði, sem miðuð eru við tilteknar tölur, upp í 47 þús. kr. miðað við núverandi skattareglur. Þetta tryggir það raunar, að þessi frádráttur haldi velli, þó að verðbólga ríki áfram, þar sem kveðið er svo á, að hann skuli ávallt vera sem svarar ¼ hluta persónufrádráttar hjóna. Sama vil ég leyfa mér að segja um rýmkun ákvæðanna í 2. gr., sem fjallar um skattlagningu barna innan 16 ára aldurs. Þar er nokkur rýmkun og sjálfsagt að fagna því út af fyrir sig, en þetta eru auðvitað hrein smáatriði.

Þá vil ég líka nefna í þessum flokki ákvæði, sem til bóta mega teljast, þ. e. ákvæði 24. gr., sem kveða á um það, að skattstjórum sé skylt að rökstyðja úrskurði sína og senda kærendum í ábyrgðarbréfi. Þetta hygg ég, að sé tvímælalaust til bóta og ríkisskattstjóri upplýsti okkur um það á fundinum, sem hann kom á hjá okkur, að allar horfur væru á því, að einmitt þessi tilhögun mundi draga úr þeirri miklu vinnu, sem er við embætti hans út af úrskurðum, sem þarfnast endurmats m. a. vegna þess, að þeir eru ekki rökstuddir í upphafi. Sjálfsagt mætti tína til fleiri atriði úr þessu máli.

Ég get t. d. leyft mér að minna á það, að ákvæðin um skattlagningu á söluhagnaði af eignum munu vera betri en þau voru í upphaflega frv., enda virðist verk og aðgerðir fjhn. hv. Nd. aðallega hafa beinzt í þá átt að breyta frv. í átt til gildandi skattalaga. Svo hygg ég, að hafi einnig verið um þetta ákvæði og það sé nú betra en það áður var.

En þetta eru aukaatriði. Meginmálið er hins vegar það, að nú er orðið fyllilega tímabært og raunar tvímælalaust óhjákvæmilegt, að fram verði látin fara strax heildarendurskoðun á öllum lögboðnum álögum, hvort sem þau renna til ríkissjóðs, sveitarfélaganna, opinberra stofnana eða sjóða. Þess vegna er það að okkar mati í minni hl. algerlega fráleitt, að einstakir og takmarkaðir þættir skattamála séu teknir til sérstakrar athugunar svona, fyrr en þessari endurskoðun er lokið. Og þess vegna er það, sem við, er að nál. stöndum á þskj. 762, erum andvígir málinu í heild og höfum borið fram rökst. dagskrá, sem kveður á um það, að þessi endurskoðun skuli fram fara og við munum verða á móti þessu máli. Það var bent á það hér við 1. umr. — og ég get vísað til þess að mestu — bæði af hv. 1. þm. Norðurl. v. og af hv. 4. þm. Norðurl. e., að við, sem að minni hl. stöndum, teljum, að alla þessa mynd beri að skoða í heild. Það má e. t. v. líkja þessu öllu saman við það, þegar forfeður okkar voru að búa upp á hest — þá mátti ekki hallast á. Ef pinkill var tekinn af öðrum klakknum, þá varð annaðhvort að gera að bæta þar öðrum pinkli á eða létta á hinum megin. Þessum málum er einmitt þennan veg farið, að samhengis og samræmis verður að gæta. Það er því okkar skoðun, að gefa ætti embættismannanefndinni kost á að ljúka ætlunarverki sínu, þ. e. að endurskoða myndina í heild, t. d. áður en Alþ. kemur næst saman. Það er enginn skaði skeður, þó að eftir því verði beðið. Þessi lög eiga, hvort eð er, ekki að koma til framkvæmda fyrr en við næstu skattaálagningu.

Eins og ég held, að mönnum hljóti að hafa orðið ljóst, sem hlýddu á framsöguræðu hv. 10. þm. Reykv., frsm. meiri hl. í þessu máli, þá eru ýmsir hlutir í þessu, sem hann telur, að orki tvímælis, og þá alveg sérstaklega ákvæðin um skattfrelsi arðs af hlutabréfaeign, og hann-a. m. k. fellst ekki á þann rökstuðning, sem fyrir því er talinn, að það þurfi að jafna aðstöðuna milli mismunandi sparnaðarforma. Hann taldi þvert á móti, að bilið mundi breikka, ef þessi ákvæði yrðu lögfest. Ég hygg, að það verði ekki auðvelt að svipta burtu þessari þoku úr hans huga, því að ég hygg, að þetta sé mjög rétt skoðað, og ef um einhverja þoku er að tefla í þessu tilviki, þá sé hún annars staðar. En það líkaði mér illa í málflutningi hv. 10. þm. Reykv., þó að mér líkaði margt vel, sem hann sagði, og það væri margt rétt af því, þegar hann fór að gera grein fyrir því, hvers vegna hann vildi ekki breyta þessum ákvæðum, sem hann teldi þó, að stefndu í ranga átt. Og hann tilgreindi fyrir því, að ég hygg, þrjár ástæður — kannske fleiri — sem ég skrifaði niður hjá mér, og mig langar til þess að gera þær að umtalsefni í örstuttu máli.

Fyrsta ástæðan og sú, sem hann taldi fyrst, var það, hvernig á stendur í þinginu. Ég held, að svona ástæðu sé bara ekki hægt að viðurkenna. Það er búið að gera allt of mikið af því, finnst mér, á þessum síðustu dögum að teygja menn til að samþykkja hin og þessi mál vegna þess, hvernig á stendur í þinginu. En það, hvernig á stendur í þinginu, er m. ö. o. það, að alþm. hafa ekki tíma til að athuga þau lög, sem þeir þó ætla sér að setja. Þegar svo við það bætist, að hér er um að ræða lagasetningu, sem engin þörf er á, sem engin nauður rekur til að setja nú, þá á heldur ekki að gera það og allra sízt að gera það þannig, að menn séu með opin augun fyrir því, að það, sem þeir eru að gera, sé rangt.

Þá var önnur ástæðan sú, að ríkisskattstjóri benti okkur á í n., að í 15. gr. væri komið ákvæði, sem setti talsvert undir þann leka, sem hv. 10. þm. Reykv. gerði að umtalsefni og taldi, að vissulega mundi verða fyrir hendi eftir nýju reglunum. En þessi varnagli er sá, eins og hann gat um, að ef samið er um skipti í fjármálum með hætti, sem er verulega frábrugðinn því, sem gerist almennt í slíkum viðskiptum, þá skuli verðmæti, sem án slíkra samninga hefðu runnið til annars aðilans, en gera það ekki vegna samningsins, teljast honum til tekna. (**Gripið fram í:** Og hver á nú að hafa eftirlit með þessu?) Ja, væntanlega skattstjórar. Ætli það ekki? Ætli það verði ekki nokkur skriffinnska, sem fylgir þessari breytingu, ef menn þurfa til viðbótar við allt það skatteftirlit, sem er þó fullerfitt fyrir, að fara að gera sér grein fyrir því, hvort einstaklingar eða félög hafa samið um skipti sín í fjármálum á þann hátt, sem er verulega frábrugðinn því, sem almennt gerist í þessum viðskiptum, eða ekki. Ég hélt, að verkefni þessara mætu embættismanna væri alveg nægilegt fyrir, þó að þessu væri ekki bætt á þá líka.

Og hv. 10. þm. Reykv. svaraði þessu nú raunar sjálfur og sýndi fram á fánýti þessa ákvæðis, þannig að ég þarf ekki að eyða mörgum orðum að því, en ég held, að hér sé engan veginn girt fyrir það, að svo geti orðið sem hv. 10. þm. Reykv. var að hugsa sér, að ýmsum atvinnurekstri yrði dreift í smáhlutafélög til þess eins að njóta þessara skattfríðinda. Það er hins vegar alveg rétt, eins og hann greindi frá, þó að það skipti auðvitað engu máli fyrir þetta ákvæði, eins og það stendur eftir, þegar við erum að tala um það, að þetta var nokkuð lagað í Nd. Þetta var náttúrlega alveg galopið, eins og það kom frá embættismannanefndinni, og hefði auðveldlega getað leitt til þess, að stórir hlutafjáreigendur í litlum hlutafélögum hefðu algerlega getað gert út af við þau. Það er þó búið að setja þá reglu í fyrsta lagi, að skattfrelsið er lækkað úr 20% niður í 10%. Það er enn fremur hætt að reikna börnum persónufrádrátt í sambandi við hlutafjáreign, og það er búið að ákveða það, að ekki megi nema hluti af skattfrjálsu hlutafé eða arði koma úr einu og sama félagi. Þetta er auðvitað allt til bóta, ég viðurkenni það — allt til bóta.

Ég held, að hæstv. fjmrh. hafi mælzt til þess hér við 1. umr. — mér heyrðist það a. m. k., ég hef nú ekki haft tök á því að fletta því upp — við nefndina að gera a. m. k. ekki breytingar, sem máli skipta. Ef þetta er rangt með farið, þá verður það leiðrétt. En ég held, að stjórnarliðar hafi nokkuð farið eftir þessu, því að meginmálið stendur þarna eftir, sem

manni virðist, að hitt sé einhvers konar umbúðir utan um, en skattfrelsi arðs af hlutafé sé það, sem þetta frv. stefnir að fyrst og fremst. Hæstv. fjmrh. viðurkenndi líka, að hér væri aðeins fjallað um þátt af stóru vandamáli, endurskoðunin þyrfti að halda áfram og hún þyrfti að vera tilbúin, áður en til álagningar fyrir árið 1972 kemur. Og það er einmitt nákvæmlega þetta, sem einnig er okkar skoðun. Ég tel mig líka vera að vinna í anda þess, sem hæstv. fjmrh. var þarna að lofa, þegar ég mæli nú fyrir þeirri málsmeðferð að vísa þessu frv. frá og til endurathugunar með þeim rökum, sem ég hef verið að reyna að gera grein fyrir.

Verkaskipting ríkisins og sveitarfélaganna er hluti af þessu vandamáli, og við höfum oft heyrt menn úr öllum flokkum lýsa þeirri þörf, sem á því er, að taka þær reglur til endurskoðunar. Því þetta þarf allt að athuga í heild, eins og hæstv. fjmrh. sagði.

Annað meginatriðið, sem embættismannanefndinni var falið að vinna að, var að gera skattkerfið einfaldara. Ég held, að þá einföldun sé erfitt að finna í þessu frv., sem hér um ræðir, enda minnir mig, að hæstv. fjmrh. viðurkenndi það við 1. umr., að svo væri ekki. Það er eitt af því, sem er eftir, þ. e. að einfalda þessar reglur. En mér sýnist þvert á móti, að þetta frv. miði að því að gera skattkerfið enn þá margbrotnara en það þó er nú — áður en til þessarar lagasetningar kemur. Því að nú nægir ekki lengur að hafa eina skattareglu um félög; nú skulu þær vera tvær. Nú eru félögin ýmist A-félög eða B-félög og skulu skattleggjast með mismunandi hætti eftir því, hvort félagsformið þau velja. Það eru annars vegar félög, sem myndað hafa arðjöfnunarsjóð. Þau mega einungis verja honum til arðgreiðslu eða til að mæta tapi af rekstri á næstu fimm árum, eftir að fé var lagt í sjóðinn. Sé fé úr arðjöfnunarsjóði varið til annarra nota, þá á að telja það með öðrum skattskyldum tekjum félagsins á því ári, sem það er til ráðstöfunar. Ef framlag í arðjöfnunarsjóð hefur ekki verið notað samkvæmt 1. mgr. A-liðs 6. gr. frv. á næstu fimm árum, eftir að fé var lagt í sjóðinn, skal það teljast að 4/5 hlutum með öðrum skattskyldum tekjum félagsins á sjötta ári, en 1/5 hluti leggjast við höfuðstólinn. Hins vegar eru svo B-félög. Það eru félög, sem hafa notfært sér heimild 2. mgr. B-liðs 17. gr. og hafa myndað varasjóð af skattfrjálsum framlögum. Ef þau ráðstafa honum til annars en þess að mæta tapi af rekstri félagsins, þá skal telja þá fjárhæð að viðbættum tuttugu af hundraði til skattskyldra tekna á því ári. M. a. telst það annars konar ráðstöfun á fé varasjóðs samkvæmt framansögðu, ef félag ver einhverju af eignum sínum með þeim hætti, sem nánar er lýst í gr.

Hér er ekki um neina einföldun á skattalögum að ræða. Alveg þvert á móti. Hér er verið að taka upp heilan flokk, þ. e. fjölga flokkunum, sem til athugunar koma, þegar talið er fram til skatts. Það er því alveg ljóst, að það er mjög lítill hluti — mjög óverulegur hluti — af því verkefni, sem vinna átti, sem nokkuð er farið að snerta á. Og ég held, að það sé bara til hins verra að fara að tína út svona skekkla og setja lög um þá, meðan allt hitt bíður. Þess vegna höfum við líka flutt rökst. dagskrá, sem prentuð er á þskj. 762 og hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Ed. Alþ. telur nauðsynlegt, að fram fari hið allra fyrsta heildarendurskoðun á öllum lögboðnum álögum, hvort heldur þau renna til ríkisins, sveitarfélaga, stofnana eða sjóða, og álítur því óeðlilegt, að einstakir, takmarkaðir þættir skattamálanna, eins og tekju- og eignarskattur fyrirtækja, séu teknir til afgreiðslu fyrr en þeirri endurskoðun er lokið, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá."

Sömu menn og standa að nál. á þskj. 762 flytja tvær brtt. á sérstöku þskj. 763. Það er við 29. gr. frv. Gr. orðist eins og þar segir:

„53. gr. laganna orðist svo:

Nú breytist framfærsuvísitala til hækkunar eða lækkunar frá því, sem hún var að meðaltali árið 1964, og skal þá hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í 4. gr., A-lið 13. gr., 14. gr. og 16. gr., svo og þrepin í skattstiga þeim, sem um ræðir í 25. gr., í réttu hlutfalli við það."

Fyrir þessari till. tel ég ekki þurfa langa framsögu. Í gildandi skattalögum er fjmrh. veitt heimild til þess að ákveða skattvísitölu hverju sinni. Miklar umr. hafa þráfaldlega orðið um það hér á hv. Alþ., að þessi skattvísitala væri ekki í samræmi við hækkun framfærsluvísitölu og þar af leiðandi hækkun á framfærslukostnaði, en þá teljum við, að þessi skattvísitala verði að vera til þess, að jafnvægi haldist milli tekjuöflunar, framfærslukostnaðar og skatta. Nú hefur verið lögð til sú breyting í 29. gr., að í stað þess, að fjmrh. ákveði þessa skattvísitölu miðað við gildandi lög, skuli það vera Alþ., sem ákveður hana í fjárlögum hvert ár — í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1972. Tilgangurinn með þessari breytingu hlýtur að vera sá, að Alþ. geri sér grein fyrir því við setningu fjárlaga, hversu miklar ríkistekjurnar af þessari tekjuöflun þurfi að vera á næsta ári, og skattvísitölunni verði hagað eftir því. Við teljum hins vegar réttara og í meira samræmi við eðli málsins, að skattvísitalan haldist í hendur við framfærsluvísitöluna, þannig að fólk geti gert sér grein fyrir því nokkurn veginn, hverjir skattar þess verða. T. d. hlýtur það að hafa veruleg áhrif á samninga um kaup og kjör hverju sinni, hverjir skattarnir verða á næsta tímabili. Og það hlýtur að auka enn óvissuna, sem um þessi mál ríkir, ef það er eins og nú háð mati meiri hluta Alþ. hverju sinni, hver sú skattvísitala skuli vera. Þess vegna er nú þessi brtt. fram borin. Ég hygg, að hún skýri sig algerlega sjálf, og ég ætla ekki að eyða tíma þdm. í það að hafa fyrir henni frekari framsögu, nema sérstakt tilefni gefist hér í umr.

Ég vona, að mér hafi tekizt að gera hv. þdm. það skiljanlegt, hvað það er, sem fyrir okkur vakir með flutningi rökstuddrar dagskrár á þskj. 762 og brtt. á þskj. 763. Ég viðurkenni, að umræða um skattamálin og frv. til laga um breytingar á þeim hefði

þurft betri undirbúning frá minni hendi en ég hef haft tíma til að eyða í það, en við það verður að sitja. Ég segi, eins og allir segja hér nú — vegna þess, hvernig til háttar með störf Alþ., hef ég ekki getað eytt frekari tíma til þess að skoða þetta mál en raun ber vitni.

Sveinn Guðmundsson: Herra forseti. Frv. um tekjuskatt og eignarskatt, sem hér er komið til lokaafgreiðslu við þinglausnir, hefur verið nokkuð lengi til meðferðar hjá Nd. Strax fyrir inngöngu Íslands í EFTA gaf hæstv. ríkisstj. yfirlýsingu um, að endurskoðun skatta mundi fara fram, til þess að íslenzk fyrirtæki yrðu ekki verr sett í samkeppni en hliðstæð fyrirtæki annarra EFTA-landa. Fyrir síðasta Alþingi var svo lagt fram frv. samið af embættismönnum, sem hæstv. fjmrh. setti til þeirra starfa. Ekkert var óeðlilegt við það, þó að þetta frv. dagaði uppi á s. l. þingi svo seint fram komið, sem það var. En frekari endurskoðun skyldi svo fara fram milli þinga, og ákveðið var, að fulltrúar fjhn. beggja þd. fylgdust með henni. Sýnt er, að þessi málsmeðferð öll hefur ekki gefið góðan árangur, því að málið kom ekki til Alþ. að nýju fyrr en 9. febr. s. l. — og það, sem meira er, málið hefur setið hjá fjhn. Nd., þar til fyrir tveimur til þremur dögum. Og svo nú, þegar málið kemur til þessarar hæstv. þd., þá er raunverulega allt annað frv. á ferðinni. Ber að þakka það. Ég tel, að hv. fjhn. Nd. eigi skilið hrós fyrir að hafa umsamið frv. og komið því í viðunandi horf. Þannig get ég fyrir mitt leyti vel sætt mig við þetta frv. og hef mælt með samþykkt þess ásamt meiri hl. fjhn. Að vísu er margt í þessu frv., sem enn er þörf á að breyta, en ég sé fram á það, að með því að breyta frv. nú væri því stefnt í hættu og afgreiðsla málsins alveg óviss, þar sem stutt er til þingslita. Því tek ég þann kost að mæla með frv. óbreyttu í trausti þess, að þeir hv. alþm., sem koma til Alþ. á næsta hausti, geti bætt um enn betur.

Orsök þess, hversu þessi lagasetning hefur öll gengið með eindæmum — vildi ég segja, tel ég vera, á hvern hátt hefur verið staðið að undirbúningi málsins. Ég tel það alrangt að hafa falið embættismönnum eingöngu þá endurskoðun skattalaganna, sem hér hefur farið fram. Enginn efast um hollustu eða samvizkusemi þessara manna, en hefði ekki verið sigursælla að hafa nefndina blandaða, þannig að fleiri sjónarmið kæmu strax fram t. d. sjónarmið atvinnurekstrar og ekki síður launþega, eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. benti á við 1. umr. málsins hér í þd. Mér finnst með þessu, að mönnum hljóti að vera ljóst, að embættismannakerfið a. m. k. í slíkum tilvikum sem þessum sé ekki það heppilegasta, og ég vil skora á hæstv. fjmrh. að bæta nú um og endurskipuleggja nefndina, en hún hefur hvergi nærri lokið sínu verkefni. Og ekki væri það neinum til gleði, að þessi mál þyrfti að endurskoða við framhaldslöggjöf þá, sem stefnt er að um breytingu á skattkerfinu.

Eins og ég tók fram í byrjun, þá er þetta lagafrv. mikið breytt frá sinni upprunalegu mynd. Ég vil lýsa ánægju minni yfir, hversu vel hefur verið tekið ábendingum samtaka atvinnurekstrar landsmanna, sem eðlilega hafa látið málið til sín taka með mikilli röggsemi. Samtökin hafa mætt fyllstu vinsemd og skilningi bæði hjá hæstv. fjmrh. og fjhn. Nd., sem og raun ber vitni, sbr. frv. í núverandi mynd. Þótt hv. þdm. Ed. hafi ekki haft beint með málið að gera, þá verð ég þó að láta þess getið, að form. fjhn. Ed. hefur lagt sig fram um að gera a. m. k. mér kleift að fylgjast með málinu og verið opinn fyrir ábendingum, sem til gagns mættu horfa.

Ég vil ekki skilja svo við þetta mikilsverða mál, að ekki sé getið nokkurra einstakra atriða bæði þeirra, sem ég tel til bóta, og eins hinna, sem telja verður, að fengið hafi aðra málsmeðferð. Í frv. eru í núverandi formi mörg ákvæði, sem horfa til bóta fyrir atvinnurekstur landsmanna, og ber að fagna þeim ákvæðum. Vil ég fyrst koma að sameignarfélögunum, sem ráðgert var í upphaflegri mynd frv. að fella algerlega niður. Þetta félagsform hefur nú verið tekið inn í frv. að nýju með takmörkunum, þannig að sameignarfélög halda áfram að vera sjálfstæðir skattaðilar, enda ber nú að skrá slík félög sérstaklega. Þetta er mikið til bóta frá því, sem ætlað var. Það nær reyndar fullkomlega tilgangi sínum, enda var að mínum dómi algerlega óraunhæft að leggja niður þetta handhæga félagsform fyrir t. d. minni háttar rekstur samstilltra manna, sem er ofviða að fara í hlutafélagsform með rekstur sinn.

Ætlunin var samkvæmt frv. að leggja niður hlutafélagsformið í sinni gömlu mynd og þar með heimild félags til að mynda varasjóð með því að leggja 25% af arði til hliðar. Eina mestu bót á frv. frá upprunalegri mynd tel ég þó vera, að nú verður heimilt að halda þessu félagsformi áfram óbreyttu í svokölluðum B-félögum. Gildir þetta bæði um eldri félög og ný félög, sem stofnuð yrðu. Þetta er ein af meginbreytingunum, sem gerð hefur verið á frv. nú. Jafnframt er svo haldið í frv. hinu nýja félagsformi, svokölluðum A-hlutafélögum, sem hafa möguleika til að leggja hagnað sinn í svokallaðan arðjöfnunarsjóð, en greiða um leið 15% skatt af því fé til ríkisins. Að mínum dómi hefði átt að sleppa þessari 15% skattlagningu, enda var hún tekin upp í frv. nú, en var ekki í frv. í fyrra, þegar það var lagt fram. Annar galli á þessu félagsformi er þetta: Arðjöfnunarsjóðsfyrirkomulagið er tímabundið þannig, að fé má ekki standa þar lengur inni en fimm ár. Þá skal það tekið til baka, greitt hluthöfum í arð eða lagt við tekjur og skatta að 80 hundraðshlutum, en þó 20% fært á höfuðstól félaganna án frekari sköttunar. Hér hefði sannarlega átt að leyfa, að fé stæði áfram eða a. m. k. í 10 ár í arðjöfnunarsjóði og enn fremur að arðjöfnunarsjóður á því tímabili væri tiltækur til fjárfestingar og uppbyggingar atvinnurekstrarins.

Í þessu sambandi er rétt, að það komi fram, að innan embættismannanefndarinnar varð ágreiningur. Sjálfur ríkisskattstjóri lagði til, að félögunum

yrði leyft að leggja í fjárfestingarsjóði. Þetta fékkst ekki fram, eins og komið er í ljós með frv., og tel ég það miður farið. Arðgreiðsla samkvæmt þessu A-formi hlutafélags er nú bundin við 10% hjá félögunum á móti 10% hjá hluthöfunum í hinum venjulegu hlutafélögum. Skattfrjáls arðgreiðsla hjá viðtakanda, 30 þús. kr. á einstakling eða 60 þús. kr. hjá hjónum samkvæmt þessu nýja félagsformi, er mikið til bóta og ætti að geta stuðlað að því, að landsmenn almennt vildu gerast aðilar að slíkum félögum. En áður verður áreiðanlega að sjá svo um, að atvinnurekstur landsmanna komist á öruggari grundvöll og nær árviss hagnaður sé það, sem atvinnureksturinn fær að búa við. Þetta er erfitt við að eiga a. m. k. í sjávarútvegi og hefur verið erfitt víða, þar sem verðlagshömlur og óeðlilegar verðhækkanir hafa hamlað eðlilegum rekstri fyrirtækja. Þess vegna er það, að fimm ár eru of stuttur tími til yfirfærslu taps, sérstaklega þar sem um ný fyrirtæki er að ræða. Nær hefði verið að hafa þetta 10 ár, eins og líklega mun vera hjá nágrönnum okkar t. d. í Finnlandi, og mér er kunnugt um, að í Svíþjóð mun vera um að ræða yfirfærslu á tapi á sex árum.

Varðandi 30 þús. kr. skattfrjálsan arð af hlutafé fyrir einstakling, sem hv. 10. þm. Reykv. sá hér ofsjónum yfir og hv. 11. þm. Reykv. tók rösklega undir — þeir báru þar saman sparifé og hlutafé sem tvö sparnaðarform, vil ég segja þetta. Ég tel alveg óraunhæfan þann samanburð, sem hv. þm. gerðu og lýsir hjá þeim meiri vanþekkingu á þessu máli en ég hafði búizt við af a. m. k. prófessornum, sem jafnframt er formaður í bankaráði eins af ríkisbönkunum, og ekkert síður af hv. 11. þm. Reykv., sem hefur einmitt verið bankastjóri um árabil. Þess vegna tel ég rétt að taka hér bara eitt lítið dæmi, og við skulum taka einkabanka hér í Reykjavík, sem rekinn er í hlutafélagsformi. Þetta hlutafélag er stofnað fyrir u. þ. b. 20 árum. Mörg fyrstu árin var enginn arður greiddur; ekki þurfti að öfunda hluthafa þessi árin í því hlutafélagi. Síðar, þegar bankanum óx fiskur um hrygg, líklega eftir 10 ára starf, var byrjað að greiða arð — mest 7%. Það, sem næst skeður, er, að þetta fyrirtæki margfaldaði hlutafé sitt. Nýir hluthafar gengu inn í félagið, eldri hluthafar juku við hlutafé sitt, nýir bættust við og greiddu nafnverð fyrir þá viðbót. Síðan verður þetta félag fyrir því tjóni, að aðalbygging þess brann. Það varð til þess, að arðgreiðsla féll niður um nokkurra ára skeið eftir þær miklu ófarir. Þannig var arðurinn af þessum hlutabréfum, og dæmin eru alls staðar. Með því að leggja fé í hlutafélög og hlutabréf tekur fólk áhættu og getur alveg eins átt von á því að fá ekki arð um margra ára bil, en því er allt öðruvísi varið með sparifé og spariskírteini ríkisins.

Ég þekki ekkert hlutafélag, sem getur greitt arð fyrstu árin eftir stofnun. Við skulum bara nefna ríkisfyrirtæki eins og Sementsverksmiðju ríkisins eða Kísiliðjuna. Bæði þessi félög hafa skattfríðindi. En hvað heldur hv. 10. þm. Reykv., að hluthöfum þessara félaga, hefðu þau verið í hlutafélagsformi, hefði verið greitt í arð fram á þennan dag frá stofnun fyrirtækjanna? Hlutafé er í flestum tilfellum áhættufé, sem ber að greiða af meiri arð en t. d. venjulegu sparifé eða ríkistryggðum spariskírteinum. Það má líka minnast á það, eins og hæstv. fjmrh. talaði hér um við 1. umr., að víða úti á landi einmitt á síðustu árum er verið að stofna til hlutafélaga einmitt til að byggja upp atvinnurekstur á hinum ýmsu stöðum, þar sem atvinnu hefur vantað, og ég vil segja það, að ekki eru líkindi fyrir því, að allir þeir hluthafar fái mikinn arð af sínu fé. Sannleikurinn er sá, að það þarf frekar að vorkenna hlutabréfaeigendum og stuðla betur að arðsemi félaganna, svo að almennara verði, að greiddur sé arður.

Hv. 10. þm. Reykv. las upp úr bréfi atvinnurekendasamtakanna og komst að þeirri niðurstöðu, að þessir aðilar væru mótfallnir skattfrjálsum arðgreiðslum, 30 þús. kr. á einstakling og 60 þús. kr. á hjón. Og hann vitnaði þar í umsögn atvinnurekendasamtakanna um 9. gr. frv. Þegar þetta bréf var skrifað 25. febr., var í frv. ákvæði um ótakmarkaða arðgreiðslu í A-félögunum. Síðan var þessu breytt — fyrst með 20% þaki, en síðan með 10% þaki. Áður var þetta þaklaust, þ. e. ótakmörkuð arðgreiðsla leyfð. Þannig er ekkert samhengi milli þessara ummæla og frv. í núv. formi, enda þótt hv. 10. þm. Reykv. teldi svo vera.

Eitt af því, sem tekið hefur umskiptum til hins betra í meðferð málsins, er, að skatturinn á söluhagnaði af lausafé og fasteignum er nú alveg felldur niður, ef skattþegn hefur átt lausaféð í fjögur ár og fasteignina í 6 ár. Áður komu 25% þess krónuhagnaðar til viðbótar tekjum viðkomandi. Gott er einnig, að rýmkað skuli enn meir um skattlagningu á hagnaði af sölu húsnæðis einstaklinga. Sannleikurinn er sá, að aukin krónutala í okkar verðbólguþjóðfélagi við sölu t. d. fasteigna er í fæstum tilfellum hagnaður, heldur er seljandinn að fá minni en fleiri krónur, og hagnaðurinn er líklega oft óbreyttur að verðmæti, sem er algerlega út í hött að skattleggja, eins og fyrirhugað var. Fer því vel á því, að þessu hefur verið kippt burt úr frv. Ég get ekki látið hjá líða í þessu sambandi að lýsa undrun yfir því, hversu fasteignaeigendur oft eru lítils metnir sem slíkir í umr. og þeir taldir heppilegir til skattlagningar. Þetta er í fyllsta máta einkennilegt, þar sem svo stór hluti Íslendinga eiga sjálfir sínar eigin íbúðir. Líklega eru hér hlutfallslega fleiri fasteignaeigendur en nokkurs staðar annars staðar í veröldinni.

Við 1. umr. þessa máls ræddi hæstv. fjmrh. þetta sérstaklega og gekk út frá því sem vísu, að fasteignaskattar yrðu verulega hækkaðir, þegar endurskoðun á tekjum sveitarfélaga fer fram á næstunni í framhaldi af þessu frv. Ef þetta yrði nú ofan á við þessa endurskoðun, sem líklega verður falin sömu embættismannanefnd, sem nú hefur skilað af sér hluta af starfi með þessu frv., sem hér hefur verið lagt fram, nema henni verði þá breytt samkv. áskoruninni, þá efast ég stórlega um, að slíkt frv. um

stóraukna fasteignaskatta fengi betri móttökur hjá hinu virðulega Alþ. en nú hefur orðið raunin á með þetta frv. Auk allra þeirra einstaklinga, sem slíkir skattar mundu bitna á, yrði þó þunginn hvað mestur á þeim, er hlífa skyldi — þeim, sem ekki hafa getu til þess að eiga sjálfir þak yfir höfuðið. Ef stórauknir fasteignaskattar eru teknir upp, þá mundi leiguhúsnæði verða að hækka að sama skapi, og það kæmi því niður á þeim verst settu í þjóðfélaginu. Eins og ég sagði áðan, þá hef ég gert þetta að umtalsefni hér nú vegna ummæla hæstv. fjmrh., þar sem þessi hugsun er einnig ofarlega í hugum sumra sveitarstjórnarmanna, sem væri kært að fá meira fé til ráðstöfunar.

Nokkur eru þau ákvæði enn í þessu frv. þrátt fyrir allar þessar breytingar, sem ekki hafa fengizt lagfærð, enda óskiljanlegt, hvað hefur blandazt inn í hugi embættismanna þeirra, sem sömdu frv., að nauðsyn bæri til að taka þar inn svo margar breytingar, sem ekki hafa neitt með tilgang frv. að gera. Það er í beinu framhaldi af inngöngu okkar í Fríverzlunarsamtökin og yfirlýsingu þeirri, sem hæstv. ríkisstj. gaf þar að lútandi. Afgjaldskvaðir af verðmæti samkv. 18. gr. í frv. er eitt af þessum ákvæðum. Einnig skattlagning bóta vegna altjóns samkv. 4. gr. Gengistap uppfært sem eign samkv. 12. gr. mætti nefna ásamt nokkrum atriðum til viðbótar, sem tilgangslaust er að rifja upp, eins og nú er komið.

Menn hafa velt því fyrir sér, hvort þær breytingar, sem nú verða væntanlega gerðar á skattalögunum, gætu stuðlað að því, að menn stofnuðu til margs konar starfsemi í félagsformi, t. d. hlutafélaga samkv. A-kerfi með það fyrir augum að fá skattfrjálsan frádrátt í formi arðs fyrir sig og maka sinn. T. d. Jón Jónsson, eins og hv. 10. þm. Reykv. minntist á, stofnaði hlutafélagið Jón Jónsson hf., endurskoðandinn stofnaði hlutafélag um sína atvinnu, skósmiðurinn, tannlæknirinn — og jafnvel var stofnað hlutafélag um heimilishaldið. Þegar ríkisskattstjóri mætti á fundi fjhn., var þetta einmitt til umr., en hann taldi sig nú hins vegar hafa ráð undir rifi hverju og getu til þess að setja undir mismunandi leka í skattkerfinu. Þannig ætti að verða óhætt að treysta embætti hans í slíkum málum, ef menn reyndu að misnota þau ákvæði, sem frv. gerir ráð fyrir um skattfrelsi arðs í A-hlutafélögum. Frjálsleg ákvæði um félagsform tel ég til mikilla bóta og fyrirmyndar. Gott væri, ef einstaklingar gerðu meira af því og skildu betur nauðsyn þess að vinna meira saman. Einstaklingshyggja hjá okkur Íslendingum er allt of mikil. Það, sem okkur vantar, er einmitt stærri rekstrareiningar, en ekki, að hver og einn sé að hokra í sínu horni. Sú stétt manna, sem vel hafa skilið þetta á allra síðustu tímum, eru íslenzkir verkfræðingar, sem fjöldamargir hafa nú stofnað til félagsstarfsemi um kunnáttu sína og störf á félagsgrundvelli. Það er gefið mál, að með félagslegri samstöðu næst betri árangur fyrir þjóðarheildina og einstaklingana sjálfa. Þetta á við bæði hvað við kemur verkfræðingum og öðrum, sem einnig hafa aðstöðu til þess að starfa einir síns liðs, eins og hv. 10. þm. Reykv. taldi upp nokkur dæmi um. Skattfrelsi takmarkaðs hluta arðs úr A-hlutafélögum er að mínum dómi uppörvandi til að auka hagsýni og félagslega uppbyggingu, sem okkur Íslendingum er bráðnauðsynleg.

Margt fleira mætti ræða í sambandi við þetta lagafrv., en ég vil hlífa hv. þdm. við lengri ræðu, og að endingu vil ég svo enn lýsa ánægju yfir, hversu góðum breytingum þetta frv. hefur tekið við meðferð hv. Alþ., og vænti þess, að hv. þdm. sjái hinar ljósu hliðar málsins og veiti frv. brautargengi í því formi, sem það nú er komið í.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. hér mikið, enda hefur hv. frsm. minni hl., hv. 11. þm. Reykv., gert skýra og glögga grein fyrir afstöðu okkar í minni hl., og get ég undirstrikað flest eða allt, sem hann sagði um málið. Og ég vil þó alveg sérstaklega byrja á því að ítreka og undirstrika það, sem hann sagði um alla málsmeðferðina, hversu óhæf hún hefur verið á allan hátt sérstaklega gagnvart þessari hv. þd., sem aðeins fékk jafnmarga klukkutíma til þess að íhuga málið í n. og hv. Nd. hafði marga mánuði til þess að fjalla um málið. Þrátt fyrir það er ég ánægður yfir því að hafa notið tveggja stunda kennslu — ásamt öðrum hv. nm. í fjhn. — ríkisskattstjóra og ráðuneytisstjóra í fjmrn., sem vissulega var mikils virði, því að þeir svöruðu greiðlega þeim fsp., sem við vorum þá viðbúnir að leggja fyrir þá.

Hitt hlýt ég að víta, að ekki sé staðið við það að gefa mönnum þær tölulegu upplýsingar, sem um var beðið og lofað hafði verið. Það tel ég vera fyrir neðan virðingu hæstv. ráðh. að sjá ekki svo um, að hans embættismenn gegni þeirri skyldu sinni að gefa alþm. þær upplýsingar, sem þeir biðja um og ekki eru talin nein vandkvæði á að veita. En eins og kom fram hjá hv. 11. þm. Reykv., höfum við aðeins fengið annað það skjal, sem hér var um að ræða. Og þetta skjal, sem ég hef hér fyrir framan mig, er vissulega athyglisvert, eins og hv. 11. þm. Reykv. benti á, og ekki sízt er það athyglisvert í mínum augum, þegar ég minnist þess, hvaða loforð viðreisnarstjórnin gaf, þegar hún tók við völdum í landinu, en þá var því hvorki meira né minna en lofað í þeirri víðfrægu bók „Viðreisn", sem fáir eiga nú lengur í fórum sínum, að tekjuskattur á einstaklinga skyldi afnuminn. Hún er orðin slíkur forngripur, að ekki er auðvelt að ná til hennar, og mér hefur ekki tekizt að fá hana annars staðar en hér — lánaða af náð og miskunnsemi úr bókasafni hv. Alþ. Og ég verð að segja það, að mér þætti ákaflega vænt um það, ef ráðh. gæfi upplýsingar um það, hvort ekki er nægilegt upplag til af þessari bók til þess, að þm. geti farið með hana heim til sín núna, þegar þingi lýkur, og flett upp í henni öðru hverju í sambandi við þær umr., sem áreiðanlega verða um stjórnmál, m. a. ástand skattamálanna

og annað, þegar þeir fara að gera upp sín mál við kjósendur.

En í þessu plaggi, ef mig misminnir ekki mikið — og ég verð að játa, að það er eins með mig eins og hæstv. ríkisstj., að ég er búinn að týna þessum gullum mínum, sem ég þó reyndi að halda í — þá var því lofað, að tekjuskattur á einstaklinga skyldi afnuminn; það yrði stefnt að því, að tekjuskattur á einstaklinga yrði afnuminn. En ef hæstv. ráðh. hefur eintak af bókinni hér hjá sér og flettir þessu upp og annað kemur í ljós, þá skal ég vera fús til þess að viðurkenna misminni mitt. En ég held, að þetta hafi áreiðanlega staðið þar eða eitthvað mjög í þá átt. En samkv. þessu plaggi, sem ég hef hér fyrir framan mig, þá hefur tekjuskattur og að vísu eignarskattur, sem er mjög óverulegur og kemur ekki ýkja mikið inn í þessa mynd, aukizt úr 49 millj. kr. árið 1960 í 881.6 millj. kr. á árinu 1970. Lauslega áætlað er hér um nær tvítugföldun að ræða. Á sama tímabili, þ. e. frá árinu 1960 til 1970, hefur kaupgjald verkamanna hækkað að meðaltali úr 21.68 kr. í 76.67 kr., þ. e. lítið meira en þrefaldazt á sama tíma og tekjuskattarnir hafa nærri því tvítugfaldazt. Þannig hefur verið staðið við þetta gullna loforð um að draga úr eða jafnvel afnema tekjuskatta ríkisins af einstaklingum. Þarna er a. m. k. miðað við verðgildi um fimm- eða sexföldun að ræða á þessum sköttum.

Þetta er svo auðvitað ekki nema önnur hliðin á því máli, sem að þessu lýtur, því að að sjálfsögðu ber þarna einnig að athuga útsvörin og yfirleitt alla tekjuöflun ríkissjóðs. Þar er myndin áreiðanlega sízt betri, sérstaklega ef maður tekur tillit til þess, hvernig söluskattskerfinu hefur verið breytt á þessu tímabili — og þar með verður um miklu meiri margföldun að ræða en nokkurn tíma á tekjusköttunum.

Félögin hafa hins vegar aldrei greitt umtalsvert til ríkisþarfa í tekju- og eignarskatt, þó að sérstök ástæða þyki nú til þess að draga verulega úr þeirri upphæð, sem á árinu 1970, þ. e. á s. l. ári, var ekki nema 191 millj. kr. samkv. því plaggi, sem ég hef hér fyrir framan mig. Og eins og kom fram hjá hv. 11. þm. Reykv., þá hefur hluti félaganna, hundraðshluti tekju- og eignarskatta í heild, minnkað úr 40% í 17% á þessu tímabili. En samt sem áður þykir nú við hæfi að taka upp þá nýju pólitísku stefnu, sem hæstv. ráðh. hefur lýst, þ. e. að draga mjög úr þessari skattheimtu af félögunum. Það er mál fyrir sig, sem auðvitað má lengi deila um, hvernig á að afla þessa fjár, en ég fer ekki ofan af því, sem ég hélt hér fram við 1. umr. málsins, að jafnvel þó að þessi stefna sé tekin upp, að því leyti sem tekjuskattinn áhrærir, þá er ég ekki farinn að sjá það, fyrr en ég hef alla myndina fyrir mér, hversu mikið atvinnurekendur græða á þessari breytingu.

Mér heyrðist t. d., að hv. síðasti ræðumaður, hv. 7. landsk. þm., væri að segja hér áðan, að hann væri ekki ákaflega hrifinn af þeirri stefnu, sem hæstv. fjmrh. boðaði hér, þegar málið var til 1. umr., þ. e. að fasteignaskattar yrðu auknir stórkostlega. Ef ekki er hér um það að ræða að færa stórkostlega mikið meira af gjöldunum yfir á launafólkið í landinu og þá aðallega láglaunafólkið og miðlungslaunafólk, hvað er þá eftir? Eru menn þá að biðja um hærra aðstöðugjald? Er hv. 7. landsk. þm. að biðja um það, að aðstöðugjöldin séu margfölduð eða stóraukin frá því, sem nú er? Þessar spurningar hljóta að vakna vegna þess, að leiðirnar í skattamálunum eru ekki svo ýkja margar. Er kannske verið að boða stórkostlega hækkun á söluskatti hjá almenningi? Eða er verið að boða aukna tolla og þá jafnhliða framleiðslugjald á iðnaðarvörum? Hvort tveggja yrði að fara saman, ef að þeirri leið væri horfið, vegna skuldbindinga okkar í EFTA.

En ég læt nú útrætt um þessa hlið málsins og kem þá að því, sem ég vildi eiginlega ræða sérstaklega við hæstv. fjmrh. um. Það er þá í fyrsta lagi um arðjöfnunarsjóðsleiðina, sem farið er inn á með þessu frv. og mér sýnist, að hafi ýmsa ágalla í för með sér. A. m. k. hefði verið hægt að leysa þau vandamál, sem með þessu er verið að reyna að leysa, með öðrum og hagkvæmari hætti bæði fyrir atvinnureksturinn og fyrir þjóðfélagið í heild með þeirri till., sem ríkisskattstjóri, sá ágæti embættismaður, kom fram með í embættismannanefndinni, þ. e. að horfið yrði frekar að því ráði að heimila bæði einstaklingum og félögum að stofna fjárfestingarsjóði með allt að 30% af hreinum tekjum sínum, þ. e. þegar laun hafa verið greidd, en þó ekki með lægri upphæðum en 65 þús. kr., og síðan væru 40% af þessum sjóði „deponeruð" í bönkum eða með öðrum hætti og væru eins konar bundin innstæða, þangað til hún yrði notuð til fjárfestingar, en yrði síðan skattlögð á 11. ári með 9% vöxtum, ef það hefði þá ekki á því tímabili verið notað til fjárfestingar. Þessi leið hefði haft m. a. þá stórkostlegu kosti fram yfir arðjöfnunarsjóðsleiðina, að með því hefði ekki verið mismunað eins herfilega og gert er atvinnurekstrarformunum, þ. e. annars vegar hlutafélagaforminu og hins vegar því formi, þar sem einstaklingur hefur með sinn rekstur að gera og stendur og fellur fjárhagslega með því, hvernig honum gengur.

Það getur vel verið rétt hjá hv. 7. landsk. þm., sem hér talaði síðast, að einstaklingshyggjan sé allt of mikil hjá okkur, og verð ég nú að segja, að ég fagna því, að sú kenning kom einmitt úr þeirri áttinni, því að hún er nú ekki alveg lík því, sem hann og hans flokksbræður hafa yfirleitt haldið fram, þar sem þeir hafa nú sérstaklega talið sig vera málsvara einstaklingsframtaksins. Og þó að ég viðurkenni það, að einstaklingshyggjan geti gengið úr hófi fram, þá held ég þó, að einmitt þetta rekstrarform geti á ýmsum sviðum átt ákaflega vel við, sérstaklega í ýmiss konar smárekstri, og eigi að eiga fyrir sér langa framtíð, ef það er ekki heft með einhverjum hætti eða beinlínis eða óbeinlínis bannað, eins og hér er stefnt að með þeirri löggjöf, sem nú er verið að setja. Ég hef yfirleitt ekki þurft

að standa hér uppi í ræðustól á hv. Alþ. til þess að verja einstaklingsframtakið, en mér sýnist full þörf á því, að sú vörn komi einhvers staðar annars staðar að en frá hv. sjálfstæðismönnum. Og ég skammast mín ekki fyrir það að taka upp hanzkann fyrir þá menn, sem vilja leggja allar eignir sínar undanbragðalaust í hættu fyrir heilbrigðan atvinnurekstur, en fela sig ekki á bak við hlutafélagsform, sem gefur þeim færi á því að láta félögin verða gjaldþrota, en standa samt uppi sem efnamenn á eftir. Ég tel það vera svívirðilegt að gera á þennan hátt mun á einstaklingunum annars vegar og hlutafélagaforminu hins vegar.

En mér sýnist líka, að hér sé um annað og meira að ræða í sambandi við þessar tvær hugsanlegu aðgerðir, annars vegar till. ríkisskattstjóra og hins vegar ákvæði frv. um arðjöfnunarsjóð, og það snertir mjög það vandamál, sem við höfum átt einna erfiðast með að glíma við hér á síðustu árum, þ. e. verðbólguna, og hins vegar það, hvernig mönnum er gefið tækifæri með skattalöggjöfinni til þess að sleppa frá réttlátum gjöldum til þarfa hins opinbera, bæði bæja og ríkis, með t. d. sérstökum fyrningarreglum, eins og gert er. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að þeir, sem hafa notið sérstakra forréttinda í fyrningarreglum, eins og þær hafa verið á undanförnum árum, hafa auðvitað lagt á það höfuðáherzlu að standa í stöðugri fjárfestingu, þ. e. hafa alltaf nóg af nýjum framkvæmdum til þess að geta afskrifað til þess að geta sloppið við skatta og hafa þá ekki sézt fyrir í því, hvort þær framkvæmdir allar væru af nokkru viti gerðar eða jafnvel hvort það væri líklegt, að þær gæfu af sér nokkurn arð. Þeir hafa heldur viljað sjá ónýta steinsteypu við hliðina á fyrirtækjum sínum en þurfa að greiða að einhverju leyti í skatta upphæðirnar, sem það hefur kostað að byggja úr steinsteypunni. Þetta er staðreynd, sem blasir við og öllum er kunnugt um — líka hæstv. ráðh., sem fyrir þessu frv. stendur.

Ef aftur á móti sú leið hefði verið farin, sem ríkisskattstjóri lagði til, að menn gætu geymt fjárfestingarsjóði í allt að 11 ár, þá þykir mér miklu líklegra, að fjárfestingarstefnan hjá einstaklingunum hefði farið inn á heilbrigðari brautir en þegar menn eru óbeint hvattir til þess að standa í árlegri fjárfestingu til þess að flýja undan opinberum gjöldum, og það tel ég höfuðkost þessarar hugmyndar, þ. e. arðjöfnunarsjóðsleiðarinnar. Ég vildi þess vegna gjarnan, vegna þess að það hefur ekki komið fram í þessum umr. hvorki fyrr né síðar — a. m. k. ekki hér í hv. d., fá á því fulla skýringu, hvers vegna þessari — að mínu viti — ágætu hugmynd ríkisskattstjóra var hafnað. Var það gert til þess að mismuna einstaklingunum og hlutafélögunum, eða var það gert af einhverjum öðrum ástæðum? Varla hefur það getað verið gert af skatttæknilegum ástæðum, þar sem að till. stóð áreiðanlega sá maðurinn, sem er hæfastur í þeim efnum og hefur bezta þekkingu á því, hvað skatttæknilega er heppilegt. Í þessum efnum má svo vísa til þess, sem fram kom á fundi hv. fjhn., að fyrirmyndir að slíkum fjárfestingarsjóðum eru auðsóttar til nágrannalandanna eins og t. d. Danmerkur. Þetta er sem sé spurning, sem ég vildi gjarnan fá svar við hjá hæstv. ráðh. sem fyrirsvarsmanni þeirrar breytingar, sem nú er verið að gera á hluta af skattakerfinu.

Ég ætla svo ekki að fara hér út í þá hluti, sem hv. frsm. meiri hl. gerði hér nokkuð að umtalsefni, en ég er honum fullkomlega sammála, þegar hann gagnrýnir mjög ákvæði frv. um skattfrelsi hlutafjárarðs. Ég get aðeins undirstrikað allt, sem hann sagði um það, en get þó ekki stillt mig um frekar en hv. 11. þm. Reykv. að vekja athygli á því, hvers vegna þessi hv. þm. vill ekki standa, eins og honum stóð til boða í hv. n., að breytingum á þessu atriði, þar sem hann er okkur algerlega sammála um það. Þykir mér það nokkuð hart, að menn séu það bundnir á höndum og fótum, að þeim sé fyrirmunað að greiða atkv. og flytja eða fylgja till. í samræmi við samvizku sína. Og ég verð að segja, að mér þykir illa farið með svo góðan dreng sem hv. þm. er, að það skuli verða eitt af hans síðustu verkum hér á hv. Alþ. að hljóta þannig meðhöndlun.

Þá er það enn þá eitt, sem ég vildi örlítið gera að umtalsefni, og það er í sambandi við það, sem hæstv. fjmrh. sagði hér, þegar málið var til 1. umr. hér í hv. d. Ég held, að ég muni það næstum því orðrétt, þó að ég skrifaði það ekki niður eftir honum, en mig minnir, að honum færust orð á þá leið, að honum mundi ekki hafa dottið í hug að láta þetta frv. ná fram að ganga — ýta því í gegnum þingið, ef atvinnurekendur hefðu ekki að gerðum þeim breytingum, sem á frv. hafa verið gerðar, samþykkt það að öllu leyti og lagt áherzlu á, að það yrði samþykkt hér á hv. Alþ. Nú þykir mér að vísu, sem lesa megi út úr því, sem hv. 7. landsk. þm. sagði hér, að atvinnurekendur séu ekki að öllu leyti eins öruggir um sinn hag í sambandi við þetta frv. og hæstv. ráðh. vildi vera láta.

En þessi fullyrðing hæstv. ráðh. — þessi viljayfirlýsing hans um, að ekki sé hægt að afgreiða lög, sem varða atvinnureksturinn nema með beinum samningum og samþykki atvinnurekenda, leiðir hug minn að annarri spurningu. Á þá ekki nákvæmlega það sama að gilda, þegar launþegar eiga í hlut, þegar aðrir skattgreiðendur í landinu eiga í hlut? Og á þá að viðhafa sömu aðferð, þegar kemur að þeim þætti skattamálanna, sem að einstaklingunum snýr, sem að launafólki í landinu snýr? Á þá að hafa sömu aðferð, þ. e. að láta það vera háð þeirra samþykki, hvort slík löggjöf nær fram að ganga eða ekki? Eða er það svo, að atvinnurekendur hafi hér alger forréttindi, hafi hér algert „privilegium“ í sambandi við skattamálin, það eigi að semja við þá og það sé talinn sjálfsagður hlutur bæði sanngjarn og í samræmi við þjóðarhagsmuni? Hins vegar skipti það engu, hvaða skoðanir launafólkið, hinn almenni skattgreiðandi, sem ber meginþungann af öllum sköttum og skyldum til

ríkissjóðs, hafi á málinu. Er þá ekki komið að því, ef hæstv. ráðh. vill vera sjálfum sér samkvæmur, að t. d. eigi að semja við Alþýðusamband Íslands og önnur launþegasamtök í landinu um þann hluta skattkerfisins, sem eftir stendur, eða eiga þau að búa við annan og miklu lakari hlut í þessum efnum en atvinnurekendur samkv. þessari yfirlýsingu? Ég hef reyndar aldrei efazt um það, að hæstv. ríkisstj. telur sig a. m. k. með réttu að einhverju leyti og þó áreiðanlega að nokkru leyti með röngu vera sérstaka fulltrúa íslenzkra atvinnurekenda. Það tel ég hana ekki vera nema að nokkru leyti. Og mér kemur þess vegna þessi yfirlýsing hæstv. ráðh. ekkert sérstaklega á óvart, en þá er rétt, að hann sé jafnhreinskilinn og svari því, hver á réttur launþeganna, hins almenna skattborgara, að vera í þessum efnum. Eiga þeir að njóta sama réttar og atvinnurekendur virðast hafa notið í sambandi við afgreiðslu þessa frv.?

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð öllu fleiri að sinni a. m. k. Ég sagði það hér við 1. umr., að ég teldi þá pólitísku stefnu, sem upp væri tekin með þessu frv., vera líka þeirri, sem hæstv. ríkisstj. hefur fylgt á undanförnum árum dyggilega, og eins og glöggt sést á þeim tölum, sem ég nefndi um tekju- og eignarskatt og aukningu þeirra samanborið við auknar launatekjur, er stefnan sú að færa meira af gjaldheimtunni til ríkissjóðs yfir á bök launafólks í landinu og létta á atvinnurekendum. Ég get undirstrikað það líka, sem ég sagði þá, að hér er eins og víða annars staðar hóf bezt í hverjum hlut. Ég viðurkenni það fullkomlega, að atvinnureksturinn í landinu þarf að eignast eigið fjármagn, en það verður þá jafnframt að nota skattkerfið sem hagstjórnartæki þannig, að þær ívilnanir, sem atvinnurekendur fá, nýtist til þess, að hagvöxturinn geti orðið meiri, þjóðin geti aflað meiri tekna og launþegarnir orðið færari til þess að sjá hag sínum borgið.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það er vitanlega margt, sem fram hefur komið í þessum umr. hér í dag, sem ástæða væri til að gera að umtalsefni, en ég mun reyna að takmarka mig við örfá atriði og hefði raunar ekki tekið hér til máls nema vegna þess, að það eru viss atriði, sem ég taldi mér skylt að ræða m. a. fsp., sem beinlínis hafa komið fram í ræðum hv. þm. og ég teldi virðingarleysi að gera a. m. k. ekki tilraun til að svara, hvort sem þeir telja svörin viðhlítandi eða ekki.

Hv. 4. þm. Norðurl. e., sem var að ljúka hér máli sínu, lauk því með því að lýsa yfir undrun sinni. Hann taldi þó, að það væri e. t. v. ekki undarlegt, að ég hefði lýst því yfir, að mér hefði ekki komið til hugar að leggja áherzlu á að afgreiða þetta frv., ef atvinnurekendasamtökin hefðu snúizt gegn því, og spurði um leið, hvort þess mætti þá vænta, að almenningur í landinu fengi að ráða varðandi setningu almennrar löggjafar um almenna skatta í landinu. Varðandi það atriði, að atvinnurekendur eigi að ráða þessum málum, þá er það alger misskilningur á *mínum* orðum. Ég lagði aðeins áherzlu á það, og það hefur verið upplýst hér bæði af mér og hv. öðrum ræðumönnum, að endurskoðun þessarar löggjafar hefði upphaflega farið af stað með hliðsjón af aðild Íslands að EFTA og það hefði verið sett ákveðin stefnumörkun í umboði, sem embættismannanefndinni, sem falið var að undirbúa málið, var veitt til að vinna að því, að skattaaðstaða atvinnurekstrarins yrði sambærileg við það, sem gerðist meðal EFTA-landa. Og þó að ég telji það auðvitað alls ekki eiga að ráða endanlega afstöðu til skattamála, að einstök hagsmunasamtök hafi eitthvað við þau að athuga, þá legg ég áherzlu á, að ég tel það hefði verið jafnfráleitt að stöðva ekki afgreiðslu þessa frv. hér í þinginu, ef atvinnurekendasamtökin í landinu almennt hefðu snúizt gegn því og talið, að það væri ekki í samræmi við þá stefnumörkun, sem upphaflega var sett vegna aðildarinnar að EFTA.

Þetta var það, sem ég átti við með mínum orðum, og ég geri ekki ráð fyrir, að neinn hefði láð mér það, þó að ég hefði farið að hugsa það mál að nýju og talið, að það væri a. m. k. nauðsynlegt að kanna það betur, ef atvinnurekendasamtökin hefðu snúizt almennt öndverð gegn málinu, eins og þau að vissu leyti gerðu í upphafi meðferðar þess hér á þingi, svo sem hér hefur verið vitnað til í sambandi við bréfaskriftir. Síðan hefur málið breytzt mjög verulega í meðferð þingsins, og ég skal alveg taka undir þær þakkir, sem hér hafa verið fram bornar til fjhn. Ed. fyrir mikla vinnu í því efni, og ég vildi þá jafnframt taka það fram, að embættismannanefndin eða vissir menn úr henni hafa unnið mjög mikið með fjhn. Alþ. að athugun málsins og einmitt til þess að kanna það, hvort hægt væri að samræma sjónarmiðin, og ég tel, að það hafi tekizt, án þess að það væri vikið frá þeim grundvallaratriðum, sem ég lagði upphaflega fyrir embættismannanefndina að vinna að í þeim erindisbréfum, sem hún fékk.

Að ég hafi lagt áherzlu á — eins og einhver hinna hv. þm. sagði hér í dag, að ég hefði gert, þegar ég gerði grein fyrir málinu hér á þingi — að það yrðu ekki gerðar miklar breytingar, það er ekki rétt. Ég tók ekkert fram um það, að það mætti ekki gera á því verulegar breytingar, og ég lagði einmitt áherzlu á það, að frv. væri lagt fyrir þingið eins og embættismannanefndin eða meiri hl. hennar hefði gengið frá því og ég hefði ekkert við það að athuga, þó að á því yrðu gerðar breytingar, ef þær væru í samræmi við þá pólitísku stefnumörkun, sem lögð hefði verið í erindisbréfi til embættismannanefndarinnar. Og það er rétt, að embættismannanefndin var ekki sammála um öll atriði málsins. Ég valdi þann kostinn að leggja frv. fram óbreytt, eins og það kom frá meiri hl. nefndarinnar, en jafnframt var fjhn. Alþ. gert kunnugt það sérálit, sem ríkisskattstjóri stóð að, þar sem voru ýmis atriði, sem hann taldi betur fara með öðrum hætti. Og ég vænti þess, að það þyki ekki óeðlileg vinnubrögð að hafa þann hátt á, þannig að það var vissulega engu leynt í þessu efni auk þess, sem svo sérstaklega hafði

verið að þessu máli unnið, að það hafði verið gert ráð fyrir því, að fulltrúar frá fjhn. Alþ. fylgdust milli þinga með gangi þessa máls og gætu komið að skoðunum sínum í sumar og haust eftir því, sem málum þokaði áfram í embættismannanefndinni, og frv. yrði ekki endanlega lagt fyrir Alþ., nema fjhnm. eða þessi undirnefnd úr fjhn. fengi aðstöðu til þess að kynna sér málið og hefði þá betri aðstöðu til þess í Alþ. að meðhöndla málið en ella væri.

Varðandi þá ásökun á hendur mér, að ég hafi undirbúið málið með röngum hætti með því að setja í það embættismannanefnd, þá má auðvitað um það deila. Ég álít þó hiklaust, og það er mín skoðun, að það hefði í rauninni ekki verið hægt að velja aðra leið. Hér er um að ræða hátæknileg atriði. Hér er um að ræða mjög víðtækt vandamál, sem þarf að skoða frá öllum hliðum, og ég held, að í það hafi verið settir þeir færustu menn, sem um var að ræða í þessu efni. Vitanlega var þeim ætlað að hafa samráð við atvinnurekendasamtökin og aðra þá aðila, sem málið varðaði, og það gátu allir komið þar að sínum skoðunum, og eftir að frv. hafði legið hér fyrir síðasta Alþ., var það auðvitað hægurinn hjá, enda var það rætt við marga aðila frá atvinnurekendasamtökunum milli þinga. Hvort svo endanlega hefur verið farið eftir þeirra till. eða hvort atvinnurekendur hafa svo aftur ekki komizt niður á endanlegar till. sínar fyrr en á seinni stigum málsins, skal ég láta ósagt. Ég ætla ekki að fara að efna til neinna orðræðna um það, tel það ekki þjóna neinu góðu, en ég tel hins vegar, að ótvírætt hafi verið unnið að málinu í góðum hug á þann veg að reyna að samræma sjónarmiðin. Vitanlega var það ekki ætlunin að fara að taka upp nýjar skattlagningarreglur á atvinnureksturinn, ef atvinnurekendur voru þeirrar skoðunar, að það þjónaði alls ekki þeim tilgangi, sem til væri ætlazt, jafnvel þó að reglurnar út af fyrir sig veittu atvinnurekstrinum veruleg hlunnindi.

Ég held því ekki — miðað við bæði vinnubrögð í málinu og viðhorfin, sem ég hef lýst hér gagnvart atvinnurekstrinum varðandi það, hvort hann eigi að ráða sinni skattlagningu eða ekki — að hægt hafi verið að meðhöndla þetta með öðrum hætti, og ég tel, að hv. 4. þm. Norðurl. e. hafi lagt rangan skilning í það, að ég hefði út af fyrir sig ekki getað hugsað mér, að samþ. yrði hér frv., sem atvinnurekendur hefði eitthvað haft við að athuga, enda eru þeir ekki alls kostar sammála þessu frv., eins og kom hér fram í ræðu hv. 7. landsk. þm. En hitt væri jafnfjarstætt, að ég hefði farið að þvinga fram afgreiðslu á Alþ. á frv., sem öll samtök atvinnuveganna hefðu talið, að þjónaði alls ekki þeim tilgangi, sem ætlunin var að þjóna og sem ég hygg, að við út af fyrir sig séum öll sammála um, að sé aðalatriðið, þ. e. að aðstaða íslenzks atvinnurekstrar sé sambærileg við aðstöðu atvinnurekstrar í EFTA-löndum.

Hér hefur verið fundið að því, að ráðuneytisstjórinn í fjmrn. hafi ekki gefið vissar upplýsingar, sem hann hafi verið spurður um í fjhn. hv. Ed. Ég hafði ekki neina vitneskju um þessa upplýsingabeiðni og hafði því samband við ráðuneytisstjórann í dag, eftir að þetta var upplýst hér af hv. 11. þm. Reykv., að þessar upplýsingar hefðu ekki borizt. Mér fannst þetta mjög einkennilegt allt saman af þeirri einföldu ástæðu, að ég hef talið — og það hefur verið talið af öllum sérfróðum mönnum, að það væri útilokað að gefa þessar upplýsingar af þeirri einföldu ástæðu, að menn vita ekki, hvaða kostir verða valdir t. d. af hinum ýmsu félagsformum, og ótalmargt annað kemur hér til greina, t. d. vita menn ekki, hvernig arðinum verður ráðstafað. Af þessum ástæðum og öðrum væri það í rauninni gersamlega útilokað að nefna nokkrar ákveðnar tölur í þessu sambandi.

Ráðuneytisstjórinn mun hafa misskilið, eftir því sem hann tjáði mér, þá beiðni, sem borin var hér fram, og sagði mér, að hann hefði skilið það svo, að verið væri að biðja um upplýsingar hliðstæðar þeim, sem eru gefnar á þessari skýrslu, sem hv. fjhnm. hafa fengið í hendur um álagða skatta á félög og einstaklinga og jafnframt álögð útsvör, og sagðist játa það, að það væri rétt, að það hefði farizt fyrir hjá sér að gefa upplýsingar um útsvörin. Þau væru ekki innifalin í þessum „skala“ hér, heldur aðeins skattarnir. Hann hafði tjáð n., að það væri auðvitað hægt að gefa það upp, hvað hefði verið lagt á félög bæði í sköttum og útsvörum. Nú er það alveg sýnilegt, að hér hefur verið um einhvern misskilning að ræða milli manna, en ég hef ekki tök á að svara þessu með öðrum hætti, því að þannig hefur ráðuneytisstjórinn misskilið þessa beiðni. Ég efa ekki, að hv. þm. hafa — og þeir hafa báðir staðfest það hér í n. — meint allt annað, en ég hef sem sé ekki aðstöðu til þess að gefa þessar upplýsingar vegna þess, að því hefur verið haldið fram í mín eyru af öllum sérfróðum mönnum um þessi efni, að þessar upplýsingar væri ekki hægt að gefa á þessu stigi málsins. Hitt er annað mál, að embættismannanefndinni hefur verið falið að reyna að kafa til botns í þessu, þegar öll kurl eru til grafar komin, ef svo má segja, og reyna að gera sér grein fyrir þessu dæmi í heild vegna þess, eins og liggur í augum uppi, að það verður auðvitað að brúa þetta bil. Jafnframt er nefndinni í síðara erindisbréfinu falið að gera till. um það, hvernig eigi að brúa þessi bil bæði að því er tekjur ríkissjóðs varðar og sveitarfélaganna.

Varðandi það atriði, að það hafi orðið miklar sveiflur og tekjuskattur félaga sé orðinn miklum mun minni en hann hafði áður verið hlutfallslega, er það ekki vegna aukinna fríðinda nema að sáralitlu leyti, en það kemur til greina allt frá árinu 1963, vegna þess að þá voru settar almennar reglur um skattgreiðslur félaga, og ef skattgreiðslur þeirra hafa minnkað svona mikið miðað við skatta annarra, þá stafar það fyrst og fremst af því, að hagur félaganna hefur verið með miklu lakara hætti. Og það vitum við, að atvinnureksturinn átti við mikla erfiðleika að búa. Það kemur t. d. greinilega fram í því, að á árunum frá árinu 1967 verður

allveruleg lækkun á hlutfallsskatti félaga bæði árið 1968 og 1969, en síðan hækkar þetta á árinu 1970 og verður hærra en á árinu 1967. Þetta kemur ekki til af því, að á þessum árum hafi ekki orðið neinar skattalagabreytingar, heldur stafar þetta aðeins af því, að það hefur orðið þessi lélega afkoma hjá atvinnurekstrinum.

Ég get því miður ekki svarað hv. 4. þm. Norðurl. e. um það, hvort nóg er til af hinni merku bók „Viðreisn", en mér er ákaflega ljúft að leggja mig fram um það, að hann geti orðið sér úti um eitt eintak af bókinni, ef það er til. Það yrði sjálfsagt borið saman við góða lesningu, áður en við færum á okkar kosningafundi. En sannast sagna hefur þetta sennilega verið mjög eftirsótt bók, og það er nú orðinn svo langur tími, síðan viðreisnarstjórnin tók við völdum, að það er kannske ekki að undra, þótt hún sé kannske eitthvað farin að slitna ekki sízt, ef menn hafa mikið „stúderað" þetta. En þetta skal ég fúslega athuga og bið hv. þm. að hafa samband við mig um það, áður en hann hverfur út í sína kosningabaráttu.

Ég held, að það hafi verið á einum stað misskilningur í orðum hv. 4. þm. Norðurl. e. Ég þykist vita, að hann hafi í rauninni alls ekki átt við, að það hafi í þessari bók verið talað um að afnema tekjuskatt. Það var aldrei sagt. Hitt mun hafa verið sagt, þó að ég muni „Viðreisn" ekki alveg nákvæmlega, að stefnt væri að því að afnema tekjuskatta af almennum launatekjum. Það var einhvern veginn orðað, hygg ég, með þessum hætti, þó að ég kunni ekki bókina. En varðandi þetta atriði vil ég nánar upplýsa það, að þegar skattalögin voru sett 1963, var miðað við alveg ákveðinn mælikvarða. Þá var miðað við 1. taxta Dagsbrúnar, að ég hygg, með vissu eftirvinnuálagi. Og það er sú viðmiðun, sem alltaf hefur verið höfð síðan. Menn geta deilt um það, hvort sú viðmiðun hafi verið rétt eða röng. Og þessi tala er auðvitað mun lægri en sem svarar meðaltekjum verkamanna eða iðnaðarmanna, sem vitnað var í t. d. í hv. Nd., að væru á fjórða hundrað þúsund krónur eða hefðu verið það á s. l. ári. Hin talan, sem ég hef notað í þessu sambandi, er 192 þús. kr., sem er þessi taxti Dagsbrúnar með 15% álagi, og það er sambærilegur taxti, sem hefur verið notaður í þessari viðmiðun alla tíð frá því, að skattalögin voru fyrst endurskoðuð, eftir að viðreisnarstjórnin tók við völdum. Hvort þetta er rétt eða röng viðmiðun, vil ég ekkert um segja, en þessari viðmiðun hefur verið fylgt, og ég skal játa, að henni hefur ekki verið náð að fullu síðustu erfiðleikaár, vegna þess að skattvísitalan hefur ekki verið hækkuð eins og nauðsynlegt hefði verið þar til á þessu ári, en á það vil ég leggja áherzlu, vegna þeirra hækkana, sem nú verða. Að vísu er það ekki unnið upp, sem vantaði á skattvísitölu síðustu ára, en hún er í ár hærri en bæði hinar almennu kauphækkanir og þó mun hærri en aukning framfærslukostnaðar. Þannig að það jafnast nokkuð upp á við þann mismun, sem varð skattgreiðendum til óhags á erfiðleikaárunum.

Varðandi það atriði, hvort menn vilja breyta skattvísitölu, hvort menn vilja samþykkja þessa beinu skatta á félög eða hafa þá með öðrum hætti, þá er það auðvitað alveg hárrétt, sem hér hefur verið nefnt, að að lokum verða menn að meta það, hvernig eigi að ná saman endum og hvernig eigi að afla fjárins. Ég tel, að Alþ. sem fulltrúi alls almennings í landinu hljóti að verða að meta það og þurfi ekki að kveðja til neina sérstaka fulltrúa hagsmunastétta til þess að ákveða, hvort menn telja réttara að lækka beina skatta t. d. á einstaklingum mjög verulega. Það hefur jafnvel komið fram hugmynd um að afnema þessa skatta og fara inn á aðrar tekjuöflunarleiðir. Þetta er atriði, sem auðvitað er sjálfsagt að ræða um, og þegar þetta dæmi allt liggur fyrir á næsta þingi, sem það hlýtur að gera, getur þetta komið mjög til álita. Það kemur líka mjög til álita, hvort það á að afnema tekjuskatt til ríkisins og láta sveitarfélögin hafa t. d. alla beinu skattana. Svona má lengi orða vissar hugmyndir í þessu efni. Spurningin er sem sé þessi, hvaða aðferðir menn vilja hafa til þess að ná þessum sköttum, sem nauðsynlegir eru til þess, að þjóðfélagið, ríkisvaldið og sveitarfélögin, geti sinnt þeim kröfum, sem til þess hafa verið gerðar á hverjum tíma.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. spurði að því, hvers vegna væri ekki lagt til að stofna fjárfestingarsjóð eins og ríkisskattstjóri hafði bent á. Ég skal fúslega játa það, að það getur vel komið til álita, og ég álít, að það sé atriði, sem eigi að taka til meðferðar við framhaldsendurskoðun skattalaganna eins og margt annað, sem fram hefur komið í umr. hér á Alþ. um þetta mál í báðum deildum. Þessi lög eiga ekki að taka gildi fyrr en um næstu áramót. Sumir hafa viljað fresta málinu af þeim ástæðum. Ég er annarrar skoðunar. Ég tel einmitt, að eigi að reyna að afgreiða málið ekki endilega til þess, að að lokum kveði þetta frv. nákvæmlega á um það, hvernig skattalögin verði, heldur til þess að fá ákveðna stefnumótun frá Alþ. eða meiri hl. Alþ. í því, hvað menn þó helzt geta hugsað sér. Og ég tek alveg undir það með hv. 4. þm. Norðurl. e., að ég tel, að athuga eigi þessa hugmynd með fjárfestingarsjóðina, en hún var fram sett af ríkisskattstjóra, sem var í minni hl. í þessari n., og frá frv. var gengið endanlega, eins og meiri hl. embættismannanefndarinnar hafði undirbúið það, en hugmyndirnar hins vegar sendar fjhn. Alþ. Og ég er fyrir fram alls ekkert á móti þeirri hugmynd og vil, að hún geti komið til athugunar.

Því, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. vék hér að varðandi þá miklu mismunun, sem nú væri gerð á með þessu frv., milli einstaklinga og félaga, hef ég áður vikið að. Þessi mismunun er sáralítil, sem er gerð með þessu frv. Það er út af fyrir sig rétt, að það er viss mismunun. Hún er að vísu meira formlegs eðlis en efnislegs eðlis vegna þess, að ég hygg, að í langflestum tilfellum verði eigendur hlutafélaga að standa sjálfir ábyrgir og jafnvel veðsetja sínar eigur í mörgum tilvikum bönkum og öðrum lána-

stofnunum til þess að geta fengið lán handa þeim félögum, sem þeir eiga. A. m. k. þar sem ég þekki til, er þetta almennt tíðkað, nema um sé að ræða mjög sterk félög, sem eru ekki mörg hér á landi, þannig að mismunurinn efnislega er ekki svo mikill þarna á milli. Það eru svo aftur auðvitað viss fríðindi út af fyrir sig, sem einstaklingarnir hafa umfram félögin, að þeir eru frjálsir með ráðstöfun eigna, en það eru eigendur í hlutafélögum ekki nema að mjög takmörkuðu leyti. Þetta frv. út af fyrir sig eykur hér ekkert á misræmi að öðru leyti en því, sem svarar hinum skattfrjálsa arði, sem hér er gert ráð fyrir að taka upp og er fyrst og fremst hugsaður — ég legg áherzlu á það — til þess, að það sé hægt að koma á almenningshlutafélagi og hægt sé að safna fjármagni inn í félögin með þessum hætti, þannig að fólk, sem vill slá sér saman og mynda einhvern atvinnurekstur, geti gert það.

Og ég tek það skýrt hér fram, að verði niðurstaðan sú, sem ég að vísu held, að sé allt of mikið gert hér úr, og embættismennirnir hafa bent á — sérstaklega ríkisskattstjóri í upplýsingum til fjhn. — að ýmsar hömlur séu á, að einhver smáfélög fari að misnota heimild þessara laga til þess eins að ná arði, þá verður vissulega að athuga það, og það er alltaf hægurinn hjá að stöðva slíka þróun, ef menn vilja, með breytingum á þessum lögum. Og það er ég hv. þm. nákvæmlega sammála um, að slíkt á ekki að eiga sér stað. Ég held þó, að menn mundu varla, eins og hér hefur verið bent á, fara að leggja út í þetta vegna þess, að þeir þurfa til þess að fá út úr þessu 60 þús. kr. að leggja þarna fram 600 þús. kr. hlutafé, þannig að meira þarf þetta nú að vera en smárekstur, til þess að það gerist. En kjarni málsins er hitt, og á það legg ég áherzlu, að hugsunin með þessum arðjöfnunarsjóði er sú að skapa möguleika til að koma hér á verðbréfamarkaði og kaupþingi, skapa möguleika til, að hinn almenni borgari eða hópar manna geti slegið sér saman til þess að mynda atvinnurekstur, eins og ég hef lagt áherzlu á, og hv. þm. vita, að gerzt hefur núna í stórum stíl og þá einmitt á þeim stöðum á landinu, þar sem fjármagn er lítið. Einnig er það mikilvægt, að hægt verði að koma hér upp stórum einingum einmitt vegna samkeppninnar, sem íslenzkir atvinnuvegir munu lenda í næstu ár. Og það gerist ekki fremur hér en í öðrum þjóðfélögum með öðrum hætti en þeim, að það verði reist fjársterk hlutafélög.

Varðandi það, að fyrningar hafi verið misnotaðar til óeðlilegrar fjárfestingar, þá kann það vel að vera, en ég legg þó áherzlu á það, að ekkert hefur rekið á eftir því hingað til, að það verði gert. Menn hafa getað varðveitt sínar fyrningar, og ekkert hefur knúið þá til þess að halda áfram að fjárfesta nema með þeim hætti, að þeir hafa þó reiknað með, að það væri arður, sem fengist út úr hinni nýju fjárfestingu, því að ef enginn hagnaður fæst, þá hefur enga þýðingu að vera að fyrna — þá er ekkert til þess að fyrna, ef við lendum í ógöngum með okkar rekstur. Og jafnframt vil ég leggja áherzlu á það, sem auðvitað verður að gera í öllum þessum málum — og því á þetta nokkurn rétt á sér, sem hv. þm. sagði — að það er auðvitað hægt að benda á ýmsa galla, sem komið hafa fram ekki endilega vegna fyrningarreglnanna, heldur vegna þess að menn hafa anað út í ýmsa hluti, án þess að það væri þaulhugsað. Þá þarf að leggja áherzlu á það hlutverk, sem sjóðir og bankar eiga að gegna í okkar þjóðfélagi, og vitanlega hafa menn ekki lagt út í stórar framkvæmdir hér án þess að fá til þeirra einhver stofnlán. Það held ég, að hafi í fæstum tilfellum gerzt.

Hv. 7. landsk. þm. vék að ýmsum atriðum bæði þeim, sem hann væri ánægður með, og þeim, sem hann væri óánægður með, og lét í ljósi undrun sína yfir því, að ýmis atriði væru í frv., sem ekki snertu aðeins aðild að EFTA. Ég vil vekja athygli á því, að í framhaldserindisbréfi mínu til nefndarinnar var nefndinni beinlínis falið að taka til athugunar bæði frv., sem legið höfðu hér fyrir Alþ. á síðustu þingum, og einnig önnur atriði, sem nefndin teldi skynsamlegt og eðlilegt að gera breytingar á í sambandi við skattalögin.

Og að lokum hlýtur það auðvitað að verða svo, að allt þetta skattadæmi kemur til meðferðar, og ég sá enga ástæðu til annars en að fram kæmu í þessu frv. einnig ýmis önnur atriði. Það hafa t. d. verið gerðar ýmsar leiðréttingar við persónuskatta, eins og menn hafa hér vikið að, t. d. á skattvísitölu, lögfestingu, sem til fellur, og ýmsum öðrum atriðum fyrst og fremst með hliðsjón af frv., sem hér hafa verið til meðferðar á hv. Alþ., og ég hygg, að flest hafi fengið jákvæða úrlausn, sem var með rökum hægt að benda á, að væru þess eðlis, að sanngjarnt og eðlilegt væri að lögfesta þau að meira eða minna leyti. Komið hefur verið að fullu til móts við sumar þær óskir, sem komið hafa hér fram.

En það var eitt atriði, sem ég vildi leiðrétta hjá hv. 7. landsk. þm., til þess að það ylli engum misskilningi, en sá misskilningur byggist vafalaust á því, að hann hefur misskilið orð mín í sambandi við fasteignirnar. Það er alveg rétt, og ég skýrði frá því, að það væru uppi hugleiðingar um það að stórauka fasteignaskattana. En það er ekki nein persónuleg uppfinning mín, enda tók hann það fram, að komið hefði fram hjá mörgum aðilum og ekki hvað síst sveitarfélögunum mikill áhugi á hærri fasteignasköttum. Því hefur líka verið haldið fram hér á landi lengi af ýmsum sérfræðingum, hagfræðingum og öðrum, að hér væru óhæfilega lágir fasteignaskattar miðað við önnur lönd, og það er rétt. Ég skal hins vegar játa það fúslega, að ég hef á undanförnum árum verið á móti hækkun fasteignaskatta í venjulegu fasteignagjaldaformi, þó að ég hafi staðið að því að hækka eignarskattinn, en það var með hliðsjón af því, að það kemur út á annan hátt, því að þá fá menn þó frádregið það, sem þeir skulda í fasteignunum, en aragrúi manna hefur, eins og menn vita, á síðustu árum verið að byggja og skulda þar af leiðandi mikið út á sín hús. En látum það vera. Það verður auðvitað að ná

þessu með einhverjum hætti, ef menn vilja hverfa frá aðstöðugjaldinu, án þess að ég fari að ræða það hér.

Þá er það atriði, sem varðar tekjuskattamál sveitarfélaga, en það er kannske sá skatturinn, sem er hvað verstur í sambandi við atvinnureksturinn. Því að sannleikurinn er sá, að almennir tekjuskattar á atvinnurekstri eru ekki háir hér, eins og bent hefur verið á. Það eru þeir alls ekki, en aðstöðugjöldin geta verið óhæfileg vegna þess, að þau taka ekki tillit til afkomu fyrirtækjanna, og þess vegna hefur embættismannanefndin rætt það mál og atvinnurekendur enda látið í ljós sinn vilja í þeim efnum. Þessu verður að mæta með einhverjum hætti, og það hafa komið fram ýmsar hugmyndir m. a. hærri fasteignagjöld og jafnvel launaskattur að einhverju leyti, en ég tek það skýrt fram og legg á það áherzlu, að þegar talað er um fasteignagjöld í þessu sambandi og verulega hækkun þeirra, þá tel ég, að verði að gera hér mun á, hvort um er að ræða einkahúsnæði manna, þ. e. íbúðarhúsnæði, eða verulegar fasteignir umfram það. Það er auðvitað mjög einfaldur hlutur að gera hér mun á, þannig að fólk, sem á aðeins sína eigin íbúð, búi við önnur kjör í þessu efni en þeir, sem eiga meira af fasteignum. Það er ekkert meiri vandi að hafa þetta stighækkandi en hverja aðra skatta. Það er því auðvitað sjálfsagt mál að taka tillit til þess og fara hóflega í fasteignaskattlagningu á almennt húsnæði manna. Það er tvímælalaust rétt. Ekki sízt skiptir það máli hér á Íslandi, þar sem svo vill til, að það munu vera fá lönd, þar sem er jafnmikið um það og hér, að einstaklingarnir eigi sínar eigin íbúðir. Þetta vil ég aðeins láta kom fram, til þess að enginn misskilji skoðun mína á þessu atriði í sambandi við fasteignaskattinn.

Ég skal nú senn láta máli mínu lokið. Það er alveg rétt, sem hv. 11. þm. Reykv. sagði hér, að hér er ekki um neina heildarendurskoðun að ræða og það felst ekki í þessu frv., enda hef ég tekið það fram. Hitt er annað mál, að í embættismannanefndinni hefur verið rætt um mörg atriði m.a. allan þann aragrúa smáskatta, sem við höfum hér. Það er mín skoðun, að það eigi að gera kerfið einfaldara. Ég hef látið þá skoðun í ljósi hér áður og gerði það í umr. um till. um staðgreiðslukerfið, þegar hún var lögð fyrir þetta þing og reyndar í fyrra líka. Þá hv. n., sem að því máli vann, er ég ekki að ásaka. Hún vann ágætt starf. Hún gerði ekki ráð fyrir að breyta skattkerfinu að neinu verulegu leyti. Ég tel hins vegar, að það sé ekki mögulegt að innleiða staðgreiðslukerfi skatta, án þess að skattkerfið yrði fyrst gert miklu einfaldara. Annars verður þetta meira eða minna óskapnaður. En verulegar athuganir á þessu hafa farið fram til að undirbúa framhaldstillögur um þetta efni á næsta þingi.

Varðandi það atriði, af hverju Alþ. hefði ekki viljað samþykkja frv. í fyrra, þegar það var lagt fyrir, þá vil ég aðeins vísa til þess, að ég tók það skýrt fram þá, að ég gerði ekki ráð fyrir því, að frv. yrði þá samþ., en teldi það miklu varða um vinnubrögð öll, þar sem hér væri ýmis nýstárleg atriði um að ræða, að leggja einmitt frv. fyrir síðasta þing, þannig að menn gætu milli þinga athugað efni þess.

Ég veit nú ekki, hvort það er ástæða til þess sérstaklega að svara því atriði, hvað oft ég hafi lagt frv. fyrir Nd. Ég vil taka það skýrt fram, að það er ekki af óvirðingu við þessa hv. d., sem ég ber hina mestu virðingu fyrir og fyrir vinnubrögðum öllum hér, heldur vegna þess fyrst og fremst, að það voru fleiri, sem voru í undirbúningsnefndinni, sem sitja í hv. Nd. þ. á m. sá hv. þm., sem boðin hafði verið formennska í þessari milliþinganefnd fjhn., ef ég get kallað hana svo. Ég taldi því rétt að leggja málið fyrir Nd.

Ég skal svo að lokum taka það fram, að ég er hv. 4. þm. Norðurl. e. algjörlega sammála um nauðsyn þess að breyta hlutafélagalöggjöfinni og hef lagt á það áherzlu við ríkisstjórnina, að það verði gert, enda er sú löggjöf í endurskoðun, og það ber auðvitað brýna nauðsyn til þess í sambandi við hlutafélögin almennt, eins og þau hafa verið byggð upp, að um þetta sé sett ný löggjöf. Hún er orðin gersamlega úrelt, og ekki hvað sízt verður þetta óumflýjanlegt, ef við ætlum að fara að setja hér á laggirnar kauphöll og hafa hér opin hlutafélög. Þá þarf m. a. að reyna að tryggja það, að það sé ekki verið að ginna út úr fólki fé í alveg óraunhæfan atvinnurekstur, sem jafnvel hefur borið á, þó að það sé í smáum stíl, en gæti orðið meira, ef það yrði farið almennt að auglýsa eftir hlutafé. Það þarf að vera öryggi fyrir því, svo sem verða má, að menn séu ekki ginntir til þess að leggja fé sitt í einhver gervifélög.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða sérstaklega um það, sem hv. 10. þm. Reykv. sagði um sparifé og þau sérhlunnindi, sem verið væri að veita hlutafénu. Ég tel þarflaust að efna til frekari orðræðna um það. Mörgu af því, sem hann sagði, er ég sammála, en ég er hins vegar jafnsannfærður um það, að ef við eigum að geta byggt hér upp almenningshlutafélög og ef við eigum að geta náð þeim árangri að mynda hér stórar einingar til framleiðslu — stærri en við höfum nú — og fengið nýtt fjármagn inn í atvinnureksturinn, þá verður það ekki gert nema með því að búa betur að hlutabréfaeigendum en nú er. Það er að vísu rétt, og ég tek undir það með honum, að sparifé er undirstaða alls góðs sparnaðar og hefur auðvitað grundvallarþýðingu fyrir hagkerfið, en sparifé nýtur hér fríðinda, sem yfirleitt er ekki í öðrum löndum. Það stafar vitanlega af því, að við höfum búið hér við verðbólgu og þar af leiðandi er fullkomlega hægt að réttlæta þetta, og ég tek það skýrt fram, að ég er algjörlega andvígur því að svipta sparifé þessari aðstöðu. En hinu skulum við ekki heldur loka augunum fyrir, jafnvel þó að megi tala um það, að það sé einhver verðtrygging í því að eiga fé í hlutafélögum, að sannleikurinn hefur verið sá, að þessi atvinnurekstur hefur ekki gengið það vel hér á Íslandi, a. m. k. ekki að staðaldri, að það hafi verið mögulegt að borga arð, þannig að þeir menn, sem leggja fé sitt í

banka, eru þá frjálsir með að taka það þaðan, ef þeir vilja, en þeir menn, sem leggja sitt fé í hlutabréf, leggja út í fullkomna óvissu, þó að það eigi að nafninu til að heita, að þetta sé verðtryggt með því, að eignir félaganna vaxi.

Ég vek athygli á því dæmi, sem einmitt 7. landsk. þm. benti á áðan og á við þá tegund stofnana hér í okkar þjóðfélagi, sem ganga bezt og eru hvað öruggastar, þar sem er bankakerfið sjálft, að jafnvel þar hefur ekki verið mögulegt nema að takmörkuðu leyti að borga arð — hvað þá á fjöldamörgum öðrum sviðum. Stórfyrirtæki hér hafa ekki getað greitt arð nema að sáralitlu leyti. Og ég legg á það áherzlu að lokum, að fyrir mér vakir það eitt með þessari arðjöfnunarsjóðshugmynd, eins og getið er um í erindisbréfi embættismannanefndarinnar, að laða fjármagn að atvinnurekstrinum og þá fyrst og fremst heilbrigðum atvinnurekstri í landinu, en ekki að gefa neinum manni kost á því að svindla eða misnota þetta. Það verður þá að bregðast við því með þeim hætti, sem tiltækur er, ef það sýnir sig, að það sé viðleitni í þá átt. Með hliðsjón af þeirri miklu þörf, sem á því er, að fá hér aukna þátttöku almennings í atvinnurekstrinum, sem er vitanlega sú lífæð, sem öll okkar afkoma er undir komin, að ör blóðrás sé um hverju sinni, er þetta það eina, sem fyrir mér vakir, en ekki að hlynna að einum né neinum af persónulegum velvilja við þá.

Frsm. minni hl. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég vil þá fyrst leyfa mér að leiðrétta, ef ég hef missagt eitthvað, þegar ég vitnaði í ræðu hæstv. fjmrh., sem hann hélt hér við 1. umr. Ég mun hafa sagt hér áðan, að hæstv. fjmrh. hafi lagt áherzlu á það við fjhn. að gera ekki meiri háttar breytingar á frv. — eða eitthvað í þá átt. Ég ætla að leyfa mér að lesa upp með leyfi hæstv. forseta það, sem hann sagði, til þess að skýra það um leið, að ég ætlaði ekki að mistúlka orð hans. Hann sagði: „Ég vil taka það hér fram, eins og ég gerði í hv. Nd., að frv. var lagt þar fram eins og embættismannanefndin gekk frá því, og ég tók það þar skýrt fram, að ég hefði ekkert við það að athuga, að á því yrðu gerðar breytingar, svo lengi sem þær breytingar beindust í þá átt, sem fólst innan þess meginramma, sem embættismannanefndinni var settur með þeim tveimur erindisbréfum, sem henni voru í hendur fengin.“ Þetta er það, sem hæstv. fjmrh. sagði, og ég vil ekki hafa rangt eftir honum. Hann vildi sem sé, að þetta yrði innan rammans, sem hann markaði með embættisbréfunum. Mér hefur einhvern veginn fundizt, þegar ég heyrði þessi orð, eins og ekki væri rúm innan rammans fyrir neinar meiri háttar breytingar. Það hygg ég nú líka, að ekki hafi verið, engar meiri háttar breytingar hafi verið gerðar og sízt það, sem talizt gæti til nýmæla.

Þá vil ég lýsa mikilli furðu á því, að ráðuneytisstjórinn í fjmrn. skuli hafa getað misskilið svona hrapallega það, sem hann er beðinn að útvega n. Það er mér hreinlega með öllu óskiljanlegt og enn fremur það, hvers vegna hann lét ekki í té þær upplýsingar, sem hann hélt, að hann hefði verið beðinn um. Það hefði hann þó auðveldlega átt að geta. Þetta gengur ekki alveg nógu vel upp hjá mér. Hitt er annað mál, að þegar þessi beiðni var sett fram, þá hugsaði ég með sjálfum mér eitthvað svipað og hæstv. fjmrh. var að segja núna, að trúlega yrði erfitt að meta þessa breytingu. Ég get út af fyrir sig nokkuð vel skilið það. Hitt er alveg víst, að ráðuneytisstjórinn taldi sig geta reiknað hana út, eða þannig skildi ég hans orð, og það er náttúrlega æskilegt, að reynt sé að gera sér grein fyrir því, hvaða afleiðingar l. hafa, áður en þau eru sett.

Annars finnst mér allt þetta mál benda til þess, að hér eigi að taka upp nýja siði, og mér fannst hæstv. fjmrh. gera því skóna hér áðan líka, að nú eigi reglan að vera þessi: Það á að setja l. og vita, hvernig þau reynast, og athuga það svo, þegar búið er að reyna l., hvort það eigi að hafa þau. Það er vafalaust hin eina röksemd, sem hægt er að viðurkenna fyrir þessari lagasetningu, þ. e. sú, sem hæstv. fjmrh. bar fram hér áðan. Það er svo um mörg lög. Það er vissulega svo um mörg lög. En hingað til hygg ég þó, að alþm. hafi fremur reynt að gera sér grein fyrir því, áður en þeir samþykktu frv., hvaða afleiðingar þau mættu hafa, frekar en að samþykkja þau fyrst og fara svo að skoða það á eftir, hvort þetta hafi nú verið sæmilega heppnað eða ekki. En hæstv. ráðh. endurtekur það hér, eins og hann gerði við 1. umr., að framhaldsendurskoðunar á þessum málum sé þörf og allt dæmið verði athugað á næsta þingi, eins og hann sagði í ræðu sinni við 1. umr. Þá þarf að athuga dæmið það snemma, að hægt sé að leggja skatta á eftir því á næsta ári ekki bara til ríkisins, heldur til sveitarfélaganna einnig. Og hvaða nauður er það þá, sem rekur til þess að samþykkja þetta frv.? Það fæ ég ekki séð. Svoleiðis tilraunastarfsemi með lagasetningar langar mig ekki til að taka þátt í.

Hv. 7. landsk. þm. beindi nokkrum orðum til mín, taldi það sýndi lítinn skilning á skattamálum og arðsmálum félaga, sem ég hafði sagt hér við 1. umr. Það getur vel verið, að ég skilji þetta ekki rétt vel og verr en ýmsir og jafnvel verr en hann, en það, sem hann var að tala um og ég var að tala um, er náttúrlega tvennt ólíkt. Hann lagði mikið upp úr því, að félögin hefðu ekki getað greitt arð. Það er alveg rétt. Félögin hafa ekki getað greitt arð. En þau geta ekkert frekar greitt arð, þó að sá arður verði skattfrjáls hjá þeim, sem tekur við honum. Það held ég, að ég hafi sagt hér við fyrri umræðu, og það skal ég endurtaka. Það er alveg rétt, að það þarf að búa þannig að atvinnurekstrinum, að hann geti greitt arð. En þetta frv. miðar ekki nema að mjög litlu leyti í þá átt — mjög litlu leyti — og einungis að því, er tekur til fyrninganna. Einkabankarnir hafa ekki sumir hverjir greitt neinn arð. Samvinnubankinn hefur aldrei greitt arð. Vegna þess ákvæðis, sem í l. er, má hann ekki greiða arð, fyrr en vissum skilyrðum er fullnægt í því, að eigið fé og hlutafé sé tiltekin prósenta af sparifénu, sem

honum er trúað fyrir. Því marki hefur Samvinnubankinn enn þá ekki náð. Því marki náði Verzlunarbankinn fyrir, að ég hygg, tveimur árum og Iðnaðarbankinn ekki alls fyrir löngu, en það er alveg rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði, sem hann þekkir auðvitað manna bezt, að þrátt fyrir ímyndaðan bankagróða landsmanna er hann nú ekki meiri en þetta, að jafnvel þeir bankar, sem mega greiða arð laganna vegna, hafa orðið að hætta því eins og Iðnaðarbankinn. Ég held, að sá samanburður, sem við hv. 10. þm. Reykv. og ég gerðum á arði af hlutafé og sparifé, sé fyllilega réttur. Hitt er annað mál, að félögin hafa ekki — mörg hver — getað greitt arð. Það er áhyggjuefni. Það er annað mál.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur nú dregið inn í þessar umr. þær till., sem ríkisskattstjóri hefur sett fram í n. um þessi mál, sem rædd voru á fundi í fjhn. um daginn, en ég ætla ekkert að gera það að umtalsefni. Þær liggja hér ekki fyrir, en eru vissulega athyglisverðar. Ég hafði hugsað mér í fyrri ræðu að gera grein fyrir því, að misjafnar skoðanir höfðu komið fram í n. einmitt á þessu máli — svona til þess að benda á, að sú leið, sem hér er valin, sé a. m. k. ekki óumdeilanlega sú rétta; ég gleymdi þessu. Það hefur nú komið hér fram við umr., það var dregið fram af öðrum, og sé ég ekki ástæðu til þess að fara að fjölyrða um það.

Hv. 7. landsk. þm. sagði, að ákvæðin varðandi söluhagnað hefðu verið löguð frá fyrra frv., en hann tjáði sig ekkert um það, hvort þau væru betri en gildandi lög. Eru þau það að hans mati? Eru þau það skilyrðislaust? Ég hygg, að um það megi deila. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara langt út í það að þessu sinni, en vissulega má um það deila. Lögin eru flóknari, og það er meiri fyrirhöfn að framkvæma þau, en hagurinn, held ég, að sé lítill.

Hv. 7. landsk. þm. sagði og rökstuddi það, að þetta frv. væri fullt af furðuákvæðum, eins og hann orðaði það. En niðurlagsorð hans voru á þá leið, að hann vonaði, að deildin veitti frv. brautargengi. Hann vill með öðrum orðum endilega, að við sameinumst um það að lögfesta furðuákvæðin. Þetta finnst mér furðulegur málflutningur og furðuleg afstaða hjá hv. stjórnarliðum. Þeir koma hér hver um annan þveran og lýsa því, að þeir séu hundóánægðir með frv., en það sé ekkert annað að gera en samþykkja það, vegna þess að það sé svo seint fram borið. Ég held, að þeir mundu auka virðingu okkar allra, ef þeir legðust á sveif með þeim, sem vilja fresta þessum lögfestingum furðuákvæða og þokuskýja og geyma það til næsta þings að taka þessi mál til raunhæfrar meðferðar.

Fasteignaskattarnir hafa verið nefndir hér, og ég verð að lýsa ánægju minni yfir þeim skilningi, sem hæstv. fjmrh. kom fram með á fyrirhuguðum ákvæðum fasteignaskatta. Hann sagði eitthvað á þá leið, að það væri enginn vandi að hafa fasteignaskattana stighækkandi, það væri létt verk og sjálfsagt, skildist mér, að undanþiggja t. d. íbúðarhúsnæði, sem notað er til eigin afnota. Ég tel mikinn feng að þessum ummælum. Sérstaklega finnst mér þau skoðanaskipti, sem farið hafa fram við hæstv. fjmrh. í þessu efni, gleðileg. Ég held, að það séu tvö ár núna, síðan ég leyfði mér að flytja hér frv. í þessari hv. d. um þetta efni — um það að undanþiggja íbúðarhúsnæði til eigin afnota ekki fasteignaskatti, heldur álagi á fasteignaskatt, sem sveitarfélögum var heimilt að leggja á og var einmitt verið að gera hér í Reykjavík um þetta leyti. Ég flutti þetta mál líka í borgarstjórn Reykjavíkur, og þar var það fellt og talið óframkvæmanlegt. Sama sagan gerðist hér á hv. Alþ. Stjórnarforustan taldi það útilokað, að nokkurri slíkri mismunun yrði hægt að koma við. Nú er afstaðan sem sé breytt bæði í borgarstjórn Reykjavíkur og hér á hv. Alþ., og ég er a. m. k. fyrir mitt leyti mjög ánægður að heyra það, að það, sem var talin fjarstæða hjá mér fyrir tveimur árum, sé ekki lengur litið þeim augum, heldur þvert á móti talið sjálfsagt réttlætismál, sem sé um að gera að lögfesta sem allra fyrst. Þetta þykja mér góð tíðindi.

Allt það, sem hér hefur verið sagt við þessa umr., og ekki sízt það, sem komið hefur fram, síðan ég lauk minni fyrri ræðu, finnst mér hníga að því, að sjálfsagt sé að fresta þessu máli. Öll rökin virðast mér hníga að því. Það er yfirlýstur megintilgangur hæstv. fjmrh. með flutningi þessa máls að efla almenningshlutafélög og auka þannig þátttöku fólksins í atvinnurekstrinum. Þetta er vafalaust góðra gjalda vert, en það liggur ekkert á að lögfesta þetta núna ásamt með þokukenndum ákvæðum og furðuákvæðum. Það er alveg óhætt, og það tapa engir neinu, þó að þetta mál sé athugað betur til næsta þings. En það getur unnizt meira en ég treysti mér til þess að lýsa í stuttri ræðu.

Björn Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í sambandi við það, sem hæstv. fjmrh. sagði hér. Ég er ekkert óvanur því að standa hér uppi í ræðustól í þessari hv. d., án þess að af því sjáist nokkur verulegur árangur, og ég tel hann ekkert hafa verið minni í þetta skipti en önnur, sem ég hef verið að malda í móinn gagnvart þessum hæstv. ráðh.

En eitt hafði ég þó upp úr krafsinu, að ég verð sennilega einni bók ríkari, áður en langt um líður, og hef ég oft staðið upp og hlotið minna í hlut eftir en það. Annað fannst mér líka, að kynni að geta talizt ávinningur af minni ræðu, og það var það, sem hæstv. ráðh. sagði um fjárfestingarsjóðina. Í framhaldi af minni ræðu tók hann af öll tvímæli um það, að hann teldi það vera mjög athyglisverða hugmynd, sem yrði tekin til rækilegrar athugunar við það, sem hann kallaði framhaldsathugun málsins. Þetta tel ég einnig mjög jákvætt að hafa fengið fram. En í því sambandi hlýtur þó sú spurning að vakna: Hvers vegna tók hæstv. ráðh. þessa till. ekki til fullkomnari athugunar, áður en hann lagði sitt frv. fram? En það er kunnugt, að þessi till. naut ekki fylgis meiri hl. í embættismannanefndinni, en auðvitað var það hægurinn hjá fyrir hæstv. ráðh. að taka þessa till. upp engu að síður í það stjfrv., sem hér liggur fyrir. En það er

kannske, eins og hv. 11. þm. Reykv. sagði, verið að taka upp nýja siði og ýmist fresta að taka afstöðu til mála, sem gætu verið til bóta, eða þá prófa ýmislegt, sem flestir gera sér grein fyrir, að í felist stórkostlegar hættur, og segja síðan, að það sé allt í lagi með það og megi athuga það, ef misnotkun eigi sér stað. En þetta sýnist mér ekki benda til þess, að öll ákvæði frv. hafi verið skoðuð niður í kjölinn, bæði það, að afstöðu til fjárfestingarsjóðsins er frestað af hæstv. ráðh., og eins hitt, að það eru tekin inn ákvæði, sem hæstv. ráðh. viðurkennir, að orki mjög tvímælis og kunni að vera þess eðlis, að það þurfi að breyta þeim innan skamms, vegna þess að þau bjóði misnotkun heim.

Það má svo gjarnan vekja athygli á því, að það, sem stóð upp úr alveg sérstaklega í sambandi við ræðu hæstv. fjmrh. núna, var það, að hann er talsmaður hinna stóru eininga og hinna fjársterku fyrirtækja í landinu. Þetta þykir mér vera yfirlýsing, sem er þess virði, að hún sé undirstrikuð. Það eru ekki hinir smáu atvinnurekendur, sem þó gegna hinu mikilsverðasta hlutverki í okkar þjóðfélagi og í okkar atvinnurekstri, sem eiga að lifa, og fyrir þeim þarf ekki að hugsa, heldur hinum stóru og sterku, og það er auðvitað í fullu samræmi við alla stefnu hæstv. ráðh. og hans ríkisstj. Ég þarf svo ekki að standa hér uppi í ræðustól og eiga orðastað við hæstv. ráðh., til þess að hann geti sannað það, að hann er meiri leikfimismaður í orðasennum en flestir aðrir, sem sitja hér á hv. Alþ., og ekki mun þýða fyrir mig að etja kapp við hann í þeim efnum. En það kalla ég afrek í íþróttamennsku, þegar hann annars vegar lýsir því yfir hér í umr. við 1. umr. þessa máls, að það komi ekki til greina að samþykkja þetta frv., nema samþykki og velvild atvinnurekenda komi til, og segir svo hins vegar núna, að þetta sé alveg rangur skilningur. Hann sé þeirrar skoðunar, að það eigi alls ekki og þurfi ekki að kveðja til hagsmunasamtökin til þess að ákveða, hvernig tekna sé aflað í ríkissjóð. Þetta kalla ég leikfimi, sem er aðdáunarverð á sinn hátt, þó að hún nái ekki því marki að vera þannig, að menn missi sjónar á því, hvaða brögðum er hér verið að beita í orðum.

Hæstv. ráðh. vildi skýra hin fyrri ummæli sín svo, að það hafi þurft að athuga stöðuna í skattamálunum vegna inngöngu okkar í EFTA. Þessu hef ég aldrei neitað, að það hafi verið út af fyrir sig nauðsyn. En hvað kom á daginn, þegar reynt var að athuga þessi mál? Kom það ekki á daginn, að aðstaða fyrirtækja í þessum efnum hér á landi væri alls ekki verri en í öðrum EFTA-löndum? Það held ég, að liggi alveg ljóst fyrir. Það hafi ekki aðeins verið ósannað mál, hvort svo væri, heldur allar líkur á því, þó að samanburður væri erfiður, að engra breytinga væri þörf á skattalögunum vegna inngöngu okkar í EFTA, því að staða fyrirtækja hér í skattamálum hafi alls ekki verið lakari en þar. En upp úr þessu stendur það — og það duga engin leikfimisbrögð til að forða sér undan því, að annars vegar er yfirlýsing hæstv. ráðh. um það, að þegar atvinnureksturinn á í hlut, þá á að hafa samráð við atvinnurekendur, og hann taldi það hafa verið skyldu embættismannanefndarinnar að gera það, og hann taldi það sína skyldu, þegar málið kom til hv. Alþ. að afgreiða málið ekki, nema atvinnurekendur legðu blessun sína yfir það, en hins vegar þegar kemur að hlutdeild launþeganna í skattheimtu ríkissjóðs, þá þarf ekki að kveðja hagsmunasamtökin til, þá á Alþ. að ráða án þess að spyrja nokkurn um.

Það fer auðvitað vel á því, að það sannist, að hæstv. ráðh. kann orðrétt betur viðreisnarbókina frægu en ég, og ég er auðvitað tilbúinn að hafa það, sem sannara reynist, að þar hafi staðið, að það ætti að afnema tekjuskatt á almennum launatekjum. Þar byrjuðu nú aftur leikfimisæfingarnar, sem ég kalla svo, hjá hæstv. ráðh., þar sem hann taldi í öðru orðinu, að við þetta hefði verið staðið, en játaði í hinu orðinu, að skattvísitölunni hefði verið þannig hagað, að þetta hefði ekki orðið. Og ég vil nú spyrja hæstv. ráðh. eða a. m. k. vekja athygli hv. þdm. á því — því að ekki er ég að kveðja hann hér upp í ræðustólinn aftur að óþörfu — hvernig það megi verða, að það sé hægt að tvítugfalda á þessu 10 ára tímabili tekjuskatta einstaklinganna, án þess að það komi niður á almennum launatekjum. Eina skýringin, sem ég annars gæti fundið á þessu, væri sú, að á þessu tímabili hefði komið hér upp í landinu og þá væntanlega fyrir tilverknað ríkisstj. og hennar stefnu stór hópur hálaunamanna, sem bæri þessa skatta. Til þess að koma upp slíkum launaburgeisahóp hafa að vísu verið gerðar ítrekaðar tilraunir í tvígang af hæstv. fyrrv. fjmrh., Gunnari Thoroddsen, 1963 og aftur núna af núv. hæstv. ráðh. En ég held, að þessar tilraunir hafi samt ekki fengið því áorkað, að það geti átt sér stað, að þessi tvítugföldun lendi öll á hálaunastéttum eða hátekjumönnum. Ég held þvert á móti, að það rétta sé, að vegna rangrar skattvísitölu og ýmissa annarra ástæðna hafi meginþunginn af þessu lent á almenningi og þannig hafi það sannazt, að ekki hafi verið staðið við þau loforð, sem gefin voru við vöggu viðreisnarinnar, þ. e. að tekjuskattar af almennum launatekjum væru afnumdir. Það held ég, að sé ákaflega fjarri lagi.

Varðandi það, sem ráðh. sagði um fyrningarnar til andsvars við því, sem ég hélt fram, held ég, að þar hafi hann eitthvað misskilið mín orð eða a. m. k. ekki skilið þau fullkomlega. Það, sem ég átti við, var, að með mjög rúmum fyrningarreglum skapast sú tilhneiging hjá atvinnurekendum að hafa alltaf fyrnanlegar eignir, ef gróðinn er fyrir hendi til þess að geta skotið undan fé, sem annars lendir í ríkiskassanum og til almenningsþarfa. Þetta veit ég, að hæstv. ráðh. skilur sjálfsagt eins vel og betur en ég. Ef sú leið hefði hins vegar verið farin að mynda fjárfestingarsjóði, eins og ríkisskattstjóri lagði til í sínum till., þá held ég, að þessi tilhneiging hefði að vísu ekki orðið, en menn hefðu þá lengri tíma til að hugsa um, í hvað þeir ættu að setja fjárfestinguna, og það skapar meiri tryggingu fyrir því, að hún yrði

arðvænleg og hagstæð fyrir þjóðarbúið, og það er ég sannfærður um, að er rétt.

Ég vil svo að síðustu segja það, að mér finnst það hart, að hæstv. ráðh. skyldi segja hér annars vegar, að sumt í ákvæðum þessara nýju l. orkaði svo tvímælis, að líkur væru á, að breyta þyrfti því mjög fljótlega vegna hættu á misnotkun, og hins vegar lýsa yfir því, að athyglisverðar till., sem komu fram í embættismannanefndinni t. d. um fjárfestingarsjóðina, hafi ekki verið rannsakaðar niður í kjölinn og ekki verið tekin afstaða til þeirra. Þar ber allt að sama brunni, eins og hv. 11. þm. Reykv. var hér að tala um, að það ber að fresta þessu máli og athuga það betur, áður en það er afgreitt héðan frá þessari hv. d. og hv. Alþ.

ATKVGR.
Rökst. dagskrá á þskj. 762 felld með 10:5 atkv.
1. gr. samþ. með 10:1 atkv.
2.—28. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 763,1 felld með 10:5 atkv.
29. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 763,2 tekin aftur.
30. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 10:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:5 atkv.

Á 91. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 829).

---

52. Virkjun Svartár í Skagafirði.

Á 69. fundi í Nd., 25. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um virkjun Svartár í Skagafirði [296. mál] (stjfrv., A. 665).

Á 70. fundi í Nd., 26. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. þetta til l. um virkjun Svartár í Skagafirði hefur verið í undirbúningi og athugun að undanförnu, en hins vegar hefur athugun á hagkvæmni virkjunar Svartár átt sér nokkuð langan aðdraganda, eins og getið er um og vísa má til í grg. frv. Fyrrv. raforkumálaráðh. lét sérstaka n. athuga málið. Hún valdi á milli ýmissa kosta, sem um væri að ræða, og komst að þeirri niðurstöðu, að það væri út af fyrir sig hagkvæmt, ef væri hægt að ná þarna hagkvæmri virkjun. Þá voru hins vegar uppi hugmyndir um samtengingu við Laxárvirkjun, eftir að till. um Gljúfurversvirkjun höfðu fram komið, en án þess að ég fari nánar út í þá sálma, þá er niðurstaðan nú orðin, þegar Gljúfurversvirkjun er úr sögunni, að Laxárvirkjunarstjórn sérstaklega aðspurð nú ekki fyrir löngu telur sig ekki vera aflögufæra um neina raforku út af svæði sínu. Í raun og veru má segja, að það hafi legið nokkuð skýrt fyrir, að svo væri, og það var m. a. þess vegna sem ég á öndverðu þingi flutti frv. um virkjun Lagarfoss, sem afgreitt var sem lög fyrir jólin, en það hafði einnig verið lengi til umtals að tengja saman Norðurlandið og Austurlandið frá einhverri stórri Laxárvirkjun, sem nú er ekki lengur um að ræða.

Þetta frv. er eins og önnur af þessu tagi og svipað að formi og efni og frv. um virkjun Lagarfoss. Þar er fyrst og fremst leitað eftir heimild til ríkisstj. til þess að fela Rafmagnsveitum ríkisins að virkja Svartá í Skagafirði við Reykjafoss í allt að 5500 hestafla raforkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu til Sauðárkróks til tengingar þar við veitukerfi Norðurl. v. Svo eru ákvæði um heimild til þess að taka lán og ákvæði um, að fella skuli niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum og vélum. Ríkisstj. er heimilað að festa kaup á vatnsréttindum og landsréttindum, og loks er svo það ákvæði í 6. gr. frv., að óski sveitarstjórnir á Norðurl. v. að gerast eignaraðilar að Svartárvirkjun og öðrum orkuverum á orkuveitusvæðinu, er ráðh. heimilt að gera samninga þar um fyrir hönd Rafmagnsveitna ríkisins, en þetta er tilsvarandi ákvæði og er í l. um Lagarfossvirkjun. Það er nokkuð nærtækt, að slík heimild sé í frv. um virkjun Svartár í Skagafirði vegna þess, að eins og fram kemur í grg., þá hefur á vegum sýslunefnda Húnavatns- og Skagafjarðarsýslna ásamt Sauðárkrókskaupstað um nokkur ár verið starfandi raforkumálanefnd. Og þessi raforkumálanefnd hefur haft mikinn áhuga á því að koma þessari virkjun í framkvæmd, og hefur ráðgjafarfyrirtæki, Virkir h. f., hannað virkjun í Svartá við Reykjafoss í Skagafirði á vegum þessara aðila. Þær áætlanir og hönnun, sem þannig liggja fyrir, hafa af Orkustofnun verið taldar hagkvæmar. Hún hefur ekkert út af fyrir sig við þær að athuga.

Það er svo annað mál, að það þarf að ganga rækilegar í málið og undirbúa margt, áður en hægt er að hefjast handa. Mér er það fyllilega ljóst, að þegar frv. sem þetta er borið fram í þinglokin, þá dettur mér ekki í hug að ætlast til þess af þinginu, nema um það væri alveg einróma samstaða, að það geti lokið málinu. En jafnvel þó að svo verði ekki, þá vil ég segja, að það er mjög mikils virði að fá markaða stefnu í þessu máli, sem er gert með flutningi þessa frv. Það væri líka út af fyrir sig mjög æskilegt, að n., sem fengi málið til meðferðar hér, gæti skilað áliti í málinu sem fyrst, sérstaklega ef hún er sammála um málið, því að það mundi styrkja iðnrn. í framkvæmdum sínum, sem það

mun vinna að til eflingar framkvæmdum á þessu sviði, enda þótt l. hafi ekki tekið gildi, í trausti þess, að Alþ. geti, þegar það kemur saman á næsta hausti fljótlega samþykkt lög eins og þessi. Og það getur flýtt mjög fyrir að hafa þá unnið að undirbúningi málsins, fullkomnað hönnun virkjunarinnar og undirbúið fjáröflunina.

Ég skal viðurkenna það, að ég hafði búizt við því og reyndar kannske gefið það í skyn, að flutningur þessa máls gæti orðið fyrr á þessu þingi, þannig að það gæti átakalaust náð lögfestingu, en það er nú svo, þegar um mál eins og þessi er að ræða, að oft kemur fram ýmislegt í undirbúningnum, sem tefur framgang þess. Mér er ljós sú mikla orkuþörf, sem er á þessu svæði, og mjög einbeittur vilji fólksins til þess að raforkuver sé reist í héraðinu sjálfu. Ég aðhyllist þá stefnu, að eðlilegt sé, að hlutdeild sveitarfélaga, ef þau óska þess, sé fyrir hendi í raforkuvirkjunum eða rafveitum, sem reistar hafa verið eingöngu af hálfu ríkisins. Ég minni á það, að upphaflega voru það sveitarstjórnirnar, sem réðust í virkjanirnar og jafnvel einstaklingar, og slíkt held ég, að sé í raun og veru farsæl stefna, sem mótuð er í bæði þessu frv. að þessu leyti og í frv. um virkjun Lagarfoss.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að þessu máli verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Það er í sjálfu sér ekki margt, sem ég þarf að bæta við ræðu hæstv. forsrh., enda þarf ég að ná í flugvél eftir nokkrar mínútur norður í land og má því ekki vera að því að flytja langt mál um þetta frv. að þessu sinni. Ég vil þó gagnstætt því, sem mér virtist, að hæstv. ráðh. teldi, leggja áherzlu á, að þetta mál fái afgreiðslu á þessu þingi, og mér sýnist, að ef vilji er fyrir hendi um það, þá ætti það að vera auðvelt verk. Málið er ekki flókið, og fyrr á þessu sama þingi voru afgreidd hér lög um virkjun Lagarfoss, sem eru svo að segja að breyttu breytanda nákvæmlega shlj. þessu frv.

En þetta mál er búið að vera áratugum saman mikið áhugamál heima í Skagafirði — raunar allt frá árinu 1920. Þá þegar var farið að ræða um virkjun Svartár við Reykjafoss, og Skagfirðingar brutust í því æ ofan í æ að fá virkjunarmöguleika þar rannsakaða. Það mun hafa verið fyrst árið 1929, sem Jón heitinn Ísleifsson verkfræðingur gerði áætlun — raunar kallaði hann það bráðabirgðaáætlun — um 800 KW virkjun í Svartá, og var það ekki svo lítil virkjun á þeim tíma. Fleiri góðir menn gerðu till. um þessa virkjun svo sem Steingrímur Jónsson rafmagnsstjóri og Jakob Guðjohnsen, og þeir gerðu raunar meira en það. Þeir gerðu áætlun um dreifingu orkunnar um svo til allan Skagafjörð, og síðar hafa verið gerðar áætlanir um þessa virkjun. Það dylst engum, að orkuþörf í þessu kjördæmi er orðin mikil. Orkuþörfin fer vaxandi með hverju ári, og þessari orkuþörf þarf að svara með sífauknu dísilafli, og ef hægt væri að ráðast í þessa virkjun nú sem allra fyrst, mundi vera auðvelt, að ég hygg, að selja strax alla þá raforku, sem hún framleiðir, og leysa þannig af hólmi að langmestu leyti það dísilafl, sem nú er notazt við. Það blandast engum hugur um það, að þó að þessi virkjun gefi e. t. v. ekki jafnhagkvæma útkomu og stórvirkjanirnar, þá er kostnaðurinn eða verðið á þeirri raforku, sem hún mun framleiða, ekki neitt í nánd við þann kostnað eða það verð, sem fæst með raforku frá dísilstöðvunum.

Ég vil benda á það, sem hæstv. ráðh. gerði raunar líka, að undanfarin ár hefur starfað svokölluð raforkumálanefnd Norðvesturlands kosin af sýslunefndum Húnavatnssýslna og sýslunefnd Skagafjarðarsýslu og bæjarstjórn Sauðárkróks. Þeir hafa rætt mjög um raforkumálin á þessu svæði, og ég held, að ég megi fullyrða það, að ávallt hefur verið innan þessarar n. fullur einhugur um þessa virkjun. Á fundum þessarar n. hafa einnig mætt fulltrúar frá bæjarstjórn Siglufjarðar, og þeir hafa jafnvel látið að því liggja, að þeir mundu vilja verða þátttakendur í þessari virkjun, ef til þess kemur á síðari stigum málsins, að sveitarfélögin taki einhvern þátt í þessu verki.

Ég sá í dagblaðinu Tímanum, sem kom út í morgun, sennilega í tilefni þess, að þetta frv. var lagt hér fram á Alþ. í gær, greinarkorn, sem einhver Skuggabaldur hefur ritað, sem nefnir sig Svarthöfða, og fyrirsögn þessarar greinar er á þessa lund: „Er Laxár-mál í uppsiglingu í Skagafirði?“ Ég held, að ég megi fullyrða það, að hér er ekki um það að ræða, a. m. k. ekki af hálfu okkar heimamanna, að neinn slíkur ágreiningur, sem hefur orðið um Laxárvirkjun, sé um þetta mál. Það hefur, eins og ég sagði áðan, ríkt um þetta mál nær því alger einhugur í Skagafirði og raunar í kjördæminu öllu. Það stendur t. d. hér í þessari gr. með leyfi hæstv. forseta: „Því er mjög veifað af þeim aðilum, sem ætla nú að keyra rafstöðina ofan í miðjan laxastiganн í Reykjafossi, að þeir hafi samþykki landeigenda fyrir ofan Reykjafoss fyrir því, að það megi virkja Svartá. Það skal tekið fram í eitt skipti fyrir öll, að þetta eru helber ósannindi. Enginn landeigandi fyrir ofan Svartá hefur heitið slíku. Tveir eða þrír aðilar, sem eiga mestra hagsmuna að gæta, vegna þess að þeir eiga land að Reykjafossi . . .“

Nú get ég skýrt frá því, að þegar ég var heima í hléinu, sem var í kringum hátíðarnar, komu á minn fund þrír bændur framan úr Lýtingsstaðahreppi, sem eru aðilar að þessu landeigendafélagi. Erindi þeirra var það eitt að hvetja mig til þess að koma fram þessu máli, virkjun Svartár við Reykjafoss. Og þeir sögðu mér, sem ég veit líka, að er alveg rétt, að þeir væru margir, landeigendur í Lýtingsstaðahreppi, sem eru sama sinnis og þessir þrír bændur, og ég vil taka það fram, að þessir bændur eru enn þá framar í sveitinni og eiga engar fjárvonir í skaðabótum út af þessari virkjun. Þeir buðu mér að safna undirskriftum úr hreppnum til stuðnings þessu máli. Ég er nú yfirleitt heldur andsnúinn undirskriftum og sagðist ekki telja ástæðu til þess að sinni. Það gæti komið til þess, að ég leitaði til

þeirra síðar og fengi slíkar undirskriftir, en ég fullyrði það, að það, sem stendur í þessu greinarkorni, eru helber ósannindi, þ. e. að hér liggi ekki fyrir neitt samþykki landeigendafélagsins í heild. En ég fullyrði það alveg, að innan landeigendafélagsins er mikill áhugi einmitt fyrir framgangi þessa máls. Því er það svo, að ef stofnað verður til einhverrar óeiru um þetta mál, þá hygg ég, að það verði af völdum einhverra utanaðkomandi afla, og ég vænti þess, að sú verði gifta héraðs míns og Norðurl. v., að við látum ekki slík óeirðaröfl brjóta það niður fyrir okkur, sem við viljum byggja upp, og ég spái því, að hlutur slíkra afla verði ekki mikill.

Umr. frestað.

Á 71. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 1. umr. um frv.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Frv. til l. um virkjun Svartár í Skagafirði hefur nú verið lagt fram á Alþ. Ég harma það, að það skuli ekki hafa verið gert fyrr, þar sem svo virðist, að sé stefnt í nokkra tvísýnu með það, hvort það fæst samþykkt og hvort það verður að lögum á þessu þingi eða ekki. En ég lýsi ánægju minni þó yfir því, að frv. er komið fram, og ég vil undirstrika það, sem áður hefur komið fram hér hjá þm., sem um þetta hafa rætt, að heima í Skagafirði og í Húnavatnssýslum er mikill áhugi fyrir því, að þetta frv. verði að lögum og það sem fyrst. Það var alveg réttilega tekið fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. v., séra Gunnari Gíslasyni, að þetta mál er búið að vera á dagskrá norðan heiða allt frá því 1920 og það hefur verið vaxandi vilji fyrir því, að Svartá verði virkjuð, og nú hefur frv. að lögum um þessa virkjun loksins séð dagsins ljós. Ég vil með þessum fáu orðum, sem ég segi um þetta frv., hvetja til þess, að unnið verði svo að málum, að þetta frv. verði að lögum. Okkur hefur verið tjáð, að það eigi að slíta Alþ. fyrir páska, en engu að síður eru það margir dagar til þess lokadags, að vel er hægt að vinna þannig að því, að frv. verði að l., og ég vil skora á hv. þm. úr þessu kjördæmi að snúa nú svo bökum saman, að þetta geti orðið að veruleika.

Í 2. gr. frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, er Rafmagnsveitur ríkisins taka, allt að 86 millj. kr. eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, er um getur í 1. gr.“

Það má segja, að hér er aðeins um heimild að ræða, og ef einhver vandræði verða með það að útvega þetta lán, þá tefst afgreiðsla þessa máls, en við skulum vona, að svo verði ekki. Ég fagna einnig því, sem segir í 6. gr., en það er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Óski sveitarstjórnir á Norðurl. v. að gerast eignaraðilar að Svartárvirkjun og öðrum orkuverum á orkuveitusvæðinu, er ráðh. heimilt að gera samninga þar um fyrir hönd Rafmagnsveitna ríkisins.“

Ég tel feng í þessu ákvæði frv., og það er í sjálfu sér ekki nema lík ákvæði og eru í l. um aðrar virkjanir. Hv. 2. þm. Norðurl. v. gerði hér að umtalsefni grein, sem birtist í Tímanum í dag um Svartárvirkjun. Ég vil segja það, að ég er eins og hann einnig undrandi yfir þeim skrifum, sem þar birtast í því annars ágæta blaði. Ég er algerlega ósammála þeim skrifum, sem þar eru birt, enda er það ekki birt undir nafni, og ég tel, að þar sé mjög ýkt sú andstaða, sem sé á móti virkjuninni. Í nefndri grein er m. a. bent á það, að umframorka frá Skeiðsfossvirkjun sé það mikil, að þess vegna væri hægt að leysa rafmagnsvandamál Húnvetninga og Skagfirðinga með því að tengja Gönguskarðsárvirkjun og Skeiðsfossvirkjun. Þetta er hin mesta firra. Siglufjarðarkaupstaður, eigandi Skeiðsfossvirkjunarinnar, hefur þurft að verja tugum þús. og hundruðum þús. í rekstur dísilvéla til að fullnægja rafmagnsþörf á Siglufirði, og er fráleitt, að hann sé fær um að selja rafmagn til fjarlægari byggða. Það má vera að einstaka daga sé þannig ástatt, en það er ekki til frambúðar.

Ég lýk svo þessum orðum mínum með því að lýsa yfir stuðningi við frv. til l. um virkjun Svartár í Skagafirði og vil enn fremur undirstrika það, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, hagi vinnubrögðum sínum á þann veg, að unnt verði að senda þetta frv. fyrstu dagana í næstu viku til Ed., svo að það megi verða að lögum, áður en þingi verður slitið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til iðnn. með 21 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 80. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 665, n. 721).

Frsm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Iðnn. þessarar hv. d. hefur athugað frv. þetta um virkjun Svartár í Skagafirði. Eins og fram kemur í áliti n. á þskj. 721, mælir n. með samþykkt frv. Tveir nm. skrifa þó undir nál. með fyrirvara, og einn nm., hv. 1. þm. Norðurl. e., áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Það er meginefni þessa frv., að ríkisstj. verði heimilað að fela Rafmagnsveitum ríkisins að virkja Svartá í Skagafirði við Reykjafoss í allt að 5500 hestafla orkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu til Sauðárkróks til að tengja þar við orkuveitukerfi Norðurl. v. Einnig heimilist ríkisstj. að taka lán til þessara framkvæmda allt að 86 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

Önnur ákvæði frv. eru sum sambærileg við það, sem verið hefur um önnur slík frv., svo sem að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni og tækjum. Þá er einnig í 6. gr. þessa frv. ákvæði þess

efnis, að ef sveitarstjórnir á Norðurl. v. óski að gerast eignaraðilar að Svartárvirkjun og öðrum orkuverum á svæðinu, þá sé ráðh. heimilt að gera samninga þar um fyrir hönd Rafmagnsveitna ríkisins.

Þessi eru meginefni frv., en þar er einnig að því vikið, að ríkisstj. sé heimilt að festa kaup á vatnsréttindum á vatnasvæði Svartár og öðrum landsréttindum, sem þarf til þess, að Svartárvirkjun verði komið í framkvæmd — annað tveggja miðað við þau kjör, sem fást, ef viðunanleg eru, en á hinn bóginn með heimild til eignarnáms, sbr. gildandi ákvæði þar um í vatnalögum.

Það er kunnugt, að á orkuveitusvæði á vestanverðu Norðurlandi er brýn þörf fyrir aukna vatnsorku. Á þessu svæði er eftir þeim upplýsingum, sem ég hef nýjastar, raforka framleidd með vatnsafli einungis sem svarar 1500 KW, en önnur raforka á svæðinu er fengin með keyrslu dísilvéla, og nemur sú orkuframleiðsla um 3500 KW. Sú virkjun, sem hér er talað um heimild til þess að framkvæma, er eins og áður sagði 5500 hestafla orkuver eða um 3500 KW orkuver. Þar með er ljóst, að virkjunin mundi fullnægja þeirri þörf, sem fyrir er á orkuveitusvæðinu nú, og hún mundi, ef áfram eru nýttar þær dísilstöðvar, sem á svæðinu eru, fullnægja líklegri orkuþörf á næstu 5—7 árum. Hér er ekki um frambúðarlausn að ræða, heldur lausn, sem duga mundi um takmarkaðan tíma og verða til þess að bæta úr brýnni orkuþörf á þessu svæði, meðan aðrar leiðir eru fundnar til þess að tryggja frambúðarorku fyrir þetta svæði.

Síðan frv. þetta var afgr. frá n., hafa borizt erindi til hv. Alþ. og birzt blaðagreinar, sem lúta að því, að hér kunni að vera nýtt Laxármál í uppsiglingu. Ég hygg nú, að í fréttaskyni hafi dagblöðin gert helzt til mikið úr því, sem hér um ræðir, og skal þó á þessu stigi ekki neitt um það fullyrt. Hins vegar eru t. d. í erindi, sem borizt hefur hingað til hv. Alþ. frá stjórn félags landeigenda við Svartá í Lýtingsstaðahreppi, settar fram kröfur um það, að tiltekin atriði verði leyst, áður en þetta frv. verður afgr. hér á hv. Alþ.

Það er ljóst, að eins og nú er háttað, er áætlað að ljúka störfum Alþ. fyrir páska, svo að ekki er unnt að taka þessi tilteknu atriði til afgreiðslu og jafnframt afgreiða frv., því að til þess er ekki tími. Hins vegar er það jafnljóst, að frv. þetta er flutt í heimildarformi, og slík heimild, ef samþ. verður hér á hinu háa Alþ., felur það einmitt í sér, að þá skapast grundvöllur fyrir því, að upp verði teknar viðræður og samningar um þau ágreiningsatriði, sem þarna kunna að vera.

Ég leyfi mér að leggja áherzlu á það, að verði þetta frv. samþ., sem hv. iðnn. mælir öll með, þá verði, áður en fullnaðarákvörðun verður tekin um framkvæmdir eða þær hafnar, gengið frá öllum þeim málum, sem ágreiningur er um á milli þeirra aðila, sem lönd eiga að Svartá, og þeirra, sem að virkjunarframkvæmdum standa. Ég lít svo á, að það fordæmi, sem við höfum í hinni frægu Laxárdeilu, sé slíkt, að ekki megi hætta neinu við virkjanir þær, sem gerðar verða í framtíðinni, þannig að farið verði út í framkvæmdir, áður en búið er að semja um öll þau atriði á milli landeigenda og virkjunaraðila, sem upp kunna að koma deilur um. Þess vegna er einmitt að mínu mati nauðsyn að fá þetta frv. afgr. til þess, að á það reyni, hvort hér tekst ekki að leysa þau mál, sem þarna kann að vera ágreiningur um, áður en lengra verður haldið. Á því skal vakin athygli, að í erindum frá landeigendafélaginu við Svartá og sveitarstjórn Lýtingsstaðahrepps eru engin mótmæli gegn virkjun. Þar eru einungis settar fram ákveðnar kröfur um það, að þeim, sem hlut eiga að máli, séu bætt að fullu þau spjöll, sem kunna að verða á landi, vatnsréttindum og fiskræktarskilyrðum, ef í virkjun verður ráðizt.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fara lengra út í þessi mál að svo komnu máli. Ég vildi einungis láta þetta koma fram sem mína skoðun, og ég vænti miðað við þær umr., sem urðu í hv. iðnn., að ég megi mæla þar fyrir hönd n. allrar, þegar ég segi, að nauðsyn sé á því, að siglt verði fram hjá öllum ásteytingarsteinum í sambandi við samninga á milli virkjunaraðila og landeigenda, áður en framkvæmdir verði hafnar.

Að svo mæltu leyfi ég mér fyrir hönd n. að leggja til, að þetta frv. verði samþ., og ég leyfi mér enn fremur að beina því til hæstv. forseta og þings í heild að reyna að haga svo sínum störfum, að frv. þetta nái afgreiðslu á þessu þingi.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs nú vegna grg. félags landeigenda við Svartá, sem birt hefur verið opinberlega og a. m. k. sumum hv. þm. hefur borizt, en landeigendafélag þetta gerir þá kröfu, að eftirtalin atriði verði tekin til greina við afgreiðslu þessa frv., og þau atriði eru svo talin í 6 liðum.

Ég vil af þessu tilefni segja það, að ef það á fyrir mér að liggja að annast framkvæmd þessarar löggjafar, þá verða öll þessi atriði, sem þar eru talin upp, tekin til greina, áður en virkjunarframkvæmdir mundu hefjast. Þetta leiðir af þessu frv., ef að l. verður, sjálfu, þar sem segir í 4. gr., að ríkisstj. sé heimilað að festa kaup á vatnsréttindum á vatnasvæði Svartár og landsréttindum í þágu Svartárvirkjunar, en áður en til þess kemur, þarf að semja við aðila um landsréttindi og um vatnsréttindi. Það leiðir svo einnig af ákvæðum þessara l., að ef einhverjir hagsmunir eru skertir, þá á að koma fullt verð fyrir það, ef til þess kæmi, að rétt þætti að beita eignarnámsheimild, sem hér er. En önnur atriði en vatnsréttindi og landsréttindi eru fiskræktarsjónarmið, sem fram eru sett í þessum liðum landeigendafélagsins. Sú stefna er mörkuð hér á Alþ., að jafnframt virkjunarframkvæmdum gerðu menn sér mjög mikið far um að sinna fiskræktarsjóðnum.

Hér voru á síðasta þingi afgreidd l. um lax- og silungsveiði, og þar var tekjuöflun í fiskræktarsjóð

ákveðinn tiltekinn hluti af virkjunarframkvæmdum. Það mátti að vísu mjög deila um það, hvort þetta væri eðlileg fjáröflun til fiskræktar, því að horfur eru nú á, að stærstu virkjanirnar hér á landi verði í vötnum, sem enginn fiskur hefur verið í — í jökulvötnum. Og því skyldi þá vera tekinn tiltekinn hluti af kostnaði slíkra virkjana til fiskræktar í öðrum vötnum? Samt sem áður var þetta samþykkt og engum mótmælum hreyft og þessi stefna mörkuð.

Auðvitað hefði alveg eins mátt segja, að tiltekinn hundraðshluti af virkjunarframkvæmdum færi til heilbrigðismála eins og það færi til fiskræktar. Hins vegar hefur fiskræktin sennilega verið tengdari þessu í hugum manna, vegna þess að sumar árnar eru miklar veiðiár, og þá er þetta samtengt, en í öðrum ám, eins og við erum að virkja núna, t. d. Tungnaá og Þjórsá, er engin veiði, og þá held ég, að þetta séu virkjanir, sem ekki eru í neinum tengslum við fiskrækt. En þetta hefur nú verið gert svona, og hér í Reykjavík t. d. í sambandi við Elliðaárvirkjanirnar þá vitum við það, að frá öndverðu hefur verið sýndur alveg sérstakur áhugi á því af hálfu Rafmagnsveitu Reykjavíkur að stuðla að aukinni fiskrækt og hefur hún gefið mjög gott fordæmi að þessu leyti. Auðvitað geta bændur sýnt fram á fiskræktarmöguleika í Svartá, og yrði niðurstaðan sú, að fiskræktarmöguleikar yrðu skertir og þeir yrðu fyrir tjóni, sem hægt væri að sýna fram á, þá ber einnig að greiða það tjón, og það eru bein ákvæði í vatnalögum um það. Ég endurtek þess vegna, ef það er í mínum verkahring að annast framkvæmd þessara laga — og ég tel það skylt hverjum, sem ætti að annast framkvæmd laganna, að taka verður öll þessi atriði frá landeigendafélaginu til greina í samningagerðum við þá, áður en til virkjunarframkvæmda kemur.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Ég skrifaði undir nál. iðnn. með fyrirvara. Sá fyrirvari var um 6. gr. aðallega, fyrri mgr. 6. gr., þar sem gert er ráð fyrir, að sveitarstjórnir á Norðurl. v. geti orðið eignaraðilar að þessari virkjun. Ég er þeirrar skoðunar, að hér eigi Rafmagnsveitur ríkisins einar að vera aðili og það sé ekkert til bóta, að hér sé farið að blanda saman hlutum, eins og gert er ráð fyrir í 6. gr. Ég álít, að raforkuframkvæmdir eigi að vera á vegum ríkisins, og það mun að ýmsu leyti líka auðvelda mál í framkvæmd; ég mun ekki fara frekar út í það.

Eftir að við höfðum afgr. málið í iðnn., eins og hv. frsm. n. tók fram, bárust Alþingi erindi frá heimamönnum, sem hæstv. forsrh. hefur nú einnig gert að umræðuefni. Ég vil aðeins við afgreiðslu málsins leggja áherzlu á, eins og þegar hefur verið gert, varðandi öll þau deilumál, sem þarna kynnu að vera fyrir hendi, sem okkur var ekki kunnugt um, þegar n. ræddi málið, að nefndin hafði engan tíma til þess að afla sér þeirrar vitneskju, því að mjög var beðið um, að málið yrði afgreitt nú á þessu þ., og það leiddi af sjálfu sér, að ekki var neinn tími til að leita umsagna um málið, en þeir, sem kunnugastir voru, sögðu, að ekki gætu verið fyrir hendi neinar svipaðar ástæður og við höfum orðið vör við varðandi Laxárvirkjun. Ég vil sem sé leggja áherzlu á, eins og frsm. n. gerði, að ekki verði ráðizt í neinar framkvæmdir, fyrr en öll þessi deilumál eru leyst og samningar hafa verið gerðir þar um.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er rétt, eins og fram kom í hinni hófsamlegu framsöguræðu hv. 4. þm. Norðurl. v., að þ. hafa borizt erindi varðandi þessa virkjun, m. a. bréf félags landeiganda við Svartá í Lýtingsstaðahreppi, sem hæstv. forsrh. vék nú að. Hann lýsti yfir, að ef það kæmi í hans hlut að framkvæma slíka virkjun eða standa að framkvæmd hennar sem ráðh., þá mundi hann fullnægja öllum þeim skilyrðum, sem landeigendafélagið setti.

Þetta eru vitanlega heimildarlög og það er rétt, að allir samningar yrðu að komast á hreint, áður en heimildarlögin yrðu framkvæmd; og er það í sjálfu sér mikil trygging. En sum af skilyrðunum eru þess eðlis, að það gæti orðið mikið vafamál, hvort hægt væri að verða við þeim. Ég grip hér t. d., með leyfi hæstv. forseta, ofan í 2. efnislið í grg. félags landeigenda við Svartá, þar sem segir, að virkjunarstjórnin samþykki að taka til greina allar sannanlegar skaðabótakröfur landeigenda við Svartá vegna virkjunar Svartár við Reykjafoss og áhrifa hennar á fiskræktarmöguleika í ánni, meðan á byggingu stendur, svo og starfrækslu í framtíðinni, og bæti eftir samkomulagi og mati. Þarna er um atriði að ræða, sem ákaflega erfitt verður að meta til fjár, áður en virkjunarframkvæmdir hefjast, og ég held, að allir renni blint í sjóinn með það, hvaða upphæðir þarna væru í raun og veru til umr. Líkt er að segja um 3. liðinn, þar sem segir, að virkjunarstjórnin ábyrgist, að vatnsþrýstingur í göngum að túrbínu sé innan þeirra marka, sem sérfræðingar telji skaðlausan fiskseiðum. Er hægt að ábyrgjast þetta, að þrýstingur í afrennslisgöngunum verði minni en svo, að fiskseiði þoli hann? Fer það ekki nokkuð eftir virkjunaraðstöðunni þarna? Mér er það ekki alveg ljóst, og ég held þannig, að þarna séu meðal skilyrðanna hlutir, sem ákaflega torvelt sé að segja fyrir fram um, hvort hægt sé að fullnægja. Þá segir enn fremur í 4. lið, að tryggt sé, að jafnan sé nægilegt vatnsmagn í fiskvegi þeim, sem verið sé að byggja og starfrækja við Reykjafoss. Það má vera, að það verði komið í ljós, áður en í virkjunarframkvæmdir er ráðizt, og þá ræðst fram úr því, en vissulega er vatnsrennslið misjafnt og getur verið mikið stundum og lítið á öðrum tíma og þannig mjög erfitt að tryggja, að alltaf sé nægilegt vatnsmagn í þeim fiskvegi, sem þarna yrði byggður.

En ég bendi á þetta, sem allt gefur okkur vísbendingu um það, að risin séu samtök í þessu héraði líkt og hjá þeim Þingeyingum í sambandi við vatnsaflsvirkjun, og hefur orðið mikill styrr af, en einmitt var hér á hv. Alþ. fyrir skömmu fullyrt, að ekkert slíkt gæti þarna komið til greina. Mér virðist

þessi grg. félags landeigenda við Svartá benda í þá átt, að samtök séu þegar mynduð og kröfur hafðar uppi, og enn fremur hefur borizt bréf þarna úr héraði, þar sem mér virðist nú vera kominn mikill hiti í þetta mál, og þar er látið svo sem mikil verðmæti fari forgörðum, ef af virkjun verði. Hvort sem það er nú ýkt eða ekki, þá er svo mikið víst, að slíkar raddir eru til heima í héraði og hafa látið þegar til sín heyra með bréfum til alþm., en mig brestur kunnugleika til að mynda mér skoðun um, hvort þetta er ýkjulaust og hófsamlega fram sett, en þarna eru sem sé bændur í héraði, sem telja mjög nærri sér höggvið og sínum hagsmunum, ef af þessari virkjunarframkvæmd verður. Það er upplýst af hv. frsm., að þetta sé tiltölulega lítil virkjun, sem ekki bætir úr raforkuþörf héraðsins lengur en í 5—7 ár, og er þá enn þá meira álitamál, hvort eigi að halla sér að þessari lausn raforkumála fyrir þessi héruð, fyrst þetta er til svo skamms tíma, einkanlega ef það kostaði alvarlegar innanhéraðsdeilur, að þessi á, sem er tiltölulega góð veiðiá, verði virkjuð, eða þegar verði reynt að leita annarra möguleika. Ég efa það stórlega, að nokkurn tíma hefði verið ráðizt í byrjunarframkvæmdir við Laxá, ef menn hefði órað fyrir því, hvílík alda óánægju og ófriðar risi innan héraðs út af því máli. Og það mál getur því sannanlega orðið okkur til varnaðar.

Ekki dettur mér í hug að halda því fram, að við eigum að hverfa frá öllum vatnsvirkjunum, þó að einhverjar óánægjuraddir heyrist út af því, að það verði hróflað við þúfu eða steini í landareign í sambandi við virkjun, og vissulega verður að líta á virkjunarþörfina og þann vanda, sem leystur er með virkjunarframkvæmdum, og horfast þá jafnvel í augu við og meta það, sem mælir með og á móti, en við getum ekki látið það fram hjá okkur fara, þegar aðvörunarraddir heyrast, við verðum að taka þær til athugunar og kynna okkur þær og hvetja alla, sem hlut eiga að máli og kunnugir eru staðháttum þarna, til að hugsa vel um þetta mál, áður en nokkru er slegið föstu um þessa virkjun. Ég taldi þess vegna rétt það, sem mér hefur borizt til eyrna um þetta, og ég sé, að þarna er jafnvel þegar risin alda, sem byggist á sterkri andstöðu við virkjunarmálið heima í héraði. Hversu almennar þær raddir eru, veit ég ekki heldur, hér eru menn, sem áreiðanlega vita gjörla um það. En það má ekki fara fram hjá þm., að vandamál eru þarna að rísa, sem hillir undir, og sum þeirra geta verið anzi torveld úrlausnar, þó að ekki væri önnur en þau að leysa og fullar sættir tækjust með því að verða við öllum kröfum landeigendafélagsins í Lýtingsstaðahreppi. Það er áreiðanlegt, að það að fullnægja þessum sex skilyrðum hlýtur undir öllum kringumstæðum að kosta mikið fé, því að mat á veiðimöguleikum getur orðið t. d. anzi hátt og örðugt að gera ráðstafanir, sem eiga að tryggja þarna nægilegt vatnsmagn alltaf og það, að þrýstingur sé ekki í afrennslisgöngum virkjunarinnar — stíflunnar — meiri en svo að fiskseiði þoli. Þetta eru allt saman atriði, sem ég hygg, að sé erfitt um að segja, hversu mikið fjármagn kosti og hverju þurfi til að kosta í framkvæmdartilhögun til þess, að fullnægt verði.

Ég tek enga afstöðu til málsins sjálfs að svo komnu, en tel, að við höfum fengið ærið tilefni til umhugsunar um það, hvort þessi virkjun leysi þann vanda, sem leysa verður í þessum héruðum, og hvort ekki sé réttara að leita annarra leiða. Ég man eftir því fyrir mörgum árum, að þá var þetta mál hér á Alþ. til umr., og það hefur verið það oftar en einu sinni, en þá hélt ég því fram, að því miður gerðu menn það að allt of miklu metnaðarmáli, hvar aflstöðin væri reist, því að vitanlega má mönnum á hinum ýmsu stöðum á landinu standa alveg á sama, hvar aflstöðin er, ef þeir geta fengið raforku á hagkvæmustu verði úr fjarlægum héruðum og nægilega örugga til að flytja hana úr fjarlægð. Ef þetta hvort tveggja er leyst, þá skiptir þetta engu máli, hvort aflstöðin er innan héraðs eða ekki.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 23:2 atkv.
7. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 85. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 88. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. þetta til l. um virkjun Svartár í Skagafirði hefur náð samþykki í Nd. án þess, að nokkur ágreiningur, að heitið gæti, væri um málið þar, og þess vegna vildi ég mega vona, að samstaða gæti orðið um málið hér í Ed., þannig að frv. gæti orðið að lögum, þó að nú líði senn að þinglokum, og ég verð að viðurkenna það, að að því leyti er málatilbúnaðurinn ekki eins og vera skyldi af minni hálfu.

Þetta frv. er í svipuðu formi og tíðkazt hefur í svipuðum tilfellum, og vitna ég þar sérstaklega til frv., sem nú er orðið að l., um virkjun Lagarfoss. Þetta eru heimildarlög um, að ríkisstj. sé heimilt að fela Rafmagnsveitum ríkisins að virkja Svartá í Skagafirði við Reykjafoss í allt að 5500 hestafla raforkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu til Sauðárkróks til tengingar þar við veitukerfi Norðurl. v. Svo eru lántökuheimildir til ríkissjóðs í

2. gr. og ákvæði um að fella niður aðflutningsgjöld, sem venja hefur verið í slíkum málum, og síðan er í 4. gr. ákvæði um það, að ríkisstj. sé heimilt að festa kaup á vatnsréttindum á vatnasvæði Svartár og landsréttindum í þágu Svartárvirkjunar, ef viðunandi kjör fást, eða taka þau eignarnámi að öðrum kosti. Um þetta gilda ákvæði 54. og 55. gr. vatnalaga, ef til þess kemur. En þar er einmitt ákvæði um það, að semja skuli við landeigendur og hins vegar, ef samningar ekki takast, gæti komið til eignarnáms, en þá á þeim grundvelli, að sannanlegt tjón verði bætt. Í sambandi við þessa gr. vil ég alveg sérstaklega víkja að því, að í grg. félags landeigenda við Svartá í Lýtingsstaðahreppi vegna fram komins frv. á Alþ. um virkjun Reykjafoss í Svartá, sem mér hefur verið send og birt hefur verið opinberlega, stendur svo, að landeigendafélagið geri skilyrðislausa kröfu um, að eftirtalin atriði verði tekin til greina við afgreiðslu þessa frv.:

Í fyrsta lagi verði gerður skriflegur samningur milli væntanlegrar stjórnar virkjunar við Reykjafoss og félags landeigenda við Svartá.

Í öðru lagi samþykki virkjunarstjórn að taka til greina allar sannanlegar skaðabótakröfur landeigenda að Svartá vegna virkjunar Svartár við Reykjafoss, áhrif hennar á fiskræktarmöguleika í ánni, meðan á byggingu stendur svo og starfrækslu í framtíðinni, bæði eftir samkomulagi og mati. Þetta er að sjálfsögðu atriði, sem verður tekið til greina, ef þetta frv. verður að l. Þá verður næsta skrefið í því að hefja samningagerð við landeigendurna, bæði um vatnsréttindi og landsréttindi og um fiskræktarmálin.

Um fiskræktarmálin vil ég segja það, að ef virkjun truflar á engan hátt fiskrækt í einhverri á, þá ber náttúrlega slíkri virkjun engin skylda til þess að gera laxastiga, því að þarna er verið að gera laxastiga, hvort ég er, þó að virkjunarframkvæmd sé þarna engin, eins og fram hefur komið opinberlega. Hitt er svo annað mál, að það hefur alltaf verið mikill vilji og jákvæð viðhorf yfirleitt hjá þeim, sem hafa haft með virkjunarmálin að gera, til að aðstoða við fiskræktina. Þar nefni ég t. d. Rafmagnsveitu Reykjavíkur, sem hefur haft góða forgöngu um laxrækt í Elliðaánum um langan aldur, eins og alkunnugt er. Og í öðru lagi vil ég vitna til þeirrar stefnu, sem má segja, að mótuð hafi verið á Alþ. með l. um lax- og silungsveiði, sem afgreidd voru í fyrra, en samkv. þeirri löggjöf á að stofna fiskræktarsjóð til stuðnings fiskrækt og fiskeldi í landinu. Og svo eru taldar tekjur sjóðsins, og þar er m. a. einn liður: 3‰ af óskírum tekjum vatnsaflsstöðva í landinu, sem selja orku til almennings. Þetta gat auðvitað orkað mjög mikið tvímælis, hvort slíkur sjóður ætti að fá tekjur frá vatnsaflsstöðvum — vissulega ef þær eru í nánum tengslum við fiskræktina, en vegna hvers frá vatnsaflsstöðvum, þar sem engin fiskrækt hefur verið og ekki líklegt, að verði, og meðal þeirra eru okkar stærstu virkjanir eins og í Þjórsá og í Tungnaá, sem nú er verið að vinna að, 210 MW verður Búrfellsvirkjunin, 310 MW verður virkjunin í Tungnaá við Sigöldu og 300 MW við Sigöldu og Hrauneyjafoss. Þarna hefur aldrei verið um neina fiskrækt að ræða. Það hefði alveg eins með jafngóðum rökum verið hægt að segja: Við skulum taka svo og svo mikið af brúttótekjum þessara stöðva og leggja það t. d. í heilbrigðismál — til þess að byggja barnaspítala, elliheimili eða einhverjar slíkar stofnanir, sem þjóðin hefur mikla þörf fyrir. Það eru í raun og veru ekki meiri tengsl milli þessara virkjana og laxræktar eða fiskræktar en virkjananna og áðurgreindra mannúðarmála. Engu að síður var þessi stefna mörkuð þarna, og varð ekki ágreiningur um þetta að öðru leyti, ef ég man rétt. En ég held, að þetta hafi upphaflega verið eitthvað hærri prósenta, en það skiptir ekki aðalmáli. Hér kemur fram, að aðaltekjurnar eða verulegar tekjur — ég get ekki borið það saman — í fiskræktarsjóð eiga að koma frá vatnsaflsvirkjunum og jafnvel þeim, þar sem virkjuð eru vatnsföll, þar sem engin fiskrækt hefur verið eða er fiskgengd.

Ég tel þess vegna alveg sjálfsagt að reyna að greiða sem allra mest fyrir því í sambandi við samninga um Svartárvirkjun, ef frv. þetta verður að l., að hugað verði vel að fiskræktarmálunum, og ég hefði viljað segja, að jafnvel þó að ekki væri um að ræða neina skyldu til þess, eins og ég benti á áðan, þá mundi ég telja, að það væri rétt að styðja bændurna eftir föngum í þessum fiskræktarmálum þeirra. En menn mega náttúrlega ekki ganga út frá því sem gefnu, að virkjanir taki að sér að greiða allan kostnað af fiskræktarframkvæmdum eins og laxastigum og öðru slíku, ef engin skylda er til þess og virkjunin sjálf hefur engin áhrif í þá átt að gera aðstöðuna að neinu leyti verri til fiskræktarinnar.

En ef það á að liggja fyrir mér að fjalla um framkvæmd þessara mála, þá mundi ég vilja ganga langt til móts við bændur umfram það, sem teldist lagaleg skylda í þessu eða er auðvitað lagaleg skylda, þ. e. að gera samkv. þessum l. og vatnalögum við þá samninga, áður en framkvæmdir hefjast, og bæta þeim allt það tjón, sem þeir kynnu að verða fyrir. Finnst mér mjög eðlilegt, að undir þetta heyri fiskræktin, eins og reyndar hefur verið viðurkennt, og ég minni á það hér nú, að í hinni illvígu Laxárdeilu hefur Laxárvirkjunarstjórn fallizt á að bera kostnað af laxastiga eða kostnað af því að koma laxinum frá Brúum og upp fyrir, ef það á sínum tíma telst þá ekki raska of mikið hinu eðlilega jafnvægi í náttúrunni og vera þannig náttúruspjöll, en um það verður fjallað af sérfræðingum, sem eiga að rannsaka það mál, áður en til kasta kemur, en lax hefur, eins og kunnugt er, aldrei verið fyrir ofan Brúar, en þar er mikil önnur fiskgengd eins og kunnugt er þeim, sem til þekkja þarna. Og hvernig þeim fisktegundum, sem þar eru, bæði urriðanum í Laxárdalnum og bleikjunni í Mývatni, líkar sambúðin við laxinn, ef til kemur, skal ósagt um látið, og einnig hafa sérfræðingar eins og Finnur Guðmundsson fuglafræðingur upplýst, að það séu mjög þekkt fyrirbrigði erlendis, að ef laxi

er hleypt upp í vötn eins og Mývatn við svipaðar kringumstæður, þá hendi það oft, að laxinn gangi alls ekki úr vatninu, en verði bara vatnafiskur, en þau atriði þarf að athuga sérstaklega og koma ekki þessu máli við.

Ég hef þá gert grein fyrir öðrum efnislið í kröfum bændanna, þ. e. að virkjunarstjórn samþykki að taka til greina allar sannanlegar skaðabótakröfur landeigenda að Svartá vegna virkjunar Svartár við Reykjafoss, áhrif hennar á fiskræktarmöguleika í ánni, meðan á byggingu stendur svo og starfrækslu í framtíðinni, og bæta eftir samkomulagi og mati. Þetta tel ég, að felist í sjálfu frv. og ákvæðum vatnalaga, að skylt sé að taka til greina.

Þriðja atriðið er, að virkjunarstjórn ábyrgist að vatnsþrýstingur í göngum að túrbínu sé innan þeirra marka, sem sérfræðingar telja skaðlausan fiskseiðum. Að sjálfsögðu er rétt, ef mögulegt er, að verða við tilmælum, eins og hérna eru borin fram. Hvort þetta tekst, veit ég ekki, og þó að báðir aðilar séu af vilja gerðir, þá er náttúrlega hugsanlegt, að aðstæður séu þannig, að það náist ekki samkomulag og þyki ekki rétt að fara í eignarnám o. s. frv. En þetta vil ég fallast á, að sé reynt eftir föngum að verða við og vona, að hindranir verði ekki á því, að það sé hægt að útbúa túrbínu, eins og hér er óskað eftir.

Í fjórða lagi vilja landeigendur, að tryggt sé, að jafnan sé nægilegt vatnsmagn í fiskvegi þeim, sem verið er að byggja og starfrækja við Reykjafoss. Það er að sjálfsögðu algerlega nauðsynlegt að gera þetta, því að ef það er ekki, þá væri til lítils eða einskis að vera að byggja hann, og þá verður annað hvort að víkja, stiginn eða virkjunin.

Í fimmta lagi skal virkjunarstjórn láta framlengja fiskveg um Reykjafoss þannig, að hann nái upp fyrir lón það, sem myndast við stíflugarð virkjunarinnar, og setji járngrind í ána ofan lónsins undir yfirumsjón veiðimálastjóra eða sjái um aðra þá framkvæmd, sem samkomulag kynni að nást um. Ég skil þetta svo, að þeir vilji með þessu forðast það, að laxinn gangi upp í lónið og stöðvist þar og þess vegna þurfi að gera fiskveginn þannig, að hann fari upp fyrir lónið sjálft, og hindra það, að hann komist inn í lónið. Þetta er sjálfsagt mjög eðlilegt frá þeirra sjónarmiði og rétt að íhuga þetta vel. Ég veit ekkert, hvað í þessu felst, hve mikinn kostnað þetta hefur í för með sér, en að sjálfsögðu er slíkt atriði eins og þetta eitt af þeim, sem ber að taka til greina við samningsgerðina og reyna að komast að samkomulagi um.

Í sjötta lagi skal virkjunarstjórn viðhafa sérstakt hreinlæti í nágrenni virkjunarstaðarins, meðan á byggingu stendur og allan starfstíma raforkuversins, og skal veiðimálastjóri hafa úrskurðarvald þar um. Ég held nú sannast að segja, að þeir, sem staðið hafa að vatnsaflsvirkjunum hér á landi, verði ekki sakaðir um sóðaskap í kringum sín mannvirki. Þvert á móti held ég, að mér sé óhætt að fullyrða, að almenningur hafi tekið eftir því, hversu yfirleitt er vel gengið frá slíkum mannvirkjum og umhverfi þeirra. Ég tel þess vegna af þessum sökum, að það sé engu að kvíða í þessum efnum í sambandi við virkjun Svartár og það sé óhætt að fullyrða, að fyrir fram sé full samstaða á milli væntanlegrar virkjunarstjórnar og landeigenda.

Þá eru talin þessi atriði, sem landeigendurnir vildu setja fram, að tekið yrði tillit til við afgreiðslu frv., og ég tel, að með þeim yfirlýsingum, sem ég nú hef gefið, verði þeim öllum fullnægt. Í því felst að vísu ekki endanlegt álit mitt á því, að samkomulag náist og það takist að gera samninga, ef miklar kröfur eru gerðar, sem erfitt er að verða við. Hér er um atriði að ræða eins og t. d. það, hvort semst um hluti, sem eru umfram lagaskyldu, hvort bæta eigi allt tjónið o. s. frv. Það get ég ekki fullyrt nú, en ég mundi vilja vinna að því, ef hófs er gætt í kröfugerðum. Af þessum sökum vona ég, að það þurfi ekki að skapast neinn ágreiningur um afgreiðslu frv. vegna þessarar grg. félags landeigenda við Svartá í Lýtingsstaðahreppi.

Að öðru leyti er lítið um frv. að segja annað en það, að í 6. gr. er tekið svipað ákvæði og var í l. um virkjun Lagarfoss, þ. e. að óski sveitarstjórnir á Norðurl. v. að gerast eignaraðilar að Svartárvirkjun og öðrum orkuverum á orkusvæðinu, er ráðh. heimilt að gera samninga þar um fyrir hönd Rafmagnsveitna ríkisins. Hérna er sett fram ósk um eignaraðild sveitarfélaganna. Ég aðhyllist mjög þá skoðun, að það geti verið heppilegt, að sveitarfélögin eigi aðild að vatnsaflsvirkjunum. Upphaflega var það nú svo, að þau áttu víða frumkvæði að vatnsaflsvirkjununum, en hér stendur líka þannig sérstaklega á, að á vegum sýslunefnda Húnavatns- og Skagafjarðarsýslna ásamt Sauðárkrókskaupstað hefur nú í nokkur ár verið starfandi raforkumálanefnd. Sveitarfélögin þarna hafa þess vegna haft frumkvæði í að koma þessu máli fram, og á vegum þessarar raforkumálanefndar hefur ráðgjafarfyrirtækið Virkir h. f. hannað virkjun í Svartá við Reykjafoss í Skagafirði, og orkumálastjórnin hefur í öllum aðalatriðum fallizt á þá hönnun, sem fyrir liggur.

Það hefur komið fram, að sumum finnst lítið til virkjunar eins og Svartárvirkjunar koma og hæðast að smæð hennar. En ég er ekki viss um, að fólkinu, sem á að njóta þessarar virkjunar, komi til hugar að hæðast að smæð svona virkjunar, því að hér er um að ræða 3500 KW virkjun. Gönguskarðsárvirkjunin, sem hefur verið virkjuð og menn hafa notið, að ég hygg, góðs af í Skagafirði, er 1064 KW virkjun. Laxárvatnsvirkjun, sem þarna er líka, er 464 KW, svo að vatnsaflsvirkjanir þarna á svæðinu eru 1528 KW. Dísilstöðvar framleiða alls 3500 KW, og þá sjá menn strax í hendi sér, að það svæði er ekki vel sett, þar sem vatnsaflsvirkjanir framleiða 1500 KW, en dísilstöðvar 3500 KW. En Svartárvirkjunin er, eins og ég sagði áðan, 3500 KW, og er gert ráð fyrir að koma þarna til hjálpar og fullnægja svæðinu um tiltekið árabil. Ég get líka getið þess, að Skeiðsfossvirkjun, sem er eign Siglufjarðarkaupstaðar, er að stærð 3200 KW og hún

hefur vissulega gert mikið gagn á þeim tíma, sem hún hefur verið rekin. Nú er svo komið, að Skeiðsfossvirkjunin er fullnýtt og á Siglufirði er dísilstöð 1000 KW að stærð, en Siglfirðingar, sem eiga þessa virkjun, áforma að stækka Skeiðsfossvirkjunina.

Það er rétt, að þar sem þannig háttar til, að hægt er að koma við stórvirkjunum, þá veita þær ódýrari orku en minni virkjanirnar, en við erum bara þannig settir, að á sumum stöðum getum við ekki ráðizt í stórvirkjanir. Í framtíðinni kann það að verða svo, að veitukerfi landsins verði meira eða minna tengt saman, en það getur orðið nokkuð langt að bíða þess, og það verður að hagnýta vegna þarfa fólksins úti í hinum dreifðu byggðum þá möguleika, sem beztir eru fyrir hendi til smávirkjana, meðan ekki er völ á öðru. Verði þetta frv. að lögum, þarf að ganga í þessa samningagerð, sem ég talaði um áðan. Það þarf líka að undirbúa fjáröflun til framkvæmdanna og ganga endanlega frá hönnuninni, sem hins vegar er mikið til lokið. Og þetta tekur allt nokkurn tíma. Þess vegna tel ég mér ekki fært að fullyrða á þessu stigi málsins, hvenær virkjunarframkvæmdir gætu hafizt, en það er auðvitað fyrst hægt að ganga af alvöru í samningagerðina við ýmsa aðila, hefja fjárhagslegan undirbúning og kanna fjáröflunarleiðir, þegar stjórnin hefur fengið þá heimild, sem veitt er með þessum lögum. Þess vegna væri mér það mjög kært, að frv. gæti, eins og nú er komið, náð fram að ganga í þessari hv. d.

Ég vildi svo mega leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Hér er á ferðinni stjfrv. um virkjun Svartár í Skagafirði. Þetta er þó ekki fyrsta frv., sem komið hefur fram á Alþ. um virkjun þessarar ár, því að tvívegis hafa í hv. Nd. verið flutt frv. um virkjun Svartár í Skagafirði. Þessi frv. hafa verið flutt af þm. Norðurl. v., sem eiga sæti í Nd., en í samráði við þm. kjördæmisins hér í Ed. Þau frv. náðu ekki fram að ganga, en nú er hér komið stjfrv. um þetta mál, sem hefur verið samþ. í Nd. og er nú komið hér til Ed. á síðustu dögum þingsins.

Það hefur löngum ríkt mikill áhugi heima í kjördæminu á framgangi þessarar virkjunar. Forráðamenn á sviði raforkumála og sveitarstjórnarmála hafa mjög beitt sér fyrir þessu og geta nú vonandi uppskorið ávextina af sínu erfiði. Þeir sjá nú fram á, að horfur eru á, að þessi virkjun verði að veruleika við samþykkt þessa frv. Þessi virkjun er að vísu mjög lítil, ef borið er saman við aðrar virkjanir, sem reistar hafa verið á síðustu árum, en engu að síður er hún mjög hagstæð, og hún bætir úr brýnni þörf heima fyrir. En þó að samstaða hafi verið mikil um þetta frv. heima í kjördæminu, þá hefur að vísu gætt nokkurs andófs núna upp á síðkastið hjá landeigendum og veiðiréttareigendum. Ég tel þó, að þær kröfur, sem þeir hafa gert, séu ekki sambærilegar við það, sem bændur við Laxá hafi gert, og yfirleitt séu allar horfur á því, að það sé mun betra að semja við þá, sem búa á bökkum Svartár en Laxár. Hæstv. ráðh. gerði þessu máli mjög góð skil í sinni ræðu, og skal ég ekki fara frekar út í það. Ég get alveg fallizt á það, sem hann hafði þar fram að færa. En aðalástæðan til þess, að ég stóð hér upp, var einvörðungu sú að leggja ríka áherzlu á það, að þetta frv. verði að l. og það nái fram að ganga hér í þessari hv. d., þó að lítill tími sé til stefnu.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að lýsa fylgi við þetta frv. og vil taka undir þau ummæli, sem komið hafa frá hæstv. forsrh. og síðasta ræðumanni um það, að þetta frv. gæti gengið fram á þessu þingi, þó að liðið sé á þingtímann. Það er alveg rétt, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að það hafa áður verið flutt frv. um þetta efni. Þau hafa verið flutt af þm. kjördæmisins í Nd., en í fullu samráði við þm. kjördæmisins, sem átt hafa sæti hér í hv. Ed.

Það er orðin aðkallandi nauðsyn að leysa orkuþörf Norðurl. v., og það er að vísu rétt, sem hér hefur verið bent á, að þetta er ekki út af fyrir sig stórvirkjun. Og sjálfsagt er það líka rétt, sem maður heyrir æðioft, að það sé hagkvæmara að leysa raforkumál með stórvirkjunum. Nú er aðstaða til þess ekki fyrir hendi — í bili a. m. k. — á þessum slóðum. Og það er nú líka svo, að þó að Svartárvirkjun sé ekki stórvirkjun miðað við þær virkjanir, sem hér eiga sér stað á Suðurlandi, þá mundi þetta samt verða stærsta mannvirkið, sem framkvæmt hefur verið í Skagafirði. Og mín skoðun er sú, hvað sem öllu tali um stórvirkjanir og litlar virkjanir líður, að það sé fengur — það sé það mikils virði — fyrir hvert hérað að hafa raforkuframleiðslu innan sinna vébanda.

Ég vil því eindregið mæla með samþykkt frv., og það er óhætt að segja um það, að það hefur þegar farið fram verulegur undirbúningur að þessu máli, og ég held, að það sé óhætt að segja, að þær athuganir allar, sem gerðar hafa verið í sambandi við þetta mál, bendi mjög eindregið til þess, að þetta sé hagstæð eða geti orðið hagstæð virkjun. Og ég vil jafnframt leyfa mér að láta í ljósi þá von, að að þessu frv. samþykktu muni það ekki dragast lengi, að framkvæmdir verði hafnar í þessum efnum, því að þeirra er mikil þörf.

Það er svo, eins og hér hefur fram komið og hæstv. forsrh. vék sérstaklega að, að það hefur komið bréf frá landeigendafélagi Lýtingsstaðahrepps, þar sem þeir fara fram á það, að það sé gengið frá samningum í sambandi við málið og tryggðar skaðabætur, áður en til framkvæmda kemur. Það er, eins og kom fram í máli hæstv. ráðh., auðvitað enginn vafi á því, að lögum samkv. eiga þeir allan rétt í þessum efnum til þess að fá bætt það tjón, sem þeir kunna að verða fyrir í sambandi við þessa virkjun, og ég tel svar hæstv. ráðh. við mótmælum þeirra eða málaleitun, hvort heldur á að kalla það, fullnægjandi, og hann hefur lýst sínum vilja í því efni, og ég efast ekki um, að

annar maður, sem kynni að fara síðar með þessi orkumál, mundi telja sig bundinn af því, að fara að í samræmi við þá yfirlýsingu, sem ráðh. hefur hér gefið um þetta efni. Þannig að ég álít, að landeigendafélagið þurfi ekki að bera neinn ótta í brjósti í sambandi við þetta mál. Sama máli gegnir um það fiskræktarfélag, sem þarna hefur verið stofnað. Vitaskuld á það að fá bætt það tjón, sem það kann að verða fyrir í sambandi við þessar framkvæmdir. Það liggur í augum uppi — og hæstv. forsrh. hefur tekið þannig líka á því máli — að það er engin ástæða til að ætla, að þeir verði neitt vanhaldnir í þessu sambandi.

En það er ekki aðeins landeigendafélagið í Lýtingsstaðahreppi, sem hefur látið í sér heyra í sambandi við þetta mál, heldur hefur mér borizt hér samþykkt, sem gerð hefur verið af hreppsnefnd Lýtingsstaðahrepps. Og ég vil nú leyfa mér að lesa hana og koma henni þannig hér á framfæri, þó að ég geri ekki ráð fyrir því, að það hafi nein áhrif á meðferð þessa máls, enda er sú samþykkt ekki þess háttar í sjálfu sér. En af því að þeir hafa sent mér þetta og óskað eftir því, að Alþ. væri gert kunnugt um það, hvernig þeir líta á þetta mál, þá vil ég leyfa mér að birta það hér og lesa með leyfi hæstv. forseta. Það gætir ofurlítils misskilnings hjá þeim, þar sem þeir gera ráð fyrir því, að hér sé um þáltill. að tefla í stað lagafrv., og ég vil þá leyfa mér að lesa þessa samþykkt, sem er svo hljóðandi:

„Á fundi hreppsnefndar Lýtingsstaðahrepps, sem haldinn var í Steinsstaðaskóla 28. marz 1971, í tilefni af því, að fram hefur komið á Alþ. till. til þál. um heimild til að virkja Reykjafoss í Svartá, vill hreppsnefnd Lýtingsstaðahrepps benda á eftirtalin atriði.

Er þá fyrst, að ekki hefur verið samið við landeigendur vegna virkjunaraðstöðu, né um bætur fyrir landspjöll, sem verða tilfinnanleg. Hér er um að ræða ræktunar- og jarðhitasvæði, sem fer undir vatn eða eyðileggst af jarðraka við vatnsborðshækkun, sem verður með fyrirhuguðu lóni. Fjórar jarðir verða fyrir verulegum landspjöllum og tvær þeirra svo, að ekki getur orðið um búsetu að ræða á þeim, ef af virkjun verður.

Einnig er nú þegar hafin fiskrækt í Svartá framan við Reykjafoss. Um það hefur verið stofnaður félagsskapur og framkvæmdir hafnar. Er vatnsfall þetta af sérfróðum mönnum talið hið ákjósanlegasta til fiskræktar. Með laxgengum stigum í Reykjafossi lengist fiskvegur árinnar um allt að 30 km og að henni eiga land 40 jarðir.

Þar sem ekki hefur verið samið um bætur fyrir tjón af völdum virkjunarframkvæmda, vill hreppsnefndin taka fram, að verði hafizt handa um virkjun þrátt fyrir ófullkominn undirbúning heima fyrir, krefst hún fyrir hönd skjólstæðinga sinna fullra bóta eftir mati færustu manna til handa öllum þeim, sem á einn eða annan hátt verða fyrir tjóni af völdum framkvæmda svo og tjóni af völdum virkjunarinnar, eftir að hún hefur tekið til starfa. Er þetta í fullu samræmi við fyrri afstöðu n. í þessu máli.“ Og undir þetta skrifa svo 5 hreppsnefndarmenn.

Ég tel, að þetta, sem hreppsnefndin setur þarna fram, sé sjálfsagt mál og kemur auðvitað ekki annað til greina en gengið verði frá samningum um þessi efni, áður en í framkvæmdir verður ráðizt, og er þetta í fullu samræmi við það, sem hæstv. forsrh. hefur þegar lýst hér yfir. Þannig að ég álít, að það eigi ekki að þurfa að koma til vandræða í sambandi við þetta mál, og þess vegna tel ég æskilegt, að það verði afgr. á þessu þingi, þó að nú sé skammur tími eftir þingtímans, og vænti þess, að sú hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, geti hraðað málinu.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Sjálfsagt fær þetta frv. ágætan byr í hv. Alþ., þó að seint sé fram komið, en samt finnst mér fylgja því blær, sem ég vil ekki láta fram hjá mér fara að fjalla um, vegna þess að það snertir ýmis önnur mál landsmanna t. d. eignarrétt, möguleika til fiskræktar og stefnuna í virkjunarmálum. Það getur vel verið, að það sé ekki viðeigandi, að þm. úr öðrum landshlutum, sem lítið þurfa yfir þessum málum að kvarta, séu að blanda sér inn í umr. um takmörkuð virkjunarsvæði annars staðar, en málið er bara ekki svona einfalt frá mínu sjónarmiði. Hér er um það grundvallaratriði að ræða, með hvaða hætti við ætlum að reyna að virkja. Það kom fram hjá öllum hér, að dýrara yrði að virkja í smávirkjunum en í stærri virkjunum, og lesi maður aths. við frv., kemur í ljós, að n. var sett á laggirnar fyrir nær 5 árum og hefur starfað alllengi að undirbúningi, og mér virðist, að þetta sé niðurstaðan. Ekki fæ ég heldur séð, hvað KW-stundin á að kosta neytendur á þessu svæði, og veit ég ekki, hversu hagkvæm virkjunin er, en þó hafa menn látið að því liggja, að þetta yrði eitthvað dýrara en stórvirkjun.

Nú getur það vel verið, að ekki séu tök á því að reisa neina stórvirkjun og þess vegna sé ekki völ á öðru, og mér heyrist það á öllum, að ekki sé um annað að ræða en að ráðast í þessar framkvæmdir. En á borð okkar þm. kom athugasemd frá landeigendum, og síðan las 1. þm. Norðurl. v. hér upp bréf frá hreppsnefndinni, þannig að það er nokkur uggur í einhverjum mönnum þarna. Nú þekki ég ekki það vel til, að ég vilji leggja dóm á það í fljótræði, en ég ásamt fleiri þm. flutti hér frv. í fyrra — og einnig flutti hæstv. ríkisstj. frv. um lax- og silungsveiðimálin. Við þessir þm. vorum þéttbýlismenn, sem stóðum að því að vilja láta fiskræktarsjóð standa á raunhæfum grunni, þegar hann var stofnaður, og lögðum til, að honum yrði hleypt af stokkunum með 10 millj. kr. framlagi, en hv. Alþ. lagði honum til 1 millj. kr. Þorsteinn Sigurðsson, bóndi á Vatnsleysu, hætti sem form. Búnaðarfélags Íslands eftir mikið og farsælt starf. Þegar hann kom í sjónvarpið, lýsti hann því yfir, að eitt af framtíðarmálum landbúnaðarins — og mjög mikilvægt mál — væri fiskræktin í landinu, og hann orðaði það svo, að hér gæti verið um hagsmuni að ræða, sem skipti hundruðum milljóna, ef ekki

milljörðum. Ég var alltaf bjartsýnn á það, að fiskræktin ætti hér mikla framtíð fyrir sér og allmarga málsvara, en svo hefur ekki reynzt vera á hv. Alþ. Þó vil ég enn minna á það, sem víða hefur komið fram, að Danir ræktu nú fisk, og það kom fram í ræðu í gær, held ég, hjá Hannibal Valdimarssyni, að Danir flytja þegar út eldisfisk fyrir á annan milljarð króna, og samt höfumst við sáralítið að. Ef af virkjun þessari verður, er svo að heyra, að það varði byrjunarframkvæmdir, sem hafnar hafa verið í héraði af fiskræktarmönnum eða landeigendum. Ég veit ekki, hvernig samvinnu er þar háttað, en athyglisvert er, að þarna virðist einhver hagsmunaágreiningur eiga sér stað.

Vissulega verður Norðurl. v. að fá sitt rafmagn. Það verðum við að fá um allt Ísland, annars getum við ekki lifað og haldið uppi eðlilegu lífi, en mikið vandamál er það að sameina þessa tvo þætti, iðnaðarþróun og virkjunarframkvæmdir annars vegar og hins vegar hag fólksins, sem býr í landinu. Annars staðar hefur þetta verið leyst þannig, að eignarréttur yfir ám og vötnum er ríkisins og þess vegna eru vandamál varðandi virkjunarframkvæmdir ekki eins erfið. Hins vegar er það svo t. d. í Svíþjóð og Kanada og víðar, að virkjunaraðilinn, hvort sem það er ríki eða einhver annar, borgar ákveðinn skatt, eins og hæstv. forsrh. drap á hér áðan, hvort sem um er að ræða virkjun í bergvatnsám eða jökulám. Og Alþ. bar gæfu til þess í sambandi við lax- og silungsveiðilöggjöfina og var það mjög merkilegt atriði — að skattleggja virkjanir örlítið vegna eflingar fiskræktar í landinu, þ. e. 3‰ af óskírum tekjum, hvort sem virkjað er í bergvatnsám, þar sem fiskrækt er, eða ekki. Það væri mjög svo undarleg afstaða, ef við vildum ekki leggja fiskrækt í landinu sjálfu lið á sama tíma og við allir berjumst mjög ákaft fyrir því að eiga okkar fiskveiðilögsögu við strendur landsins sem mesta og öruggasta.

Hæstv. forsrh. gaf þá yfirlýsingu við umr. þessa máls í Ed., sem ég, með leyfi hæstv. forseta, vil lesa upp hér. Ég skrifaði hana eftir segulbandinu eða úrtakinu, en ég vænti þess, að það sé rétt tekið upp hjá mér:

„Ég endurtek þess vegna, ef það er í mínum verkahring að annast framkvæmd þessara laga — og ég tel það skylt hverjum, sem ætti að annast framkvæmd laganna, að taka verður öll þessi atriði frá landeigendafélaginu til greina í samningagerðum við þá, áður en til virkjunarframkvæmda kemur.“

Hér tel ég um mjög merka yfirlýsingu að ræða af hálfu hæstv. forsrh., og raunverulega er hér brotið blað í viðhorfinu til þeirra manna, sem eiga þessi réttindi, með því að hafa nú fullt samræmi í lausn þessara mála. Ég vil þess vegna koma þessu á framfæri hér í hv. d. og beina því afdráttarlaust til þeirrar n., sem fær þetta mál til meðferðar, að hún hugleiði það að koma því inn í l., að þetta sé tryggt, en þetta verði ekki aðeins yfirlýsing. Þó að ég meti hana fullkomlega sem slíka og hún sé örugglega sögð af heilum hug af hálfu hæstv. forsrh., þá tel ég það mjög sterkt, að Alþ. marki stefnuna með því að taka slíka afstöðu. Það er augljóst mál, að við verðum að leysa þessi mál mjög farsællega. Annað er okkur ekki sæmandi, og önnur deila á borð við þá, sem hefur þróazt í sambandi við virkjunarframkvæmdir í Laxá, má ekki eiga sér stað. Við verðum að koma í veg fyrir það. Þó að tími sé naumur hér á síðustu dögum þingsins og nógu úr að vinna, þá verðum við að koma í veg fyrir það, að slík átök eigi sér stað á Norðurl. v. eins og þau, sem hafa átt sér stað í sambandi við virkjun Laxár í Þingeyjarsýslu.

Ég vil því eindregið hvetja hv. iðnn. til þess að hugleiða það, hvort tök eru á því að koma þessu ákvæði inn í l., og ég veit ekki, hvort hæstv. forsrh. vill lýsa fylgi sínu við þessa aths. mína, en ég met mjög mikils yfirlýsingu hans og vilja hans til þess, að þetta verði tekið mjög alvarlega. Reyndar kom hann inn á þetta í framsöguræðu sinni, og ef það verður staðfest í l., þá er hér afar merkilegt atriði á ferðinni, sem ætti að móta stefnuna í framtíðinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til iðnn. með 14 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 665, n. 789).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Frv. til l. um virkjun Svartár í Skagafirði hefur verið til athugunar í iðnn. Mælir n. með samþykkt frv. á þskj. 789. Við 1. umr. málsins hér í þessari þd. lét iðnrh. þess getið í tilefni af bréfi frá félagi landeigenda við Svartá, sem hv. alþm. hafa fengið, að tillit yrði tekið til ábendinga, sem þar koma fram. Þá hefur mér borizt í hendur símskeyti svo hljóðandi:

Stjórn Stangveiðifélags Sauðárkróks lýsir ánægju sinni yfir fram komnu frv. um virkjun Svartár. Jafnframt fögnum við því að sjá fram á, að gamalt áhugamál um laxveiði ofan Reykjafoss rætist. Teljum ýmsar leiðir vel færar í umdeildu sambúðarvandamáli.

Brynjar Pálsson.
Árni Blöndal.
Stefán Guðmundsson.

En þetta er sá félagsskapur, sem áður hefur haft á leigu neðra veiðisvæði Svartár. Þetta símskeyti staðfestir, að það er mikill einhugur og áhugi í héraði á þessu virkjunarmáli. Athuganir á virkjunarmöguleikum fyrir Norðvesturland hafa verið á dagskrá nokkurn tíma. Niðurstaðan hefur verið sú, eins og fram kemur í grg. frv., að taka Svartá til virkjunar, en þar fást 3500 KW, sem ekki er svo lítil virkjun fyrir þetta landsvæði. Virkjuð

vatnsorka á Norðvesturlandi er fyrir löngu fullnýtt, en í þeim landshluta, sem virkjun við Svartá er ætlað að ná til, er aðeins um að ræða Göngu-skarðsárvirkjun með 1000 KW afl og Laxárvatns-virkjun með tæp 500 KW eða samtals aðeins 1500 KW. Dísilstöðvar eru því notaðar til að sjá fyrir rafmagnsþörf þessa svæðis að stórum hluta eða samtals 3500 KW. Nægir því Svartárvirkjun aðeins til þess, að hægt sé að leggja niður hina dýru raf-magnsframleiðslu með olíu. Nokkur athugun hefur farið fram á hagkvæmni þess, að í stað virkjunar heima fyrir verði lögð lína frá öðrum landshlutum, t. d. frá Akureyri. Eins og málum er háttað nú, taldi stjórn Laxárvirkjunar hins vegar ekki fært að gera samninga um sölu rafmagns út af orkusvæðinu. Enda þótt nú sé hægt að nefna virkjun Svartár litla orkuveitu t. d. miðað við Búrfellsvirkjun, sem hefur að hluta allt annan tilgang og er auk þess byggð fyrir þéttbýlishluta landsins, þá er ekki svo ýkja langt síðan hægt var að kalla 3500 KW virkjun stórframkvæmd á íslenzkan mælikvarða. Fyrsta stórvirkjun landsins var við Elliðaárnar, byggð 1921 og hafði 1100 KW orkuafköst. Ljósafoss í Sogi var virkjaður 1936 með 9000 KW virkjun, og Laxárvirkjun var byggð 1937 og var aðeins 1500 KW í byrjun.

Eins og ég tók fram, er brýn þjóðhagsleg nauðsyn á, að virkjunarframkvæmdir fyrir Norðvesturland geti hafizt sem fyrst. Nágrannavirkjunin, Skeiðs-fossvirkjun í Fljótum, eign Siglufjarðar, er um 3000 KW og er einnig meira en fullnýtt. Þar eru nú einnig framleidd 1000 KW með olíu og eðlilega mun kominn hugur í Siglfirðinga að stækka sína Skeiðsfossvirkjun, sem ekki er enn þá samtengd öðrum virkjunum á svæðinu. Það fer vel á því, að þessi landshluti fái aukna raforku til sinna þarfa, og ætti það að geta stuðlað að uppbyggingu iðnaðar og annars atvinnurekstrar á Sauðárkróki, Hofsósi, Blönduósi, Skagaströnd og Hvammstanga, en á þessum stöðum hefur atvinnuástand oft verið hvað erfiðast við að eiga. Iðnn. mælir því eindregið með, að samþykkt þessa frv. verði gerð nú.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég vildi með örfáum orðum skýra afstöðu mína í þessu máli og byrja þá fyrst á því að minnast þess, sem hæstv. iðnrh. sagði hér við 1. umr. málsins, að nú í dag væru eftir a. m. k. þrjú þau atriði, sem mestu máli skipta, þegar um slíka framkvæmd er að ræða sem nýja virkjun. Það væri eftir að gera samninga við landeigendur vegna hugsanlegra spjalla eða skaða af skertum möguleikum til fiskræktar. Það væri eftir að útvega fjármagn til þessa fyrirtækis, og hönnun væri að mestu ólokið. Hér er aðeins um heimildarlög að ræða, og þegar það er hugleitt, að þessi þrjú mikilvægu atriði eru öll óunnin, þá sýnist ekki líklegt, að í þessa framkvæmd verði ráðizt á næstunni og örugglega ekki fyrr en eftir að Alþ. kemur næst saman. Ég vil því draga mjög í efa af ýmsum ástæðum, að það sé nokkur ástæða til þess að samþykkja þetta frv. nú og það væri á margan hátt hyggilegra að fresta því og taka það fyrir síðar hér á hv. Alþ., þegar þeir hlutir, sem ég nefndi og reyndar ýmsir fleiri, liggja ljósar fyrir en þeir gera nú. Ég tel það hyggilegt m. a. til þess að fyrirbyggja deilur, sem gætu orðið erfiðar heima í héraði, að samþykkja ekki þetta frv. fyrr en liggur fyrir, hvaða samkomulag gæti náðst við landeigendur og eig-endur að veiðirétti og hver kostnaður yrði af þeim samningum og hugsanlegum skaðabótum. Þá held ég, að fyrst væri kominn tími til, ef hyggilega væri að málum unnið, að samþykkja lög um þessa virkjun.

Ég hef orðið fyrir þeim örlögum að hafa nokkur afskipti af mjög erfiðri deilu, sem öllum hv. þm. er kunnugt, þ. e. Laxárdeilunni svokölluðu, en l. um virkjun Laxár, sem unnið hefur verið eftir, voru samþ. hér á Alþ., ef ég man rétt, líklega 1966 eða um svipað leyti og l. um Búrfellsvirkjun í Þjórsá voru samþ. Þegar þessi lög voru samþykkt, voru þau byggð á hönnun, sem þá hafði þegar farið fram og hafði verið vandlega undirbúin og fullgerð af Sigurði Thoroddsen verkfræðingi, og gerði hann ráð fyrir 35 m stíflu fyrir Birningsstaðaflóa. Þegar bæði þessi hönnun og þetta frv. til l. lá fyrir hér á Alþ. og reyndar í nokkur næstu ár, komu ekki fram neinar óánægjuraddir heiman úr héraði hvorki frá landeigendum né öðrum. Þeir virtust sætta sig fullkomlega við þau lög, sem þarna voru samþ., og yfirleitt var þessum l. fagnað þar nyrðra bæði af landeigendum, sem lönd eiga að Laxá, og öðrum aðilum á Norðurl. e. En samt sem áður hefur svo síðan spunnizt af þessu deila, sem enginn sér í dag fyrir endann á. Ég held, að ef þessi mál hefðu verið skoðuð betur niður í kjölinn strax, þegar l. um Laxárvirkjun voru sett, og afstaða heimamanna hefði þá verið könnuð og leitað eftir samningum, þá hefði Laxárdeilan aldrei komið upp. Eins og ég sagði, var þeim l. fagnað á sínum tíma, sem þó gerðu ráð fyrir miklu meiri framkvæmdum en nú stendur til, að gerðar séu við Laxá, en nú þykir það aftur gagnrýnt af vissum aðilum í Þingeyjarþingi, að byggð sé stífla við Brúar, sem ekki á að verða nema í kringum 20 m. En þegar l. voru sett, þótti öllum sjálfsagt og enginn skaði skeður, þó að það yrði byggð 35 m stífla.

Þetta sýnir aðeins, hversu hlutirnir geta breytzt, og eins og ég segi, þá er ég nokkurn veginn sann-færður um, að ef samninga hefði verið leitað og það beinlínis gert að skilyrði fyrir samþykkt frv., að samþykki og samningar heima í héraði lægju fyrir, þá hefði þessi erfiða og að mörgu leyti hörmulega deila aldrei átt sér stað. Ég held, að þetta sé víti til varnaðar og engu væri spillt, þó að menn gæfu sér tíma til þess nú á milli þinga að athuga þetta mál, þannig að það gæti legið fyrir, að einhugur væri heima í héraði um málið, sem mér virðist alls engin trygging fyrir, heldur þvert á móti sé margt í því þannig vaxið, að þarna eigi eftir að koma upp deila, sem verði alveg hliðstæð Laxárdeilunni, og þess óska ég ekki nágrönnum mínum þar nyrðra að

þurfa að fara í gegnum þann skóla, sem sú deila hefur orðið okkur í Norðurl. e.

Ég mun því af þessum ástæðum, sem ég hef nú rakið, greiða atkv. gegn þessu frv. í trausti þess, að þessi mál verði skoðuð betur niður í kjölinn og málið lagt fyrir, þegar fyllri upplýsinga og samninga hefur verið leitað heima í héraði.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Það er út af fyrir sig alveg rétt, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. segir, að menn eiga að læra af reynslunni í þessum málum, og vissulega er deilan við Laxá víti til varnaðar. En ég vildi samt sem áður undirstrika það, að hér er um heimildarlög að ræða. Með samþykkt frv. er ekki skylt að virkja Svartá, heldur er um heimild að ræða og ég tel ekkert óeðlilegt, þó að slík lagasetning sé gerð, áður en þessi mannvirki eru fullhönnuð, enda í sjálfu sér kannske erfitt að leggja í mjög mikinn undirbúningskostnað, ef alveg er óvíst um vilja og afstöðu löggjafans í þessum efnum. Ég tel vissulega margt af því, sem hv. þm. sagði hér, vera alveg rétt athugað, en mér finnst hann þó ekki draga alveg réttar ályktanir af þessu. Þetta á auðvitað allt saman að athuga, áður en heimildin verður veitt, ef þetta frv. verður að l., og þá er kannske staldrað við og reynt að koma á fullu samkomulagi heima í héraði og athuga alla þessa þætti málsins, sem nú hafa komið fram síðustu mánuðina. En mér finnst, að þetta eigi ekki að vera því til hindrunar, að þessi heimildarlög verði samþ., enda er ég þeirrar skoðunar, að ef ætti að fresta afgreiðslu þessa frv. hér, þá yrði það nú frekar til þess að magna þessa deilu, sem þarna yrði risin, en til þess að lægja öldurnar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14:1 atkv.
2.—7. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 830).

---

53. Áburðarverksmiðja ríkisins.

Á 32. fundi í Nd., 15. des., var útbýtt:
Frv. til l. um Áburðarverksmiðju ríkisins [179. mál] (stjfrv., A. 257).

Á 34. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt til þess að sameina í ein lög ákvæði um verzlun með og innflutning á áburði. L. um áburðarverksmiðju var breytt á s. l. ári, og er nú Áburðarverksmiðjan orðin ríkisfyrirtæki. Eigi að síður eru til lög um áburðareinkasölu ríkisins, og koma þar tveir aðilar við sögu hvor með sitt reikningshald, Áburðarsala ríkisins og Áburðarverksmiðja ríkisins. Áburðarverksmiðjan hefur hins vegar annazt rekstur Áburðarsölu ríkisins. Það þykir því eðlilegt að leggja lög um áburðareinkasölu ríkisins niður og fela Áburðarverksmiðjunni með lögum að sjá um allan innflutning og verzlun með áburð. Enda þótt nú sé verið að breyta Áburðarverksmiðju ríkisins þannig, að hún geti eftirleiðis framleitt tilbúinn áburð með ýmsu móti og miklu fjölbreyttari en hefur verið fram að þessu, þá verður ekki hjá því komizt að flytja inn áburðartegundir, sem ekki verða framleiddar hér, og efni í ýmsar áburðarblöndur. Efni frv. er eingöngu þetta að leggja niður þessi lög, sem eru frá 1935, um áburðareinkasöluna og fela Áburðarverksmiðjunni að annast það, sem Áburðarsölunni var ætlað að gera.

Ég vil, herra forseti, leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 36. fundi í Nd., 18. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og til landbn. með 30 shlj. atkv.

Á 59., 60., 61. og 64. fundi í Nd., 10., 11., 15. og 18. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 66. fundi í Nd., 22. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 257, n. 452, 321, 504).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta um Áburðarverksmiðju ríkisins var afgr. frá n. 5. þ. m. Um afgreiðslu frv. varð enginn ágreiningur í n., þannig að n. mælir einróma með, að frv. verði samþ. Þess ber þó að geta, að einn nm. í landbn., Eðvarð Sigurðsson, var ekki viðstaddur. Ég sé ekki ástæðu til að rekja efni þessa frv. Það var gert hér við 1. umr., enda ekki mikið í því annað en það að staðfesta fyrirkomulag, sem raunar er þegar komið á, og sameina endanlega Áburðarsölu ríkisins Áburðarverksmiðjunni.

Þess ber að geta, að n. ræddi nokkuð till. til breytingar á þessu frv. frá Benedikt Gröndal, og segir í nál., að ekki hafi náðst samstaða um þessa brtt. Brtt. fjallar um það, að skotið verði inn í l. ákvæði um það, að sett verði upp samstarfsnefnd, sem starfsmenn verksmiðjunnar skipa öðrum

þræði, en vinnuveitendur skipa að hinu leytinu. Hér á landi munu slíkar samstarfsnefndir eitthvað hafa komið til, a. m. k. veit ég, að svo er á farskipum. Þetta mál er nú mikið rætt hér í nágrannalöndunum, og virðist mér eftir því, sem ég hef kynnt mér málið, að jöfnum höndum tíðkist það, að slíkar nefndir séu lögskipaðar og einnig það, að um það sé samkomulag milli vinnuveitenda og starfsmanna við fyrirtækin. Til þess að kynna mér þetta mál nokkru nánar áður en þetta frv. kæmi hér fyrir og þá að sjálfsögðu brtt., náði ég í grg., sem gefin hefur verið út um ráðstefnu, sem haldin var í Ósló 2.—4. nóv. 1970 um þessi mál. Þátttakendur héðan frá Íslandi á þessari ráðstefnu voru fimm, og skal ég játa það, að ég styð mína afstöðu til þessa máls nokkuð við þeirra álit. Þessir þátttakendur héðan voru Barði Friðriksson, Júlíus Kr. Valdimarsson, Pétur Sigurðsson, Snorri Jónsson og Sveinn Björnsson. Og á ráðstefnu þessari voru um 100 þátttakendur frá þessum löndum: Belgíu, Danmörku, Frakklandi, Ungverjalandi, Íslandi, Írlandi, Hollandi, Noregi, Svíþjóð og Júgóslafíu.

Það kemur að sjálfsögðu ekki til mála að lesa nema lítið úr þessu áliti þeirra Íslendinga, sem sátu fundi þessarar ráðstefnu, en til þess að gefa hv. dm. tækifæri til þess að kynnast þeirra skoðun á þessu máli þá vil ég leyfa mér að lesa hér tvo til þrjá stutta kafla úr álitinu, með leyfi hæstv. forseta. Á bls. 18 í þessari grg. stendur:

„Að dómi þátttakendanna yrði það málinu til óþurftar, að aðrir aðilar en samtök vinnumarkaðarins tækju frumkvæði á þessu sviði, enda væri það vísasti vegurinn til þess að skapa ágreining og átök þvert ofan í allan samstarfsanda, ef þvinga ætti starfsmenn og stjórnendur í einstökum fyrirtækjum til aðgerða."

M. ö. o. telja þeir, að eðlilegra sé, að þarna gildi frjálsir samningar eða frjálst samkomulag milli stjórnenda og starfsmanna en lögboð. Síðan segir á sömu bls.:

„Að dómi þátttakenda yrði það vænlegra til árangurs, að samtök vinnumarkaðarins tækju frumkvæði á þessu sviði heldur en löggjafinn gripi inn í án þess að reynt yrði til fullnustu, hvort samningaleiðin er fær eða ekki. Það er megintill. þátttakendanna í ráðstefnunni, að heildarsamtökin, sem þar áttu fulltrúa, komi sér nú þegar saman um að stofna n. til að gera drög að málefnasamningi um samstarfsnefndir. Jafnframt því, sem n. væri falið að semja reglur um skipulag og starfshætti samstarfsnefnda í fyrirtækjum, verði henni falið að gera till. um stofnun samstarfsráðs milli heildarsamtakanna, sem hafi það að markmiði að veita fræðslu um stofnun samstarfsnefnda og leiðbeina samstarfsnefndum í einstökum fyrirtækjum um verkefnaval og starfshætti."

Ég sé ekki ástæðu til að lesa meira úr þessari grg., enda kemur þarna skýrt fram afstaða þessara fimm Íslendinga, sem sátu þessa ráðstefnu og kynntu sér málin eins og þau horfa við í þeim löndum, sem áttu fulltrúa á þeirri ráðstefnu. En þeir voru, eins og fyrr er sagt, Barði Friðriksson, Pétur Sigurðsson, Júlíus Kr. Valdimarsson, Snorri Jónsson og Sveinn Björnsson.

Til viðbótar þessu vil ég svo geta þess, að núna rétt í þessu eða núna í dag barst mér bréf frá Áburðarverksmiðju ríkisins, sem hafði boðað til fundar af því tilefni, að fram hafði komið sú brtt., sem ég gerði grein fyrir hér áðan og verður betur gerð grein fyrir hér á eftir af flm. Á fundi þessum, sem stjórn Áburðarverksmiðjunnar hélt núna fyrir nokkrum dögum, gerði hún svofellda bókun:

„Á fundi stjórnar Áburðarverksmiðju ríkisins 19. marz 1971 var gerð eftirfarandi stjórnarsamþykkt:

„Stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins vill beita sér fyrir því, ef starfslið verksmiðjunnar óskar, að skipuð verði samstarfsnefnd við verksmiðjuna með þremur fulltrúum frá hvorum aðila, stjórn verksmiðjunnar og starfsliði hennar, ásamt jafnmörgum varamönnum." "

Þarna er beinum orðum sagt, að verksmiðjustjórnin sé reiðubúin að beita sér fyrir því, að þarna verði komið á samstarfsnefnd svipaðri þeirri, sem brtt. gerir ráð fyrir, ef samkomulag verði um það við starfsmenn verksmiðjunnar.

Ég held, að ég þurfi ekki að hafa þessi orð fleiri. Frá mínu sjónarmiði miðað við þessar tilvitnanir, sem ég hef hér fram fært, tel ég ekki ástæðu til að lögbinda slíka samstarfsnefnd við Áburðarverksmiðjuna, heldur sé eðlilegra, að þar verði farin frjáls samningaleið, ef starfsfólk verksmiðjunnar óskar.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 1. þm. Vestf. að flytja brtt. við 2. gr. frv. þannig, að við hana bætist svo hljóðandi mgr.:

„Þess skal jafnan gætt, að ekki stafi mengunarhætta af rekstri verksmiðjunnar."

Tilefni þessarar till. er það, að á mengunarráðstefnu, sem haldin var fyrir nokkru á vegum Landverndar og fleiri aðila, skýrði Hörður Þormar efnafræðingur frá því, að Áburðarverksmiðjan dreifði árlega um 500 tonnum af eiturgufum yfir umhverfið, og í framhaldi af þessu upplýsti annar sérfræðingur, Vilhjálmur Lúðvíksson, að þetta væri ofan við þau mörk, sem talin væru leyfileg í Bandaríkjunum. Ég býst við, að allir hv. þm. séu sammála um það, að það beri að útiloka mengunarhættu frá Áburðarverksmiðjunni eins og öðrum fyrirtækjum, og ástæðan til þess, að það hafa ekki verið gerðar sérstakar ráðstafanir í því sambandi enn, er einfaldlega sú, að menn hafa ekki gert sér grein fyrir þeim hættum, sem þar eru á ferðinni. Ég vænti því þess vegna, að þessi till. fái góðar undirtektir og um hana þurfi ekki að verða neinn ágreiningur. Í till. er ekki sett neitt ákvæði um það, hver eigi að hafa eftirlit með höndum í þessum efnum, en það er m. a. gert vegna þess, að Alþ. hefur fyrir nokkru samþykkt að láta undirbúa sérstaka löggjöf um mengunarmál og það má reikna með því, að hæfilegur og eðlilegur hraði

verði hafður á því máli og Alþ. muni fjalla um slíka löggjöf á næsta þingi. Þá verða að sjálfsögðu sett ákvæði um það, hvernig eftirliti með Áburðarverksmiðjunni og öðrum aðilum skuli vera háttað í sambandi við mengunarhættuna.

Mér finnst rétt, fyrst ég er kominn hingað á annað borð í ræðustólinn, að lýsa fylgi mínu við þá till., sem hv. 5. þm. Vesturl. hefur flutt og er á þskj. 321. Það er alveg rétt, sem kom fram hjá síðasta ræðumanni, að það má segja, að það fyrirkomulag, sem þar er fjallað um, þ. e. samstarfsnefndir í fyrirtækjum, sé að komast á víða úti um heiminn, menn séu að fikra sig áfram í þeim efnum og þreifa sig áfram í því, hvað muni henta bezt í því sambandi. Ég held, að það sé rétt, að Íslendingar fylgist með þróun í þessum efnum eins og öðrum og þeir geri tilraunir með það, hvernig þetta muni gefast, og þá er ekki óeðlilegt, að ríkið hafi þar forustuna og þetta fyrirkomulag verði einmitt reynt af stærstu fyrirtækjum þess eins og t. d. Áburðarverksmiðjunni. Þess vegna finnst manni, að þessi tilraun, sem lagt er til, að hér verði gerð, sé eðlileg og sjálfsögð, og ég fagna því, að þessi till. skuli hafa hlotið jafngóðar undirtektir hjá stjórn verksmiðjunnar, eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, en þrátt fyrir það tel ég það öruggara og vissara að setja um þetta ákvæði, því að það er ekki alveg víst, þó að núverandi stjórn verksmiðjunnar sé þessu fyrirkomulagi hlynnt, að síðari stjórnir kunni að vera það, og þess vegna tel ég, að það sé eðlilegt og heppilegt að setja um þetta ákvæði í lög.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við frv. til laga um Áburðarverksmiðju ríkisins, sem er á þá lund, að við Áburðarverksmiðjuna skuli starfa samstarfsnefnd skipuð þremur fulltrúum frá hvorum aðila, stjórn verksmiðjunnar og starfsliði hennar, ásamt jafnmörgum varamönnum. Ég vil taka það fram til skýringar, að ég hef á öðrum vettvangi flutt sams konar till. varðandi Sementsverksmiðju ríkisins og kemur það raunar fram í frv. um þá verksmiðju, sem ríkisstj. hefur lagt fyrir þetta þing, enda þótt sú till. næði ekki meiri hl. í þeirri n., sem undirbjó þetta frv. Á síðari árum hefur verið mjög mikið talað um atvinnulýðræði, og virðist vera mikill áhugi á því í öllum stjórnmálaflokkum, að því er bezt verður séð. Hér á landi hefur þó afar lítið verið gert til þess að reyna slíkt lýðræði, og er því tími til kominn til þess, að við notum þau tækifæri, sem okkur gefast, til þess að stíga þar fyrstu skrefin. Á síðustu árum hafa samstarfsnefndir verið það form atvinnulýðræðis, sem mest hefur verið notað í nágrannalöndum okkar sérstaklega á Norðurlöndum. Þegar ég flutti þessa till. fyrst, þá hafði ég að vísu ekki séð umræddа skýrslu fimmmenninganna, sem fóru á ráðstefnu í Ósló. Ég vissi ekki um þeirra viðhorf eða þeirra röksemdir, en ég hef séð þá skýrslu síðar. Þar eru m. a. þær upplýsingar, að í Danmörku starfi nú um 650 slíkar samstarfsnefndir í stærri fyrirtækjum. Hlutverk samstarfsnefndanna á að vera að efla samvinnu fyrirtækisins og starfsliðs þess, vera báðum til ráðuneytis, gera till. um bættan aðbúnað, heilbrigði og öryggi starfsliðs og efla hagkvæman rekstur fyrirtækisins. Slíkar n. eiga eftir föngum að leitast við að koma í veg fyrir og leysa ágreiningsmál án þess þó að fara inn á svið kjarasamninga. Það er ekki þeirra verksvið. Stjórnendum verksmiðjanna ber að veita samstarfsnefndum allar nauðsynlegar upplýsingar um rekstur fyrirtækisins, og getur það orðið til þess að koma í veg fyrir tortryggni.

Í sambandi við hugmyndina um samstarfsnefndir, sem er nú komin á dagskrá hér á landi bæði í sambandi við þessa till. og umræddа skýrslu, hallast menn að tvenns konar skoðunum, eins og fram hefur komið í landbn., þ. e. hvort það eigi að lögfesta slíkar samstarfsnefndir eða hvort það eigi ekki að lögfesta þær og láta þær vera samningsatriði milli verkalýðsfélaga eða samtaka launþega og verksmiðjanna. Ég skal á þessu stigi láta það liggja á milli hluta, hvort það er rétt að setja almenn lög um slíkar samstarfsnefndir í öllum verksmiðjum. Ég vil gjarnan, að við ræðum það örlítið nánar og tökum ákvörðun um það, þegar við höfum fengið einhverja reynslu. En ég er þeirrar skoðunar, að stór ríkisfyrirtæki, sérstaklega eins og Áburðarverksmiðja ríkisins og Sementsverksmiðja ríkisins, séu tilvalin til þess að koma á samstarfsnefndum, og þess vegna legg ég alveg sérstaklega til, að það verði lögfest um þær, þessar tvær verksmiðjur, án þess að ég slái með því föstu, að ég vildi fylgja því að lögfesta þetta um allan atvinnurekstur. Þarna er um töluverðan mun að ræða.

Ég er þeirrar skoðunar, að verksmiðjur hins opinbera, ríkis og jafnvel bæjarfélaga, eigi í þessum efnum að ganga á undan og veita gott fordæmi. Ég tel, að Alþ. eigi, þegar það tekur afstöðu til slíkrar till., að minnast þess, að ríkisvaldið er ekki aðeins löggjafi í þessu tilliti, heldur líka atvinnurekandi, og sem atvinnurekandi á ríkisvaldið að hafa þá sérstöðu að festa í lög almenn ákvæði um slíkar samstarfsnefndir og slíkt samstarf, sem hér um ræðir. Í sambandi við þá hugmynd, að þetta skuli vera samningsatriði, er rétt að benda á þá annmarka, að fyrirtæki eins og Áburðarverksmiðja ríkisins — og hið sama gildir um Sementsverksmiðju ríkisins — þurfa ekki aðeins að ræða við einn aðila í sambandi við kjarasamninga við starfsfólkið, heldur verða þessar verksmiðjur að semja við 4—5 mismunandi aðila. Og þar eru ekki aðeins verkamannafélög og iðnaðarmannafélög, heldur getur verið í sumum tilvikum um samtök opinberra starfsmanna að ræða, svo að menn sjá, að það er ekki öldungis einfalt mál að gera samninga um slíkar n. Þess vegna tel ég mjög mikilvægt, að Alþ. ríði á vaðið í sambandi við þessar stóru ríkisverksmiðjur okkar, höggvi á þann hnút, sem þarna mundi verða fyrir, spari þann tíma, sem augljóslega mundi tapast, og stígi þetta skref, sem í grundvallaratriðum virðist njóta stuðnings og samþykkis svo að segja hvers manns, sem um það fjallar. Mér

þykir mjög ánægjulegt að heyra, að stjórn Áburðarverksmiðjunnar skuli hafa lýst sig reiðubúna til þess að fallast á þetta kerfi. Úr því að svo er, þá er enn síður nokkuð því til fyrirstöðu að lögfesta, að slík n. skuli starfa við verksmiðjuna.

Ég vil benda á, að það er ákaflega þýðingarmikið atriði, að það verði sett nánari ákvæði um samstarfsnefndir og það verði gert með reglugerðum að fengnum álitsgerðum frá báðum aðilum. Þetta gerist ekki á einni nóttu, þótt þegar sé búið að vinna nokkurt brautryðjandastarf á þessu sviði, t. d. af samtökum sjómanna og útgerðarmönnum kaupskipa.

Herra forseti. Ég legg áherzlu á, að það er till. mín, að við lögfestum, að slík samstarfsnefnd skuli starfa við Áburðarverksmiðju ríkisins. Með því stígum við mjög þýðingarmikið og stórt skref í atvinnulýðræði á Íslandi og sýnum með því það hugrekki að ganga á undan með góðu fordæmi. Ég vonast til þess, að þetta kerfi samstarfsnefnda, sem mikil og ótvíræð reynsla er fengin af í nágrannalöndunum, geti orðið til þess að bæta ástand bæði hinna vinnandi manna og fyrirtækjanna hér á Íslandi á komandi árum.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs til þess að mæla með samþykkt þessarar brtt. á þskj. 321 frá hv. 5. þm. Vesturl., sem var að ljúka máli sínu. Ég álít, að eitt alvarlegasta vandamál í nútímaatvinnurekstri sé einmitt þetta, hve löng leið virðist vera á milli stjórnendanna og annarra þeirra, sem vinna við fyrirtækin. Kannske er þessi leið þó oft og tíðum ekki jafnlöng og mönnum sýnist hún vera, en hún sýnist a. m. k. mörgum, sem starfa í stórum atvinnurekstri, ákaflega löng og torsótt. Ég tel, að hér sé um geigvænlegt vandamál að ræða, sem raunar er viðurkennt ekki síður í öðrum löndum, þar sem rekstur er víða enn þá stærri en hér. Vafalaust gilda um þetta hliðstæð lögmál alls staðar.

Ég álít, að það væri mjög vel viðeigandi, að ríkið riði á vaðið í þessu efni og það væri einmitt lögfest að setja samstarfsnefndir á fót í stærstu ríkisfyrirtækjunum, eins og hv. þm. hefur stungið upp á, og þannig væri stefnan mótuð fyrir ríkisrekstrinn og fordæmi gefið. Sjá svo til, hvort aðrir sigldu ekki í kjölfarið. Svo er þá einnig tryggt, að þá er byrjað að prófa þessa aðferð hér og hægt að sjá, hvaða árangur af því verður. Ég mæli því fyrir mitt leyti eindregið með þessari till.

Mér sýnist hér vera um mjög mikið stórmál að ræða, og ég trúi því, að þetta sé leiðin til þess að koma á betri háttum í stórrekstrinum en enn þá hefur verið mögulegt. Leiðin er sú að auka samstarf þeirra, sem vinna, og þeirra, sem stjórna. Það má vera, að það verði ekki nákvæmlega þetta fyrirkomulag, sem hér er stungið upp á, sem endanlega verður við haft, en mér sýnist sjálfsagt að reyna að fara nú þessa leið. Síðan mætti svo breyta fyrirkomulaginu eftir því, sem mönnum virtist reynslan gefa tilefni til.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Þar sem ég á sæti í þeirri n., sem þetta mál var til afgreiðslu í, og ég skrifaði undir nál. með fyrirvara, vil ég, að það komi fram hér, hvers vegna ég gerði það. Fyrir n. höfðu komið tvær till. um þetta mál, þegar n. var að athuga frv., og það hefur nú verið talað hér fyrir báðum þessum till. Fyrri till. fluttu þeir hv. þm. Þórarinn Þórarinsson, 4. þm. Reykv., og Sigurvin Einarsson, 1. þm. Vestf., um, að það skuli gerðar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunarhættu af völdum verksmiðjunnar. Ég held, að við eigum að fara svo með allan rekstur, þar sem því verður við komið, og þess vegna mun ég greiða þessari till. hiklaust atkv. Hin till. er frá hv. 5. þm. Vesturl. og er um það að setja á fót samstarfsnefnd hjá starfsliði fyrirtækisins og stjórn þess. Það vill nú svo til, að þó að ég hafi verið undanfarin ár bóndi, þá hef ég verið í þéttbýli mestallt mitt líf og unnið einmitt í stórum fyrirtækjum, og ég er þess fullviss, að oft og tíðum væri hægt að leysa ýmis mál, ef svona samstarfsnefndir væru starfandi hjá þessum fyrirtækjum, sem annars mundu ekki leysast. Ég held, að þetta sé einmitt það, sem koma skal, og mæli því eindregið með því, að þessi till. verði samþ. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að ræða þetta frekar.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég stend upp, eins og tveir hv. síðustu ræðumenn, til þess að lýsa yfir stuðningi mínum við þær brtt., sem fluttar eru við frv. þetta. Það er í fyrsta lagi brtt. á þskj. 504 frá hv. þm. Þórarni Þórarinssyni og Sigurvin Einarssyni, að þess skuli jafnan gætt, að ekki stafi mengunarhætta af rekstri Áburðarverksmiðjunnar. Ég hygg, að enginn ágreiningur geti orðið um þessa till. Aftur á móti hefur komið upp ágreiningur um till. frá hv. 5. þm. Vesturl., Benedikt Gröndal. Í till. er lagt til, að komið verði á samstarfsnefnd við Áburðarverksmiðjuna. Ég hef áður í sambandi við umræður um atvinnulýðræði lýst yfir stuðningi við þessa hugmynd um samstarfsnefndir, en þá var til umræðu Sementsverksmiðja ríkisins. Mér virðist sjálfsagt, að samstarfsnefndum verði komið á, eins og gert er ráð fyrir í till. þessari um samstarfsnefnd við Áburðarverksmiðju ríkisins. Hv. flm. þessarar till., Benedikt Gröndal, var í þeirri n., sem endurskoðaði lögin um Sementsverksmiðjuna, og flutti þar till. um það, að inn í lögin yrði tekið ákvæðið um samstarfsnefnd. Sú till. fékkst ekki samþykkt í þeirri n., og ber að harma það. Og hygg ég, að hann hafi þar fengið að kenna á því, hvernig sú n. var skipuð, þó að hann hafi enn ekki opinberlega kvartað yfir því, hversu ólýðræðislega til hennar var stofnað, en hann átti þar sæti einn Alþfl.-maður með þremur sjálfstæðismönnum, og er ekki ósennilegt, að hann hafi saknað kannske fulltrúa frá öðrum flokkum til þess að styðja sig í þessu máli í n. En það er önnur saga.

Ég stend sem sé upp til þess að lýsa yfir fullum stuðningi við þá till., sem hann flytur varðandi Áburðarverksmiðjuna um samstarfsnefnd þar. Ég

tel þetta vera alveg sjálfsagt mál, og mér liggur við að segja, að þetta sé nokkurs konar prófmál á einlægni manna varðandi atvinnulýðræði og það sannist enn, að flokkur sá, sem lagði til þrjá fulltrúa á móti einum fulltrúa Alþfl. í n. til að undirbúa sementsverksmiðjulögin, sé ekki heill í þessu máli. Ég vil nú reyndar segja, að þetta sé táknrænt að fleira leyti en þessu. Mér sýnist, að þörfin á því, að samstarfsnefndum verði komið upp hjá fyrirtækjum — í tilraunaskyni skulum við segja í sambandi við Sementsverksmiðjuna og Áburðarverksmiðjuna — sé mjög mikil og það mein, sem þar er við að stríða, snerti raunar þjóðfélagið sjálft. Það er mjög kvartað undan því, að lítið samband sé milli almennings í landinu og þeirra, sem þjóðfélaginu stjórna. Og almenningi finnst oft, að á skorti lýðræðislegt viðhorf af hálfu þeirra, sem þjóðfélaginu stjórna, gagnvart almenningi. Mér virðist, að hér komi það vandamál fram í hnotskurn, hvort menn eru yfirleitt einlægir í afstöðu sinni til þess að bæta hér um, auka áhrif almennings og þá um leið koma á nánara samstarfi milli þeirra, sem stjórna, og almennings.

Það kom fram, að stjórn Áburðarverksmiðjunnar hefði út af fyrir sig ekkert við það að athuga, þó að komið yrði á samstarfsnefnd í Áburðarverksmiðjunni, og hv. flm. brtt. lagði töluvert mikið upp úr því, og það var full ástæða til. En ég legg þó miklu meira upp úr öðru, og það er það, að þar sem ég þekki til og þar sem við þekkjum báðir mjög vel til — í Sementsverksmiðjunni — er þetta einlægur vilji starfsliðsins þar. Og í því tilfelli legg ég fullt eins mikið, ef ekki meira, upp úr afstöðu og vilja starfsliðsins en stjórnar fyrirtækisins. Ég mæli sem sé eindregið með því, að við samþykkjum þetta frv.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð. Ég ætla ekkert sérstaklega að taka það fram, að ég mæli af einlægni. Það verður að ráðast, hvort hv. 4. landsk. þm. tekur það trúanlegt, að ég meini það, sem ég segi, eða ekki. En það er stundum sagt, að þegar menn taka það sérstaklega fram, að þeir tali af einlægni, þá sé það þeim mun vafasamara, að þeir geri það. En ég vil lýsa því yfir, að ég vil koma á atvinnulýðræði á Íslandi, og ég vil koma á samstarfsnefndum í fyrirtækjum, og ég þekki nokkuð til atvinnurekstrar og veit það, að það er ekki unnt að reka eigið fyrirtæki, nema það sé gott samband á milli yfirmannanna og starfsfólksins. Það þarf að vera. Ég var um nokkurra ára skeið í stjórn Áburðarverksmiðjunnar, og ég varð aldrei var við annað en það væri gott samband á milli yfirmannanna og starfsfólksins þar og samstarfið hafi gengið snurðulítið — mjög snurðulítið, og hygg ég, að það séu ýmsir fleiri til þess að bera vitni um það. Þess vegna er nú það, að það virðist ekki bera svo mikið á milli hv. þm. hvar í flokki, sem þeir eru, um það, að þeir vilja, að það verði komið á samstarfi milli starfsfólks og yfirmanna í fyrirtækjunum, svokölluðum samstarfsnefndum.

En ég vil lýsa því yfir, að ég vil heldur, að þessar samstarfsnefndir séu settar á með frjálsu samkomulagi vinnuveitandans og starfsfólksins en með því að lögfesta það. Ef það hefði komið yfirlýsing frá stjórn Áburðarverksmiðjunnar um, að hún væri mótfallin því að koma þessum samstarfsnefndum á, þá hefði ég viljað greiða atkv. með till. hv. 5. þm. Vesturl., því að þá var nauðsynlegt að lögfesta þetta ákvæði til þess að koma samstarfsnefndum á. Nú liggur hins vegar fyrir bréf frá stjórn Áburðarverksmiðjunnar, þar sem hún lýsir því yfir, að hún vilji beita sér fyrir því að koma slíkri samstarfsnefnd á, ef starfsfólkið óskar eftir því. Nú er enginn vafi á því, að starfsfólk Áburðarverksmiðjunnar mun óska eftir því, að slíkt samstarf komist á. Starfsfólk Áburðarverksmiðjunnar mun vilja það — alveg eins og starfsfólk Sementsverksmiðjunnar. Af því leiðir, að þessi samstarfsnefnd kemst á í Áburðarverksmiðjunni, þótt ekkert verði lögfest þar um. Og stundum tölum við um það, að það sé æskilegra að gera frjálst samkomulag en að lögfesta það að ástæðulausu.

Stundum hefur verið talað um það, að Alþ. gripi inn í, þar sem þetta á að vera alveg frjálst. Ég hygg nú, að þegar við athugum þetta, hvernig málin standa í sambandi við Áburðarverksmiðjuna og í ljósi þess, sem stjórn Áburðarverksmiðjunnar hefur yfir lýst, þá teljist ekki þörf á því að samþykkja till. hv. 5. þm. Vesturl., eins og við annars hefðum gert, ef slík yfirlýsing lægi ekki fyrir, eins og raun ber vitni. Ég ætla ekki sérstaklega að fara að vitna í þá skýrslu, sem hér var lesið úr áðan, og til er orðin vegna þess, að sendinefnd fór frá Íslandi á fund í Ósló, en víst er um það, að í þessari sendinefnd voru fulltrúar ýmissa starfsstétta. Þar var t. d. flokksbróðir hv. 4. landsk. þm., og hann er þeirrar skoðunar, eins og fram kemur í skýrslunni, að það sé eðlilegra að hafa þetta frjálst en lögbundið. Og ef sá ágæti maður ætti nú sæti á Alþ., eins og hann stundum hefur átt, þegar hann hefur tekið hér varasæti, þá er ekkert vafamál, hvernig hans atkv. mundi falla. Ég bendi aðeins á þetta vegna hálfgerðra svigurmæla í garð eins flokks í þessu sambandi, þar sem mátti skilja það, að það væri önnur afstaða hjá þeim flokki til atvinnumála og atvinnulýðræðis en hjá sumum öðrum.

En ég vil benda hv. 4. landsk. þm. á það, að sjálfstæðismenn gera sér grein fyrir því, að það ber að stuðla að atvinnulýðræði og góðu samkomulagi á milli vinnuveitenda og launþega. Við skulum láta það liggja milli hluta, hvort slíkt er af góðmennsku eða af öðrum ástæðum, en ég held, að við getum verið sammála um, að allt annað er óskynsamlegt. Það er óskynsamlegt að hugsa sér það að reka fyrirtæki og hafa ekki gott samband við þá, sem vinna við það, og þess vegna er það, að ég vil stuðla að atvinnulýðræði. Ég vil koma á samstarfsnefndum í fyrirtækjunum. Ég vil gera það á frjálsum grundvelli, þar sem það er hægt, og hér býðst tækifærið til þess að efla atvinnulýðræðið á frjálsum grundvelli. Þess vegna er ég á móti því að

lögfesta, þegar þannig stendur á. Um till. tveggja hv. framsóknarmanna um mengun hef ég lítið að segja. Það mun sennilega verða rætt um mengun frá Áburðarverksmiðjunni á morgun, en skyldu ekki allir hv. þm. vera á móti mengun. Kannske kæmi það fram aftur eins og stundum áður, að það eru sumir, sem telja sig sérstaklega til þess valda að vera málsvarar gegn mengun og halda því svo fram, að aðrir hv. þm. gætu alveg sætt sig við það, að loftið yrði mengað.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Hér hafa orðið talsverðar umr. um brtt. frá hv. 5. þm. Vesturl., Benedikt Gröndal, um samstarfsnefndir í Áburðarverksmiðjunni. Ég vil af þessu tilefni alveg sérstaklega taka það fram, að ég tel þetta góða og gagnlega till. og mun fylgja henni. Það er rétt, sem fram kom hjá hv. þm., að um atvinnulýðræði hefur verið rætt hér á landi, þ. á m. innan stjórnmálaflokkanna líklega allra meira og minna, og ég hygg, að það sé rétt, sem hann segir, að þessi hugmynd eigi hljómgrunn innan allra stjórnmálaflokkanna og ég vil taka það fram í þessu sambandi, að innan Framsfl. hafa þessi mál verið rædd, og óhætt er að segja, að hugmyndin um atvinnulýðræði á þar mikinn hljómgrunn. Eitt form þessa atvinnulýðræðis, sem er að vísu ákaflega víðtækt hugtak, eru þess háttar samstarfsnefndir stjórnar og starfsmanna, sem hér er gerð till. um. Það má náttúrlega segja, að hér sé um að ræða mjög óbrotið form atvinnulýðræðis, en hins vegar er ekki óeðlilegt, að þegar við erum að feta okkur áfram í þessum efnum, þá sé farið inn á þessa leið. Ég vildi lýsa stuðningi mínum við þessa till. í öllum meginatriðum.

Hér hafa orðið deilur um það, hvort rétt sé að lögfesta ákvæði um samstarfsnefndir eða ekki, og af því tilefni vil ég taka það fram, að út af fyrir sig tel ég ekki nauðsynlegt og ekki rétt að fara að lögfesta í almennum lögum slíkar samstarfsnefndir í fyrirtækjum. En hins vegar finnst mér það mjög eðlilegt, að í löggjöf um atvinnufyrirtæki ríkisins séu ákvæði um þess háttar samstarfsnefndir, og þess vegna er ég fylgjandi þeirri till., sem hér hefur komið fram hjá hv. 5. þm. Vesturl., og ég geri talsverðan greinarmun á því, hvort um er að ræða löggjöf af þessu tagi eða almenna löggjöf um samstarfsnefndir í atvinnufyrirtækjum, sem þá mundi gilda um öll fyrirtæki. Á þessu vil ég gera skýran greinarmun — ekki sízt eftir að hafa hlýtt hér á ræðu hæstv. landbrh., sem annars virtist vera fylgjandi því, að samstarfsnefndir yrðu teknar upp í ríkisfyrirtækjunum, a. m. k. í Áburðarverksmiðjunni, og benti á, að vilji væri fyrir því í stjórn verksmiðjunnar, að svo mætti verða. En ég vildi alveg sérstaklega fyrir mitt leyti taka undir þessa till. og lýsa stuðningi mínum við hana.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Ég gat ekki verið viðstaddur í landbn., þegar þetta mál var þar afgreitt, en kem hér upp til þess hvort tveggja að lýsa stuðningi mínum við frv. til laga um Áburðarverksmiðjuna og einnig stuðningi við þær brtt., sem komið hafa fram við frv. og hér hafa verið ræddar. Ég vil sérstaklega vegna till. þeirra hv. þm. Þórarins Þórarinssonar og Sigurvins Einarssonar minna á, að nú fer fram mikil endurskipulagning á Áburðarverksmiðjunni og endurbygging, og það er alveg sérstök ástæða til, þegar svo stendur á, að hafa einmitt vara á þessum málum; það eru áreiðanlega engar ásakanir í garð Áburðarverksmiðjunnar í þessum efnum. Það verður að segjast, að sem verksmiðjulóð eða sem verksmiðjustaður hefur hún að ýmsu leyti verið til fyrirmyndar, hvað allan þrifnað bæði innan húss og utan áhrærir, um aðbúnað og annað slíkt. Þó að menn séu hins vegar búnir að sjá hinn brúna reyk í allmörg ár stíga upp af verksmiðjunni, þá hafa menn sjálfsagt ekki gert sér grein fyrir, að í þessum reyk lægi jafnmikil mengunarhætta og nú hefur verið upplýst, og tel ég víst, að forráðamönnum Áburðarverksmiðjunnar hafi heldur ekki verið það ljóst og því hafi hann nú fengið óheftur að streyma út í andrúmsloftið öll þessi ár, en vonandi er sem sé, að á því verði endir og þess verði einnig sérstaklega gætt nú, þegar verið er að byggja mikið við verksmiðjuna, að þessi hættumerki séu einmitt höfð í huga og komið í veg fyrir í tíma, að þar hljótist vandi af.

Varðandi till. hv. 5. þm. Vesturl. vil ég segja það, að ég er henni fylgjandi. Ég vil hins vegar taka það fram, að það hefur yfirleitt verið afstaða verkalýðshreyfingarinnar hér, að slík mál sem þessi — hið svokallaða atvinnulýðræði og samstarfsnefndir á vinnustöðum, sem að vísu hefur verið rætt nokkuð í verkalýðsfélögunum, en ekki mikið að gert enn, sem komið er — ætti að taka upp á samningsgrundvelli milli aðila. Það hefur einnig verið stefna verkalýðshreyfingarinnar hér í nágrannalöndunum, en þó engan veginn þannig, að útilokaður væri sá möguleiki, að löggjafinn léti málið til sín taka — síður en svo. Þessi almenna afstaða markast fyrst og fremst og einvörðungu af því, að það verður að segjast, að það er reynsla verkalýðshreyfingarinnar, að þegar löggjafinn ætlar að fara að skipa málum hennar, þá eru honum oft hræðilega mislagðar hendur. Það er þessi ótti, sem ræður því, að verkalýðshreyfingin hefur ekki verið á því fyrst og fremst, að þessum málum ætti að skipa eftir leiðum löggjafans.

Það hefur verið minnzt hér á og vitnað í skýrslu fimm manna, sem fóru á ráðstefnu í Noregi í vetur, sem fjallaði einmitt um mál skyld þessum, og lesnir upp úr henni kaflar, sem eru taldir renna stoðum undir, að ekki eigi að festa þau ákvæði í lögum um Áburðarverksmiðjuna, sem hér er gerð till. um varðandi samstarfsnefnd. Ég vil aðeins geta þess, að þessi skýrsla er samin af fimm mönnum. Þar af eru tveir, sem voru frá verkalýðshreyfingunni, en hinir frá samtökum atvinnurekenda og ríkisstj. Þessi skýrsla lá fyrir á fundi í miðstjórn Alþýðusambandsins nú fyrir mjög stuttu síðan. Þar var lítillega ræddur sá kafli, sem hér var lesið upp úr áðan. Á

þessum fundi kom fram mjög áberandi, að einmitt var afdráttarlaust talað um samningsleiðina og ekki annað og jafnvel, að löggjafarleiðin gæti orðið til trafala þessum málum, og einnig var eindregið látið í ljósi af nokkrum fundarmönnum, að ekki bæri að taka svo einstrengingslega afstöðu gegn því, að löggjafinn fjalli um þessi mál eins og þarna kemur fram. Enda trúi ég nú, að fulltrúar atvinnurekendasamtakanna eigi þarna miklu stærri hlut að máli en þeir tveir menn, sem voru frá verkalýðshreyfingunni. Það var einmitt getið um það hér — hæstv. landbrh. gerði það í ræðu áðan — að einn af þessum mönnum, flokksbróðir hv. 4. landsk., hefði talið það eðlilegra að hafa þetta frjálst, en ekki lögbundið, og þá hefur hinn líka í sama flokki og þeir væntanlega einnig litið svo á. Ég hef rætt þessi mál við hann, og einmitt á þessum fundi bar ekkert í milli, en hins vegar sagði hann, að það hefði verið sótt mjög fast af hálfu fulltrúa atvinnurekendasamtakanna að hafa þessa túlkun mjög afdráttarlausa.

En varðandi þetta tiltekna mál hér vil ég endurtaka það, að ég er fylgjandi þessari till. Ég þekki vel til í Áburðarverksmiðjunni, hef fylgzt þar með málum frá því, að bygging hennar hófst, og átt þátt í öllum samningum, sem þar hafa verið gerðir við verkamenn, og þekki vel til aðstæðna á vinnustaðnum og einnig til afstöðu forráðamanna fyrirtækisins. Ég vil ekki skoða þessa till. — og veit ekki til heldur, að neinn mundi nú gera það — sem einhverja sérstaka ásökun á forráðamenn Áburðarverksmiðjunnar í þessum efnum, þ. e. að það væri ekki kannske alveg sérstök brýn nauðsyn til þess, að slík n. yrði sett á stofn við það fyrirtæki. Ég tel þvert á móti samkv. minni reynslu, að það sé síður en svo vegna afstöðu forráðamanna Áburðarverksmiðjunnar ástæða til að setja svona samstarfsnefnd til þess beinlínis að ráða fram úr einhverjum sérstökum vandamálum, sem þar væru fyrir hendi. Yfirleitt hefur verið mjög lítið um árekstra á þessum vinnustað og svo hefur það verið frá því, að lauk fyrstu samningagerð. Hún var erfið, og þá urðu býsna miklir árekstrar, en eftir að fyrstu samningar voru gerðir við fyrirtækið, hefur verið mjög gott samstarf milli bæði starfsmanna og þeirra verkalýðsfélaga, sem þarna eiga hlut að máli. Einnig sú samþykkt stjórnar Áburðarverksmiðjunnar, sem hér var kynnt áðan, ber það með sér, að stjórnin er viljug til þessa verks.

En eftir að þessi till. er komin fram og Alþ. ekki tekur jákvæða afstöðu til hennar, þá gætu menn farið að spyrja: Hvað er það, sem Alþ. vill í þessum efnum? Er Alþ. andvígt því, að slíkar samstarfsnefndir séu reyndar? Ég held, að þá sé alveg nauðsynlegt, að einmitt eftir að þessi till. er fram komin — það má svo deila um það, hve áríðandi og nauðsynlegt það var, að hún kom fram — þá mundi það að mínum dómi torvelda mjög, að yfirleitt yrði tekið á réttan hátt á þessum málum um samstarfsnefndir og annað, er varðar atvinnulýðræði. Þetta er aðeins einn þáttur þessa stóra máls, en fjarri er nú, að menn séu sammála um alla þætti þess, en hér er um einn þátt að ræða, sem hefur í flestum löndum, að því er ég veit bezt, verið byrjað á. Þetta er eiginlega grunnþáttur, sem verður að byrja á, ef menn ætla að fikra sig áfram eftir vegum atvinnulýðræðis til þess að koma á verulegu atvinnulýðræði.

Ég held einmitt, að þessi vinnustaður, sem hér um ræðir, sé mjög vel til þess fallinn að hefja þetta starf. Eins og ég gat um áðan, þá er ekki þarna um stórvægilega árekstra að ræða. Það er yfirleitt mjög gott andrúmsloft milli forráðamanna og starfsmanna, og það virðist sem forráðamenn séu engan veginn andvígir því, að svona samstarfsnefnd væri komið á laggirnar og þess vegna sé þetta einmitt góður vinnustaður til þess að gera þessa tilraun, mjög góður, og Alþ. eigi að stíga þetta skref. Áreiðanlega er miklu erfiðara að koma svona samstarfsnefndum á, þar sem kannske allt logar í illdeilum á milli starfsmanna og stjórnenda fyrirtækisins. Það má kannske segja, að nauðsynin sé meiri þar, en erfiðleikarnir væru áreiðanlega miklir á að hefja þetta starf. Það má segja það, að það væri auðvitað hægt að koma svona samstarfsnefnd á með samkomulagi milli viðkomandi aðila — beinu samkomulagi. En fyrst og fremst hefur það ekki gerzt, og vafamál er, hvort það yrði gert, nema því aðeins að þessi till. verði samþ., því að verði hún ekki samþykkt, þá teldi ég, að það væri eins konar yfirlýsing Alþ. um það, að það þurfi ekkert að flýta sér í þessum efnum og þau séu svona og svona áríðandi og Alþ. hafi ekki viljað og vilji ekki neitt sérstaklega ýta undir það, að slíkum samstarfsnefndum yrði komið á laggirnar.

Ég vil sem sé ítreka stuðning minn við frv. og báðar þær brtt., sem fram hafa komið.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég geri mér ákaflega vel ljóst, að verkalýðsfélögin hafa ávallt verið og eru gætin í þeim efnum, hvað skuli festa með l. og hverju skuli halda í samningum. Og til þess að forðast slíka árekstra þá stendur í till., að umræddar samstarfsnefndir skuli eftir föngum leitast við að hindra eða leysa ágreiningsmál án þess að fara inn á svið kjarasamninga. Þar er dregin ljós lína á milli, svo að um slíka árekstra geti varla verið að ræða.

Um afstöðu verkalýðshreyfingarinnar í nágrannalöndunum er sjálfsagt sitthvað að segja en í þessari skýrslu, sem fimmmenningarnir gáfu og oft hefur verið vitnað í — mjög fróðleg og að mér virðist vel unnin skýrsla — stendur t. d. um nágranna okkar Norðmenn, þar sem talið er upp, hvað stjórnmálaflokkarnir í því landi vilji í þessum málum, að verkamannaflokkurinn, sem á 74 af 150 fulltrúum í Stórþinginu, heldur sér við till. um lýðræðisleg fyrirtækjaráð og óskar eftir, að fyrirtæki ríkis og sveitarfélaga séu notuð sem fordæmi í þessari þróun. Þarna er um mjög sterkan aðila að ræða og vitað er, að sambandið á milli verkalýðs-

hreyfingarinnar og verkamannaflokksins í Noregi er ákaflega náið.

Ég vil taka undir það, sem hæstv. landbrh. sagði og síðasti ræðumaður staðfesti, að það muni hafa verið mjög gott samstarf og góður andi í Áburðarverksmiðjunni. Ég hef ekki annað heyrt. En ég vil líka benda á, að einmitt þetta eru góðar aðstæður til þess að taka upp nýbreytni sem þá, sem hér er um að ræða. Það er erfiðara að taka þetta upp, þegar um deilur er að ræða. E. t. v. segja menn, að það sé erfitt að sjá þörf fyrir slíka samstarfsnefnd í Áburðarverksmiðjunni undanfarin ár. En hv. 4. landsk. þm. og ég og fleiri, sem þekkja til kringum Sementsverksmiðjuna, eiga ekki erfitt með að sjá, að það hefði getað hreinsað loftið þar, ef slík samstarfsnefnd hefði verið til undanfarin ár. Við vitum aldrei, hvenær einhver ógæfa dynur yfir, hvenær einhver deilumál rísa upp, sem geta gert það að verkum, að það muni reynast þýðingarmikið að hafa slíkt samstarfstæki í höndum.

Hæstv. ráðh. sagði, að Alþ. væri hér að sletta sér fram í og það væri ekkert því til fyrirstöðu, að slík n. yrði sett upp samkv. bréfi, sem stjórn Áburðarverksmiðjunnar hefði gefið út. En hvers vegna hafa þá slíkar n. ekki verið settar fyrr í þessari verksmiðju, en hún hefur starfað í 15—20 ár? Svo að tilefnið til þess að sletta sér fram í er vissulega fyrir hendi. Ég skal ekkert efast um velvilja stjórnenda þar, og ég skal ekki einu sinni draga í efa velvilja hæstv. landbrh. í þessum efnum. Hann skýtur sér mjög á bak við bréfið, sem skýrir frá samþykkt, sem stjórn Sementsverksmiðjunnar hefur gert. En ég verð að minna hann á, að sjálfstæðismenn, flokksbræður hans, höfðu uppi ágreining um þetta í sementsnefndinni, löngu áður en þeir vissu um þetta bréf, og ég held, að þeir viti ekki um það enn þann dag í dag, og það hefur ekkert bréf verið gefið út í þeirri verksmiðju. Og í öðru lagi upphófst ágreiningurinn um þessa till. í landbn. Nd. Alþ. fyrir 2—3 vikum, en það vissi enginn um þetta bréf fyrr en í dag, svo að bréfið er að vísu plagg um einlægni og góðvilja allra hlutaðeigandi, en ekki fullnægjandi skýring á þeim ágreiningi, sem hefur orðið um málið.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Það eru aðeins fáein orð um þetta mál, sem í mínum augum er ekki ýkja mikilsvert, að því er snertir þetta einstaka fyrirtæki, Áburðarverksmiðjuna. Ég skal játa, að mín afstaða markaðist mjög af þeirri skýrslu, sem ég las hér úr áðan, þar sem það kemur greinilega fram, að þeir fimm Íslendingar, sem fóru á ráðstefnu um þessi mál til Óslóar í fyrra, voru algerlega sammála um það, að eins og á stæði mundi vera heppilegra að fara sér hægt í þessum efnum., þ. e. í því að lögbjóða þessa hluti, en fara meira samkomulagsleiðina. Og það hefur einnig verið upplýst, að þarna voru fulltrúar bæði frá verkalýðssamtökunum og vinnuveitendum. Mér lízt svo á, að ef þessi till. frá hv. 5. þm. Vesturl. verður samþ. hér á Alþ., sem ég tel nú enga hættu stafa af út af fyrir sig, þó að verði, þá sé Alþ. að marka stefnu í þessu máli og ætli sér að taka forustuna í því að koma á svona samstarfsnefndum og lögbjóða þær.

Mér þótti það dálítið einkennilegt, sem kom beinlínis fram hér hjá hv. 2. landsk. þm. áðan, sem er mjög gegn og glöggur maður, að verkalýðssamtökin í landinu hafi fram að þessu fylgt sömu stefnu og þessir fimmmenningar láta í ljósi — þeir, sem sóttu ráðstefnuna, en hins vegar var þessi hv. þm. að mæla fyrir því, að þessi till. yrði samþ., þ. e. að Alþ. tæki forustu um það að lögbjóða þessa hluti. Að hinu leytinu sýnist mér, að því er snertir þetta einstaka fyrirtæki, þá komi eitt í sama stað niður, þar sem yfirlýsing liggur fyrir frá stjórn verksmiðjunnar um, að hún vilji beita sér fyrir, að sett verði samstarfsnefnd. Þá þarf ekkert lögboð um það, ef á annað borð er óskað eftir því af hálfu starfsmanna í slíkri verksmiðju.

Þess vegna finnst mér algerlega þarflaust að vera að samþykkja þessa till. út af fyrir sig. Það, sem markaði mjög mína stefnu, var að binda mig við álit þessara manna, sem höfðu kynnt sér þetta sérstaklega, þ. e. að það mundi vera rétt að fara sér hægt í þessu efni og lögbjóða ekki — a. m. k. að sinni — þessa hluti, heldur að reyna þá leið, sem mér finnst eðlilegust, þ. e. að þreifa fyrir sér, hvort ekki komist frjálst samkomulag á. Ég álít, að það sé ekki rétt stefna, að Alþ. sé að skipta sér af öllum sköpuðum hlutum, nema nauðsyn beri til. Þetta er mín afstaða. Hins vegar er ég á því, að það sé mjög eðlilegt að hafa sem mest samráð við starfsfólk í fyrirtækjum, og ég álít, að það sé miklu betra að koma því á með frjálsu samkomulagi en með lögboði.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég gat því miður ekki verið hér við, þegar umr. um þetta mál hófst í hv. d., en þar sem nokkuð hefur verið vitnað til þeirrar skýrslu, sem ég meðal annarra undirritaði, þegar ég sat þessa umræddu ráðstefnu í Ósló, sem vitnað hefur verið til, sem annar fulltrúi ASÍ, þá vil ég aðeins undirstrika þau lokaorð, sem koma fram í skýrslunni og eru megintillaga þátttakendanna í ráðstefnunni. Og þar er fyrst og fremst og aðallega skýrt frá, að heildarsamtökin, sem áttu fulltrúa í þessari ráðstefnu, komu sér saman um að stofna n. til þess að gera drög að málefnasamningi um samstarfsnefndir. Þetta voru sem sé fulltrúar ASÍ og fulltrúar Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambandsins — eða sem sé stærstu aðilarnir, sem gera svokallaða frjálsa samninga á vinnumarkaðinum. Persónulega hef ég alltaf litið þannig á, að á nokkuð annan veg þyrfti að líta á ríkisfyrirtæki, opinber fyrirtæki og reyndar bæjarfyrirtæki líka. Og vegna þeirra umr., sem hafa orðið um þessa brtt. frá hv. þm. Benedikt Gröndal, þá er ég í sjálfu sér ekkert hræddur um, að það sé verið að spilla fyrir með því að samþykkja þessa till.

Ég tek nokkuð undir skoðanir hv. 2. landsk. þm. á því, að ef þessi till., eins og hún er þarna, yrði felld,

þá mætti lesa úr því afstöðu Alþ. gagnvart málinu; ég skal viðurkenna það. Hins vegar hefði mátt afgreiða hana líka á þann veg að vísa henni til ríkisstj. með mjög jákvæðum undirtektum, því að ég tel, að það sé ekki síður þörf á því, að málefnasamningur verði gerður milli hins opinbera og t. d. BSRB varðandi slíkar n. En nú er, eins og hefur komið fram, um sérstöðu þessa fyrirtækis að ræða, og það er einmitt vegna þess, sem ég hef borið nokkurn ugg í brjósti vegna samþykktar þessarar till. Þarna er um blandað starfslið að ræða bæði opinbera starfsmenn og svo starfsfólk, sem er úr þó nokkuð mörgum verkalýðsfélögum, má ég segja. Og það, sem ég hef aðallega verið að hugsa um í sambandi við þessa brtt., er, hvernig ætti að skipa samstarfsnefndina af hálfu starfsfólksins. Hverjir eiga að velja þessa þrjá aðila? Er það eitthvert eitt verkalýðsfélag eða þrjú stærstu verkalýðsfélögin? Eiga það að vera aðilar frá þeim félögum, sem gera svokallaða frjálsa samninga? Eða eiga hinir opinberu aðilar að eiga þarna líka aðild að, sem ég tel sjálfsagt? Eða er þarna eitthvert traust og gott starfsmannafélag, sem getur tekið þetta að sér, og mundi það þá verða viðurkennt af verkalýðsfélögunum, sem gera samningana? Það er aðallega þetta, sem ég hef horft á og hef þess vegna talið, að gagnvart slíkum fyrirtækjum sem öðrum á hinum frjálsa vinnumarkaði, sem þetta er á nokkurn hátt, þyrfti að gera slíka málefnasamninga.

Ég hef aldrei verið hræddur við það hins vegar, að ríkisvaldið hefði afskipti af þessu máli og aðstoðaði, eins og ég tók fram í þeim umr., sem urðu hér um Sementsverksmiðjuna um daginn. Ég lagði það sjálfur til hér á Alþ. fyrir 10 árum, að það einmitt beitti sér fyrir að kanna starfsgrundvöll slíkra n. og reyndi að koma aðilum vinnumarkaðarins saman til þess að gera slíkan málefnasamning. Því miður hefur lítið út úr því komið, þótt ég vænti þess, að af þessu geti orðið á næstunni. Það er mikill og vaxandi skilningur beggja aðila á nauðsyn þessa, og með því að vitna til þessarar ágætu skýrslu — og í henni koma fram mínar skoðanir eins og annarra þeirra, sem tóku þátt í þessari ferð — þá mun ég auðvitað stuðla að því, að svo geti orðið.

En eins og ég segi, tel ég ekki, að þetta geti skaðað málið sjálft, þó að þessi till. verði samþ. Hins vegar hefði ég viljað, að það yrði gengið á undan með slíkar samþykktir í opinberum fyrirtækjum eða bæjarfyrirtækjum, þar sem um hreina aðild opinberra starfsmanna er að ræða annars vegar, því að í þessu tilfelli geta vissulega komið upp vandamál. Ég hefði t. d. talið, að vegna þess að fyrir hv. Ed. liggur frv. um almennar tryggingar, hefði það verið alveg tilvalið, að þingið hefði t. d. sett inn ákvæði um Tryggingastofnun ríkisins. Þar væri samstarfsnefnd, og þá gæti annar aðilinn verið forstjóri og tveir aðilar tryggingaráðs, en svo þrír aðilar á móti frá starfsfólkinu. Sjálfsagt verður fyrir Alþ. að samþykkja slíka till. En ég hefði persónulega óskað, að séu menn ekki almennt á því, að þetta geti skaðað málefnið sjálft, hefði till. þessari verið vísað til ríkisstj. með ósk um það, að samtökin, BSRB og ríkisvaldið, tækju upp samninga um málefnasamning um samstarfsnefndir, sem síðan gæti leitt til þess, að slíkar n. yrðu settar upp ekki aðeins í opinberum fyrirtækjum, heldur hálfopinberum líka. Ég mun með hliðsjón af þessu ekki greiða atkv. um till.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er ósköp lítið, sem ég þarf um þetta að segja. Mér finnst, að hv. þm., sem talað hafa hér, hafi ekki gert sér alveg grein fyrir því, að takmarkið næst, þótt þessi till. væri dregin til baka, og það væri vitanlega það eðlilegasta úr því, sem komið er, því að fyrir hv. flm. hefur vitanlega það eitt vakað að koma þessari samstarfsnefnd á í Áburðarverksmiðjunni, sem hér um ræðir. Nú hefur verið tekið undir það, sem ég sagði hér áðan, að vinnuandinn í Áburðarverksmiðjunni er sérstaklega góður og sízt ástæða til þess þar að koma á samstarfsnefnd með lögfestingu. Það var spurt að því hér áðan, hvers vegna þetta hefði ekki verið gert fyrr, þ. e. að koma á samstarfsnefnd í Áburðarverksmiðjunni, sem búin er að starfa í 16 ár. Það hefur ekki verið óskað eftir því fyrr, og eins og hér hefur verið sagt af svo mörgum, hefur ekki verið bein ástæða til þess, vegna þess að þarna hafa ekki verið neinir alvarlegir árekstrar á milli starfsfólksins og ráðamannanna. Þess vegna hefur það ekki verið gert.

En það var sagt hér áðan, að það væri sérstaklega hentugt að byrja á þessum stað með lögfestingu vegna þess, hvað þarna væri góður andi ríkjandi. Og mér finnst þetta ekki eiginlega alveg rökrétt. Mér finnst það ekki rökrétt að velja þann stað til lögfestingar, sem sízt hefur þörf fyrir þetta og býðst til þess að koma þessu á með frjálsu samkomulagi. Ég hefði heldur viljað snúa því við og segja: Þessi vinnustaður hefur verið til fyrirmyndar, og hann skal vera áfram til fyrirmyndar með því að vera fyrsti staðurinn, sem kemur á samstarfsnefnd með frjálsu fyrirkomulagi, þó að á þeim stað þurfi sízt að lögfesta. Þessi vinnustaður ætti að vera til fyrirmyndar á þennan hátt. En út af fyrir sig vil ég ekki gera þetta að kappsmáli, vegna þess að það er ástæðulítið, en vinnubrögðin eru ekki með eðlilegum hætti að lögfesta slíkt, þar sem þess gerist ekki þörf. Og enda þótt hv. 2. landsk. þm. hafi sagt það hér áðan, að það væri á engan hátt verið að stefna þessu að forráðamönnum Áburðarverksmiðjunnar og það fælist ekkert vantraust til þeirra í því að lögfesta þetta, þá er ég ekki grunlaus um það, að þeim finnist á vissan hátt að sér vegið óverðskuldað. Ég er ekki grunlaus um það.

Það hefur verið sagt, að það væri ekki gott, ef Alþ. felldi þessa till., vegna þess að þá mætti túlka það svo, að Alþ. væri yfirleitt á móti því að koma samstarfsnefndum á. Í fyrsta lagi teldi ég enga þörf á því að láta atkv. fara fram um till., eftir að yfirlýsing stjórnar Áburðarverksmiðjunnar liggur fyrir. Og í öðru lagi er það svo, að þeir, sem greiða atkv. á

móti till., gera það með því að vísa til bréfs stjórnar Áburðarverksmiðjunnar og þess, að samstarfsmenn hjá Áburðarverksmiðjunni komist af, hvað sem um þessa till. verður. Og ég vil benda á það í sambandi við það, sem hv. 5. þm. Vesturl. sagði hér áðan, að þessi till. snertir aðeins l. um Áburðarverksmiðjuna, en ekki Sementsverksmiðjuna. Ef um það væri að ræða að greiða atkv. um slíka till., sem snerti sementsverksmiðjulögin, og stjórn Sementsverksmiðjunnar lýsir sig ekki fúsa til að beita sér fyrir samstarfsnefnd þar, þá er ég reiðubúinn til þess að greiða atkv. með slíkri till., vegna þess að ég er því fylgjandi, að samstarfsnefndir sem þessar komist á í fyrirtækjunum. Ég tel, að það geti haft góð áhrif á vinnubrögðin og þann anda, sem þarf að ríkja á milli forráðamannanna og starfsfólksins.

Ég sé svo ekki ástæðu til, herra forseti, að segja fleira um þetta. Mér skilst, að allir hv. dm. séu því fylgjandi að koma slíku atvinnulýðræði á, sem hér um ræðir, og þeir séu allir því fylgjandi að koma á samstarfsnefndum, en það lítur út fyrir, að okkur greini á um leiðir. Sumir okkar vilja láta frjálst samkomulag ráða, þar sem því verður við komið. En aðrir vilja lögfesta, hvort sem hægt er að ná sama árangri með frjálsu samkomulagi eða ekki. Og það er þar, sem skilur á milli.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 67., 68. og 69. fundi í Nd., 23., 24. og 25. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Nd., 26. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 504 samþ. með 17:5 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.

3.—7. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

8. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.

Brtt. 321 (ný gr., verður 9. gr.) samþ. með 18:11 atkv.

9.—14. gr. (verða 10.—15. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 687).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 78. fundi í Ed., 29. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar, og var frv. á þskj. 687 útbýtt á fundinum.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. til l. um Áburðarverksmiðju ríkisins var flutt í Nd. og samþ. þar ásamt tveimur brtt., sem fluttar voru við málið. Frv. þetta felur ekki annað í sér en það, að lög nr. 51 frá 1935 eru felld inn í lög nr. 69 frá 1969, samræmd þeim og gefin út að nýju. Þetta eru lög um Áburðarsölu ríkisins, sem Áburðarverksmiðju ríkisins var falið fyrir 6 eða 7 árum að sjá um rekstur á. Það þykir ekki ástæða til að vera með tvö ríkisfyrirtæki í lögum annars vegar Áburðarsölu ríkisins og svo hins vegar Áburðarverksmiðju ríkisins. Er ekki ástæða til annars en færa þetta saman í einn lagabálk.

En í hv. Nd. var flutt till. af tveimur hv. þm. á þskj. 504. Till. er svo hljóðandi: Þess skal jafnan gætt, að ekki stafi mengunarhætta af rekstri verksmiðjunnar. Þessi till. var samþ. — að ég held — með yfirgnæfandi meiri hluta og naumast hægt að fella hana, úr því að hún var fram komin. En það má segja, að hún hafi verið óþörf vegna þess, að fyrir lá yfirlýsing frá stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins um það að gera allt, sem í mannlegu valdi stendur til þess að útiloka mengunarhættu. Í öðru lagi var flutt brtt. á þskj. 321 af hv. 5. þm. Vesturl. Hún er um samstarfsnefndir og í henni felst að lögbjóða, að skipuð verði samstarfsnefnd verksmiðjunnar, sem fulltrúar frá stjórn verksmiðjunnar og starfsliði eigi sæti í. Þessi till. var samþ., enda þótt ég teldi hana óþarfa, eftir að lesin hafði verið upp yfirlýsing frá stjórn Áburðarverksmiðjunnar um það, að hún vildi beita sér fyrir því að koma á slíkri samstarfsnefnd með frjálsu samkomulagi. Báðar þessar till. stefna að því einu, sem hefði verið gert, hvort sem var, og tel ég ekki neina ástæðu til þess, að þessu ákvæði verði nokkuð breytt hér í þessari hv. d. En ekki tel ég heldur ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál, þar sem ekki felst annað í þessari breytingu en ég áður hef lýst. Ég tel, herra forseti, rétt, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 687, n. 746).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að rekja efni þessa frv.; það var rakið hér rækilega við 1. umr. En í frv. felst aðeins það að staðfesta það fyrirkomulag, sem þegar er komið í framkvæmd með sameiningu Áburðarsölu ríkisins og Áburðarverksmiðjunnar. Þegar frv. var rætt í

landbn., þá kom það fram og var bent á það af einum nm., að 3. gr. gerir ráð fyrir því, að skipulagsbreyting þessi fari fram 1. jan. 1971 og reikningsskil miðist við þann dag. Þótti mönnum sumum það nokkrum vafa bundið, hvort rétt væri að miða við liðinn dag í þessu efni. Við nánari skoðun og eftir að hafa rætt þetta efni við lögfróða menn virðist mér þetta standast fyllilega, þar sem hér er aðeins um bókhald að ræða, en fyrirtækin bæði hafa lotið sömu stjórn og munu einnig gera það eftir gildistöku þessara laga.

Eins og nál. á þskj. nr. 746 ber með sér, þá mælir landbn. með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—15. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Hæstv. landbrh. hefur vakið athygli mína á því, að ef þetta frv. verður samþ., eins og það liggur fyrir, þá mundi af því leiða það, að landsútsvar af áburðarsölu mundi koma til framkvæmda nú, en var ekki áður, á meðan áburðarsalan var sérstakt fyrirtæki.

Hann hefur því farið þess á leit við mig og haft um það samráð við hæstv. félmrh., að ég flytti brtt., sem yrði til þess að halda óbreyttu því ástandi, sem verið hefur um skattlagningu þessara fyrirtækja. Tími hefur verið það naumur, að ég hef ekki getað náð saman fundi landbn., svo að ég hef leyft mér að flytja þessa brtt. einsamall og vænti þess, að menn sjái, að hér er um sanngirnismál að ræða.

Sú breyt., sem lagt er til, að gerð verði á þessu, er sú, að aftan við 12. gr. verði bætt þessum málslið: „Þó skal ekki reikna landsútsvar af verzlun með innfluttan áburð.“ Þessi breyting mundi viðhalda því ástandi, sem verið hefur, en þessi skattur eða landsútsvarið er 1½% af heildarsölu þeirra fyrirtækja, sem Áburðarverksmiðjan fellur undir. Hér er um nokkurt fjármagn að ræða, en hins vegar er þess að vænta, að ekki þurfi að líða ýkja mörg ár þangað til við hættum að flytja inn áburð, og þessi skattur verði minni og minni og hverfi að lokum, en af innlendu framleiðslunni og framleiðslu Áburðarverksmiðjunnar verðum við að sjálfsögðu að greiða landsútsvar, eins og gert hefur verið.

Þessi till., sem ég hef hér borið fram, er bæði skrifleg og of seint fram komin, og ég vil fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann leiti afbrigða fyrir till. og hún megi koma fyrir til umr. og ályktunar d., og ég vil treysta því, að þdm. sjái nauðsyn þess að samþykkja hana.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 782) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 782 samþ. með 15:1 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 85. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 800).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 87. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. aftur tekið til einnar umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Smávegis breyting var gerð á frv. um Áburðarverksmiðjuna í Ed., flutt af Steinþóri Gestssyni, þ. e. að til viðbótar við 12. gr. komi: „Þó skal ekki reikna landsútsvar af verzlun með innfluttan áburð.“ Þessi brtt. er fram komin vegna þess, að landsútsvar hefur aldrei verið lagt á áburðareinkasölu ríkisins eða innfluttan áburð. Þegar menn gerðu sér grein fyrir því, að það gæti verið, að landsútsvar yrði lagt á innflutta áburðinn, eftir að l. um Áburðarsölu ríkisins og Áburðarverksmiðju ríkisins voru sameinuð, þá þótti sjálfsagt að flytja þessa brtt. til þess að fá framkvæmdina eftirleiðis, eins og hún hefur verið hingað til. Hér er ekki um neina breytingu að ræða frá þeirri framkvæmd, sem verið hefur, heldur er með brtt. lagt til, að það verði óbreytt ástand í álagningu landsútsvars á Áburðarverksmiðjuna og ekki verði lagt landsútsvar á innfluttan áburð eftirleiðis fremur en hingað til.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 850).

---

54. Fávitastofnanir.

Á 68. fundi í Ed., 18. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 22. apríl 1967, um fávitastofnanir [282. mál] (stjfrv., A. 567).

Á 70. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Hér er um að ræða frv., sem er nánast liður í frv. því, sem er til umr. síðar á dagskránni varðandi almannatryggingar og þarf ekki sérstakrar skýringar við. Breytingarnar, sem felast í gildistöku þessa frv., ef að lögum verður, eru nátengdar því frv. og nauðsynlegt, að þessi frv. verði samferða gegnum þingið, þar sem þau eru samantvinnuð, en meginuppistaða þessa frv. er sú, að lagt er til, að sjúkratryggingadeild greiði einnig styrk vegna fávita, sem dveljast á viðurkenndum dagvistarheimilum.

Ég legg til, herra forseti, að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 567, n. 708).

Frsm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Á þskj. 567 er frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 22. apríl 1967, um fávitastofnanir. Sem afleiðing af því, sem er búið að samþykkja í l. um almannatryggingar, er eðlilegt, að þetta frv. fylgi með, og ég þarf ekki að hafa langa framsögu í því efni. Heilbr.- og félmn. var sammála um að mæla með frv., og það kemur fram í 1. gr. frv., að sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins greiði eðlilegan dvalarkostnað fávita á viðurkenndu fávitahæli, hafi vistun hans þar verið úrskurðuð nauðsynleg.

Að svo mæltu legg ég til, að frv. verði samþ. óbreytt til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 77. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 79. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 80. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Eins og frv. þetta ber með sér eða réttara sagt aths. þess, þá er þetta fylgifrv. við frv. um almannatryggingar bein afleiðing af gildistöku þess frv., ef að lögum verður hér á Alþ. Ég tel, að ekki þurfi langa framsöguræðu fyrir málinu. Ástæðan til flutnings málsins er skýrð í 4—5 línum í aths. með frv., og vísa ég til þeirra. Ég legg til, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 28 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 567, n. 785).

Frsm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Eins og fram var tekið, þegar mælt var fyrir þessu máli, frv. til l. um breyt. á l. um fávitastofnanir, þá er þetta fylgifrv. við almannatryggingalögin vegna þess, að í almannatryggingafrv., sem nú liggur fyrir Alþ., er gert ráð fyrir, að sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins taki við þeim málum, sem áður lutu að nokkru leyti beint undir ríkið. Frv. þetta hefur áður farið í gegnum Ed. óbreytt og heilbr.- og félmn. Nd. hefur nýverið fjallað um málið og leggur einnig til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 853).

---

55. Ríkisborgararéttur.

Á 2. fundi í Nd., 13. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar [19. mál] (stjfrv., A. 19).

Á 4. fundi í Nd., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Auður Auðuns): Herra forseti. Með þessu frv. er lagt til, að tíu tilgreindum einstaklingum verði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur. Um einn þeirra, þann fyrsta í töluröðinni, gildir þó samkv. frv. það, að hann skuli öðlast réttinn 23. okt. 1971, en þá mun hann hafa fullnægt skilyrði um tímalengd búsetu í samræmi við þær reglur eða þau skilyrði allshn. beggja þd., sem vitnað er til í aths. með frv.

Frv. um veitingu ríkisborgararéttar eru flutt á hverju þingi. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um þetta frv. Hv. þm. er kunnugt um þær reglur, sem allshn. þd. hafa sett sér, sem að sjálfsögðu þó ekki binda þær, þar sem rétturinn er veittur með lögum hverju sinni. En ég vil aðeins bæta því við, að í rn. eru til athugunar nokkrar

umsóknir og berast e. t. v. fleiri, og ef að vanda lætur, má búast við því, að þn., sem um málið fjalla, muni þá fá till. um fleiri aðila til viðbótar þeim, sem þegar eru í frv. Ég legg svo til, hæstv. forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 19, n. 573, 576).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Sá háttur hefur verið hafður á afgreiðslu þessa frv., að tveir þm. úr allshn. hvorrar þd. ásamt skrifstofustjóra Alþ. hafa athugað frv. og þær umsóknir, sem því fylgdu, og síðan þær umsóknir um ríkisborgararétt, er n. bárust síðar. N. voru sammála um að taka inn í 1. gr. frv. 32 nýjar umsóknir, en þegar frv. var lagt fram, þá voru það samkvæmt 1. gr. tíu menn, sem lagt var til, að fengju ríkisborgararétt. Reglurnar, sem settar eru, eru þær sömu og hafa verið í gildi frá 18. maí 1955, og samkvæmt þessu leggur n. til, að 42 aðilar fái ríkisborgararétt — þeir 10, sem voru taldir upprunalega í frv., og 32, sem síðar hafa bætzt við. Enginn þessara umsækjenda, sem n. leggur til, að öðlist íslenzkan ríkisborgararétt, hefur, að því er bezt verður vitað, sætt þeim viðurlögum hér á landi, sem hindri, að honum verði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur. Samkvæmt þessu verður hér um 42 nýja ríkisborgara að ræða, en þeir eru fæddir í þessum löndum: tíu í Færeyjum, tíu í Þýzkalandi, sex í Danmörku, fjórir á Íslandi, en hafa misst ríkisborgararétt sinn, tveir í Noregi, tveir í Bandaríkjunum og auk þess einn í hverju eftirtalinna landa: Austurríki, Júgóslavíu, Finnlandi, Bretlandi, Tékkóslóvakíu, Sovétríkjunum, Jórdaníu og Alsír. N. var sammála um að mæla með þessari till.

Hins vegar var rætt í n. um 2. gr. frv. um veitingu ríkisborgararéttar, og þar var ákveðið, að n. legði ekki sjálf til, að flutt yrði till. um að breyta 2. gr., en hins vegar hefur það á undanförnum árum nokkuð komið til umr. í allshn. að breyta 2. gr. frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar, en beðið hefur verið eftir því, að n., sem hefur verið að endurskoða íslenzk mannanöfn, lyki störfum. Sú n. hefur nú nýlega lokið sínum störfum, og það mun vera í prentun frv., sem mannanafnanefnd hefur samið, en í þessari nefnd áttu sæti: Klemenz Tryggvason hagstofustjóri, sem var formaður nefndarinnar, Halldór Halldórsson prófessor, Matthías Johannessen ritstjóri, Ármann Snævarr prófessor og Einar Bjarnason prófessor, og í væntanlegu frv., sem hér mun koma fram á Alþ. næstu daga, segir í 17. gr.:

„Nú fær maður, er heitir erlendu nafni, íslenzkt ríkisfang með lögum, og skulu þá börn hans, 17 ára og yngri (sbr. 3. málsgr. 6. gr. laga nr. 100/1952), taka upp íslenzkt eiginnafn og kenninafn, sem samþykkt er af dómsmrn. Slík nafnbreyting skal ákveðin samtímis því, að rn. gefur út bréf um, að hlutaðeigendur öðlist íslenzkt ríkisfang. Barni, sem fæðist, eftir að foreldri þess hefur fengið íslenzkt ríkisfang með lögum, skal gefið íslenzkt eiginnafn, og það skal fá íslenzkt kenninafn."

Með lögum nr. 25 frá 1952 var sá háttur upp tekinn, að þeir, sem hétu erlendum nöfnum, skuli ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum nr. 54 frá 27. júní 1925 um mannanöfn. En fram til 1952 hafði öðlun íslenzks ríkisfangs með lögum engin áhrif á kenninafn hins nýja borgara. Þegar þessi breyting var gerð 1952, urðu um hana mjög harðar umr. hér á hv. Alþ., og það var mikil andstaða gegn þessari breytingu. Ég held, að það sé ekkert áhorfsmál, að það, sem hefur komið í ljós, er það, að umsækjendur um ríkisborgararétt — sumir hverjir — hafa ekki viljað skipta um nöfn, heldur hafa viljað halda sínu gamla nafni, og þó eru þeir miklu fleiri, sem ekki hafa sótt um ríkisborgararéttinn vegna þessa stranga — og ég vil segja ósanngjarna — ákvæðis. Mér finnst, að með þeirri breytingu, sem n. leggur til, sem samið hefur frv. um mannanöfn, sé verið að fara bil beggja, þannig að það er tekið tillit til skoðana beggja þessara hópa, sem ræddu þessi mál mjög ítarlega hér á Alþ. 1952 og niðurstaðan varð á þann veg, að þeim, sem fá ríkisborgararétt, sé ekki gert að skyldu að skipta um nafn, en hins vegar aftur tekið upp það ákvæði, að börn þeirra fái ekki ríkisborgararétt samkvæmt ákvæðum laganna frá 1952, nema þau taki upp íslenzkt eiginnafn og kenninafn samkvæmt lögum um mannanöfn. Barni, sem fæðist, eftir að foreldri þess hefur fengið íslenzkt ríkisfang með lögum, skal gefið íslenzkt eiginnafn, og það skal fá íslenzkt kenninafn.

Eins og ég sagði áðan, þá flytur allshn. sem slík ekki brtt. við 2. gr. laganna, og það kom fram í n., að hún var heldur ekki á einu máli um það, en hins vegar, eins og segir í nál. með þessu frv., áskilja einstakir nm. sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt. við 2. gr. frv. um veitingu ríkisborgararéttar. Við höfum því leyft okkur að flytja svo hljóðandi skriflega brtt. við frv. um veitingu ríkisborgararéttar:

„2. gr. orðist þannig:

Börn þeirra, sem veittur er ríkisborgararéttur með lögum þessum, fá ekki ríkisborgararétt samkvæmt ákvæðum 6. gr., sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 100/1952, nema þau taki upp íslenzkt eiginnafn og kenninafn, samkvæmt lögum um mannanöfn. Barni, sem fæðist, eftir að foreldri þess hefur fengið íslenzkt ríkisfang með lögum, skal gefið íslenzkt eiginnafn, og jafnframt skal það fá íslenzkt kenninafn." Þessi brtt. við frv. er flutt af mér, Braga Sigurjónssyni, Halldóri E. Sigurðssyni og Steingrími Pálssyni.

Ég vil leggja á það mikla áherzlu, að ég álít það mjög mikilvægt, að jafnágætir menn og þeir, sem

hafa verið að endurskoða lögin um mannanöfn, hafa náð algeru samkomulagi í þessum efnum. Ég nefndi áðan, hvaða menn það eru, sem hafa verið að endurskoða þessi lög, og þetta frv. er nú að koma hér fram, eins og ég sagði hér áðan, næstu daga. Ég tel, að þau ákvæði, sem hafa verið í gildi í sambandi við veitingu ríkisborgararéttar, hvað þetta snertir, séu ósanngjörn og það sé eðlilegt, að þeim verði breytt, og ég tel, að n., sem endurskoðað hefur lögin um íslenzk mannanöfn, hafi farið þar mjög hóflega í sakirnar og með till. hennar sé verið að taka nokkurt tillit til sjónarmiða beggja aðila, sem hér deildu fyrir tæplega 20 árum um þetta efni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 628) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Eins og glöggt kom fram hjá hv. frsm. allshn., hefur það verið mikið deilumál í tvo áratugi hér á Alþ. og annars staðar á opinberum vettvangi, hvaða reglur skyldu gilda um nöfn þeirra erlendra manna, sem Alþ. veitti ríkisborgararétt, og hefur þar sitt sýnzt hverjum. Ég hef frá upphafi persónulega verið þeirrar skoðunar, að þau ákvæði, sem verið hafa í gildi síðan 1952, væru mjög ósanngjörn og óskynsamleg og sá háttur, sem eðlilegast væri að hafa á í þessum efnum, væri sá, að erlendir aðilar, sem fengju íslenzkan ríkisborgararétt héldu sínu nafni, meðan þeir væru á lífi, en börn þeirra og næstu kynslóðir tækju síðan íslenzkt nafn. Ég flutti um þetta till. hér á hinu háa Alþ. á sínum tíma og oftar en einu sinni, en meiri hl. Alþ. reyndist þá á öðru máli. En ekki aðeins þetta atriði hefur verið umdeilt í gildandi reglum um mannanöfn. Ákvæði gildandi laga um ættarnöfn t. d. hafa verið mjög umdeild og raunar með þeim hætti, að þeim hefur engan veginn verið framfylgt.

Það hefur því í raun og veru lengi verið tímabært að endurskoða mannanafnalögin. Fyrir allmörgum árum var efnt til slíkrar endurskoðunar, en frv. þeirrar n. náði aldrei samþykki Alþ. Þess vegna þótti það tímabært fyrir einum 2—3 árum að efna til nýrrar allsherjarendurskoðunar á mannanafnalögunum, og voru til þeirrar endurskoðunar valdir hinir færustu menn, eins og fram kom í framsöguræðu hv. frsm. allshn. Nefndarstörfin hafa reynzt mun viðameiri og viðfangsefnið mun stærra en flesta mun í upphafi hafa órað fyrir og þess vegna hefur það tekið n. nokkur ár — 2—3 ár — að vinna verk sitt. En ég hafði á s. l. sumri ástæðu til þess að ætla af frásögnum formanns n., að frv. n. mundi verða svo snemma tilbúið, að hægt væri í síðasta lagi að leggja það fyrir Alþ., er það kemur hér saman eftir jólaleyfi. Því miður reyndist þetta ekki kleift m. a. vegna utanlandsdvalar eins nm., sem sérfróður er á sviði viss efnis, sem þarna er um fjallað, Ármanns Snævars prófessors, svo að niðurstaðan varð sú, að n. lauk ekki störfum fyrr en nú fyrir u. þ. b. 10 dögum, en hún hefur skilað frá sér mjög veigamiklu og að mínu viti mjög merkilegu nál. Ég vona, að hægt verði að útbýta frv. með þeim fskj., sem n. hefur samið og byggt er á mjög ítarlegum rannsóknum, alveg næstu daga hér á hinu háa Alþ.

Mér dettur auðvitað ekki í hug, að Alþ. geti tekið afstöðu til jafnveigamikils máls og hér er um að ræða á þeim stutta tíma, sem eftir er af starfstíma þingsins, en ég er þeirrar skoðunar, að málið allt sé þess eðlis, að það sé rétt að kynna það nú þegar alþm. og þjóðinni allri, þannig að hægt verði að athuga það og ræða í góðu tómi til næsta þings, og tel þá sjálfsagt, að þeir, sem þá bera ábyrgð á þessum málum, leggi málið fyrir í upphafi þess þings, þannig að næsta þing geti tekið endanlega afstöðu til málsins. En ég skal enga dul draga á það, að mér var það mikið fagnaðarefni — það var mér mikið ánægjuefni, að svo fór, að allir þeir mætu menn, sem í n. áttu sæti, reyndust sammála um það, að rétt væri að breyta gildandi lagaákvæðum um nafnbreytingarskyldu þeirra erlendu manna, sem Alþ. veitir ríkisborgararétt. Og þess vegna þykir mér vænt um, að fram hefur komið till. frá nokkrum hv. þm. um það að taka óbreytt það ákvæði þessa mannanafnafrv. inn í þetta frv. um veitingu ríkisborgararéttar, og vil ég að endingu aðeins láta þess getið, að ég styð þessa brtt. mjög eindregið og mun greiða atkv. með henni.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. allshn. gat um, þá er ekki ágreiningur um það í n. að mæla með því, að þeim 42 útlendingum, sem tilgreindir eru á þskj. 576, verði veittur ríkisborgararéttur. Það er einnig rétt, sem hv. frsm. tók fram, að einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til að fylgja brtt. við 2. gr. frv. Ég veit ekki, hverjir þessir einstöku nm. eru — sennilega tveir eða þrír í n., en vil taka það fram, að ég er ekki einn þeirra, sem stóð að þessum fyrirvara. Mér sýnist, að þau ákvæði, sem eru í 2. gr. frv., um, að þeir, sem heita erlendum nöfnum, fái ekki að öðlast ríkisborgararétt eftir lögum um mannanöfn, megi að skaðlausu standa í frv. og megi gjarnan vera í gildi, a. m. k. þangað til lagt hefur verið fyrir þingið álit mannanafnanefndarinnar, sem hæstv. ráðh. hefur skipað, till. hennar og væntanlegt frv. til nýrra mannanafnalaga.

Ég tel það vel farið, að hæstv. ráðh. hefur skipað þessa n., því að mannanafnalögin eru orðin nokkuð gömul og framkvæmd þeirra mun e. t. v. vera eitthvað áfátt og ekki óeðlilegt, að þau séu nú athuguð, og mér finnst það rétt, að hv. alþm. hafi tækifæri til þess að kynna sér eða fá yfirlit um þetta mál í heild, eins og það kemur frá n., áður en farið er að breyta þessu ákvæði, sem nú stendur í 2. gr. frv. um veitingu ríkisborgararéttar og hefur staðið þar í 20 ár. Það er misgáningur, sem mér heyrðist hv. frsm. segja, að þetta efni 2. gr. hefði verið samþ. árið 1952. Það var samþ. árið 1951 og skiptir auðvitað ekki miklu máli. En þannig var það. En á næsta

þingi á eftir, þ. e. 1952, voru miklar umr. um þetta mál, og það eru sennilega þessar umr., sem hv. frsm. hefur kynnt sér eða haft spurnir af. Ég man nokkuð eftir þessum umr., sem fram fóru um þetta mál á þinginu 1951 og sérstaklega á þinginu 1952. Ég tók að vísu ekki þátt í þeim sjálfur, en ég studdi með atkv. mínu þá till., sem fram kom, um að taka 2. gr. í lög það ár, sem síðan hefur verið gert ár hvert.

Ég held, að það sé ekki alls kostar rétt, að það hafi verið mjög mikill ágreiningur um þetta ákvæði, þegar það var sett í lög 1951. Brtt. um þetta var flutt af allshn. Nd., og n. varð sammála um það að flytja þessa till. Mig minnir og sýnist það líka á Alþingistíðindum, að þar hafi ekki verið um neina andstöðu að ræða, a. m. k. hafi hún ekki komið fram í umr., en þess skal að vísu getið, að ég hygg, að hæstv. núv. menntmrh. hafi af einhverjum ástæðum ekki verið á þingi, en hann átti þar sæti, þegar þetta var sett í lög. En í allshn., sem bar fram þessa till., voru ýmsir þjóðkunnir menn þ. á m. núv. hæstv. forsrh. og tveir fyrrv. ráðh., og er annar þeirra látinn, Finnur Jónsson, og að auki voru í n. Jörundur Brynjólfsson og Jónas Rafnar, en Jörundur Brynjólfsson hafði framsögu fyrir n. í málinu. Enn fremur tjáði þáv. menntmrh., Björn Ólafsson, sig þessum breytingum mjög fylgjandi. Þetta var á þinginu 1951.

Í ræðu, sem frsm. n., Jörundur Brynjólfsson, flutti við þetta tækifæri, segir m. a. um þessa till. n.: „Þá flytur n. auk þess till. um, að þeir útlendingar, sem hljóta hér íslenzkan ríkisborgararétt, taki upp íslenzk heiti.“ Svo er þess getið, að hæstv. menntmrh. þáv. hafi haft orð á þessu við 2. umr. málsins og bent á það réttilega, að það væri varhugavert fyrir íslenzka tungu í framtíðinni, ef það væri látið haldast svo áfram, að þessir útlendingar og niðjar þeirra héldu sínum erlendu heitum. Síðan segir frsm.: „Í framtíðinni yrði þetta mjög afkáralegt og óæskilegt, ef það yrði látið svo til ganga. Ég er alveg sammála hæstv. menntmrh. um, að þetta eru orð í tíma töluð og að rétt sé að ráða bót á þessu nú þegar. — Það kann að þykja nokkur strangleiki í því fólginn, að þessir menn þurfi jafnvel að skipta um nafn. En þegar þess er gætt, hvað okkar tunga á í hættu, þá tel ég það alls ekki of harða kröfu, ef þeim er mikið kappsmál að verða íslenzkir ríkisborgarar, þó að þeir taki sér nýtt nafn.“ Þetta sagði frsm. n., sem gerði till. fyrir 20 árum. Og síðan hlaut þessi till. samþykki þingsins, án þess að á móti henni væri mælt eftir því, sem ég get munað eða séð í Alþingistíðindum. Ég skal geta þess, að einn af þeim, sem studdu þessa breytingu, var Bjarni heitinn Benediktsson, sem síðar varð forsrh.

Þetta var á þinginu 1951, en á þinginu 1952 var einnig frv. um ríkisborgararétt til meðferðar, og þá var það, sem núv. hæstv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, kom fram með þá brtt., sem hv. frsm. allshn. var nú að mæla fyrir. Þetta hefur verið áhugamál hans alllangan tíma eða síðan 1952, að ákvæðin næðu ekki til þeirra, sem ríkisborgararéttinn fengju, heldur til barna þeirra, og á því þingi urðu um þetta mjög verulegar umr. Brtt. þessi var felld í Nd. með mjög miklum atkvæðamun, en samþ. með eins atkv. mun, ef ég man rétt, í Ed., og síðan fór málið fyrir Sþ. og var þar samþ. með allmiklum meiri hl. Það er nú ekki ófróðlegt að heyra þessar raddir þingskörunganna frá því fyrir 20 árum, sem þá töluðu í þessu máli, og hvað þeir höfðu til málanna að leggja, og ég hygg, að þeir hafi nú mælt betur fyrir þessu lagaákvæði en ég er fær um að gera. Frsm. n., sem þá var hinn sami, Jörundur Brynjólfsson, hélt alllanga ræðu um þetta mál, en einnig talaði þáv. menntmrh., Björn Ólafsson. Hann sagði m. a.:

„Mér þykir mjög vænt um að sjá, að hv. allshn. vill halda fast við þá stefnu, sem hún markaði á síðasta þingi um það, að nýir ríkisborgarar skuli nefnast íslenzkum nöfnum. Ég er henni alveg sammála um það, að ekki sé heppilegt að hafa neitt millispor í þessu efni, eins og till. hv. 3. landsk.“ — þ. e. Gylfa Þ. Gíslasonar — „gerir ráð fyrir. Till. hans er engin lausn á málinu.“ Þetta var till., sem nú er komin fram. „Þó að hann hugsi sér, að hin erlendu nöfn muni deyja út með þeim mönnum, sem fá ríkisborgararéttinn, þá er ég a. m. k. einn af þeim, sem ekki trúa á, að svo muni verða, heldur að þessi nöfn muni verða hér við lýði um aldur og ævi og niðjarnir kenna sig til hins erlenda nafns þrátt fyrir það, sem hv. þm. ætlast til um breytingu á fornöfnum þessara manna.“

Þetta sagði þáv. hæstv. menntmrh. Björn Ólafsson. Frsm. n., Jörundur Brynjólfsson, sagði m. a. og er þá að svara flm. brtt.:

„Hv. þm.“ — þ. e. Gylfi Þ. Gíslason — „telur, að mörgum finnist eins og nafnið sé hluti af sjálfum sér. Það má nú vel vera. Ég vil ekki vera með neinar getgátur um það, hvernig menn líta á það, en þess ber þó að gæta, að þegar útlendur maður á í hlut, og er ekki í sínu heimalandi, þar sem hans tungumál er ekki talað, heldur allt annað mál, og ef hann hugsar til fyrir sig að dvelja til æviloka í þessu landi og niðjar hans koma til með að dvelja þar áfram, þá finnst mér, að það hljóti að vera honum nokkur linkind, þó að hann breyti um nafn, og þá hafi minna að segja sú mikla hefð og helgi, sem kann að vera á ættarnafni hans. Ég vil taka það trúanlegt,“ segir þessi þm., „að þeir, sem sækja um ríkisfangsrétt, geri það í því skyni, að þeir vilji vera hér, þeir skoði það sem sitt föðurland orðið, þó að þeir hafi átt annað föðurland fyrir, og þeir hafi þá trú á landinu og þeirri þjóð, sem þeir taka sér bólfestu hjá, að þeir ætli niðjum sínum að lifa með þjóðinni og þá held ég, að það hljóti að vera þeim enn ríkara í huga, að það, sem niðjanna bíður í þessu efni, verði samkv. eðli þeirrar tungu, sem þeir tala, svo að það mál sé haft í heiðri, mál þess föðurlands, sem niðjar þeirra hafa tekið sér bólfestu í. Það hefði ég viljað meina, að þannig væru þeir ekki gerðir, þessir menn, þó að þeir séu komnir til fullorðinsára, að þeir meti ekki þessar ástæður fyrir niðja sína meira en það, sem þeim kann að virðast í fljótu bragði um sínar eigin tilfinningar, aðeins fyrir heiti sínu. Ég vil

engan veginn gera lítið úr þessu atriði í sjálfu sér, þar sem það á heima, en úr því að maðurinn er setztur að í allt öðru þjóðlandi, þar sem allt annað mál er talað, og úr því að hann hugsar til, að hann dvelji, — þannig verður maðurinn að taka þetta, — að hann dvelji ævi sína í þessu landi, og ef hann á niðja, þá komi þeir til með að vera þar, þá hefði ég haldið, að það væri enn helgari réttur og meira virði en þó að hann skipti um nafn um leið og hann fær íslenzkan þegnrétt. Ég meira að segja lít þannig á, að mörgum útlendum manni, sem svona er ástatt um, væri ljúft einmitt að færa þessa fórn fyrir sjálfan sig, til þess að öðlast þegnréttinn, og fyrir niðja sína. Hinir, sem þannig kann að vera ástatt um, að þeir eigi ekki niðja og það sé aðeins um þá sjálfa að ræða, þá verð ég að segja það, að ef þeim finnst það mikils virði að fá íslenzkan þegnrétt, þá held ég, að þeir verði að færa þessa fórn. Ég held, að við getum ekki tekið svo mikið tillit til þeirra, að við getum undanþegið þá, því að það er vitaskuld ekki hægt, ef hitt á ávallt að vera reglan, og þeir verði þá að færa þessa fórn, ef þeim finnst þá einhver fórn í því. Finnist þeim, að þeir geti það alls ekki, þeir geti ekki unnið það til að fá þennan þegnrétt, þá verður náttúrlega að vera án þeirra, og þó að það kunni að vera góðir menn, þá finnst mér samt, að við verðum að láta það ráðast, hvort þeir láta þetta ráða sínum óskum eða ekki."

Ég hef lesið upp hér þessa kafla úr umr. fyrir 21 ári og fyrir 20 árum til þess að menn fái að heyra, hvað fyrir þeim vakti, sem stóðu að breytingunni og ekki vildu þá samþykkja brtt. hæstv. núv. menntmrh. og þeirra, sem tekið hafa undir hana með honum. Ég hef viljað lofa mönnum að heyra, hvað fyrir þeim vakti og hvernig þeir orðuðu það, þessir þingskörungar, sem hér er um að ræða, í þann tíð. Þeir litu ekki svo á, að það væri verið að gera neinum manni órétt með þessu. Hér væri aðeins verið að vernda tunguna, og það að vernda tunguna er snar þáttur í því að vernda þjóðernið. Þeir litu svo á, að með því að veita útlendum mönnum íslenzkan ríkisborgararétt þá væri verið að veita þeim mikilsverð réttindi, sem þeim væri mikið í mun að öðlast, og það væri þá ekki nema sanngjarnt, að þeir féllu frá því að hafa með nafni sínu óhagstæð áhrif á þróun tungunnar í landinu. Og vitanlega er enginn neyddur til þess að skipta um nafn. Hér er ekki um það að ræða að knýja neinn til þess að verða hér ríkisborgari. Alþ. Íslendinga er búið að veita miklum fjölda manns ríkisborgararétt á undanförnum áratugum, og ég vil nú taka undir það, sem einnig kom fram í þessum umr., að þó að þarna sé sjálfsagt yfirleitt um gott fólk að ræða, sem þjóðinni er ávinningur að, að setjist að í landinu, þá er þetta vandmeðfarið mál og Alþ. má gæta þess að vera ekki of örlátt á þennan dýrmæta rétt. Við lítum svo á, að hann sé mikils virði, hann sé dýrmætur réttur.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð öllu fleiri. Ég er ekki fylgjandi þessari brtt., sem hér hefur verið borin fram. Ég vil a. m. k. bíða, þangað til álit mannanafnanefndarinnar kemur fram og við getum skoðað þessi mál í heild. Ég hef ekki skipt um skoðun á þessum árum, sem liðin eru síðan. Ég fylgdi þeim mönnum að málum, sem fluttu þau rök á Alþ., sem ég nú hef lýst lítillega með því að fara hér með kafla úr ræðum þeirra. Ég held, að við eigum hér nokkuð í vök að verjast, Íslendingar, við að halda uppi tungunni og þjóðerninu og íslenzkri menningu, og vökin er að þrengjast, hún er þrengri nú en hún var fyrir 20 árum. Og kannske er það einn vottur þess, að vökin sé að þrengjast, að þetta mál skuli nú vera upp tekið. En þó vil ég nú ekkert fullyrða um það, fyrr en ég sé eða heyri þá atkvgr., sem væntanlega fer fram um till. síðar hér í hv. deild.

Umr. frestað.

Á 67., 68., 69. og 70. fundi í Nd., 23., 24., 25. og 26. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Nd., 26. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 19, n. 573, 576, 628).

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs út af brtt. á þskj. 628, og ástæðan var sú, að það er beygur í mér að fylgja því, að nokkru verði breytt nú í skyndi um nafnvenjur frá því, sem verið hefur undanfarin ár. Ég ætla þess vegna að greiða atkv. á móti þessari till., þó að ég sé í raun og veru ekki alls kostar ánægður með þær reglur, sem gilda, a. m. k. tel ég, að það þurfi að íhuga það í góðu tómi, hvort halda eigi alveg óbreyttri þeirri venju, sem orðin er um nafnbreytingar erlendra manna, sem fá íslenzkan ríkisborgararétt. Tel ég, að þetta sé kannske nokkuð vafasamt og þurfi að athuga það nánar. Samt ætla ég að greiða atkv. á móti því að gera á þessu breytingu á þá lund, sem stungið er upp á í þessari till. Ég mun gera ofurlitla grein fyrir þessu.

Það læðist að mér, að það sé í aðsigi herhlaup í þá átt að breyta íslenzkum nafnvenjum þannig að leyfa á ný að taka upp ættarnöfn. Ég hef fyrir mér í þessu, held ég, nokkuð örugga vitneskju um það, að n., sem hefur starfað að þessum málum undanfarið, leggi þetta til. Ég held, að hæstv. ráðh. hafi ekki sagt neitt um þetta í sinni ræðu, en ég tel, að ég hafi sæmilegar heimildir fyrir því, að þessi uppástunga sé í nál. eða till. n. af einhverjum alveg óskiljanlegum ástæðum, sem sjálfsagt eru þar tilgreindar. En þegar svona stendur á, að í aðsigi er herferð í þessa átt, sem ég er algerlega mótfallinn, að farið verði í, þá vil ég ekki eiga neinn þátt í því að losa um þessi mál á þann hátt, sem hér er ráðgert, heldur vil ég, að þetta bíði og málið verði skoðað í heild.

Það er mín skoðun, að alveg sérstakur þokki fylgi þeirri venju, sem við höfum haft um nafngiftir, og ég tel, að það væri mjög illa farið, að við yfirgæfum þá reglu og færum að taka hér upp ættarnöfn að erlendum sið. Ég álít, að einmitt þessi háttur á nafngiftum, sem við höfum haft, sé þýðingarmikið

atriði fyrir okkur sem þjóð og geti með öðru góðu hjálpað okkur til þess að halda nösunum upp úr í þeim mikla þjóðarsjó, sem við fljótum í, og það sé því alls ekki skynsamlegt að breyta til. Ég skal ekki ræða þetta að öðru leyti nú, en aðeins segja þessi fáu orð, vegna þess að till. liggur ekki hér fyrir, en ég vil samt strax vara hv. þm. við þessu. Það er stundum með einstök mál af þessu tagi, að það er í gangi alls konar málflutningur, sem ekki ber mikið á, og þá er kannske hætt við því, að menn athugi þessi efni ekki nægilega vel eða til hlítar, áður en þeir taka að ánetjast meira eða minna, og því hygg ég, að það væri mjög nauðsynlegt, að menn hugsuðu sig vel um, áður en þeir léðu máls á því að breyta til í þessu efni, og ítarlegar og skynsamlegar umr. þurfi að fara fram um þetta mál, áður en menn færu að taka í mál að breyta um nafnvenjur.

Þá er það út af brtt. sjálfri, sem hér liggur fyrir. Mér finnst brtt. eiginlega svona hálft um hálft bera þess vott, að hún sé tekin út úr einhverju plaggi, sem gerir ráð fyrir nýrri nafnvenju. Hún er eitthvað svolítið skrýtin. Hún passar eiginlega ekki inn í þá löggjöf, sem við nú höfum um mannanöfn. Þegar ég fór að skoða hana, þá varð ég náttúrlega tortryggnari, þegar ég frétti um þessar bollaleggingar um breytingar, en ég hafði áður verið, og ég fór að bera þetta saman. Ég tek t. d. eftir því, að í þessari brtt., sem hér liggur fyrir, er tekið svo til orða, að börn þeirra, sem veittur er ríkisborgararéttur með l. þessum o. s. frv., fái ekki ríkisborgararétt, nema þau taki upp íslenzk eiginnöfn og kenninöfn samkv. l. um mannnöfn. En í gildandi l. um mannanöfn er þetta ekki sett svona upp, heldur á hver maður að heita einu íslenzku nafni eða tveimur og kenna sig til föður, móður eða kjörföður. En þessu orðalagi er ekki haldið í brtt., og það mætti segja mér, að þetta væri tekið út úr einhverju plaggi, sem gerir ráð fyrir ættarnöfnum. Það þarf að skoða þetta betur og samræma því orðalagi, sem er á gildandi l. um mannanöfn.

Ég vek líka athygli á því, að í síðustu l., sem samþ. voru um ríkisborgararétt, er þetta blátt áfram orðað þannig, að þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu ekki öðlast ríkisborgararétt með l. þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkv. l. um mannanöfn. En þessu orðalagi er ekki haldið í þessari brtt., heldur er hér farið að tala um eitthvað tvennt sundurgreint í þessu sambandi, þ. e. um íslenzkt eiginnafn og kenninafn. Þetta bendir allt í þá átt, að þetta sé ættað einhvers staðar annars staðar frá en úr gildandi l. um mannanöfn og það sé tæplega höfð í huga sú nafngiftavenja, sem við notum nú, heldur eitthvað nýtt.

Þá vil ég enn fremur benda á það, að í síðari mgr. brtt. stendur: „Barni, sem fæðist eftir að foreldri þess hefur fengið íslenzkt ríkisfang með l., skal gefið íslenzkt eiginnafn, og jafnframt skal það fá íslenzkt kenninafn.“ Þetta eru synir eða dætur þeirra manna, sem fá ríkisfang og fá að halda þeim nöfnum, sem greind eru á þskj. 576. Það eru þau börn, sem rætt er um í þessari mgr. Og þá er mér spurn: Þarf ekki faðirinn, ef íslenzku nafnavenjunni á að halda, að hafa nafn, sem hægt er að kenna sig við? Verður ekki að hugsa þetta skýrt? Verður ekki faðirinn að hafa nafn, sem hægt er að kenna sig við? Og það er ekki hægt að kenna sig við sum af þeim nöfnum, sem hér eru á þessu þskj. Ég vil ekki kasta hér nöfnum manna fram og aftur um þingsalinn, en það hlýtur að liggja hverjum manni í augum uppi, að það er ekki hægt að kenna sig, svo að vel fari eða viðunandi sé, t. d. við nafn nr. 13, nr. 31, 35 og 40, og þannig mætti halda áfram að telja.

Vilji menn breyta um frá því, sem verið hefur, þá þarf að skoða þetta og setja einhver skýr og skynsamleg ákvæði um það, hvernig ákvarða á föðurnafnið. Og þá kemur ýmislegt til greina. T. d. gæti þar komið til greina, að þó að mönnum væri ekki skylt að breyta alveg um nafn, þá væri mönnum skylt, þegar þeir öðlast ríkisborgararétt með lögum, að taka nafn til viðbótar, sem börnin gætu kennt sig við, þannig að íslenzkri nafnvenju yrði haldið. Þetta er ein leiðin, sem hugsanleg er. Önnur leið er aðeins hugsanleg, en þó sýnist mér hún alls ekki samrýmast íslenzkri nafnvenju. Hún er sú að skíra barnið t. d. eiginnafni og föðurnafni, t. d. Sigríður Jónsdóttir. Og þetta Jónsdóttir, sem þar væri komið inn, hefði sama gildi og faðirinn hefði heitið Jón. En ég vona, að menn sjái það af því, sem ég hef verið að taka fram, að við þurfum að skoða þetta vel — einnig þeir, sem ekki telja rétt, að menn breyti um nafn, þegar þeir fá ríkisborgararétt. Það er ekki hægt að samþykkja þessa till. Það verður þá að semja alveg nýja till., sem er óumdeilanlega miðuð við gildandi lög um mannanöfn og alla tilhögun.

Ég held, að ástæðan til þess, hvað þetta er skrýtið, sé sú, að þetta sé tekið út úr frv., sem gerir ráð fyrir ættarnöfnum. Ég hef ekki séð það, en ég sé, að það hlýtur að vera þannig, því að það er farið að gera þarna fullum fetum ráð fyrir tveimur nöfnum, eiginnafni og kenninafni. Ég vil ekki eiga þátt í því að bora gat á mannanafnalögin á þennan hátt — alls ekki — og tel, að langeinfaldast og eðlilegast á allan hátt sé að skoða þetta í einni heild og menn gefi sér tóm til þess og bíði þá eftir að sjá það frv., sem samið hefur verið. Ég vona, að við eigum það ekki eftir að fara að samþykkja að breyta um nafnvenju.

Ég hef þá ósk fram að færa í lokin, að þetta verði tekið til skoðunar í n. Þetta er ekkert hégómamál, sem hér er verið að tala um, því að þetta snertir mannanafnalöggjöfina. Ekki má koma á þetta ringulreið. Allshn. þarf að fá tóm til þess að skoða þessa brtt., og helzt vildi ég fara fram á, að hún yrði tekin til baka, þannig að við sættumst á það að bíða með þetta mál, þangað til mannanafnamálið kemur í heild og við höfum séð álitið, sem undirbúið hefur verið á vegum hæstv. ráðh. Þessu liggur ekkert á.

Umr. frestað.

Á 72. fundi í Nd., s. d., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Það vildi svo til fyrir allmörgum árum, að ég kom hér inn á Alþ. sem varamaður Jóns á Reynistað. Þá daga, sem ég sat á þingi þá, var veiting ríkisborgararéttar hér til meðferðar í þinginu. Ég sagði nokkur orð um málið þá, og þá var einmitt mikið talað um 2. gr. frv., og ég lýsti þá stuðningi mínum við þá gr. Ég er sama sinnis enn og ég var þá, að ég tel, að við eigum ekki að sinni a. m. k. að breyta þessari gr. Og ég vil mjög svo taka undir það, sem hv. 1. þm. Austf. sagði hér rétt áðan, að mér sýnast þeir vankantar vera á brtt. — hann lýsti henni ræki lega — að ég tel ekki heppilegt, að við förum að samþykkja hana, enda er mér tjáð, að nafnalögin séu í endurskoðun og þess sé að vænta, að frv. komi fram um það mál annaðhvort á þessu þingi eða þinginu í haust, og ég tel því rétt alveg eins og hv. 1. þm. Austf., að þessi mál verði þá skoðuð öll í heild.

Ég skal vera mjög stuttorður, herra forseti, en ég viðurkenni það, að það getur verið mjög viðkvæmt mál fyrir fólk að leggja niður nafn sitt, en ég bendi þá á það, að með því að veita þessu fólki íslenzkan ríkisborgararétt erum við að veita þessu fólki að mínum dómi mikinn rétt, og mér finnst það ekki vera svo mjög útlátasamt fyrir þetta fólk að leggja fram þá fórn að breyta nafni sínu til samræmis við íslenzkt málfar fyrir það að fá þennan mjög svo mikilsverða rétt. Nú er það í mörgum tilfellum svo, ef við lítum t. d. á brtt. hv. allshn. eða á frv. sjálft, að hér er í rauninni ekki um neina breytingu að ræða í sjálfu sér. Það er t. d. hér maður, sem heitir Alfred Theodor Christensen. Ég get ekki meint, að það geti verið nein útlát fyrir þennan mann að heita Alfreð Kristjánsson. Ég skil ekki, að það þyrfti neitt að særa hann, þótt hann héti Theódór Kristjánsson, sem mér þykir þó fremur leiðinlegt nafn í íslenzku. Alfreð er, held ég, þó norrænt nafn. Og svona er um fleiri. Johannessen, Carl Martin, gæti heitið Karl Jóhannesson eða Marteinn Jóhannesson. Þetta breytir sem sé að mínum dómi engu fyrir þetta fólk.

En svo eru líka hér önnur nöfn, sem ég á erfiðara með að þýða á íslenzka tungu, en það eru líka nöfn, sem ég kann alls ekki að bera fram, og það mundi taka þó nokkurn tíma að muna það, hvernig ætti að skrifa þau. Gæti það ekki valdið sárindum fyrir þetta fólk, þegar við væntanlegir samlandar þess förum að bögglast á nöfnum þess, kunnum ekki að bera þau fram og kunnum ekki að skrifa þau. Ég held, að það gæti líka valdið sársauka. Ég veit t. d. ekkert, hvernig ég á að bera fram, svo að rétt sé, nafn nr. 40, Vasulka, Bohuslav. Ég veit ekki, hvar ég á að setja áherzlur. Ég kann ekki þetta mál og veit ekki, hvar ég á að hafa áherzlur á þessum orðum, þannig að þessum manni sárnaði ekki við mig, þegar ég væri að tönnlast á nafni hans. Ég ætla ekki að segja fleira um þetta. Ég er á móti brtt. og legg eindregið til, að hún sé felld og við höldum okkur við það, sem við höfum haft á undanförnum árum í þessum efnum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 75. fundi í Nd., 29. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 576 (ný 1. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 628 tekin aftur til 3. umr.
2.—3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 79., 80. og 82. fundi í Nd., 31. marz, 1. og 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 83. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 709, 628, 715, 745, 760).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það hefur liðið óvenjulangt á milli umr. um veitingu ríkisborgararéttar. Sá háttur hefur verið hafður á hjá allshn. þingsins, að umsóknir, sem hafa komið á milli umr., hafa verið teknar til greina, ef viðkomandi umsækjendur hafa uppfyllt þau skilyrði og reglur, sem settar eru fyrir veitingu ríkisborgararéttar, og hefur allshn. orðið sammála um að leggja til, að 16 aðilar til viðbótar við þá, sem samþykktir voru við 2. umr., verði nú teknir inn í 1. gr. frv. og þeim verði þar með veittur ríkisborgararéttur, en það eru samkv. brtt. n. 12 umsækjendur á þskj. nr. 715, einn á þskj. nr. 745 og þrír á þskj. nr. 760. Þegar frv. þetta var til umr. við 2. umr., þá var ég því miður ekki viðstaddur, þegar framhaldsumr. fóru fram. Þá tóku til máls tveir hv. þm., sem andmæltu mjög þeirri till., sem ég hef leyft mér ásamt hv. 9. landsk. þm., 3. þm. Vesturl. og 8. landsk. þm. að flytja þess efnis, að 2. gr. frv. orðist þannig:

„Börn þeirra, sem veittur er ríkisborgararéttur með lögum þessum, fá ekki ríkisborgararétt samkv. ákvæðum 6. gr., sbr. 1. mgr. 5. gr. l. nr. 100/1952, nema þau taki upp íslenzkt eiginnafn og kenninafn, samkv. l. um mannanöfn. Barni, sem fæðist, eftir að foreldri þess hefur fengið íslenzkt ríkisfang með lögum, skal gefið íslenzkt eiginnafn, og jafnframt skal það fá íslenzkt kenninafn.“

Það hafa þrír hv. þm. talað gegn þessari till. 1. þm. Norðurl. e. flutti hér langa ræðu og las upp úr 20 ára gamalli ræðu úr Alþingistíðindum, og honum tókst það prýðilega að öðru leyti en því, að honum tókst alls ekki að sannfæra mig um ágæti þeirrar gömlu ræðu. Það breytir ekki efni þessa máls, jafnvel þó að hann hafi fengið liðsstyrk tveggja ágætra manna, 1. þm. Austf. og 2. þm. Norðurl. v., við þessa ágætu lausn, sem Alþ. fann fyrir tæpum 20 árum, og þó að þeir telji nú, að öllu hinu íslenzka nafnkerfi sé gerbreytt og siglt í bráðan voða með samþykki þessarar till. Menn eru mismunandi íhaldssamir á það, sem þeir hafa fengið samþykkt. Jafnvel þó að það hafi verið fyrir 20

árum, vilja þeir halda í það dauðahaldi. Þessi heilaga þrenning, sem hér flutti sínar ræður um þessi efni, má auðvitað hafa sínar skoðanir á hlutunum, en ég breyti ekki minni afstöðu þrátt fyrir það.

Ég sé heldur enga ástæðu til þess að halda hér uppi löngum ræðuhöldum með lestri úr Alþingistíðindum, heldur finnst mér, að ganga eigi hreint til verks, þar sem menn hafa haft þessa till. það lengi — svo er guði fyrir að þakka, en þó alveg sérstaklega forseta Nd., því að hann hefur gengið á snið við þetta frv. og dagskrána nú marga daga í röð. Það hefur ýmist verið fyrsta eða síðasta mál á dagskránni, en honum hefur á meistaralegan hátt tekizt að fara svo í kringum þetta mál, að það hefur ekki komið hér til umr. í marga daga. En nú er loks sú stóra stund upp runnin, að þessir ágætu menn geta talað aftur gegn þessari till. og haldið fast við þá 20 ára venju, að enginn maður megi fá ríkisborgararétt, nema hann leggi niður nafn sitt, og það sé alveg stórkostlegt atriði fyrir hvern og einn, að til þess að fá ríkisborgararétt á Íslandi eigi honum ekki að vera neitt heilagt, — hann á að kasta nafni sínu, og það á að hafa verið með alveg sérstökum sóma, hvernig þessum málum hefur verið fyrir komið. Mig langar að minna þessa hv. þm. á það og kannske ekki síður aðra, að það, sem hefur verið í gildi, er ekki til sóma.

Ég ætla aðeins að segja frá einni umsókn. Ungri konu var veittur ríkisborgararéttur, og hún hafði ekki gert sér grein fyrir því, að hún þyrfti að skipta um nafn. Þegar kom að þeirri stóru stund, að hún þurfti að skipta um nafn, þá þótti henni vænna um nafnið sitt en ríkisborgararéttinn, en þó sérstaklega vænna um nafnið hennar ömmu sinnar, svo að hún vildi fremur sleppa því að verða íslenzkur ríkisborgari. Nú vill svo til, að þessi kona var fædd á Íslandi og átti íslenzkan föður. Þegar hún er á unglingsárum, flytur faðir hennar til Danmerkur og gerist þar danskur ríkisborgari, en unga stúlkan flytur til Íslands eitthvað 17—18 ára, og nú hafði hún glatað ríkisfangi sínu vegna þess, að faðir hennar var danskur ríkisborgari. Hún giftist íslenzkum manni, og hún á börn, en móðir hennar var dönsk, og hún var skírð í höfuðið á ömmu sinni, sem hét því ókristilega nafni Lúsía — með essi m. a. s. — og var Ásgeirsdóttir. En hún fær bara alls ekki ríkisborgararétt. Hún getur fengið hann, þó að hún sé Ásgeirsdóttir, en hún fær ekki ríkisborgararéttinn, af því að hún heitir Lúsía. Nú þætti mér gaman að spyrja eina vígða manninn á Alþ., sem er meðlimur í þessari heilögu þrenningu, sem talaði hér í þessu máli, hvort hann og hans starfsbræður hafi ekki skírt mörg börn óíslenzkara nafni en þessu. Ég veit, að prestar hafa skírt þessu nafni og einnig nafninu Lúsinda, og ég veit ekki hvað og hvað. Ég skal ekki segja um þennan ágæta vin okkar og eina prest, sem hér er. Það getur vel verið, að hann einn hafi hreinan skjöld í þessum efnum. En flestir íslenzkir prestar hafa skírt íslenzk börn nöfnum, sem hindra erlenda menn í að fá ríkisborgararétt, ef þeir bera þau.

Ég las ræðu hv. 1. þm. Austf. Þar segir hann, að brtt. okkar, þessara fjögurra, sem flutt er á þskj. 628, fái ekki staðizt og við séum að miða till. við frv., sem ekki sé orðið að lögum og mannanafnanefndin hefur samið, en okkar till. er í fullu samræmi við gildandi nafnalög. Hver er munurinn á því að leyfa manni, sem er erlendur ríkisborgari og fær réttindi til að vera íslenzkur ríkisborgari, að halda nafni sínu, og því að gera börnum hans, sem fæðast, eftir að hann fær íslenzkan ríkisborgararétt, skylt að bera íslenzkt eiginnafn og taka sér íslenzkt kenninafn? Hver er munurinn á því að skipa pabbanum ekki að taka upp íslenzkt kenninafn og því að láta barn hans taka það upp, þannig að þetta brjóti ekki þá hefð eða það nafnkerfi, sem við viljum allir og erum allir sammála um að halda í? Það er aðeins verið að játa þeirri staðreynd, að það sé ósanngjarnt að krefjast þessarar nafnbreytingar. Það er mjög táknrænt fyrir það dæmi, sem ég nefndi áðan, að þessi ágæta kona, sem ég nefni, á systur, sem heitir Kristín, en hún giftist í Þýzkalandi og er búsett þar. Hún má auðvitað halda sínu nafni þar.

Mér finnst þetta vera furðuleg þröngsýni og þrákelkni að halda svona í þessa 20 ára gömlu samþykkt, sem var þá gerð að óskaplega miklu tilfinningamáli hér á Alþ. Það er rétt eins og verið sé að umturna íslenzkum nafnalögum, ef þetta kemst á. Og ég vil mjög gjarnan láta reyna á þetta. Auðvitað verða allir að taka því, hvort þeir verða í meiri hl. eða minni hl., hvort hér eru í meiri hl. í hv. þd. menn, sem vilja halda í þetta gamla kerfi, þennan 20 ára gamla óskapnað, sem Alþ. þá setti, eða hvort það eru frjálslyndari menn, sem nú skipa meiri hl. þessarar hv. þd., sem vilja játa þeirri staðreynd, að þetta hefur reynzt illa í framkvæmd. Ég hygg, að það sé ástæðulaust með öllu að eyða tíma þingsins í að lesa upp gamlar ræður, því að ég hygg, að þm. séu almennt það ákveðnir í skoðunum og hugsun, að þeir geti alveg tekið afstöðu til þessa máls, þó að bara sé miðað við líðandi stund.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Hv. 2. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, sagði hér nokkur orð til þess að mæla á ný fyrir brtt. á þskj. 628. Ég fór fram á það við 2. umr. málsins, að flm. tækju þessa till. til baka eða a. m. k. semdu hana um á ný, þannig að hún gæti samræmzt íslenzkum nafnalögum og íslenzkri nafnvenju. En það getur þessi brtt. alls ekki, eins og ég sýndi greinilega fram á í minni ræðu um daginn, og hv. þm. kom ekkert inn á það í því máli, sem hann flutti hér áðan. Ég gat einnig um, að það gerði mig tortryggnari í þessu máli og ákveðnari í því að mæla með því, að þessi till. yrði ekki samþ., að fréttir hefðu borizt um, að búið væri að semja á vegum sérstakrar mþn. frv. um ný nafnalög, þar sem gert væri ráð fyrir því, að menn

tækju upp ættarnöfn. Ég gat ekki betur séð og get ekki betur séð enn — og ég bið hv. þm. að mótmæla því, ef það er rangt — að þessi brtt. sé tekin upp úr þessu frv., þó að ég hafi ekki séð það. Þessi brtt. er miðuð við, að það viðgangist á Íslandi eiginnöfn og kenninöfn, en eftir gildandi nafnalöggjöf er því ekki þannig varið, heldur kenna menn sig við föður sinn eða móður. En það er ekki gert ráð fyrir því í þessari till., að sá háttur verði hafður á. Ég sé því ekki betur en þetta hljóti að vera tekið úr þessu frv., og ég bið þá hv. þm. að mótmæla því, ef það er ekki rétt.

Ég undrast, að hv. þm., sem hafa áhuga á því að breyta til um nafnvenju þeirra, sem fá ríkisborgararétt með lögum, skuli semja brtt. á þessa lund, en ekki brtt., sem alveg tvímælalaust er miðuð við íslenzka nafnalöggjöf. Það gætu þeir gert með því að nota svipað orðalag eða sama orðalag og er í okkar nafnalöggjöf og er í síðustu gildandi l. um ríkisborgararétt. En það gera þeir ekki, heldur er þessi nýi háttur upp tekinn, og ég sé ekki betur, eins og ég tók þá til orða, en ekki yrði aðeins horfið frá því að gera erlendum mönnum, sem fá ríkisborgararétt með lögum, skylt að taka upp íslenzk nöfn, heldur væri breytt raunverulega íslenzkri nafnavenju, ef brtt. yrði samþykkt. Það væri með því borað gat á íslenzka nafnalöggjöf. Ég sé ekki betur en svo yrði gert með þessu, og í því sambandi benti ég á þetta og spurði um það, og því hefur hv. þm. ekki svarað, hvernig ætti að framkvæma þessa till., sem hér liggur fyrir, ef hún yrði gerð að lagaákvæði. Hvernig ætti t. d. að kenna son eða dóttur við nöfn þeirra sumra, sem hér eiga hlut að máli, svo að vel færi eftir íslenzkri nafnvenju? Það er ekki hugsanlegt. Og þá spurði ég: Ef þetta er viðurkennt, sem hlýtur að verða, ef menn íhuga þetta, hvenær eiga þessir menn, sem hér eiga hlut að máli, að fá íslenzkt nafn, sem hægt er að kenna sig við eftir íslenzkri nafnvenju? Hvenær eiga þeir að fá það nafn? Ef gera á þessa breytingu, sem hv. þm. og aðrir eru að tala um, þá þyrfti að setja í l. ákvæði um, að menn fengju sér íslenzkt nafn til viðbótar sínu gamla nafni, um leið og þeir fengju ríkisborgararétt t. d. til þess, að afkomendurnir gætu kennt sig við það eftir íslenzkri nafnvenju, orðið t. d. Sigurðsson eða Sigurðardóttir o. s. frv. Annaðhvort verður að gera þetta eða setja verður það í lög, að skíra skuli feðurna nýju nafni, um leið og þeir koma með barnið til skírnar, sem hægt er þá að kenna barnið við.

Það er óhugsandi að samþykkja þessa till., eins og hún liggur fyrir, og ég er alveg hissa á því, að hv. þm., góðir og gegnir menn, skuli ekki hafa notfært sér þessar ábendingar, sem ég gaf við umr. um daginn til þess að umsemja till., þannig að hún fjalli þá aðeins um það, sem þeir hafa áhuga á, sem sé að leysa útlendingana frá því að breyta um nafn, um leið og þeir fá ríkisborgararéttinn. En kannske er þetta vegna þess, að hv. þm. finna, að það er mjög erfitt að samrýma slíka framkvæmd íslenzkri nafnvenju. Nú vil ég ekkert fullyrða um, nema hægt væri, ef vel væri gengið frá lagaákvæðinu, að finna slíka leið. En þessi brtt. fær ekki staðizt, og þess vegna mælti ég gegn því, að hún yrði lögfest.

Ég ætla ekki að fara að kappræða hér um það, hvort það geti komið til greina að breyta þessari venju varðandi nafnskipti útlendinga. Það er mál út af fyrir sig. Ég vil hins vegar alls ekki ljá máls á því að breyta einu né neinu í nafnalögunum nú í skyndi, sízt þegar það liggur fyrir, að búið er að endurskoða þau í heild, og við eigum von á slíku frv., að mér skilst, í haust. Ég vil því alls ekki vera með í að breyta neinu núna. Ég vil, að þetta sé skoðað í heild. Og allra sízt finnst mér ástæða til þess að samþykkja brtt., sem ekki getur samrýmzt gildandi nafnalöggjöf. En þó að hv. þm. og aðrir legðu nú vinnu í það að umsemja þessa brtt. og gera hana þannig t. d., að mönnum verði skylt að fá sér viðbótarnafn strax, sem hægt væri að kenna afkomendurna við eða settu t. d. ákvæði um það, að feðurnir yrðu skírðir íslenzku nafni, sem hægt væri að kenna sig við, um leið og þeir færu með börn sín til kirkju, þá mundi ég samt ekki greiða henni atkv. m. a. vegna þess, að ég vil ekki breyta neinu núna. Ég vil sjá, hvað til stendur í sambandi við nafnalöggjöfina, áður en ég tek nokkurn þátt í því að endurskoða nafnvenjuna, sem hefur átt sér stað í sambandi við ríkisborgararéttinn.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Ég hafði raunar ekki ætlað mér að tala meira um þetta mál en ég gerði við 2. umr. þess. Ég mælti þá nokkur orð til þess að mæla gegn brtt., sem hv. 2. þm. Vestf. flutti, og ég verð enn að taka undir það, sem hv. 1. þm. Austf. segir hér, að mér sýnist till., eins og hún er, gersamlega óframkvæmanleg, því að eigi að gefa barni íslenzkt nafn — það þarf nú ekki raunar að skíra það, því að skírn og nafngift er sitt hvað — þá verður um leið að breyta nafni föðurins, sem honum er sjálfsagt kært, ef taka á mark á því, sem hv. þm. heldur fram og breyta því í íslenzkt nafn. Ég hefði því talið rétt og raunar óskað eftir því, að hv. þm. og þeir aðrir, sem flytja með honum þessa brtt., taki hana aftur og bíði þess, að endurskoðun nafnalaganna fari fram. Það veldur mér engum sárindum, þó að hv. þm. kenni mig við íhald. Ég hef aldrei skammazt mín fyrir það að vera nefndur íhaldsmaður, fremur talið mér það til lofs en lasts. Og ég segi það, að það veitir ekkert af því, að það séu íhaldsmenn bæði hér á hinu háa Alþ. og meðal þjóðarinnar, þegar slíkir frjálslyndismenn eins og þessi hv. þm. bera fram jafnvitlausar till. og hann hefur gert í þessu máli — till., sem er ómögulegt að framkvæma og enginn botnar í.

Hann beindi til mín spurningu sem prests og spurði mig að því, hvort prestar hefðu aldrei skírt nöfnum, sem væru jafnvel ónefni. Jú, því miður. Prestar hafa gert þetta. Og brotið með því lög. Ég geri nú ekki mikið af því að skíra, því að ég er prestur í fámennu prestakalli, en það hefur, held ég, tvisvar komið fyrir, að ég hef neitað að skíra barn nafni, sem beðið var um. Ég gat komizt að samkomulagi við foreldrana um þetta, eftir að við

höfðum talað saman, og það olli engum sárindum, og það hygg ég, að prestar gætu yfirleitt, ef þeir reyndu það. En ég held, að það hafi verið tekið fram, þegar nafnalögin voru sett — ég man ekki, hvaða ár það var, það mun hafa verið á áratugnum á milli 1920 og 1930 — að heimspekideild háskólans gæfi út nafnaskrá, þar sem þau nöfn voru tiltekin, sem talin eru góð og gild íslenzk nöfn. Ég hef aldrei séð þetta verk heimspekideildar, og ég efast um, að það sé til enn.

En hvað því viðvíkur, að það valdi fólki miklum sárindum að breyta um nafn, eins og verið er að tala um. Þegar við lítum á þetta frv. og þær brtt., sem því fylgja, sjáum við, að hér eru þó nokkuð margar húsmæður. Ég tel víst, að þessar konur séu giftar konur og yfirleitt giftar íslenzkum mönnum. Ætli það sé ekki svo í flestum tilfellum, að þessar konur séu nú þegar búnar að kasta kenninafni sínu og kenni sig við föðurnafn manns síns. Ég hygg svo vera. Ég kom á framfæri umsókn um ríkisborgararétt fyrir eina konu norður í Skagafirði, sem kennir sig við tengdaföður sinn. Við skulum líta á brtt. á þskj. 576 — á 25. liðinn. Þar stendur: Mortensen, Justa Alexandra Johanna Petrina. Það er nú eitt út af fyrir sig, að það fer algerlega í bága við íslenzk lög, að fólk heiti 4—5 nöfnum. Nú veit ég ekki, hver maður þessarar konu er. Hún er talin húsmóðir, og ég reikna með því, að hún sé gift. Það má vel vera, að hún kalli sig Justu Jónsson. Ég nefni það sem dæmi. Ég get ekki skilið, að það geti valdið þessari konu nokkrum sárindum að kalla sig Jóhönnu Marteinsdóttur, sem sé að kenna sig við föður sinn Martein og vera dóttir hans í stað þess að vera sonur tengdaföður síns.

Nei, ég fellst sem sé ekki á þessa brtt. Það getur valdið í einstaka tilfellum miklum sárindum fyrir fólk að hafna nafni sínu, en ég held, eins og ég sagði hér um daginn við 2. umr. málsins, að það sé svo mikils virði fyrir þetta fólk að fá þennan rétt, að það sé í raun og veru ekki of gott til þess að færa nöfn sín til íslenzks málfars.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar liggur nú fyrir þessari hv. d. til 3. umr. Á milli umr. hefur allshn. enn ákveðið að bera fram till. um fleiri útlendinga, sem hljóta skuli íslenzkan ríkisborgararétt, en voru í frv. upphaflega. Sumt af því hefur verið ákveðið á nefndarfundi og sumt utan funda, en mun allt hafa fengið venjulega athugun og yfirleitt vera í samræmi við þær reglur, sem upp hafa verið teknar um skilyrði fyrir því að geta öðlazt íslenzkan ríkisborgararétt. Má þó vera, að um suma þá, sem hér er um að ræða, orki nokkuð tvímælis, hvort þar eru uppfyllt fyllilega skilyrðin, sérstaklega að því er varðar lengd dvalartíma hér á landi, en þá mun yfirleitt ekki vanta mikið upp á þann tíma, sem tilskilinn er samkv. þeim reglum, sem settar voru fram á sínum tíma um þetta efni. Ég ætla því ekki að gera aths. við þessar brtt., enda stend ég að þeim ásamt öðrum allshnm., en hitt vil ég segja, að ég hygg, að það væri rétt að endurskoða reglurnar, sem settar hafa verið um skilyrðin fyrir því að verða íslenzkur ríkisborgari. Það er nokkuð langt, síðan þær voru settar og því er náttúrlega ekki að neita, að þetta er nokkuð mikill fjöldi manna, sem fær þennan rétt á ári hverju. Ég gæti trúað því, að á undanförnum tveimur áratugum væri það nokkuð mikið á 2. þús. manns, sem hefur fengið ríkisborgararétt með lögum og frá ýmsum löndum. En þetta er nú almenn aths. varðandi framtíðina.

Þetta frv. um ríkisborgararétt er nú, eins og ég sagði, til 3. umr., en ef þær brtt., sem n. hefur borið fram um að bæta við frv. nýjum ríkisborgurum, verða samþykktar, þarf málið að fara aftur til Nd. Ég geri ekki ráð fyrir því, að það muni í sjálfu sér vera nein andstaða gegn því að afgreiða frv. eins og það nú liggur fyrir með þeim nöfnum, sem þar hafa verið tekin inn, og málið ætti því að geta gengið greiðlega gegnum þingið, ef ekki hefði komið fram við 2. umr. brtt., sem gerir í raun og veru þetta frv. að nýju máli — og það ágreiningsmáli — hér í þinginu. Ég vil eins og hv. síðasti ræðumaður beina því til hv. flm. brtt., sem hér liggur fyrir og tekin var aftur við 2. umr., hvort þeir geti ekki hugsað sér það að taka hana aftur. Það er ekki verið að fara fram á, að þeir breyti neitt skoðun sinni, en þeir taki hana aftur með tilliti til þess, að nú er orðið mjög áliðið þings og um þetta mál geti orðið töluvert miklar umr. bæði hér í d. og einnig í Ed. og er þá vandséð, að aðalefni frv., þ. e. veiting ríkisborgararéttarins, geti náð fram á þeim stutta tíma, sem eftir er af þingi.

Önnur ástæða, sem mér finnst vera til þess, að þeir ættu að geta hugsað sér að taka þessa till. aftur, er sú, að eftir því, sem upplýst hefur verið, hefur verið starfandi stjórnskipuð n. við endurskoðun nafnalaganna frá 1925 og sú n. mun þegar hafa skilað till., sem sennilega eru til athugunar í rn., og þessar till. virðast einhverjir þm. hafa séð eða vera kunnugir efni þeirra, t. d. 1. flm. brtt., sem hér er um að ræða við 2. gr. Mér sýnist, en vera má, að mér missýnist um það, að þessi till., brtt. við 2. gr. l., sé í raun og veru fram komin sem fyrsta skref í þá átt að afnema nafnalögin frá 1925 og íslenzkan nafnasið. Ef það fer svo, að útlendingum verði leyft að gerast hér ríkisborgarar með erlendum nöfnum, þá eru það í sjálfu sér nothæf rök gegn því að meina Íslendingum að bera íslenzk ættarnöfn, a. m. k. mundi einhverjum þykja það nothæf rök. Ég verð að segja það líka eins og fleiri hafa sagt, að ég efast um, að það sé framkvæmanlegt, sem í brtt. stendur, að leyfa hinum nýju ríkisborgurum að bera erlend nöfn — þeim, sem borgararéttinn fá, og ætla svo að taka þennan rétt af börnum þeirra. Ég efast um, að það reynist framkvæmanlegt, því að ég held, að það verði spurt, eins og einhver maður spurði um daginn: Hvers eiga börnin að gjalda? Þegar búið er að leyfa feðrum þeirra að vera íslenzkir ríkisborgarar með útlendum nöfnum, hví skyldi þá ekki einnig leyfa börnunum að halda nöfnum feðra sinna og

mæðra. Þessi rök, held ég, að hljóti að koma fram á sínum tíma.

Ég las við 2. umr. upp úr ræðum, sem fluttar voru á Alþ. á árunum 1951 og 1952 um 2. gr. þessa frv., þegar hún var sett í lög. Nú eru gerðar tilraunir til þess að afnema hana og breyta henni. Ég las ekki eina ræðu, heldur tvær. Ég las kafla úr ræðu eftir þáv. form. allshn. þessarar d., sem flutti till. um íslenzku nöfnin, og ég las úr ræðu eftir þáv. menntmrh., sem var þessu máli fylgjandi. Og ég gerði þetta vegna þess, að í þessum ræðum voru mjög skýr rök í þessu máli, sem tekin voru gild þá og eru enn gild — hin sömu rök. Ég tók hérna með mér upp á borðið Alþingistíðindi B-deild frá 1925, og sé ég, að hv. 2. þm. Vestf. þykir nú nóg um, ef ég fer að lesa upp úr þeim. En ég ætla nú ekki að gera það, heldur aðeins minna á það, að þar eru ræður um þessi mál, sem hv. þm. og fleiri hefðu gott af að lesa.

Árið 1913 voru hér fyrst sett nafnalög, að ég ætla, og með þeim nafnalögum var eiginlega lagður grundvöllur að upptöku íslenzkra ættarnafna hér á landi, og sett var á laggirnar, ef ég man rétt, n. til þess að gera till. um íslenzk ættarnöfn, og þessi nafnanefnd skilaði áliti, sem var mjög umrætt á sínum tíma, þar sem gerðar voru till. um það, hvernig íslenzk ættarnöfn ættu að vera. Á þessum tíma frá 1913 og fram yfir 1920 var töluvert um það, að íslenzk ættarnöfn voru tekin upp. En árið 1923 var það, að ég ætla, sem Bjarni Jónsson frá Vogi flutti frv. til nýrra nafnalaga og endurflutti síðan árið 1925. Það var frv. Bjarna frá Vogi að miklu leyti óbreytt, sem þá var samþ. og eru gildandi nafnalög hér á landi. Hann var frumkvöðull og forustumaður þessa máls. Og í þessum Alþingistíðindum hér eru enn athyglisverðar ræður um þetta.

Annar þingskörungur og þjóðkunnur maður, sem þá talaði í þessu máli, þá ungur maður og nýkominn á þing, Tryggvi Þórhallsson, gerði grein fyrir því, hvers vegna hann væri sammála Bjarna frá Vogi og vildi ekki hafa hér ættarnöfn. Hann færði fram ýmis rök fyrir því, og ein þeirra raka, sem mér þóttu sérstaklega athyglisverð, voru þau, að hann taldi, að íslenzkri ættfræði stafaði mikil hætta af því, ef ættarnöfn yrðu hér algeng. Hann taldi sem og fleiri gera, að hér á Íslandi væru alveg sérstök skilyrði til þess að stunda ættfræði sem vísindagrein, og benti á það til sérstakrar umhugsunar, að fyrsta bókin, sem rituð hefði verið á íslenzka tungu, fjallaði að verulegu leyti um ættfræði. Og nú er það svo á vorum tímum, að einnig mannfræðingar og læknar eru farnir að hafa sérstakan áhuga á ættfræðinni og sér í lagi hinni íslenzku ættfræði, vegna þess að með aðstoð ættfræðinnar er hægt að uppgötva mannfræðileg og heilsufræðileg sannindi. En því er ég að tala um nafnalögin frá 1925 og um ættfræðina, að ég held, eins og ég sagði áðan, að ef þessi till. yrði samþ., sem hér liggur fyrir, þá væri verið að stíga fyrsta skrefið í þá átt að innleiða ættarnafnasið að nýju á Íslandi — þennan sið, sem til stóð að innleiða með nafnalögunum 1913, en síðan var ákveðið með nafnalögunum frá 1925 að standa gegn, að innleiddur yrði. Það getur vel verið, að þeir, sem vilja halda við íslenzkum nafnasið — og ég hygg, að það sé enn sem komið er nokkuð mikill meiri hl. þjóðarinnar — lúti í lægra haldi, þegar tímar líða. Það getur vel verið, að þeir lúti í lægra haldi, sem vilja vernda íslenzka tungu, að það verði fleiri en hv. 2. þm. Vestf., sem kallar slíkt íhald, og veit ég raunar ekki, hvort það var það, sem hann var að kalla íhald, en hann var eitthvað að tala um íhald í því sambandi, enda er hann talinn íhaldsmaður. En það getur verið, að á komandi tímum verði það einhverjir, sem telja það íhald að vilja vernda íslenzka tungu og íslenzkt þjóðerni. Því miður getur það vel farið svo. En ég vona nú, að það verði ekki.

Það er töluvert talað um það, að það sé tilfinningamál fyrir útlenda menn, sem hér gerast ríkisborgarar, að fá að halda nafni sínu. Í öðru orðinu er svo talað um, að það eigi ekki að gera þetta mál að tilfinningamáli. Það má vel vera, að sumum útlendingum, sem ekki geta fengið borgararéttinn án þess að skipta um nafn, þyki það slæmt. Ég þekki það ekki; ég þekki engan slíkan. En ég hef einnig heyrt dæmi um útlendinga, sem gjarnan hafa viljað breyta nafni sínu og gera það íslenzkt sín vegna og barna sinna. Hins vegar er það auðvitað svo, að þeir, sem framkvæma þessi lög, verða að gera það með gát, og ég er nú þeirrar skoðunar, að kvenmannsnafnið, sem hv. 2. þm. Vestf. nefndi hér áðan, lúti lögmálum íslenzkrar tungu, og það eru sum útlend nöfn, sem lúta lögmálum íslenzkrar tungu svo að segja óbreytt, og þá er hægt að leyfa þau. Á Íslandi er fjöldi nafna, sem upphaflega voru útlend, en þau eru orðin íslenzk, og þau lúta lögmáli tungunnar. En það er aðalákvæði nafnalaganna frá 1925 um þetta mál, að ekki mega menn bera önnur nöfn en þau, sem rétt eru að lögum íslenzkrar tungu. Gert er ráð fyrir því, að prestar hafi eftirlit með því, að þessum ákvæðum sé fylgt, og rísi ágreiningur um nafn, þá skeri heimspekideild háskólans úr.

Í 6. gr. nafnalaganna voru ákvæði um það, að gefin skyldi út skrá samkv. till. heimspekideildar háskólans yfir þau mannanöfn, sem nú eru uppi, en bönnuð skulu samkv. l. þessum, og skrá þessi skuli send öllum prestum landsins. Skrána átti að gefa út á 10 ára fresti að lokinni útgáfu hins almenna manntals. Ég er hræddur um, að hér hafi orðið misbrestur á, að þessi skrá hafi verið gefin út, eins og lög áskilja, og ég er alveg þeirrar skoðunar, að það hafi verið ástæða til þess að endurskoða þessi lög frá 1925, en hitt er allt annað mál, ef á að fara að setja lög, sem ganga í þveröfuga stefnu við það, sem ákveðið var 1925.

En ég kem að því aftur, sem ég hvarf frá áðan. Menn segja, að það sé tilfinningamál fyrir suma útlenda menn að þurfa að vinna það til þess að fá ríkisborgararétt að taka upp íslenzkt nafn. En hafa hv. þm. og aðrir hugsað út í það, hvað Íslendingar verða að gera erlendis? Það eru þúsundir Íslendinga

búsettar erlendis — menn sem fæddir eru á Íslandi eða afkomendur þeirra. Og yfirleitt hefur þetta fólk orðið að semja sig að nafnasiðum þess lands, þar sem það hefur tekið sér búsetu, þó að þar frá séu einstaka undantekningar. Það eru einstaka Íslendingar í öðrum löndum, sem nefna sig sínu íslenzka nafni óbreyttu og rita það þannig. Ég held ekki, að það sé neitt erfiðara fyrir útlendinga, sem hingað koma og vilja gerast ríkisborgarar, að breyta sínum nöfnum til samræmis við það, sem tíðkast á þessu landi, en það er fyrir þúsundir Íslendinga, sem hafa breytt nöfnum sínum í öðrum löndum.

Ég skal nú ekki hafa öllu fleiri orð um þetta mál, en ég vil enn á ný beina því til hv. flm. brtt. við 2. gr., hvort þeir geti ekki hugsað sér að taka till. aftur. Ef þeir gera það, þá er málið orðið, eins og það var í öndverðu — frv. um að veita nokkrum, tugum nafngreindra erlendra manna íslenzkan ríkisborgararétt, sem ekki er út af fyrir sig ágreiningur um og deilumálið er þá úr sögunni. En á næsta þingi fá þeir, sem þar sitja, væntanlega tækifæri til þess að fjalla um nafnalöggjöfina samkv. þeim till., sem væntanlega koma frá hinni stjórnskipuðu nefnd, bæði um nafnalögin frá 1925 og þessa 2. gr., sem verið hefur í l. um ríkisborgararétt undanfarin 20 ár. Og ég held, að þegar farið er að tala um þessi nafnalög í heild, þá skýrist þetta betur fyrir okkur öllum, sem hér er um að ræða og um er deilt í sambandi við 2. gr. þessa frv., sem hér liggur fyrir.

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég ætla ekki að segja nema örfá orð. Ég hefði auðvitað ástæðu til þess að svara spurningum almennt, sem komu fram í ræðum þessara hv. þm., sem hafa talað, síðan ég talaði síðast. En þar sem séð er, að ákveðnir þm. eru staðráðnir í því að beita málþófi og tími þingsins er orðinn það tæpur, þá höfum við flm. þessarar till. fallizt á það að taka till. aftur, því að við viljum ekki standa að því, að þetta frv. dagi uppi og fjöldi manna, sem sækir um ríkisborgararéttindi, fái þar af leiðandi ekki ríkisborgararétt á þessu ári.

ATKVGR.
Brtt. 628 tekin aftur.
Brtt. 715 samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 745 samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 760 samþ. með 25 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 89. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 808).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 808, n. 838).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það til l. um veitingu ríkisborgararéttar, sem hér er til umr., var lagt fram í Nd. í haust. Síðar meðan málið lá í n., bárust svo fjölmargar umsóknir um ríkisborgararétt til Alþ., sem voru teknar til greina, og frv. var breytt í Nd., þannig að þeim einstaklingum, sem öðlast skulu ríkisborgararétt samkv. því, sem frv. hljóðar nú eftir 3. umr. í Nd., hefur fjölgað úr 10, sem voru í upphaflega frv., í 58. Þessi ríkisborgararéttindamál voru athuguð með sama hætti, eins og venja hefur verið, þannig að allshn. beggja deilda hafa samstarf um að fara yfir öll þau gögn, sem þessum umsóknum fylgja og athuga þau. Og sami háttur var hafður nú á eins og endranær. Hv. þm. eru kunnar þær reglur, sem farið er eftir við veitingu ríkisborgararéttar. Þær hafa verið óbreyttar frá ári til árs, en þessar reglur eru teknar upp og prentaðar í nál. frá allshn. Nd. og eru á þskj. 573.

Allshn. Ed. athugaði svo þetta mál, eftir að 1. umr. fór fram um það hér, og varð n. sammála um það að mæla með því, að frv. verði samþ. eins og það liggur nú fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 887).

---

56. Kennaraháskóli Íslands.

Á 41. fundi í Nd., 1. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um Kennaraháskóla Íslands [186. mál] (stjfrv., A. 308).

Á 42. fundi í Nd., 3. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Á undanförnum árum hefur nýskipan kennaranáms á

Íslandi verið mjög á dagskrá, og er það í samræmi við það, sem hefur verið og er að gerast í nálægum löndum. Hefur þetta átt sér stað, þótt gildandi löggjöf um Kennaraskóla Íslands sé tiltölulega nýleg eða frá árinu 1963. Sú löggjöf hafði verið vandlega undirbúin, og voru með henni gerðar gagngerðar breytingar á kennaraskólanum. Meginbreytingarnar voru þær, að kennaraskólinn var gerður að stúdentaskóla, þ. e. að loknu kennaranámi gátu menn haldið áfram námi í kennaraskólanum og lokið stúdentsprófi. Áður hafði verið starfrækt við skólann sérstök stúdentadeild, þar sem stúdentum var gefinn kostur á að búa sig undir kennarapróf. Fram að 1963 hafði kennaranámið verið það, sem kalla mætti lokuð námsbraut. Ef unglingur, sem lokið hafði landsprófi 16 ára að aldri, ákvað að ganga í kennaraskólann, var þar um að ræða fjögurra ára nám, sem lauk með kennaraprófi. Um framhaldsnám að loknu kennaraprófi, er veitti aðgang að háskólanámi, hafði ekki verið að ræða. Á þessu varð nú sú breyting, að kennaraskólinn hóf starfrækslu deildar, sem leiddi til stúdentsprófs og opnaði nemendum þannig leið að háskólanámi. Auk þess var komið á fót framhaldsdeildum við kennaraskólann á sérsviðum kennaramenntunarinnar. Deildunum fyrir þá stúdenta, sem vildu taka kennarapróf, var haldið áfram. Námstími í þeim deildum var síðan lengdur úr einu ári í tvö. Þá var og gerð mikilvæg breyting á inntökuskilyrðum í kennaraskólann. Áður höfðu inntökuskilyrði verið landspróf, en aðsókn að kennaraskólanum hafði löngum verið fremur dræm, svo að oft var talið eðlilegt að veita undanþágu frá kröfunum um landspróf til þess, að 1. bekkur yrði hæfilega fjölmennur og ekki væri hætta á óeðlilegum kennaraskorti.

Með lögunum frá 1963 var gagnfræðingum með vissa lágmarkseinkunn veittur inngönguréttur í kennaraskólann. Jafnframt var námsefni kennaraskólans breytt að ýmsu leyti í samræmi við þessar breytingar á skipulagi hans og hlutverki. Reynsla næstu ára varð sú, að nemendum í kennaraskólanum fjölgaði stórkostlega og örar en líklega hefur átt sér stað um nokkurn annan íslenzkan skóla á jafnstuttu árabili. 1960 höfðu nemendur verið 137, 1965 voru þeir orðnir 397, 1969 voru þeir komnir upp í 954, en á yfirstandandi skólaári eru þeir 826, og er fækkunin nú væntanlega afleiðing þess, að á síðasta hausti tóku gildi ný ákvæði um námstíma auk þess, sem einkunnamörk gagnfræðinga til inngöngu í skólann voru hækkuð.

Árið 1962 var tekinn í notkun fyrsti áfangi nýrrar kennaraskólabyggingar. Byggingarnefnd hafði verið skipuð vorið 1951, en framkvæmdir hófust ekki fyrr en vorið 1958, þegar menntmrn. féllst á till. meiri hl. byggingarnefndar um teikningu. Stærð hússins þá var miðuð við þann nemendafjölda, sem verið hafði í kennaraskólanum undanfarinn áratug, en enginn lét sér þá detta í hug, að verða mundi jafnstórkostleg breyting á og raun hefur borið vitni. Hefur því orðið að nota gamla kennaraskólahúsið áfram og kennsla kennaraskólans orðið að fara fram á enn fleiri stöðum en í nýju og gömlu kennaraskólabyggingunni og alls staðar því miður verið of þröngt um hana, þar eð nemendafjöldinn hefur meira en sexfaldazt á einum áratug.

Hin nýja löggjöf um Kennaraskóla Íslands var samþ. shlj. á Alþ. 1963, og töldu þá yfirleitt allir stjórnmálamenn, kennarar og kennaraefni, að með þeirri löggjöf væru stigin ótvíræð framfaraspor. Enginn spáði því þá, að í kjölfar þessarar nýju löggjafar og byggingar hins nýja kennaraskólahúss mundi leiða jafngífurlega fjölgun á kennaranemum og raun hefur borið vitni um. Í stað þess að áður brautskráðust tæplega nógu margir kennarar til þess að fullnægja fyrirsjáanlegri kennaraþörf, er nú svo komið, að miklu fleiri nemendur stunda kennaranám en fengið geta kennarastöður á næstu árum.

Auðvitað verður aldrei fullyrt um það með algerri vissu, hverjar ástæður hafi legið til hinnar mjög auknu sóknar í kennaraskólann. Sennilegast þykir mér þó, að skýringarnar séu tvær. Hin fyrri er sú, að með breytingu kennaraskólans í stúdentaskóla voru möguleikar þeirra, sem í kennaraskólann gengu, stórlega auknir til hvers konar framhaldsnáms. Síðari skýringin, sem að mínu viti er meginskýringin á hinum aukna nemendafjölda í kennaraskólanum, er sú, að inngönguskilyrði í skólann voru rýmkuð með því að heimila gagnfræðingum að hefja kennaranám. Urðu gagnfræðingar í kennaraskólanum fljótlega fleiri en landsprófsmenn. Nú á þessum vetri eru hvorki meira né minna en tveir af hverjum þremur nemendum kennaraskólans gagnfræðingar. Ef sams konar inntökuskilyrðum hefði verið haldið við kennaraskólann og giltu áður og gilda enn um menntaskólana, hefði aldrei komið til þeirrar gífurlegu fjölgunar kennaranema, sem átt hefur sér stað.

Á undanförnum árum hefur verið augljóst, að við svo búið mætti ekki standa. Annaðhvort yrði að halda kennaranáminu óbreyttu og byggja í skyndi yfir hinn vaxandi nemendafjölda eða gerbreyta kennaranáminu, gera meiri menntunarkröfur til þeirra, sem námið hæfu, og stórauka námið frá því, sem verið hefur. En líklegt mætti þá telja, að kennaranemum mundi í framtíðinni fækka verulega og ætti þá að endurskoða fyrirætlanir um byggingarframkvæmdir í samræmi við það. Niðurstaðan hefur orðið að velja síðari kostinn. Hygg ég, að mér sé óhætt að fullyrða, að um það sé meginþorri kennarastéttarinnar og kennaranema sammála, að sú stefna sé rétt, og vona ég, að hér á Alþ. verði menn einnig á þeirri skoðun, að svo sé, enda er þetta sú stefna, sem farin hefur verið eða er verið að fara í menntunarmálum kennarastéttarinnar í öllum nálægum löndum.

Í samræmi við þetta skipaði menntmrn. 4. júlí 1969 nefnd til þess að endurskoða löggjöfina um Kennaraskóla Íslands og gera till. um nýskipan

kennaranámsins. Var ætlazt til, að nefndin lyki störfum innan eins árs, enda voru allir sammála um, að hraða yrði ákvörðunum til úrlausnar á þeim vanda, sem augljóslega hafði skapazt. Í nefndina voru skipaðir þeir Andri Ísaksson, forstöðumaður Skólarannsókna, Ármann Snævarr háskólarektor, Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri, Broddi Jóhannesson skólastjóri, og var hann formaður nefndarinnar, og Skúli Þorsteinsson, formaður Sambands ísl. barnakennara. Áður en nefndin hóf störf sín, tók Magnús Már Lárusson núv. háskólarektor sæti Ármanns Snævars í nefndinni. Enn fremur var Sveinbjörn Björnsson jarðeðlisfræðingur skipaður varamaður Andra Ísakssonar, er var fjarverandi fram á mitt sumar 1970, en eftir heimkomu Andra starfaði varamaður hans áfram í nefndinni. Frá 1. júlí s. l. að telja sat Pálmi Bjarnason í nefndinni sem fulltrúi Samtaka ísl. kennaranema. Í byrjun þessa árs var Loftur Guttormsson kennari ráðinn ritari nefndarinnar.

Frv. gerir ráð fyrir gerbreytingu kennaramenntunarinnar frá því, sem verið hefur, og skal ég nú í fáum orðum gera grein fyrir helztu grundvallaratriðunum í þeirri nýskipan kennaranámsins, sem frv. gerir ráð fyrir.

Kennaranámið á að taka við af stúdentsprófi eða ígildi þess. Námið verði skipulagt sem þriggja ára nám á háskólastigi. Nafn Kennaraskóla Íslands breytist í Kennaraháskóla Íslands. Kennaraháskóli Íslands og Háskóli Íslands skulu hafa vissa samvinnu og verkaskiptingu til þess að forðast tvíverknað. Kennaraefni öðlast eins og nú réttindi til kennslu á skyldunámsstigi, og er námskjarninn miðaður við það. Námskjarninn tekur til um það bil helmings af kennaranáminu. Telst þar til stofn uppeldisgreinanna og greinar skyldunáms aðrar en valgreinar kennaraefnis. Auk þess sérhæfa kennaraefni sig í tveimur valgreinum, og skulu þær vera kennslugreinar á skyldustigi. Þá velur kennaraefni eitt af þremur uppeldisfræðilegum sérsviðum, kennslu á barnastigi með megináherzlu á byrjendakennslu, kennslu á unglingastigi og kennslu afbrigðilegra barna. Um það bil 1/3 hluta náms skal varið til efnislegra valgreina og 1/6 til uppeldisfræðilegs sérsviðs. Heimilt er að halda allt að 9 mánaða námskeið á uppeldisfræðilegu sérsviði, þegar fé er veitt til þess á fjárlögum. Svarar nám þetta til námskeiða í framhaldsdeild kennaraskólans á undanförnum árum, nema hvað hér er beinu ákvæði breytt í heimildarákvæði, en þessi breyting er gerð vegna þess, að vænta má, að Háskóli Íslands taki við öðrum námsgreinum á stigi framhaldsdeilda í framtíðinni.

Fyrirhugað er, að verklega námið verði eigi skemmra en 12 vikur, og skulu þær teknar af námstímanum óskiptum. Námsgreinum skólans er skipt í 5 skorir. Nýliðum skal heimil ráðning í kennarastarf, og njóta þeir umsjónar og leiðsagnar um tveggja vetra skeið. Síðan ljúka þeir embættisprófi kennara og hljóta þá full starfsréttindi. Til náms skulu þeir verja 2—4 vikum hvort árið. Þeim skal eigi heimilt að kenna fleiri stundir á viku að viðbættum námsstundum en nemur skyldustundafjölda kennara á fyrsta ári. Skulu þeim vera reiknuð laun, sem leystu þeir af hendi fulla kennslu. Kennaraefnum er skylt að taka þátt í almennum framleiðslu- og þjónustustörfum eða vinna á uppeldisstofnun eigi skemur en 4 mánuði á námstímanum.

Rektor kennaraháskólans skal kjörinn úr hópi fastra kennara til fjögurra ára. Hann má endurkjósa einu sinni án lotuskila. Fulltrúar nemenda taka sæti í skólastjórn, en nemendaráð hefur verið við kennaraskólann undanfarin þrjú ár. Skólastjórn verður óbreytt frá því, sem nú er, þ. e. rektor og fastir kennarar ásamt skólastjóra Æfinga- og tilraunaskólans, að viðbættum tilnefndum fulltrúum nemenda. Skólaráð er rektor til aðstoðar. Í því er einn fulltrúi frá hverri skor skólans af hálfu fastakennara, einn af hálfu lausráðinna kennara og þrír af hálfu nemendaráðs. Rektor stjórnar fundum skólaráðs.

Skólanefnd kennaraháskólans er menntmrh. til ráðuneytis í málefnum kennaraháskólans. Hún er skipuð fulltrúum stofnana og samtaka skólamanna.

Fastir kennarar skólans eru prófessorar, dósentar og lektorar. Dómnefnd skal fjalla um hæfni umsækjenda um stöðu prófessora og dósenta. Starfsliðið er að öðru leyti í samræmi við það, sem fjárveitingar til Kennaraskóla Íslands hafa heimilað á undanförnum árum.

Aukin áherzla skal lögð á rannsóknarstörf í uppeldisgreinum og grunnvísindum þeirra, einkum félagsfræði. Til þess að svo megi verða, skal komið á fót við kennaraháskólann rannsóknarstofnun uppeldismála. Þar verða sérfræðingum falin uppeldisfræðileg rannsóknarefni og þeim búin aðstaða til frjálsrar fræðimennsku. Sérfræðingarnir verða að stofni til kennarar við kennaraháskólann og Háskóla Íslands.

Þetta eru meginatriði þeirrar nýskipunar kennaranámsins, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Ef stúdentar eru teknir til þriggja ára kennaranáms haustið 1971, en það yrði hægt, ef frv. er samþ. á þessu þingi, mundi fyrsti árgangurinn ljúka kennaraprófi vorið 1974, en embættisprófi kennara 1976. Fyrsti árgangurinn, sem velur þá leið, sem nú er fær um framhaldsdeildir gagnfræðaskólanna, mun væntanlega ekki ljúka kennaraprófi fyrr en vorið 1977, því að allar horfur eru á, að sá hluti af árgangi gagnfræðinga og landsprófsmanna, er hug hafi haft á kennaranámi haustið 1969, þ. e. í fyrra, þegar framhaldsdeildirnar tóku til starfa, hafi óskipt sótt beint í 1. bekk kennaraskólans. Reynslan verður að líkindum sú, að árgangurinn frá haustinu 1970 verður hinn fyrsti, er velur þessa leið til kennaraprófs. Embættisprófi kennara mun þessi hópur geta lokið 1979.

Í grg. frv. er gerður ítarlegur samanburður á fyrirhugaðri kennaramenntun samkv. ákvæðum frv. og kennaramenntuninni í nálægum löndum. Skal vikið að nokkrum aðalatriðum í því sambandi.

Nú er svo komið, að í nálægum löndum er yfirleitt krafizt sömu undirbúningsmenntunar til kennaranáms og háskólanáms. Í nálægum löndum hefja kennaraefni yfirleitt námið á tímabilinu frá 18—20 ára aldurs, og er algengt, að aldursmarkið sé 19 ár. Nú verða menntaskólanemar á Íslandi yfirleitt stúdentar um 20 ára aldur, en samkv. þeim breytingum á skólakerfinu, sem fyrirhugaðar eru í frv. um skólakerfi og grunnskóla, mun aldur stúdenta hér lækka í 19 ár. Á hinum Norðurlöndunum hefur stúdentspróf ýmist verið gert að inntökuskilyrði í almennt kennaranám eða slíkt er fyrirhugað. Norðmenn hafa að vísu ekki lögfest þá skipun enn. Hún er þó ráðgerð í lagafrv., sem lagt var fyrir Stórþingið 1968, en hefur ekki verið samþykkt enn. Þá er þess að geta, að í Svíþjóð er nemendum úr félagsfræðideildum svonefndra fagskóla auk stúdenta heimilað að búa sig undir kennslu í 7, 8 og 9 ára bekkjum barnaskóla. Þeir kennaranemar eru því ári yngri en stúdentar. Í Danmörku er kennaranám á háskólastigi 3½—4 ára nám, en heimilt að veita undanþágu til þess, að kennaraprófi verði lokið fyrr eða síðar á námsferlinum. Í kennaraskólum í Finnlandi er námstími kennara við 7—12 ára bekki stofnskólans 3—4 ár. Til kennslu 13—15 ára unglinga er krafizt háskólanáms. Í Noregi hefur kennaraskólum verið leyft með sérstökum heimildarlögum að lengja nám stúdenta úr tveimur árum í þrjú, og munu a. m. k. 7 af 17 kennaraskólum Noregs hafa notað sér heimildina á s. l. ári. Í Svíþjóð er námstími kennara í yngstu deild skólastigsins 2½ ár, í miðdeild þess 3 og í efstu deild 4, og skal það nám stundað í háskóla. Í Svíþjóð og Finnlandi hefur kennaraskólunum ekki enn verið breytt í kennaraháskóla eða þeir tengdir háskólum landanna, en að því er stefnt í báðum þessum löndum.

Eins og ég gat um áðan, er endurskoðun kennaralöggjafarinnar í Noregi enn ekki lokið, en á hinum Norðurlöndunum, þ. e. Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð, hefur ný löggjöf verið sett á síðari helmingi s. l. áratugs. Ný löggjöf í Svíþjóð tók gildi 1968 og í Danmörku og Finnlandi 1969. Hin nýja löggjöf Dana, Finna og Svía og lagafrv., sem er til meðferðar í Noregi, þykja sjá mjög vel fyrir menntun kennara, en kerfi það, sem gert er ráð fyrir, að tekið verði upp hér á landi, er í meginatriðum hliðstætt því kerfi, sem nú er verið að taka upp á hinum Norðurlöndunum.

Í Englandi og Skotlandi er kennaranám þrjú ár hið skemmsta, en í Þýzkalandi gilda engar allsherjarreglur um kennaramenntunina, þar eð skólamál eru þar ekki verkefni ríkisvalds Sambandslýðveldisins, heldur í höndum stjórna hinna einstöku landshluta eða fylkja. Kennaramenntun er yfirleitt á háskólastigi og veitir réttindi til kennslu í 9 ára skóla. Lágmarksnámstími er þrjú ár, en til viðbótar honum er kennaraefni ráðið í starf í tvö til fjögur ár, nýtur þá jafnframt umsjónar og leiðsagnar og lýkur að því loknu síðari hluta embættisprófs.

Í Bandaríkjunum er kennaramenntunin einnig breytileg eftir landshlutum eða fylkjum. Í meiri hluta fylkjanna er lágmarksnámstími kennaraefna fjögur ár að loknum svonefndum „high school", en honum ljúka menn 17—18 ára. Í nokkrum fylkjanna er þó námstíminn 5 ár. Er stefnt að því að lengja námið í þeim fylkjum, er hafa fjögurra ára kennaramenntun frá 17—18 ára aldri. Að loknu fjögurra ára stofnnámi skulu kennaraefni hljóta verklega og kennslufræðilega þjálfun um eins árs skeið.

Að síðustu er rétt að fara nokkrum orðum um áhrif þau, sem samþykkt þessa frv. mundi hafa á kostnað ríkisins af kennaramenntun. Við áætlun kostnaðar við framkvæmd hinnar nýju skipunar verður að sjálfsögðu að miða við áætlun um stærð árganga og meðalfjölda kenndra stunda á viku. En eðlilegt er að miða áætlunarstærð árganganna við það, hver kennaraþörf á skyldunámsstigi er talin munu verða í framtíðinni. Í grg. frv. er meðalfjöldi í árgangi áætlaður 100 nemendur og meðalfjöldi kenndra stunda á viku 24, en bekkjardeildir í árgangi 7. Telja höfundar frv. fullvíst, að þessi nemendafjöldi fullnægi kennaraþörfinni á skyldunámsstiginu næsta áratug. Kennaralaun á ári eru samkv. þessu áætluð 11.7 millj. kr. Önnur laun eru áætluð 0.8 millj. kr., en prófkostnaður 0.3 millj. kr. Annar kostnaður er áætlaður 1.6 millj. kr. og viðhald 1 millj. kr. Er þá heildarkostnaður áætlaður árlega 15.4 millj. kr. Til samanburðar má geta þess, að í fjárlagafrv. fyrir næsta ár er rekstrarkostnaður kennaraskólans áætlaður 34.6 millj. kr. Vegna áætlaðrar mikillar fækkunar kennaranema mun kostnaðurinn við kennaramenntunina lækka mjög verulega í heild, en hins vegar verður hann að sjálfsögðu mun hærri á nemanda en nú á sér stað, enda eðlilegt miðað við það, að námið breytist úr námi á menntaskólastigi eða framhaldsskólastigi í nám á háskólastigi.

Meginstefna sú, sem þetta frv. byggir á, hefur ekki aðeins eindreginn stuðning kennaraskólans, heldur einnig íslenzkra kennarasamtaka. Málið hefur verið rætt ítarlega á ýmsum vettvangi í heilt ár, og ættu því grundvallarbreytingarnar, sem gert er ráð fyrir, ekki að vera ókunnar þeim, sem láta sig kennaramenntunina nokkru skipta. Þess vegna vona ég, að hið háa Alþingi treysti sér til þess að afgreiða þetta frv. nú þegar á þessu þingi, til þess að nýmælin geti komið til framkvæmda þegar næsta haust.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Mjög mikilvæg frv. um kennslumál eru nú lögð fram í þessari hv. þd. dag eftir dag, og um þau öll á ein n. að fjalla, menntmn. þessarar hv. d., þannig að hún mun fá ærin verkefni á næstunni. Hæstv. ráðh. fór fram á það, að n. reyndi að afgreiða þetta frv. það fljótt frá sér, að hægt væri að samþykkja það á

þessu þingi. Ég skil mjög vel þá ósk hæstv. ráðh., en óneitanlega hefði það verið þægilegra fyrir okkur þm., ef þetta frv. hefði verið lagt fram fyrr á þessu þingi. Ég sé í grg. frv., að sú n., sem hefur samið það, hefur fjallað um það endanlega dagana 24.—29. ágúst og þá hafa drögin verið endursamin og afgreidd ágreiningslaust af n., þannig að mér sýnist, að af hálfu n. hefði verið hægt að leggja þetta mál fyrir þegar í haust. En engu að síður finnst mér það sjálfsagt, að þm. reyni að afgreiða þetta mál frá sér á þessu þingi.

Engu að síður eru það ýmsar spurningar, sem vakna, þegar þetta frv. er lagt fyrir, og einkanlega hefði ég hug á því að fá frekari vitneskju frá hæstv. ráðh. um nokkur atriði. Ég hef lesið þetta frv. og mér var kunnugt um efni þess áður, og ég get lýst því yfir, að ég er sammála frv. í öllum meginatriðum. Ég tel, að fyrir þeirri stefnu, sem tekin er upp með því að gera kennaranám að háskólanámi, séu full rök og hún sé raunsæ og raunar óhjákvæmileg. En við skulum minnast þess, að þegar við tökum ákvörðun um Kennaraháskóla Íslands, þá erum við einnig að taka ákvörðun um að stofna nýjan háskóla á Íslandi til viðbótar við þann, sem fyrir er.

Sú spurning hlýtur að vakna, hvort ekki hefði verið eðlilegt, að kennaranámið hefði orðið sérstök deild í Háskóla Íslands. Þetta er auðvitað rökrétt spurning, um leið og kennaranám er orðið að háskólanámi, hvort það sé ekki bæði af hagkvæmnisástæðum og til þess að nýta starfskrafta betur skynsamlegt, að háskólinn taki þetta verkefni að sér. Mér finnst óhjákvæmilegt, að Alþ. fái fullkomna grg. um þetta atriði — rök með og móti. Ég er ekki að halda fram neinni ákveðinni stefnu í þessu, en þetta verðum við að vita. Það er ekki nokkur vafi á því, að það er mikil nauðsyn fyrir okkur Íslendinga — svona fámenna þjóð — að nýta sem bezt þær stofnanir, sem við höfum, og ef hægt væri að nýta aðstöðu háskólans í þessu sambandi, þá væri sjálfsagt að gera það. Það er auðvelt að færa þau rök gegn þessu, að aðstaða háskólans sé slík nú, að hann geti engin ný verkefni tekið að sér. Húsnæðismál hans eru með slíkum endemum, að á sumum sviðum getur háskólinn alls ekki rækt þau skylduverk, sem hann á að rækja. En þetta eru auðvitað ekki rök, vegna þess að hér erum við að leggja á ráðin um skipan, sem á að standa um langan aldur, og ef það væri talið rétt, að kennaraháskólinn yrði hluti af Háskóla Íslands, þá yrði að taka um það ákvörðun núna. En jafnvel þó að sú leið yrði ekki farin, heldur yrði hafður sérstakur háskóli til þess að búa menn undir kennarastörf, þá held ég, að það sé algerlega óhjákvæmilegt að hafa þar verkaskiptingu. Um það atriði er ekkert að finna í frv. nema almenna setningu í 1. gr.:

„Heimilt er Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands að skipta með sér verkefnum og viðurkenna sambærilegar námseiningar eða námsþætti hvors annars til þess að forðast tvíverknað."

Þarna er sem sé einvörðungu um að ræða heimildarákvæði, en enga áætlun. Samt fæ ég ekki betur séð en þegar við ætlum að taka ákvarðanir um það, hversu margir prófessorar, dósentar og lektorar eigi að vera í kennaraháskólanum, þá verðum við að vita það — við verðum að hafa áætlun um það, að hve miklu leyti þetta nám kann að fara fram í Háskóla Íslands. Og ég held, að þetta hljóti að hafa verið kannað í sambandi við þetta frv., og því væri mér þökk á því, ef hæstv. ráðh. gerði frekari grein fyrir þessu atriði.

Þessi umskipti á skipan kennaraskólans eru ákaflega stórfelld, og þau hljóta að verða býsna viðkvæmt mál fyrir þá, sem lokið hafa kennaranámi á undanförnum árum. Og í því sambandi er sérstaklega eitt atriði, sem ég tel, að þm. verði að aðgæta gaumgæfilega. Í 4. gr. frv. er sagt, að inntökuskilyrði í Kennaraháskóla Íslands eigi að vera stúdentspróf, og svo eru í þremur liðum almenn loðin ákvæði um það, að hægt sé að veita mönnum aðgang að skólanum, án þess að þeir hafi stúdentspróf, en þau eru sem sé almenn og loðin og ekkert á þeim að byggja. Almenna reglan er stúdentspróf. M. ö. o.: Ef þetta verður samþ. í þessu formi, þá fá þeir menn, sem nú útskrifast úr Kennaraskóla Íslands, ekki inngöngurétt í kennaraháskólann. Ég held, að þetta sé býsna annarlegt, og ég tel eðlilegt, að menntmn. og Alþ. íhugi það gaumgæfilega, hvort ekki væri rétt, að þarna yrðu þau ákvæði, að kennarapróf veitti inngöngu í kennaraháskólann eftir einhverjum tilteknum reglum. Ég heyri það, að undir þetta er tekið rösklega af kennaraskólanemum, og ég tel, að við eigum, þegar við vinnum að þessu frv., að hafa fullt samráð einmitt við nemendur skólans og við kennarana til þess að kynnast þeirra áliti á þessu frv. og ýmsum vandamálum í sambandi við það.

Í gær ræddum við hér á þingi æðimikið um húsnæðismál kennaraskólans, og ég gagnrýndi þá hæstv. ráðh. fyrir framtaksleysi á því sviði, en eins og kunnugt er, hafa húsnæðismálin verið með algerum endemum nú í næstum því heilan áratug. Ég tel ástæðu til þess að minnast á þetta atriði einnig í sambandi við þetta frv., því að það gefur auga leið, að það verður ekki hægt að taka upp þessa nýju skipan af neinum myndarskap, ef húsnæðismálin verða eins og þau eru nú. Það er að vísu talað um það, að nemendum muni fækka mjög í kennaraháskólanum, þegar þessi nýja skipan er tekin upp. En engu að síður er gert ráð fyrir því, að þarna verði 21 bekkjardeild, en eins og nú er ástatt í skólanum, eru kennslustofurnar aðeins 9. Fyrstu árin verður áfram mikill fjöldi í þessum skóla, því að þeir stóru árgangar, sem nú eru í skólanum, munu halda námi sínu áfram, og ég hygg, að það muni reynast ákaflega erfitt að hefja þessa nýju skipan við þau skilyrði, sem nú eru í skólanum, og því vil ég aftur leggja á það mjög þunga áherzlu, að hæstv. menntmrh. og ríkisstj. leggi á það fullt kapp, að byggingarframkvæmdum verði hraðað eins og kostur er.

Mig langaði að lokum að víkja að enn einu atriði

í sambandi við þetta frv. Í 4. tölul. 2. gr. er svo fyrir mælt, að rektor skuli kjörinn af skólastjórn úr hópi fastra kennara til fjögurra ára í senn og síðan megi endurkjósa hann einu sinni án lotuskila. Í aths. við frv. er gefin þessi skýring á þessu ákvæði:

„Með hliðsjón af hinni öru framvindu í uppeldis- og kennslufræðum verður að telja æskilegt að skipta um forstöðumann skólans eigi sjaldnar en á fjögurra til átta ára fresti, ef forða á stofnuninni frá stöðnun og forstöðumanni hennar frá ofþjökun."

Þetta finnst mér vera býsna athyglisverð kenning, og mér virðist, að þetta eigi ekki aðeins við um stofnun eins og kennaraháskóla. Ég held, að þetta séu almenn sannindi, sem eiga við um ýmsa fleiri þætti í okkar þjóðlífi — um fleiri skóla og ýmsar fleiri stofnanir. Ég vildi því beina til hæstv. ráðh. þeirri fsp., hvort þetta megi e. t. v. skilja svo, að þarna sé verið að taka upp reglu, sem eigi að verða almenn í sambandi við skólana, þ. e. að menn séu ekki eilífir augnakarlar í störfum, sem þeir hafa verið ráðnir til, heldur verði skipt um á nokkurra ára fresti, og kannske mætti þetta einnig eiga við um æðsta mann kennslumála á Íslandi. Það getur vel skeð, að hann geti ofþjakazt. En að öðru leyti ætlaði ég ekki að ræða einstök atriði í þessu frv. frekar. Ég á sæti í þeirri n., sem fær það til meðferðar, og mun fjalla um það þar.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það eru miklir bálkar, sem fram eru lagðir um kennslumál um þessar mundir, og mikið verk að kynna sér öll þessi efni. Og þó að ég hafi haft þetta frv. undir höndum nokkuð lengur en ýmsir aðrir, vegna þess að ég fékk eintak af því ásamt hinum frv. í jólaleyfinu, þá mun það vera svo um flesta hv. alþm., að þeir hafa ekki séð þessi frv. fyrr en nú þessa dagana, svo að segja um leið og þau eru tekin til umr. Enn fremur þýðir þetta, að í þeim flokkum, sem ekki styðja hæstv. ríkisstj. og hafa því ekki fylgzt með undirbúningi þessara mála á fyrri stigum, hafa þessi frv. ekki verið skoðuð eða rædd. Þess vegna er ákaflega erfitt um vik að gefa sterkar yfirlýsingar um afstöðu til einstakra stórmæla, sem í þessum frv. kunna að felast, og þar undir kemur sú stökkbreyting, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. á kennaranáminu, því að það er alveg rétt, sem hæstv. menntmrh. sagði í gær í öðru sambandi og vék raunar að núna, að hér er um algera stökkbreytingu að ræða í þessu námi.

Ég mun því í þeim fáu orðum, sem ég segi um þetta mál, ræða nokkuð almennt um kennaranámið, ef svo mætti segja, í stað þess að ræða einstök atriði frv. En ég vil fyrst, áður en ég kem að því, taka undir það, sem hv. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, sagði, að það er mikið tjón, að þetta mál skyldi ekki vera lagt fyrir í haust, fyrst ætlunin var að reyna að fá það afgreitt á þessu þingi. Við erum mjög aðkrepptir orðnir sannast að segja með tíma. Ef meiningin er til að mynda, eins og heyrzt hefur fleygt, að ljúka þinginu um páska, þá eru þetta ekki orðnar margar vinnuvikur, sem eftir eru, með því hléi, sem verður í sambandi við Norðurlandaráð. Þess vegna er það mjög illa farið, að þetta mál skyldi ekki vera lagt fram í haust, þar sem þá hefði gefizt betri tími til þess að íhuga það. En í þessu eru óneitanlega æðimörg stórmæli, og ég vil segja, að þó að það hefði verið eftir að athuga einhver einstök atriði, þá hefði verið betra að leggja frv. fram með fyrirvara um einstök smærri atriði en að setja málið í þennan hnút, því að óneitanlega er það óskaplegur hnútur fyrir hv. alþm. að eiga að taka afstöðu í stórmáli eins og þessu innan um tugi annarra mála, sem þeir verða að taka afstöðu til á þessum stutta tíma, sem við eigum eftir. Og mér skilst, að við fáum heilt flóð af nýjum frv. — sum um hin mestu stórmæli, sem við ekki enn þá þekkjum efnið í. En ég lýsi því yfir, að það stendur ekki á mér að leggja vinnu í það að reyna að kryfja þetta mál til mergjar í þeirri n., sem ég á sæti í. Ég er ekki að segja þetta, af því að ég hafi hina minnstu tilhneigingu til þess að tefja fyrir málinu, síður en svo. En þetta eru athyglisverðar staðreyndir um vinnubrögð og um það, sem ætlazt er til af hv. þm. Og það er full ástæða til þess að ræða um þetta í góðu og í alvöru, og athyglisvert er, að hæstv. menntmrh. sagði hér í gær, að frv. um kennaramenntun í Noregi hefði verið þar til meðferðar í Stórþinginu í 2—3 ár, og kvað engan undrast, þó að það hefði tekið þann tíma. En hérna verða þetta rúmlega tveir mánuðir. Það er ekki nægilegt, þó að sérfræðingar hafi unnið að málunum meira og minna innilokaðir, hversu góðir sem þeir eru. Sú skylda hvílir á þm. að hafa hugmynd um, hvað þeir eru að gera.

Það dylst auðvitað engum, að það þarf að fara fram gagnger endurskoðun á kennaraskólanum, því að málin eru þar búin að vera í algeru öngþveiti um sinn. Það er náttúrlega vanvirða það ástand, sem þar hefur ríkt — sérstaklega í sambandi við húsnæðismálin, og þar hefur mönnum verið ætlað að vinna verk, m. a. skólastjóra og kennurum þess skóla, sem er gersamlega óvinnandi við þau skilyrði, sem þar hafa verið. Ég vil taka undir það, sem sagt hefur verið um þetta efni. En hvers vegna hefur straumurinn orðið svona þungur í kennaraskólann? Sú spurning gefur mér tilefni til að segja fáein orð almennt um kennslumálin. Hvers vegna hefur straumurinn orðið svona þungur í kennaraskólann? Er það af því, að allur þessi manngrúi vilji verða kennarar? Nei, það er ekki vegna þess. Það er af því, að í mörgum tilvikum eru aðrar leiðir lokaðar, sem menn vildu heldur fara. Það er vegna þess, að það hefur ríkt öngþveitisástand í framhaldsmenntun á Íslandi. Þess vegna hefur svona farið. Þegar þarna var opnuð í þessum skóla leið til þess að ná stúdentsprófi og leið til þess að fá almenna menntun, flykktust menn auðvitað inn á þessa braut. Þarna var opin leið, og menn fóru hana, vegna þess að það var ekki nægilega greið leið í aðra menntaskóla og sumpart vegna þess, að það voru lokaðar leiðir mörgum þeim, sem vildu taka fyrir annað nám, t. d. á viðskiptasviðinu.

Í því sambandi vil ég aftur upplýsa það, sem ég

upplýsti um daginn, að í nágrannalöndunum mun það láta nærri, að einhvers konar viðskiptanám sé opið fyrir um það bil 20% allra framhaldsskólanemenda, en hérna er viðskiptanámsbraut lokuð nema í Samvinnuskólanum og verzlunarskólanum, og þar kemst ekki að nema sáralítill hluti þeirra, sem vilja afla sér viðskiptamenntunar. Dálítið hefur verið úr þessu bætt í sambandi við valgreinar í nýju framhaldsdeildunum við gagnfræðaskólana, en ekki nema sáralítið. Í þessum efnum ríkir því algert öngþveiti, og það er ekki nokkur vafi á því, að ef verið hefði sæmilegt lag á þessum málum, þá hefði aðsóknin að kennaraskólanum minnkað verulega. Um það er ekkert að villast.

Ég er að benda á þetta til þess að sýna, að það er ekki nóg að setja ný lög um grunnskóla, og það er heldur ekki nóg að setja ný lög um kennaramenntun, sem færði kennaraskólann í eðlilegra horf. Það verður að halda þessu verki áfram og endurskoða allt menntakerfið á framhaldsskólastiginu. Það verður að stofna nýja framhaldsskóla við hliðina á menntaskólunum eftir sérgreinum, bæði í tæknilegum efnum og viðskiptalegum efnum. Þessi mál hafa verið hörmulega vanrækt, og það er ekki nóg að loka kennaraskólanum kyrfilega fyrir þeim, sem ekki eru harðákveðnir í því að verða kennarar. Það verður að gera miklu fleira. Það verður að opna aðrar skynsamlegar og góðar leiðir fyrir þá, sem vilja halda áfram að mennta sig. Við höfum menntaskólana og svo kennaraskólann, Samvinnuskólann og verzlunarskólann, og það er svona álíka og að komast í gegnum nálaraugað að komast inn í verzlunarskólann. Þá er flest upp talið nema framhaldsdeildirnar í gagnfræðanáminu, sem leiða í raun og veru ekki til neinnar sérstakrar niðurstöðu né áfanga í námi, en eru ætlaðar fyrir þá, sem vilja fara lengra, en tengslin ekki nógu góð. Ég skoraði á hæstv. ráðh. um daginn og vil gera enn, að hann setji sitt lið í að endurskoða þessi mál. Eins og ég sagði áðan, er ekki nægilegt að loka einni leið; það verður að opna aðra. En einmitt þetta, sem ég hef upplýst um viðskiptanámið, er kannske skýrasta dæmið um það, hvernig ástatt er í þessu, en í raun og veru er ósköp líkt ástand í tækninám· inu. Það er allt enn í deiglunni og að verulegu leyti óleyst, hvernig á að hafa það nægilega opið fyrir þá, sem vilja fara inn á þær brautir. Ég legg þess vegna gífurlega áherzlu á, að það er ekki nægilegt að endurskoða kennaramenntunina og skyldunámið, heldur verður að fara fram gagngerð endurskoðun á framhaldsnáminu yfirleitt.

Þá vil ég víkja hér aðeins að því, að í þessu frv. er gert hér ráð fyrir kennaraháskóla, en hann á einvörðungu að útskrifa kennara til þess að kenna á skyldustiginu. Það á að vera hlutverk stofnunarinnar. En hann á ekki að útskrifa kennara til þess að kenna á framhaldsstigum. Ég veit ekki, hvort hv. þm. hafa gert sér alveg grein fyrir þessu, sem er kannske ekki von, því að mörgu er að sinna. En þetta er ákaflega athyglisvert atriði. Nú er þannig ástatt um kennaramálin á framhaldsskólastiginu — og það verður þá leiðrétt, ef ég fer rangt með — að upplýst var í fyrra, að einungis 16% framhaldsskólakennara hafði í raun og veru full réttindi til þess að kenna í framhaldsskóla eða það nám, sem til þess þurfti. Og mikill fjöldi af kennurunum í framhaldsskólunum voru nemendur, og það voru jafnvel dæmi til þess í framhaldsskólakerfinu, að nemendur voru umsjónarkennarar í bekkjum. Þannig er ástandið í kennaramálunum á framhaldsskólastiginu. Ég verð að lýsa yfir vonbrigðum út af því, að þegar kennaramenntunin í landinu er tekin fyrir, þá skuli þau mál ekki vera tekin fyrir í heild, og ekki athuguð í heild, en yfirvöld menntamála skuli einvörðungu snúa sér að því að skoða þann hlut þessara mála, sem snýr að kennaramenntun fyrir skylduskólastigið. Hér er þó sannarlega um meira en lítið alvörumál að ræða.

Og í þessu sambandi vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Getur hann ekki gefið okkur einhverjar upplýsingar um, hvernig á þeim ósköpum stendur, að svona er ástatt um kennarana í framhaldsskólunum? Hvað verður af öllu því fólki, sem útskrifað er í háskólanum í B.A.-deildunum og ætlunin er að kenni í þessum skólum? Ráðh. hlýtur að hafa margsinnis gert sér grein fyrir þessu. Hvað verður af þessu fólki? Hversu margt fólk er útskrifað úr þessum háskóladeildum og hvað verður af því? Er þessi gífurlegi kennaraskortur á framhaldsskólastiginu vegna þess, að það eru allt of fáir, sem öðlast þessi réttindi, eða er hann fyrir það, að menn snúi sér að öðru, og ef svo er, hvers vegna snúa menn sér að öðru? Það hljóta að hafa farið fram á þessu rannsóknir. Það er óhugsandi, að kennslumálastjórnin hafi horft upp á það ástand, sem hér hefur verið á undanförnum árum án þess að reyna að kryfja þetta mál til mergjar. Og þá vil ég spyrja hæstv. ráðh. í sambandi við þessi kennaramál, sem að sjálfsögðu er rétt eftir þingsköpum að ræða almennt við 1. umr.: Hvaða áætlanir hefur hann á prjónunum til þess að leysa þennan vanda? Koma ekki frv. eða till. um það frá honum í þessari málefnakeðju, sem óneitanlega virðist hafa verið undirbúin? Ég tel, að það sé alveg gersamlega óhjákvæmilegt að skoða þessi mál í samhengi. Ég dreg ekki úr nauðsyn þess, að endurskoðuð sé menntun kennara á skylduskólastiginu og fram komi lagfæringar á kennaraskólanum, en það er ekki nema hluti af kennaravandamálinu, og það er tæpast, að það sé hægt að slíta þetta í sundur.

Þá er eitt, sem auðvitað hlýtur að koma í hugann í þessu sambandi. Ef á að stofna hér kennaraháskóla á annað borð og horfið verður að því ráði, hvers vegna á þá ekki sá skóli að taka sér fyrir hendur að mennta kennara handa öllum skólastigum — upp að háskólastigi t. d.? Hvers vegna á ekki að undirbúa í sömu stofnuninni kennara til þess að kenna í framhaldsskólunum, sem taka við af skylduskólastiginu og verða með mjög margvíslegu móti? Það verða menntaskólar, það verða viðskiptaskólar og það verða tækniskólar, og þannig mætti lengi telja. Er það skynsamlegt að ætlast til

þess miðað við þá reynslu, sem verið hefur, að háskólinn sjái um þessi verkefni? Það hefur alls ekki tekizt að leysa þau af hendi þar, þannig að nokkur glóra sé í ástandinu. Ég hef ekki hugmynd um, hvort það er háskólanum að kenna eða hverjum það er að kenna. Ég játa, að ég er ekki það vel að mér, en ég hlýt að álíta, að hæstv. menntmrh. hafi gert sér grein fyrir þessu og hans menn. Ég hlýt að álíta það. Og eins og ég sagði áðan, þá kemur upp þessi spurning: Á þá ekki að stíga skrefið þannig, að komið sé upp myndarlegum kennaraháskóla, sem útskrifi kennara til þess að fjalla um þessa kennslu á öllum þessum stigum með mismunandi námsbrautum eða námi auðvitað eftir því, hvaða kennslu kennaranum er ætlað að inna af höndum? Þá er náttúrlega ómögulegt að neita því, að það læðist að manni sú hugsun, þegar maður fer að hugsa þetta nánar, að sá, sem búinn er að fá stúdentspróf og ganga þrjú ár í kennaraháskóla, eigi að vera fær um að kenna í menntaskóla og öðrum framhaldsskólum, sem taka við af skyldustiginu. Og auðvitað er hann betur fær til þess en ýmsir þeir, sem nú hafa þessi verkefni með höndum. Ég segi því, að það verði að skoða þetta upp á nýtt meira og minna, og það verður að skoða þetta í samhengi. Ég álít, að einmitt 1. umr. þessa máls sé ákaflega hentugur tími og því sé hér réttur staður til þess að ræða kennaramenntunarmálin í heild og það gífurlega vandamál, sem við búum við að því leyti.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta, en ég vil að sjálfsögðu taka undir það, sem annar hv. þm. sagði hér á undan mér, að ég tel, að það þurfi að gera mjög kröftuga gangskör að því að drífa áfram byggingar fyrir kennaraskólann. Ég segi þetta, þó að ég geri nú ekki ráð fyrir því, að ég fái jafnmikið klapp og hv. þm., sem talaði hér áðan, af því að það er aldrei jafnvel séð að endurtaka það, sem áður hefur verið sagt. Ég segi þetta samt, og ég álít, að það sé mjög nauðsynlegt að fylgja því fast eftir.

Þá er enn eitt, sem mér finnst vera ákaflega þýðingarmikið í sambandi við þetta, og það er, að það kæmi fram í sambandi við þetta mál, hvernig kennaraskólinn er búinn undir það hlutverk, sem honum er ætlað í þessu lagafrv. Og þar finnst mér á skorta. E. t. v. er þar allt í lagi og allt tilbúið til þess að taka við því hlutverki, sem gert er ráð fyrir, að skólinn hafi skv. þessu frv. En sé svo ekki, sem ég held, að hljóti að vera, þá þarf að koma fram grg. um það, hvað þarf að gera fyrir kennaraskólann, til þess að hann geti tekið við því hlutverki, sem honum er ætlað.

Mér skilst, að það sé lögð mjög mikil áherzla á að flýta þessu máli, og eins og ég segi, þá skal ekki standa á mér að gera allt, sem ég get til þess, að vel sé unnið í því, en þá væri líka æskilegt að vita, hvort það er ekkert fleira, sem þarf að gera en að samþykkja þetta frv. Og hvað er það? Og hvers vegna er ekkert getið um það? Hvers vegna er aðeins í ræðu hæstv. ráðh. minnzt á, að það liggi svona mikið á að samþykkja frv., en engar skýrslur gefnar um, hvað þurfi að gera fyrir skólann til þess, að hann geti rækt það hlutverk, sem í frv. er gert ráð fyrir? Það sýnist þó, að það ætti ekki að vera þýðingarminna. Ég skora því á hæstv. ráðh. að gera okkur glögga grein fyrir því. Þá höfum við yfirlit um málið og vitum, hvað til þarf á öðrum sviðum og hvað þarf að fylgja með frv., ef um eitthvað slíkt er að ræða.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Fyrir réttum átta árum voru afgreidd lög hér á hv. Alþ. um kennaraskólann. Ég fagnaði þeirri lagabreytingu þá alveg sérstaklega, sem hefur kannske verið í og með vegna þess, að það var sömu dagana og ég átti 40 ára kennaraafmæli. Ég á ekkert þess háttar afmæli núna og bjóst ekki við því, að nú kæmu enn til breytingar á kennaraskólanum. En ég vil þó taka fram, að ég fagna þessu frv. hliðstætt því, sem ég fagnaði hinu fyrir 8 árum. Þar með er ég ekki að segja, að ekki þurfi rækilega að athuga frv., og efnislega ætla ég mér ekki að ræða um það að þessu sinni. Það fæ ég tækifæri til að gera í menntmn., sem ég á sæti í. En það er ýmislegt í sambandi við þetta mál, sem mér leikur hugur á að vita, hvort hafi verið athugað eða hvað menn hugsa í þeim efnum, og vil ég gjarnan beina þessari fsp. til hæstv. menntmrh.: Telur hann ekki þörf á að bæta launakjör kennara frá því, sem þau nú eru, þegar barnakennarar í landinu allir eru orðnir háskólalærðir menn? Þetta heyrir ekki undir þetta frv., en það er ekki ástæðulaust að hafa það í huga frá upphafi, hvaða áhrif það muni hafa á aðsóknina í hinn væntanlega kennaraháskóla, ef kennarar eiga að búa við þau launakjör, sem nú eru, eftir að hafa varið öllum þessum árum í nám, þ. á m. háskólanám.

Ég held, að mönnum sé það sæmilega ljóst, að um langan tíma var ekki nema nokkur hluti af barnakennurum í landinu með tilskilda menntun, þ. e. höfðu ekki kennararéttindi, og það var fyrst og fremst vegna þess, að launakjör þessa fólks voru svo bágborin, að kennarar gátu farið svo að segja hvert sem var og fengið miklu betri launakjör. Á þetta að gerast, eftir að skólinn er orðinn kennaraháskóli? Því aðeins nefni ég þetta núna, að ég er ákaflega hræddur um, að það hafi mikil áhrif á aðsóknina að hinum væntanlega kennaraháskóla, hvaða launakjör þeim mönnum verða búin, sem þaðan útskrifast. Ef það kæmi á daginn, að þeim væru ætluð hliðstæð launakjör og nú er, þá er ég hræddur um, að það þurfi enginn að kvarta undan því, að hinn nýi kennaraháskóli verði yfirfullur. Ég gæti trúað, að það væri vafasamt, að það þyrfti nokkuð að stækka núverandi byggingar. Þetta atriði hefur ákaflega mikil áhrif á það, hvernig aðsóknin verður að þessum væntanlega skóla, þ. e. hvernig að kennurum verður búið, þegar þeir hafa lokið undirbúningsnámi að menntaskóla, síðan menntaskólanámi og að lokum þriggja ára háskólanámi. Þá þarf enginn að halda, að þeir geti sætt sig við það að setjast í barnaskóla og kenna skv. launa-

kjörum, sem þar eru núna. Ég veit, að hæstv. ráðh. á þess engan kost að svara því, hvernig þetta muni verða, heldur vil ég spyrja hann að því, hvort honum finnist ekki full þörf á því að taka þessa hlið á málinu til athugunar mjög fljótlega og hvort hann telji ekki, að það hafi einhver áhrif á aðsóknina að hinum nýja skóla.

Annað atriði, sem ég vil vekja athygli á og spyrja hæstv. ráðh. um, er það, hvort hann telur ekki sjálfsagt, að nemendur hins nýja kennaraháskóla njóti að fullu sömu réttinda til námslána og stúdentar við Háskóla Íslands njóta nú. Ég held reyndar, að það sé farið að veita þeim einhverja styrki, sem eru í stúdentadeildinni eða í menntadeildinni. En verður því þá ekki hagað þannig, að allir nemendur í hinum nýja kennaraháskóla njóti þar sömu réttinda og stúdentar í Háskóla Íslands njóta nú?

Eins og ég sagði, ætla ég ekki að ræða efnislega um málið á þessu stigi. Ég fæ sannarlega nóg tækifæri til þess núna næstu vikurnar með þeirri athugun, sem fer fram á málinu í menntmn., en ég teldi æskilegt, að þetta tvennt kæmi fram. Ég býst við því, að hæstv. ráðh. svari játandi síðari spurningunni, en fyrri spurningunni er meiri vandi að svara; ég skal játa það. En það er mál, sem ekki má dragast, þangað til fyrstu kennararnir útskrifast úr kennaraháskóla. Nemendurnir, sem þangað ætla að að fara, verða að hafa einhverja hugmynd um það, áður en þeir hefja nám, og ef það yrði niðurstaðan, að þeir ættu ekki von á betri kjörum en barnakennarar búa nú við, þá er ég hræddur um, að þeir snúi við blaðinu og hverfi frá fyrirætlun sinni.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. er athafnasamur hér á þingi þessa dagana. Einn daginn lagði hann fram frv. um skólakerfi, einum eða tveimur dögum síðar lagði hann fram frv. um grunnskóla, og nú hefur hann lagt fram þetta frv., sem hér liggur fyrir, um Kennaraháskóla Íslands. Tvö af þessum frv. a. m. k. eru miklir bálkar, og ég tek undir það með hv. þm., sem hér hafa talað, að það er nokkuð mikið verk fyrir Alþ. að gera sér grein fyrir þessum frv.-bálkum á tiltölulega stuttum tíma og það hefði verið betra, að þessi frv. hefðu verið lögð fram í þingbyrjun, ef ætlunin er, að þau verði afgreidd sem lög á þessu þingi. Hæstv. ráðh. gat þess að vísu í framsöguræðu sinni áðan, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefði þegar hlotið samþykki n., sem um það hefur fjallað fyrir hönd rn., einnig samþykki kennarasamtakanna, og mig minnir, að hann segði líka kennaraskólans. Þó vil ég ekki fullyrða það, og má vera, að hann hafi nefnt háskólann líka í því sambandi, a. m. k. nefndi hann rektor háskólans eitthvað í sambandi við þetta mál.

Nú er það auðvitað mjög gott, að þessir aðilar skuli hafa gert sér grein fyrir efni þessa frv. En eftir eru samt margir aðilar, sem hafa ekki átt þess kost að gera sér grein fyrir því. Þjóðin hefur lítið af því frétt — almenningur í landinu, og okkur, sem sitjum hér í þessum sal, er ætlað að vera fulltrúar þjóðarinnar við meðferð löggjafarmála og þá m. a. við meðferð þessa máls. Og eins og ég sagði og aðrir hafa hér tekið fram, þá er okkur og þjóðinni, sem hefur gefið okkur umboð sitt, þ. á m. öllum foreldrum í landinu og nemendum, gefinn lítill tími til þess að gera okkur grein fyrir málinu. En um það þýðir ekki að sakast nú.

Núna alveg nýlega heyrði ég hér á Alþ. umr. um húsnæðismál kennaraskólans, og það mál var einnig til umr. á þingi í fyrra. Ég held, að það hafi öllum borið saman um það bæði í fyrra og aftur nú, að húsnæði kennaraskólans væri allt of lítið og á ýmsan hátt ófullnægjandi miðað við þann mikla fjölda, sem hefur viljað stunda nám í þessum skóla núna síðustu árin. En það er rétt, sem hæstv. ráðh. tók fram, að nemendafjöldi í kennaraskólanum jókst skyndilega mjög mikið eða jafnvel margfaldaðist á tiltölulega stuttum tíma. Nú sýnist mér, að menn hafi komið auga á ráð til þess að leysa húsnæðismál kennaraskólans og vandræði hans með því að leggja skólann niður. Þetta frv. er um það að leggja Kennaraskóla Íslands niður. Lögin um hann frá 1963 eru afnumin með þessu frv., ef að lögum verður — með 25. gr., þar sem stendur: „Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 23/1963, um Kennaraskóla Íslands . . .“ En í stað Kennaraskóla Íslands, sem starfað hefur nokkru lengur en í hálfa öld, eða samhliða því, sem hann er lagður niður, er gert ráð fyrir því að stofna Kennaraháskóla Íslands, og almenn inntökuskilyrði í kennaraháskólann skulu vera stúdentspróf.

Ég spyr nú, eins og hv. 6. þm. Reykv. gerði áðan: Ef þetta á að vera svo, að stofnaður verði kennaraháskóli, þar sem inntökuskilyrði eru stúdentspróf, hvers vegna er þá ekki lagt til, að bætt verði nýrri deild við Háskóla Íslands, þ. e. að þessi stofnun verði hluti af Háskóla Íslands? Hvers vegna er það ekki lagt til? Ég bara spyr. Er þessi kennaraháskóli, sem hér er gert ráð fyrir, ekki alveg hliðstæður deildum háskólans eins og heimspekideild, lögfræðideild, guðfræðideild, læknadeild, verkfræðideild og viðskiptadeild o. s. frv.? Er þetta þá ekki bara hluti af Háskóla Íslands, og hvers vegna eiga ekki lögin að segja það? Hver er ástæðan til þess? Það getur vel verið, að sú ástæða sé fyrir hendi, en það hefur ekki verið gerð grein fyrir henni hér. Vera má, að eitthvað sé um það í þessari löngu grg., sem ég hef ekki getað kynnt mér til hlítar enn, en mér sýnist í fljótu bragði, að það sé ekki ástæða til annars en þessi menntun, sem hér er um að ræða, eigi að vera í Háskóla Íslands þegar inntökuskilyrðin eru alveg þau sömu í Háskóla Íslands, og þau eiga að vera við kennaraháskólann.

En ef þetta er húsnæðismál, ef t. d. þessi skipan er á höfð, af því að til er kennaraskólahús hér á öðrum stað í Reykjavík en háskólinn er á, þá vil ég nú gera aths. við það. Það er gert ráð fyrir því, held ég, að byggja fyrir a. m. k. eina háskóladeild á öðrum stað í borginni en háskólinn er á að öðru leyti, og ef þetta er húsnæðismál, þá vil ég beina því til hæstv. ráðh.

hvort það kæmi ekki alveg eins til mála, að a. m. k. einhver hluti af þessum fræðum, þ. e. háskólafræðum fyrir kennara, yrði kenndur annars staðar á landinu en í Reykjavík að einhverju leyti. Ef farið er að skipta háskólakennslunni vegna húsnæðis innan borgarinnar, þá virðist hún alveg eins mega vera á fleiri stöðum í landinu, og ætti þetta þá kannske við um fleiri háskólanámsgreinar. Ég vil alveg sérstaklega í því sambandi vitna til ræðu, sem hv. 3. þm. Norðurl. e., Ingvar Gíslason, flutti hér í gær, þar sem hann vék að því, að í höfuðstað Norðurlands, á Akureyri, væru uppi hugmyndir lærðra manna um það að koma upp akademískri fræðslu á Akureyri.

Í þessum kennaraháskóla er samkv. grg. frv. á bls. 29 gert ráð fyrir ákveðnum nánar tilgreindum námsgreinum. Það eru í fyrsta lagi þær námsgreinar, sem eru kallaðar kjarni, sem eru uppeldisfræði, sálarfræði, kennslufræði, kennsluæfingar, móðurmál, kristinfræði, félagsfræði og þrjár af fjórum greinum, sem síðan eru taldar upp, og svo loks valgreinar sérstakar, sem eiga að vera móðurmál, stærðfræði, kristinfræði, mótun, söngur, tónlist, handavinna kvenna, saga, landafræði, líffræði, eðlisfræði, efnafræði, enska, þýzka, franska, latína, næringarefnafræði og heimilisfræði, sem skýrð er á dönsku með orðinu husholdningslære, trésmíði eða málmsmíði. Þetta eiga að vera kjarni og valgreinar hins væntanlega kennaraháskóla samkv. því, sem í grg. segir, og eru að vísu sumar þessara greina kenndar í einni deild háskólans, í B.A.-deildinni. Þetta er sem sé auðsjáanlega a. m. k. að nokkrum hluta það, sem kölluð er akademísk fræðsla, sem kennaraefnum er ætlað að njóta.

Nú langar mig til að spyrja, og ég spyr nú sérstaklega frá sjónarmiði hinna dreifðu byggða, frá sjónarmiði landsbyggðarinnar og hinna fámennu skólahverfa í landinu. Það er víða erfitt að fá kennara, eins og sakir standa, til þess að kenna börnum og unglingum og alveg sérstaklega, þar sem fámennt er, og reyndar virðast alls staðar vera nokkrir erfiðleikar á þessu utan stærstu kaupstaðanna. Farkennararnir flestir eða allir eru fólk, sem ekki hefur kennarapróf, og í mörgum föstum skólum hefur einnig orðið að ráða fólk, sem ekki hefur kennarapróf. Það er kennaraskortur á landsbyggðinni, ef miða skal við menn með kennararéttindi. Þykir þá gott, ef hægt er að fá til starfa menn, sem ekki hafa þessi réttindi — menn, sem eitthvað hafa gengið í skóla og geta kennt börnum og unglingum. Nú vil ég spyrja: Er ekki hætta á því, ef enn verður aukið við kennaranámið til mikilla muna og heimtað háskólapróf af kennurum, að þessir erfiðleikar verði enn þá meiri fyrir landsbyggðina, þ. e. að fá kennara með réttindi, því að réttindin til þess að kenna börnunum verða bundin við háskólamenntaða menn? Mun þeim, sem eru búnir að leggja svo mikið á sig — svo og svo langa skólavist — og eru orðnir svo lærðir, ekki þykja það enn þá ófýsilegra en kennaraskólamönnunum þykir þó nú að sinna þessum störfum í hinum fámennari skólahverfum og fræðsluhéruðum? Ég get ekki að því gert, að það sezt að mér nokkur beygur vegna þessa. Menn segja kannske, að úr þessu megi bæta með því að bæta kjörin. Ég er ekki alveg viss um það. Ég held, að það sé fleira, sem kemur til, að menn eru svo ófúsir til þess að sinna kennslu á þessum stöðum. Það hefði þótt ótrúlegt, þegar ég var að alast upp fyrir meira en hálfri öld, að það yrði heimtað af kennurum, sem eiga að kenna börnum að lesa og draga til stafs og það einfaldasta í reikningi, að þeir hefðu háskólapróf, væru búnir að vera fyrst níu ár í grunnskóla, síðan fjögur ár í menntaskóla og síðan þrjú ár í háskóla eða kennaraháskóla og þyrftu kannske reynslutíma að auki til þess að geta fengið réttindi til þess að gera þetta, þ. e. að kenna börnum lestur og að draga til stafs o. s. frv. — þetta, sem börnin læra fyrst.

Ég er uppalinn á því útnesi landsins, sem lengst er frá höfuðstöðvunum hér. Þar var það svo, þegar ég var að alast upp ásamt jafnöldrum mínum, þar sem auðvitað var ekkert skólahús og enginn fastur skóli, að mæður okkar og feður, sem ekki höfðu í neinn skóla gengið, kenndu okkur þessi frumfræði, þ. e. að verða læs og að læra að skrifa og ýmsir í okkar hópi a. m. k. voru búnir að ljúka lestrarnáminu um 7 ára aldur; það var ekki óalgengt. Og þess vegna er ég að velta þessu fyrir mér: Er það nauðsynlegt — þó að við göngum út frá því, að það þurfi háskólanám til þess að kenna hin æðri fræði — að alveg sömu kröfur séu gerðar til þeirra, sem eiga að kenna þessa undirstöðu, sem allir eiga að kunna? En nú orðið eiga allir Íslendingar, sem til þess hafa hæfileika, að vera læsir. Kannske eru þeir það ekki allir, því að sumir eru ekki þannig úr garði gerðir, að þeir eigi yfirleitt auðvelt með nám, og verður ekki við því gert eða ástæða til að áfellast það á neinn hátt. En þarf þetta að vera svona, að kröfurnar séu hinar sömu fyrir alla þá, sem eiga að kenna í þessum ofannefnda grunnskóla, sem er fyrir börn á aldrinum frá 7—16 ára, að sömu kröfur séu gerðar til þeirra allra, hvort sem þeir kenna 7 ára barni eða 16 ára ungmenni, sem nú má teljast vera orðið í þann veginn að verða fullorðið, fullorðinn maður eða kona.

Þetta eru mínar hugleiðingar, sem ég vil beina til n., og væri auðvitað æskilegt, að hæstv. ráðh., sem sjálfsagt hefur hugsað manna mest um þessi mál, segði eitthvað um þetta, því að hér er m. a. um þjóðhagsmál að ræða. Það er þjóðhagsmál, hvort það á að heimta miklu meira starfsnám af mönnum en nauðsynlegt er, því að ef það er gert, er það sóun á fjármunum fyrir þjóðfélagið og þá sjálfa, og það er að bruðla með mannslíf eða hluta úr mannslífi eða mannsævi, ef sú krafa er gerð, að menn séu miklu lengur í skóla en nauðsynlegt er til þess að leysa af hendi það starf, sem þeim er ætlað. Nú er ég ekki að fullyrða, að það sé gert í þessu frv., en þetta allt kemur mér í hug við að hafa litið yfir frv. og þessa löngu grg. — 56 síður samtals, sem því fylgir.

Það er mikið rætt um skólamál og menntamál nú á tímum, og það er eðlilegt, að svo sé. Öldin, sem

við lifum á, er ólík fyrri tímum um margt, þó að maðurinn og gerð hans sé kannske lítið breytt frá því, sem var fyrir þúsundum ára. A. m. k. sagði Stephan G. Stephansson:

„Því jafnvel í fornöld sveif hugur eins hátt, —
og hvar er þá nokkuð, sem vinnst?“

En umhverfið og heimurinn er orðið mjög breytt. Hins vegar hafa hugmyndir okkar um skóla og skólakerfi, eins og þær hafa verið framkvæmdar til þessa, litlum breytingum tekið tiltölulega a. m. k. í eina öld. Við höfum fengið þær frá Norðurlöndum, og Norðurlandamenn fengu þær frá Mið-Evrópu, þ. e. hugmyndir um skóla fyrir börn og unglinga. En áður en skólar fyrir börn og unglinga voru til fyrir almenning, þá var það til, sem við köllum núna æðri skóla, þ. e. menntaskólar, sem þá hétu latínuskólar, og svo það, sem kallað var „universitas“ eða háskólarnir. Við höfum vanizt á það frá blautu barnsbeini, að svona ætti kerfið að vera, menntaskóli, almennur menntaskóli er hann núna kallaður, sem byggi ungmenni undir að stunda nám í háskóla, sem væri sérgreinaskóli. Háskólar eru sérgreinaskólar. Þar leggja menn stund á sérfræði. Það hefur verið til þessa alveg algild regla hér og ég held alls staðar, þar sem þessu skólakerfi hefur verið haldið uppi, að það sé skilyrði, að þeir, sem fá að komast inn í háskóla, eigi að hafa stúdentspróf. Mér hefur oft komið það til hugar — þó að ég sé enginn sérfræðingur í menntamálum og hafi ekki gefið mig sérstaklega að þeim, en hins vegar verið dálítið í skóla á sínum tíma — hvort þessi undirbúningur undir háskólann sé einhlítur og eigi rétt á sér, hvort hann þurfi endilega að vera svona.

Stúdentar í háskólanum eða eitthvert trúnaðarmannaráð á þeirra vegum gerði í vor till. um það, að nemendum með burtfararpróf úr nokkrum tilgreindum skólum öðrum en menntaskólunum yrði veitt inntaka í háskólann, og bæði mér og sjálfsagt mörgum öðrum þótti þetta þá nokkuð nýstárlegt, að þetta skyldi koma frá stúdentunum. En nokkru síðar las ég grein, sem líka var frá stúdent eða stúdentum, þar sem kom fram enn þá róttækari till., og hún var sú, að öllum, sem þess æsktu, væri heimil innganga í Háskóla Íslands, og skyldu þeir hafa rétt til þess að stunda þar nám, að því þó tilskildu, að við háskólann sjálfan eða einstakar deildir hans væri inntökupróf eða þolraun, sem umsækjandinn ætti að ganga í gegnum, sem ætti að sýna það, hvort hann væri hæfur til þess að stunda nám í háskólanum, hvernig sem hann hefði fengið menntunina, hvort sem hann hefði fengið hana í menntaskóla eða í kennaraskóla, verzlunarskóla, bændaskóla, samvinnuskóla eða kvennaskóla eða bara hann hefði lært af útvarpinu t. d. eða lært af sjálfum sér, lært sjálfur af eigin rammleik. En við vitum, að það er nú ekki alveg dæmalaust, að menn hafi tileinkað sér menntaskólalærdóm án þess að vera í menntaskóla.

Ég minnist þess t. d. — ég held, að það sé ekki rangminni hjá mér — að um það leyti, sem ég var þar dálítið viðloðand fyrir mjög löngu, þá kom þar við sögu ungur maður, sem nú er einn af prófessorum háskólans. Hann kom í menntaskólann í Reykjavík um vor, hafði ekki verið þar áður og ekki heldur í öðrum menntaskóla, og tók gagnfræðapróf. Þremur árum síðar kom hann svo aftur og tók stúdentspróf og hafði þá ekki heldur verið í menntaskólanum. En það einkennilega við bæði þessi próf var, að hann var annaðhvort efstur á prófinu eða mjög nærri því að vera efstur. Þetta var til, og þetta er til og getur verið til, að menn geta numið á ýmsan hátt með aðstoð annarra skóla en menntaskóla og með annarra aðstoð en skólanna. En til þess þarf auðvitað bæði hæfileika og ástundun, vilja og löngun til þess að fræðast.

Mér kemur í hug í þessu sambandi, þegar ég er að lesa þetta mikla plagg hér, að kannske verði það þetta, sem koma skal, að háskólinn og kennaraháskólinn taki við nemendum og leyfi þeim að koma inn fyrir sínar dyr og stunda þar nám, ef þeir bara sýna sig hæfa til þess við inngöngu að geta stundað nám í þeirri háskóladeild eða kennaraháskóla, sem um er að ræða, hvernig sem þeir hafa öðlazt menntunina. Og auðvitað liggur það í hlutarins eðli, að sú sérfræði, sem kennd er í háskóla og kannske kennaraháskóla, er mjög svo mismunandi. Þær eru svo ólíkar þessar greinar, sem stúdentarnir eiga að læra í háskólanum, að það þarf ekki alveg sama undirbúning undir þær allar í raun og veru. Það leiðir mann aftur inn á þessa hugsun, hvort í raun og veru henti á okkar tímum þessi almenna menntaskólafræðsla, sem eitt allsherjar- og einkaskilyrði til þess að komast inn í þessar margvíslegu sérfræðideildir í háskólanum.

Ég held, að ég sé nú búinn að drepa á flest, sem mér hefur komið í hug, síðan hæstv. ráðh. flutti framsöguræðu sína, og í þessum umr., sem farið hafa fram síðan, og þó væri það sjálfsagt ýmislegt, sem ég gjarnan vildi ræða um einstakar gr. frv. sjálfs, ef ég teldi mig þess umkominn. En ég er ekki búinn að kynna mér frv. þannig, að ég geti gert það. Þetta, sem ég hef sagt, eru aðeins almennar hugleiðingar, sem ég vildi láta koma fram, áður en hv. n. tekur málið til meðferðar. En meginmálið er, hvernig á í stórum dráttum að koma fyrir menntun kennaranna, sem eiga að starfa í barnaskólunum og gagnfræðaskólunum og hvort ekki þarf að fara að endurskoða skipulagið eða þau skilyrði, sem verið hafa fyrir inngöngu í háskóla almennt.

Það má aðeins minna á það, að kennaraháskólar hafa lengi verið til í öðrum löndum. Það hefur lengi verið starfandi kennaraháskóli í Kaupmannahöfn t. d. Ég held, að þar hafi það ekki verið neitt skilyrði, að menn væru stúdentar. Menn úr Kennaraskóla Íslands hafa, ef ég man rétt, farið í þennan skóla og eins menn, sem stunduðu nám í kennaradeildinni í Flensborgarskólanum, áður en kennaraskólinn var stofnaður. Það getur verið og er sjálfsagt rétt, sem hæstv. ráðh. segir, að það sé verið að breyta þessu nú á Norðurlöndum, og vel má vera líka, að það sé rétt að gera það. En þó kemur aftur og aftur fram í huga minn þessi spurning: Er það

rétt að gera sömu kröfur til allra kennara, sem eiga að kenna börnum og unglingum frá 7—16 ára aldri, hvaða aldursflokki sem þeim er ætlað að kenna?

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þar sem nú líður nær lokum þingfundartíma, mun eflaust ekki þykja óeðlilegt, að ég svari nokkrum fsp., sem til mín hefur verið beint í þesum umr. En fyrst vildi ég láta í ljós ánægju yfir því, að mér virðist þeir hv. þm. stjórnarandstöðunnar, sem talað hafa, hafa fallizt á þá meginstefnu, sem í þessu frv. felst, að því er varðar framtíðarskipun kennaramenntunarinnar. Þó fer það ekki fram hjá mér, og ég vek á því athygli, að undirtektir hv. þm. stjórnarandstöðunnar undir þetta frv. hafa — og það harma ég — ekki verið eins algerlega jákvæðar og þær voru fyrir nokkrum dögum undir frv. um skólakerfi og grunnskóla. Ég vona, að þetta bendi ekki til þess, að von sé á þess konar deilum eða átökum um þetta frv., sem hindri framgang þess á þessu þingi. En þetta hefur ekki farið fram hjá mér, og ég vek athygli á því í því skyni einu að undirstrika ósk mína um það og ósk ríkisstj. um það, að frv. fái sem skjótasta meðferð í hv. menntmn. og það verði afgreitt á þessu þingi, því að ég tel öldungis nauðsynlegt, að sú breyting, sem fyrirhuguð er og mér skilst, að þm. séu í megindráttum sammála um og kennarasamtökin og kennaraskólinn leggja mikla áherzlu á, að nái sem fyrst fram að ganga, geti komið til framkvæmda á hausti komanda. Að öðrum kosti mun verða um að ræða öngþveiti, framlengingu á ástandi, sem varað hefur lengur en ég og aðrir þeir, sem eru áhugamenn um málefni kennaraskólans og kennaramenntunarinnar, hefðu viljað, að hefði varað.

Tveir hv. þm. hafa harmað það, að frv. skyldi ekki hafa verið útbýtt fyrr en núna í byrjun síðari hluta þingsins, að það skyldi ekki hafa komið fyrir augu þm., þegar þingið kom saman í haust, 10. okt. s. l. Þetta var óframkvæmanlegt af þeirri mjög svo einföldu ástæðu, að menntmrn. fékk frv. ekki frá n., sem samdi það, fyrr en 23. okt. s. l., m. ö. o. eftir að þing er komið saman. Og ég hygg, að það megi teljast rösk handtök í menntmrn. og hjá ríkisstj. að hafa lokið athugun á svo viðamiklu máli sem hér er um að ræða, og samstaða náðist um það í ríkisstj., þ. e. fyrst og fremst á milli menntmrn. og fjmrn., að leggja málið fyrir og æskja þess, að þingið afgreiði það nú þegar á þessu þingi. Það eru hraðari vinnubrögð en yfirleitt tíðkast og helgast eingöngu af því, að við í menntmrn. — og höfundar frv. — höfum talið vera hér um óvenjulega mikilvægt mál að ræða. Ég lét þess einnig getið í framsöguræðu minni, að hér er um meginstefnu að ræða, sem hefur verið kunnug öllum áhugamönnum um málefni kennaraskólans í 1—2 ár, og í raun og veru á því engum, sem lætur sig málið verulega skipta, að veitast erfitt að mynda sér skoðun á málinu. Ég hygg raunar, að flestir hafi myndað sér skoðun á málinu á undanförnum mánuðum og árum og eigi það við um alla þá þm., sem sérstakan áhuga hafa á málinu og sérþekkingu hafa á því og munu því sérstaklega um það fjalla.

Tveir hv. þm. hafa einnig vikið að því, hvers vegna kennaranáminu sé ekki ætlaður staður í háskólanum, fyrst gert er ráð fyrir því sem aðalreglu, að stúdentspróf sé inngönguskilyrði og væntanlegt kennaranám fari fram á háskólastigi. Ég sé enga ástæðu til annars en vera algerlega hreinskilinn, hvað mig persónulega áhrærir í þessu efni. Þegar sú hugmynd fyrst kom upp fyrir nokkrum árum að breyta kennaranáminu og flytja það á háskólastig, þá var ég persónulega þeirrar skoðunar, að eðlilegasta lausnin í því efni væri sú að fela sérstakri háskóladeild að annast menntun barnakennara, eins og það var í raun og veru ætlunin með B.A.-náminu í háskólanum að mennta framhaldsskólakennara. Húsnæðismál skipta þarna engu máli, því að ný deild í háskólanum hefði auðvitað enn um sinn getað verið staðsett hvar sem er í jafnlitlum bæ og Reykjavík er. En þetta sjónarmið mætti mikilli andstöðu af hálfu forvígismanna kennaraskólans og raunar samtaka barnakennara einnig. Og þau rök, sem þessir aðilar færðu fyrir því að hafa kennaranámið í sérstökum kennaraháskóla, eins og raunar algengast væri annars staðar, en ekki í hinum almenna háskóla þjóðarinnar, voru þau, að kennaranámið væri þess háttar sérnám, sem að ýmsu leyti væri öðruvísi og gerði aðrar kröfur til kennara og nemenda en almennt háskólanám gerði. M. ö. o., þó að það væri flutt á háskólastig, þá væri ekki ástæða til þess að feta þar í fótspor þeirra akademísku „tradisjóna“, sem mótuðu háskóla eða „universitet“ bæði hér og annars staðar, enda væru dæmi um þetta með nýjar greinar eins og t.d. tæknifræði og verkfræði ýmiss konar, að þær hefðu flutzt úr „universitetunum“, úr hinum almennu háskólum, yfir í sérstaka tækniháskóla, sérstaka verkfræðiháskóla, og þess vegna væri eðlilegt að láta þróun kennaramenntunarinnar, sem byrjað hefði á framhaldsskólastigi, þróast sjálfstætt, láta þær gömlu stofnanir vaxa, enda hefði það verið gert annars staðar í stað þess að kippa þeim upp með rótum og sá rótunum að þessari nýju menntun í allt öðrum jarðvegi, sem væri hinn akademíski jarðvegur gamalla háskóla. N. reyndist á þessari skoðun, og ég hef fyrir mitt leyti og ríkisstj. fallizt á hana. Annars væri frv. ekki flutt í því formi, sem það nú er flutt.

Ég játa fúslega með þessum tveimur hv. þm., að þetta er engan veginn sjálfsagt mál. Það má færa mörg og skynsamleg rök fyrir því ekki sízt í jafnlitlu þjóðfélagi og á Íslandi, að ástæðulaust sé að hafa tvo háskóla, og það mætti vel skipuleggja nýja háskóladeild með þessu nýja verkefni þannig, að gamlar venjur, gamlar „tradisjónir“, gömul náms- og kennsluviðhorf í háskóla yrðu ekki til trafala í því nýja námi, sem hér er verið að efna til. En með hliðsjón af því, að skoðanir sérfróðra manna um kennaramenntun, forvígismanna kennaramenntunarinnar og kennarasamtakanna, virtust vera

eindregnar á þessum málum, þá hefur það orðið niðurstaða mín að gera skoðanir þeirra að mínum í þessu efni. Ég tel það ekki heppilegt, að einstakir fagráðh., sem flytja og fjalla um mjög mikilvæg mál, leggi meiri áherzlu á sínar eigin persónulegu skoðanir en skoðanir þeirra manna, sem eru ráðandi í þeirri stétt eða þeim stéttum, sem hlutaðeigandi mál snertir. Ég hef — og um það eru mörg dæmi — yfirleitt fylgt þeirri reglu í mínum störfum að hlusta vel og vandlega á rök, þó að það væri ekki alveg í samræmi við mínar persónulegu skoðanir í einu og öllu, og a. m. k. því aðeins að mín skoðun og minna félaga í ríkisstj. væri þeim mun ákveðnari og sannfæringin þeim mun traustari, þá hef ég talið rétt að láta sjónarmið sérfræðinganna og þeirra, sem hlut eiga að máli, ráða varðandi meðferð málsins a. m. k. varðandi flutning málsins. En ég endurtek, að mér koma þessar spurningar engan veginn á óvart. Þær voru í mínum huga lengi vel — jafnvel árum saman, þó að niðurstaðan hafi orðið sú, að ég flyt hér málið fyrir hönd ríkisstj. sem heildar í þessu formi.

Hv. þm. Magnús Kjartansson taldi, að ákvæðin um verkaskiptinguna væru ekki nógu ljós. En það eru alveg skýr ákvæði í 1. gr. l., og ég hygg, að þessi ákvæði séu síður en svo óskýrari en hliðstæð ákvæði almennt í lögum eru, þ. e. að Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands er heimilað að skipta með sér verkefnum og viðurkenna sambærilegar námsgreinar eða námsþætti hvor annars til þess að forðast tvíverknað. Þetta mundi að sjálfsögðu verða skýrt nánar í reglugerð. Heimildin er alveg skýlaus þegar í 1. gr. frv. Það mundi síðar verða verkefni reglugerðar með eðlilegum hætti að kveða nánar á um, hvernig þessu samstarfi og þessari verkaskiptingu skuli háttað.

Þá sagði hv. þm., að hann teldi óljós ákvæðin um inntökuskilyrði. Það væri gert ráð fyrir stúdentsprófi sem meginreglu, en svo væru óljós ákvæði um það, hvers konar annað nám gæti veitt rétt til inntöku í kennaraskólann. En ég er síður en svo þeirrar skoðunar, að ákvæðin séu óljós. Um þetta gildir það sama og hitt. Þau eru þvert á móti mjög skýr miðað við það, sem hliðstæð ákvæði eru í annarri skólalöggjöf. Í 4. gr. frv. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Inntökuskilyrði í Kennaraháskóla Íslands eru: 1. Stúdentspróf. 2. Annað nám, ef skólastjórn telur það jafngilt og mælir með því, en menntmrn. fellst á það.“

M. ö. o., skólastjórn hefur frjálsar hendur um það að meta annað nám hliðstætt menntaskólanámi og þarf ekki annað en gera till. til menntmrn. um þá niðurstöðu sína, og þá er málið leyst fyrir hlutaðeigandi aðila. Þetta eru frjálslegri ákvæði en eru t. d. í gildandi háskólalögum. Og svo kemur það, sem er algert nýmæli, það er ekki í gildandi háskólalögum og er algert nýmæli í lögum, sem fjalla um háskólamenntun. Í þriðja lagi segir:

„Heimilt er skólanum að úrskurða um inntöku nemenda með hliðsjón af hæfniprófi eða öðrum matsaðferðum, en fullnægja skulu þeir ákvæðum þessarar gr. Ákveða má í reglugerð lágmarkseinkunn í íslenzku og fleiri greinum.“

Það er ekki til ákvæði í öðrum íslenzkum lögum um háskólanám hliðstætt þessu, að heimilt sé að veita rétt til háskólanáms samkv. hæfniprófi eða öðrum matsaðferðum, sem taldar eru fullnægja kröfum, sem sjálfsagt er að gera í slíku efni. Sú gagnrýni er því engan veginn á rökum reist, að inntökuskilyrðin í kennaraháskólann séu ekki skýr eða þröng. Þau eru þvert á móti skýr og víð.

Þá spurði hv. sami þm., hvort ákvæðið um kjör rektors í frv. táknaði stefnubreytingu af hálfu stjórnvalda varðandi ráðstöfun í embætti. Það ber auðvitað ekki að skilja ákvæðið þannig, heldur einungis þannig, að hér er um að ræða annan háskóla og það þótti eðlilegt, að hliðstæðar reglur giltu um val rektors í þessum nýja háskóla og nú gilda um val rektors í gamla háskólanum. Rektor háskólans er einn af fáum æðstu embættismönnum ríkisins, sem er ekki skipaður af ráðh., heldur kosinn af kennurum. Það var till. n., sem ríkisstj. féllst á, að það væri eðlilegt, að sama skipun gilti um þennan nýja væntanlega háskóla, og sé ég ekki annað en það megi teljast algerlega eðlilegt.

Ég veit ekki, hvort ég hef skilið spurningu hv. þm. rétt um það, að það væri óeðlilegt, að þeir, sem lykju kennaraprófi í vor í kennaraskólanum, skyldu ekki eiga að fá inngöngu í kennaraháskólann. (**MK:** Ég sagði með kennaraprófi almennt.) Almennt, já, að það væri óeðlilegt, að þeir fengju ekki inngöngu í kennaraháskólann. Þessi spurning ber vott um algeran misskilning eða ber vott um það, að þm. hefur ekki gert sér grein fyrir eðli gildandi kennaraskólalöggjafar og þeirrar nýju löggjafar um kennaraháskóla, sem við erum hér að ræða um. Af hverju skyldi kennari, sem þegar hefur kennarapróf, full réttindi, æskja inngöngu í kennaraháskólann til þess að læra þar upp sömu hlutina að verulegu leyti sem hann hefur áður lært? Enda mundi hið nýja próf ekki veita nein meiri réttindi en kennarinn nú hefur. Er það meining hv. þm. að bera fram í alvöru þá spurningu, hvers vegna kennari, t. d. kennari, sem nú starfar við einhverja skóla, eða kennari, sem lýkur prófi úr kennaraskólanum í vor, eigi ekki að fá réttindi til þess að ganga inn í kennaraháskólann? Til hvers skyldi hann ganga inn í kennaraháskólann og sitja þar í þrjú ár til þess að fá engin meiri réttindi en hann hefur? Þetta er svo furðuleg spurning, að mig rekur í rogastanz, að hennar skuli spurt af þm. Sannleikurinn er auðvitað sá, að þeir, sem hafa lesið núverandi lög um kennaraskóla og lesið þetta frv., vita, að væntanlegir kandídatar úr kennaraháskóla, stúdentar eða þeir, sem eru með jafngildi stúdentsmenntunar plús þriggja ára nám, fá engin meiri réttindi en kennaranemi, sem lýkur kennaraprófi í vor. Kennsluréttindin eru nákvæmlega þau sömu, svo að spurningin er fullkomlega út í bláinn.

Hv. þm. nefndi það, að ég mundi hafa þreytzt á því að vera menntmrh. í 14 ár. Ég held, að þessi

spurning beri vott um það, að hann hafi gamlazt meira á því að vera þm. í þrjú ár en ég á því að vera menntmrh. í 14 ár, svo að mér sýnist þetta bera vott um meiri þreytumerki en ég vona, að á mér sjáist.

Hv. þm. Eysteinn Jónsson lýsti eftir skýringum á kennaraskortinum á framhaldsskólastiginu. Sannleikurinn er sá, að fyrir nokkrum árum var efnt til átaks í málefnum háskólans, þ. e. háskólanum var falið það verkefni beinlínis að mennta kennara fyrir framhaldsskólastigið. Í því skyni var allt B. A.-nám háskólans endurskipulagt frá grunni. Því miður verður að játa, að þessi tilraun hefur ekki skilað þeim árangri sem skyldi. Á því eru margar og mjög flóknar skýringar, sem ég sé ekki ástæðu til að reyna að gera tilraun til að ræða hér; til þess er málið of flókið. En ég segi aðeins, segi aftur og undirstrika: Sú tilraun, sem hafin var fyrir nokkrum árum og stendur enn yfir í því að láta háskólann með sínu B.A.-námi sjá fyrir nægilegum fjölda háskólamenntaðra manna fyrir framhaldsskólastigið, hefur ekki gefizt eins vel og skyldi, og er þarna enn eitt verkefni, sem þarf að taka á til þess að bæta úr þeim tilfinnanlega skorti, sem er á kennurum á framhaldsskólastiginu. Þetta mál hefur verið til rækilegrar athugunar í menntmrn. og háskólanum. Ég hef látið þá skoðun í ljósi við háskólann og þá einkum við forvígismenn B.A.-námsins, að við í rn. teljum ekki þær ráðstafnir, sem þegar hafa verið gerðar, hafa borið tilætlaðan árangur, og ég vona, að það verði gerðar einhverjar þær breytingar á skipan mála innan háskólans, sem bæti úr því, sem þarna er um að ræða.

En að öðru leyti varðandi ræðu hv. þm. Eysteins Jónssonar vildi ég upplýsa, að í samningu er frv. um réttindi kennara á hinum ýmsu skólastigum, og hafa ýmsir aðilar óskað þess, að það frv. fengi að sjá dagsins ljós, þó að það yrði ekki samþ., áður en háskólinn tæki til rækilegrar athugunar þetta mál, sem ég skil vel, að hv. þm. vekti máls á.

Hv. þm. Sigurvin Einarsson spurði tveggja spurninga, og það ætti að verða það síðasta, sem ég segi að þessu sinni. Hann spurði, hvort hinir nýju nemendur kennaraháskólans mundu ekki fá sama rétt til námslána og aðrir stúdentar hafa nú, og er þessari spurningu að sjálfsögðu svarað játandi. Annað hefði aldrei komið til greina, enda í fullkomnu samræmi við gildandi lög um lánasjóð *námsmanna*.

Varðandi hitt atriðið, sem hann spurði um, hvort ekki ætti að bæta launakjör kennara í framhaldi af samþykkt jafnviðamikillar löggjafar og þess frv., sem hér er um að ræða, þá vildi ég aðeins segja í upphafi, að í nýgerðum kjarasamningum milli ríkisins og BSRB mun engin stétt opinberra starfsmanna hafa hlotið jafnmikla hækkun launa sinna — jafnmikla bót kjara sinna — og einmitt kennarar. Er þetta alveg óumdeilt meðal allra, sem til málavaxta þekkja. Og ég tel kennarastéttina vera mjög vel komna að þeirri miklu kjarabót, sem hún er nýbúin að fá, og hana síður en svo hafa verið of mikla, þó að ýmsir aðilar hafi talið hana og kjarabætur opinberra starfsmanna yfirleitt allt of miklar. Þeim mönnum er ég algerlega ósammála, og á það sérstaklega við um kennarastéttina. Það er alveg augljóst mál, að það hefur háð kennarastéttinni á undanförnum árum, að laun hennar hafa ekki verið nægilega góð; starf hennar hefur ekki verið nægilega vel metið til launa. Á þessu varð gagnger breyting í síðustu samningum opinberra starfsmanna, sem kemur fram í því sem sé, að engin ein stétt hlaut jafnmikla launabót og einmitt kennararnir. Það er viðurkenning á því, að laun þeirra hafi verið vanmetin undanfarin ár og laun þeirra þá verið orðin of lág. En nú mun enginn geta haldið því fram með sanni, að kennarar séu ekki hlutfallslega a. m. k. jafn vel launaðir og opinberir starfsmenn yfirleitt.

Að því er spurningu hv. þm. Sigurvins Einarssonar snertir, vil ég að síðustu segja þetta: Ég skildi spurningu hans svo, hvort fyrir því hefði verið hugsað, að hinir nýju kennarar, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, að brautskráist á sínum tíma og hafa auðvitað lengri námstíma að baki en kennarar fram að þessu, fái hærri laun en kennarar hafa hlotið hingað til. Svo skildi ég spurninguna. Ég vona, að það sé réttur skilningur. Það er ákvæði í nýgerðum samningi ríkisstj. og BSRB um þessa væntanlegu kennara. Að vísu eru ákvæðin eldri en þetta frv. Þar er gert ráð fyrir nýju kennaraprófi að loknu stúdentsprófi plús tveggja ára námi, og slíkum kennurum er í einu ákvæði samningsins skipað í 18. launaflokk, þ. e. sama launaflokk og þeim kennurum, sem byrjaðir voru störf fyrir 1963. En kennarar almennt eru tveimur launaflokkum neðar. Kennarar almennt eru í 16. launaflokki, en geta þó unnið sig upp í 18. flokk annars vegar með starfsreynslu og hins vegar með viðbótarmenntun, svo að það hefur þegar verið hugsað fyrir því, að kennaranámið lengist verulega, ef þetta frv. verður að lögum. Það er þegar hugsað fyrir því — ég veit ekki, hvoru ég á fremur að þakka það, BSRB og kennarasamtökunum eða ríkisstj., það má þakka það báðum jafnt að hafa haft þá fyrirhyggju — að það eru væntanlegir á markaðinn kennarar með lengra nám að baki en hingað til hefur átt sér stað, og þeim kennurum er skipað í hærri launaflokk en þeim, sem skemmra námið hafa að baki.

Umr. frestað.

Á 43. fundi í Nd., 4. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það er nú þannig, eins og við vitum, að það er erfitt að fá breytingar á frv. eða koma neinu fram viðvíkjandi þeim, nema það sé samþ. í nefndum og náist nokkurn veginn meiri hl. í n. og jafnvel samstaða. Ef mann langar þess vegna til að benda á einhver atriði, þá verður að taka það fram strax við 1. umr.

Ég hygg, að í þessu frv. sé ýmislegt, sem orkar tvímælis. Vitanlega er okkur öllum ljóst, að það ástand, sem er í kennaraskólanum nú, getur ekki

gengið til lengdar. Hæstv. menntmrh. talaði hér vel að vanda í gær og lýsti þessu vafalaust alveg réttilega. Hann taldi, að það væru tvö atriði, sem hefðu valdið þessari miklu aðsókn. Það væri það, að það hefði ekki verið krafizt landsprófs við inntöku í skólann, heldur hefðu gagnfræðingar einnig fengið að fara í skólann, og í öðru lagi, að skólanum var leyft að útskrifa stúdenta. Þetta efast ég ekki um, að sé rétt. En í sambandi við það datt mér í hug, að þetta væri ekki ólíkt og hjá bónda, sem hefði hjörð sína í rétt og léti hæfilega margar kindur í allar kræmar nema eina, hefði þar stórar dyr og víðar og léti svo leifarnar af hjörðinni ryðjast inn og jafnvel troðast undir í krónni. Ég segi, ef ég hefði þannig fjárhirði, þá mundi ég finna að þessu við hann og verða vondur. Ég álít, að hæstv. ráðh. hafi þarna lýst hinum illa hirði. Því í ósköpunum er ekki settur hemill á þetta? Hvaða vit er í því að hafa þrefalt fleiri nemendur í þessum skóla en mega vera? Og til hvers er að vera að kenna miklu fleiri kennaraefnum en möguleikar eru á, að hafi vinnu? Þetta er algert skipulagsleysi. Ekki er það til bóta fyrir eina stétt að verða svo fjölmenn, að menn hafi ekki atvinnu. Ekki geta þeir hlaupið til annarra landa og hafið kennslu þar, eins og læknarnir okkar og verkfræðingarnir gera.

Þetta er af stjórnleysi, sem skólinn varð svona fjölmennur. Það er í raun og veru furða, hvað skólastjórinn hefur haldið þetta út í þessari aðstöðu og með þennan fjölda. En hvernig í ósköpunum stendur á, að fólkinu er hleypt svona takmarkalaust inn? Vitanlega var hægt að setja þarna skorður við og láta skólann ekki útskrifa stúdenta. Og vitanlega voru margir gagnfræðingar, sem vildu fara í þennan skóla til þess að geta náð stúdentsprófi, sem ekki höfðu náð landsprófi og ekki fengu að fara í hina menntaskólana. Þarna er skólinn kominn út fyrir það verksvið, sem hann á í raun og veru að sinna. Hann á að ala upp kennaraefni, en ekki stúdenta. Þetta er sjálfskaparvíti. Spurningin er bara, hvort þetta er ekki þannig á fleiri sviðum, hvort það stefnir ekki í sömu átt. Ég veit ekki, hvað prófessorunum hefur fjölgað mikið við háskólann, en deildum og prófessorum hefur fjölgað þar gríðarlega. Ég er ekki að lá kennurunum við kennaraskólann, þó að þeir vilji allt í einu verða prófessorar, dósentar og lektorar. Það er ekki nema mannlegt og eðlilegt. Vafalaust hækka þeir eitthvað í launum við þetta, og svo eru þessar nafnbætur. En ef breytingin er ekki til annars en þess, hefur það ekki hagnýta þýðingu. Mér skilst, að það eigi að verða sömu kennarar. Þeir hafa rétt á að vera þeir sömu. Ég er ekki að gera lítið úr hæfileikum þeirra, en allt í einu eiga þeir að fara að verða prófessorar, dósentar og lektorar o. s. frv. og allt með háskólasniði, þannig að ég er ekki hissa á því, þó að þeir geti mælt með þessu frv.

En er þetta bara ekki að verða þannig á fleiri sviðum? Og liggur það ekki einfaldlega í því, að ungmennunum sé ekki beint inn á réttar brautir? Við höfum fleira með starfskrafta okkar unga fólks að gera en láta það verða stúdenta og kennara. Það þarf fleira að gera í þessu þjóðfélagi. Er ekki lögð of lítil rækt við hagnýta menntun á verklegu sviði, sem snertir iðnað, sjávarútveg og jafnvel landbúnað? Ég held, að stjórnin sé ekki nógu góð á skólamálum okkar og það þurfi að beina unga fólkinu á réttar brautir og hafa skipulag og yfirstjórn á hlutunum, þannig að ungmenni þyrpist ekki í einhverja eina stétt, án þess að þörf sé fyrir það þar. Ég held, að við t. d. stöndum ekki framarlega í fiskiðnaði, og sannleikurinn er sá í iðnaðarmálunum, að þar hefur ekki verið stigið stórt skref, þó að við gengjum í EFTA. Það hefur ekki orðið mikil breyting þar. Þar þurfum við hæfileikamenn ekki síður en til þess að verða lögfræðingar og viðskiptafræðingar. Og er það ekki víðar en að kennaraskólanum, sem straumurinn liggur ekki í réttar áttir? Það er það, sem ég óttast.

Gert er ráð fyrir að breyta skólanum þannig að hafa þriggja ára nám og krefjast stúdentsmenntunar við inntökupróf. Þetta er þá orðið að sjö ára námi eftir landspróf. Nú skilst mér, að eigi að þrengja hringinn. Ef það á að krefjast landsprófs til að fá að fara í menntaskólana, þá hafa gagnfræðingar ekki aðstöðu til þess að ná þessu stúdentsprófi; þeir verða fyrst að ná landsprófinu. Smuga er þarna á því, og skeð getur, að þeir, sem eru í þessum framhaldsgagnfræðaskólum, komist að — mér skilst, að heimilt sé að veita undanþágu. En er þá ekki jafnmikil hætta á, að skólinn offyllist? Er ekki alveg eins hægt að takmarka fjölda nemenda án þess að gera þessar breytingar.

Satt að segja finnst mér dálítið yfirlæti í þessu frv.; ég get ekki neitað því. Þetta á að verða háskóli. Það er verið að tala um háskóla hjá Dönum og annars staðar á Norðurlöndunum. Það er sjálfsagt að athuga löggjöf þeirra. En það er sjálfsagt líka að athuga það í leiðinni, að við erum 25 sinnum færri en Danir, þannig að þó að Danir hafi efni á að hafa kennaraháskóla, þá eru fleiri kennaraskólar í því landi, og við megum ekki miða okkur algerlega við þjóðir, sem eru 20—30 og kannske 1000 sinnum fleiri en við.

Þá er annað. Þessir menn eiga að annast barnakennslu. Þeir eru búnir að læra í marga vetur. Fyrst taka þeir stúdentspróf og eru svo 3 ár í kennaraháskóla. Þetta er orðið 7 ára nám, og áður eru þeir búnir að hafa 3—4 ára nám eftir barnafræðsluna, þannig að þeir eru búnir að læra í 15 ár með barnaskólanámi. Þeir eru búnir að eyða miklum tíma og orku í þetta. Sannleikurinn er sá með þessa skóla, að skólarnir eyða mikilli orku, og það er í sumum tilfellum dálítið vafamál, hvort maðurinn græðir meira á þessari löngu skólaveru, hvort hann vinnur meira við hana en hann tapar á henni. Og ég held, að menn, sem fara í atvinnurekstur, ættu að athuga það að eyða ekki of miklum tíma í að sitja á skólabekkjunum; þeir eyða það mikilli orku í það. Það má deila um þetta. En hitt hygg ég, að sé ekki hægt að deila um, að það er ekki þörf fyrir svona langt skólanám fyrir þá, sem eiga að kenna

börnum undir fullnaðarpróf. Þess þarf ekki með, og ég er ekki viss um, að þessi breyting verði til þess, að við fáum hæfileikameiri kennara eftir en áður, því að þegar mennirnir eru búnir að taka stúdentspróf, þá eiga þeir allmargra kosta völ, og ég er ekki viss um, að það verði úrvalið úr stúdentunum, sem fer í kennaraháskóla og eyðir þar þremur árum. Þeir geta farið í aðrar greinar, sem þeim finnast álitlegri, og ég hygg, að menn, sem eru komnir með stúdentspróf og háskólamenntun, verði heldur latir að kenna börnum. Ég hygg því, að það væri ekki óskynsamlegt að gera ekki jafnar kröfur til allra, sem útskrifast úr kennaraskólanum, hvort sem við köllum hann kennaraskóla eða kennaraháskóla og hvort sem kennararnir eru kallaðir venjulegir kennarar eða prófessorar og dósentar. Það er út af fyrir sig ekki nema formsatriði. En ég held, að það væri hægt að komast af með skemmra nám fyrir þá, sem ættu bara að kenna krökkum. Nú er ekki ætlazt til, að þessir kennarar, sem eru útskrifaðir úr kennaraháskólanum, hafi rétt til að kenna nema skyldunámið — ekki undir landspróf. Það er því hætt við því, að gáfumenn, sem eru búnir að taka stúdentspróf, fari ekki í þennan kennaraháskóla, þeir fari aðrar leiðir, og það getur orðið til þess, að ekkert úrval verði af hæfileikamönnum, sem við höfum í þessa kennslu. Unglingafræðslan er ekki það mikil, að það þurfi háskólapróf. Það er helzt enskan, og það er ekki kennt mjög mikið í enskunni. Þessi bóklegu fög geta þeir lært sjálfir, ef þeir nenna því. Og sannleikurinn er sá, að beztu barnakennararnir hafa verið þeir, sem ekki eru langskólagengnir. Það eru þeir, sem helzt hafa nennt að kenna og lagt sig bezt fram við það. Maður, sem er óhneigður fyrir kennslu, verður ekki afburðakennari, þó að hann sitji mörg ár í skóla, og það er ákaflega hætt við því, að löng skólavera kenni mönnum að eyða tímanum til lítils; þeir læri sem sé að slæpast. En það er dugnaður og samvizkusemi, sem mikið veltur á, og gott skaplyndi.

Það, sem á sinn þátt í því, að kennaraskólinn er svo mikið sóttur, er, að það er hagkvæmt starf fyrir giftar konur að kenna einhvern hluta úr deginum. Og ég hygg, að konur séu fullt eins lagnar að kenna ungum börnum eins og karlmenn. Þær skilja börnin fullt eins vel, þannig að þetta er ákaflega hentugt starf fyrir húsmæður og ógiftar stúlkur. Þá er spurningin: Eru þetta ekki óþarflega miklar kröfur, sem gerðar eru til barnakennaranna, þ. e. að heimta fyrst stúdentspróf og svo þriggja ára háskólanám. Og er nokkur trygging fyrir því, að þetta verði betri barnakennarar en þeir, sem sitja skemur í skóla. Ég stórefa það. Ég hef verið að benda á þessi atriði til athugunar fyrir nefndina, ef hún vildi athuga þau.

Hitt er annað mál, að undir landspróf þurfum við að hafa góða kennara í tungumálum, og þá geri ég ráð fyrir, að þeir þurfi meira en stúdentsmenntun, þeir þurfi að hafa sérmenntun í því máli, sem þeir eiga að kenna. En engan veginn væri það útilokað, að menn gætu lokið þessu sérnámi í kennaraháskólanum, en þeir geta einnig tekið slík próf hér í háskólanum, svo að það er e. t. v. ekki atriði, sem vert er að gera mikið veður út af í þessum lögum. En eftir allar þessar nafnbætur og alla þessa byltingu er þó ekki gert ráð fyrir, að þessir háskólagengnu menn úr kennaraháskólanum geti kennt nema skyldunámið, og það er ekki mikið. Það er ekki meira en flestir, sem útskrifast nú úr kennaraskólanum, gætu kennt, þegar tungumálin og sérstaklega þá enskan eru undanskilin, og þeir gætu vafalaust, ef það væru hæfileikamenn, með því námi, sem þeir fá í kennaraskólanum, og með dvöl í Englandi 1—2 ár tekið að sér að kenna ensku undir landspróf. En það er mikils virði fyrir nemendurna, að það sé góð kennsla í byrjun í tungumálunum.

Ég held því, að þetta sé í sumum atriðum gert óþarflega dýrt, óþarflega miklar kröfur fyrir visst stig. Það væri a. m. k. eðlilegt og ekki nema hagsýni í því að hafa stigin tvö og hafa minni kröfur fyrir þá, sem tækju að sér barnakennsluna en þá, sem ættu að hafa unglingafræðsluna líka. Það væri nægilegt fyrir þá, sem tækju barnakennsluna að sér, að hafa t. d. landspróf og vera svo í kennaraskólanum þar að auki. Hitt er svo annað mál, að það verður að miða við aðstöðuna, þ. e. hve margir eru teknir inn í skólann. Ég hef aldrei vitað það réttleysi að láta alla komast að, sem vilja ryðjast inn í skóla með takmarkað pláss og takmarkaða kennslukrafta. Það er vitanlega stjórnleysi, og það er m. a. ástæðan fyrir því, að þetta frv. er komið fram. Það er hægt að fara þannig með alla skóla. En það þarf bara að beina námi unglinganna á aðrar hagkvæmari og þarfari brautir.

Í 4. gr. frv. er talað um, að það sé heimilt að veita aðgang öðrum en þeim, sem hafa stúdentspróf, og slíkt sé metið af skólastjóra og samþykkt af menntmrn.

Í 14. gr. er verið að tala um rannsóknarstofnun uppeldismála. Við erum nú orðnir svo hávísindalegir, Íslendingar, að við erum alltaf með vísindi í öllum hlutum, og þau eru náttúrlega ágæt þessi vísindi. En geta þau ekki gengið of langt? Það er líka gert ráð fyrir því, að það séu einhver uppeldismálavísindi rekin við Háskóla Íslands og svo eigi þessir vísindamenn að bera sig saman. Við erum nú aðeins 200 þúsundir, og ég hygg, að það séu gefnar út bækur um þessa hluti hjá stærri þjóðum, þannig að forráðamenn þessara mála gætu kynnt sér þetta hjá öðrum þjóðum að nokkru leyti, þannig að ég veit ekki, nema þetta sé ofrausn að hafa þessa rannsóknarstofnun fyrir uppeldismál í tveimur háskólum hjá okkur, 200 þús. manna þjóð. Mér finnst þetta eiginlega dálítil ofrausn, þó að vísindi séu góð. Við höfum t. d. mörg tilraunabú í landbúnaðinum, og það er ekki svo ýkjamikið, sem kemur frá þeim öllum, að það hafi mikil áhrif á búskap okkar bændanna.

Fleira er það í frv., sem getur verið afar mikið vafamál, t. d. um Æfinga- og tilraunaskóla. Vafalaust getur það orkað dálítils tvímælis. Það þarf að

takmarka þau verkefni, sem skólinn hefur, og stilla því í hóf, hve margir fá inngöngu í skólann. Ég held, að þetta sé gert óþarflega dýrt og það sé ekki rétt að gera jafnar kröfur til allra, hvort sem þeir eiga að kenna börnum og unglingum eða eldra fólki, það sé réttara að flokka þetta. Og svo er um fleiri atriði, sem ég hef getið um; þau geta orkað tvímælis.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég ætla mér ekki þá dul fremur en aðrir þm., sem hafa rætt um þetta frv., að kryfja það á neinn hátt til mergjar. Bak við það liggur mikil, sérfræðileg vinna sjálfsagt, og nýmæli eru mörg í því. Mitt mál verður þess vegna fyrst og fremst lauslegar hugleiðingar um það og vafalaust einhverjar spurningar til hæstv. ráðh. um atriði, sem mér finnst ekki koma nægilega skýrt fram í lesmáli frv.

Það getur ekki verið um það deilt, að hér er um mikla stökkbreytingu að ræða varðandi kennaramenntunina í landinu. Í því einu að taka hana og lyfta henni upp á háskólastig hlýtur að felast eitthvað meira en lítið, ef það er ekki einhver keimur af yfirlæti í því, eins og hv. síðasti þm. vék að og sagði, að sér fyndist. Ég verð að segja það, að ég er ekkert viss um það, að það að taka alla kennaramenntunina og setja hana á háskólastig sé neitt vitleg ráðstöfun eða til þess fallin að gefa neina tryggingu fyrir góðri barnafræðslu á Íslandi. Ég er ekkert sannfærður um það. A. m. k. er það svo, að það eitt að taka eitt stórt stökk eins og hér er gert, gefur enga tryggingu í sjálfu sér. Það er bezt, að stóru stökkin séu þá vel hnitmiðuð og menn séu undir það búnir að taka þetta stökk. Mér kemur í hug gamall verzlunarmaður á Ísafirði danskur, sem hafði lengi verið hjá danskri selstöðuverzlun þar og var svo í þjónustu Hinna sameinuðu íslenzku verzlana og þótti þær fara geyst af stað, en það var ekki þar eftir endingin hjá þeim, því að þær fóru á hausinn eftir skamman tíma. Hann sagði: „Ef maður tekur of stórt stökk, þá rifna buxurnar, og þá fer aldrei vel," sagði Andersen gamli. Ég er afar hræddur um, að það geti farið svo, að sá, sem tekur stórt stökk og rífur sínar buxur, standi helzt til fáklæddur eftir — strípaður — og það verði svo með þetta stóra stökk í kennaramenntuninni, að stjórnin sé ekki betur búin eftir en áður. Þá hefur þarna farið á þennan veg, sem farið getur, ef of stór stökk eru tekin.

Það er nú svo með kennarastarf, að þar eru ekki próf og lærdómur einhlít. Ágæt er menntunin alltaf og þekkingin, en próf í kennarastarfi eru ekki einhlít. Það er mín reynsla frá 20 ára kennarastarfi. Ég hafði við minn gagnfræðaskóla kennara bæði með háskólapróf og án háskólaprófs, og það held ég, að ég verði að segja, að það var svona alveg sitt á hvað, hvort þeir voru betri kennarar á gagnfræðastigi, sem höfðu háskólapróf, eða hinir, sem höfðu það ekki. Það skal játað, að það voru ágætir kennarar í hópi háskólaprófsmannanna, en það voru líka í hópi þeirra menn, sem voru gjöróhæfir kennarar, þannig að mér varð ljóst, að háskólapróf eitt út af fyrir sig er engin trygging fyrir því, að um góðan kennara sé að ræða. Aftur á móti kennarar með almennt barnakennarapróf frá Kennaraskóla Íslands, eins og hann var þá, þegar þeir voru að menntast, gátu verið meðal úrvalskennara. Vitanlega höfðu þeir menntað sig sjálfir í viðbót við sitt skólanám, og það verður hver einasti maður að gera, líka háskólaprófsmaðurinn. Hann verður aldrei til lengdar góður kennari, ef hann ætlar að liggja á sínum lárberjum frá háskólaprófinu; það er ég viss um.

Þegar við hugsum til þróunar kennaramenntunarinnar á Íslandi á einum mannsaldri frá því, að kennarakennsla hefst hér 1908, þá komumst við að raun um, að fyrstu áratugina er kennaramenntunin eins vetrar skóli í sex mánuði með barnafræðsluna sem undirstöðu. Það er nærri því ótrúlegt, að með þessari menntunaraðstöðu skyldum við fá yfirleitt góða kennarastétt. Svo mikið er víst, að með þennan menntunargrundvöll varð reynslan oft sú, að við fengum afburðakennara — og ekki aðeins afburðakennara, heldur afburðamenn sem uppalendur. Þessi gamla kynslóð lyfti stóru taki, og þjóðin á henni mikið upp að inna, þó að hún nyti engrar háskólamenntunar. Það er fjarri mér, að ég sé að ýja að því, að til þessa tíma eigi að hverfa og kennaramenntunin eigi að vera af eins skornum skammti og við höfum orðið við að búa sökum efnaskorts og fátæktar. En þetta sýnir það, að við höfum fengið góða kennara þrátt fyrir litla menntun. Og reynslan segir fleiri kennurum en mér það áreiðanlega, að þó að allir kennarar væru með háskólapróf, þá væri það ekki örugg trygging fyrir því, að við hefðum betri kennarastétt eftir en áður.

Ég held, að það hafi verið nokkurt vit í því hjá Dönum að gera ekki sömu prófkröfur eða menntunarkröfur til kennara á öllum skólastigum skólakerfisins. Þeir höfðu sérstaka kennaraskóla fyrir forskólakennarana, sem ætluðu sér að gera það að lífsstarfi að kenna smábörnum. Nú skal ég segja það eitt um smábarnakennslu, að ég tel hana undirstöðu allrar kennslu og sízt vandaminni en kennslu þroskaðri nemenda á eldri aldursstigum. Mér fannst, þegar ég hafði lokið kennaraprófi, að ég væri varla fær um að hefja kennslu, nema ég hefði fyrst prófað mig einmitt í smábarnakennslu og sett upp minn eigin smábarnaskóla fyrst og fremst til þess að gera mig færan um að komast í sem nánasta snertingu við það fólk, sem ég ætlaði að kenna, því að það er auðveldara með smábörnin en fólk á nokkru öðru aldursstigi. Og ég held, að mér hafi verið sá vetur langsamlega lærdómsríkastur í öllu mínu kennarastarfi — veturinn, sem ég hafði litlu börnin, 6, 7 og 8 ára, til þess að kenna. Og það verð ég að segja, að það var sízt auðvirðilegra starf en þegar ég var að kenna síðar á árum í gagnfræðaskóla. En samt er það svo, þó að smábarnakennarar þurfi að fá sízt minni menntun í sálarfræði, uppeldisfræði, kennsluvísindum, kennslufræði og æfingu í kennslu, að öllu leyti eins og ekki minni en

kennarinn, sem ætlar að kenna þroskaðri nemendum á síðari skólastigum, þá er hitt staðreynd, að sá kennari, sem ætlar sér að gera smábarnakennslu að ævistarfi, þarf ekki að vera sprenglærður í æðri stærðfræði, hann þarf ekki að vera sprenglærður í efnafræði og eðlisfræði eða öðrum slíkum fræðum, sem koma fyrst inn í kennslustarfið á síðari stigum skólastarfsins, og hann þarf ekki að eyða tíma í það; þjóðfélagið þarf ekki að kosta upp á það fyrir smábarnakennarann. Að heimta háskólamann með háskólapróf til að kenna börnum lestur og annast kennslu smábarna er annaðhvort yfirlæti eða a. m. k. óskynsamleg fjárfesting. Hefðum við t. d. efni á því, Íslendingar, fiskveiðaþjóðin, að gera það að skilyrði, að enginn mætti stjórna trillubát, nema hann hefði farskipapróf? Það væri kannske aukið öryggi í því; ég skal ekki segja um það. En það væri ekki lærdómur í sjómannafræðum, við að stýra trillunni. En það getur vel verið, að í framhaldi af þessu verði það gert að skyldu, að enginn megi stýra smáfleytu, nema hann hafi farskipapróf. Þetta finnst mér vera nærri því hliðstætt.

Nei, Danir höfðu aðrar námskröfur og aðrar kennslukröfur í kennaraskólunum, sem voru að undirbúa smábarnakennara, en slökuðu þar sízt á kröfunum í uppeldisfræðum, sálarfræði og kennslufræði. Þeir voru undir þetta starf búnir. Svo komu hinir almennu kennaraskólar og undirbjuggu menn til kennslustarfs í þjónustu almenna barnaskólans og unglingastigsins þar með, en töldu alveg sjálfsagt, að áhugasamir og lifandi kennarar, sem vildu efla sig að þekkingu og hæfni í starfinu, færu síðan af frjálsum vilja, þegar þeim hentaði og þörfin krafði, í kennaraháskólann til þess að bæta við sitt nám einkanlega í þeim sérgreinum, sem þeir ætluðu þá að sérhæfa sig í og fullkomna þekkingu sína í. Ég held, að þessi þrískipting kennaramenntunar hjá Dönum hafi verið „praktísk“ og eðlileg og hafi í raun og veru leyst úr menntunarþörf kennarastéttar á hinum ýmsu stigum miðað við starfssvið þeirra.

Ég held, að við værum ekki á neinum villigötum, þó að við tækjum eitthvert tillit til þessara hluta og undirbyggjum menn til kennarastarfsins að nokkru með tilliti til þess verkefnis, sem þeir ætluðu að velja sér í kennslustarfinu. En það verður áreiðanlega nokkuð dýr fyrir þjóðfélagið menntun kennarastéttarinnar, þegar þetta allt saman er tekið upp á háskólastig og allir kennarar, sem eiga við kennslu á öllum skólastigum, eiga að hafa háskólapróf, þ. e. hafa gengið í gegnum hið almenna skólakerfi og í viðbót við það tekið stúdentspróf, og skilst mér þó, að þegar stúdentsprófið er búið og þriggja ára kennaranám í framhaldi af því, þá séu þeir ekki viðurkenndir sem fullgildir kennarar, en það er eitt af hinum óljósu atriðum, sem ég þarf að spyrja um.

Í skýringum frv. á bls. 11 segir, að nýliðar, sem lokið hafa kennaraprófi frá Kennaraháskóla Íslands, skuli njóta tveggja ára leiðsagnar og starfsþjálfunar, áður en þeir öðlast skipun í kennarastarf. Þeir geta ekki fengið skipun í kennarastarf, þó að þeir séu búnir að ljúka stúdentsprófi, fara síðan inn í kennaraháskólann og vera þar í 3 ár, fyrr en þeir hafa notið tveggja ára leiðsagnar og starfsþjálfunar. Nú vil ég spyrja hæstv. menntmrh.: Hvar á þessi starfsþjálfun, þessi leiðsögn og starfsþjálfun að fara fram? Hverjir eiga að annast hana? Gerist þetta samtímis kennarastarfinu fyrstu árin, sem menn þá eru settir? Síðan þegar þeir eru búnir að fara í gegnum þetta viðbótarnám, má þá veita þeim embætti? Ég sé hvergi skýringar á því, hvar þeir eiga að fá þessa leiðsögn og starfsþjálfun, eftir að þeir sem nýliðar hafa lokið kennaraprófi frá Kennaraháskóla Íslands. En þetta skilst mér, að hljóti að vera í raun og veru einn liður í þeirra námi; fyrr eru þeir ekki fullkomnir kennarar.

Nei, ég vík að því aftur. Ég er ekkert viss um það, að smábarnafræðslunni verði betur borgið á Íslandi með háskólaprófsmönnum við það starf. Ef þeir jafnframt eru þeim mannkostum búnir og hæfileikum, sem góðan kennara mega prýða — og það verður sjálfsagt í mörgum tilfellum um það að ræða — þá verða þeir góðir smábarnakennarar, en ekki vegna háskólaprófsins eins.

Ég hefði haldið, að það væri hyggilegt fyrir okkur að hafa enn um sinn réttan og sléttan kennaraskóla, þriggja eða fjögurra ára kennaraskóla, sem byggði á gagnfræðaprófi — eða meðan við enn þá höfum landsprófið, þá hefði hann það sem grundvöll — fyrir hina almennu kennara og síðan möguleika til þess að stunda framhaldsnám í kennslufræðum við Háskóla Íslands, í sálarfræði og uppeldisfræði og öðrum kennsluvísindum, sem væru námsgreinar í háskólanum, og síðan ekki söguna meir um neinn kennaraháskóla við hliðina á Háskóla Íslands. Ég tel það vera ofrausn að vera með prófessora í sálarfræði og uppeldisfræði við háskólann og svo alveg sérstakan kennaraháskóla með sérfræðinga í sálarfræði og uppeldisfræðum þar líka. Það er eitt af hinum tilbúnu veðramótum.

Það er nokkuð skýrt, að inntökuprófið í kennaraháskólann verður stúdentspróf eða annað jafngilt nám. Og nú spyr ég: Hvaða nám er það, sem verður metið til jafns við stúdentspróf, úr því að inntökuprófið er ekki einskorðað við stúdentspróf? Mér skilst líka, að þriðji möguleikinn geti komið til, í einstöku tilfellum a. m. k. sérstakt inntökupróf, og þetta séu þrír möguleikar, sem alla eigi að meta til jafns við stúdentspróf.

Varðandi skýringar á frv. kemur þarna fram, að verkleg þjálfun á skólatímanum skal vera eigi skemmri en 12 vikur. Ég geri ráð fyrir, að verkleg þjálfun sé kennsluæfingar, kennsla í kennslufræðum og „praktísk“ leiðsögn í kennaraháskólanum um kennslu. Þessi „praktíska“ kennsla á í Kennaraháskóla Íslands að taka 12 vikur á námstímanum — í þrjá mánuði á þremur árum. Það finnst mér harla lítið. Þeir koma ekki út sem reyndir

í kennarastarfi frá prófborðinu úr Kennaraháskóla Íslands, þó að þeir hafi notið á þremur síðustu árum 12 vikna æfingakennslu. Það eru sannarlega önnur fræði, sem verða látin sitja í fyrirrúmi, en kennsluæfingar — leiðsögn slyngra kennara, sem getur verið gífurlega mikils virði fyrir ungan kennara.

6. skýringarliðurinn við frv. er á þá leið, með leyfi hæstv. forseta: „Sérhæfing er meiri, bæði með hliðsjón af greinum, aldursstigi og sérlegri gerð nemenda.“ Hvað er nú átt við með sérlegri gerð nemenda? Hvað er átt við með því? Sérhæfingin er aukin með hliðsjón af kennslugreinum, aldri nemendanna og sérlegri gerð þeirra. Mig langar til þess að fræðast nánar um þetta, hvaða sérgerð nemenda þarna er átt við.

Enn fremur er atriði, sem ég er mjög hlynntur, sem er þarna í 8. gr. frv., að kennaraefnum sé skylt að taka þátt í almennum framleiðslu- og þjónustustörfum eða vinna á uppeldisstofnun eigi skemur en 4 mánuði samanlagt á námstímanum. Einhvers staðar annars staðar stendur, að þetta verði tekið til greina, ef þeir hafa innt þetta af hendi á síðasta ári, áður en þeir fara inn í kennaraháskólann. Þetta atriði hefði ekki þurft, a. m. k. fyrir nokkrum árum, meðan skólarnir voru ekki þandir yfir allt árið. Þá tóku ungmennin íslenzku þátt í almennu framleiðslustarfi og höfðu þessa forsendu, sem þarna þarf að tryggja með sérstökum aðgerðum og setja að skilyrði til þess, að menn hafi þó aðeins komizt í snertingu við atvinnulíf þjóðarinnar. En þarna verður vafalaust nokkuð komið undir framkvæmdinni. Ég veit ekki, hvort það verður hægt að útiloka stúlkur frá því að fara inn í kennaraháskólann, ef þær hafa ekki vottorð upp á það, að þær hafi unnið að framleiðslustörfum. En þetta er rýmra, þ. e. talað er um þjónustustörf eða vinnu við uppeldisstofnun. Ég er síður en svo á móti því, að það sé með einhverjum hætti tryggt, að verðandi kennarar hafi lífsreynslu og hafi komizt í snertingu við atvinnulífið. En væri nú t. d. atvinnuleysistímabil í nokkuð mörg ár, þá er erfitt fyrir það námsfólk, sem er 9½ mánuð í skóla á ári hverju, að komast inn á vinnumarkaðinn, og gæti þannig farið, að þetta útilokaði það frá menntun.

Það, sem ég nú hef sagt, eru mínar almennu hugleiðingar um frv. — um þetta stóra stökk í menntunarmálum kennara, og skal ég fyllilega játa það, að ég er engan veginn öruggur eða viss um það, að við með því að setja kennaramenntunina alla á háskólastig séum að stíga neitt farsældar- eða heillaspor fyrir íslenzku þjóðina eða á nokkurn hátt að tryggja það örugglega, að við fáum menntaðri kennarastétt og betri uppalendur en við jafnvel höfðum, meðan Kennaraskóli Íslands var á sínum frumbýlingsárum, því að sú kennarastétt, sem þaðan kom, hefur orðið til farsældar fyrir þroska og þekkingu þessarar þjóðar. Ég held, að það, sem okkur riði miklu meira á en að kippa allri kennaramenntuninni upp á háskólastig, væri að einbeita okkur nú að því að gjörbreyta iðnfræðslunni og tæknimenntuninni hjá þessari þjóð. Það er fyrst og fremst á hinu verklega sviði, sem íslenzka þjóðin er ekki nægilega menntuð, og það er sök okkar skólakerfis og gamla meistarakerfisins í iðnfræðslunni, sem er algerlega bundið við miðaldaástand og handverkið, en ekki verksmiðjuiðnaðinn, og við höfum lítið sem ekkert gert til þess að leggja þetta fyrir róða sem algerlega úrelt fyrirkomulag og móta nýtt kennslufyrirkomulag sniðið við þarfir verksmiðjuiðnaðarins — tækniþróunarinnar í heiminum. Á þessu sviði er íslenzka þjóðin því miður ómenntuð þjóð. Ekki held ég þó, að það væri æskilegt, þó að það kynni að vera jafnmikið í munni eins og í þessu tilfelli að kippa þeirri menntun allt í einu á háskólastig. Þá er ég hræddur um, að buxurnar rifnuðu, og þá fer ekki vel.

Einstöku orð og orðatiltæki eru í þessu lærða frv., sem ég skil ekki, og það er ekki látið svo lítið að skýra þessi orð neins staðar í þessu mikla lesmáli. Ég hélt fyrst, að ég væri að hnoðbögglast með argar prentvillur, þegar ég var staddur í 2. og 3. gr. frv. Þá var ég að bögglast við þetta hérna, 5. tölul. á bls. 2. Þar segir: „Í aprílmánuði kjósa kennarar skorar sér skorarstjóra.“ (Gripið fram í.) Já, já, kennarar skorar kjósa sér „skorarstjóra til tveggja ára í senn úr hópi fastra kennara og tekur hann við starfinu 1. júlí. Um kosningu á fulltrúum lausráðinna kennara og nemenda sem og framkvæmd á kosningu skorarstjóra segir nánar í reglugerð.“

Og svo fór ég að reyna að leita skýringa. Jú. Þetta er skýrt í skýringum við 8. gr. Og ég las þá skýringu, en þar var forðazt að nefna skor og engar skýringar á því. Ég var jafnnær, og nú verður að leita til ráðh. með skýringuna á skorinni. Þetta er ekki hin kalda Skor þarna vestur á Barðaströnd, sem hann Eggert sigldi frá; það þóttist ég vita.

„Ákvæði þetta,“ segir í skýringum við 8. gr., „er nýmæli. Miklu varðar, að kennarar hljóti bein og raunsönn kynni af kjörum þeirra, er öðrum störfum gegna, svo að þeir öðlist á þeim ljósan skilning á öruggum forsendum, en sú er helzt vörn gegn samfélagslegum fordómum. Slíkur skilningur er einnig skilyrði fyrir öryggi, sveigjanleik og viðbragðsflýti í þeim fjölþættu mannlegu samskiptum, sem kennarans bíða.“

Ekkert um skor í þessari skýringu, sem vísað var til. Þetta er nýmæli, og það getur vel verið, að þetta sé snjallt nýmæli, en að setja þetta inn í lagamál, án þess að það sé skilgreint á nokkurn hátt eða skýrt, þannig að flestir menn viti, hvað við er átt, kann ég ekki við í slíkri lagasmíð sem þessari.

Þetta er 1. umr. um málið, og menntmn. á eftir að leggja heilann í bleyti um þetta mál, kryfja það til mergjar, kalla sjálfsagt til sín marga fræðimenn í kennarastétt og ræða við þá um megindrætti fyrirkomulags þessa, hvort þeir séu sannfærðir um, að öllu sé bjargað með því að setja þetta allt upp á háskólastig og þar fram eftir götunum. Og svo fáum við hv. þm., sem utan menntmn. erum, að heyra, hvað álitið verður um þessi fjölmörgu nýmæli, þessa gjörbreytingu, þetta stóra stökk í kennaramenntun Íslendinga, sem hér er fyrir-

hugað. En ég er einn af þeim þm., sem ekki eru sannfærðir um það, að svo mikið liggi á að gera þetta að lögum, að það verði endilega að gerast á þessu þingi innan um allt það málamoldviðri, sem við erum í nú á síðari hluta þings. Ég held, að það væri alveg að skaðlausu, að þetta frv. sætti eins rækilegri könnunarmeðferð og tími vinnst til í vetur og væri síðan lagt til hliðar og séð til, hvort feður þess verða þeir, sem ýta því úr vör aftur á næsta þingi eða þá einhverjir aðrir, sem taka hugsjónirnar að sér. En það er mitt álit sem sé, að við gætum vel borgið þekkingar- og menntunarhlið íslenzkrar kennarastéttar í skyldunáminu með því að hafa þá starfsskiptingu um menntun kennara, að þeir, sem ætluðu sér að gerast smábarnakennarar, fengju hina fyllstu og beztu menntun í sálarfræði og uppeldisfræði og kennsluvísindum og síðan að öðru leyti í almennum námsgreinum, eins og slík stofnun teldi þurfa, og síðan væri kennaraskóli, fjögurra ára kennaraskóli, skulum við segja, og þeir, sem ætluðu sér að stunda sérkennslu í ákveðnum greinum eða bæta við sína kennaramenntun, ættu kost á því með viðbótarnámi í Háskóla Íslands.

Ég held, að með því, sem ég nú hef sagt, hafi ég vikið að flestu því, sem ég taldi ástæðu til sem gamall kennari einkum við þessa 1. umr. málsins.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Það má með sanni segja, að það er skammt stórra högga á milli hjá hæstv. ríkisstj. í framlagningu frv., er snerta menntamálin í landinu. Nú með fárra daga millibili hafa verið lögð fram frv., sem segja má, að séu myndarlegar bækur að stærð, t. d. frv. til l. um grunnskóla og svo það frv., sem hér er til umr. Það er sýnilegt, að við, sem skipum menntmn. þingsins, megum vel halda á spöðunum þennan tiltölulega skamma tíma, sem ætlað er, að þingið standi, til þess að koma þessum málum frá okkur, og þess hefur nú verið alveg sérstaklega óskað af hæstv. menntmrh., að frv. til l. um Kennaraháskóla Íslands verði afgreitt á þessu þingi.

Mér er það sem öðrum fullljóst, að það er þörf á því að leysa málefni kennaraskólans, og ég tel, að þetta frv. sé veigamikið spor í þá átt að gera það. En ég vil þó alls ekki, þó að ég kunni að hryggja hæstv. menntmrh., heita því á þessari stundu, að ég sjái mér fært að fallast á það, að svo veigamikið mál sem þetta verði afgreitt á þessu þingi. Ég hefði jafnvel lagt meiri áherzlu á það, að menntmn. þingsins afgreiddu frv. um skólakerfi, sem ég tel þessu máli raunar þýðingarmeira, og væri fyllsta nauðsyn á að mínum dómi, þó að það sé mikið mál og stórt, að fá það afgreitt á þessu þingi, þannig að menntmrn. gæti sem fyrst farið að undirbúa framkvæmdir, sem verða að koma í kjölfar samþykktar þess frv.

Ég tek undir það, sem hér hefur komið fram í þeim tiltölulega miklu umr., sem hafa orðið nú þegar um þetta mál, að ég er mjög efins um það, að nauðsyn beri til þess, að allt það fólk, sem kennir í landinu, þurfi endilega að hafa gengið í gegnum háskólanám. Ég sem háskólagenginn maður legg þó engan veginn lítið upp úr því, að menn stundi háskólanám, og það kom fram hér í umr. á Alþ. í fyrra í sambandi við kvennaskólann í Reykjavík, að ég taldi það mikilvægt, að hver einasti þjóðfélagsþegn, sem hefði getu til þess og ætti þess kost, stundaði nám undir stúdentspróf. En ég held, að það sé ekki rakalaust að halda því fram, að það sé engan veginn nauðsynlegt, að þeir, sem kenna, þurfi að hafa gengið í gegnum öll þau skólastig, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Ég vil t. d. nefna: Er það nauðsynlegt, að háskólagenginn maður kenni vélritun? Er það t. d. nauðsynlegt, að háskólagenginn maður kenni handavinnu? Við vitum það, að margir mestu völundar íslenzku þjóðarinnar hafa jafnvel aldrei í skóla komið, og við eigum vissulega fjölmarga iðnaðarmenn, sem eru svo vel að sér, að þeir geta kennt ungmennum handavinnu í skóla án þess að hafa gengið í gegnum allt það bákn skólakerfis, sem hér um ræðir. Er ekki sama að segja um handavinnu þá, sem stúlkum er tíðast kennd? Skyldu ekki góðar konur frá húsmæðraskólanum vera fullfærar um það að kenna handavinnu stúlkna í barna- og unglingaskólum án þess að hafa gengið í gegnum það nám, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Það hygg ég. Þess vegna hygg ég, að það væri rétt að hafa hér einhvern skilsmun á.

En svo hefur vaknað ein spurning í huga mér, af því að ég er einn af þeim mönnum, sem enn haldast við úti í strjálbýlinu: Hvernig verkar þetta frv. fyrir okkur? Hvaða áhrif hefur það á okkar aðstöðu? Bætir hana? Ég vænti þess fastlega, að það geri það. En ég verð því miður að segja það, að reynsla okkar strjálbýlismanna er hreint ekkert góð að verða af háskólagengnum mönnum. Hvernig er með læknana? Enn er það svo og hefur verið nú í mörg ár, að fjölmörg læknishéruð eru læknislaus og fólk býður með öndina í hálsinum óttaslegið frá degi til dags yfir því, að nú sé læknirinn að fara frá því. Hvernig er það með prestaköllin? Þau standa auð. Þau eru auglýst hvert af öðru hvað eftir annað. Það sækir enginn guðfræðingur um þau eða prestlærður maður eða þá kannske í mesta lagi einn. Má vera, að þeir séu hræddir við það leiða fyrirkomulag og vitlausa, vil ég segja, sem haft er á skipan prestanna, þ. e. hinar svokölluðu prestskosningar. (**EystJ:** Eru þær nokkuð voðalegri en alþingiskosningar?) Já, það eru engar kosningar. En ég er sem sé hálfhræddur um það, að jafnvel þó að okkar ágæta námsfólk sæki þennan Kennaraháskóla Íslands, þá fari svo, að við verðum enn um sinn að búa við það að fá ekki kennara með réttindum út í strjálbýlið. Ég er þó engan veginn að kasta steini að þeim mönnum, sem hafa starfað hjá okkur við þessi störf, því að það er satt og rétt, að margir þessara manna hafa verið kennarar með mestu prýði, jafnvel þó að þeir hafi ekki hlotið meira nám en aðeins gagnfræðanám, hvorki farið í gegnum menntaskóla né kennaraskóla. Það er svo margt sinnið sem skinnið í þessum efnum sem öðrum. Og það, sem við þurfum einmitt að hugsa um í þessu máli, er

það, og hafa vel í huga, og þess vegna legg ég áherzlu á afgreiðslu frv. um skólakerfið, að við þurfum að búa okkur vel undir það úti í strjálbýlinu, eins og kostur er, að við getum veitt þessum mönnum þau starfsskilyrði í skólahúsnæði, í tækjum og í íbúðum, að þeir uni því að vera hjá okkur. Það nægir ekki, eins og var drepið á hér í gær, að hækka kaup við þessa menn. Það sýnir sig í sambandi við læknana. Þeir hafa ekki farið úr læknishéruðum vegna þess, að þeir hafi svo litlar tekjur — síður en svo. Þetta hafa verið og eru stórtekjumenn — menn sem eru með einna mestar tekjur, sem menn hafa hér á landi. En það er allt annað. Það er aðstaðan. Það er að vera einir, kannske langt fjarri öðrum starfsfélögum sínum, og þurfa að sinna svo ábyrgðarmiklum störfum sem þau eru.

Nei, ég segi það, að mér sýnist margt vel um þetta frv., og ég er engan veginn að andmæla því. En ég held, að við þurfum að fá góðan tíma til þess að skoða það.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Hér hafa í dag komið fram þau sjónarmið, hvort það væri ekki hæpið eða jafnvel alrangt að færa kennaranámið yfir á háskólastig, og kom þetta einna skýrast fram í ræðu hv. þm. Hannibals Valdimarssonar. Mér fannst mál hans raunar mótast af næsta furðulegri íhaldssemi á köflum. Hann var hér að vísa til reynslu sinnar af kennslu fyrir æðimörgum áratugum. Það er eins og þessi hv. þm. hafi ekki gert sér grein fyrir þeirri öru þróun, sem átt hefur sér stað í skólamálum á Íslandi og annars staðar síðustu áratugina. Þróunin hér á Íslandi og víðast hvar annars staðar er sú, að það er að verða mjög almennt, að menn ljúki stúdentsprófi eða hliðstæðu námi. Það er að verða hin almenna regla, og að þessu stefnir óðfluga í þjóðfélögunum umhverfis okkur og hlýtur að gera það á Íslandi líka. Við eigum vissulega margt óunnið á því sviði, en að þessu marki hljótum við að stefna. Þetta er undirstaða nútímaþjóðfélags. Það er þetta, sem vísar fram á við til framtíðarinnar, og þetta er einnig þróun, sem stuðlar að auknu lýðræði, sem stuðlar að því að brjóta niður múrana á milli svokallaðra lærðra manna og ólærðra, á milli andlegra og líkamlegra starfa. Þróunin hlýtur að verða sú næstu áratugi, að þeir múrar brotni niður. En forsenda þess er, að almenn menntun komist á þetta stig. En þegar það er orðin almenn regla, þegar það er orðin almenn menntun, að menn ljúki stúdentsprófi eða hliðstæðu námi sem almennu, hlýtur sérnámið að færast á stigið þar fyrir ofan. Þess vegna er það algerlega rökrétt og eðlilegt, að við fáum það sem framtíðarstefnu hér á Íslandi, að kennaranám fari fram á háskólastigi. Og þeir menn, sem ekki skilja þetta, fylgjast einvörðungu ekki með því, sem er að gerast, bæði í okkar þjóðfélagi og annars staðar.

Hitt er vissulega rétt hjá hv. þm. Hannibal Valdimarssyni, að það er auðvitað engin trygging fyrir því, að menn verði góðir kennarar, þótt þeir hafi gengið í gegnum kennaraskóla á háskólastigi. Það er margt fleira, sem þarf til þess að verða góður kennari, en menntunin ein. Til þess þarf vissa skapgerðareiginleika, og til þess þarf vissa tegund af greind. Sumum mönnum er það gefið, öðrum ekki. Og þeir, sem er ekki gefið þetta, geta ekki lært það í skólum. Það er alveg augljóst mál. Hitt er vitað, að þeir menn, sem hafa góða kennarahæfileika, eiga auðveldara með að hagnýta þá, eftir því sem þeir hafa notið meiri þekkingar eða menntunar í skólum. Það liggur í hlutarins eðli.

En ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hér hljóðs í dag, var fyrst og fremst sú, að ég vildi gera nokkrar aths. við mál hæstv. menntmrh. hér í gær. Ég gerði þá nokkrar almennar aths. við þetta frv. og beindi nokkrum fsp. til hæstv. ráðh. Hann svaraði að vísu, en svör hans voru ákaflega ófullnægjandi að mínu áliti. Ég benti á það í gær, að með þessu frv. væri verið að taka ákvörðun um að stofna nýjan háskóla á Íslandi til viðbótar við þann, sem fyrir er. Og ég spurði: Hvers vegna er stofnaður nýr háskóli? Hvers vegna getur þessi kennsla ekki farið fram sem sérstök deild í Háskóla Íslands? Þetta er spurning, sem auðvitað blasir við, um leið og stíga á þetta skref. Og við þurfum að fá fullnægjandi greinargerð um það, hvers vegna þetta þarf að fara fram í sérstökum háskóla og hvers vegna það á ekki að vera hluti af Háskóla Íslands. Það dugir ekkert almennt umtal um þetta efni. Við verðum að fá röksemdir með og móti til þess að geta tekið ákvarðanir um þetta.

Hæstv. ráðh. sagðist vera búinn að hugsa um þetta mál í mörg ár, og hann sagðist upphaflega hafa verið á því, að þetta væri deild í Háskóla Íslands, en hefði nú skipt um skoðun. En þegar átti að fara að gera grein fyrir því, hvers vegna hann hefði skipt um skoðun, þá kom babb í bátinn. Eina röksemdin, sem hann kom með, var sú, að það gæti verið erfitt að fella kennaranám inn í háskóla, vegna þess að þar tíðkuðust akademískar „tradisjónir". Þessi röksemd er — með leyfi að segja — að minni hyggju algert blaður. Þetta kemur ekkert málinu við. Það eru engar akademískar „tradisjónir", sem ég þekki til, sem eru þess eðlis, að þær geti torveldað kennaranám í sambandi við háskóla, enda er svo ástatt í okkar háskóla hér á Íslandi, að þar er öll kennsla í deiglunni. Það er verið að endurskoða þar alla þætti starfsins. Þar eru hreinlega sagt engar sérstakar „tradisjónir", eins og nú standa sakir, þannig að það væri ákaflega auðvelt að fella þetta nám að Háskóla Íslands af þessum ástæðum.

Í öðru lagi sagði hæstv. ráðh., að forustumenn kennslumála hefðu lagzt gegn þessari hugmynd. Ég skal ekki draga í efa, að hæstv. ráðh. segir þetta satt. En hvers vegna hafa þeir lagzt gegn hugmyndinni? Það er það, sem við verðum að fá að vita. Og ef hæstv. ráðh. veit þetta ekki eða getur ekki komið hér með raunveruleg rök um þetta mál, þá verður Alþ. auðvitað að leita annað um þetta atriði, því að þetta er ákaflega stórt atriði, hvernig grundvallar-

skipun þessara mála á að vera. En ef það á að vera sérstakur kennaraháskóli, hver á þá að vera verkaskiptingin milli hans og Háskóla Íslands? Ég minntist á það í gær, að það er heimildarákvæði í 1. gr. um, að Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands sé heimilt að skipta með sér verkefnum og viðurkenna sambærilegar námseiningar og námsþætti hvor annars til þess að forðast tvíverknað. Ég sagði, að þetta væri loðin setning. Hún er loðin gagnvart Alþ. vegna þess, að þarna er verið að afhenda öðrum aðila völd, sem við höfum ekki hugmynd um, hvernig verða notuð. En þetta verða alþm. að fá að vita, vegna þess að undir þessu er m. a. komið, hversu marga kennara þarf að fastráða að Kennaraháskóla Íslands. Það fer eftir því, að hve miklu leyti námið fer fram þar og að hve miklu leyti það fer fram í háskólanum. Um þetta verður Alþ. að fá vitneskju, áður en gengið er frá samþykkt þessa frv. Við verðum einnig að fá að vita, hvernig hugsað er, að samhenginu á milli þessara tveggja háskóla verði háttað. Ég tel, að það verði að vera meginregla í skólakerfi okkar Íslendinga, að þar verði að vera greiðfært fram á við ævinlega; þar mega ekki myndast neinar blindgötur. Við höfum rekið okkur á það á undanförnum árum, hvað af slíku hlýzt. M. a. hefur það ekki sízt bitnað á Kennaraskóla Íslands, eins og menn vita. Og ég tel, að hinn nýi kennaraháskóli verði að falla að sjálfu háskólakerfinu á eðlilegan hátt. Ég tel, að þeir, sem ljúka námi við Kennaraháskóla Íslands, verði að eiga þess kost að halda áfram námi, ef þeir kæra sig um, við sjálfan Háskóla Íslands og njóta þess þá, að þeir hafa lokið þessu tiltekna námi við kennaraháskólann. Þarna mega ekki vera nein skilrúm á milli. Og frá þessu þarf einnig að ganga alveg tryggilega.

Í þessu sambandi eru mörg fleiri atriði æðióljós. Það er talað um, að við Kennaraháskóla Íslands eigi menn að stunda nám í þrjú ár og fá þá rétt til þess að gegna kennarastörfum við skyldunámsstigið. En við Háskóla Íslands er önnur kennaradeild starfandi. Þar geta menn stundað nám og hlotið prófgráðuna B. A., og það er hægt að ljúka því námi, eins og er, á þremur árum. Ef þessi skipan helzt, blasa við stúdentum, sem hafa áhuga á því að fara í kennslu, tvær námsleiðir. Önnur er sú að fara í Kennaraháskóla Íslands, hin er sú að fara í Háskóla Íslands. Námsleiðirnar eru jafnlangar, en þeir, sem fara aðra, þ. e. í Háskóla Íslands, eiga að fá meiri réttindi. Þeir eiga að fá að kenna á hærri kennslustigum, og þeir eiga að fá hærra kaup. Auðvitað getur slík skipan ekki staðizt. Það liggur í hlutarins eðli. Ég hef heyrt um það, að það sé fyrirhugað að lengja þetta nám í Háskóla Íslands í fjögur ár eða svo. Ef það verður gert, þá tel ég einnig algerlega óhjákvæmilegt, að það verði ákveðið, að þeir, sem fara í nám í kennaraháskólanum, geti haldið áfram og bætt þá við sig, þannig að þeir geti lokið B.A.-prófi og notið námsins í kennaraháskólanum sem hluta af því.

Þannig er ákaflega margt óljóst í sambandi við þessi tengsl og þessa skipan alla saman, og ég tel, að Alþ. verði að gera gangskör að því að fá um þetta fulla vitneskju. Og þar sem í ljós kom í gær, að hæstv. ráðh. virðist ekki hafa gert sér grein fyrir þessum vandamálum, þá verður Alþ. að fara til annarra, sem hljóta að hafa hugleitt þessi mál gaumgæfilega.

Raunar er það sama að segja um húsnæðismálin, sem ég vék einnig að í gær. Við höfum rætt þessi húsnæðismál oft hér á þingi og haft uppi almenna gagnrýni og almennar hvatningar, og hæstv. ráðh. hefur svarað með almennum fyrirheitum. En ég held, að þetta almenna umtal dugi okkur ekki lengur. Ég held, að Alþ. eigi nú að krefjast þess að fá frá hæstv. ráðh. áætlanir um fjölda nemenda ár frá ári á næstu árum um húsnæðisþörfina í því sambandi og um það, hvernig ætlað er að leysa úr henni í framkvæmd — ekki með almennum orðum, heldur í verki. Við gerum allt of mikið af því hér á þingi og ekki sízt í sambandi við menntamál að samþykkja lagabálka, sem kunna að vera fullir af hinum ágætustu fyrirheitum. En síðan vill það dragast, að gerðar séu þær ráðstafanir, sem þarf til þess, að hægt sé að framkvæma lögin. Við getum ekki framkvæmt þessi lög um Kennaraháskóla Íslands, nema jafnframt verði unnið af því kappi, sem hægt er, að húsnæðismálunum, og það hvílir á okkum alþm. full ábyrgð í þessu sambandi. Okkur getur ekki nægt það að koma hér upp í þennan ræðustól nokkrum sinnum á hverju þingi og gagnrýna hæstv. ráðh. Ábyrgðin hvílir einnig á okkur, og ég tel, að við eigum að fá algerlega skýlaus svör um þetta atriði, áður en við samþykkjum þetta frv. til l. um Kennaraháskóla Íslands.

Ég vék hér í gær að ekki ýkja stóru atriði, sem vakti athygli mína, sem sé því atriði, að rektor skuli kjörinn af skólastjórn til fjögurra ára eða í hæsta lagi til 8 ára, og spurðist fyrir um þetta atriði. Hæstv. menntmrh. kom með þá skýringu, að þarna væri verið að líkja eftir fyrirkomulaginu við Háskóla Íslands. Ekki held ég, að þessi skýring geti staðizt. Fyrirkomulagið við Háskóla Íslands stafar af því, að þar eru margar deildir fjarskyldar hver annarri, og þess vegna hefur verið talið eðlilegt, að skipt yrði um rektor, til þess að mörg sjónarmið gætu komið þar til greina, einmitt vegna þess að þessum skóla er þannig háttað. En Kennaraháskóli Íslands samkv. þeirri skipan, sem gerð er till. um í þessu frv., yrði aðeins ein deild — eitt verkefni, þannig að þarna er ekki um neitt fordæmi að ræða hjá Háskóla Íslands, enda er skýring sú, sem gefin var í frv. sjálfu, allt önnur, eins og ég vék að í gær. Þar er sagt, að það verði að telja æskilegt að skipta um forstöðumann skólans eigi sjaldnar en á fjögurra til átta ára fresti, ef forða á stofnuninni frá stöðnun og forstöðumanni hennar frá ofþjökun. Mér finnst þetta ákaflega athyglisverð og raunar skynsamleg sjónarmið. Ég efast um, að það sé rétt regla, sem tíðkast hjá okkur hér ekki aðeins í skólamálum, heldur á ýmsum fleiri sviðum, að menn séu í sama starfinu til æviloka. Ég held, að þessi stefna sé röng, og þess vegna fagna ég þessari hugmynd,

sem fram kemur í þessu frv., og þess vegna vona ég, að þetta sé fordæmi um hliðstæðar breytingar á fleiri sviðum. Að vísu virtist þessi skýring mín í gær koma illa við hæstv. ráðh., e. t. v. af skiljanlegum ástæðum. En ég er viss um það, að þarna hafa höfundar frv. samið þessa gr. alveg af ráðnum hug, og ég fagna þessari hugmynd.

Þá langar mig til að víkja ofurlítið að því atriði í svörum hæstv. ráðh., sem vakti mesta furðu mína, en það voru ummæli hans um inntökuskilyrði nemenda í Kennaraháskóla Íslands. Ég benti á það í gær, að meginreglan er, að menn þurfi að hafa stúdentspróf til þess að komast inn í þennan skóla, en jafnframt er heimilt að taka eitthvert óskilgreint nám og telja það jafngilt og enn fremur að hafa hliðsjón af hæfniprófi eða öðrum matsaðferðum. Þessir tveir seinni liðir eru að sjálfsögðu óljósari, eins og ég sagði í gær, vegna þess að þarna er verið að afhenda öðrum aðilum vald, án þess að Alþ. viti, hvernig á að nota það. Ég ímyndaði mér satt að segja, þegar ég las þetta, að í þessum óljósu greinum væri falin sú hugmynd, að kennarar, sem lokið hafa kennaraprófi við Háskóla Íslands, fengju réttindi til þess að stunda nám við kennaraháskólann, ef þeir óskuðu þess. Hæstv. ráðh. sagði, að umtal mitt um þetta atriði væri furðulegt og sannaði raunar, að ég hefði kalkað ákaflega ört þann stutta tíma, sem ég hef verið hér á þingi — miklu örar en hann hefði sjálfur gert í löngum ráðherradómi. Nú skal ég ekki fara neitt að keppa við hæstv. ráðh. um samanburð á andlegu ástandi okkar beggja, enda kemur það ekki málinu við. En hér er um að ræða málefni, sem ástæða er til að tala um af fullri alvöru og málefnalega. Við skulum gera okkur grein fyrir því, að ef þetta frv. verður að lögum, þá erum við að auka og bæta kennaranámið á Íslandi til mjög mikilla muna. Við erum að gera kennara hæfari til að gegna hinum ábyrgðarmiklu störfum sínum. Dettur hæstv. ráðh. það ekki í hug, að einhverjir kennarar, sem hafa lokið námi frá Kennaraskóla Íslands, hefðu hug á því að færa sér í nyt þjónustu hinnar nýju menntastofnunar af áhuga á viðfangsefnum sínum og hreinlega af sjálfsvirðingu? Ég á þar ekki við það, að menn ljúki að fullu þriggja ára námi til viðbótar fyrra kennaranámi sínu, heldur bæti þeir við sig tilteknum efnisþáttum, sem þeir hafa sérstakan áhuga á. Hér á að vera um háskóla að ræða, og þess vegna á að vera hægt að stunda þar nám í tilteknum greinum, án þess að litið sé á það sem einhverja heildarskyldu. Hér er raunar ekki aðeins um að ræða eðlilegan áhuga einstakra manna, sem ég er viss um, að er til í íslenzkri kennarastétt í ríkum mæli, heldur einnig þarfir sjálfs þjóðfélagsins. Það er þjóðfélagslegt hagsmunamál, að sem flestir kennarar hafi þennan áhuga.

Á það er nú lögð áherzla víða um lönd og hvarvetna í nágrannalöndum okkar, að menn láti sér ekki nægja skólagöngu í upphafi ævi sinnar, heldur setjist menn á skólabekk aftur og aftur alla sína ævi til þess að endurnýja þekkingu sína og til þess að verða hæfari til að leysa þau vandamál, sem ævinlega eru að koma upp í æ flóknari þjóðfélögum. Þetta á sannarlega ekki sízt við um kennara. Ég tel það meginnauðsyn, að sem flestir þeir kennarar, sem að undanförnu hafa lokið námi frá kennaraskólanum og ekki átt kost á því að stunda þar fullkomnara nám, sem nú er stefnt að, fái engu að síður tækifæri til þess að njóta kennslu þessarar nýju stofnunar. Slíkt á sannarlega ekki að torvelda með heimskulegum og afturhaldssömum inngönguskilyrðum, heldur á þjóðfélagið að ýta undir þessa þróun af alefli. Við þetta bætist raunar enn eitt sjónarmið. Hæstv. ráðh. svaraði hér í gær fsp. frá hv. þm. Sigurvin Einarssyni um það, hver hugsuð væru launakjör þeirra manna, sem útskrifuðust úr Kennaraháskóla Íslands. Hæstv. ráðh. svaraði því til, að ráðgert væri, að þeir kennarar fengju hærra kaup en þeir kennarar, sem útskrifaðir eru úr Kennaraskóla Íslands. Eftir nokkur ár á sem sé að koma upp það ástand í skyldunámsskólum okkar, að þar eiga að starfa hlið við hlið að sömu verkefnum menn með mismunandi kaup, og lægra kaup nokkurs hluta þeirra stafar einvörðungu af því, að þjóðfélagið gaf þeim ekki kost á að stunda sams konar menntun og menn eiga nú að fá. Það er ekki sök þessara manna; það stafaði af þjóðfélagslegum aðstæðum. Ég held, að hver maður ætti að geta gert sér grein fyrir því, að af þessu muni hljótast mikil vandamál, og ég dreg það persónulega í efa, að það muni takast að framkvæma slíka stefnu í verki, en verði það reynt, er það lágmarkskrafa, að kennarar úr Kennaraskóla Íslands eigi þess sem greiðastan kost að bæta við þekkingu sína með námi í kennaraháskólanum og fá þannig jafnrétti.

Í frv. til l. um Kennaraháskóla Íslands er í 1. gr., 5. lið, talað almennum orðum um endurmenntun og viðbótarmenntun kennara á skyldunámsstigi með skipulegri fræðslu, námskeiðum og kynningu á markverðum nýjungum í skóla- og uppeldismálum, og þetta á að framkvæma í samvinnu við skólarannsóknadeild menntmrn. En hér er um að ræða almenn ákvæði, sem einnig eiga að eiga við þá, sem útskrifast úr kennaraháskólanum. Hér er ekki um að ræða lausn á þeim sérstaka vanda, sem af því stafar, að við gerum gerbreytingu á þessu skólakerfi. Sá vandi stendur að vísu takmarkaðan tíma, en þó alllangan tíma, og ég tel, að Alþ. beri skylda til að leysa úr þessum vanda, og ég tel það fráleitt með öllu, að Alþ. afgreiði frá sér þetta frv., nema í það verði bætt ákvæðum, sem tryggja fullkomlega heimild kennara til þess að stunda nám í kennaraháskólanum um lengri eða skemmri tíma, eftir því sem áhugaefnin leiðbeina þeim, og öðlast þannig réttindi, sem einnig verði ákveðin í lögum. Ég tel þetta vera mikið stórmál, og þó að hæstv. ráðh. talaði um það af svo algeru skilningsleysi í gær, eins og hann hefði alls ekki hugsað þessa hlið málsins, þá er ég sannfærður um það, að meiri hl. alþm. gerir sér fulla grein fyrir þessu vandamáli og því vænti ég þess, að því verði vel tekið, að fjallað verði í væntanlegum lögum um þetta mál.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil fyrst leyfa mér að benda á það, sem ég tel hafa komið alveg skýrt fram í þessum almennu umr., sem orðið hafa um skólamál, bæði í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir, og eins í sambandi við hin frv. tvö, að brýna nauðsyn ber til þess að endurskoða skólakerfið á framhaldsskólastiginu og í þeim efnum ríkir beinlínis hættulegt ástand. Og einmitt hvernig farið hefur fyrir kennaraskólanum á undanförnum árum, sýnir þetta máske gleggst einstakra dæma. En auðvitað eru fjöldamörg dæmi, sem sýna, hve ástandið í þessum efnum er hættulegt, önnur en dæmið um kennaraskólann.

Okkur vantar skóla í mörgum greinum og námsbrautum. Ég ítreka enn áskorun mína til hæstv. ráðh. um, að hann láti þegar ganga í að endurskoða þessi mál rækilega og þá með það fyrir augum, að gerð verði áætlun um nauðsynlega framhaldsskóla til hliðar við menntaskólana og eðlilegar námsbrautir í menntaskólunum. Þar á ég við viðskiptaskóla eða verzlunarskóla og námsbrautir. Þar á ég ekki síður við tækni- og iðnaðarnámið, sem þarf að endurskoða frá rótum og sópa burt því gamla kerfi í iðnaðarnáminu, sem við höfum búið við, eins og hér kom fram af hálfu hv. þm. Reykv., Hannibals Valdimarssonar, og fá í staðinn iðnskóla og tækniskóla, sem eru skeyttir við skyldunámið og í beinu framhaldi af því. Enn fremur þurfum við fiskiðnaðarskóla, og það er nánast þjóðarhneyksli, að hann skuli ekki vera kominn á fót þrátt fyrir margra ára baráttu vaskra manna. Við þurfum einnig fleiri bændaskóla og sjómannaskóla og marga aðra skóla eða námsbrautir í þeim skólum, til þess að við fáum það starfsfólk í helztu þjóðfélagsgreinar, sem nauðsyn ber til. Eins og stendur, er þetta allt í öngþveiti. Það er talað með óljósum orðum um fjölfræðiskóla, sem eigi að taka við af skyldunáminu, og skilst mér, að það sé nafn á þeim deildum, sem komið hefur verið upp með framhaldsnámi fyrir gagnfræðinga. Það er talað um fjölfræðiskóla, án þess að nokkuð sé nánar skilgreint, hvað menn raunverulega eiga við. Hér þarf að koma til röskleg heildarendurskoðun, því að þetta ástand er þegar búið að baka okkur óútreiknanlegt tjón.

Ég benti á það í umr. í gær, að eitt geigvænlegasta vandamálið á skólamálunum væri skorturinn á kennurum á framhaldsskólastigi. Undir þetta hygg ég, að allir kunnugir taki. Ég spurði hæstv. ráðh. um þessi efni og bað hann að gefa okkur nokkrar upplýsingar um þessi mál, því að þetta er auðvitað náskylt því máli, sem hér er til umr., og í raun og veru óhugsandi að slíta þetta tvennt í sundur, kennaramenntun á skylduskólastiginu og kennaramenntun fyrir framhaldsskólastigið. Og það sýna þær umr. glöggt, sem hér hafa orðið, og kem ég nánar inn á það síðar.

Ég gerði mér vonir um, að það gæti orðið ávinningur að því fyrir þessar umr. að beina þessum fsp. til hæstv. ráðh., en því miður varð ég fyrir sárum vonbrigðum. Nú vil ég biðja hæstv. forseta að láta sækja hæstv. ráðh. Ég held ekki áfram, nema það verði hægt. (**Forseti:** Hæstv. ráðh. hefur sennilega aðeins brugðið sér frá, en hann hefur setið hér í þingsalnum í dag, svo að —) Já, ég sætti mig ekki við að ræða þessi mál, án þess að ráðh. sé við og sízt þann kafla, sem ég er að hefja í ræðu minni. (**Forseti:** Það hefur þegar verið gerð ráðstöfun til þess að vekja athygli ráðh. á orðum þm.) Þá bíð ég á meðan. (**Forseti:** Ráðh. er kominn.)

Já, hæstv. ráðh. Ég var að minnast á, að í umr. í gær drap ég á vandamálið um kennaraskortinn á framhaldsskólastiginu og taldi, að það væri alveg nauðsynlegt að draga það vandamál inn í það mál, sem við erum nú að ræða. Og ég beindi nokkrum spurningum til hæstv. ráðh. í því sambandi. Ég gerði mér vonir um, að það væri ávinningur að því og mundi verða til þess, að fram kæmi fróðleikur um þetta, ef þessar fsp. kæmu fram. Ég bað hæstv. ráðh. m. a. að gera okkur nokkra grein fyrir áliti sínu á því, hvað yrði af þeim mönnum, sem fá kennaramenntun í háskólanum. Hversu margir þeirra færu í kennslu, og hversu margir þeirra færu í önnur störf? Og ef mikil brögð væru að því, sem ég óttast, að þeir færu í önnur störf, hvers vegna þeir færu þá ekki í kennslu, eins og þeir eru menntaðir til. Enn fremur bað ég hæstv. ráðh. að ræða það atriði, hvort B.A.-deildirnar mundu vera of litlar til þess að anna því verkefni, sem þeim væri ætlað. Enn fremur bað ég hann að ræða, hversu tilfinnanlegur kennaraskorturinn væri og hvort það mundi vera rétt, að aðeins 16% af þeim, sem kenna við framhaldsskóla, hefðu raunverulega kennararéttindi til þess, og loks spurði ég hæstv. ráðh. um það, hverjar væru till. hans til úrbóta í þessum málum, því að mér væri það ljóst, að þetta efni hlyti að vera í stöðugri rannsókn á vegum hæstv. ráðh.

Ég gerði mér von um, að það yrði ávinningur að því að draga þessi atriði inn í umr., en því miður varð ég fyrir sárum vonbrigðum, því að hæstv. ráðh. vék sér alveg undan því að ræða þessi þýðingarmiklu mál. Og hann sagði, og það undraðist ég mjög, að þetta mál væri of flókið til þess að skýra það. Ég vil ekki, að hæstv. menntmrh., hver sem hann er, tali þannig. Þetta mál getur ekki verið svo flókið, að það sé ekki hægt að skýra það. Hitt hefði hæstv. ráðh. getað sagt, að hann hefði ekki við hendina þær upplýsingar, sem þyrfti til þess að skýra þetta mál til hlítar, og það hefði ég skilið, að hann hefði sagt það. En vegna þess að þetta mál bar hér á góma í gær og umr. var frestað þangað til í dag, þá vil ég enn ítreka þessa fsp. mína til hæstv. ráðh. og biðja hann að gefa okkur upplýsingar um þessi efni. Hann hefur vonandi notað tímann síðan í gær til þess að grennslast eftir því í sínu rn., hvernig ástatt er að þessu leyti. Hæstv. ráðh. sagði, að hann gerði sér vonir um, að gerðar yrðu tilraunir í háskólanum til þess að bæta úr þessu erfiða ástandi, því að hann mælti ekki á móti því, að ástandið væri alvarlegt í þessum efnum.

Þessi yfirlýsing er að mínu viti alveg óviðunandi af hálfu hæstv. ráðh. Hér er um miklu alvarlegra

vandamál að ræða en svo, að það sé hægt að afgreiða það með því að segja okkur, að verið sé að athuga um að gera einhverjar tilraunir í háskólanum til þess að bæta úr. Hér verður hæstv. ráðh. að taka forustuna og finna leiðir til þess að leysa þetta mál. Í því sambandi komum við inn á spurninguna um réttindi kennara og þ. á m. réttindi þeirra kennara, sem á að útskrifa úr Kennaraháskóla Íslands. Það kom fram hjá hæstv. ráðh., að það er í raun og veru óljóst enn þrátt fyrir frv., hvaða till. eru uppi af hans hendi um réttindi þessara kennara, því að hann sagði, að það væri í undirbúningi annað frv., sem ætlað er í framhaldi af þessu og á að koma einhvern tíma seinna, um réttindi kennara. En það er auðvitað eitt það allra þýðingarmesta í sambandi við það mál, sem hér er um að ræða, að þetta mál sé tekið til meðferðar og afgreiðslu, um leið og kennaramenntunin er ákveðin. Auðvitað verður þetta að fylgjast að. Það verður að gera sér alveg fullkomlega grein fyrir því, hvað þessum kennaraháskóla, sem á að stofna, er ætlað að gera. Er honum einvörðungu ætlað að kenna þeim, sem leggja fyrir sig kennslu á skylduskólastiginu, eða er honum einnig ætlað að sinna því hlutverki að útskrifa a. m. k. að einhverju leyti þann kennarahóp, sem sinnir verkum á framhaldsskólastiginu. Þetta sýnir okkur m. a., að þetta mál þarf allt mjög gaumgæfilegrar athugunar við í heild sinni og þetta verður ekki slitið úr samhengi við vandamálið um framhaldsskólakennarana.

Ég kasta hér fram þessari spurningu: Getur það yfirleitt komið til mála að stofna kennaraháskóla af því tagi, sem hér er gert ráð fyrir, einvörðungu til þess að útskrifa kennara fyrir skylduskólastigið? Nær það nokkurri átt, að kennarar, sem hafa stúdentspróf og síðan þriggja ára háskólamenntun, komi ekki til greina sem kennarar í framhaldsskólunum. Fram að þessu höfum við, eins og hér var bent á rétt áðan, haft þriggja ára háskólanám, sem gert hefur verið ráð fyrir, að þeir nytu, sem yrðu kennarar í framhaldsskólunum. Og þetta kemur mönnum enn til þess að spyrja um það, sem vitanlega þarf að kryfja til mergjar og ég raunar drap aðeins á í ræðu minni í gær, en hæstv. ráðh. kom ekkert inn á: Ef á að leggja í að stofna kennaraháskóla á annað borð, á þá ekki að hafa þar alla kennslu í kennarafræðum á háskólastigi? Ef á að leggja í það á annað borð að stofna kennaraháskóla, er þá ekki skynsamlegt, að í þeim kennaraháskóla fari fram öll háskólamenntun kennara? Og því fremur kemur þessi spurning upp í hugann, þegar það er athugað og krufið til mergjar, að það verður aldrei þannig, að kennaraháskólinn verði í framkvæmdinni eingöngu fyrir þá kennara, sem eiga að kenna á skylduskólastiginu. Það þarf ekki mikinn spámann til þess að sjá, að málunum verður ekki haldið svo aðgreindum. Það kemur einnig fjöldi kennara, sem hljóta að taka að sér kennslu á framhaldsskólastiginu. Hér eru sem sé mjög þýðingarmikil og vandasöm landamæramál á ferðinni, ef það á að hafa stofnanirnar tvær, og þetta knýr allt til rannsóknar á því, hvort það er ekki skynsamlegt að hafa eina stofnun. Síðan getur verið mismunandi tilhögun á náminu eftir því, hvort menn stefna aðallega að því að kenna á skylduskólastiginu eða hvort menn vilja einnig kenna á framhaldsskólastiginu.

Loks vil ég minnast hér á eitt atriði, sem er talsvert þýðingarmikið, og það er þetta: Ef kennaraháskóli verður stofnaður, á hann þá að vera tveggja ára eða þriggja ára skóli? Hæstv. ráðh. sagði, að það hefðu verið mjög skiptar skoðanir um það hjá þeim, sem unnið hafa að undirbúningi málsins, og mér skilst hjá þeim, sem hafa haft aðstöðu til þess að segja álit sitt á því, hvort skólinn ætti að vera tveggja eða þriggja ára skóli. Mér finnst þetta ekkert einkennilegt. En mér finnst það athyglisvert, að í grg. frv. er hvergi vikið að því einu einasta orði, að nokkur ágreiningur hafi komið fram um þetta eða það sé yfirleitt nokkurt álitamál, að skólinn eigi að vera þriggja ára skóli. Ég læt í ljósi þá skoðun, að það sé hiklaust skylt að láta koma fyrir okkur á hv. Alþ. og þ. á m. í menntmn. greinilegan rökstuðning fyrir báðum þessum sjónarmiðum, þannig að við höfum fullkomlega aðstöðu til þess að gera okkur grein fyrir þeim rökum, sem færð eru fram annars vegar fyrir því að hafa skólann tveggja vetra skóla og hins vegar fyrir því að hafa hann þriggja ára skóla. Ég vona, að hæstv. ráðh. geri ráðstafanir til þess, að þessi þáttur málsins verði skýrður og borinn fram á þann hátt, sem viðunandi má teljast, til þess að hægt sé að mynda sér skoðun á þessu vandasama máli. Það er að sjálfsögðu ekki nægilegt í þessu sambandi að láta aðeins koma fram rökstuðning fyrir því, sem meiri hluti þeirra manna, sem stuðlaði að þessu frv., vildi vera láta, en láta hitt algerlega liggja í þagnargildi. Ég man ekki eftir því, að það hafi farið fram neinar almennar umr. um þetta á opinberum vettvangi, þannig að maður hafi stuðning í þeim til þess að skapa sér skoðun um þetta efni. Hafi það verið, þá vænti ég, að okkur verði á það bent.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Frv. þetta um Kennaraháskóla Íslands hefur nú þegar verið allmikið rætt hér við 1. umr. málsins. Það er enda ekki að undra. Hér er um gerbyltingu á kennaranáminu að ræða og mál, sem er vandasamt í mörgum greinum, að ég hygg. Í þessum umr. hafa komið fram nokkrar efasemdir um það, hvort nauðsynlegt sé að krefjast háskólanáms — tveggja ára framhaldsnáms til kennslu á hinum lægstu stigum skólakerfisins. Ég vil ekki draga dul á það, að á þessu stigi bærast með mér ýmsar slíkar efasemdir um þetta frv. Þess vegna tek ég undir það, sem hér hefur verið lagt til, að frv. fái betri skoðun en unnt væri hér á hv. Alþ., ef ætti að afgreiða það þegar á þessu þingi. Ég hygg, að frv. sé það vandasamt í ýmsum atriðum, að ástæða sé til þess fyrir hv. Alþ. að skoða það gaumgæfilega, og það má vera, að þegar þeirri skoðun er lokið, verði allir á einu máli og væri það vel.

Ég sé ekki ástæðu til þess, að ég fari hér að ræða einstaka þætti þessa frv. sem þegar hafa verið gerðir að umtalsefni. Í rauninni er orsök þess, að ég kvaddi mér hér hljóðs, aðeins smávægilegt atriði, sem ég vildi vekja aðeins athygli á, áður en frv. færi til n. Í 24. gr. frv., sem er ákvæði til bráðabirgða, er gert ráð fyrir því, að nemendur, aðrir en stúdentar, sem skráðir voru í Kennaraskóla Íslands haustið 1969 eða fyrr, ljúki sínu námi eftir hinu gamla kerfi. Hins vegar er um það rætt í aths. við frv., að þeir nemendur, sem hófu nám í Kennaraskóla Íslands á s. l. hausti, skuli ljúka námi eftir hinu breytta kerfi, nái þetta frv. fram að ganga. Þar er og frá því greint, að þessum nemendum hafi verið gert það ljóst, er þeir sóttu um nám í skólanum, að þessi breyting kynni að verða yfirvofandi.

Nú vil ég greina frá því, að eftir því sem mér er frá sagt, geti þarna eitthvað verið málum blandað í einstökum tilvikum. Það er nokkuð langt síðan maður utan af landi, sem á dóttur í kennaraskólanum, sem hóf þar nám á s. l. hausti í undirbúningsdeild handavinnudeildar, bað mig að athuga, hvað hæft væri í því, hvort um breytta skipan á þessari deild yrði að ræða. Hann kvaðst hafa leitað eftir því, þegar sótt var um skólavist fyrir þennan nemanda, hvort þetta nám yrði lengt, en eins og kunnugt er, er það tveggja vetra undirbúningsnám, eins og nú er, og tveir vetur í handavinnudeild. Hann kveðst hafa fengið neikvæð svör, og þessi stúlka hafi hafið nám á grundvelli þess. Eftir að skólinn hafði starfað í 4—6 vikur, hafi nemendur verið kallaðir fyrir kennara og þeim tjáð, að svo kynni að fara, að þetta nám yrði lengt og þeir yrðu þá að gangast undir það, ef þeir vildu ljúka námi í þessari grein. Í fyrsta lagi óska ég eftir upplýsingum um, hvort það sé að fullu rétt, sem fram kemur í aths. frv., eða hvort hér sé um rangt mál að ræða, sem ég flyt hér eftir upplýsingum þessa manns, sem um þetta hefur talað við mig.

Í annan stað, ef svo fer, að frv. þetta verði afgreitt á þessu þingi, vil ég beina því til þeirrar hv. n., sem það fær til meðferðar, hv. menntmn., að hún taki það til athugunar, hvort ekki sé unnt að láta þá nemendur Kennaraskóla Íslands, sem á s. l. hausti hófu þar nám, ljúka því eftir hinu gamla kerfi. Það er ljóst t. d. með nemanda slíkan sem þann, sem ég nefndi, sem hefur nám í undirbúningsdeild handavinnudeildar Kennaraskóla Íslands, sem samtals er fjögurra vetra nám, án þess að hann hafi vitað, að þessu námskerfi væri breytt á námstímabilinu, þannig að það verði ekki lengur fjögurra vetra nám, heldur sjö vetra nám plús tveggja ára framhalds- og þjálfunarnám, áður en viðkomandi nemandi á þess kost að vera skipaður í embætti, að það kynni að hafa haft áhrif á námsval hans, ef honum hefði verið þetta ljóst. Nú geri ég hins vegar ráð fyrir því, ef nægar umsóknir berast ekki frá þeim kennurum, sem lokið hafa embættisprófi eftir þessu frv., þ. e. tveggja ára framhaldsnámi til viðbótar þriggja ára háskólanámi, að reka muni að því, að teknir verði til starfa þeir, sem minni réttindi hafa. Þrátt fyrir það vil ég samt ætla, að rétt væri að gefa þeim nemendum, sem nú eru í skólanum, kost á því að ljúka sínu námi eftir hinu gamla skipulagi.

Þetta var nú það atriði, sem ég hafði hug á að minnast hér á umfram þau, sem hér hafa borið á góma. Ég skal ekki lengja þessar umr. með því að fara að ræða frv. að öðru leyti neitt sem heitir, en vil þó ítreka það, að þegar um slíka gerbyltingu kennaranámsins er að ræða, að þeir, sem eftir hinu gamla skipulagi ljúka kennaranámi, eiga að réttu lagi ekki kost á því að ganga inn í hinn nýja kennaraháskóla, þá hygg ég, að þörf sé á því að gefa hv. alþm. nokkurt tóm til þess að hugleiða þau atriði öll, sem grípa inn í þetta frv.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja mikið þessar umr. og ekki endurtaka það, sem ég sagði á síðasta fundi. En nú sé ég, að hæstv. ráðh. er farinn úr d., og var hann þó hér fyrir skömmu. (**Forseti:** Forseti á von á því, að ráðh. komi hér að vörmu spori. Hann hefur verið hér við í allan dag.) Já, það er einmitt það. Ég sé, að hann er ekki hérna núna.

Ég kvaddi mér hljóðs að þessu sinni til þess einkum að vekja athygli hæstv. ráðh. á málsatriðum, og er erfitt að gera það, ef hann er ekki viðstaddur. En e. t. v. kemur það til greina að fresta umr. (**Forseti:** Það hefur verið gerð ráðstöfun til þess að láta ráðh. vita, að þm. óski eftir því, að hann sé viðstaddur.) Það eru kannske fleiri á mælendaskrá. (**Forseti:** Nei, það eru ekki fleiri á mælendaskrá.) Mundi þess vera von, herra forseti, að ráðh. kæmi hér, áður en langt um líður? (**Forseti:** Ég geri alveg ráð fyrir því. Ég var búinn að senda eftir ráðh. til að láta hann vita. Hann er kominn, ráðh., svo að við getum haldið áfram umr.)

Þegar ég talaði í gær í þessu máli, gerði ég tilraun til þess að grennslast eftir skoðun hæstv. ráðh. á nokkrum atriðum og óska upplýsinga frá honum. Ég heyrði ekki, að ráðh. svaraði þessu neitt, þegar hann talaði hér í gær, og vil ég út af fyrir sig ekki átelja það eða lýsa neinni óánægju út af því, vegna þess að þessar spurningar eða eftirgrennslanir, sem fram komu í ræðu minni, voru nokkuð almenns eðlis um skólamál og a. m. k. sumar þeirra snertu ekki beinlínis það frv., sem hér liggur fyrir. En hæstv. ráðh. komst svo að orði, þegar hann talaði hér í gær, að þeir, sem tóku til máls á fundinum í gær, hefðu lýst yfir fylgi sínu við þetta frv., sem hér liggur fyrir, að vísu með nokkrum fyrirvara. Ég vil láta það koma fram, að ég held, að hér sé um nokkurn misskilning að ræða hjá hæstv. ráðh. Ég fyrir mitt leyti lýsti ekki yfir fylgi við þetta frv., og ég er ekki viss um, að aðrir hafi gert það heldur. Hv. l. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, sem ræddi hér málið í gær, talaði aðallega eins og í dag um nauðsyn á endurskoðun framhaldsskólakerfisins og nauðsyn á að tryggja kennslu í framhaldsskólum, og hann sagði í dag, að það að tryggja kennslu í framhaldsskólum þyrfti að afgreiða í sambandi við

þetta mál. Og þá sýnist mér, að það sé varla hægt með það sjónarmið í huga að fylgja þessu frv., eins og það liggur hér fyrir. Hv. 6. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, virtist mér í gær tala á móti þessu frv., því að hann var því fremur fylgjandi, að stofnuð yrði sérstök deild í Háskóla Íslands en að stofnaður yrði sérstakur kennaraháskóli, eða þannig skildi ég hann. Hv. 1. þm. Vestf., sem einnig talaði, bar fram ákveðnar fsp. um viss atriði, sem svarað var. Núna á fundinum í dag hafa nokkrir þm. tekið til máls, sem ekki tóku til máls í gær, og mér hafa heyrzt þeir allir vera í nokkrum vafa um það, að þetta frv. væri rétt upp byggt, og a. m. k. hafa þeir talið, að það væri mjög vafasamt, að nokkur tök væru á að afgreiða það á þessu þingi, og ég veitti því athygli, að meðal þeirra voru tveir þm. úr Sjálfstfl., þ. e. þeim þingmeirihl., sem styður ríkisstj.

Ég vil því benda hæstv. ráðh. á, að mér virðist, að í þessum umr. komi ekki fram neitt ótvírætt fylgi hér í hv. d. við þetta frv. — a. m. k. ekki svo, að það verði afgreitt á þessu þingi. Enda er það nú mála sannast, að tíminn er orðinn nokkuð stuttur. Ef frv. átti að ná fram að ganga, má segja, að það sé flutt í ótíma eða of seint. En það hefur verið sagt frá því og haft eftir hæstv. forsrh. í útvarpi í gær, að ætlunin væri að ljúka þingi fyrir páska.

Það var nú sérstaklega þetta, sem ég vildi vekja athygli á, hvernig þessar umr. hafa verið og hvað þar hefur komið fram með tilliti til frv. og afstöðu til þess. Hitt hefur mér skilizt á hæstv. ráðh., að hann teldi málið aðkallandi, því að það væru vandræði í kennaraskólanum. Ég skal ekki draga úr því, að það megi til sanns vegar færa. En þau vandræði eru húsnæðislegs eðlis. Ég hef látið mér detta í hug, að það væri réttara, þó að það samrýmist ekki þessu frv., að bæta úr þessu á annan hátt, þ. e. að losa kennaraskólann við verulegan fjölda af þeim nemendum, sem hann nú hlýtur að taka á móti, og veita þeim aðgang að háskólanum og þá sérstaklega stúdentum, sem stunda nám í kennaraskólanum og raunar fleiri, og ég sé ekki í fljótu bragði, þó að vera megi, að ég sannfærist um það síðar, að það sé ástæða til þess að vera að leggja kennaraskólann niður. Mér sýnist, að hann geti starfað áfram að því að mennta kennara, sem eigi að starfa á vissu skólastigi, jafnframt því, sem séð er fyrir meiri menntun fyrir þá, sem eiga að kenna bæði í efri bekkjum skyldunámsstigsins, þ. e. í gagnfræðaskólum, sem nú eru, og í öðrum æðri skólum. Ég held, að það sé alveg eins auðvelt að leysa málið á þann hátt og það væri meira í samræmi við raunveruleikann og þörfina að gera það.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta mál, en það, sem ég nú hef sagt og sagði í gær, vil ég biðja hv. n. að taka til athugunar.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég tel rétt að víkja að nokkrum atriðum, sem fram hafa komið í þeim ræðum, sem fluttar hafa verið í dag. Mér þótti vænt um að heyra af vörum hv. þm. Björns Pálssonar frjálslyndar skoðanir á því mikilvæga máli, sem hér er um að ræða, og ég met það mikils. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að ég hef talið Framsfl. á stundum vera í íhaldssamara lagi, og þeim mun meira gladdist ég að heyra af vörum þessa þm., að því er ég tel, skynsamlegar og mjög frjálslyndar skoðanir, að því er varðar menntun menntaskólakennara. Að þessu sinni hefur það orðið hlutskipti hv. þm. Gísla Guðmundssonar að túlka sjónarmið, sem ekki bara ég, heldur margir fleiri telja íhaldssöm í þessum efnum. Ég vona, að í þessu máli a. m. k. fylki Framsfl. sér um þann málstað, sem Björn Pálsson hefur hér túlkað, en ekki þann, sem hv. þm. Gísli Guðmundsson gerði að sínum.

En einmitt vegna þess, af hversu miklu frjálslyndi hv. þm. Björn Pálsson hafði talað um málið, urðu mér það enn sárari vonbrigði, hversu íhaldssamra sjónarmiða gætti hjá þeim gamla og margreynda skólamanni, hv. þm. Hannibal Valdimarssyni. Hann virtist í raun og veru vera algerlega andvígur grundvallarhugsun — grundvallarmarkmiðum — þessa frv., þ. e. því að færa kennaramenntunina á háskólastig. En um þetta efni er það að segja, að menn verða að átta sig á þeirri gerbreytingu, sem orðið hefur í menntamálum þjóðarinnar á undanförnum — við skulum segja — aldarfjórðungi. Það er að verða æ algengara, að menn ljúki stúdentsprófi og hafi stúdentsmenntun, og verður án efa á næsta áratug enn þá algengara en það er nú. Þegar um það er að ræða, hvers konar menn skuli veljast til þess að kenna á skyldunámsstigi, og nóg framboð er af mönnum með stúdentsmenntun, er þá nokkuð sjálfsagðara en að taka þá til þess að mennta þá enn frekar til þess að kenna á skyldunámsstiginu? Hvaða vit er í því frá þjóðfélagslegu sjónarmiði séð að láta stúdentana sitja auðum höndum, fara í skrifstofustörf eða eitthvað annað, þar sem ekki er þörf fyrir stúdentsmenntun þeirra, en taka síðan til kennaranáms t. d. gagnfræðinga eða þá, sem hafa ígildi þeirrar menntunar, sem á nú að vísu að hverfa úr sögunni — taka til kennaranáms menn með miklu lægri menntun og fela þeim það vandasama verk að kenna á skyldunámsstiginu. Frá þjóðhagslegu sjónarmiði og frá þjóðfélagslegu sjónarmiði séð væri hér um fullkomna sóun á starfskröftum þjóðarinnar að ræða. Það mátti til sanns vegar færa fyrir 20—30 árum, sem hv. þm. Hannibal Valdimarsson sagði hér áðan, en eftir að jafnmikill hluti þjóðarinnar hefur stúdentsmenntun til að bera, þá er ekkert áhorfsmál, að kennaramenntunina á að byggja ofan á stúdentsmenntunina. Á þessu tel ég ekki geta leikið nokkurn minnsta vafa.

Hitt skal ég játa fúslega, að um það má deila endalaust, hvort kennaramenntunin, sem byggð er ofan á stúdentsmenntun, eigi að vera tveggja ára menntun, tveggja og hálfs árs menntun, þriggja ára menntun, þriggja og hálfs eða jafnvel fjögurra ára menntun, sem ég held þó, að engum manni detti í hug, miðað við kennslu á skyldunámsstiginu. Um þetta má endalaust deila. Og mér kemur ekki til

hugar að halda því fram, að hægt sé að hafa einhverja eina rétta skoðun á þessu máli. Hér má tefla fram rökum með og móti þeirri skoðun, að tveggja ára nám dugi, og með og móti hinni skoðuninni, að þriggja ára nám dugi o. s. frv. Það má líka vissulega um það deila, hvort nauðsynlegt sé að krefjast jafnlangrar menntunar af þeim kennurum, sem kenna eiga börnum og unglingum á öllu skyldunámsstiginu. Það má færa fram rök fyrir þeirri skipan, sem enn gildir í Svíþjóð, að skemmra nám er talið duga til þess að kenna yngri aldursflokkum, en lengra náms krafizt fyrir þá, sem eiga að kenna eldri aldursflokkum. Auðvitað má færa fram rök fyrir slíku. Það má líka færa fram rök gegn því.

Það, sem orðið hefur ofan á hjá höfundum þessa frv. — og höfundar þess eru meðal lærðustu manna um skóla- og uppeldismál á Íslandi — er ekki aðeins það, sem ég tel vera óumdeilanlegt, að kennaramenntun eigi að byggja ofan á stúdentspróf, heldur hefur orðið ofan á, að þriggja ára menntun sé hér hæfileg og svari til þess, sem nú sé að verða í flestum nálægum löndum. Þetta hefur einnig reynzt vera skoðun kennarastéttarinnar.

Hv. þm. Hannibal Valdimarsson spurði, hvar leiðsögnin og starfsþjálfunin ætti að fara fram. Hún á auðvitað að fara fram í starfi á þeim reynslutíma, sem gert er ráð fyrir, að kennarar hljóti til viðbótar kennaraprófi, áður en þeir verða endanlega skipaðir kennarar.

Það var algerlega rétt, sem hv. þm. sagði, að margt fleira er nauðsynlegt til þess að vera góður kennari en skólamenntun. Þessi hugsun að skipa kennaraprófsmenn ekki í stöðu strax að loknu kennaraprófi er alger viðurkenning á því sjónarmiði, sem hv. þm. lýsti alveg réttilega í ræðu sinni áðan. Það þarf meira en menntunina eina, meira en prófið eitt til þess að vera góður kennari, og þess vegna er talið rétt að prófa menn, láta menn fá starfsreynslu í tvö ár. Menn eiga að fá full laun, en læra verklega jafnframt. Þá fyrst, þegar þeir hafa sýnt starfshæfni sína sem góðir kennarar, eiga þeir að fá skipun. Ég tel þetta vera mikið framfaraspor og í samræmi við rétt sjónarmið, sem hv. þm. Hannibal Valdimarsson gerðist talsmaður fyrir.

Þá skopaðist hann að orðalagi í einstökum gr. frv. og taldi það vera sérfræðilegt og óskiljanlegt raunar og nefndi þar sérstaklega til orðið skor, sagðist aldrei hafa heyrt það áður og ekkert vita, hvað það þýddi. Mér kemur þetta mjög á óvart, því að það er búið að nota þetta orð í skólakerfinu, t. d. í háskólanum, í mörg ár. Það hefur verið, að ég held, beinlínis í lagagr., a. m. k. í grg. fyrir mörgum frv. um háskólann, sem hér hafa verið á döfinni undanfarin ár, og er, ef ég man rétt, einnig notað í nýju menntaskólalögunum. Sé það ekki í lögunum sjálfum, þá er það í grg. þar. (Gripið fram í.) Nei, það kann að vera. Ef það er ekki í l. sjálfum, þá er það a. m. k. notað í grg. gildandi menntaskólalaga, svo að höfundar þessa frv. hafa áreiðanlega gert ráð fyrir því, að allir alþm. hefðu lesið þau lög, sem þeir sjálfir hafa samþ., og grg. með þeim, þannig að engin þörf væri á því að skýra, hvað orðið skor þýddi. En skor þýðir einfaldlega hluta af deild eða hluta af námi, hluta af námsheild. Það er t. d. talað um stærðfræðiskor í verkfræði- og raunvísindadeild háskólans og táknar þá stærðfræðikennsluna og þá menn, sem hana annast og hana stunda. Þeir kennarar, sem kenna stærðfræði, og þeirra nemendur mynda ákveðinn hóp, ef það orð er skiljanlegra, og slíkur hluti t. d. háskóladeildar hefur verið nefndur skor og skorarstjóri. Um það má auðvitað endalaust deila, hvort orð séu falleg eða ekki, en þm. geta ekki í alvöru deilt um það, hvað orð merkir, sem búið er að vera í frv. og grg. í mörg ár fyrir hinu háa Alþ. (Gripið fram í.) Ef hv. þm. hefði sagt, að orðið skor væri ljótt, þá hefði ég ekki sagt eitt einasta orð. En þegar hann segir, að hann skilji það ekki, þá kemst ég ekki hjá að benda á það, að það er ofar mínum skilningi, að það skilningsleysi skuli geta átt sér stað.

Hv. þm. Gunnar Gíslason taldi, að það væri nauðsynlegra, að grunnskólafrv. og frv. um skólakerfi næðu fram að ganga en þetta frv. Ég verð enn að gefnu þessu tilefni að ítreka mjög þá eindregnu ósk mína, að þetta frv. verði afgreitt á þessu þingi. Ég er ekki með því að segja, að mér komi það til hugar, að frv. verði afgreitt nákvæmlega eins og það er. Það er auðvitað á valdi Alþ. að breyta því, eins og því sýnist, og ég efast ekki um, að þó að ágætir menn hafi samið það og um það fjallað, þá geti Alþ. betrumbætt það með ýmsu móti. Það sýnir margföld reynsla, að jafnvel hinir ágætustu sérfræðingar eru ekki alvitrir og fleira þarf að koma til, og þm. sjálfir hafa mikla reynslu og þekkingu til að bera umfram sérfræðinga í lagasmíð. En ég skal í örfáum setningum gera grein fyrir, hvers vegna þetta er nauðsynlegt.

Það stefnir í fullkomið óefni, ef teknir yrðu nemendur í kennaraskólann að óbreyttum reglum á næsta hausti, einfaldlega vegna þess að það eru komnir allt of margir nemendur í kennaranám miðað við þær kennarastöður, sem fyrir hendi eru. Og ef náminu er ekki breytt með þeim afleiðingum, að vitað verði, að færri muni sækjast eftir náminu en átt hefur sér stað undanfarin ár, þá er beinlínis verið viljandi að skapa offramleiðslu á kennurum kennarastéttinni í heild til stórkostlegs tjóns. Ég þykist þess alveg fullviss, að ef kennarastéttin og kennaraskólanemendur — þar með væntanlegir kennarar — tækju að óttast, að þetta frv. yrði ekki afgreitt á þessu þingi, þá mundi hún hefja stórfellda sókn fyrir því, að frv. yrði afgreitt, þar sem grundvallaratriði frv. næðu fram að ganga, vegna þess að það gefur auga leið, hversu mikil hætta það er fyrir stétt atvinnulega séð og kennslufræðilega séð, ef þar verður um að ræða tilfinnanlega offjölgun, ef það er beinlínis stefnt til atvinnuleysis í stéttinni. Auk þess getur kennarastéttin bent réttilega á það, hvílík sóun það er á starfsorku þjóðar að sérmennta menn með löngu námi undir ákveðið starf, og svo þegar þeir hafa aflað sér sérmenntunar, þá hefur þjóðfélagið enga þörf fyrir þá, því að það

er þörf fyrir ákveðna tölu kennara í íslenzka þjóðfélaginu á ári hverju. Við þekkjum kennaraþörfina fram í tímann. Það er búið að áætla hana, eins nákvæmlega og hugsanlegt er, á grundvelli allrar þekkingar, sem fyrir hendi er. Við þekkjum hana nákvæmlega, þó að ég fari ekki að lesa þær skýrslur allar upp hér; ég skal víkja að því seinna. (EystJ: Má ég skjóta inn í? Það hlýtur að vera ný áætlun, fyrst ráðh. er ekki fyrr tilbúinn með frv.) Nei, nei, hún hefur legið fyrir. Eitt það fyrsta, sem þessi n. gerði, var einmitt að gera sér nákvæmlega grein fyrir því, hver kennaraþörfin yrði á næstunni. Og það er þegar verið að undirbúa fleiri menn en geta fengið kennarastöður á næsta áratug, og þessa þróun verður að stöðva. Skynsamlegasta leiðin til að stöðva hana er einmitt að gera nú þær grundvallarbreytingar á kennaramenntuninni, sem hér eru lagðar til. Þess vegna vona ég, að hv. þm. Gunnar Gíslason komist við nánari athugun málsins í n. — til þess eru auðvitað n. að skoða mál nánar en hægt er að gera við umr. hér í þingsölunum — að þeirri niðurstöðu, að þær grundvallarbreytingar, sem hér er lagt til að gera, verði að ná fram að ganga á þessu þingi.

Hv. þm. spurði, hvort til þess væri ætlazt, að háskólagengnir menn ættu að kenna vélritun eða handavinnu. Vélritun er slíkt aukafag, að þarna er auðvitað ekki gert ráð fyrir því, að þar hljóti að vera háskólagenginn maður. En af þessu tilefni er rétt að fara örfáum orðum um hitt atriðið, sem hann nefndi, og vissulega er það eitt af meginatriðum frv., sem mests tvímælis orkar, þ. e. að flytja námið í handavinnu yfir á háskólastig. N. mun fá til umsagnar till. Myndlista- og handíðaskóla Íslands um þetta efni. En án þess að fara um þetta mörgum orðum til að lengja ekki umr. um of hlýt ég að benda á, að það er væntanlega kunnugt, að kennsla í handíðum fer fram á tveimur stöðum nú, þ. e. annars vegar í kennaraskólanum í handavinnudeildum hans og hins vegar mjög hliðstæð kennsla í Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Þetta á sér sögulegar skýringar, sem ég hirði hér ekki um að greina frá, en ýmsir hafa verið þeirrar skoðunar, að þetta tækifæri ætti að nota til þess að sameina þessa kennslu, annaðhvort alla í kennaraskólanum eða alla í myndlistaskólanum, og má færa ýmis rök fyrir hvoru tveggja — ekki minni rök fyrir því að mínum dómi að hafa þessa kennslu alla saman í myndlistaskólanum. En verið er að semja frv. um endurskipulagningu hans, og þar mun ekki verða gert ráð fyrir stúdentsprófi sem inntökuprófi í myndlistaskólann. Skólastjóri myndlistaskólans hefur fært mjög veigamikil rök fyrir því — og n. mun fá grg. hans um það efni — að ákvæðin um kennslu í handavinnu eigi að taka út úr þessu frv. og ætla eigi þeim ákvæðum stað í væntanlegri lagasetningu um myndlistaskólann. Það verður svo að sjálfsögðu menntmn. og svo seinna Alþ. að vega og meta í heild þau rök, sem hér hafa verið flutt á báða bóga. Að þessu leyti var aths. séra Gunnars Gíslasonar algerlega eðlileg og mjög skiljanleg.

Hv. þm. Magnús Kjartansson kvartaði undan því, að ég hefði ekki flutt nægilega skýr rök fyrir því, að hér væri gert ráð fyrir því, að um sjálfstæðan kennaraháskóla væri að ræða, en ekki háskóladeild, og taldi nauðsynlegt að fá skýrslu um rök með og móti hvorum málstað um sig. Mér finnst til heldur mikils mælzt af mér, að ég haldi sérstaka ræðu um rök með og móti þessum tveimur sjónarmiðum. Það er vissulega hlutverk menntmn. að kynna sér rök þarna með og móti. Menntmrn. skal vera n. til fyllstu aðstoðar um að fá þau rök, sem flutt hafa verið með og móti báðum sjónarmiðunum, og ég skal að sjálfsögðu ljá því liðsinni, að hún fái allar upplýsingar um þessi efni, hvort heldur munnlega eða skriflega. En hitt segi ég, að það er til heldur mikils mælzt, að ég haldi hér um þetta langa ræðu, og tel það raunar alls ekki vera verkefni mitt hér við 1. umr. í þd. að gera það. Það er hlutverk n. síðar að afla sér slíkra upplýsinga um rök og gagnrök, og þá fyrst væri hægt að kvarta, ef n. fengi ekki upplýsingar, sem gerðu henni kleift að mynda sér skoðanir um þetta efni. Hið sama á við um það, sem hann kvartaði enn yfir, að ég hefði ekki kveðið nógu skýrt á um ákvæði frv. um inngönguskilyrði og verkaskiptingu milli háskóla og væntanlegs kennaraháskóla eða nægilega rækilega. Til þess eru þn. að afla sér upplýsinga um slík einstök atriði, sem hér er um að ræða, en ekki er ástæða til langra ræðuhalda hér í þd. við 1. umr. málsins. Ef ég hefði orðið við öllum þeim óskum, sem hann setti fram í sinni ræðu, t. d. um áætlanir um fjölda nemenda á næstu árum, húsnæðisþörf og þar fram eftir götunum — slíkar áætlanir eru til, n. getur auðvitað fengið þær — þá yrði ég að halda nokkurra klukkutíma ræðu, og ég held, að enginn væri bættari með því, að slík vinnubrögð yrðu upp tekin.

Hv. þm. ræddi enn um þau ákvæði frv., að rektor þessa væntanlega nýja háskóla skyldi kjörinn, og gerði í því sambandi að umtalsefni þau almennu sjónarmið eða þær skiptu skoðanir, sem uppi eru um víða veröld um það, hvort embættismenn eigi að vera skipaðir ævilangt eða til nokkurra ára í senn. Honum er áreiðanlega jafnkunnugt um það og mér, að það hefur orðið niðurstaða t. d. á Norðurlöndum og á Vesturlöndum yfirleitt að hafa embættismenn skipaða ævilangt, þó að öllum sé ljóst, að á því eru ýmsir annmarkar. Það má færa ýmis skynsamleg rök fyrir því, að á þessu séu gallar. Hins vegar vestan hafs, í Bandaríkjunum, tíðkast hinn hátturinn, að embættismenn séu skipaðir til skamms tíma í senn, og sýsla embættismanna fylgir þá gjarnan stjórnarskiptum, svo að það er í raun og veru aldrei þessu vant amerísk fyrirmynd, sem virðist vaka fyrir hv. þm. Þetta kerfi hefur marga kosti. Mér er það algerlega ljóst, þó að ég sé einn þeirra, sem ekki treysta sér til þess að mæla með því, að það yrði tekið upp. Það er skoðun yfirgnæfandi meiri hluta manna á Norðurlöndum og í Vestur-Evrópu, að þótt miklir gallar kunni að vera á því að hafa ævilangt skipaða embættismenn, séu gallarnir á hinu þó enn þá meiri, að embættismenn

skuli t. d. fylgja stjórnarskiptum eða ekki mega starfa lengur en 4 eða 8 ár eða því um líkt. Um þetta mætti auðvitað bollaleggja fram og til baka, en hitt er fullkomlega út í bláinn að bera kosti og galla þess að hafa embættismenn ævilangt eða hafa menn til skamms tíma saman við skipun ráðh., eins og hann gerði hér, og blanda inn í það, hversu lengi ég hefði setið í ráðherrastóli. Sannleikurinn er sá, að ráðherraembættin eru hér einu embættin, sem eru til óákveðins tíma. Alþ. getur, hvenær sem er, látið hvaða ráðh., sem er, hætta með því að lýsa á hann vantrausti; þá hættir hann. Það er ekki ég, sem hef ákveðið, að ég væri menntmrh. í 14 ár. Það er Alþ., sem hefur ákveðið það, en ekki ég, og ég er auðvitað tilbúinn að víkja, hvenær sem er, með eins dags fyrirvara, ef meiri hl. Alþ. kýs, að ég skuli ekki vera lengur í embættinu. Og þá á ég eins og kollegar mínir og fyrirrennarar rétt á sex mánaða tíma til þess að leita mér að nýju starfi. Þetta hef ég gert mér ljóst frá upphafi, og það er algerlega út í bláinn að vera að blanda starfsaldri mínum saman við almennar umr. um það, hvernig haga eigi skipun embættismanna, því að ráðh. eru ekki embættismenn í þeim skilningi, sem rektor skóla er eða prestur eða læknir eða dómari eða hvaða embættismaður, sem er.

Svo er eitt atriði enn í málflutningi hans, sem var heldur hvatvíslegur, sem ég vil að síðustu koma að. Hann hljóp illilega á sig í umr. hér í gær — svo illilega, að margir mundu kalla það nánast að vera sér til skammar. Hann fjargviðraðist með þjósti yfir því, að það væri galli á frv., að starfandi kennurum og t. d. þeim, sem lykju kennaraprófi í vor, skyldi ekki veittur réttur til inngöngu í kennaraháskólann eða réttur til þess að hefja nám í kennaraháskólanum, og taldi þetta galla á frv. Auðvitað hljóta allir menn að vita það, að þegar sett eru lagaákvæði um inngöngurétt í skóla, þá tákna þau, hverjir skuli hafa rétt til að stunda nám í skólanum og ljúka þaðan prófi. Allir menn með viti hljóta að átta sig á því, að innihald lagafyrirmæla um inngöngurétt í skóla þýða þetta, þ. e. hverjir megi hefja þar nám og ljúka þaðan prófi. Þess vegna ætlaði ég ekki að trúa mínum eigin eyrum, þegar ég heyrði hv. þm. kvarta undan því, að slík ákvæði væru ekki í þessu frv., því að hvað ætti, eins og ég sagði við umr. í gær, kennari að gera með það að innrita sig í skólann og fá rétt til þess að ljúka þaðan nýju prófi, þegar nýtt próf þaðan gæfi honum engin aukin réttindi — ekki nokkur aukin réttindi. (Gripið fram í.) Ég skal koma að þessu á eftir. Það væri fáránlegt, ef kennari, sem lyki kennaraprófi í vor, sækti um inngöngu í kennaraháskólann næsta haust, af því að eftir þriggja ára nám þar fengi hann engin aukin réttindi miðað við það, sem hann hefði. Mér gat ekki dottið slíkt í hug, og þess vegna taldi ég ummælin fáránleg og eitt það vitlausasta, sem sagt hefur verið á þinginu.

Nú gefur hv. þm. þá skýringu á ummælum sínum, að hann hafi átt við rétt kennara til þess að fylgjast með ákveðnum greinum í kennaraháskólanum, þ. e. að bæta við menntun sína í kennaraháskólanum, nú mundi verða veitt þar meiri menntun en nokkurs staðar er veitt og kennarar ættu að hafa aðgang að því að tileinka sér þá viðbótarfræðslu. Mér gat ekki dottið þetta í hug í gær, enda kom ekkert fram um það, hvort hann ætti við þetta. Það var ómögulegt að láta sér detta það í hug eða draga þá ályktun af orðum hans. Þau eru til í þingtíðindunum, og getur hver sem er gengið úr skugga um það, hvernig þeim var hagað. Nú gefur hann þessa skýringu á ummælum sínum. En m. a. þess vegna gat mér ekki dottið í hug, að hann ætti við þetta, því að ég hélt að honum hlyti að vera kunnugt eins og öllum, sem fylgjast með opinberum málum á Íslandi, að það var búið að tilkynna opinberlega ákvörðun um það, að kennarar skuli eiga rétt á því að taka þátt í námskeiðum, sem menntmrn. gengst fyrir og munu veita rétt til launahækkunar. Um þetta eru alveg skýlaus ákvæði í nýgerðum samningum BSRB og ríkisvaldsins. Það er skýlaust ákvæði um það, að menntmrn. skuli gangast fyrir námskeiðum, sem starfandi kennarar og þeir, sem á hverjum tíma hafa lokið prófi eftir gamla laginu, skuli eiga rétt á að taka þátt í og fá hærri laun út á. Hvernig átti mér að detta í hug, að þm. væri ekki kunnugt um þetta, sem búið er að standa í öllum blöðum, vera í útvarpi og básúna heilmikið út? Nei, auðvitað verður þetta gert, og þetta er opinber staðreynd, og ef kennaraháskólinn kemst á laggirnar, verða þessi námskeið áreiðanlega þar. En þó að kennarar sæki sitt opinbera námskeið í kennaraháskólanum, þá er það auðvitað ekki sama sem að ganga í kennaraháskólann. Það er allt annað. Það var ekki nefnt í samningunum, hvar námskeiðin skyldu haldin, einfaldlega af því að það var auðvitað ekki vitað um örlög þessa frv. Samningurinn var raunverulega gerður, áður en frv. varð opinbert plagg. Ef engin breyting verður, er líklegast, að námskeiðin verða annaðhvort í kennaraskólanum, eins og er núna, eða í háskólanum eða á báðum stöðunum, og það er satt að segja mjög líklegt, að komið geti til þess, að þessi námskeið verði sumpart í kennaraháskólanum og sumpart í háskólanum. Þetta er einn liður í þeirri verkaskiptingu, sem gert er ráð fyrir, að verði milli skólanna eftir sérfræðiþekkingu kennaranna, sem starfa í háskólanum og kennaraháskólanum. Þegar hv. þm. tók því þannig til orða, að ég hafi talað af fullu skilningsleysi um nauðsyn á framhaldsmenntun kennara — hann sagði þetta, þetta eru engin smáorð — þá er sannleikurinn sá, að ég nefndi ekki námskeiðsmálið, því að mér kom ekki til hugar, að það hefði farið fram hjá nokkrum þm., að þessar stofnanir, þessi fræðsla, þessi námskeið væru fyrirhuguð. Svo mikið hefur verið rætt um þau í blöðum, útvarpi og sjónvarpi nú alveg nýlega.

Þá langar mig að víkja nokkrum orðum að ummælum hv. þm. Eysteins Jónssonar. Hann harmaði það, að ég skyldi hafa svarað spurningu hans um það, hvað yrði af B.A.-mönnum og hvað rn. hygðist

fyrir til að bæta úr skorti á framhaldsskólastiginu þannig, að það væri of flókið til þess að skýra það. Ég átti að sjálfsögðu við, að það væri of flókið til þess að skýra það í þessum umr. á þessum vettvangi, en ég tel ekkert mál vera of flókið til þess að skýra það. Ég tel þetta ekki eiga heima í umr. um þetta. Hér er um mikið vandamál að ræða, og ég er hv. þm. þakklátur fyrir að vekja hér opinberlega athygli á því. Okkur hefur verið það ljóst í mörg ár, að sú viðleitni, sem höfð var uppi af opinberri hálfu fyrir nokkrum árum til að bæta úr kennaraskortinum á framhaldsskólastiginu, hefur — ég játa það alveg umbúðalaust — því miður ekki borið þann árangur sem skyldi. Af einhverjum ástæðum hefur starf háskólans í þessu efni ekki borið þann árangur, sem vænzt var. Það mál er nú í alveg sérstakri athugun, og ég játa það fúslega, að þar þarf eitthvert nýtt átak að koma til, ef bót á að verða á því alvarlega ástandi, sem er, að því er varðar kennara á framhaldsskólastiginu. En hitt er misskilningur, að námið þar, eins og kom fram hjá öðrum hv. þm., sé nú þrjú ár. Það hefur lengzt á undanförnum árum, þannig að nú má miklu frekar telja það fjögur ár en þrjú ár. Það kallast fjögurra ára nám af þeim, sem ætlað er að kenna á framhaldsskólastiginu, en hér í frv. er ekki gert ráð fyrir að krefjast nema þriggja ára náms af þeim, sem ætlað er að kenna á skyldunámsstiginu.

Hv. þm. spurði, hver réttindin mundu verða hjá þeim mönnum, sem ljúka kennaraprófi úr væntanlegum kennaraháskóla. Það er tvímælalaust, að þeir munu fá réttindi til þess að kenna á öllu skyldunámsstiginu. Það hvarflar ekki að nokkrum manni, að réttindi þeirra verði minni en það. En það, sem verið er m. a. að athuga núna, er, hvort réttindin eigi að verða meiri. Þess vegna fól ég sérstakri n. fyrir alllöngu að semja frv. um réttindi kennara. Það getur sannarlega komið til greina, meðan kennaraskortur er á framhaldsskólastiginu, að þessir menn fái réttindi til kennslu þar. Ég vil ekkert um þetta segja, fyrr en n. hefur lokið störfum og menn hafa getað fengið að athuga niðurstöður hennar. Það eitt get ég sagt, að þeir munu hafa ótvíræð réttindi til að kenna á öllu skyldunámsstiginu — í öllum 9 ára grunnskólanum; það er tvímælalaust. Meira þori ég ekki að segja á þessu stigi málsins.

Þá gerði hv. þm. — og það er mjög athyglisvert atriði í öllu þessu sambandi eins og yfirleitt allt, sem hann sagði — skynsamlegar aths. Hann sagði: Ef stofnað er til kennaraháskóla, hví á ekki að hafa þar alla kennslu fyrir kennara? M. ö. o. : Hví á ekki að hafa þar alla háskólakennslu fyrir kennara? Hví á ekki kennaraháskólinn að mennta alla kennara — ekki bara kennara skyldunámsstigsins, heldur einnig alla framhaldsskólakennarana? Á þessu er sú, að því er mér finnst, einfalda skýring, að þessi stefna hefur verið tekin, hún er ráðandi í nálægum löndum einnig og það er sá grundvallareðlismunur á kennslu á skyldunámsstiginu og kennslunni á framhaldsskólastiginu, að kennslan á skyldunámsstiginu er yfirleitt bekkjarkennsla, en kennslan á framhaldsskólastiginu er yfirleitt sérkennsla. Munurinn á undirbúningnum undir kennslu á skyldunámsstiginu felst fyrst og fremst, eins og kemur hér fram, í því að búa menn undir að kenna yngstu nemendunum, nemendum á millialdri, ef svo mætti segja, og elztu nemendunum. M. ö. o., fagskiptingin fyrir þá kennara, sem kenna eiga á skyldunámsstiginu, er miðuð við aldursflokka fyrst og fremst. Þetta er auðvitað ekki hægt, eftir að komið er á framhaldsskólastigið. Þar verður að undirbúa menn til sérkennslu í stærðfræði og eðlis- og efnafræði t. d., í félagsfræðum, í tungumálum og þá jafnvel í hverju tungumáli um sig, í móðurmálinu. M. ö. o., framhaldsskólakennararnir þurfa að vera sérkennarar í einstökum greinum, en ekki kennarar fyrir einstaka aldursflokka. Þetta gerir algeran eðlismun á þeirri fræðslu, sem kennaraefnin þurfa að fá. Þess vegna er eðlilegt, að skyldunámskennarar séu aldir upp í sérstökum skóla, þar sem fagskiptingin getur verið mismunandi undirbúningur eftir þeim aldri nemendanna, sem þeir eiga að kenna, og svo sé hins vegar undirbúningur kennara undir sérkennslu í framhaldsskólum og auðvitað sé hún í almennum háskólum, þar sem kennd er stærðfræði á háskólastigi og eðlisfræði, íslenzka, danska og þar fram eftir götunum. (Gripið fram í.) Nei, það er rétt. Þess vegna sagði ég, að aðalreglan væri sú. Ég sagði það viljandi.

Hv. þm. Eysteinn Jónsson spurði, hvort opinberar umr. hefðu farið fram um þetta mál, hvort þeim, sem það varðar, væri það raunverulega kunnugt. Þær hafa farið fram nokkur undanfarin ár. Hann lýsti eftir því, hvað þar hefði gerzt. Ég vil nefna þar t. d. þing ísl. barnakennara, þar sem þessi mál hafa verið rædd, uppeldismálaþing og nú á s. l. vetri almennur, opinber fundur í Sigtúni, sem haldinn var að tilhlutan kennarasamtaka hér í borg og nágrenni. Annar fundur var haldinn í Lídó fyrir tveimur árum, sem helgaði sig að verulegu leyti þeim sömu málum, sem við erum hér að ræða um. Ég get fullvissað hv. þm. um það, að grundvallaratriði þessa máls eru engan veginn ókunn þeim aðilum, sem þetta mál snertir mest.

Hv. þm. Pálmi Jónsson nefndi ákveðið tilfelli um ákveðinn nemanda, sem eftir því, sem mér skildist, telur sig hafa verið innritaðan í kennaraskólann á röngum forsendum. Það er sjálfsagt að athuga mál þessa ákveðna nemanda og sjá um það, að hann njóti fyllstu sanngirni í meðferð síns máls, og ef hv. þm. greinir embættismönnum í menntmrn. frá málavöxtum, skal ég sjá um, að það mál fái hina rækilegustu athugun.

Að síðustu vil ég biðja hv. þm. Gísla Guðmundsson afsökunar á því, ef ég hef í lokaræðu minni í gær talið hann fylgjandi frv. Það hefur þá eflaust verið óskhyggja af minni hálfu. Ég hefði vænzt þess, að jafnvitur þm. og hann væri fylgjandi frv. eins og þessu. Ef hann er það ekki, þá get ég ekki annað en beðið afsökunar á því að hafa túlkað málið í þessa átt.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það eru nú aðeins fáein orð út af ræðu hæstv. ráðh. Ég vil fyrst koma að því, sem ráðh. sagði núna síðast um sérgreinakennara og bekkjakennara á því skólastigi, sem í hinu nýja frv. er kallað grunnskóli, sem hann hlýtur að miða við. Hann sagði, að það væri almenn regla, og endurtók það, að kennarar á þessu stigi kenndu heilum bekkjum, þ. e. kenndu námsgreinarnar í heilum bekkjum. Ég vil leyfa mér að draga í efa, að svo sé. Ég veit ekki betur en nú sé byrjað að kenna tungumál, bæði dönsku og ensku, þegar að loknu barnaprófi og í einstaka skólum, jafnvel áður en barnaprófi er lokið, og það hlýtur að verða gert ráð fyrir sérkennurum til slíkrar kennslu. Nú er gert ráð fyrir í frv., að nemendur séu í skyldunámsskóla til 16 ára aldurs, en það yrði þá væntanlega í 4—5 ár, sem þörf er á sérgreinakennurum á þessu stigi. Þess vegna held ég, að það sé ofmælt hjá hæstv. ráðh., að bekkjakennararnir eða bekkjakennslan teljist það almenna á þessu 9 ára skólastigi.

Mér virðist hæstv. ráðh. vera farinn að ruglast dálítið í þjóðfélagslegum hugtökum. Ég hef heyrt það í viðtölum, sem hann hefur átt við útvarpið undanfarið, að hann á orðið mjög erfitt með að gera greinarmun á hægri og vinstri í stjórnmálum. Nú heyrist mér, að hann sé í þann veginn að lenda í sömu erfiðleikum, að því er varðar hugtökin íhald og frjálslyndi. Ég veit hvernig á því stendur. Ég dreg þessa ályktun af því m. a., að við, hv. 3. þm. Norðurl. v., Björn Pálsson, og ég, tókum, að því er mér virtist, nokkuð svipaða afstöðu til ýmissa atriða í því frv., sem hæstv. ráðh. flytur, að því leyti sem við tókum afstöðu, en afstöðu annars okkar kallar hæstv. ráðh. íhald og hina frjálslyndi, og sýnir þetta sömu örðugleikana hjá hæstv. ráðh., að því er hugtökin varðar.

Ég held, að það sé ekki hægt að halda því fram, að þegar verið er að tala um háskóla og stúdentspróf, þá sé verið að tala um eitthvert nútímafyrirbrigði í menntamálum. Stúdentsmenntun og stúdentspróf eru ekkert nútímafyrirbrigði — ekki háskólar heldur. Þetta eru margra alda gömul fyrirbrigði. Þau eru a. m. k. ekki yngri en frá ofanverðum miðöldum. En í ýmsum nútímahugmyndum kemur það hins vegar fram, að þetta kerfi sé ekki að öllu leyti við hæfi nýrra tíma, og eitt af því, sem ég var að reyna að fræðast um af hæstv. ráðh., voru skoðanir hans á nútímalegum kenningum í þessum efnum, hvort hann hefði hugleitt þær og hvað hann áliti um þær. Hann kallaði þetta líka íhald. Ég get nú ekki annað séð en það sé a. m. k. ekki frjálslyndi, sem hæstv. ráðh. og aðrir, sem kunna að vera sama sinnis og hann, halda hér fast fram, að ekki skuli leyfa fólki að kenna börnum að draga til stafs, nema það hafi eftir skyldunámið lokið 7 ára námi í æðri skólum, þ. á m. þremur árum í háskóla. Mér finnst þetta ekki vera frjálslyndi; mér finnst þetta þvert á móti vera einstrengingslegt.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég hef ekkert í þessum umr. minnzt á hið ömurlega ástand húsnæðismála Kennaraskóla Íslands, en ég tek undir það, sem hér hefur verið sagt af ýmsum hv. þm., að það, held ég, hefði verið mest aðkallandi og brýnasta viðfangsefni menntamálastjórnarinnar að taka á því máli fyrir löngu, áður en í slíkt óefni er komið, sem komið er varðandi það. Sannleikurinn er sá, að það hefur verið svo fjarri því á undanförnum árum, að Kennaraskóli Íslands hafi haft nokkur ytri skilyrði til þess að sinna sínum brýnustu skyldum við sína nemendur sökum húsnæðismálaöngþveitisins.

Ég held, að það hafi ekki verið neitt yfir mark skotið, þegar ég tók tvær till., sem lágu hér fyrir hv. Alþ. í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna. Önnur till. mælti með því alveg sérstaklega, að einna brýnustu verkefnin, sem þyrfti að leysa og yrði að leysa, væru húsnæðismál kennaraskólans annars vegar og hins vegar húsnæðismál sjúklinganna á geðveikrahælinu á Kleppi. Það var hnittið hjá nemendum kennaraskólans, þegar þeir sendu hv. þm. jólakort, um það leyti sem var verið að afgreiða fjárlögin, og þar var snilldarlega teiknuð mynd af aðalhúsi kennaraskólans og myndir af ungmennum uppi á þaki og út úr öllum gluggum, og allt var krökkt og iðandi af fólki innan og utan og út úr þessari teiknuðu byggingu. Þetta var ákaflega hógvær og hnittin áminning til Alþ. um hið óleysta verkefni í sambandi við húsnæðismál Kennaraskóla Íslands, en það hefur ekki enn þá fengið áheyrn þrátt fyrir þessa undirstrikun nemendanna. Hitt verð ég að segja, að þó að þarna séu mjög lamaðir möguleikar hinna færari manna, sem enn starfa við kennaraskólann, til þess að láta starf sitt koma að gagni, þá er það ískyggilegast, að menntmrn. bókstaflega bregzt þeim mikla fjölda ungmenna, sem leitar náms í stofnuninni, með því að ytri skilyrði gera þeim ómögulegt að fá þá menntun, sem þeim er þar ætluð. Hvaða vit er t. d. í því að kenna ungmennum sálarfræði í hálfbyggðum sal og ætla þeim að hlusta þar — á þriðja hundrað manns — á fyrirlestra í sálarfræði og uppeldisfræði? Það er auðvitað engin kennsluaðstaða. Og þannig er um margt. Námið gat ekki komizt í gang í Kennaraskóla Íslands, fyrr en langt var á námstímann liðið, sökum húsnæðisskorts á s. l. hausti. Það var enginn möguleiki að koma kennslunni fyrir. Þetta hefði verið miklu brýnna verkefni en að lyfta allri kennaramenntuninni á næstu árum á háskólastig; það er ég alveg sannfærður um. En svo að ég víki að hinu dæminu, sem ég tók. Ég bið hæstv. ríkisstj. að hugsa um það á daginn og hugsa um það á nóttunni líka, hversu óforsvaranlegt er að láta sjúkt fólk vera í gömlum timburhjalli hérna inni á Kleppi. Það er ábyrgðarlaus ríkisstj., sem lætur daga, vikur og mánuði líða svo að taka ekki á því verkefni.

Hv. þm. Magnús Kjartansson vék einhverju að mér af vinsemd eins og fyrri daginn. Þetta er góður vinur minn, 6. þm. Reykv., og taldi, að ég hefði

staðnað og gerði mér ekki grein fyrir þeim menntunarkröfum, sem samtíðin gerði. Það er alltaf þannig hjá þessum hv. þm. Hann fylgir bezt straumi tímans. Hann fylgist alltaf bezt með. Hann getur brugðið öllum öðrum um vanþekkingu og náttúrlega íhaldssemi miðað við hann sjálfan. Ráðh. fær sínar sneiðar ekkert síður en við hinir þm., og hann veit alltaf allt bezt. Hann er mestur verkalýðsmálafrömuður á Íslandi, þó að hann hafi aldrei í verkalýðsfélag komið, og hann veit mest um kennslumál, þó að hann hafi ekki lokið sínu embættisprófi. Ég óska honum til hamingju með hans snilli. Það er ekkert við því að gera annað. Við verðum að játa okkur alveg mát gagnvart honum, þó að hæstv. ráðh. væri hér að enda við að segja, að honum hefði tekizt að segja það heimskulegasta, sem hefði verið sagt á Alþ. um nokkurra ára bil, skildist mér. Útrætt um það.

Ég geri mér alveg fulla grein fyrir því, að stúdentsmenntun er nú að verða ámóta almenn í þjóðfélagi okkar eins og gagnfræðapróf fyrir nokkrum árum. En samt sem áður er það svo, að það er ekki öllu borgið í íslenzkum menningar- og menntamálum, þó að hver unglingur á Íslandi taki stúdentspróf. Stúdentspróf er engin heilög kýr í sambandi við menntun. Það er enn þá langt í land með það, að það verði talin brýn nauðsyn fyrir þá, sem ætla að helga sig aðalatvinnuvegi þjóðarinnar, sjómennsku, fiskiðnaði, vinnu í verksmiðjum þjóðfélagsins og annars staðar á vettvangi lífsins á fjöldamörgum þýðingarmiklum sviðum, að þeir hafi stúdentspróf. Það verður ekki á alveg næstu árum, að það verði heimtað af þeim öllum, og ég er ekkert viss um, að það sé nauðsynlegt. En ég hef undirstrikað það margoft, að það er mikið skarð fyrir skildi í okkar menntakerfi, að það er ekki séð fyrir hinni praktísku þekkingu og menntun, sem hið daglega líf heimtar og hin þýðingarmiklu störf þess fólks, sem sinnir því praktíska, ættu skilið. Og það er áreiðanlegt, að ef betur væri fyrir þeim hliðum menntunarinnar séð, þá væri það í mörgum tilfellum stúdentsprófi betra.

Ég vék að því í fyrri ræðu minni, að væntanlega yrði framkvæmdin sú á löggjöfinni um Kennaraháskóla Íslands, að stökkið yrði ekki svo stórt, að ekkert yrði þar óbrúað, og ég vil aðeins víkja að því örfáum orðum. Ég vil vænta þess, að framkvæmdin verði slík, að réttindi þeirra kennara, sem nú eru við nám í Kennaraskóla Íslands, verði tryggð, þegar hið nýja kerfi verður komið til framkvæmda, og þeir verði þá ekki taldir nein olnbogabörn þeirrar stéttar og ekki neinn annars eða þriðja „klassa" lýður, þó að þeir hafi orðið að útskrifast, meðan kennaraskólinn var kennaraskóli, en ekki kennaraháskóli. Ég vona, að þarna verði ekki neitt tómarúm og réttindi þess fólks, sem hefur gengið í Kennaraskóla Íslands fram á þennan dag, og þess fólks, sem nú er í skólanum og lýkur fullgildu prófi, verði að fullu tryggð. En ég er ákaflega hræddur um, að það verði í reynd vitnað til þess, að kennararnir, sem komi úr Kennaraháskóla Íslands, hafi kostað meira til síns náms og eigi að njóta meiri réttinda, a. m. k. að njóta hærri launakjara, og þeim, sem ekki séu háskólagengnir, verði þá ætlað að standa undir kennaraþörfinni úti um byggðir landsins.

Það mætti segja mér það, því að ég óttast það, sem hv. 2. þm. Norðurl. v. sagði hér áðan, að það kunni að fara svo, að eins og nú er læknaskortur og hörgull á prestum í þjónustustörfum úti um land, þá kynni að verða kennaraskortur, eftir að háskólaprófið væri orðinn löggildingarstimpill á kennaranum. Þetta óttast ég. Og ég held, að það sé full ástæða til þess að vera við því búinn, að hv. þm. Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v., því miður hafi þarna rétt fyrir sér. Ég óttast þetta líka. En í sambandi við réttindi kennara vil ég segja það, að ég tel það alveg fráleitt að láta koma eftir þetta frv. — og alveg aðskilið frá því — frv. um réttindi kennara. Það á vitanlega að vera þáttur í þessu sama frv. um réttindi kennaranna, eins og þau verða, þegar hið nýja kerfi tekur til starfa. Og það er ómissandi þáttur í þessari lagasetningu um réttindi kennaranna.

Hæstv. ráðh. varð við þeirri ósk minni að skýra orðið skor og taldi það ófyrirgefanlega fáfræði að þekkja ekki þetta nýyrði. En ég játa þetta alveg kinnroðalaust á mig. Mér dugir ekki sú menntun, sem ég hef. Ég hef af engri háskólamenntun að státa. Mér dugir ekki aldarfjórðungsseta á Alþ. til þess að þekkja þetta orð og ekki 20 ára kennarareynsla og skólastjórastarf. Ég þekki ekki þetta orð í þessari merkingu, skor og skorarstjóri og það allt saman; það var mér hebreska. En til þess eru ráðh., að þeir viti eitthvað meira en almúginn, og þá er að fara í þessa smiðju og fá skýringu á þessu, því að frv. skýrði það ekki.

Ég spurði líka um, hvað í þessu fælist, sem kemur fram í 10. gr. um leiðsagnar- og starfsþjálfunarskylduna næstu 2 ár, eftir að kennari hefur lokið kennaraprófi frá Kennaraháskóla Íslands. Og nú hefur hæstv. menntmrh. sagt, að þessi leiðsögn og starfsþjálfun eigi að fara fram á fyrstu tveimur starfsárum kennarans, þegar hann er kominn út í kennslu og er farinn að starfa, og þá er hann ekki talinn eftir allt saman fullgildur kennari, fyrr en hann hefur notið leiðsagnar og starfsþjálfunar allt að tveimur árum. Það hlýtur þá að eiga að verða skylda eldri kennaranna við skólann, kannske kennaranna frá Kennaraskóla Íslands, að annast þessa starfsþjálfun og leiðsögn, leiðbeina háskólamönnunum, þegar þeir koma og byrja að kenna. Þessi starfsþjálfun hlýtur að fara fram í skólunum í starfi; það sagði menntmrh. Og þannig verður þetta nú. Ég hefði nú haldið, að það hefði verið ástæða til að breyta III. lið 6. gr., þar sem segir, að 12 vikur á þremur árum eigi að verða starfsþjálfun, verkleg þjálfun á þriggja ára námstímanum, þ. e. einar 4 vikur á ári í Kennaraháskóla Íslands í verklegri þjálfun, kennsluæfingum. Það er allt of lítið. Það er enginn vafi á því, og ég held, að það væri ástæða til þess a. m. k. að tvö- eða þrefalda

það, að það væru 12 vikur á vetri, sem þeir ættu að sinna starfsþjálfun, kennsluæfingum undir leiðsögn hinna færu kennara, sem verða í kennaraembættunum við Kennaraháskóla Íslands.

Það hefur komið í ljós, enda óséð í frv. um réttindi kennara, að kennararéttindin koma úr þremur áttum. Þau eiga að koma frá Kennaraháskóla Íslands, þau eiga að koma frá Háskóla Íslands í vissum greinum og þau eiga að koma frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands, eða a. m. k. er látið líklega um, að þaðan eigi sumir kennarar að fá sín réttindi. Ég held, að það sé stofnað til óþarflega mikils glundroða, að því er þetta snertir og sennilega margt fleira, og ég tel, að hæstv. menntmn. fái ærið að starfa við að kanna þessi nýmæli, sem í frv. þessu felast, og leggja mat á það, hvort þau séu öll til mikilla bóta. En um það efast ég fastlega, og a. m. k. að öllu óbreyttu mundi ég ekki ljá þessu frv. atkv. mitt.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. neitt, sem heitir. Ég sé enga ástæðu til þess að fara að keppa við hv. þm. Hannibal Valdimarsson í persónulegum spjótalögum. Ég held, að við bætum okkur hvorugur á því og það séu engin tilefni til þess heldur. Ég benti aðeins á það í ræðu minni hér áðan, að hv. þm. virtist ekki gera sér grein fyrir þeim miklu breytingum, sem orðið hafa, þegar hann heldur, að hann geti lagt eitthvað til mála um menntunarvandamál núna með því að rifja upp sögur af sjálfum sér, þegar hann byrjaði að kenna smábörnum fyrir næstum því hálfri öld. Þetta er mikil fjarstæða að ímynda sér, að málin standi þannig. Þau gera það ekki. Það er að verða mjög almenn þróun í þjóðfélaginu, að menn fái langa skólagöngu, sem jafngildi stúdentsmenntun, á æ fleiri sviðum, og þetta mun einnig eiga við um þætti eins og sjómennsku og fiskiðnað, vegna þess að vinnan á þeim sviðum er orðin ákaflega sérfræðileg líka, og það þarf sannarlega að tryggja, að að þeim málum sé hægt að vinna í fullu samræmi við nútímatækni og nútímavísindi, og þessi vinnubrögð þarf allur almenningur að læra. Þetta þurfum við að gera okkur fullkomlega ljóst. Og við skulum ekki lifa í neinni fortíð, hvað þetta snertir.

Ég bað hæstv. ráðh. að færa rök fyrir ýmsum álitamálum í sambandi við þetta frv. um Kennaraháskóla Íslands. Hann taldi, að það væri ekki í sínum verkahring að gera það. Hann sagði, að menntmn. gæti aflað sér þeirrar vitneskju. Nú skal ég sízt hafa neitt á móti því, að menntmn. vinni dyggilega að þessu máli; ég skal gjarnan standa að því fyrir mitt leyti. Hins vegar er það skylda hæstv. ráðh. að fylgja málum þannig úr hlaði, að hann geri þm. grein fyrir því, hvers vegna hann ákveður eitt, en ekki annað. Og það hefði ekki átt að vera ofverk hæstv. ráðh. að gera þetta, þ. e. ef hann hefur kynnt sér þetta mál eins vel og hann vill vera láta. En af tali hans hér í þessum umr. hef ég ástæðu til þess að ætla, að svo sé því miður ekki.

Ég vil vekja athygli á alveg sérstakri vanstillingu hæstv. ráðh. í sambandi við mjög eðlilega gagnrýni, sem ég hef borið fram um aðstöðu þeirra kennara, sem útskrifazt hafa úr Kennaraskóla Íslands, í sambandi við þetta nýja kerfi. Ég hef bent á það, að þarna er verið að stofna háskóla, sem einvörðungu á að fjalla um kennslumál, en inngönguskilyrði í þann skóla eru slík, að starfandi kennarar, sem útskrifaðir eru úr kennaraskólanum, geta ekki gengið í þennan kennaraháskóla, þó að þeir vilji bæta við sig á einhverju sviði. Þetta er auðvitað algerlega fráleitt, og það hlýtur hæstv. ráðh. að skilja. Og ætli það sé ekki einmitt það, að hæstv. ráðh. skilur, að þarna hefur hann gert sig sekan um alvarlega skyssu, sem veldur því, að hann kemur hér dag eftir dag með alls konar fúkyrði um kölkun mína og heimsku mína og ég hafi látið upp úr mér heimskulegri ummæli en heyrzt hafi á þingi árum saman? Svona tala menn ekki, nema þegar þeir eru miður sín. (Gripið fram í.) Já, frá upphafi vega kannske. Svona tala menn ekki, nema þeir séu miður sín. En það er algerlega óhjákvæmilegt að taka inn í þetta frv., áður en það verður að lögum, ákvæði, sem tryggja rétt þeirra kennara, sem útskrifazt hafa úr Kennaraskóla Íslands. Þetta þarf að taka í lög. Mér er fullkunnugt um þessi námskeið, sem hæstv. ráðh. var að tala um, en það er allt annað. Í þessum lögum verða að vera ákvæði um það, að þessir kennarar hafi rétt til að stunda nám í skólanum, eins og þeir telja sig hafa áhuga á, og enn fremur, að þeir geti bætt við það nám, sem þeir hafa núna, og notið út á það fullra réttinda. Þetta þarf að standa í lögum. Og sú till., sem ég hef gert grein fyrir í almennum orðum um það efni, er fullkomlega eðlileg og engin ástæða til að rjúka upp dag eftir dag með fúkyrðatal af því tilefni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 44. fundi í Nd., 8. febr., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 15. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 308, n. 491, 492).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Menntmn. hefur fjallað ítarlega um frv. um Kennaraháskóla Íslands og ætlað sér til þess nokkurn tíma eftir því, sem kostur hefur verið á, en hins vegar hefur verið lögð mikil áherzla á það, að málið yrði afgreitt nú á þessu þingi. Fyrir menntmn. liggja einnig tvö önnur mjög veigamikil frv. um skólamál, annað um skólakerfi og hitt um grunnskóla, en þau tvö frv. verða látin bíða og verða ekki afgreidd á þessu þingi. Menntmn. hefur

rætt oftar en einu sinni við höfunda frv. og þá sérfræðinga, sem þeir höfðu sér til aðstoðar, við fulltrúa kennaranema og fleiri aðila, og aflað sér margvíslegra gagna. N. gerir sér ljóst, að hér er um mjög veigamiklar breytingar á íslenzkum skólamálum að ræða, þegar að lögum verður. Kennaramenntun verður færð á háskólastig, og mun það leiða til þess, að í framtíðinni hafi allir íslenzkukennarar a. m. k. þriggja ára háskólanám að baki. Það er nú ljóst, að eftir fá ár muni 30% af hverjum árgangi ljúka stúdentsprófi eða jafngildi þess. Er rétt að leggja áherzlu á orðin jafngildi stúdentsprófs, því að augljóst er, að sú menntun, sem þar um ræðir, komi til með að verða mun fjölbreyttari á næstu árum og getur þá heitið öðrum nöfnum en stúdentspróf, þó að hún eigi að leiða til inngönguheimildar í Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands. Þegar nú 25—30% af hverjum árgangi hafa fengið svo mikla menntun, sem segja má, að vissa sé fyrir, að verði innan fárra ára, þá hlýtur að verða óumdeilanlegt, að þjóðin á að velja kennara sína úr þeim þriðjungnum, en ekki úr hinum tveimur þriðjungunum, sem koma til með að hafa ýmist lakari menntun eða aðrar tegundir af menntun, og á ég þar t. d. við verklega menntun ýmiss konar, sem getur verið jafnumfangsmikil og þýðingarmikil, þó að á öðru sviði sé.

Ýmsar veigamiklar spurningar komu fram varðandi frv. þetta þegar við 1. umr., og hafa þær allar verið ræddar ítarlega í meðferð menntmn. Ég vil í fyrsta lagi nefna þá spurningu, hvort kennaraháskóli skuli vera sjálfstæð stofnun eða deild í Háskóla Íslands. Menntmn. hefur fallizt á þá skipan, sem frv. gerir ráð fyrir, að skólinn verði sjálfstæður, að hann byggi á þeim grunni og þeirri hefð, sem Kennaraskóli Íslands hefur skapað sér í löngu og farsælu starfi. Þá má og benda á, að Háskóli Íslands er nú á miklu vaxtarskeiði og þarf að taka mjög á öllu sínu til þess að komast farsællega yfir það. Hins vegar er það mjög vel ljóst, að samstarf á milli þessara tveggja háskóla verður að vera bæði náið og einlægt.

Þá hefur verið mjög rætt um þá spurningu, hvort flutningur kennaranáms á háskólastig muni ekki auka erfiðleika dreifbýlis til að fá kennara til starfa. Ekki er hægt að halda niðri menntunarkröfum neinnar stéttar í þeirri von, að það dragi fólk til hinna strjálbýlli héraða. Og ekki má ætla þeim héruðum minni hlut en öðrum, hvað snertir menntun sinna starfsmanna. Vanda þeirra verður því að leysa á öðru sviði, bæði hvað snertir kennara og þó ekki síður lækna og aðra sérlærða menn.

Ljóst er, að ekki er hægt að sjá fyrir eða leysa öll vandamál, sem fram kunna að koma við breytingu kennaranámsins í háskólanám. Má þar t. d. nefna ýmiss konar sérkennslu, t. d. í handavinnu, íþróttum og tónlist. Hefur menntmn. valið þann kost að leggja til breytingu við 1. gr., sem ætti að létta lausn þessa vandamáls. Þá skapast við breytinguna ýmis vandamál varðandi þá nemendur, sem þegar stunda kennaranám samkvæmt gildandi lögum. Verður að leggja ríka áherzlu á, að þeim verði gefinn kostur á öllu því, sem innganga í Kennaraskóla Íslands veitti þeim fyrirheit um, svo og að gefa verður öllum kennurum, sem hafa próf eftir eldri lögum, tækifæri til að bæta við sig námi og taka próf eftir hinum nýju. Hefur menntmn. flutt nokkrar brtt., sem eiga að tryggja þetta eftir föngum. Þá var í frv. gert ráð fyrir, að eftir próf í sjálfum kennaraháskólanum muni taka við þjálfun í starfi í tvö ár og þar á eftir embættispróf. N. leggur til, að nýjum kennurum verði að loknu sjálfu háskólanáminu veitt þjálfun og leiðsögn í eitt ár, án þess að gerðar verði frekari kröfur til þeirra um próf. Í frv. er kafli um rannsóknarstofnun uppeldismála, sem ætlunin er, að báðir háskólarnir standi svo til jöfnum höndum að. Þegar þessi kafli kemur til framkvæmda eða áður en hann kemur til framkvæmda, verður að fella niður ákvæðin í háskólalögunum um slíkar rannsóknarstofnanir, en þau ákvæði hafa enn ekki komið til framkvæmda. Einnig er rétt að geta þess til skýringar, að skólarannsóknadeild menntmrn. er ekki rannsóknarstofnun í sama skilningi og það, sem hér er talað um, heldur er hún nauðsynlegur þáttur í starfi rn. við ýmsa öflun upplýsinga, tillögugerð og ekki síst við framkvæmd á ýmsum nýjungum.

Ég mun nú fara yfir brtt. á þskj. 492, sem menntmn. stendur að, enda þótt tveir nm. skrifi undir með fyrirvara. Í 1. gr. er svo að orði komizt, að heimilt skuli að hafa samstarf á milli Kennaraháskóla Íslands og háskólans, en n. leggur til, að þarna verði notað orðið skylt. Ætti það að vera augljóst og ekki þurfa frekari skýringa við. Þá ræddi n. allmikið um stöðu ýmissar sérkennslu, en eins og nú standa sakir, þá fá kennarar í sérgreinum eins og handíðum, listum, tónlist og öðru slíku menntun sína í öðrum skólum en kennaraskólanum. Leggur n. til, að við 1. lið verði því bætt, að kennaraháskólinn skuli og hafa hliðstætt samstarf við aðra skóla, er mennta kennara í sérgreinum, og skuli heimilt að setja um það reglugerð. Með þessu er ætlunin að opna leiðina til þess, að náið samstarf geti verið milli Kennaraháskóla Íslands og slíkra sérskóla, þannig að aðstaða sérskólanna verði hagnýtt að fullu, en ekki þurfi að koma upp deildum við kennaraháskólann, sem að öllu leyti jafngildi því, sem þegar er til í sérskólunum. Loks er orðunum skólarannsóknadeild menntmrn. breytt í menntmrn., því að ekki er talið rétt að vísa í lögum til einstakra deilda rn.

Við 2. gr. eru tvær brtt., sem hvorug getur kallazt efnismikil. N. þykir ástæðulaust að tala um fræðslustjóra í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi og svo fræðslustjóra utan þess svæðis, heldur vill tala um fræðslustjóra í einu lagi, hvar sem þeir eru búsettir og starfandi á landinu. Þá hefur n. að vísu gleypt hrátt allmikið af latneskum embættisheitum frá Háskóla Íslands, sem segja má, að hafi unnið sér nokkra hefð, og gerir það fyrst og fremst til þess, að enginn munur verði á kennurum við kennaraháskólann og háskólann, svo að hvorugur geti frá

hinum dregið, en um orðið konrektor hefur n. viljað gera breytingu og taka upp orðið aðstoðarrektor í staðinn, og kemur það fyrir á nokkrum stöðum.

Í 4. gr. er fjallað um inntökuskilyrði í Kennaraháskóla Íslands. Ástæða er til þess að leggja á það ríka áherzlu, að nú er ekki lengur stúdentsprófið eitt talið vera lykill að háskóla, heldur getur þar ýmislegt annað komið til greina. Í 3. till., a-lið, hefur n. lagt til, að 1. og 2. liður verði settir saman í einn lið, en að öðru leyti yrði þar ekki um efnisbreytingu að ræða. Þá er lagt til, að það komi nýr 2. liður, sem orðist svo:

„Þeir, sem lokið hafa kennaraprófi eða framhaldsnámi frá Kennaraskóla Íslands, geta, ef þeir æskja þess, bætt við sig námi í kennaraháskólanum og lokið þaðan embættisprófi, þegar hann hefur tekið til starfa að fullu. Tilhögun námsins og hve miklu þarf við að auka fer eftir reglugerð, sem setja skal að fengnum till. skólastjórnar."

Það mun hafa verið ætlun allra aðstandenda þessa máls frá upphafi, að kennarar með hið eldra próf hefðu tækifæri til að halda áfram námi við kennaraháskólann, en með því að setja þennan lið þarna inn í er tekinn af allur hugsanlegur efi í þeim efnum.

Samkvæmt 9. gr. var ekki gert ráð fyrir því, að prófdómarar þyrftu að vera við öll próf í kennaraháskólanum, þó að hægt væri að óska eftir því. Það var álit manna í menntmn., að ekki væri rétt að afnema prófdómara, og hefur hún breytt greininni að því leyti. Vil ég þó taka fram, að hér er aðeins átt við próf, sem kalla má lokapróf til kennaraprófs, en ekki við önnur minni próf inn á milli. Rétt er þó að gera sér grein fyrir, að hér er um allmikinn kostnaðarlið að ræða.

Í 10. gr. er fjallað um þjálfun í starfi, eftir að námi í sjálfum Kennaraháskóla Íslands lýkur, og má heita, að það sé ein mesta breytingin, sem n. leggur til. N. leggur sem sé til, að hin skipulega þjálfun í starfi, er taki við, eftir að námi í kennaraháskólanum sjálfum lýkur, skuli vera eitt ár, en ekki tvö, og fellt skuli niður, að taka þurfi sérstakt embættispróf kennara að þeim tveimur árum loknum, eins og frv. felur í sér að vissu leyti — það sé ekki þriggja ára háskólanám, sem gert sé ráð fyrir til að fá kennararéttindi, heldur 5 ára nám, þegar tvö viðbótarár eru talin með. Ákvæði um þjálfun í starfi verður áfram í gr., til þess að hún gangi eins langt og sú fyrri, þannig að síðar verður auðvelt, ef mönnum sýnist og reynslan gefur tilefni til þess, að bæta þar einhverju við.

Í 11. gr. er fjallað um kennara við háskólann og talað um svo og svo marga prófessora og dósenta og talið upp, í hvaða greinum þeir skuli vera. Menntmn. þykir óþarft, að slík upptalning sé í lögunum, en hins vegar er að sjálfsögðu óhjákvæmilegt, að það sé fram tekið, hversu margir kennarar séu leyfðir af Alþ. hálfu. Þetta getur haft nokkra þýðingu í sambandi við samstarf kennaraháskólans við Háskóla Íslands og jafnvel aðra skóla, og er því rétt, að skólinn og yfirvöld hans, menntmrn., hafi að nokkru leyti frjálsar hendur um það, í hvaða greinum þeir kennarar verða, sem lögin heimila.

Í 12. gr. er fjallað um það, hvernig skipa skuli í kennarastöður, og er þar tekið upp gamalt kerfi, sem enn þá er við Háskóla Íslands og er í stuttu máli þannig, að þar verður vart skipað í a. m. k. dósents- eða prófessorsstöður, að ekki sé sett saman alveg sérstök þriggja manna dómnefnd, sem eigi að fjalla um það, hvort viðkomandi umsækjendur séu hæfir eða ekki. Það mun vera mjög almenn skoðun, að þetta kerfi sé þungt í vöfum og að mörgu leyti orðið úrelt. Menntmn. leggur til, að það verði tekið úr lögunum um kennaraháskólann, en í stað þess komi skólaráð kennaraháskólans. Skólaráðið er tæplega 10 manna ráð, skipað rektor og yfirkennurum skólans, og þar eiga sæti þrír nemendur, og ætti það að vera feikinóg, að þetta skólaráð fjalli um hæfni umsækjenda og veiti umsagnir um þá.

Við 13. gr. er ekki veigamikil breyting. Hún er í 8 tölul., b-lið, og er sú, að í allmargar stöður, sem óhjákvæmilega verða við þennan skóla og í sjálfu sér er ekkert nýtt í sambandi við, þá skuli rektor ráða og setja og skipa starfsmenn, en ekki ráðherrann. Það, sem í þessu felst, er það, að það er kannske kominn tími til þess, að við förum að hlífa ráðherrum landsins við því að standa í umstangi út af því, hverjir eigi að vera dyraverðir við einstaka skóla, en við vitum þó af reynslu, að slík mál geta verið allfyrirferðarmikil, og er engin ástæða til annars en rétt yfirvöld í þeirri stofnun fái að ráða þeim hlutum sjálf.

Loks er svo 9. till., en þar er um að ræða tvö ákvæði til bráðabirgða. Annað er um það, að kennaraháskólinn skuli starfrækja menntadeild og framhaldsdeild samkvæmt lögum um Kennaraskóla Íslands frá 1963, og er þetta ákvæði orðrétt til komið, eins og nemendasamtök óskuðu eftir því, en þau eiga þar mestra hagsmuna að gæta. Þá er lagt til, að í 4. lið 24. gr., þar sem annars er talað um forgangsrétt núverandi kennara að embættum við hinn nýja skóla, verði að setja ákvæði um, að við stofnun Kennaraháskóla Íslands skuli dómnefnd, skipuð tveimur mönnum tilnefndum af Háskóla Íslands og einum af menntmrh., dæma um hæfni umsækjenda um prófessors- og dósentsstöður. Þetta er óhjákvæmilegt, vegna þess að við stofnun skólans er skólaráð ekki til. En strax og skólanum hefur verið komið á laggirnar, verður slíkt skólaráð til og getur þá tekið við meðferð á umsóknum um þessi störf.

Menntmn. hefur hér gert till. um þó nokkrar breytingar við frv. um kennaraháskóla, og vænti ég, að í öllum meginatriðum sé samkomulag í n. um að mæla með því, að frv. þetta gangi fram á þessu þingi með þessum breytingum. Þó hafa ýmsir nefndarmenn, einstakir nm., eins og svo oft áður fyrirvara um afstöðu til frekari brtt., er fram kunna að koma.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 63. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Nd., 18. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 492,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 492,2 samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 492,3 samþ. með 23 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
5.—8. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 492,4 samþ. með 23 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 492,5 samþ. með 23 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 492,6 samþ. með 22 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 492,7 samþ. með 22 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 492,8 samþ. með 24 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
14.—23. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 492,9 samþ. með 26 shlj. atkv.
24. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
25. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 577, 578).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Menntmn. hefur á þskj. 578 gert þrjár viðbótarbrtt. við lögin. Fyrsta till. er um það, að einn af undirliðunum, sem fjalla um inntökuskilyrði, skuli hljóða svo:

„Nemandi skal eigi haldinn neinum kvilla, er öðrum geti að meini orðið og hamli skólavist að dómi skólastjórnar.“

N. taldi, að fyrra orðalag á þessu væri öllu verra en þetta, en vill vanda það sem bezt, því að þetta geta oft verið mjög viðkvæm mál, sem skólastjórn mundi þurfa að úrskurða. En stórmál er þetta ekki.

Önnur till. er um það, að á eftir orðunum „12 vikur“ í III. lið 6. gr. komi orðin: „hið minnsta“. Hér er um töluvert efnisatriði að ræða. Eftir því sem höfundar frv. skýra frá, þá er ein mesta breytingin, sem gerð er í því, sú, að raunhæf kennsla, þ. e. æfingakennsla nemenda, er aukin til mikilla muna og henni ætlaðar 12 vikur. Samt sem áður hefur ýmsum mönnum bæði innan menntmn. og utan þótt sem 12 vikna æfingakennsla væri það allra minnsta hugsanlega og þyrfti raunverulega að verða meiri. Form. n., sem samdi frv., skýrði hins vegar svo frá, að erfitt væri að auka þann tíma, sem samkv. l. á að nota til æfingakennslu, án þess að um leið þurfi að skerða eitthvað af öðru námi. Þess vegna varð niðurstaðan sú að setja í l., að æfingakennslan skuli vera 12 vikur hið minnsta, og þýðir þetta í raun og veru, að skólastjórninni verða gefnir þarna möguleikar til breytinga, ef hún sér sér fært að gera einhverjar tilfærslur í náminu, en í þessari gr., 6. gr., er í mjög stórum dráttum gerð grein fyrir því, hvernig nám nemenda við kennaraháskólann á að skiptast á höfuðsviðum.

Þriðja brtt. er leiðrétting og þarf ekki frekari skýringa.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég var ekki viðstaddur 2. umr. þessa máls og átti því þess ekki kost að gera grein fyrir því, hvers vegna ég hef skrifað undir nál. með fyrirvara. En mér þykir þeir fyrirvarar, sem ég er með í kollinum í sambandi við þetta mál, vera þess eðlis, að ég vildi gjarnan gera grein fyrir þeim, áður en þetta mál verður afgreitt.

Eins og ég sagði hér við 1. umr. málsins, þá er ég þeirrar skoðunar, að það sé rétt stefna og raunar óhjákvæmileg að færa kennaranámið yfir á háskólastig. Hins vegar lét ég það í ljós þegar við 1. umr., að mig skorti rök fyrir því, að það væri nauðsynlegt að hafa tvo háskóla í landinu í stað þess að hafa hann einn. Og ég bað um röksemdirnar fyrir því, hvers vegna væri stofnaður sérstakur háskóli til kennaranáms, en ekki ný deild í Háskóla Íslands. Hæstv. menntmrh. sagðist nú ekki telja ástæðu til þess að fara að þylja öll þau rök upp hér í þingsalnum, en hann hét því, að n. skyldi fá fullnægjandi vitneskju um þetta mál. Ég spurðist fyrir um þetta innan n. líka á fundi, þar sem höfundar frv. voru mættir, og þau svör, sem þeir gáfu, voru engan veginn fullnægjandi að minni hyggju. Þar kom fram, að kennaraskólinn væri gömul menntastofnun og merk og það væri ánægjulegt að viðhalda gamalli hefð í sambandi við hana, en hvað sem um hefð má segja, þá eru þetta nú fremur tilfinningarök en raunverulegar röksemdir, að því er mér finnst. Og í annan stað var því haldið fram, að kennsluhættir við Háskóla Íslands væru aðrir en tíðkaðist í kennaraskólum og þess vegna væri erfitt að taka upp sérstaka deild til kennaramenntunar í Háskóla Íslands, en ekki fæ ég heldur séð, að þessi rök séu sterk. Auðvitað er hægt að breyta námstilhögun í einstökum deildum háskólans, eins og mönnum sýnist. En það, sem vakti fyrir mér og efasemdir mínar spruttu af, voru ekki atriði eins og þessi, heldur hitt, hvort væri hagkvæmara og á hvern hátt okkur nýttust betur kennslukraftar og önnur aðstaða.

Við þurfum að minnast þess og það ævinlega, að við erum ákaflega lítið þjóðfélag og við verðum að nýta krafta okkar eins hagkvæmlega og við getum. Við getum ekki haft sama hátt á á öllum sviðum, eins og stærri þjóðfélög gera. Við verðum að reyna að tryggja það, að við höfum sem mest gagn af kennslu menntaðra manna á Íslandi og öll menntunaraðstaða sé nýtt á sem hagkvæmastan

hátt. Það, sem mér fyndist skera úr um þetta atriði, er það, hvort það er ódýrara og hagkvæmara og árangursríkara fyrir þjóðfélagið að hafa tvo skóla eða hafa einn. En þetta hefur alls ekki verið kannað, og þess vegna er þess ekki kostur á þessu stigi að gera þetta mál endanlega upp við sig. Hins vegar hef ég orðið var við það, að margir aðilar hafa tekið undir þessi sjónarmið, þ. e. að þetta séu atriði, sem verði að kanna til hlítar. Þ. á m. er sérstök nefnd, sem skipuð var af rektor Háskóla Íslands nýlega til þess að gefa umsögn um frv. til l. um Kennaraháskóla Íslands. Þessi n. skilaði ekki áliti fyrr en eftir að menntmn. Nd. var búin að ljúka sínum venjulegu störfum í sambandi við þetta frv., og mér þykir þess vegna rétt að skýra frá niðurstöðum þessarar n. háskólans. Í henni voru prófessorarnir Jóhann Hannesson formaður, Guðmundur Eggertsson, Matthías Jónasson, Þorbjörn Sigurgeirsson og Bjarni Bjarnason lektor. Og umsögn sú, sem n. samdi, er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Nefndin fagnar þeirri stefnu, sem fram kemur í frv., að efla menntun kennara á skyldunámsstigi og telur stúdentspróf hæfilegt inntökuskilyrði í kennaranám.

2. Samkv. frv. til l. um skólakerfi, 3. gr., er skyldunámsstig 9 ár, frá 7—16 ára aldri nemenda. Með þessu ákvæði er markað það aldursbil, sem kennurum frá væntanlegum kennaraháskóla er ætlað að starfa við. Sýnilegt er, að honum ber að búa nemendur sína undir að kenna mjög ungum börnum og þroskuðum unglingum. Í því sambandi er rétt að benda á, að því lengra sem hið sameiginlega skyldunám (grunnskólinn) er, því sérfræðilegri þarf kennslan að verða í undirstöðugreinum á efstu stigum þess. Á það framar öllu við í íslenzkri tungu og bókmenntum, erlendum tungum, stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði, líffræði og öðrum þeim greinum, sem eiga að mynda þekkingarlega undirstöðu að framhaldsnámi unglinganna.

3. Þessa þörf hefir kennaraháskólanefndin sýnilega haft í huga, þegar hún ákvað að tvær (eða þrjár) valgreinar gætu numið 40—50% bóklega námsins (6. gr.). Kennaraþörf hins nýja háskóla er áætluð 7 prófessorar og 9 dósentar auk lektora. Slíkur hópur lærðra manna verður ekki auðfenginn, ef framfylgja skal í raun ákvæðum 12. gr. frv. um vísindamenntun og hæfni. Í því sambandi ber að minna á mannaflaþörf Háskóla Íslands, en í Skýrslu háskólanefndar 1969 er áætlað, að fram til 1980 þurfi kennaralið hans að aukast um 250 manns, fyrir utan eðlilega endurnýjun þess kennaraliðs, sem á þessu tímabili starfar við háskólann (sbr. bls. 70). Kennarar Háskóla Íslands yrðu þá rúmlega 400 árið 1980, sem merkir til jafnaðar 25 kennara viðbót árlega árin 1971—1980.

4. Háskóli Íslands hefir átt verulegan hlut að menntun kennara handa framhaldsskólum, en mikill hluti menntaskólakennara í erlendum tungumálum, stærðfræði og raunvísindum hefir hlotið menntun sína við erlenda háskóla. Árið 1965 breytti heimspekideild námsskipan sinni í það horf, að B.A.-nám í ýmsum greinum var samræmt eftir því sem unnt var með tilliti til kennslukrafta og gert að almennu þriggja ára námi, auk uppeldis- og kennslufræða. Verkfræði- og raunvísindadeild veitir hliðstæða menntun í stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði og síðan 1968 einnig í líffræði, jarðfræði og landafræði. Þótt vitaskuld sé of snemmt að dæma um áhrif þessara breytinga að því er snertir brautskráning fullmenntaðra kennara, er vert að gefa gaum þeirri aðstöðu, sem skapazt hefir í fyrrnefndum háskóladeildum til að veita kennaraefnum í fjölmörgum greinum, sem eru meginþættir náms í framhaldsskólum, trausta og hagnýta menntun.

5. Ef kennaraefni brautskráð frá Kennaraháskóla Íslands eiga að verða fullfær til að annast kennslu í öllum námsgreinum í 7.—9. bekk grunnskóla, þurfa þau að hafa hlotið trausta, sérfræðilega kennslu í valgreinum sínum. Verður þá varla hjá því komizt, að veruleg skörun eða tvíverknaður eigi sér stað í þessum tveimur háskólum, þ. e. að í hvorum um sig kenni sérfræðingar fámennum stúdentahópi sama efni í stærðfræði, eðlisfræði, líffræði, ensku o. s. frv. Ef báðir háskólarnir hafa nægilegt starfslið og kennslutæki til þessa, dregur skörunin ekki úr menntunarárangri. Þá er þetta aðeins fjárhagslegt atriði.

6. Hagkvæmara virðist þó, bæði fjárhagslega og menntunarlega, að kennarastúdentar í kröfuhörðum greinum ættu aðgang að kennslu í báðum háskólunum, eftir því sem bezt ætti við og samkv. fyrir fram ákveðnu skipulagi. Mörg dæmi eru um slík tengsl og samstarf kennaraháskóla og almenns háskóla. Hvort sem nám er metið í hlutum, eins og 6. gr. frv. greinir, eða í námseiningum eins og gert er í l. um menntaskóla og sumum deildum Háskóla Íslands, mætti ákveða að kennarastúdentar lykju tilteknum hluta valgreina sinna og/eða öðru námi í ákveðinni deild Háskóla Íslands. Þeir menntunarmöguleikar, sem báðir háskólarnir hefðu að bjóða, myndu við þetta nýtast betur. Slík samvinna ætti að reynast kennaraháskólanum sérstaklega hagkvæm fyrstu starfsárin, meðan hann er að eflast og mótast. N. telur þó og leggur áherzlu á, að nauðsynlegt sé að ákveða um þá samvinnu og verkaskipting í lögum hvors háskóla um sig.

7. Framangreindar aths. ber að skoða sem rökstuðning við eftirfarandi lokaályktun nefndarinnar.

Þeirri stefnu ber að fagna, sem lýsir sér í frv. til l. um Kennaraháskóla Íslands, að bæta menntunarskilyrði þeirra, sem óska að búa sig undir kennarastarf. Nefndinni virðist þó, að óljóst sé kveðið á um nokkur atriði, sem verða að teljast mikilvæg fyrir tilhögun kennaramenntunar og árangur af starfi kennaraháskóla. Málið er í heild svo þýðingarmikið, að ýmis veigamikil atriði þarf að kanna betur áður en frv. er lögfest. Nefndin leggur því til, að frv. til l. um Kennaraháskóla Íslands verði tekið til endurskoðunar á þann hátt, sem hinu háa Alþ. og hæstv. menntmrh. þykir viðeigandi.“

Í þessari umsögn koma fram mjög veigamikil atriði. Það er t. d. bent á þessa staðreynd, að það muni verða mjög erfitt að finna nægilega marga hæfa menn til þess að stunda kennslu á Íslandi næstu árin bæði í Háskóla Íslands og hinum nýja kennaraháskóla og það komi upp mikil hætta á tvíverknaði, þ. e. að það sé verið að vinna sömu verkin í tveimur skólum. Og þetta er ákaflega alvarlegt mál. Og ég tel það mikinn ljóð á undirbúningi þessa máls, að þetta skyldi ekki verða kannað til fullrar hlítar, þannig að fyrir okkur lægi full vitneskja um þá valkosti, sem þarna blöstu við, og hvora leiðina frekar ætti að velja. En því miður er ekki um slíka valkosti að ræða — aðeins um almenn sjónarmið, sem koma einna skýrast fram í þessari umsögn, sem ég var að lesa hérna áðan. En þetta atriði er svo stórvægilegt, að ég er sannfærður um það, að það hlýtur að koma til endurskoðunar hér á Alþ. eftir tiltölulega stuttan tíma.

Annað atriði, sem ég minntist hér á við 1. umr., var það, að ég teldi það sjálfsagt, að nemendur í Kennaraháskóla Íslands fengju viss réttindi í Háskóla Íslands samkv. því námi, sem þeir áður stunduðu í kennaraháskólanum, ef þeir kærðu sig um. Þetta kom til umtals á fundi í menntmn., og háskólarektor tók mjög undir þetta sjónarmið og taldi sjálfsagt, að þannig yrði á málum haldið, að kennaraháskólinn yrði ekki nein blindgata að þessu leyti, heldur gætu nemendur notað það nám, sem þeir hefðu fengið þar, til þess að byggja ofan á í sjálfum háskólanum, og þetta er í sjálfu sér ágæt yfirlýsing hjá rektor háskólans, en slíkt atriði þarf að sjálfsögðu að binda í lög og þá í lög um Háskóla Íslands. En ég tel það vera mikinn ljóð á þessu frv., að ekki skyldi kannað betur en gert hefur verið þetta atriði í skipulagningu kennaranáms, þ. e. hvort hér þurfi að vera tveir háskólar eða hvort hægt hefði verið að fella saman kennaraskólann og Háskóla Íslands.

Enn annað atriði, sem er mjög augljós veila í þessu frv., er staða sérskólanna, sem stunda kennslu í sérgreinum, þ. e. Myndlista- og handíðaskóli Íslands, Tónlistarskólinn, Húsmæðrakennaraskóli Íslands og Íþróttakennaraskóli Íslands. Þarna er um að ræða skóla, sem taka að sér að mennta kennara. En eins og sú staða yrði, sem kæmi upp, eftir að við erum búnir að samþykkja þetta frv., þá yrði hluti af kennurunum á háskólastigi og annar hluti ekki á háskólastigi, þ. e. þeir, sem koma úr þessum sérgreinaskólum. Og þetta er sérstaklega ankannalegt í sambandi við handíðir vegna þess, að hluti þeirra er kenndur í myndlistaskólanum og hluti þeirra í kennaraskólanum, og eins og frv. var lagt fyrir, þá á þessi skipan að haldast, þ. e. teikni- og vefnaðarkennarar útskrifast úr Myndlista- og handíðaskóla Íslands, en handavinnukennarar úr Kennaraskóla Íslands. Þetta er að sjálfsögðu vandamál, sem hefði þurft að leysa, um leið og tekin var ákvörðun um málefni kennaraskólans. En nefndin, sem samdi frv., gafst upp á því verkefni og taldi sig ekki til þess bæra að leysa það vandamál, þannig að það er enn þá óleyst. Af okkar hálfu í n. var gengið þarna til móts við myndlistaskólann, svo að við leggjum til, að tekið verði upp, eins og menn hafa séð, ákvæði, sem svo hljóðar: „Kennaraháskólinn skal og hafa hliðstætt samstarf við aðra skóla, er mennta kennara í sérgreinum, og er heimilt að setja um það reglugerð," þ. e. hliðstætt samstarf við aðra skóla, myndlistaskólann, eins og við lögðum til, að hann yrði skuldbundinn til að hafa við Háskóla Íslands. Við hugsum okkur sem sé, að þær sérgreinar, sem þar er um að ræða, geti nemendur í kennaraháskólanum stundað í myndlistaskólanum.

En þarna er aðeins verið að opna leið af hálfu Alþ. Þarna er ekki verið að taka raunverulega ákvörðun. Og ég hefði talið ákaflega æskilegt, að gengið hefði verið miklum mun tryggilegar frá þessu atriði einnig og málefni sérskólanna hefðu verið leyst um leið og þetta aðalfrv. um Kennaraháskóla Íslands. Af þessum ástæðum skrifaði ég undir nál. með fyrirvara. Hins vegar treysti ég mér ekki til þess að flytja gagngerar brtt., t. d. um það, hvort skólinn ætti að vera í öðrum tengslum við Háskóla Íslands en þarna er gert ráð fyrir, og það stafar hreinlega af því, að mig skortir næga vitneskju, eins og ég sagði áðan. Ég hef ekki fengið næga vitneskju. Hins vegar eru vandkvæði kennaraskólans alvarleg. Þar hefur raunverulega verið neyðarástand í mörg ár, svo að það er ekki stætt á því að draga að gera nauðsynlegar ráðstafanir, ef maður heldur, að meginstefnan sé rétt. Og þá verður maður að treysta því, að þessi skipan verði tekin til nýrrar endurskoðunar eftir tiltölulega stuttan tíma.

Mig langar að minnast hér á enn eitt atriði. Við 1. umr. um þetta mál vakti ég athygli á því, að inntökuskilyrðin, sem ákveðin voru við Kennaraháskóla Íslands, voru það þröng, að þeir, sem útskrifazt höfðu úr kennaraskólanum án þess að hafa stúdentspróf, höfðu ekki heimild til þess að bæta við sig námi í hinum nýja kennaraháskóla til þess að fá aukin réttindi eða til þess að auka vitneskju sína. Ég benti á þetta hér við 1. umr. og hæstv. menntmrh. tók þetta ákaflega óstinnt upp. Hann sagði, að ég hefði orðið mér illilega til skammar með því að minnast á þetta atriði. Og hann sagði, að hugmyndir mínar um þetta efni væru fáránleg ummæli og eitt það vitlausasta, sem sagt hefði verið á þinginu, að því er mér skildist, frá upphafi Íslands byggðar. Samt fór það svo, að höfundar frv. féllust umsvifalaust á þetta sjónarmið mitt og öll menntmn. Nd. féllst á þessi atriði, sem hæstv. ráðh. taldi fáránleg og eitt það vitlausasta, sem sagt hefur verið á þinginu, og hefði ég með þessu orðið mér illilega til skammar.

Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta atriði. Þau orð, sem hæstv. ráðh. mælti hér í minn garð, hafa aðrir menn, öll n. og höfundar frv., sent heim til föðurhúsanna. Það hafa verið tekin upp í frv. mjög skýr ákvæði um það, að þeir, sem lokið hafa kennaraprófi eða framhaldsnámi frá Kennaraskóla

Íslands, geti, ef þeir æskja þess, bætt við sig námi í kennaraháskólanum og lokið þaðan embættisprófi, þegar hann hefur tekið til starfa að fullu. Tilhögun námsins og hve miklu þarf við að auka fer eftir reglugerð, sem setja skal að fengnum till. skólastjórnar. Þannig tel ég, að þetta sjálfsagða mál hafi verið leyst á mjög skynsamlegan hátt, og ég vænti þess, að hæstv. menntmrh. sé búinn að ná sér það mikið eftir þessa undarlegu reiði, sem greip hann hér við 1. umr., að hann láti sér þessi málalok vel lynda.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Þegar þetta mál fer nú loks út úr þessari hv. d., þá vildi ég aðeins láta fylgja örfá orð af minni hálfu. Ég mun þó ekki flytja neinar brtt. við frv., og ég mun greiða því atkvæði. En þótt ég á vissan hátt fagni því, að kennaramenntunin kemst á háskólastig, þá er ég þó ekki ánægður með öll ákvæði þessa frv. Ég vil þó alveg sérstaklega nefna eitt atriði í frv. Það er kennslumagnið eða sá kennslutími, sem á að fara til æfingakennslunnar í hinum nýja kennaraháskóla; það eru 12 vikur á þremur árum. Ég tel þetta fjarri öllu lagi, og það væri lágmarkið, að þessi tími væri helmingi lengri. Ég tel æfingakennsluna, hina verklegu þjálfun, svo mikils virði eða svo þýðingarmikla í öllu kennaranámi, að þar megi ekki skera við nögl sér, og þetta segi ég út frá minni eigin reynslu í kennaraskóla. Á þessu gat þó ekki fengizt rýmkun, sem hægt væri að kalla svo, þó að bætt sé við eða gert skýrara þarna orðalag, en ég held, að þetta sé mjög óheppileg ráðstöfun, og ég lýsi óánægju minni yfir þessu ákvæði frv.

Annað er það, sem ég vil nefna jafnframt. Það er, að mér þykir það með öllu óeðlilegt, að þegar kennarar hafa stundað nám í þrjú ár í menntaskóla, þrjú ár í kennaraháskóla og eitt ár til þjálfunar eða í sjö ár, þá hafa þeir engin réttindi til að kenna við nokkurn skóla á Íslandi nema skyldunámsskólana. Þetta tel ég með öllu óeðlilegt og lítt viðunandi. Ég hélt, að þessir kennarar eftir þetta nám allt hlytu þó að vera orðnir það menntaðir, að þeir gætu kennt við einhverja framhaldsskóla í landinu á eftir. En svo er nú ekki, þeir eiga engin réttindi að hafa til þess.

Að lokum er atriði, sem ég vil nefna, en snertir ekki beint þetta frv. Það er það, að ég álít, að stúdentar, sem fara í kennaraháskóla, þurfi að fá nokkra menntun þegar í menntaskóla undir kennaranámið, og því hef ég talið eðlilegt og beini því til þeirra, sem síðar kunna að fjalla um þessi mál, að í menntaskólunum verði settar á fót kennaradeildir, þar sem byrjað væri að mennta væntanlega stúdenta undir kennaranám í háskóla. Hliðstætt því, sem verið hefur, að í þeim eru stærðfræðideildir og máladeildir, þá kæmu þar kennaradeildir. Og inn í kennaraháskólann kæmu aðeins þeir stúdentar, sem hefðu lokið námi við menntaskóla í kennaradeild.

Ég skal nú ekki hafa þessi orð fleiri. Ég mun fylgja þessu frv., en ég vil gjarnan taka undir það, sem hér kom fram áðan, að það má ekki líða langur tími, þangað til þessi löggjöf verður endurskoðuð.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Um þetta frv. um kennaraháskóla hefur verið mjög mikið og ítarlega fjallað í n. þessarar hv. d. og kallaðir þar til mjög margir utanaðkomandi aðilar. Ég vildi byrja á því að minna menn á, að ég hygg, að alþm. afgreiði aldrei veigamikið mál svo, að þeir hafi ekki einhvern fyrirvara í huga sínum um það, að það kunni að reynast svo, að þessum hlutum þurfi að breyta. Og því veigameiri sem breytingarnar eru, sem við gerum með frv., því meiri ástæða er til að ætla, að það geti vafizt einhver atriði fyrir mönnum. Ég vil því biðja menn um að virða það menntmn.-mönnum til betri vegar og hreinskilni, að þeir tíunda þessi atriði, sem fyrir þeim hafa vafizt og vefjast e. t. v. enn þá, en samt sem áður vil ég biðja menn að leggja meiri áherzlu á það, sem við höfum getað orðið sammála um og jákvætt er.

Ég skil vel sterka löngun hv. 6. þm. Reykv. til að komast í einvígi við hæstv. menntmrh. og rifja upp gamlar deilur þeirra, en þeir mega ekki gera allt of mikið af því. Það, sem um var að ræða í byrjun orðaskipta þeirra á milli, voru réttindi núverandi nemenda og þeirra, sem hafa hið eldra kennarapróf. Ég hygg, að það hafi verið og sé vilji allra aðila, að þeir, sem nú eru í kennaraskólanum, og þeir, sem lokið hafa kennaraprófi samkv. núgildandi lögum, eigi, þegar kerfinu verður breytt, að njóta fyllsta réttar til áframhaldandi menntunar og áframhaldandi prófa, ef þeim þóknast svo, og það, sem hefur gerzt, er það, að menntmn. hefur í samvinnu við höfunda frv. breytt ákvæðum um þetta til þess að gera þetta skýrara og ótvíræðara.

Ég get alveg tekið undir það með hv. 6. þm. Reykv., að það er mjög veigamikið mál, hvort þessi kennaraháskóli á að vera sjálfstæður háskóli eða deild úr Háskóla Íslands. Þetta mál var rætt á mörgum fundum, þ. á m. að viðstöddum rektor Háskóla Íslands, og það hafði töluverð áhrif a. m. k. á mig, þegar rektor Háskóla Íslands benti á, að sá skóli væri nú einmitt á því þroska- og vaxtarstigi, að hann mætti illa við því að taka að sér miklu fleiri verkefni en hann þegar hefði í höndum í allra næstu framtíð. Það má líka minna á það, að það var einu sinni stofnaður hér háskóli, Viðskiptaháskóli Íslands. En af því að reynslan sýndi það, eftir að sá skóli hafði starfað á háskólagrundvelli nokkurn tíma, að eðlilegra væri að sameina hann Háskóla Íslands, þá var það gert. Þarna eru viss fordæmi, sem gefa okkur ástæðu til þess að ætla, að komi í ljós síðar, að þessi ákvörðun Alþ. reynist röng — sem sé, að kennaraháskólinn skuli vera sjálfstæð stofnun, þá eru vissulega möguleikar á því að breyta því og leiðrétta það síðar.

Varðandi það, sem hv. 1. þm. Vestf. sagði, þá hefur verið lýst hér yfir, að von sé á frv. um réttindi kennara, en það sé einmitt í undirbúningi. En ég vil taka undir orð hans um það, að vonandi verði þá skýrari og betri ákvæði um réttindi kennara en nú

eru í gildi. Og ég vil einnig taka undir það, sem hann sagði, að það muni vera eðlilegt á næstu árum, eftir því sem menntaskólarnir vaxa og þeir taka upp meiri deildaskiptingu, m. ö. o. fjölbreyttari kennslu, að þar komi til skjalanna eins konar kennaradeildir, þannig að undirbúningsnám fyrir kennaraháskólann geti á vissan hátt beinlínis hafizt á einhverjum stigum í einhverjum menntaskólanna.

Ég vil að lokum leggja áherzlu á, að þau atriði, sem við höfum enn vissar efasemdir um, eru vissulega mikilvæg, en um hin stóru meginatriði þessa frv. hefur eftir ítarlega meðferð náðst þó nokkuð mikið samkomulag, sem ég met mikils og sem ég vænti, að verði til þess, að frv. verði samþ. — ekki bara í þessari d., heldur einnig í hinni d., og mál þetta verði skjótlega að veruleika. Það mun án efa þurfa að gera breytingar á þessum l., eftir að nokkur reynsla hefur fengizt, en það verður heldur ekkert einsdæmi, þegar að því kemur.

ATKVGR.

Brtt. 578 samþ. með 25 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 36. fundi í Sþ., 23. marz, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 624).

Á 72. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. kemur frá hv. Nd. og var samþ. þar við 3. umr. í gær með shlj. atkv. deildarmanna, eftir að mjög ítarleg athugun hafði farið fram á málinu í hv. menntmn. og eftir að ítarlegar umr. höfðu átt sér stað í d. um málið. Hv. menntmn. gerði nokkrar brtt. við upphaflega stjfrv., og að þeim samþykktun reyndist hv. Nd. á einu máli og samþykkti frv. með shlj. atkv., eins og ég gat um áðan.

Hér er um mjög mikilvægan lagabálk að ræða. Í frv. er gert ráð fyrir, að gerbreyting verði á námi kennara á Íslandi. Meginbreytingin er fólgin í því, að frv. gerir ráð fyrir því, að kennaramenntun sé flutt á háskólastig og að stofnaður verði Kennaraháskóli Íslands. Inntökuskilyrði í skólann eiga að vera, eins og væntanlegt nafn hans bendir til, stúdentspróf eða annað jafngilt nám, og háskólanámið á að vera þriggja ára nám, til þess að nemendur öðlist kennarapróf. Þá eru sérstök ákvæði í frv. um verklega þjálfun væntanlegra kennara, og er gert ráð fyrir því, að hún verði ekki skemmri en 12 vikur, og er það mjög mikil aukning frá því, sem undanfarið hefur verið í reynd. Þá eru bein ákvæði um það í frv., að sérhæfing í kennaranámi skuli aukin stórlega frá því, sem verið hefur, bæði með hliðsjón af kennslugreinum, aldri nemenda og sérlegri gerð þeirra. Og jafnframt er í þessu frv. fylgt þeirri meginstefnu, sem nú er uppi í skólamálum hér á landi og annars staðar, að auka valfrelsi nemendanna stórlega frá því, sem verið hefur. Í upphaflega frv. var gert ráð fyrir því, að nýliðar, sem lokið hafa kennaraprófi frá Kennaraháskóla Íslands, skuli njóta tveggja ára leiðsagnar og starfsþjálfunar, áður en þeir verði skipaðir í kennarastarfið. Hv. Nd. breytti þessu ákvæði og gerir ráð fyrir því, að menn geti hlotið full starfsréttindi, þegar þeir hafa lokið háskólaprófinu frá kennaraháskólanum, en síðan skuli þeir eiga kost á starfsþjálfun, eftir að þeir hefja starf sitt. Gert er ráð fyrir því, að skólastjórinn hljóti starfsheitið rektor og verði kjörinn til fjögurra ára í senn, eins og á sér stað um rektor háskólans, en ekki skipaður, eins og aðrir rektorar eða skólastjórar við aðra skóla, af menntmrn. Þá er gert ráð fyrir aðild nemenda að stjórn skólans og skólaráði, og er þetta einnig í samræmi við þá almennu stefnu, sem höfð hefur verið uppi í þeim frv. um skólamál, sem flutt hafa verið nú undanfarið. En fastráðnir við kennaraháskólann eiga að vera prófessorar, dósentar og lektorar auk stundakennara. Þá er ákvæði í frv. um það, að komið skuli á fót rannsóknarstofnun uppeldismála.

Það er augljóst, að náið samstarf þarf að verða á milli þessa væntanlega kennaraháskóla og Háskóla Íslands. Menntmn. Nd. þóttu ákvæðin, sem voru í upphaflega stjfrv. um þetta samstarf, ekki nógu ótvíræð, og var ákvæðinu um það breytt í samræmi við einróma till. menntmn. í því skyni að auðvelda þetta samstarf, sem án efa verður nauðsynlegt, og er sjálfsagt að tryggja það, að um tvíverknað verði ekki að ræða. Ég vil taka það sérstaklega fram vegna umr., sem fram fóru í hv. Nd., að mér er algerlega ljóst, að það atriði hefur komið mjög til álita, hvort fela ætti Háskóla Íslands háskólamenntun kennara eða hvort stofna ætti sérstakan kennaraháskóla. Hefur þetta atriði verið rætt mjög ítarlega á undanförnum árum og kannað mjög ítarlega við undirbúning þessa máls.

Mér er ljóst, að mjög margt hefði mælt með því, að stofnuð hefði verið ný deild við Háskóla Íslands og háskólanum þar með falin kennaramenntunin, fyrst hún er flutt á háskólastig. Hins vegar var það mjög eindregin till. forvígismanna kennaraháskólans og kennarasamtakanna, að hinum gamla kennaraskóla yrði breytt í kennaraháskóla og hann yrði sjálfstæð stofnun — óháð háskólanum, eins og tíðkast víða annars staðar. Og þó að ég hafi persónulega upphaflega verið þeirrar skoðunar, að ef sú ákvörðun yrði tekin að flytja kennaramenntunina á háskólastig, þá yrði eðlilegast að fela hana Háskóla Íslands og starfrækja þar sérstaka deild, sem annaðist menntun barnakennara eða væntanlegra grunnskólakennara, þá var afstaða forvígismanna kennaraskólans og kennarastéttarinnar í þessu máli svo eindregin, að ég taldi rétt að fara að svo að segja einróma till. þeirra í þessu efni. Hins vegar geri ég mér ljóst, að nauðsynlegt er að skipuleggja mjög vandlega náið samstarf þessara tveggja háskóla, ef af stofnun kennaraháskólans

verður, og mun ég gera sérstakar ráðstafanir til þess. Þá yfirlýsingu vil ég gjarnan gefa hér við 1. umr. þessa máls í tilefni af umr., sem fram fóru í Nd. um málið.

Ef þetta frv. verður að lögum, mun ég gera sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja þegar á næsta hausti vandlega undirbúið samstarf væntanlegs kennaraháskóla og Háskóla Íslands í þeim greinum, sem þegar eru kenndar í Háskóla Íslands og Háskóli Íslands hefur þjálfaða starfskrafta til að annast, en einnig er ætlunin að kenna í Kennaraháskóla Íslands. Háskólanum hefur þegar verið falið það hlutverk að mennta kennara fyrir framhaldsskólastigið í B.A.-námi sínu og hefur þegar öðlazt allmikla reynslu á því sviði. Ég tel engan hlut sjálfsagðari en þann, að náin samvinna og samstarf komist á milli B.A.-deildarinnar við háskólann, sem á að mennta framhaldsskólakennara, og væntanlegs kennaraháskóla, sem hefur það hlutverk að mennta barnakennara eða væntanlega grunnskólakennara. Hvort þetta samstarf leiðir til þess, að þessar tvær stofnanir verða sameinaðar með tíð og tíma, það er hlutur, sem ég skal engu spá um, en ég tel, að vandlega athuguðu máli, að það sé rétt að hafa í upphafi þessa stefnu, þ. e. að fela kennaramenntunina sérstakri stofnun, en tryggja með sérstakri hliðsjón af því, að kennarastéttin og núverandi kennaraskóli hefur lagt mikla áherzlu á að hafa þann hátt á, þegar í upphafi nána og skipulega samvinnu og fylgjast síðan vandlega með því, hvernig árangurinn verður og haga framtíðarráðstöfunum í samræmi við það.

Þó að hér sé um að ræða mikla lagasetningu og gagngerðar breytingar frá núverandi ástandi, þá þarf enginn að ætla, að hér sé einhver endanlegur vísdómur fundinn á öllum sviðum, og sú skipun, sem hér er tekin upp, muni eða hljóti eða eigi að standa um aldur og ævi. Þegar um mál eins og þessi er að ræða, hygg ég, að skipulagsmálin eigi að koma til endurskoðunar að jafnaði á nokkurra ára fresti og hafa þá hliðsjón af þeirri reynslu, sem fengizt hefur.

Ég vildi leggja á það mikla áherzlu, að þetta frv. yrði að lögum á þessu þingi, þannig að kennaraháskólinn gæti tekið til starfa á næsta hausti. Starfræksla hans næsta haust hefur þegar verið undirbúin mjög rækilega, svo að algerlega vandalaust er að hefja starfsemi kennaraháskóla með fullkomnum hætti þegar á næsta hausti, ef Alþ. afgreiðir málið nú á þessu þingi. Þess vegna vildi ég mjög einlæglega mælast til þess af hv. menntmn., að hún hraði afgreiðslu málsins og geri hv. Ed. kleift að ljúka því á þessu þingi.

Að svo mæltu leyfi ég mér að óska þess, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Kristján Ingólfsson: Herra forseti. Einu sinni var ort um ráðh., sem mikinn svip setti á Alþ., kvæði, sem margir kunna, og í því voru þessar línur, sem áttu að lýsa framtakssemi hans:

„Undirskriftirnar eru stundum
ekki meira en svo þornaðar."

Ýmsir munu kannast við, við hvern hér er átt. Mér dettur þetta í hug í sambandi við það, að nú hafi okkar hæstv. menntmrh. komizt spönn lengra, því að áður en undirskriftirnar verða til, er farið að undirbúa og það meira en með venjulegum undirbúningi, að því er ég bezt veit, stofnun kennaraháskóla á næsta ári.

Ég ætla ekki að þreyta hv. d. með því að fara að rekja hér sögu íslenzkrar kennaramenntunar. Þar hefur oltið á ýmsu, eins og mönnum er kunnugt, og sú menntun hefur ekki alltaf verið hátt virt með þjóðinni. En með tilkomu hins nýja kennaraskólahúss breyttist nokkuð afstaða yfirvalda menntamála — og segja má almenningsálitsins — til þessa, og þegar því fylgdi — því að þetta stóð þannig af sér — mikil aukning á ungu fólki í langskólanámi, þá þróaðist þetta þannig með byltingarkenndum hraða, að það hús, sem upphaflega var ætlað á þriðja hundrað nemendum, yfirfylltist svo, að um undanfarin ár hefur þar verið vandræðaástand þrátt fyrir það, að stofnuninni veitti forstöðu valinkunnur og góður skólamaður. Það er ekki við neinn að sakast um þetta fortíðaratriði; því er lokið. Réttara sagt, því mun vera að ljúka.

Ég geri ráð fyrir því, að hæstv. ríkisstj. hafi tryggt sér hér fylgi meiri hl. Alþ., og ég heyri það, að þetta frv. á líka fylgjendur ófáa í stjórnarandstöðuflokkunum, þannig að eflaust verður þetta að l. eftir nokkra daga. En eigi veldur sá, er varar, og þar sem ég er nú brátt á heimleið úr þessari d. og mun ekki þreyta hana meir, þá hefði mig langað til þess að minnast hér á nokkur atriði. Ég ætla þá fyrst að koma að 4. gr., sem Nd. hefur breytt frá því, sem var í hinu upprunalega frv. Þar sakna ég mjög meðal inntökuskilyrða framhaldsdeildar gagnfræðaprófs með uppeldiskjörsviði. Það er að vísu almennt ákvæði í 1. lið 4. gr. um annað nám, ef skólastjórn tekur það jafngilt og mælir með því, en menntmrn. fellst á það. Nú vitum við það hins vegar, að ekki lítill fjöldi nemenda hefur stundað nám á uppeldiskjörsviði, að því er ég bezt veit, og ég geri ráð fyrir því, að þetta fólk hafi m. a. miðað sitt val á sínum tíma við það að geta komizt í kennaraskólann. Ég hefði kosið, að þetta atriði væri alveg á hreinu; það þyrfti ekki neinar hliðarvendingar í því sambandi.

Eins og ég minntist á hér áðan, hefði ég kosið, að þetta frv. hefði fengið hægari gang í gegnum þingið og þar af leiðandi þingræðislegri meðferð. En því er nú ekki að heilsa. Það á að reka það hér áfram með hraða, og ég er því miður hræddur um, að sjálft frv. gjaldi þess. Úr því að hæstv. ráðh. er farinn hér úr d., beini ég fyrst og fremst máli mínu til hv. menntmn., sem ég veit, að í sitja ágætir og rólegir menn, sem munu athuga þetta frv. eins vel og tími þeirra leyfir.

En þegar við lítum hér á þá námsgreinaskrá, sem birtist hér í t. d. 7. gr., þá verð ég að segja það, að

mér þykir þar verða harla lítil breyting á frá því, sem verið hefur. Það má e. t. v. segja, að þetta sé undirstaða kennaranáms, en þá komum við að öðru. Er sú stofnun, sem við erum hér að stofna, það, sem við köllum háskóla? Er hún „universitet"? Eftir því sem ég bezt fæ skilið, þá er þetta það, sem við gætum á erlendu máli kallað „seminarium". Þetta er skóli, sem býr menn undir ákveðið starf í lífinu, en ekki hugsað til þess, að hann verði vísindaleg rannsóknastofnun nema að mjög litlu leyti. Til þess að sanna það mál mitt vildi ég aðeins benda á það, sem segir upphaflega í 11. gr., þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Skipa skal allt að sjö prófessora, tvo í uppeldisgreinum, einn í íslenzkum fræðum, einn í erlendum málum, einn í raungreinum, einn í félagsgreinum og einn í listgreinum."

Eftir mínum skilningi í þessu máli þá á einn prófessor í rauninni að vera prófessor á mörgum sviðum. Ég held nú, að þar sem hæstv. menntmrh. var talinn ágætur prófessor hér, áður en hann tók við menntmrh.-embætti, þá ætti hann manna bezt að skilja, að einum prófessor hlýtur að vera ætluð fyrst og fremst sú sérgrein, sem hann hefur menntun til að sinna. Prófessor í raungreinum á að sjá um eðlis- og efnafræði, stærðfræði og landafræði. Getur hann verið svo hámenntaður og fjölmenntaður á öllum þessum sviðum, að honum beri prófessorstitill og prófessorsskilyrði? Er hægt að rækja þetta starf með þeim hætti, sem við ætlumst til af prófessorum? Og nú kem ég að því, að mér finnst þess gæta nokkuð í þessu frv., að í rauninni sé breytingin á kennaranáminu sú, að með því að gera stúdentspróf að inntökuskilyrði fækkum við nemendum í húsinu, fáum betri starfsfrið og starfsmöguleika og höldum mikið til gömlu námsskránni, en til þess að gera þetta nú allt í samræmi við fínheit þjóðfélagsins þá köllum við þetta háskóla, þó að það sé ekki háskóli og köllum kennarana prófessora, dósenta, lektora og aðjúnkta. Ég get ekki að því gert, að mér finnst kenna eilítils hégómabragðs af þessu öllu saman, og ég hefði kosið, að sá skóli, sem hér áður var, hefði fengið að halda sér í sinni mynd, þó að e. t. v. hefði verið rétt að gera stúdentspróf og hliðstæðan undirbúning að inntökuskilyrði í samræmi við aðra þróun í menntamálum þjóðarinnar, þar sem stúdentsprófið er að verða álíka algengt og gagnfræðapróf var fyrir nokkrum áratugum síðan.

Ég skal ekki þreyta d. öllu meir, en áður en þessu lýkur vildi ég aðeins minnast hér á tvö atriði, sem ég hefði óskað eftir, að hv. menntmn. hefði tekið til betri athugunar. Persónulega efast ég um það, að 12 vikur séu nægjanlegur, verklegur undirbúningur, þó að það sé rétt hjá hæstv. menntmrh., að þetta sé mikil breyting til batnaðar frá því, sem verið hefur. Og ég held, að það væri rétt að athuga þetta atriði nánar. Auk þessa held ég, að það væri rétt að athuga mun betur, á hvern hátt starfandi kennurum, sem ekki hafa undirbúning, sem heitir stúdentspróf eða annað því um líkt — en þurfa á því að halda hins vegar að koma úr sínu daglega starfi til þess að endurnýja sig og til þess að kynnast nýjungum — verði gert það kleift að komast í skólann; það þarf að hafa það ögn skýrara en nú er. Ég efast ekkert um það, að það væri ágætt fyrir þá að mega fara beint inn í skólann, eins og gert er ráð fyrir þarna í frv., en ég álít, að það gæti verið mun gagnlegra fyrir þá að fá deild, sem væri sérstaklega skipulögð við þeirra hæfi.

Ég persónulega lít svo á, að frv. í megindráttum muni ekki taka miklum stakkaskiptum frá því, sem komið er. En ég álít, að enn séu á því nokkrir agnúar, sem gera muni framkvæmd þess erfiða eða réttara sagt væri full ástæða til þess að sníða af. Nokkra þeirra hef ég nefnt, og ég geri ráð fyrir því, að hv. menntmn. muni sjá bæði þá agnúa og aðra, og ég held, að það eigi að vera hægt með góðri athugun að ná þeim burtu. Úr því að hv. Nd. hefur nú sent okkur 3—4 mál aftur í höfuðið hér í Ed., þá held ég, að hún væri ekkert of góð til að fá þetta í hausinn til yfirferðar einu sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til menntmn. með 17 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 624, n. 717, 749 og 758, 718, 754).

Frsm. 1. minni hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og nál. þau, sem útbýtt hefur verið frá menntmn., bera með sér, þá hefur n. afgreitt málið — að vísu ekki orðið alveg sammála um afgreiðslu þess, en það kemur þó fram, að meiri hl. n. styður það, að málið nái fram að ganga í einhverri mynd. Nú er hér sömu sögu að segja um þetta frv. eins og ýmis önnur, sem verið hafa til afgreiðslu í háttv. d. og menntmn. hefur fjallað um síðustu daga, að sá tími, sem n. og d. raunar þá líka hafa haft til athugunar á málinu, hefur verið allt of skammur, þannig að á þessu verður meiri fljótaafgreiðsla en æskilegt væri. Ég dreg enga dul á það, þó að ég ásamt tveimur öðrum hv. nm. standi að nál. okkar á þskj. 717, að í sjálfu sér hefði ég talið mjög æskilegt, að málið yrði í heild betur undirbúið en það er. Hins vegar gerðum við okkur ljóst, að með tilliti til aðstæðna í kennaraskólanum, eins og þær eru nú, væri hætta á meira eða minna öngþveiti í málefnum skólans á komandi hausti, og töldum við það slíkan ábyrgðarhluta að taka þá afstöðu, að málinu bæri að fresta til næsta hausts, að við höfum farið þá leiðina að mæla með samþykkt frv. — að vísu með fáeinum brtt., sem ekki geta talizt mikilvægar, en ég get í örstuttu máli gert grein fyrir þeim. Þær eru á þskj. 718.

Það er í fyrsta lagi varðandi 12. gr. frv. Gert var ráð fyrir því í hinu upphaflega frv., að varðandi stöðuveitingar við kennaraháskólann yrði svipaður háttur hafður á eins og nú er við Háskóla Íslands, þ. e. að sérstök dómnefnd yrði skipuð til þess að dæma um hæfni umsækjenda og mætti engum umsækj-

anda veita embætti — þau embætti, sem þessi skipan tók til, — nema meiri hl. dómnefndar teldi viðkomandi hæfan til þess að gegna embættinu. Sú breyting var gerð á í háttv. Nd., að í stað þess, að sérstök dómnefnd yrði skipuð, þá yrði það skólaráð, sem um þetta fjallaði. Vel má vera, að það hafi ekki verið hv. menntmn. Nd. að kenna, heldur misskilningi hjá þeim, sem bjuggu þessa brtt. undir prentun, en svo illa tókst til, að ákvæði 12. gr. um dómnefndina höfðu ekki verið felld burtu, þannig að hún var óskapnaður, eins og hún hefur verið prentuð hér á þskj. 577. Þess vegna varð undir öllum kringumstæðum að breyta þessu, og menntmn. Ed. hefur litið þannig á, að rétt sé að færa þetta í sitt upprunalega form, þ. e. að það sé sérstök dómnefnd, sem um þetta fjallar, en ekki skólaráð. Mér finnst eðlilegt, að um skipan í embætti við kennaraháskólann gildi svipaðar reglur og við Háskóla Íslands. Vera má að vísu, að það mundi leiða til nokkurs sparnaðar að fela skólaráði þetta, en óeðlilegt mundi okkur þykja í Háskóla Íslands, ef sá háttur væri hafður á þar, þannig að það væri háskólaráð, sem ætti að gefa umsögn um hæfni umsækjenda. Því gæti verið svo varið, að enginn ætti sæti í háskólaráði, sem hefði skilyrði til þess að dæma um hæfni umsækjenda í einstakar stöður. Ég segi nú ekki, að þetta mundi vera alveg hliðstætt við kennaraháskólann, en mér finnst eðlilegt að hafa þarna sama hátt á. Álitamál getur verið, hvort rétt sé að gera ráð fyrir því, að þetta gildi einnig um lektorsstöður. Ég hafði nú hugsað mér að athuga það við 3. umr., hvort rétt væri að fella það niður úr heimildarákvæði 12. gr., er hún hefur verið færð í sitt upphaflega form, en n. er a. m. k. þeirrar skoðunar, að þetta eigi við prófessora og dósenta. En eins og háttv. form. menntmn. Nd. hefur bent mér á, er sá galli á þessari afgreiðslu menntmn. Ed. á þessu máli, að okkur hefur sézt yfir, að þá þarf að breyta ákvæðum til bráðabirgða í 24. gr. frv. frá því, sem nú er, þ. e. að fella niður úr þeirri gr. það, sem enn stendur þar um dómnefndina. Vil ég leyfa mér að leggja hér fram skrifl. brtt. um þetta efni og mælast til þess við hæstv. forseta, að hann leiti afbrigða fyrir henni, þar sem hún er skrifleg og of seint fram komin, en hér er í rauninni einvörðungu um leiðréttingu að ræða.

Í öðru lagi flytur menntmn. á þskj. 718 brtt. við 19. gr. frv. þess efnis, að fræðslustjóri Reykjavíkurborgar eigi sæti í stjórn Æfingaskólans við kennaraháskólann, eins og það verður kallað eftirleiðis, þar sem hér er um að ræða hluta af fræðslukerfi borgarinnar. Má telja þetta eðlilegt, og vænti ég þess, þó að það séu aðeins þrír þm., sem standa að þessu áliti, að um það sé ekki ágreiningur í n. Til álita gæti komið að breyta 22. gr. frv. til samræmis við þetta, en hún fjallar um æfingar í barna- og gagnfræðaskólum á höfuðborgarsvæðinu. Við töldum það þó ekki svo mikilvægt, að við tækjum það inn í okkar till.

Þriðja brtt., sem við flytjum, er aðeins til leiðréttingar.

Eins og ég sagði, þá tel ég, að helzt til mikill flýtir hafi verið á afgreiðslu þessa máls. Hér er vissulega um mikilvægt spor að ræða, þar sem ákvarðað er, að sú fræðsla, sem kennaraskólinn hefur veitt, verði eftirleiðis færð á háskólastig. Það er mín skoðun, að svo hljóti hvort eð er að verða í framtíðinni og raunar því betra, því fyrr sem slíkt spor er tekið, þ. e. að færa þessa fræðslu á háskólastig. En eðlilega kemur það sjónarmið til álita í þessu sambandi, hvort ekki sé þá eðlilegt, að kennaraháskólinn heyri framvegis undir háskólann annaðhvort sem sjálfstæð deild eða í tengslum við heimspekideild háskólans. Mér er kunnugt um það, að háskólinn er ekki við slíku búinn. En rétt er að vekja á því athygli þeirra hv. dm., sem kann nú að finnast, hvað sem öllu öðru líður, að slík breyting sé varla tímabær, að fordæmi er fyrir því, að stofnun hliðstæðri kennaraháskólanum hefur verið komið á fót. Það var þegar Viðskiptaháskóli Íslands var stofnaður á sínum tíma löngu fyrir stríð. Síðan var hann að vísu innlimaður í lagadeild háskólans, eins og kunnugt er, en við erum það illa settir, að við höfum aðeins þetta eina orð „háskóli“, sem nær yfir bæði „höjskole“ á Norðurlandamálum, sem eru stofnanir hliðstæðar kennaraháskólanum, og „universitet“, sem þær stofnanir eru kallaðar, sem eru hliðstæðar Háskóla Íslands. Rétt er að hafa þetta í huga.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til þess að orðlengja um þetta mál, en vil geta þess, að ég mun styðja þá brtt., sem flutt er af þeim hv. nm. á þskj. 749, þar sem kveðið er svo á, að l. skuli endurskoðuð eigi síðar en að tveimur árum liðnum frá gildistöku þeirra. Þessi till. finnst mér eðlileg, og leiðir það í rauninni þegar af því, sem ég hef sagt, að helzt til mikill flýtir hefur verið á afgreiðslu þessa máls, þannig að ég mun fyrir mitt leyti greiða þessu atkv.

Á þskj. 754 hefur hv. 5. þm. Reykn. lagt fram nokkrar brtt. Þar er lagt til, að nánari tengsl verði á milli kennaraháskólans og háskólans en í frv. felast. Ég vil síður en svo taka afstöðu gegn slíkum hugmyndum, en ekki mundi ég nú samt treystast til þess að greiða atkv. með þessum brtt., nema fyrir lægi álit og afstaða háskólamanna til þeirra. Það má vel vera, að slík afstaða mundi verða jákvæð, en tími hefur ekki gefizt til þess að vísa þessu máli til umsagnar háskólaráðs og fá fram afstöðu þess til málsins. Varðandi 2. brtt. hv. þm., en samkv. henni mundi málið ekki verða eins bundið og nú er, þá vil ég alls ekki mæla gegn þeirri till. Mér finnst, að margt mæli með henni, en eftir upplýsingum, sem ég hef fengið, mun stjórn kennaraskólans vera þessu andvíg, en slíkt verður auðvitað engan veginn bindandi fyrir hv. dm.

Flest af þessu, sem ég hef sagt, stendur í rauninni fyrir eigin reikning, þannig að þeir hv. meðnm., sem undir nál. hafa skrifað með mér, eru engan veginn bundnir af því. En ég vænti þess, hvernig sem fer með þær brtt., sem fram hafa verið lagðar, að niðurstaða málsins verði þó sú, að það verði afgreitt í þessari hv. deild.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 764) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. 2. minni hl. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Eins og þegar hefur nú fram komið, var því víðs fjarri, að menntmn. gæti sameinazt um eitt nál. Þau eru þrjú og brtt. frá fjórða nefndarhlutanum. Það gæti þá bent til þess, að í n. hefði ríkt takmörkuð hrifning af því, sem hér stendur til að gera. Ég hygg nú, að sú ályktun sé ekki fjarri lagi.

Ég stend ásamt hv. 2. þm. Austf. að nál. á þskj. 749 og vil nú leitast við að skýra afstöðu okkar. Eins og fram kemur á nefndu þskj., höfum við reynt að kynna okkur þetta mál eftir föngum. Bæði höfum við átt þess kost á fundum menntmn. að hitta einn af höfundum frv., skólastjóra kennaraskólans, og nokkra af forvígismönnum nemendasamtakanna í kennaraskólanum. Við höfum þó ekki látið sitja við þessa athugun, heldur höfum við utan þessara funda átt mörg samtöl við ýmsa menn, sem láta sig skipta þessi mál og framkvæmd þeirra varðar öðrum fremur — menn úr ýmsum kennarastéttum, barnakennara, kennara við skóla, sem ná yfir allt skyldustigið, framhaldsskólakennara og háskólakennara. Við þessa athugun höfum við látið sannfærast um það, að sú meginstefna, sem frv. boðar, sé rétt. Það er því samkv. okkar áliti rétt, að kennaramenntun sé á háskólastigi. Vaxandi fjöldi íslenzku þjóðarinnar lýkur nú stúdentsprófi eða hliðstæðu námi, og sá hluti þjóðarinnar, sem velst til að kenna ungmennum og börnum, á að vera úr þeim hópi. Þau störf eru að okkar dómi svo þýðingarmikil, að menntun til þeirra ber að vanda kannske öðrum störfum fremur.

Sú lagasetning, sem hér um ræðir, er spor í þessa átt. Síðan málið var til meðferðar í Nd. og afgreitt þaðan, hafa tvær umsagnir um það borizt, sem vert er að athuga. Önnur þeirra er frá n., sem rektor Háskóla Íslands skipaði hinn 5. f. m. til þess, eins og þar segir, „að gefa umsögn um frv. til Kennaraháskóla Íslands.“ Í n. voru fjórir prófessorar og einn lektor, og urðu þeir sammála um umsögn, sem m. a. hefur verið birt í blöðum og við nm. menntmn. Ed. höfum fengið í hendur. En niðurstaða hennar er svofelld:

„Þeirri stefnu ber að fagna, sem lýsir sér í frv. til l. um Kennaraháskóla Íslands, að bæta menntunarskilyrði þeirra, sem óska að búa sig undir kennarastarf. Nefndinni virðist þó, að óljóst sé kveðið á um nokkur atriði, sem verða að teljast mikilvæg fyrir tilhögun kennaramenntunar og árangur af starfi kennaraháskóla. Málið er í heild svo þýðingarmikið, að ýmis veigamikil atriði þarf að kanna betur, áður en frv. er lögfest. Nefndin leggur því til, að frv. til l. um Kennaraháskóla Íslands verði tekið til endurskoðunar á þann hátt, sem hinu háa Alþ. og hæstv. menntmrh. þykir viðeigandi.“

Þetta álit er dagsett 17. marz og undirskrifað, eins og ég sagði, af fjórum prófessorum og kennara eða lektor. Áður en ég ræði þetta álit nokkuð frekar, langar mig til þess að minna á álitsgerð um sama efni, sem ráðstefna Félags háskólamenntaðra kennara sendi frá sér um þetta mál þann 21. f. m., en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðstefnan fagnar þeirri meginhugsun frv., að auka þurfi menntun kennarastéttarinnar. Hins vegar telur ráðstefnan ýmis framkvæmdaatriði frv. orka tvímælis. Með tilliti til mikilvægis þessa máls þarf að kanna slík atriði nánar, áður en frv. væri lögfest. Það væri því mikið fljótræði að samþykkja frv. á því Alþ., sem nú situr, án þess að slík endurskoðun fari fram.“

Báðar þessar álitsgerðir og raunar flest þau álit, sem um málið hafa verið birt, telja, að hér sé farið inn á rétta braut, en á það bent, að vegna framkvæmdarinnar væri rétt að láta lögfestingu frv. bíða. Ég hef reynt að gera mér grein fyrir því, hvaða ákvæði það eru, sem þessir tveir hópar, annars vegar fulltrúar Háskóla Íslands og hins vegar fulltrúar Félags háskólamenntaðra kennara, hafa mestar áhyggjur af varðandi framkvæmd l., og virðist mér það vera einkum tvennt — annars vegar staða kennaranámsins í menntakerfinu og hins vegar tengsl kennaraháskólans og Háskóla Íslands, tvær vissulega mjög svo þýðingarmiklar hliðar þessa máls.

Í umsögn Háskóla Íslands eða n., sem starfaði að málinu á vegum Háskóla Íslands, er á það bent, að hagkvæmara sé bæði fjárhagslega og menntunarlega, að kennarastúdentar í greinum, þar sem miklar kröfur eru gerðar til nemenda, ættu aðgang að báðum háskólunum, og frá því skýrt, að mörg dæmi um slík tengsl og samstarf megi finna víða erlendis.

Sama hugsun kemur fram í þeirri till. Félags háskólamenntaðra kennara, að kennsla í ýmsum kennslugreinum, sem taldar eru upp í 7. gr. frv., skuli fara fram í Háskóla Íslands, ef það þyki hagkvæmara, og víða sjást merki um þessa hugsun í álitsgerðinni, sbr. brtt. við 11. gr., þar sem lagt er til, að heimilt sé að ráða kennara að hluta til starfa við Háskóla Íslands og að hluta við Kennaraháskóla Íslands. Um þessi atriði hafa nú verið fluttar brtt. af hv. 5. þm. Reykn., og mun ég kannske koma að þeim nokkrum orðum síðar í þessari ræðu. Um hitt atriðið, stöðu Kennaraháskóla Íslands og manna, sem þaðan útskrifast, í menntakerfi þjóðarinnar, er t. d. fjallað í aths. ráðstefnunnar við 5. gr., þar sem þeir gera að till. sinni, að skipuleggja skuli námið sem a. m. k. þriggja ára nám, og enn fremur í aths. um 1. gr., þar sem þeir vilja fella niður þá takmörkun, að próf frá kennaraháskólanum skuli aðeins veita réttindi til að kenna og leiðbeina ungmennum á skyldunámsstigi.

Frá því að ég leit þetta frv. fyrst augum hefur mér fundizt ósamræmi í því að stofna háskóla, sem ekki veitti hin æðstu réttindi í viðkomandi grein. Mér finnst það óeðlilegt og ekki í samræmi við þá málvenju, sem hér hefur tíðkazt. Þegar við höfum talað um háskóla, þá höfum við alltaf átt við það, sem á erlendu máli er kallað „universitet“, sem veitir

æðstu menntun í viðkomandi menntagrein. Sá háskóli, sem hér á að stofna, gerir það ekki. Samkv. ákvæðum þeim, sem ég vitnaði til í 1. gr. frv., á hann aðeins að veita réttindi til að leiðbeina og kenna ungmennum á skyldunámsstigi. Ég held því, að það sé ofureðlilegt, að þrátt fyrir þetta nafnabrengl, sem ég skal ekki gera frekar að umtalsefni, sé það eðlilegt, að þessi námsbraut sé felld inn í menntakerfið. Ég er ekki tilbúinn til að benda á heppilegustu leiðir til þess, sem til greina koma. Félag háskólamenntaðra kennara hefur fyrir sitt leyti bent á nokkur atriði, sem auka mundu þessi tengsl.

Þetta, sem hér hefur verið nefnt, mætti þá skoðast sem rökstuðningur fyrir því, að lögfestingu frv. bæri að fresta. Á hinn bóginn er það vitað, að meðal ýmissa manna í kennarastétt og líka þeirra, sem ákveðið hafa að gera kennslu að ævistarfi, er mjög mikill áhugi ríkjandi fyrir því, að breyting sú, er í frv. felst, nái sem fyrst fram að ganga og það helzt strax. Á það er einnig bent, eins og hv. frsm. 1. minni hl. kom hér að, að aðstæður allar í kennaraskólanum séu nú slíkar, að starfsemi hans í núverandi mynd geti vart haldið áfram. Því sé breytinga þörf. Við höfum heyrt einhverjar raddir um það, að loforð hæstv. menntmrh. um lagasetningu á þessu þingi sé fengið. Slíkar raddir met ég lítils, því að enn þá er það þó svo, að Alþ. setur l., þó að vera megi, að einstökum ráðh. hætti til að gleyma því stundum. En hvernig sem því er farið, þá má ætla með einum hætti eða öðrum, að ýmsar vonir hafi vaknað um úrbætur í málefnum kennaranema.

Ég skal ekki ræða hér að þessu sinni sérstaklega um ástandið í kennaraskólanum. Ég hef gert það áður hér á hv. Alþ. og endurtek það ekki, en læt aðeins duga að segja það, að við svo búið getur ekki staðið, að 950 nemendur hafist við í húsakynnum, sem eru ætluð fyrir 250 manns. Auk þess vantar alla sérkennsluaðstöðu, íþróttaaðstöðu o. s. frv., o. s. frv. — má ég segja. Það getur því ekkert hlé orðið hér á byggingaframkvæmdum, þó að nafni skólans sé breytt. Það verður að halda áfram því byggingastarfi, sem hafið var fyrir um það bil áratug, rúmum áratug, og lítið hefur miðað í seinni tíð. Og sparnaðar, held ég, að menn þurfi ekki að vænta af þessari breytingu. Nýi skólinn mun þurfa marga prófessora, dósenta og lektora auk annarra starfsmanna, og enginn vafi er á því, að hér er ráðizt í kostnaðarsamt fyrirtæki. Næga kennara þurfum við að hafa, og engin takmörk getum við viðurkennt fyrir fjölda þeirra — önnur en þörfina.

Okkur hv. 2. þm. Austf. hefur komið til hugar, að unnt sé að samræma þau tvö meginsjónarmið, sem ég hef reynt að draga hér fram og flestir hafa látið uppi á annan hvorn veginn, þegar mál þetta hefur borið á góma. Annars vegar er það sjónarmið, að auka þurfi menntun kennara og lyfta henni á hærra stig, uppfylla þannig vonir þeirra, sem horft hafa til þessarar lausnar vonaraugum, og svo sjónarmið hinna, sem enda þótt þeir játi því, að frv. horfi til bóta, telja flestir, að framkvæmdin verði misheppnuð, sé frv. samþ. óbreytt. Þess vegna er till. okkar, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., að skylt skuli að endurskoða það eigi síðar en tveimur árum eftir að lögin öðlast gildi. Við það mundi vinnast, að við þessa endurskoðun, sem margir vilja, að fari fram, væri hægt að hafa hliðsjón af þeirri reynslu, sem fengist hefði á allt að tveggja ára starfsferli hins nýja skóla. Það er vissulega ekki lítils virði. Mér finnst fullkomlega eðlilegt, að Alþ. viðurkenni, að svo viðamikil lagasetning, sem hér um ræðir, með óteljandi nýmælum og frávikum frá troðnum slóðum, þurfi ekki að vera fullkomleikinn holdi klæddur. Þvert á móti er raunar æskilegt, að slík endurskoðun fari fram — ekki bara á þessum l., heldur á fjölda annarra l., sem Alþ. afgreiðir hverju sinni og þá ekki sízt, þegar afgreiðsluhættir eru með því móti, sem nú tíðkast hér síðustu dagana og hv. form. okkar í menntmn. þessarar d. gerði svo vel grein fyrir hér áðan, og undirstrika ég hvert orð, sem hann sagði um það.

Ég vil benda á til samanburðar í þessu tilviki, að þegar Alþ. afgreiddi l. um Lífeyrissjóð bænda, var svipað ákvæði lögfest. Þar var um nýjung að ræða, sem allir voru í grundvallaratriðum sammála um, að koma þyrfti, en einnig þar greindi menn á um framkvæmdina. Þá var þessi leið valin að endurskoða lögin eftir tiltekinn tíma, lögákveða það, og ég held, að það geti verið skynsamlegt víðar. Lífeyrissjóður bænda er hið merkasta mál, ég skal fúslega viðurkenna það, og hann er fyrsta tilraun Alþ. til að skipa lífeyrissjóðsmálum manna, sem ekki eru launþegar, þannig að þeir geti notið þeirra hlunninda, sem eftirlaun úr lífeyrissjóðum veita. En einnig hér erum við að fjalla um þýðingarmikið mál, þ. e. hvernig hagað skuli menntun þeirra, sem eiga að kenna yngstu nemendunum. Þeirra starf er kannske öllu mikilvægast, því að lengi býr að fyrstu gerð.

Hv. menntmn. Nd. hafði þetta frv. alllengi til endurskoðunar og athugaði það rækilega. Árangur þeirrar athugunar eru margar og viðamiklar breyt., sem að dómi þeirra, sem ég hef rætt við um málið, eru til mikilla bóta flestar og sumar raunar alveg nauðsynlegar eins og t. d. sú breyt., sem gerð var á 4. gr. varðandi rétt þeirra, sem lokið hafa prófi frá kennaraskólanum, til þess að bæta við sig námi í kennaraháskólanum og ljúka þaðan embættisprófi, eins og segir í gr. Við yfirlestur á þessu atriði sýndist mér raunar, að heitið „embættispróf" hefði hv. Nd. fellt niður í öðru sambandi, þ. e. í sambandi við 10. gr. Ég veit ekki, hvort hér er um svo verulegt ósamræmi að ræða, að breyta þurfi; það verður nú vafalaust athugað milli umr. En hvað sem því líður, þá var nauðsynlegt að tryggja stöðu þeirra, sem lokið hafa prófi frá kennaraskólanum í sinni núverandi mynd, og tengja þá við þá menntabraut, sem hér er ákvörðuð.

Ég held, að það sé ástæða til þess að taka það fram, að ég er sammála, og ég held við í 2. minni hl. báðir, a. m. k. er ég það, þeim brtt., sem hv. frsm. 1. minni hl. var að gera hér grein fyrir, enda athug-

uðum við nm. allir þau atriði, og ég held, að við séum allir samþykkir þeim; það mun atkvgr. sýna.

Ýmsir telja, að þetta frv. hefði ekki átt að afgreiða á þessu þ., eins og ég hef áður sagt, heldur skoðast t. d. af mþn. til næsta hausts, líkt og farið verður með frv. um grunnskóla, frv. um íþróttaskóla og raunar fleiri frv. þessu skyld. Ég held einnig, að þeir, sem mest berjast fyrir framgangi þessa máls og mestra hagsmuna telja sig eiga að gæta, mundu ekki hafa þurft að sjá eftir því, þótt sú málsmeðferð hefði verið viðhöfð. En ég skil stöðuna svo, að stjórnarflokkarnir hv. hafi afráðið að knýja fram úrslit málsins nú á þessu þ., og í ljósi þess höfum við, ég og hv. 2. þm. Austf., afráðið að standa ekki í vegi fyrir því, að svo geti orðið, en viljum gera tilraun til þess að tryggja, að l. fái endurskoðun eftir hæfilegan reynslutíma, sem eftir okkar mati eru tvö skólaár. Því er brtt. á þskj. 749 flutt, og ég vona, að hv. þdm. geti sameinazt um hana, og ég sé ástæðu til þess að þakka hv. 10. þm. Reykv. fyrirhugaðan stuðning við hana.

Það eru ýmis atriði í sambandi við þetta frv., sem koma til athugunar. Því er haldið fram mjög eindregið af ýmsum þeim kennurum, sem ég hef átt tal við um þetta mál, að það sé mikill misskilningur og útbreiddur misskilningur hjá ýmsum, að það þurfi minni menntun til að kenna yngri aldursflokkunum en þeim eldri á skyldunámsstigum. Og einn skólastjóri sagði við mig, að stúdentar, sem hann hefði fengið til stundakennslu, hefðu vel getað kennt eldri árgöngunum, en þeir hefðu alls ekki getað kennt yngri árgöngunum. Þetta kann vel að vera. Ég get ekki rengt þetta. Þetta er það, sem margir skólamenn segja. En það hlýtur þó að vera annars konar undirbúningur, sem þarf, og listin að kenna mjög ungum nemendum er ekki eingöngu sú að kunna námsefnið, heldur nánast að kunna að kenna það. Og einn aðalgallinn, sem mér finnst á þessu fyrirhugaða háskólanámi, þriggja ára námi, er sá, að ekki skuli vera varið nema 12 vikum á þessum þremur árum til verklegs undirbúnings. Það finnst mér hljóta að koma til endurskoðunar, ef ekki fyrr, þá eftir tvö ár, ef till. okkar hv. 2. þm. Austf. verður samþ. Ég innti skólastjóra kennaraskólans eftir þessu, hvort hann áliti þessa kennslu nægа. Hann hafði vissar efasemdir um það, að hún væri næg, viðurkenndi það, eða ég skildi hann svo. Hann benti okkur á það, að annað nám þyrfti að taka svo mikinn tíma, að ekki yrði tími til þess að verja nema 12 vikum á þrem árum í verklegt nám. Þetta tel ég galla, og ég held, að þetta sé eitt af þeim atriðum, sem þarf að líta á.

Annað atriði, sem við höfum oft heyrt nefnt sem varhugavert við þessa breytingu, er það, að þegar allir kennarar eru orðnir háskólamenntaðir, þá muni enn þá færri fást til að kenna í hinum dreifðu byggðum en vilja þó nú gera það. Ég er ekki fyrir mitt leyti svo ákaflega hræddur við þetta. Ég held, að kennaraskortur dreifbýlis stafi ekki fyrst og fremst af því, að það séu svo fáir menn í þjóðfélaginu, sem hafi réttindi til að kenna. Ég dreg þessa ályktun af því, að í kennaraskólanum nú í vetur munu vera ámóta margir nemendur og allir kennarar í landinu eru eða rúm 900. Ég held, að það hljóti því að vera eitthvað annað, sem veldur því, að kennarar fást ekki í dreifbýlið, og það verði að leita annarra ráða til þess að fá þá þangað. Ég get vel ímyndað mér, að það, sem mestu ráði um þetta, sé starfsaðstaða, sem þeir telja ófullkomna í dreifbýlinu, og hana fái þeir betri hér í þéttbýlinu. Það má vel hugsa sér, að staðaruppbót eða launakjör gætu ráðið þarna einhverju um. Ég skal ekki fella dóm um það, en það verður auðvitað ekki til framdráttar kennaraliðinu, eða fjölgunar kennaraliðinu í landinu að hafa kennaraskóla, sem útskrifar fjölda manns, sem aldrei hafa ætlað sér að leggja kennslu fyrir sig. Ég held, að ef þessi tilhögun verður upp tekin, að háskólabraut verði stofnuð fyrir kennara, þá geti það orðið til þess og verði til þess, að þangað fari þeir fyrst og fremst, sem ætla að leggja fyrir sig kennslu, hafi áhuga á henni og vilji raunverulega læra til þess að geta orðið kennarar.

Kennaraskólinn í núverandi mynd er náttúrlega góður, en það er enginn vafi á því, að þar þarf einhverju að breyta. Ég skal ekki lengja þessar umr. frekar. Hér hefur verið útbýtt brtt. frá hv. 5. þm. Reykn., sem mér sýnist eiga að koma til móts við ályktun ráðstefnu Félags háskólamenntaðra kennara, sem áður hefur verið gerð að umtalsefni. Ég tel víst, að þetta sé til nokkurra bóta — a. m. k. til þess fallið að auka tengsl þessara tveggja háskóla. Á því tel ég fulla þörf, en minni þó á það, að sá ræðumaður, sem hér talaði síðastur og er einmitt prófessor við Háskóla Íslands, taldi nokkur tormerki á að samþykkja þessar brtt., án þess að Háskóla Íslands hefði gefizt tækifæri til þess að tjá sig um þær og láta í ljósi álit sitt um þær. Ég gæti vel ímyndað mér, ef til endurskoðunar kemur, eins og við hv. 2. þm. Austf. gerum tillögu um, að þá mundu einmitt þessi atriði vera mjög ofarlega á þeim lista, sem þar kæmi til athugunar. Ég tel það raunar alveg víst, og ég vil nú upplýsa það, að fulltrúar einmitt frá Félagi háskólamenntaðra kennara komu að máli við mig og sýndu mér þessar till. og báðu um stuðning við þær, og ég tjáði þeim, að ég mundi fremur leggja áherzlu á það, að málið í heild fengi fljótlega endurskoðun, eftir að l. hafa tekið gildi, t. d. með þeim hætti, sem hér er lagt til af okkur, og þess vegna sé ég ekki, að ég geti veitt þessum till. stuðning, þó að ég taki það fram, að ég tala hér einungis fyrir mig einan, og ég get vel ímyndað mér, að þær væru til bóta.

Þar að auki vil ég benda á, að það er ekki harkalega neglt fyrir gluggana í þessu frv. Hv. 2. þm. Austf., sem er vanur að fjalla um lagasmíð og hefur átt hlut að því lengi, benti okkur á það t. d. á fundi hv. menntmn., að það væri ekki mjög ákveðið lögfræðilegt orðalag t. d. á 6. gr., sem er svona:

„Ef námsefni Kennaraháskóla Íslands skiptist í 12 hluti og hver hlutur jafngildir um það bil 6 ársvikustundum, skulu hlutföll einstakra greina vera nálægt því, er hér segir . . .“

Þetta er nú ekki ýkja ákveðið orðalag, og segir raunar náttúrlega ekki neitt. Hvað á að gera, ef námsefni í kennaraháskólanum skiptist ekki í 12 hluti? Um það segir ekki neitt. Og hv. 5. þm. Reykn. hefur tekið þetta orðalag óbreytt upp og gert svo till. til breytinga á öðrum ákvæðum í gr. Mér sýnist, að til móts við þessar kröfur sé unnt að koma án breytinga á frv.

Nei, ég skal alveg viðurkenna það hér, að þessi ákvörðun um að standa að samþykkt frv. um Kennaraháskóla Íslands hefur orðið mér nokkuð erfið, og ég hefði fremur kosið, að sami háttur hefði verið hafður á um þetta frv. og önnur þau frv. til breytinga á skólakerfi landsmanna, sem nú eru á dagskrá, samin af sömu mönnum meira og minna og í samhengi, þ. e. að þau fengju að fylgjast að. Þess var ekki kostur, og af ástæðum, sem ég hef í þessari stuttu ræðu reynt að gera grein fyrir, þá viljum við þó fremur velja þann kostinn að veita þessu máli brautargengi hér í trausti þess, að það verði fljótlega endurskoðað, en að bregða fyrir það fæti og gera þar með að engu vonir þeirra manna, sem mest hafa mænt á þessa lausn sinna mála.

Frsm. 3. minni hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Ef frv. þessu hefði verið útbýtt í dag, hefði ég litið á þetta eins og hvert annað aprílgabb. En því er nú ekki að heilsa, að hér sé spaugsemi á ferðinni, heldur virðist það vera fúlasta alvara hjá yfirmönnum fræðslumála í landinu að knýja þetta frv. um Kennaraháskóla Íslands hér í gegn og fá það samþ. sem l. frá Alþ. Ég á sæti í menntmn., sem fékk þetta frv. til umsagnar, og ég hef skilað séráliti, sem áliti 3. minni hl. n. Þetta álit er því miður enn í prentun, því hefur ekki verið útbýtt, svo að ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að hefja mál mitt á því að lesa þetta álit, sem ég hef látið fara frá mér. Það hljóðar þannig:

„Ég er andvígur þessu frv. af eftirfarandi ástæðum:

1. Með frv. er lagt til að auka mjög kröfur til menntunar barnakennara, nánar tiltekið þannig, að í stað fjögurra ára skólanáms að loknu landsprófi komi sjö ára skólanám, þar af þrjú síðustu árin í háskóla. Þetta mikla stökk, sem á sér enga hliðstæðu í skólakerfi okkar, hlyti að leiða af sér margs konar örðugleika og misræmi í framkvæmd. Menntun barnakennara á að auka á þróunargrundvelli, en ekki með stökkbreytingum. Þá verður að líta á það sem bruðl og óþarfa að nota starfskrafta háskólagenginna manna til þess að kenna börnum lestur, skrift og reikning.

2. Í frv. er kveðið á um stofnun nýs háskóla hér á landi, svonefnds Kennaraháskóla Íslands, er hafi það hlutverk að annast fullnaðarmenntun barnakennara. Fámenn þjóð eins og Íslendingar hefur ekkert með tvo háskóla að gera, a. m. k. ekki næstu áratugina. Háskóli Íslands getur með góðu móti séð um alla kennaramenntun, sem fram þarf að fara á háskólastigi hér innanlands.

3. Samþykkt frv. mundi kosta mikil fjárútlát fyrir ríkissjóð. Þessum fjármunum væri að minni hyggju betur varið til margra annarra hluta.

Ég legg til, að frv. verði fellt."

Ég vil leyfa mér að fara nokkrum frekari orðum um þau sjónarmið, sem fram koma í þessu nál. mínu, og þá er fyrst á það að líta, hvort það sé út af fyrir sig nauðsynlegt að krefjast háskólamenntunar til þess að kenna börnum. Höfundar frv. skýra frá því í grg., að með nokkrum erlendum þjóðum tíðkist þetta, og það er grg. eða frásagnir um þetta, sem fylgja með frv., en allar eru þessar frásagnir þó ákaflega óljósar, og kemur reyndar harla lítið fram um það, á hvaða aldri þau börn eða ungmenni eru, sem þarf háskólamenn til að kenna samkv. reglum erlendra þjóða. Það verður líka að líta á það, að erlendis er það víða svo, að háskólanám hefst við 18 ára aldur, þannig að háskólanám þar og hér er ekki að öllu leyti sambærilegt. Það mætti e. t. v. líta á einn til tvo síðustu bekki t. d. menntaskóla og jafnvel kennaraskóla sem háskólastig, ef borið væri saman við sum önnur lönd.

Þá þarf líka að geta þess, þegar ákveðin eru sérstök réttindi barnakennara, hvað þau eiga að ná langt. Hvað eiga þau að ná til margra árganga? Eiga þau að ná til árganganna eins og nú er, frá 7 ára upp í 15 ára aldur, eða á að hafa þetta eitthvað færri ár, þannig að það séu ekki sömu menntunarkröfur gerðar til allra kennara á skyldunámsstigi? Nú stendur einmitt fyrir dyrum að lengja ... (**Forseti:** Ég vildi biðja hv. þdm. í stigaherbergi að hafa aðeins hljóðara, svo að heyrist til ræðumanns.) Nú er þetta ... Hvar var ég nú í ræðunni? — Ég var að ræða um þau aldursstig og skyldunámsstig, sem barnakennararéttindin ættu að taka til. Nú, eins og ég sagði áðan, er á döfinni að setja ný l. um skyldunám eða svonefnda grunnskóla, sem verða að vísu ekki sett á þessu þ., þó að frv. hafi komið fram um það, heldur á að fresta því til næsta þings. Ég hefði talið það mjög skynsamleg vinnubrögð að semja ekki löggjöf um Kennaraskóla Íslands og réttindi barnakennara til kennslu, fyrr en búið væri að setja þessi nýju grunnskólalög. Mér finnst eðlilegt að byrja þar á undirstöðunni.

Það kann vel að vera, svo að dæmi sé nefnt, að það sé æskilegt, að háskólagengnir menn kenni unglingum t. d. á aldrinum frá 13—16 ára, sem væntanlega yrði hluti af skyldunáminu, þó að ekki þyrfti háskólagengna menn til að kenna börnum á aldrinum 7—13 ára. Ef svo yrði talið að vel athuguðu máli, þó að ég sé ekki sannfærður um það, að það þyrfti meiri menntun en kennaraskólinn veitir til að kenna börnum frá 7 ára aldri og upp í 13 ára eða 15 ára eða 16 ára eða hvað það yrði haft, þá álít ég, að sú menntun eigi að fara fram í Háskóla Íslands. Og ég verð að játa það, að ég minnist þess ekki sjálfur að hafa heyrt foreldra barna nokkurn tíma kvarta undan því, að kennarar, sem væru með próf frá Kennaraskóla Íslands, að þeir hefðu ekki nægа menntun til þess að kenna börnunum. Maður heyrir foreldra e. t. v. kvarta undan því, að kennararnir hafi ekki nægan aga,

þeir hafi ekki stjórn á börnunum, en ekki, að þeir hafi ekki næga menntun til þess að kenna börnunum; ég minnist þess aldrei. Og mér finnst, að í þeim efnum verði nú hv. alþm. að hlusta á fleiri en einvörðungu skólastjóra, sálfræðinga og uppeldisfræðinga, því að alla þessa sérfræðinga má ekki taka allt of hátíðlega. Það verður auðvitað að skoða þeirra niðurstöður og jafnframt heyra álit að mínu viti miklu fleiri, t. d. foreldranna. Ég hef ekki orðið var við það, að foreldrar eða fulltrúar foreldra hafi verið spurðir nokkurs álits við samningu þessa frv.; það er eins og þeim komi þetta mál ekkert við.

Með afstöðu minni er ég alls ekki að segja það neitt endanlega, að það geti ekki verið æskilegt síðar meir að auka a. m. k. menntun barnakennara í landinu, en það þarf, eins og ég segi, að skoða það mál allt saman miklu betur. Og þegar að því kemur, sem gæti vel orðið fljótlega, að auka menntun barnakennara, ef það væri að vel athuguðu máli talið nauðsynlegt, þá á ekki að gera það með slíkri stökkbreytingu, að menntunarkröfurnar aukist um þrjú ár — í stað þess að vera fjögur ár eftir landspróf séu þetta 7 ár. Slík stökkbreyting, held ég, að kunni ekki góðri lukku að stýra og muni leiða til margs konar vandræða í framkvæmd og misræmis, ef þetta frv. hér verður að l. Ég tel t. d., að það ætti að breyta l. um kennaraskólann. Það er a. m. k. hugmynd, sem mér finnst vel athugandi, að eftir fjögurra ára nám í kennaraskólanum og kennarapróf gætu þeir nemendur átt aðgang að einhverri kennaradeild í Háskóla Íslands og aflað sér þá viðbótarmenntunar og þá viðbótarréttinda líka til þess að kenna á gagnfræðastigi, ef svo vill verkast, og það gætu verið 1—2 vetur, einn, tveir eða þrír, eftir því, hvað þeir vildu afla sér mikilla réttinda, og það ætti að leggja þessa stúdentsdeild kennaraskólans niður. Kennaraskólaprófið á að veita mönnum aðgang að háskóla, og þá finnst mér litlu máli skipta, hvort við köllum þá stúdenta eða ekki. Það er ekkert aðalatriði í mínum augum.

Mér dettur t. d. í hug í sambandi við þetta frv., ef það verður að l., hvaða vandræði hljóti að leiða af því í sambandi við launakerfi ríkisins. Þá verða komnir tvenns konar barnakennarar — barnakennarar, sem hafa sömu réttindi til embætta, en hafa mjög mismunandi menntun. Annars vegar væru það barnakennarar, sem hafa sitt gamla, góða próf frá kennaraskólanum, hins vegar yrðu barnakennarar, sem hefðu þetta þriggja ára nám í þessum barnakennaraháskóla, sem frv. fjallar um. Nú er barnakennarastéttin ákaflega fjölmenn. Það mætti því búast við því, að þeir, sem hefðu lokið námi í háskóla, krefðust mjög hárra launa sem háskólagengnir menn. Þá mundu hinir barnakennararnir, sem hafa sömu réttindi, þó að þeir hafi mun minna nám, auðvitað krefjast sömu launa og háskólamennirnir og segja: Við vinnum sama starf, og við höfum sömu réttindi, þó að við höfum minni menntun. Og þarna mundu áreiðanlega rísa upp mjög alvarlegar deilur, og auk þess eins og nefnt hefur verið hér, er náttúrlega hætt við því, að þessir barnakennarar með aukamenntun, þessir barnakennarar með háskólapróf mundu sjálfsagt verða eftirsóttari, því að þeir hafa þá meiri menntun. Þeir geta orðið eftirsóttari til t. d. að starfa sem skólastjórar og annað þess konar, og ég er anzi hræddur um það, að þeir mundu nú til að byrja með, á meðan þeir væru fáir, frekar setjast að í þéttbýlinu en dreifbýlinu og það væru þá þessir meira menntuðu kennarar, sem væru þá í Reykjavík og nágrenni, en hinir fengju að vera úti á landi.

Þá vil ég víkja að öðrum þættinum í þessu nál. mínu, þar sem ég tel, að það sé algjörlega óþarft að vera hér með tvo háskóla. Það er nú þannig, að Háskóli Íslands menntar nú kennara eins og er og mun gera það þrátt fyrir samþykkt þessa frv., því að menn, sem vilja afla sér kennararéttinda eða menntunar til að kenna á framhaldsskólastigi, fara í Háskóla Íslands svo framarlega sem þeir ætla að stunda háskólanám innanlands, og þeir eiga að halda áfram að vera í Háskóla Íslands, þó að þetta frv. verði samþ. Þannig verður þessi barnakennaraháskóli bara fyrir barnakennara, en Háskóli Íslands verður fyrir aðra kennara, sem taka háskólagráðu hér innanlands, og þetta virðist mér nú sýna, að það sé enn þá minni ástæða til þess að vera að skipta þessu á milli tveggja háskóla.

Í öðru lagi get ég ekki komizt hjá því að benda á, ef á að fara að stofna hér annan háskóla á Íslandi, að það mætti nú hugsa til fleiri skóla, við skulum taka sem dæmi verzlunarskólann. Gæti ekki verzlunarskólinn komið og heimtað að verða verzlunarháskóli? Gæti ekki tækniskólinn komið og heimtað að verða tækniháskóli o. s. frv.? Yrði hægt að spyrna fótum við því, að það risu þá hér upp fleiri háskólar en tveir, ef á annað borð verður farið út á þá hættulegu braut að fjölga þeim auk þess, sem þetta kostar svo að sjálfsögðu mikla fjármuni. Það er auðvitað margs konar hagræðing að því að reka einn skóla í staðinn fyrir tvo, og í raun og veru er það svo augljóst mál, að um það þarf ekki að fara mörgum orðum. En ég vil bæta því við hér í sambandi við þessa menntun barnakennaranna og í sambandi við það, hvað mér þykir það fráleitt að gera svona róttæka breytingu skyndilega á þessum eina þætti skólakerfisins, en ekki þá samtímis á öðrum, að samkv. skólakerfi okkar nú er það þannig, að það eru margir skólar, margir sérskólar, sem taka við fljótlega, eftir að skyldunáminu lýkur. Ég get tekið sem dæmi iðnskóla, stýrimannaskóla, vélskóla, hjúkrunarskóla, hótel- og veitingaskóla o. s. frv. Þetta eru allt saman skólar, sem taka við, eftir að skyldunáminu lýkur. Mér fyndist það nú nokkuð hlálegt að gera þá kröfu til þess, að á skyldunámsstiginu öllu eigi að vera háskólagengnir menn og ekki aðrir, sem kenna börnunum, en svo þegar þeir halda áfram og fara út í þessa sérskóla, þá eru engar kröfur gerðar í lögum um, að þessir menn, sem kenna í þessum sérskólum eins og t. d. í stýrimannaskóla, vélskóla o. s. frv., hafi nein háskólaréttindi. Þar er engin þörf á þessu, og það liggja nú m. a. s. fyrir þessu þingi frv. um ýmsa þessa skóla,

sem er verið að gera dálitlar breytingar á, en þar er hvergi minnzt á það, að það þurfi háskólagengna menn til að kenna þessu fólki, eftir að það kemur lengra, og það sýnir nú eitt með öðru, hvaða misræmi kemur hér í skólakerfið, ef þetta frv. yrði samþykkt.

Í þessu frv. felst í raun og veru meira en það, að það sé verið að stofna sérstakan háskóla, því að eftir frv. á þarna að vera sérstök rannsóknarstofnun fyrir uppeldismál. Nú fara auðvitað fram slíkar rannsóknir í Háskóla Íslands, og það fara fram einhvers konar rannsóknir í Skólarannsóknum, sem framkvæmdar eru hjá menntmrn. En þarna virðist eiga að koma þriðja stofnunin. Þessi háskóli á að vera sérstök rannsóknarstofnun fyrir uppeldismál með miklu og fríðu starfsliði og margs konar vísindalegu hlutverki. Ég sé ekki annað en þetta sé í raun og veru hreinn óþarfi, og í reynd séu það aðrar stofnanir, sem um þetta eigi að fjalla og geti sinnt þessu og leyst þessi mál af hendi. Í raun og veru er ekki hægt að komast hjá því að segja, að þetta frv. er upp fyllt með margs konar „snobbi" og tildri. Það eru talin hér upp fjöldamörg embætti og stöður, jafnvel miklu fjölbreyttari en í sjálfum háskólanum. Fyrir utan rektor, prófessora, dósenta og lektora eru aðjúnktar og skorarstjóri, svo er konrektor, sem reyndar er nú búið að breyta um nafn á í Nd., bókavörður, námsráðunautar, æfingastjóri, húsvörður, tækjavörður og fulltrúar, gjaldkeri og fullt af slíku fólki, og þetta er þó bara það, sem er við kennslustofnunina. Svo er sjálfsagt annað eins, sem á að vera við hina vísindalegu rannsóknarstofnun. Það virðist því sem höfundar þessa frv. hafi ætlað að gera þessa stofnun þegar í upphafi að markaðstorgi hégómans.

Þá gefur það auga leið, að samþykkt þessa frv. mundi auðvitað leiða af sér mjög aukin útgjöld fyrir hið opinbera eða fyrir ríkissjóð. Að vísu má í þeim efnum ekki horfa á skólann einan, því að kannske fækkar nemendum við skólann og þriggja ára skóli kemur í staðinn fyrir fjögurra ára skóla. En allir þessir nemendur, sem kæmu í barnakennaraháskólann, yrðu áður að hafa lokið stúdentsprófi, og það þýddi auðvitað mikla fjölgun í menntaskólum og kröfur um nýjan menntaskóla, þannig að það verður alltaf að kosta þetta fólk til náms, þó að það verði ekki lengur í nafni kennaraskólans. Ég held, að þetta yrði mjög dýrt allt saman — mjög kostnaðarsamt — að byggja svona skóla og slíka rannsóknarstöð, og ég tel, að sumt af þessu sé meira og minna óþarft. Þarna yrði stofnað til fjölda nýrra embætta og annað eftir því, og ég játa það alveg hreinskilnislega, að ég tel, að öllum þeim fjármunum, sem mundu fara í þetta, væri betur varið til annars og jafnvel væru þeir betur komnir í vösum skattborgaranna en verja þeim til slíkra hluta.

En ég endurtek svo þá till. mína, að þetta frv. verði fellt.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Það má nú raunar til sanns vegar færa, að enda þótt ég hafi ekki skilað sérstöku nál., þá geti ég talizt 4. minni hl. í þessu máli, þar sem ég hef ekki skrifað undir hin minnihlutaálitin og flyt nokkrar brtt. við frv. Að hv. menntmn. þessarar virðulegu d. hefur í rauninni klofnað í fjóra hluta um þetta mál, sýnir að mínu viti tvennt: Annars vegar það, að menn hafa býsna mismunandi hugmyndir um það frv. og ágæti þess frv., sem verið er að fjalla um, og hins vegar, að ýmsir eru fremur vantrúaðir á, að þar hafi allt verið skoðað nægilega vel niður í kjölinn, áður en frv. var flutt. En þetta sýnir einnig hitt að mínu viti, að nú á hinum síðustu dögum þingsins í öllu annríkinu veitist þn. ekki það tóm til að gaumgæfa mikils háttar mál, sem nauðsynlegt er, og ég geri fastlega ráð fyrir því, að ef við hefðum haft í menntmn. nokkru rýmri tíma til þess að fjalla um þetta mál, þá hefðu nál. orðið færri en raun varð á, en eins og ég sagði, þá var hér um að ræða verulegan skort á tíma til þess að fjalla um svo mikilsverð mál, eins og þetta raunar er. Ég reyndi eftir föngum að fylgjast með meðferð málsins í n., og ég held, að ég hafi setið flesta eða alla fundi n., sem um málið fjölluðu, nema lokafundinn. Þá stóð þannig á, eins og ekki er óalgengt nú síðustu dagana, að ég var boðaður á tvo nefndarfundi hér í nefndum þessarar virðulegu d. á sama tíma, þar sem annars vegar var menntmn. og hins vegar sjútvn. þessarar d., og þarna varð ég að velja á milli andlegheitanna í menntmn. og efnishyggjunnar í sjútvn., og það fór nú þannig í þetta skiptið, að þá varð efnishyggjan fyrir valinu. Þess vegna er það, að ég hef ekki skilað sérstöku nál., en ætla með fáum orðum að lýsa afstöðu minni til þessa frv.

Ég er samþykkur þeirri meginhugsun frv., að það sé orðið tímabært og æskilegt að auka menntun kennara. Ég met mikils áhuga kennarastéttarinnar, en mér virðist a. m. k. verulegur hluti hennar hafa áhuga á því að gera veg hins gamla og góða kennaraskóla sem mestan og efla með aukinni menntun stöðu kennarastéttarinnar í landinu. Þetta tel ég eðlilegt og æskilegt og er þeirri meginhugsun fylgjandi. Aftur á móti tel ég, að ástæða hefði verið til þess að athuga miklu rækilegar en gert hefur verið, hvort það hafi verið rétta leiðin að taka þetta stóra stökk nú og ákveða, að allt kennaranám skuli fært upp á háskólastig í einu vetfangi. Og þó tel ég alveg sérstaklega, að ekki hafi verið færð fyrir því nein viðhlítandi eða fullgild rök, hvers vegna rétt var þá að stofna nýjan kennaraháskóla, en ekki að fara hina leiðina, sem margir hafa bent á, að efla heldur þá deild við Háskóla Íslands, sem veitir kennaraefnum menntun. Ég get ekki séð, að enn þá hafi í rauninni komið fram fullgild rök fyrir því að fara þessa leið, en það er hins vegar rétt, sem fram hefur komið, m. a. hjá hv. form. menntmn. og frsm. 1. minni hl., að fordæmi eru að vísu fyrir því, a. m. k. eitt, að sérstakur háskóli hafi verið stofnaður, viðskiptaháskóli, sem síðar eftir mjög skamman tíma þótti rétt og eðlilegt að sameina Háskóla Íslands, og ég spái því nú, að sú

geti einnig orðið þróunin í þessu efni. Og mér þætti ekki ólíklegt, að reynslan sýndi það, að það væri ekki aðeins á ýmsan hátt ódýrara, heldur einnig á marga lund heppilegra, og kæmi m. a. í veg fyrir það, sem gæti verið óneitanlega nokkur hætta á og mér sýnist, að sum ákvæði frv. bjóði heim, þ. e. þeirri hættu, að kennaraháskólinn verði í sumum efnum eins konar annars flokks háskóli og ekki e. t. v. að öllu leyti sambærilegur við Háskóla Íslands eða þá deild Háskóla Íslands, sem veitir kennaraefnum menntun.

Ég get vissulega tekið undir það, sem þegar hefur verið lögð rík áherzla á af ræðumönnum hér á undan, að það hefði margt mælt með því, að þetta frv. hefði verið látið bíða, afgreiðsla á þessu hefði verið látin bíða og ekki knúin fram nú, heldur hefði málið verið athugað áfram til næsta þings og á næsta þingi og þá í sérstökum tengslum við þau skólamálafrv. önnur og þá alveg sérstaklega grunnskólafrv., sem þetta snertir óneitanlega á marga lund. Og ef tóm hefði gefizt til að kanna þetta mál nánar, þá hefði og verið ástæða til að athuga, hvert verður samband — eða tengsl — hins fyrirhugaða kennaraháskóla við þá skóla aðra, sem útskrifa kennaraefni — útskrifa væntanlega kennara á ýmsum sérsviðum. Þar á ég ekki fyrst og fremst við Háskóla Íslands, þó að hann útskrifi kennara til að kenna á gagnfræðastigi m. a., heldur á ég þar ekki sízt við Myndlista- og handíðaskóla Íslands, við Íþróttakennaraskóla Íslands og aðra skóla, sem undirbúa menn undir kennslu á sérsviðum. Þá hefði og verið að mínu viti ástæða til að taka til sérstakrar athugunar í sambandi við kennaraskóla eða skólamál þeirra skóla allra, sem koma til með að mennta kennara, hvar sé fyrirhugað, að væntanlegir kennarar við iðnskóla landsins hljóti sína menntun. Það er ekki lítið atriði, og ég fæ ekki séð, að að því máli hafi verið hugað á fullnægjandi hátt. Þar er vissulega um að ræða sérhæfða kennslu að sumu leyti, en að öðru leyti að vísu er þar um að ræða kennslu í almennum greinum. Ég hygg, að þetta sé eitt af mörgu, sem hefði verið ástæða til að huga nánar að, ef tóm hefði gefizt til.

Hins vegar er það rétt, sem fram hefur komið, að svo lítur út, sem til hreinna vandræða horfi, ef þetta mál verður stöðvað nú, þar sem ég veit ekki betur en þegar jafnvel fyrir alllöngu síðan hafi allur undirbúningur undir kennaranám á næstunni verið við það miðaður, að þetta frv. næði fram að ganga. Það er að vísu ástæða til að spyrja, hvort rétt sé af Alþ. að láta að vissu leyti beygja sig á þann hátt, að ráðh. ásamt skólayfirvöldum taki þá ákvörðun að miða allt við það, að væntanlegt frv. nái fram að ganga, en þó hlýtur það að sjálfsögðu að hafa nokkur áhrif á afstöðu manna, þegar svo er komið, að stöðvun frv. kann að valda verulegri röskun og jafnvel öngþveiti við skólahald svo mikilvægs skóla, sem kennaraskólinn óneitanlega er.

Ég hef ekki sízt af þessum sökum tekið þá ákvörðun að nokkuð vandlega íhuguðu máli að fylgja þessu frv., en gera þó tilraun til þess að fá þar fram nokkrar breytingar, sem nær allar miða að því að auka tengsl kennaraháskólans og Háskóla Íslands og reyna eftir því, sem hægt er með lagasetningu, að koma í veg fyrir það, að svo fari, sem mér þykir nokkur hætta á, að litið verði á kennaraháskólann sem nokkurs konar 2. flokks háskóla og námið þar verði ekki að öllu leyti sambærilegt við jafnlangt nám í Háskóla Íslands. Þetta tel ég ástæðu til að reyna að forðast frá upphafi, og m. a. með það fyrir augum eru till. mínar á þskj. 754 fluttar. Þó er fyrsta till. nokkuð annars eðlis. Hún er við 3. gr. frv., og er þar lagt til, að 2. og 3. tölul. þeirrar gr., sem fjallar um nemendaráð, falli niður. En þessir tveir liðir hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta: „2. Um kosningar í nemendaráð og framkvæmd þeirra skal ákveðið í reglugerð.“ „3. Nemendaráð setur sér reglur um skipan, starfssvið og starfshætti. Skulu þær háðar samþykki meiri hluta nemenda í leynilegri atkvæðagreiðslu.“

Ástæðan til þess, að ég legg til, að þessi tvö ákvæði um nemendaráð verði felld niður, er í stuttu máli sú, að ég tel það óeðlilegt og á engan hátt í samræmi við nútímalýðræðishugmyndir í skólamálum, að í löggjöf um kennaraskólann séu sett ákvæði um það, hvernig kosningar í nemendaráð og framkvæmd þeirra skuli fara fram. Ég hygg, að það sé á allan hátt eðlilegra, að um þetta fjalli nemendur sjálfir og setji sér um þetta sínar eigin reglur, en ekki utanaðkomandi aðili, því að ég get ekki skilið annað en sú reglugerð, sem hér er talað um, verði þá sett af menntmrn. Sama gildi raunar um 3. atriðið. Það liggur í augum uppi, að ef þetta yrði fellt niður, þá setur nemendaráð sér sjálft reglur, og ég tel óþarfa, að það standi í l., að þær skuli háðar samþykki meiri hluta nemenda í leynilegri atkvæðagreiðslu.

2. brtt. mín er við 6. gr., en að sumu leyti má segja, að hún sé einna veigamest af þessum brtt. Í stuttu máli fjallar hún um það að rígbinda ekki kennsluna eins mikið og gert virðist með ákvæðum 6. gr., eins og hún er nú, þannig að það séu auknir möguleikar til þess að haga henni eftir því, sem reynslan sýnir, að heppilegast sé, og eftir því, sem nauðsyn krefur, þegar farið er að kenna eftir þessum reglum. Ég held — og á það bendir sú grg., sem allir hv. þm. hafa fengið frá ráðstefnu þeirri, sem Félag háskólamenntaðra kennara hélt um þetta mál — að það sé algerlega rétt ábending hjá þeirri ráðstefnu, að þarna sé um of rígskorðað og ekki gert ráð fyrir fleiri möguleikum, sem þó þurfi að vera fyrir hendi eftir því m. a., hvaða aldursstigi væntanlegir kennarar koma til með að kenna. Það er enginn efi á því, að hér í þéttbýlinu verður nokkur verkaskipting. Það þarf vafalaust nokkuð annað nám til þess að kenna 7—8 ára börnum, svo að dæmi sé tekið, og á hinn bóginn 13—15 ára unglingum. Í síðara tilfellinu verður það vafalaust svo, að kennaraefni telja heppilegt að sérhæfa sig sem fagkennara í ákveðnum greinum, og mögu-

leikar til þess, tel ég, að þurfi að vera í frv., en hér í þessari gr. eins og raunar víða í þessu frv. finnst mér, að óþarflega margt sé með tekið inn í lagafrv., óþarflega mikið rígskorðað af því, sem ætti að vera í reglugerð og ætti að vera auðvelt að breyta eftir því, sem reynslan sýnir, að bezt verði, þegar fram líða stundir. Enn má segja, að þeir kennarar, sem hugsa sér að kenna við litla skóla úti á landsbyggðinni, þurfi e. t. v. nokkuð annars konar nám og meira alhliða en síðasti hluti námsins er, sem hentar aftur betur þeim, sem gera jafnvel frekast ráð fyrir því að sérhæfa sig sem fagkennara við stóra skóla í þéttbýli. Þetta atriði eins og raunar fleira í frv. hefði verið eðlilegast að hafa nokkuð minna rígbundið og ákveða það með reglugerð. En þessi brtt. gerir þetta dálítið rýmra, svo að léttara er að breyta til í náminu á síðari stigum þess en ráð er gert fyrir með ákvæðum frv., eins og það liggur nú fyrir.

3. brtt. mín fjallar um það, að kennsla í tilteknum kennslugreinum, sem þegar eru kenndar við Háskóla Íslands, megi fara fram í Háskóla Íslands, ef það þykir hagkvæmara.

4. brtt. mín við 8. gr. fjallar um það, að inn komi í frv. ný gr., sem á að gera þeim mönnum, sem hafa tekið lokapróf frá Kennaraháskóla Íslands, kleift að stunda nám við Háskóla Íslands til þess að ljúka þaðan B.A.- eða B.S.-prófi og námið frá kennaraháskólanum verði metið sem ákveðinn hluti þessa náms, B.A.- eða B.S.-náms við háskólann, eftir ákvæðum, sem reglugerð setti um það efni. Þetta er einnig atriði, sem Félag háskólamenntaðra kennara hefur lagt áherzlu á í sínum till., og ég sé ekki betur en það sé á allan hátt eðlilegt og æskilegt, að þeir, sem lokið hafa prófi frá kennaraháskólanum, eigi þess kost, að þeir þurfi skemmri tíma til framhaldsnáms til B.A.-prófs og B.S.-prófs við Háskóla Íslands, ef þeir hyggjast ná þeim prófum og auka þar með möguleika sína til þess að kenna við gagnfræðaskóla og æðri skóla.

5. brtt. mín er við 9. gr., og það má segja, að þar sé um að ræða nokkuð almennt orðalag, en þar segir svo: „Gerðar skulu svipaðar kröfur til nemenda og um námsefni í Kennaraháskóla og gerðar eru til nemenda í Háskóla Íslands í jafnlöngu námi.“ Með þessu er í rauninni fyrst og fremst reynt að undirstrika það, að hér þurfi frá upphafi að reyna að hafa sem mest jafnræði á m. a. til þess að auka möguleikana á samstarfi þessara tveggja skóla og ekki síður hinu að koma í veg fyrir það, að litið yrði með réttu eða röngu á kennaraháskólann sem 2. flokks háskóla á einn eða annan hátt.

6. og síðasta brtt. mín við 11. gr. er enn um aukin tengsl milli kennaraháskóla og Háskóla Íslands, þar sem lagt er til, að heimilt sé að ráða kennara að hluta til starfa við Háskóla Íslands og að hluta við Kennaraháskóla Íslands. Það er svo með þessar till., að vitanlega hefði verið æskilegt að hafa lengri tíma til þess að fjalla um þær í menntmn., og þá alveg sérstaklega, þar sem þær snerta Háskóla Íslands margar hverjar, hefði verið æskilegt að ræða þær við háskólayfirvöld. Það hef ég að vísu ekki gert, en hins vegar orðað till. allar þannig, að þarna eru möguleikar opnaðir. Háskólinn er hvergi skyldaður til eins eða neins, en aðeins er um heimildarákvæði að ræða og um það talað, að þannig megi koma hlutunum fyrir, ef það þætti hagkvæmara. Hér er því ekki um neina þvingun að ræða í garð Háskóla Íslands, en opnað fyrir þeim möguleikum, að um aukið samstarf þessara tveggja háskóla verði að ræða, meðan þeir eru tveir, en ekki einn, eins og ég gæti trúað, að yrði nú framtíðarþróunin.

Ég skal nú láta þessum orðum mínum lokið, en vil þó aðeins áður en ég hverf héðan úr ræðustólnum, minnast á þær brtt. aðrar, sem hér eru fram komnar. Brtt. þær, sem hv. 1. minni hl. menntmn. flytur, eru að mínum dómi allar til bóta, og ég er þeim fylgjandi og tel alveg sérstaklega, að 1. brtt., tölul. a og b, sé eðlileg breyting og sjálfsögð. Ég mun einnig fylgja þeirri brtt., sem hv. 2. minni hl. menntmn. leggur hér fram, þ. e. að það skuli sett inn í 25. gr. l., að þessi nýju lög um kennaraháskóla skuli endurskoðuð eigi síðar en að tveimur árum liðnum frá gildistöku þeirra. Ég tel þetta eðlilegt af þeim ástæðum, sem ég hef þegar sagt, að strax og nokkur reynsla væri komin á þessa nýju skipan, yrði það lögum samkv. skylt að endurskoða l. í ljósi hinnar fengnu reynslu og breyta þá því, sem í ljós hefur komið, að æskilegt og nauðsynlegt sé að breyta eða betur megi fara.

Að svo mæltu vil ég vænta þess, að hv. d. taki til athugunar þær ábendingar, sem ég hef nú gert í sambandi við brtt. á þskj. 754, og geti eftir atvikum fallizt á, að þær séu til bóta, og samþykkt þær.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Hæstv. ríkisstj. hefur verið mjög gagnrýnd á undanförnum árum fyrir aðgerðarleysi í menntamálum, og er það eðlilegt. Lögin frá 1946 eru fyrir löngu orðin úrelt á þessum tíma mikilla breytinga og vaxandi kröfu um meiri menntun. Þau hafa jafnvel heldur ekki komið til framkvæmda að öllu leyti víða um landið, eru e. t. v. illframkvæmanleg, og úr því hefur ekki verið bætt.

Nú var hins vegar brugðið við fyrir nokkru og settar á fót nefndir ágætra sérfræðinga, og mér sýnist, að segja megi, að þessar nefndir hafi, að vísu í nafni hæstv. ríkisstj., lagt inn á hið háa Alþ. tvö mjög mikil frv. um endurbætur í menntamálum, annars vegar svokallað grunnskólafrv. og hins vegar frv. um Kennaraháskóla Íslands.

Ég er ekki að efast um það, að þessir sérfræðingar hafa unnið vel. Hins vegar sýnist mér það fásinna, að Alþ. eigi eingöngu að vera eins konar afgreiðslustofnun fyrir sérfræðingaálit. Hið háa Alþ. á að sjálfsögðu að taka sér tíma til þess að endurskoða slík mál vel og dæma þau og meta af eigin athugun. Í þessum málum báðum hefur enginn tími gefizt til slíks.

Nú skilst mér raunar, að grunnskólafrv. verði ekki afgreitt á þessu stigi, og fagna ég því. Það þarf að taka til ítarlegrar athugunar og verður vonandi lagt fyrir næsta þing aftur endurbætt.

Ekki virðist hins vegar af einhverjum ástæðum vera hljómgrunnur fyrir svipaðri meðferð á kennaraháskólafrv., og fæ ég ekki skilið hvers vegna. Frv. um kennaraháskóla hefur verið mjög gagnrýnt af fjölmörgum aðilum, sem hafa látið í té umsagnir. Ég fyrir mitt leyti er ekki að efast um, að í þessu frv. eru fjölmörg ágæt ákvæði, sem þurfa að koma til framkvæmda, en ég get þó ekki fallizt á það fyrir mitt leyti, að hið háa Alþ. sé nánast þvingað til þess að afgreiða slíkt mál án ítarlegrar athugunar, eins og fram kom í ræðu hv. 5. þm. Reykn. hérna áðan.

Það vekur einnig athygli mína í sambandi við þetta mál, að ekki einn einasti talsmaður hinna fjögurra minni hl. menntmn. hefur í raun og veru mælt með þessu frv. sem slíku. Þeir hafa allir harmað, að frv. hefur fengið mjög skamma meðferð hér í d. og n. alls ekki fengið tækifæri til þess að kanna það, eins og hún raunar ætti að gera. Það er undarlegt, að svo mikið mál skuli afgreitt með þeirri málsmeðferð.

Ég get tekið undir fjölmargt, sem hv. 3. landsk. þm. sagði áðan um þetta frv. Ég er í vafa um ýmis atriði eins og t. d. það, hvort rétt sé, að kennarar yngstu barna séu með háskólapróf, hvort það sé nauðsynlegt a. m. k., og ég vil efast um, að það bæti úr kennaraskorti í dreifbýlinu, sem er víða mikill. Það er að vísu rétt, að margir kennarar útskrifast nú frá Kennaraskóla Íslands. En hvernig verður þetta að nokkrum árum liðnum? Hins vegar tel ég, að í frv. séu það margar endurbætur frá því ástandi, sem nú ríkir, að nokkuð vafasamt sé að fella það, og ég hefði því kosið, að frv. hefði verið vísað til hæstv. ríkisstj. til athugunar m. a. til mþn. fram að næsta þingi. Þetta virðist hins vegar ekki fá hljómgrunn.

Ég get fylgt, að því er mér sýnist, öllum þeim brtt., sem fram hafa komið. Þær eru að mínu mati allar til bóta, m. a. brtt. hv. 5. þm. Reykn. Ég fæ ekki séð, að þær séu á nokkurn hátt varasamar með tilliti til háskólans. Það liggur fyrir umsögn n., sem Háskóli Íslands skipaði, og þar er lögð áherzla á, að bæði frá fjárhagslegum og kennslulegum sjónarmiðum sé æskilegt að tengja þessar tvær stofnanir, Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands, betur en gert er í frv., enda eru till. hv. þm. þannig orðaðar, að nánar á að ákveða í reglugerðum. Sé ég því ekki, að þær séu það bindandi, að vafasamt geti talizt. Þótt æskilegt hefði verið, að álit háskólans lægi fyrir, mun ég því einnig fylgja þeim brtt. Ég vil ljúka þessum orðum mínum með því að harma það og átelja, að hið háa Alþ. skuli í þessu mikilvæga máli vera notað sem hver önnur afgreiðslustofnun fyrir sérfræðingaálit. Alþ. verður, eins og ég sagði áðan, að fá tækifæri til þess að líta sjálft á slík mál og meta þau að verðleikum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StG, SvG, AuA, ÁB, StH, BFB, EggÞ, EÁ, GilsG, JÁH, KGuðj, MJ, ÓB, PÞ, JR.

nei: AJ, JÁH, JÞ.

2 þm. (BJ, ÓlJ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 754,1 tekin aftur til 3. umr.

3.—5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 754,2 tekin aftur til 3. umr.

6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 754,3 tekin aftur til 3. umr.

7. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 754,4 tekin aftur til 3. umr.

8. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 754,5 tekin aftur til 3. umr.

9.—10. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 754,6 tekin aftur til 3. umr.

11. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 718,1 samþ. með 15 shlj. atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

13.—18. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 718,2 (ný 19. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

20.—23. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 718,3 samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 764 samþ. með 15 shlj. atkv.

24. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 749 samþ. með 15 shlj. atkv.

25. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15:1 atkv.

Á 88. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 776, 754).

Frsm. 1. minni hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Þegar 2. umr. þessa máls fór fram hér í hv. d., beindi ég þeirri ósk til hv. 5. þm. Reykn., að hann tæki aftur til 3. umr. brtt. við frv., sem hann hefur borið fram á þskj. 754, og varð hann góðfúslega við því. En nú mundu þessar till. koma til atkvgr., svo að ég vil þá leyfa mér í sem stytztu máli að skýra hv. þd. frá þeirri athugun, sem ég hef getað gert á þessum till. Ég hefði óskað þess, að unnt hefði verið að halda fund í menntmn. um málið, en því miður hefur það ekki verið hægt tímans vegna. Ég treysti mér ekki til að boða fund í n. í óvissu um það, hvort ég fengi upplýsingar, sem að gagni kæmu, og þess vegna hefur ekki orðið af fundi, og af því leiðir aftur, að það, sem ég segi um málið, er algerlega á eigin reikning. Ég hafði hugsað mér að ná tali af skólastjóra kennaraskólans og háskólarektor og bera þessar till. undir þá. Því miður reyndist mér ekki unnt að ná tali af rektor, sem er veikur í dag, en ég kynnti mér afstöðu skólastjóra kennaraskólans til till. og skal skýra frá þeim í stuttu máli.

Ég mun þá ræða þessar brtt. í röð. Það er í fyrsta lagi brtt. við 3. gr. frv., 1. brtt. á þskj. 754, þess efnis, að 2. og 3. tölul. 3. gr. falli niður um nánari ákvæði um kosningar í nemendaráð o. s. frv. Meginrök hv. flm. fyrir þessu voru þau, að óeðlilegt væri að setja um þetta nánari reglur, þar sem það hlyti að vera mál nemendanna sjálfra, hvernig þeir höguðu

þessum kosningum. Og eftir því sem ég veit bezt, er sú skipan einnig á við háskólann, að í reglugerð og lögum háskólans eru aðeins ákvæði um réttindi nemendanna til þess að hafa áhrif á stjórn háskólans o. s. frv., en mér er ekki kunnugt um, að um þetta séu reglur. Skólastjóri lagðist gegn því, að þessi till. yrði samþ. og þessi ákvæði felld niður, og þau rök, sem hann færði fyrir því, voru þau, að um þetta væru nú mjög flóknar reglur, sem nemendurnir hefðu sett, þannig að ef þeim ætti að framfylgja, þá gæti það jafnvel þýtt nokkurra daga truflun á kennslunni, svo að hans skoðun var sú, að þetta ætti að standa óbreytt.

Ég vil hins vegar taka fram varðandi mína afstöðu, að ég fellst á þau rök, sem hv. flm. þessarar brtt. bar fram máli sínu til stuðnings, þannig að ég mun greiða þessari brtt. atkv., en þau rök, sem skólastjórinn færði fram gegn því, hafa nú komið fram, svo að hv. þdm. verða þá að gera það upp við sig hver og einn, hver afstaða þeirra mundi verða. En ég vil aðeins taka það fram, að við meðferð málsins hafði menntmn. samráð við þau tvö félög, sem skoða má sem fulltrúa nemendanna. Annars vegar er það félag nemendasambandsins, en tveir fulltrúar frá því sátu fund n. Auk þess átti ég alllangt samtal í síma við formann skólafélagsins, Ólaf Garðarsson, en hjá hvorugum forsvarsmanni þessara samtaka kom sú afstaða fram, að þeir óskuðu eftir, að þessi breyting yrði gerð. Þetta vil ég taka fram. En persónulega er ég þeirrar skoðunar, að ekki sé rétt að setja um þetta ákveðnar reglur, þó að ég engan veginn segi, að ekki beri að taka tillit til sjónarmiða skólastjórans, og ég skil þau vel, en ég mun greiða þessari brtt. atkv.

Þá er það 2. brtt., við 6. gr. frv., og meginefni hennar er, að námið verði skv. lögunum minna bundið en frv. gerði ráð fyrir, þannig að aðeins sé ákveðið um fyrirferð uppeldisgreina og uppeldisfræðilegs sérsviðs og áheyrnar í náminu, en að öðru leyti verði í reglugerð sett nánari ákvæði um námsefni skyldunáms.

Nú vil ég upplýsa það, að sú skipan, sem brtt. gerir ráð fyrir, mundi vera í meira samræmi við það, sem er í háskólanum. Hins vegar lagðist skólastjóri gegn þessari till. Ég tel, að efnislega þýðingu mundi þetta ekki hafa, vegna þess að það yrði í framkvæmdinni — mér þykir ólíklegt annað — skólaráð, sem mundi taka ákvarðanir um þá reglugerð, sem sett er. Varðandi háskólann er það a. m. k. svo, að það er raunverulega háskólaráð, sem semur þær reglugerðir, sem eru í gildi fyrir háskólann í heild og hinar einstöku deildir, og menntmrn. hefur, held ég, með mjög fáum undantekningum fallizt á till. háskólaráðs í því efni. En einmitt vegna þess að ég tel, að hér sé um þýðingarlítið mál að ræða, þá mun ég nú taka þá afstöðu í þessu efni að fylgja óskum skólastjóra. En rétt er í því sambandi að benda á það, að eins og frv. er, þá mætti e. t. v. leggja í það fleiri en einn skilning, hver ákvæðin eru, þar sem tekið er fram um námsefni skyldunáms, að svokallaður kjarni skuli vera 4 hlutir og tvær valgreinar 4 hlutir, og svo eru uppeldisgreinarnar og uppeldisfræðilegt sérsvið og áheyrn 4 hlutir; samtals gerir þetta 12. En svo er hér bætt við 2. tölul. undir b: „Heimilt er skólastjórn að leyfa nemendum að bæta við sig þriðju valgrein og verður þá valgreinanámið 6 hlutir.“ Nú er spurningin sú, hvort þetta þýðir, að það eigi að lækka kröfurnar í öðrum hlutum námsins, eða hvort þetta er til viðbótar. Ég tel rétt að upplýsa það, að skólastjóri taldi það sinn skilning, að þetta ætti að vera viðbót, þannig að rétt er, að það komi fram. Slíkt mundi ekki skipta máli, ef brtt. væri samþ., en gæti að mínu áliti verið vafamál, ef svo er ekki. Aðalatriðin í þessu eru þau, að samkv. brtt. mundi þetta meira verða fært í það form, sem er í háskólanum. Skólastjórinn leggst gegn þessu. Mín skoðun er, að efnislega þýðingu hafi það ekki, svo að m. a. með tilliti til þess, að gert er ráð fyrir endurskoðun á þessum l. innan tveggja ára, mun ég ekki greiða þessari till. atkv., en hv. þdm. meta þá sína afstöðu.

Þá kem ég að hinum brtt., sem í ríkara mæli snerta samskiptin við háskólann. Varðandi 3. brtt. hafði ég upphaflega hugsað mér að leggja til, að hún yrði samþykkt með nokkurri orðalagsbreytingu. En þegar ég bar þetta undir skólastjóra, þá benti hann mér á ákvæði, sem eru í 1. gr. frv., sem fjallar um hlutverk kennaraháskólans, þar sem svo segir, með leyfi hæstv. forseta: „Skylt er Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands að skipta með sér verkefnum og viðurkenna sambærilegar námseiningar eða námsþætti hvors annars til þess að forðast tvíverknað.“ Ég fellst á það sjónarmið skólastjóra, að í þessu felist í rauninni það, sem fram kemur bæði í 3. og 4. brtt., þannig að þær séu að því leyti óþarfar. Ef hv. flm. féllist á það að taka þessar till. báðar aftur, þá tel ég, að náð væri tilgangi með því og með þeirri skýringu, sem ég hef gefið, ef enginn andmælir því í hv. d., væri úr því skorið, að d. legði þann skilning í 1. gr. frv., að hún veiti þær heimildir, sem brtt. gera ráð fyrir, en mér finnst hins vegar óviðkunnanlegt að setja þessi ákvæði inn í aðrar gr. frv., þar sem ég fellst á það sjónarmið, að þetta felist raunverulega í 1. gr. En það er mál hv. flm., hvort hann mundi verða við þessum tilmælum, en það gæti skapað vissan misskilning, ef þessar till. væru bornar upp og felldar.

5. brtt. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Gerðar skulu svipaðar kröfur til nemenda og um námsefni í Kennaraháskóla og gerðar eru til nemenda í Háskóla Íslands í jafnlöngu námi.“ Henni er ég andvígur. Það er í fyrsta lagi, að þar sem nokkur eðlismunur verður á ýmsum þáttum námsins í kennaraháskólanum og í háskólanum, þá yrði mjög erfitt að meta það, hvort um er að ræða svipaðar kröfur í báðum þessum stofnunum, og ég vil taka það fram, að ég lít ekki þrátt fyrir allt þannig á, að hér verði um algerlega hliðstæðar stofnanir að ræða þrátt fyrir háskólaheiti kennaraskólans. Það, sem er sameiginlegt þessum stofnunum, er það, að það er meginreglan, að aðeins stúdentar stunda þar nám,

en að öðru leyti tel ég, að fyrst um sinn geti ekki orðið um algerlega hliðstæðar stofnanir að ræða. Eins og ég tók fram í framsöguræðu minni við 2. umr., þá er ástæðan til þess, að við verðum að kalla þetta kennaraháskóla, sú, að orðið háskóli hér á landi er notað yfir tvö orð, sem hafa mismunandi merkingu í Norðurlandamálum. Hins vegar er það rétt, að af hálfu háskólamenntaðra kennara mun hafa verið lögð á þetta nokkur áherzla. En ég mundi ekki telja rétt að samþykkja þessa till.

Svo er að lokum 6. brtt. við 11. gr., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Heimilt er að ráða kennara að hluta til starfa við Háskóla Íslands og að hluta við Kennaraháskóla Íslands.“ Nú skal ég taka það fram varðandi afstöðu skólastjóra til þessarar brtt., að hann sagðist ekki leggjast gegn henni, en taldi það í rauninni ekki skipta verulegu máli, hvort hún yrði samþ. eða ekki. Ég tel í sjálfu sér ekki óeðlilegt, að um slíkt geti verið að ræða, en það er einn vandi, sem þá mundi koma upp, og það væri réttarstaða þeirra manna, sem ráðnir væru hjá báðum stofnunum. Nú er það þannig, að allir háskólakennarar, a. m. k. þeir, sem hafa sitt aðalstarf við háskólann, taka m. a. þátt í kosningum til háskólaráðs o. s. frv. Sú spurning mundi koma upp með slíka menn, hvort þeir ættu að hafa full réttindi við báðar stofnanirnar til áhrifa á stjórn skólans o. s. frv. Ég sé það engan veginn, að það mundi verða óleysanlegt vandamál, en ég tel, að fyrir því verði að gera sér grein, áður en slík till. er samþ., þannig að mín afstaða verður sú, að ég mun ekki að svo stöddu telja mér fært að styðja þessa till. m. a. með tilvísun til þess, að hv. d. hefur nú ákveðið, að þessi lög verði endurskoðuð innan tveggja ára. Eins og ég gat um í upphafi, þá tókst mér ekki að bera þessar till. undir háskólarektor, en frá því vildi ég segja, vegna þess að hv. flm. þessarar brtt. vitnaði í nál. háskólakennara máli sínu til stuðnings, og það er alveg rétt, að ýmislegt af þessu, sem kemur fram í brtt., er í fullu samræmi við ábendingar frá þeim. En ég legg þann skilning í slíkar nefndarskipanir af hálfu háskólaráðs, að álit þeirra hljóti einvörðungu að vera á ábyrgð nefndarmanna, en ekki háskólaráðs, nema það hafi þá sérstaklega skrifað upp á þetta sem sína samþykkt. En þetta er aðeins minn skilningur. Ég gat ekki borið þetta undir háskólarektor, og í þessu felst í rauninni ekki nein gagnrýni á þær till., sem þessi n. hefur gert.

Herra forseti. Þetta er í stuttu máli það, sem ég hef getað á þessum stutta tíma haft upp úr því krafsi að reyna að fá upplýsingar um þessi atriði.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Þegar ég varð við þeim tilmælum hv. 10. þm. Reykv. og form. menntmn. að taka brtt. mínar aftur til 3. umr. við 2. umr. þessa máls, þá gerði ég mér að vísu vonir um, að þrátt fyrir allt gæfist tóm til þess að fjalla um till. í menntmn., og ég geri fastlega ráð fyrir, að það hafi einnig verið ætlun hv. 10. þm. Reykv., form. n., ef þess hefði verið kostur. Það hefur ekki tekizt, en allt um það þakka ég form. menntmn. fyrir þá viðleitni hans að fá eðlilega og rétta aðila til þess að fjalla um þessar till. Ég skal ekki endurtaka í rauninni neitt af því, sem ég sagði um till. við 2. umr. málsins, en í tilefni af ræðu hv. 10. þm. Reykv. vil ég þó taka fram fáein atriði.

Í sambandi við afstöðu skólastjóra kennaraskólans til 1. brtt. minnar um það, að fellt skuli niður úr lögum um Kennaraháskóla Íslands ákvæði um það hvernig nemendur eigi að haga kosningu, þá vil ég aðeins segja, að skólastjóri, sá ágæti maður, virðist leggja einhverja áherzlu á að fá þessi ákvæði inn í lög, af því að hann er ekki alls kostar ánægður með það fyrirkomulag, sem nú er hjá nemendum á þessum kosningum. En ég er þeirrar skoðunar að það sé eðlilegra og að ýmsu leyti heppilegra fyrir þann ágæta mann og reynda skólamann, skólastjóra kennaraskólans, að hafa áhrif á það mál á annan hátt en með beinu lagaboði. Þetta er mín skoðun, og hún hefur sízt breytzt við þær upplýsingar, sem hér hafa komið fram, þ. e. að það sé óheppilegt að binda slíkt eins og þetta í lög.

Að því er snertir 2. brtt. mína, sem skólastjóri kennaraskólans berst einnig á móti, þá vil ég aðeins segja það, að þar eins og víðar í frv. finnst mér gæta of mikið tilhneigingar til þess að rígbinda í lögum þá námstilhögun, sem skólastjórinn og aðrir þeir, sem sömdu frv., telja nú við aðstæður, eins og þær eru, eðlilegar og heppilegar. Ég hefði haldið, að þróunin í skólamálum okkar — og þá einnig að því er snertir þennan skóla — sé það ör, að það sé einmitt óheppilegt að rígbinda námstilhögun í lögum, eins og mér þykir of mikið um í þessu frv. Og þá alveg sérstaklega í 6. gr., sem ég hef leyft mér að flytja brtt. við. Ég tel því, að öll þau rök, sem áður hafa verið færð fram fyrir því, að það sé óheppilegt að rígbinda það, eins og gert er hér í frv., standi fyllilega óhögguð.

Hv. 10. þm. Reykv. benti mér á það í sambandi við 3. og 4. brtt. mína, að í 1. gr. frv. til laga um kennaraháskóla sé vikið að því sama, sem brtt. mínar nr. 3 og 4 fjalla um, þ. e. samstarf á milli Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands. En í þessari 1. gr. segir um þetta efni: „Skylt er Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands að skipta með sér verkefnum og viðurkenna sambærilegar námseiningar eða námsþætti hvors annars til þess að forðast tvíverknað.“ Brtt. mínar fjalla hins vegar um það, að kennsla í ákveðnum greinum, sem kenna ber eða ætlazt er til, að kenndar verði við kennaraháskólann, megi fara fram í Háskóla Íslands, ef það þykir hagkvæmara, og 4. gr. fjallar einnig um tiltekið nánara samband milli þessara tveggja háskóla. Ég get eftir atvikum fallizt á það að draga þessar tvær till. til baka með hliðsjón af því ákvæði 1. gr. frv., sem ég hef nú lesið, og með þeim skilningi, sem hv. 10. þm. Reykv. lagði áherzlu á, og ég ítreka, að í þessum ákvæðum 1. gr. felist í raun sama innihald og í brtt. mínum nr. 3 og 4 á þskj. 754. Að þessu athuguðu og með því að leggja áherzlu á þetta atriði tek ég aftur þessar tvær brtt. mínar nr. 3 og 4 á þskj. 754.

Þá skýrði hv. 10. þm. Reykv. frá því, að hann — og ég hygg einnig skólastjóri kennaraskólans — legðust á móti 5. brtt. minni um það, að gerðar skuli svipaðar kröfur til nemenda og um námsefni í kennaraháskóla og gerðar eru til nemenda í Háskóla Íslands í jafnlöngu námi. Ég ætla ekki að endurtaka það, sem ég sagði um þetta atriði við 2. umr. málsins, en sé ekki ástæðu til þess að taka neitt aftur af því, og ég tel eðlilegt, að þessi till. verði samþ.

Um 6. till. mína við 11. gr. gegnir sama máli, að ég sé ekki, að færð hafi verið hin minnstu rök fram gegn því, sem ég tel í mörgum tilfellum geta verið hagkvæmnisatriði, að heimilt sé að ráða kennara að hluta til starfa við kennaraháskólann og að hluta við Háskóla Íslands. Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta mál, nema sérstakt tilefni gefist til, en vil vænta þess, að þær fjórar brtt., sem eftir standa af þeim sex, sem ég hef flutt á þskj. 754, megi ná fram að ganga.

Frsm. 2. minni hl. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Þegar ég flutti mál mitt hér við 2. umr. í gær, þá var mér efst í huga að fá fram tryggingu fyrir því, að þessi lög yrðu fljótlega endurskoðuð, því að ég tel, eins og ég vék að þá, að þarna sé um frumsmíð að ræða og að nokkru leyti gallagrip, en þó málavextir þannig, að tæpast sé um annað að gera en stíga þetta spor og vona hið bezta. Af þessu leiddi það, að ég gerði ekki þessar brtt. frá hv. 5. þm. Reykn. neitt verulega að umtalsefni. Mér voru þær kunnar af samtölum við fulltrúa frá Félagi háskólamenntaðra kennara. Ég hygg, að þær séu flestar — ef ekki allar — undan þeirra rifjum runnar. Og ég ætla þá, fyrst tækifæri hefur gefizt til athugunar á þessum till. og þær hafa verið gerðar hér að umtalsefni, með örfáum orðum að lýsa afstöðu minni til þeirra, og ég skal ekki láta það taka langan tíma.

1. brtt. fjallar um það, með hverjum hætti kjósa skuli nemendaráð. Ég get vel fallizt á, að óþarft sé að hafa í frv. ákvæði um það annars vegar, hvernig kosningar eiga að fara fram — það eigi að ákveða í reglugerð, ég hélt að þetta væri nú ekki svo margbrotinn hlutur að kjósa nemendaráð, að nemendur sjálfir gætu ráðið fram úr því — og svo hins vegar um það, að nemendaráðið eigi að setja sér reglur um skipan, starfssvið og starfshætti, sem háðar eru samþykki meiri hluta nemenda í leynilegri atkvæðagreiðslu. Ástæðan til þess, að ég lét þessa tilhögun fram hjá mér fara eða breytingar á henni var fyrst og fremst sú, að þeir nemendur kennaraskólans, sem komu á fundi okkar og við okkur hafa talað utan funda, lýstu því, eins og hv. 10. þm. Reykv. greindi frá, fyrir okkur, að þeir gætu eftir atvikum fellt sig við frv., eins og það var þá orðið. Og það réð því, að mér fannst, að aðrir menn utan kennaraskólans ættu ekki að vera að hafa áhyggjur af þessu og það kennarar. En nú verður um þetta látið ganga atkvæði, og þá verður auðvitað hver að fylgja sinni sannfæringu, og mín sannfæring fyrir þessu er eins og þeirra hv. þm., sem hér hafa talað, að mér finnst, að þetta eigi að vera mál nemendanna, og mun ég því greiða atkv. með þessari till.

Þá eru þær till., sem er nú raunar ástæðulaust að ræða, þar sem þær hafa verið teknar aftur, en ég skil það svo, að ástæðan fyrir því, að þær eru nú teknar aftur með samþykki flm., sé fyrst og fremst sú, að hv. Nd. hefur breytt ákvæðinu um verkefnaskiptinguna í 1. gr., 1. tölul., og sett þar skylt í staðinn fyrir heimilt og hert þannig á þessari skyldu, og raunar er réttilega athugað hjá flm., að till. er eftir þessa breytingu nánast óþörf.

Þá er það brtt. við 6. gr., sem lýtur að því að gera námsefnið í kennaraháskólanum óbundnara með lögunum en hér er lagt til. Út af fyrir sig er ég alveg samþykkur því, sem hv. 5. þm. Reykn. sagði hér áðan, að slík bindandi upptalning námsefnis í lögum á breytingatímum er ekki heppileg, og er þess skemmst að minnast, þegar þessi hv. d. afgreiddi héðan breytingu á lögum um Stýrimannaskóla Íslands, að meginbreyting þess frv. var einmitt sú að fella niður þá skilgreiningu námsefnis, sem í lögunum var, og voru þau lög þó ekki gömul, að mig minnir frá 1967. Þannig að þetta bara sýnir okkur, hversu fljótt slík námsskrá úreldist. Og ef hér væri því um það að ræða, að námsefnið væri í frv. mjög nákvæmlega sundurliðað og skilgreint, þá væri þessi brtt. tvímælalaust til bóta. Og ég hygg nú kannske, að hún geti verið til bóta sem viljayfirlýsing, en eins og ég held, að ég hafi bent á hér við 2. umr., þá fer því nú æðifjarri að upptalning 6. gr. sé mjög bindandi, því að í gr. segir, að ef námsefni skiptist, eins og þar segir, þá skuli hlutföll einstakra greina vera nálægt því, sem í henni segir. Ef menn vilja gefa sem sé enn þá frekari vísbendingu um það, að þetta skuli vera óbundið, þá er ég út af fyrir sig alveg til í það og get fellt mig við það að samþykkja þessa brtt. Ég ætla nú ekki að fara að hafa hér uppi málþóf um mál, sem við erum nánast búnir að afgreiða, en mér fannst rétt, fyrst þetta tóm gafst og fyrst þessar umr. urðu, að gera í örstuttu máli grein fyrir skoðunum mínum á þessu.

ATKVGR.
Brtt. 754,1 samþ. með 8:4 atkv.
Brtt. 754,2 felld með 8:4 atkv.
Brtt. 754,3—4 teknar aftur.
Brtt. 754,5 felld með 8:3 atkv.
Brtt. 754,6 felld með 8:3 atkv.
Frv. svo breytt, samþ. með 11:4 atkv. og endursent Nd.

Á 85. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 801).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 87. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 801, 813).

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti.

Þessi hv. þd. sendi þetta frv. um Kennaraháskóla Íslands til hv. Ed. með shlj. atkv. á sínum tíma. Hv. Ed. hefur gert fáeinar smávægilegar breyt. á frv. Mikilvægasta breyt. er sú, að tekið yrði upp ákvæði í frv. um, að þessi l. skuli endurskoðuð eigi síðar en að tveim árum liðnum frá gildistöku þeirra. Má raunar segja, að þetta hefði verið unnt að gera, þó að ekki væri beint ákvæði um það tekið í frv. Það er eðlilegt, að fram fari endurskoðun á nokkurra ára fresti á löggjöf eins og þeirri, sem hér er um að ræða, en það ætti ekki að saka að hafa slíkt ákvæði um það í frv., að l. skuli endurskoða eftir tvö ár.

Þá voru tekin inn í frv. í hv. Ed. ákvæði um það, að skipa skuli dómnefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda í prófessorsstöður eða dósentsstöður. Ákvæði voru um þetta í upphaflega frv. Þau voru tekin út hér í þessari hv. d., en Ed. hefur bætt þeim inn í aftur.

Þá var í þriðja lagi gerð nokkur breyting á ákvæðunum um nemendaráð. Í upphaflega frv., eins og það var sent til hv. Ed., stóð, að um kosningar í nemendaráð og framkvæmd þeirra skuli ákveðið í reglugerð og nemendaráð setji sér reglur um skipan, starfssvið og starfshætti, og skulu þær hafa samþykki meiri hluta nemenda í leynilegri atkvgr. Þessi ákvæði felldi hv. Ed. niður.

Aðrar breytingar, sem hv. Ed. gerði, eru svo smávægilegar, að ég sé ekki ástæðu til þess að láta þeirra getið sérstaklega, en þetta eru meginbreytingarnar, sem hv. Ed. gerði á frv.

Umr. frestað.

Á 88. fundi í Nd., s. d., var fram haldið einni umr. um frv.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Það hefur verið gerð breyting á frv. um Kennaraháskóla Íslands í Ed., og málið verður nú til einnar umr. af því tilefni. Við höfum leyft okkur, þrír þm., einmitt með tilliti til þessarar breytingar, sem gerð var í Ed., að flytja á þskj. 813 dálitla brtt. enn við frv. Hún er þess eðlis, að endurskoðunin, sem gert er ráð fyrir, að fari fram eftir tvö ár, skuli miðast við það, að kennaraháskóli eða kennaraskóli verði á Akureyri. Þessi till. er m. a. fram borin vegna þess, að í vetur hafa orðið miklar umr. um það efni hér í hv. Alþ., að rétt sé að dreifa ríkisstofnunum meira en gert hefur verið, og sérstaklega hefur verið um það rætt, að nauðsynlegt væri að fara að hyggja að því að dreifa skólastofnunum, m. a. sérgreinaskólunum, meira um landið en verið hefur, og ég hygg, að þarna sé einmitt að vakna skilningur á hv. Alþ. á þessu mjög svo mikilsverða máli, sem raunar hefur verið rætt hér á Alþ. allmörg ár, en þó við allt of daufar undirtektir þangað til í vetur, að maður verður var við, að nokkur skilningur sé að vakna á þessu efni.

Það hefur verið skoðun mín lengi og margra fleiri, að fullkomin ástæða sé til að efla Akureyri meira á sviði skólamálanna — sem skólabæ — en verið hefur. Að vísu er þar allmyndarlegur vísir að skólabæ nú þegar, sem menntaskólinn er aðalstofninn í, en hins vegar vantar nokkuð mikið á, að Akureyri geti talizt sá skólabær, sem bærinn gæti verið, og ég held, að við ættum einmitt að hyggja að því í sambandi við nýjar skólastofnanir, að þeim verði valinn staður utan Reykjavíkur og þá einna helzt á Akureyri, þar sem þessi vísir að skólabæ er þegar fyrir. Það er einmitt með tilliti til þessa, sem þessi brtt. er fram komin, og ég vænti þess, þó að ég ætli ekki að hafa um það öllu fleiri orð eða rökstyðja þetta mál frekar, vegna þess að ég hef gert það svo oft áður við önnur tækifæri hér í hv. d., að þessi till. fái stuðning hér í hv. Nd. og það leiði til þess, að kennaraháskólanum í framtíðinni verði valinn staður á Akureyri eða kennaramenntun a. m. k., eins og einnig er gert ráð fyrir í till., af einhverju tagi verði á Akureyri.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því, að allir hv. alþm. séu í huga sínum hlynntir þeirri hugmynd að dreifa opinberum stofnunum meira en gert hefur verið til þessa, þó að reynslan hafi verið sú, að erfitt hafi reynzt að koma slíkum hugmyndum í framkvæmd. Mér finnst það alls ekki fráleit hugmynd, að einhver meiri háttar stofnun til viðbótar við þær, sem þegar eru á Akureyri, verði þar. Hins vegar eru það mér vonbrigði, að hv. flm. skuli hafa látið þetta frv. fara í gegnum sex umr. og loks við þá sjöundu skuli þeir flytja svo veigamikið mál sem breyt. við frv. eins og það mundi vera, hvort sem um það væri að ræða að flytja kennaraháskólann til Akureyrar eða stofna annan kennaraháskóla á Akureyri, en mér sýnist, að það sé nú öllu frekar það, sem í till. felst. Hins vegar er mér kunnugt um það, að hæstv. menntmrh. er kominn til landsins úr handritaerindum sínum, þó að hann sé ekki mættur til þessa fundar, og ég vil óska þess við hæstv. forseta, að hann fresti þessari umr., svo að menntmrh. geti tekið þátt í henni og látið í ljós álit sitt á þessum síðustu brtt.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Frv. til l. um Kennaraháskóla Íslands á þskj. 308 var lagt hér fram fyrir hv. d., að mig minnir, fyrst í febrúar eða 1. febr. Þetta er ákaflega viðamikið frv. um Kennaraháskóla Íslands og um kennaramenntun og nálgast því að vera bylting frá því, sem nú er. Þetta frv. var nokkuð rætt hér við 1. umr., áður en það fór til menntmn. Ég tók þá ekki til máls, en eftir að ég hafði kynnt mér það dálítið, var ég þó á móti því og gerði ekki sem skyldi í því að lýsa afstöðu minni. Ég tók það þó skýrt fram í þingflokki Framsfl., að ég væri andvígur þessu frv., og ég var ekki einn þeirra, sem greiddi götu þess til Ed., og ég vil minna á nú í upphafi máls míns, að fjöldi þm. eða mjög margir þm. Nd. voru fjarverandi, þegar þessu máli var vísað til Ed., og allir viðstaddir greiddu því ekki atkv., og ég held, að ég fari rétt með það, að í þeim hóp hafi verið a. m. k. einn ráðh.

Það má nú spyrja sem svo, hvers vegna eru nú

Nd.-menn að hefja umr. um þetta mál, þegar það er búið að fara til Ed., og það hefur þar verið samþ. að vísu með nokkrum breytingum, sem orsaka það, að það þarf að senda þetta Nd. Hvers vegna eru þm. núna að taka til máls? Hvers vegna eru þeir ekki búnir að því? Og það má vel vera, að svoleiðis spurning eigi rétt á sér, en ég vil, hvað mér sjálfum viðvíkur, hreinlega segja, að frá því að frv. fór úr þessari d., hefur málið allt verið upplýst meira. Ég fylgdist allmikið með umr. í Ed. um málið þar, og í ljósi þeirra umr. og í ljósi þeirra breytinga, sem urðu á frv. þar, langar mig til að segja nokkur orð núna við þessa umr. hér.

Það, sem vefst fyrir mér í sambandi við að samþykkja þetta frv., er þessi spurning: Er nauðsynlegt fyrir okkar fámennu þjóð að krefjast háskólamenntunar til að kenna börnum á aldrinum 6—13 ára? Er nauðsynlegt, að kennararnir séu háskólamenntaðir við að kenna börnunum lestur, skrift og reikning, íslenzku, landafræði og náttúrufræði, svo að eitthvað sé nefnt? Og þá leitar á huga manns þessi spurning: Á að gera sömu menntunarkröfu til allra kennara á skyldunámsstiginu? Mín skoðun er sú, sem betur hefði verið sögð fyrr, þó að það hafi kannske ekki nein áhrif, að svo sé ekki. Ég held, að við höfum ekki ráð á því og þurfum ekki að gera sömu menntunarkröfur til kennara á skyldunámsstiginu og að af þeim sökum þurfi að athuga þetta frv. betur. Það er líka önnur spurning, sem blasir við. Er nauðsynlegt að hafa tvo háskóla á Íslandi? Við erum aðeins 200 þús. manna þjóð. Við þurfum að spara, og við verðum að forðast bruðl í okkar menntakerfi. Og nægir ekki Háskóli Íslands? Við skulum gera okkur það ljóst, að þegar búið er að samþykkja frv. um kennaraháskólann, þá geta aðrir skólar komið á eftir. Við höfum verzlunarskóla hér. Geta ekki upp risið aðilar, sem vilja fá verzlunarháskóla? Við höfum iðnskóla hér víða um land. Er nokkur goðgá að ætla það, að einhverjir vilji fá iðnaðarháskóla? Við erum með hjúkrunarkvennaskóla, og við erum með stýrimannaskóla, og við erum með vélstjóraskóla, og þó að þessir skólar kannske krefjist þess ekki, að það komi sjómannaháskóli eða neitt því um líkt, þá vaknar sú spurning, hvaða menntunarkröfur á að gera til kennara, sem kenna í þessum skólum. Ef þetta frv. verður að l., kenna háskólaborgarar börnum. Á þá að láta viðgangast, að menn með minni menntun kenni aftur í sjómannaskólum, húsmæðraskólum, iðnskólum og tækniskólum?

Ég held, að þetta frv. þurfi meiri umhugsun og það væri hollt að láta það bíða, og ég held persónulega og hef rætt um það við marga skólamenn — og vitna má til umsagna, sem eru þegar komnar um málið — að menntamálin í landinu bíði ekkert tjón af því, þó að þetta frv. verði látið bíða til haustsins. Á sama tíma og frv. um kennaraháskóla var lagt fyrir þingið var lagt fram frv. m. a. um grunnskóla, og hæstv. menntmrh. hefur fallizt á það, að grunnskólafrv. verði látið bíða til næsta hausts. Ég held, að það sé heppilegt, að þessi kennslumál verði skoðuð í heild af löggjafanum og þeirri samkundu, sem kemur saman í haust eftir kosningarnar, sem fram fara núna í júní. Ég get að mörgu leyti vel skilið hæstv. menntmrh., sem vill endilega afgreiða þetta mál. Hann er undir stöðugri smásjá. Það má varla tvísetja hér í skólum þessarar fátæku þjóðar, svo að ráðh. sé ekki skammaður fyrir það. Og það er ósköp eðlilegt, að hann hlaupi nú til og reyni að gera bragarbót á þessum kennslumálum. En ég held, að þrátt fyrir það eigi ekki að flaustra af þessu máli og það eigi að bíða til haustsins, eins og ég hef margtekið fram.

Ég vil ekki lengja þessar umr. frekar en orðið er, en ég leyfi mér ásamt þm. Ágústi Þorvaldssyni, Halldóri Sigurðssyni og Birni Pálssyni að flytja svo hljóðandi till. til rökst. dagskrár á þskj. 876 í málinu: Frv. til l. um Kennaraháskóla Íslands, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna þeirra mótmæla, er fram hafa komið gegn frv. þessu, m. a. frá háskólamenntuðum kennurum, og þar sem frv. í skólamálum, er lögð voru fram jafnhliða frv., verða ekki afgreidd á þessu þingi og samþykkt hefur verið í Ed. að endurskoða l., ef samþykkt yrðu, að tveim árum liðnum, telur Nd. Alþingis betri vinnubrögð að fresta afgreiðslu málsins nú og undirbúa málið betur fyrir næsta Alþingi og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá."

Umr. frestað.

Á 89. fundi í Nd., 6. apríl, var enn fram haldið einni umr. um frv. (A. 801, 813, 876).

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Þegar þetta mál var til umr. í gær, mælti hv. 3. þm. Norðurl. e. fyrir brtt., sem við þrír þm. flytjum á þskj. 813, um, að endurskoðun sú, sem nú er gert ráð fyrir í frv. að fram fari á því, ef að lögum verður, innan tveggja ára, skuli m. a. við það miðuð, að kennaraháskóli eða kennaraskóli verði á Akureyri. Þegar mælt hafði verið fyrir þessari till., bar það til tíðinda, að upp reis hv. 5. þm. Vesturl., form. menntmn., með nokkrum þjósti og sagði, að sér þætti það undarlegt, að hér væri borin fram till. um mál eða málsatriði, sem ekki hefði verið hreyft fyrr en nú við 7. umr. málsins, þ. e. eina umr. í Nd. Sem einn af flm. þessarar till. vil ég ekki una þessari umvöndun, því að hún er á misskilningi byggð, og hv. þm. hefði átt að vita betur. Ég minnist þess, að í ræðu, sem ég flutti við 1. umr. þessa máls í þessari hv. d., gerði ég það einmitt að umræðuefni, að ég teldi, að kennaraskóli ætti að vera á Akureyri, og gat þess, að till. um það hefðu áður fram komið. Til þess að fullvissa mig um það, að ekki væri hér um misminni hjá mér að ræða, leit ég eftir því í ræðuhandritum, hvort þetta ekki væri rétt, og það var svo. Eins og ég segi, ræddi ég þetta þegar við 1. umr., um kennaraskóla á Akureyri, og ég gerði það þá, af því að þá var málið að fara til n., — einmitt þeirrar n., sem hv. þm. er form. í, og mér þótti það tímabært, að einmitt væri vakin athygli á þessu og þeim till., sem

uppi hafa verið um þetta efni, um kennaraskóla á Akureyri, í áheyrn n., þannig að hún hefði tækifæri til þess að taka það til greina. Og ég þykist muna það með vissu, að þessi hv. nefndarformaður væri viðstaddur á fundi, þegar þetta var sagt, svo sem honum bar skylda til, til þess að taka eftir því, sem fram kemur um mál, sem n. á að taka til meðferðar. Þetta vil ég gjarnan, að komi fram, og vænti þess, að hv. þm. leiðrétti það, sem hann sagði í gær um þetta efni.

Þegar frv. kom aftur frá Ed., var í því ákvæði um endurskoðun l. innan tveggja ára, og við þetta ákvæði, sem nú er komið inn í frv., höfum við einmitt gert þessa brtt. um það, að endurskoðunin skuli m. a. við það miðuð, að kennaraháskóli eða kennaraskóli verði á Akureyri. Brtt. er því fram borin á réttum stað og á réttum tíma, og skal ég ekki hafa um það fleiri orð.

Hins vegar hefur það nú gerzt, að í umr. í gær kom fram till. frá nokkrum hv. þm., fjórum hv. þm., að ég ætla, á þskj. 876, og það er till. til rökst. dagskrár. Og rökin fyrir þessari dagskrá eru tilgreind í till. sjálfri. Ég vil lýsa fylgi við þessa dagskrártill. Það má að vísu segja, að eðlilegt hefði verið, að svona till. hefði komið fram í þessari hv. d. í upphafi málsins, en af því varð nú ekki. Hitt er svo það, að hér í hv. d. komu fram þegar í öndverðu nokkrar aths. við frv., og í þeirri ræðu, sem ég flutti við 1. umr., kom ég fram með nokkrar af þessum aths. Hins vegar var það svo, að þegar málið kom úr n., var þannig í pottinn búið, að auðséð var, að meiri hluti var þá í d. fyrir því að samþykkja þetta frv. Hins vegar var það svo, að þegar það var afgreitt út úr d., þá var það lítill meiri hl. dm., sem atkv. greiddi með frv., en mjög margir greiddu ekki atkv. Þetta er ofur eðlilegt. Frv. var mjög seint fram komið. Það var ekki tekið til umr. fyrr en í febrúarmánuði, en eðlilegt hefði verið, að frv. af þessu tagi hefði verið lagt fyrir í þingbyrjun þannig til þess m. a., að þm. hefðu getað notað þinghléið um miðjan veturinn til þess að gera sér grein fyrir því og þeim upplýsingum, sem því fylgdu. Það er mjög æskilegt um flókin mál og nýmæli, nærri byltingarkennd nýmæli, eins og í þessu frv. felast, að þau séu einmitt lögð fram í upphafi þings. En það var nú ekki. Þess vegna tók það að sjálfsögðu nokkurn tíma bæði hér innan þings og utan, að menn áttuðu sig á því, sem í frv. felst, og nú undanfarnar vikur hefur málið töluvert verið rætt í blöðum af áhugamönnum um þessi mál og einnig verið gerðar í því ályktanir m. a. af kennurum.

Sum frv. eru þannig, sem lögð eru fyrir þetta þing, og hafa verið fyrr og síðar, að þau eru mjög sérfræðilegs eðlis, samin af sérfræðingum eða embættismönnum, og það verður að segja það eins og það er, að til eru þau frv., þar sem þm. verða að mestu leyti að treysta athugunum og niðurstöðum sérfróðra manna. En um þetta frv. er það að segja, að það er á mörkunum í þessu sambandi. Það er undirbúið af embættismönnum og sérfræðingum á vegum ríkisstj., en það er þó þess eðlis, að fleiri en sérfræðingar geta gert sér grein fyrir mörgu, sem í því felst, ef tími er til að kynna sér málið og tími til þess að ræða það við hlutaðeigendur utan þings.

En hvers vegna er nú frv. komið aftur hingað til Nd.? Það er komið aftur vegna þess, að á þeim tíma, sem liðinn er frá því snemma í febrúarmánuði að byrjað var að ræða það hér á þingi, þá hefur málið verið í athugun og einnig, eftir að það fór héðan úr d., bæði utan þings og innan. Og frv. er komið hingað til d. aftur vegna þess, að það er komið í ljós, að þótt frv. hafi verið samþ. í Ed., þá er meiri hl. d. óánægður með það. Meiri hl. d. er óánægður með frv. og hefur látið það í ljós. Það kemur glögglega fram í þeirri till., sem samþ. var um endurskoðun á frv. innan tveggja ára. Ef frv. er þannig úr garði gert, að óhjákvæmilegt er, að það verði endurskoðað innan tveggja ára, þá sýnist mér, að það væri nú réttara að fresta afgreiðslu þess núna um eitt ár og afgreiða það ekki á þessu þingi, og ég er því sammála þeim, sem dagskrána flytja.

Ég ætla nú ekki að fara að tala hér langt mál. En eins og ég sagði áðan, þá gerði ég nokkrar aths. við frv. í byrjun, þ. e. við 1. umr. og ég skal gjarnan endurtaka lítið eitt í örfáum orðum af því, sem olli því, að mér þótti þörf á að gera þessar aths. Það, sem mér kom í fyrsta lagi á óvart, þegar þetta frv. kom fram, var það, að ástæða þótti til að leggja niður Kennaraskóla Íslands. Mér kom það mjög á óvart.

Í öðru lagi sýndist mér, að sýnilega væri þarna með þessu frv. lagt í nokkuð mikinn kostnað og ekki sé gott að gera sér grein fyrir því, hve mikill hann verður, og það er heldur ekki hægt nú, því að það eru ekki komnar fram slíkar upplýsingar í málinu. En m. a. var og er, held ég, enn gert ráð fyrir því að skipa samkv. þessu frv., ef að lögum verður, sjö prófessora við kennaraháskólann auk lektora og annarra kennara.

Í þriðja lagi sýndist mér þetta óþarflega umfangsmikil og flókin lausn á húsnæðisvandamáli. Ég veit það, og við vitum það allir, að kennaraskólinn hefur átt í miklum erfiðleikum vegna húsnæðis, sem er allt of þröngt, og þessi húsnæðisvandræði stafa af því, að slíkum fjölda hefur verið hleypt inn í kennaraskólann á undanförnum árum, að það er ekki í neinu samræmi við húsnæði skólans. En mér sýndist það, að á þessu húsnæðisvandamáli mætti ráða bót á einfaldari hátt en með því að stofna kennaraháskóla í því skyni. Ég vil segja það, að ef það þykir nú fært að takmarka aðgang að kennaranámi með því að gera stúdentspróf að inntökuskilyrði, þá ætti alveg eins að vera hægt að takmarka inngöngu í kennaraskólann með inntökuprófi þar eða með því að gera — ja, við skulum segja — ekki endilega stúdentspróf, þó að það kæmi kannske til mála, en þá a. m. k. landspróf að skilyrði fyrir inntöku í kennaraskólann og svo eitthvert úrval. En ef á annað borð á að fara að setja á svona miklar takmarkanir að heimta stúdentspróf til inntöku í þann skóla, sem menntar kennara, þá er það ákaflega undarlegt að geta ekki fallizt á það

að setja svona þó nokkru minni takmarkanir á inngöngu í kennaraskólann og ráða þannig bót á húsnæðisvanda hans. Þannig kom þetta mér fyrir sjónir.

Ég hef þrátt fyrir það, að ýmislegt hafi komið fram í þessum umr. í gagnstæða átt, ekki getað fellt mig við þá hugsun, að það eigi að gera sömu menntunarkröfur til þeirra kennara, sem eiga að kenna börnum — við skulum segja á aldrinum 7—13 ára, og þeirra, sem ætlazt er til, að kenni unglingum upp að 16 eða 17 ára aldri. Og um þetta ræddi ég við 1. umr. Mér sýnist, að í sambandi við barnaskólana þurfum við fyrst og fremst á að halda kennurum með almenna þekkingu á undirstöðugreinum, sem þar eru kenndar, og auk þess þekkingu í praktískri, verklegri uppeldisfræði. Og þetta er sú menntun, sem veitt hefur verið í Kennaraskóla Íslands, að mér skilst. Fyrir hina eldri nemendur í gagnfræðaskólum og einnig ýmsum öðrum skólum, sýnist mér, að á þurfi að halda kennurum, sem hafa sérhæft sig í ýmsum námsgreinum, eins og t. d. tungumálum, stærðfræði og eðlisfræði, svo að nokkuð sé nefnt af þeim greinum, sem kenndar eru í gagnfræðaskólum, en yfirleitt ekki í barnaskólum. Og ég er nú eiginlega þeirrar skoðunar, að sú stofnun, sem eigi að veita þá fræðslu, þ. e. fræðslu fyrir kennara í sérgreinum, sem kenndar eru í gagnfræðaskólum og fleiri skólum, sé Háskóli Íslands. Og við háskólann er starfandi deild, sem veitir slíka kennaramenntun í sérgreinum.

Hins vegar þarf svo að vera til menntastofnun, æðri menntastofnun, sem veitir vísindalega menntun í uppeldisfræðum, fræðslu, sem er fyrir þá, sem eiga að kenna uppeldisfræði, t. d. í kennaraskóla, fyrir þá, sem eiga að stjórna skólum, og fyrir aðra kennara, sem þá deild vilja sækja. Ekkert hef ég á móti því, að þessi deild uppeldismála heiti kennaraháskóli, en ég er eiginlega enn þeirrar sömu skoðunar, eins og fram kom hjá hv. 6. þm. Reykv. við 1. umr. þessa máls, að þessi kennsla í vísindalegri uppeldisfræði eigi heima í Háskóla Íslands í sérstakri deild, sem þá gjarnan má heita kennaraháskóli. En mér er nær að halda, að með því fyrirkomulagi, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., sem hér liggur fyrir, sé verið að vinna á tveim stöðum sama verkið, ef úr verður, þ. e. að í sérgreinadeildum háskólans eins og í B.A.-deildinni sé verið að mennta kennara í sérgreinum eins og tungumálum, stærðfræði, eðlisfræði, sögu, landafræði o. s. frv. og svo eigi kennaraháskólinn að kenna þessi sömu fög við hliðina á uppeldisfræðum og hinni verklegu kennslu. Þetta finnst mér vera eitthvað vanhugsað og skal ég þó játa það, að ég er ekki eins fróður í þessum efnum og þeir, sem hafa undirbúið þetta frv. En þetta sýnist mér vera eitthvað vanhugsað. Og ég held, að það yrði bót að því fyrir málið — bót að því fyrir þá, sem eiga að fá kennaramenntun á komandi árum, að ekki verði hrapað að því núna að samþykkja þetta frv., heldur gefi menn sér tíma til næsta þings til þess að afgreiða kennaramenntunina, og mundi þá gefast tækifæri til þess að ræða þetta vandamál við marga menn víðs vegar um land, sem mikla reynslu hafa í þessum efnum.

Ég endurtek það því, að ég mun greiða atkv. með dagskrártill., og ég vil beina því til hæstv. menntmrh., sem ég veit, að hefur góðan vilja í þessu máli, hvort hann geti ekki á það fallizt að fresta málinu til næsta þings, en þó að því yrði frestað, yrði að sjálfsögðu gagn að þeim umr., sem hér hafa orðið á þingi í báðum deildum, og þeim athugunum, sem gerðar hafa verið í sambandi við það.

Umr. frestað.

Á 90. fundi í Nd., s. d., var enn fram haldið einni umr. um frv.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það er ekki ætlun mín að tefja ykkur lengi hér. Menn eru nú orðnir þreyttir á þingsetunni, en mig langaði til að spyrja hæstv. menntmrh. nokkurra spurninga. Að sjálfsögðu eru hæstv. ráðh. ekki skyldugur til að svara. Ég hef ekki talað um þetta við hann áður, en langar aðeins til að spyrja um það, hvort áætlun hafi verið gerð um fjárhagsleg áhrif þessarar lagabreytingar á rekstur kennaraskólans, m. a. hvað áætlað er, að þessir væntanlegu prófessorar og dósentar kenni marga tíma á viku í framtíðinni, hvort það eigi að vera hliðstætt kennsluskyldu prófessora í háskólanum eða hvort kennslustundir eigi að vera óbreyttar frá því, sem verið hefur. Í öðru lagi langar mig til að spyrja, hvort nokkur áætlun hafi verið gerð um þær launabreytingar, sem af þessu leiða, eða fjölgun kennara, ef um færri kennslustundir væri að ræða hjá hverjum kennara, og hversu mikilli fjárhæð það mundi nema. Það er í sjálfu sér ekki nema eðlilegt, ef á að breyta l. um rekstur einhverrar stofnunar, að menn geri sér ljóst í byrjun, hver fjárhagsáhrif slíkt hafi. Ég talaði nokkur orð við 1. umr. þessa máls og benti þá á það eða lét í ljósi þá skoðun, að ég teldi, að þessar kröfur væru óþarflega miklar, þessi langa skólaseta fyrir kennara, sem ætlaði sér að kenna börnum. Ég hef ekki breytt um skoðun í því efni, því að það ræður ekki úrslitum um hæfni barnakennarans, hversu langt nám kennarinn hefur stundað, heldur er það hans eigin skapgerð og lagni við að kenna börnunum. Það þarf ekki að vera svo ýkjamikil þekking til að kenna börnum að lesa, skrifa og reikna, heldur þarf það að vera hæfileikinn til að kenna, þannig að ég lét það þá í ljós, að ég liti svo á, að það mundi vera að mörgu leyti hagfelldara að hafa þetta tvö stig. Við vitum það, að margir af okkar beztu kennurum hafa ekki verið neinir afburðanámsmenn, og við vitum það einnig, að meðal þeirra fáu vísindamanna, sem Íslendingar hafa átt, hafa ýmsir þeirra ekki verið neinir framúrskarandi námsmenn, en þeir höfðu bara hæfileika í þessa átt. Það má nefna menn eins og Finsen

og Þorvald Thoroddsen og slíka menn. Þeir voru ekki neinir framúrskarandi námsmenn, en þeir höfðu þessa hæfileika í þessa átt.

Það líður nú að kosningum, og satt að segja veit enginn fyrir víst, hvað við tekur. Ég held því, að það væri á margan hátt hagkvæmara að geyma að afgreiða þetta mál þar til eftir kosningar. Vera má, að það verði sami menntmrh. Þá er hægt að leysa þessi mál skólakerfisins öll í einu lagi. Grunnskólafrv. á að geyma. Ef það kemur annar menntmrh., þá er ekkert ólíklegt, að hann vilji hafa eitthvað að segja um þessi mál og því engu lakara, að það sé ekki búið að samþykkja þetta frv. Fyrir mér vakir ekki að gera kennaraskólanum eða kennaraliði hans á nokkurn hátt ógreiða, og ég hef ekki heyrt það á nokkrum manni, að hann óski þess. Ég hygg, að það vilji allir kennaraskólanum vel, og það er skóli, sem hefur haft gott orð á sér. Hitt er annað mál, að það hefur ekki verið búið á réttan hátt að honum með því að leyfa þessa ótakmörkuðu aðsókn. Það er sama, hvaða skóli það væri. Það getur enginn skóli búið við það. Nú er það svo, að ef þetta frv. verður samþykkt, þá á að gera stúdentspróf að inntökuskilyrði, þannig að það eru nú ekki líkur til, að það gerði nein ósköp til, þó að frv. yrði ekki samþ. nú og ekki yrðu teknir nýir nemendur að hausti. Vitanlega getur skólinn ekki tekið við jafnmörgum nemendum og hann hefur haft í vetur, og það verða þá einhverjar leiðir færar fyrir þessa menn, sem taka stúdentspróf nú, þó að þeir fari ekki í kennaraskólann endilega í haust. Og meiningin er nú að lofa þeim að stunda nám áfram við svipuð skilyrði, skilst mér, þ. e. þeim, sem komnir eru í skólann, og ljúka þar námi, þannig að það ætti ekki að breyta miklu, þó að frv. væri ekki endanlega samþykkt núna. Það eru þessar ástæður m. a., sem valda því, að ég hef gerzt meðflytjandi að því að fresta málinu eða vísa því frá dagskránni. Og ég hygg, að skólakerfi okkar sé orðið ískyggilega dýrt og það væri sannarlega þörf á að nota sem mesta hagsýni í því.

Mér hefur ofboðið þessi eyðsla á öllum sviðum, sem nú er, og ég efast um, að ráðamenn þjóðfélagsins geri sér það fyllilega ljóst, hvort þetta er óhætt eða ekki. Það var gott ár í fyrra. Það var mikill afli og alveg stórkostlegar verðhækkanir á útflutningsvörum okkar, en það er engin vissa fyrir, að svo verði áfram og m. a. s. takmarkaðar líkur fyrir, að aflinn verði nærri eins mikill. Við höfðum eftir atvikum haft tiltölulega frjálsar hendur með fjárhag s. l. ár og svona í byrjun þessa árs a. m. k., en það er engin sönnun fyrir, að svo verði. Nú er gert ráð fyrir stórkostlegri launahækkun að ári, og þá eiga tryggingaútgjöld að hækka og skattar í sambandi við það og annað slíkt, þannig að ég held, að það sé siglt dálítið óvarlega í fjármálunum, svo að ekki sé meira sagt. Má vera, ef byrinn verður hagstæður, að það gangi allt vel, en ef byrinn breytist, þá getur orðið erfitt um siglinguna, þannig að ég held, að það yrði á engan hátt neikvætt, þó að við frestuðum að afgreiða þetta. En vafalaust er þetta mál — svona bak við tjöldin — ákveðið endanlega, svo að það hefur ekki endanlega mikið að segja, þó að maður ræði þetta lengi.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vildi svara fsp. hv. þm. með því einu að vitna til þess, að í lok hinnar ítarlegu grg., sem stjfrv. fylgdi á sínum tíma í Viðauka III, er áætlaður rekstrarkostnaður Kennaraháskóla Íslands, nákvæm áætlun um hann, og er niðurstaða hennar, að rekstrarkostnaður Kennaraháskóla Íslands verði áætlaður að meðaltali á árunum 1975—1980 15.3 millj. kr. á ári. En í fjárl. 1971 er rekstrarkostnaður kennaraskólans áætlaður 34.6 millj. kr. á ári, og stafar lækkunin að sjálfsögðu af því, að gert er ráð fyrir mikilli fækkun nemenda í kennaraháskólanum við það, að stúdentar eingöngu eigi þar að fá nám. Það kemur einnig fram í þessum Viðauka III um áætlaðan rekstrarkostnað, að gert er ráð fyrir því, að prófessorar starfi 18 vikustundir, en dósentar 21 og lektorar 12 vikustundir. (Gripið fram í.) Þetta eru auðvitað kennslustundir, sem við er átt.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 876 felld með 19:13 atkv.

Brtt. 813 felld með 18:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HS, IG, JK, LJós, SV, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁS, EystJ, GíslG.

nei: GÞG, IngJ, JóhH, JP, MK, PS, SI, EKJ, BGr, BF, BrS, EðS, EmJ, FÞ, GeirH, GuðlG, GunnG, MÁM.

JSk, JónasÁ, MB, PJ, SE, SP, BGuðm, BP, GeirG greiddu ekki atkv.

2 þm. (HV, BK) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 18:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 890).

57. Almannatryggingar (stjfrv. um heildarendurskoðun).

Á 68. fundi í Ed., 18. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um almannatryggingar [281. mál] (stjfrv., A. 566).

Á 70. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég tel enga ástæðu til þess að leyna því, að ég ræddi við hv. stjórnarandstæðinga um það í gær að reyna að koma þessu máli til n. í dag, en var þá ekki

kunnugt um það, að þm. öllum mun vera boðið til að skoða hér nýbyggingu, sem verið er að taka í notkun, þannig að ég get ekki krafizt þess, að það samkomulag gildi, sem ég taldi, að hefði verið gert í gær, og gert var óvitandi um þessi efni, þ. e. að málið fari til n., þar sem ég veit, að allmargir munu vilja taka þátt í þessum umr. Ég vildi því eindregið mælast til þess við hæstv. forseta, að eftir að framsöguræðu minni lýkur, sem ég skal reyna að hafa sem stytzta, þá verði umr. frestað í von um það, að málið komist til n. á mánudag og nm., sem málið fer væntanlega til, kynni sér þá málið betur í millitíðinni. Ég hef um það ljósprentuð gögn, sem ég get látið n. beggja deilda í té, en það er eindregin ósk mín, að n. beggja d. vinni að þessu máli, þannig að framgangur þess megi verða tryggður á þessu þingi, þótt með einhverjum breytingum kunni að verða, því að höfuðatriðið hlýtur þó að vera, að málið nái fram að ganga. Það eru sem sé eindregin tilmæli mín, að n. beggja d., sem væntanlega verða heilbr.- og félmn., ræði málin sameiginlega og vinni úr þeim þannig, að frv. þurfi ekki að ganga á milli deilda.

Hinn 28. maí 1970 skipaði heilbr.- og trmrn. nefnd til þess að endurskoða gildandi lög um almannatryggingar. Nefndinni var falið að hafa samráð og samstarf við þá einstaklinga og félagasamtök, sem hér eiga hlut að máli, og skyldi hún skila áliti svo fljótt sem unnt væri og eigi síðar en svo, að hægt yrði að leggja niðurstöður hennar fram á næsta reglulegu Alþ. þar á eftir, eins og hér er gert. Í nefndina voru skipaðir í byrjun eftirtaldir menn: Björgvin Guðmundsson deildarstjóri, Guðjón Hansen tryggingafræðingur, Ólafur Björnsson prófessor, Sigurður Ingimundarson forstjóri og Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri, sem þá gegndi ásamt sínu starfi í félmrn. einnig ráðuneytisstjórastarfi í heilbr.- og trmrn., og var hann jafnframt skipaður formaður nefndarinnar og var það til loka nefndarstarfsins.

Hinn 1. sept. s. l., þegar nýr ráðuneytisstjóri tók við heilbr.- og trmrn., bættist Páll Sigurðsson, núv. ráðuneytisstjóri þar, einnig í nefndina. Ég taldi nauðsynlegt, að þetta kæmi fram nú þegar, þar sem nokkur brenglun hefur orðið á frásögnum um, hverjir ættu sæti í nefndinni.

Ég skal reyna að stytta mál mitt sem mest og draga aðeins út þá liði, sem teljast til nýjunga í frv., og láta þar við sitja án þess að ræða málið almennt, en til þess gefst væntanlega tækifæri í framhaldsumræðum um málið. Áður en ræddar verða breytingar, sem gerðar eru á einstökum gr. til leiðréttingar, verður stuttlega skýrt frá þeim heildarbreytingum, sem gerðar hafa verið:

1. Frv. gerir ráð fyrir, að allar bætur almannatrygginga hækki um 20% frá því, sem nú er. Þó er gert ráð fyrir, að barnalífeyrir verði hækkaður um 40% og fæðingarstyrkur um rúmlega 13%, en ekki er gert ráð fyrir hækkun fjölskyldubóta.

2. Lágmark elli- og örorkulífeyris er áætlað samkv. frv. 70 560 kr., en þó er gert ráð fyrir því, að ávallt komi til uppbót á þennan lífeyri, ef viðkomandi lífeyrisþegi er tekjulaus, og sú hækkun nemi þeirri upphæð, að heildartekjur lífeyrisþega, heildarlágmarkstekjur lífeyrisþega, verði 84 þús. kr. á ári. Lífeyrisupphæð til hjóna verði með sama hætti ekki lægri en 151 200 kr.

3. Þá er lagt til, að barnalífeyrisaldur verði hækkaður úr 16 árum í 17 ár og barnalífeyrir verði greiddur með barni látinnar móður, hvort sem hún var gift eða ógift og án tillits til efnahags eða annarra ástæðna.

4. Gert er ráð fyrir, að ekkjubætur verði greiddar í 6 mánuði í stað þriggja nú, ef ekkja er barnlaus, og í 12 mánuði til viðbótar í stað 9 mánaða nú, ef hún hefur fyrir barni að sjá.

5. Það er gert ráð fyrir heimild til greiðslu mæðralauna til fósturmæðra, sem ekki er í núgildandi lögum.

6. Samkv. gildandi lögum er aðalreglan sú, að bótaréttur samkv. ákvæðum almannatryggingalaga um lífeyristryggingu er bundinn við íslenzkan ríkisborgararétt. Lagt er til í frv., að fallið verði frá þessari kröfu, en þess í stað verði bótaréttur bundinn við lögheimili á Íslandi, en ellilífeyrir verði samt greiddur, þó að bótaþegi sé búsettur erlendis. Á móti þessu er gert ráð fyrir, að fjárhæð lífeyris skuli vera í hlutfalli við dvalartíma á Íslandi á gjaldskyldualdri. Lágmark dvalartíma til réttinda verði 3 ár, en full réttindi fáist eftir 40 ára dvöl. Þannig veitir skemmri dvalartími en 3 ár engin réttindi til greiðslu, en 20 ára réttindatímabil veitir rétt til hálfs lífeyris. Þessar breytingar eru lagðar til til samræmis við reglur þeirra þjóða, sem Íslendingar hafa mest samskipti við, og munu þær auðvelda Íslendingum samskipti við þessar þjóðir í tryggingamálum.

7. Heimildir til veitingar örorkustyrkja eru rýmkaðar frá því, sem nú er í lögum. Gert er ráð fyrir, að veita megi styrki vegna sérstaks aukakostnaðar, sem rekja má til örorku, enda þótt viðkomandi hafi eðlileg og venjuleg laun, og enn fremur, að styrki megi veita vegna bæklunar eða vanþroska barna innan 16 ára aldurs, ef um er að ræða mikil útgjöld foreldra vegna umönnunar og annars. Hér er um að ræða gerbreytingu frá því, sem er í núgildandi lögum, þar sem hvergi hefur verið hægt að liðsinna foreldrum vegna þessara barna, en eins og kunnugt er, er auk þeirrar fyrirhafnar, sem foreldrar hafa vegna barnanna, oft um veruleg fjárútlát að ræða, sem af þessu stafa.

8. Það er lagt til, að sjúkrasamlögum sé fækkað mjög verulega og hreppasjúkrasamlög verði lögð niður, en í staðinn komi sjúkrasamlög í hverju sýslufélagi. Verða þá framvegis í landinu aðeins kaupstaðar- og sýslusjúkrasamlög, og er því gert ráð fyrir, að í framtíðinni verði sjúkrasamlögin 38 að tölu í stað 223, eins og þau eru nú. Reynslan af hreppasamlögunum er fyrir löngu orðin sú, að þau séu of lítil tryggingareining, og var með breytingu almannatryggingalaga nr. 83 frá 1967 lagt til, að sjúkratrygging sjúkrasamlaganna yrði falin

héraðssamlögum, en auðsætt er, að stíga verður skrefið til fulls og gera ráð fyrir hinum stærri tryggingareiningum, eins og hér er lagt til, og er raunar vafasamt, hvort ekki verður nauðsynlegt að gera ráð fyrir frekari samruna sjúkrasamlaganna í framtíðinni.

9. Skömmu áður en fyrrgreind breyting var gerð á almannatryggingalögunum, þ. e. árið 1967, sem m. a. fól í sér, að meginhluti ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla var lagður undir sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins, höfðu verið samþykkt lög um fávitastofnanir nr. 53 frá 1967, og var þar gert ráð fyrir því, að fávitaframfærslan væri áfram á vegum ríkis og sveitarfélaga. Í þessu lagafrv. er gert ráð fyrir að afnema að fullu ríkisframfærslu fávita, en dvöl þeirra í heilbrigðisstofnun verði kostuð af sjúkratryggingunum á sama hátt og vist annarra samlagsmanna á hælum og þá af sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins.

10. Það er gert ráð fyrir, að greiðsluskylda sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins verði enn aukin, hvað snertir vistun sjúklinga á erlendum sjúkrahúsum — allt undir sama eftirliti og gert er ráð fyrir í núgildandi lögum, en með þeirri breytingu, sem hér er lögð til, er gert ráð fyrir, að einnig verði greiddur kostnaður við dvöl, lyf og læknishjálp, sem er nauðsynleg erlendis að lokinni sjúkrahúsvist.

11. Það er einnig gert ráð fyrir, að heimilt verði, að sjúkratryggingadeild taki þátt í kostnaði, sem verður verulegur vegna veikinda eða slysa utan sjúkrasamlagssvæða, sem viðkomandi sjúkrasamlag er ekki skyldugt til að greiða. Er m. a. hafður í huga kostnaður, sem fólk, sem er á ferðalögum eða í styttri dvöl erlendis, verður fyrir, þar sem það er ekki sjúkratryggt.

12. Samkv. gildandi lögum fellur niður lífeyrir bótaþega, ef hann dvelst lengur en einn mánuð á stofnun, þar sem sjúkratryggingar greiða fyrir hann. Í lagafrv. er gert ráð fyrir, að lífeyririnn falli niður, þegar vist er meira en 4 mánuðir á síðustu 24 mánuðum.

13. Allmiklar endurbætur eru gerðar á slysatryggingakafla laganna frá gildandi l. Þannig er í núgildandi l. ekki gert ráð fyrir, að slysatryggingar geti tekið til almennra heimilisstarfa, en í frv. er gert ráð fyrir, að heimild verði til að tryggja slík störf, ef þess er óskað í skattframtali. Á sama hátt eru greiðslur slysatrygginga vegna ýmiss konar aukakostnaðar vegna slysa, svo sem ferðakostnaðar, verulega auknar og fjölmörg ákvæði í sambandi við slysabætur eru í frv. gerð ítarlegri og skýrari en þau eru í gildandi lögum.

14. Í núgildandi l. er gert ráð fyrir, að bótaréttur falli niður, þegar ástand það, sem bótaréttur er byggður á, stafar af ofdrykkju eða deyfilyfjaneyzlu. Lagt er til, að fallið verði frá þessu sviptingarákvæði, sem hefur verið í gildandi l., enda gert ráð fyrir því, að hlutaðeigandi fari þá að fullu að læknisráðum og sinni fyrirmælum um þátttöku í þeirri starfsþjálfun og meðferð, sem stuðlað gæti að bættri afkomu hans og búið hann undir nýtt starf eða breytingu á lífsháttum sínum.

Tryggingastofnun ríkisins hefur gert að tilhlutan n. áætlun um hækkanir þær, sem leiða mundi af fyrirhuguðum lagabreytingum, á útgjöldum lífeyristrygginga, og er áætlunin þannig:

1. 20% hækkun lífeyristrygginga annarra en fjölskyldubóta, fæðingarstyrks og barnalífeyris, 290 millj. kr.

2. Hækkun fæðingarstyrks úr 13 þús. kr., sem hann er nú, í 14 700 kr., 6.5 millj. kr.

3. Barnalífeyrir: 40% hækkun á gildandi ákvæði, 24 millj. kr. Vegna fráfalls móður, sbr. 14. gr., 9 millj. kr. Vegna aldurshækkunar til 17 ára aldurs, sbr. 14. gr., 20 millj. kr.

4. Bótahækkun til ekkna samkv. 17. gr. frv., 4.5 millj. kr.

5. Breyting á ekkjulífeyri samkv. 18. gr., 15 millj. kr.

6. Lágmarkstrygging 84 þús. kr. árstekna elli- og örorkubótaþega, 85 millj. kr.

Þetta er því samtals 454 millj. kr.

Þess ber að gæta og rétt er að undirstrika, að áætlunin samkv. lið 6 um lágmarkstekjur elli- og örorkulífeyrisþega er ekki byggð á traustum grunni, og verður ávallt áætlun, þar sem fyrir fram er nánast útilokað að reikna út, hve mikill fjöldi manna kemur þarna undir, en liðurinn er í þessari áætlun áætlaður 85 millj. kr. Og eins er ákaflega erfitt að gera tæmandi áætlanir um heimildir um mæðralaun til fósturmæðra o. s. frv., og það verður þess vegna á sama hátt að taka þessar tölur með fyrirvara.

Ég læt svo þetta nægja sem framsögu fyrir málinu að þessu sinni, en ítreka það, að þegar 1. umr. málsins lýkur, væntanlega á mánudag, þá vinni n. beggja d. að skoðun málsins, þannig að hraða megi framgöngu þess sem allra mest, og ég hef hér undir höndum plögg, sem gætu veitt ýmsar upplýsingar, sem n. þörfnuðust, og er reiðubúinn að láta þær af hendi, ef menn telja það nauðsynlegt. En ég ítreka óskir mínar vegna þess, sem við vissum ekki í gær, þegar við vorum að ræða um, hvernig haga skyldi umr. málsins, og vil ég því nú ganga til móts við þá, sem um það ræddu við mig, með því að fresta umr. nú, en halda þeim áfram n. k. mánudag.

Umr. frestað.

Á 71. fundi í Ed., 22. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að segja nokkur orð um þetta mikilsverða mál hér við 1. umr. Ég skal þó takmarka það verulega:

„Það er frumskylda þjóðfélagsins að tryggja þeim þegnum sínum, sem komnir eru á efri ár og skapað hafa með vinnu sinni þann þjóðarauð, sem ný kynslóð tekur í arf, mannsæmandi lífskjör, viðunandi vinnuaðstöðu og möguleika til menningarlífs. Þessari skyldu hafa Íslendingar ekki gegnt sem

skyldi, og er brýn nauðsyn á skipulegu átaki til að koma velferðarmálum aldraðra í það horf, sem þjóðinni er sæmandi. Þar sem fjöldi þeirra, sem náð hafa 67 ára aldri, er hlutfallslega minni miðað við vinnufæra menn hér á landi en í nágrannalöndum okkar er auðveldara fyrir okkur en nágrannaþjóðir okkar að búa að eldri þegnum þjóðfélagsins svo, að til fyrirmyndar sé.“ Á þessa lund hefst ályktun velferðarráðstefnu Félags ungra framsóknarmanna í Reykjavík, sem haldin var fyrir þremur vikum, og ég geri ráð fyrir, að undir þessi orð geti hv. alþm. tekið. Við viljum kalla okkur velferðarríki og höfum uppi ýmislega tilburði til þess að vera það. En meðan þessari frumskyldu, sem ég áðan greindi, er eigi fullnægt, er allt slíkt hjal markleysa ein. Sama máli gegnir um þá, sem óvinnufærir eru og hafa skerta starfsorku af veikindum eða öðrum ástæðum. Einnig kjör þeirra og aðbúnaður hefur úrslitaþýðingu, þegar um það er spurt, hvort velferðarþjóðfélag sé í tilteknu landi eða eitthvert annað samfélagsform.

Frv. það, sem hér um ræðir, felur í sér talsverðar hækkanir á ýmsum tegundum tryggingabóta og er að því leyti spor í þá átt, sem við allir viljum fara. Það er vel farið, að úr sé bætt svo mjög sem á okkur hefur hallað í þessum efnum, þegar borið er saman við aðrar þjóðir, t. d. frændþjóðirnar á Norðurlöndum.

Meginbreytingar frá gildandi reglum eru þær, að bætur almannatrygginga hækka um 20%, barnalífeyrir hækkar um 40% og fæðingarstyrkur hækkar um 13.3%. Þessar breyt. ásamt nokkrum lagfæringum, sem ég tel minni háttar, er áætlað, að muni auka útgjöld Tryggingastofnunar ríkisins um 500 millj. kr. Af þeirri fjárhæð lenda þó ekki nema 180 millj. kr. á ríkissjóði, því að samkv. gildandi reglum um skiptingu kostnaðar við þær tryggingar, sem hér um ræðir — og því á ekki að breyta — eiga sveitarfélögin að bera 18% eða 90 millj. kr. af þessum umræddu bagga, atvinnurekendur 14% eða 70 millj. kr. og einstaklingar — eða hinir tryggðu — 32% eða 160 millj. kr. af þeim kostnaðarauka, sem af frv. leiðir. Hér er um talsverðar fjárhæðir að ræða, ekki skal því neitað, og vissulega mikilsverð réttarbót, þegar þessi hlið málsins er skoðuð ein út af fyrir sig, eins og hæstv. trmrh. gerði í framsöguræðu sinni hérna um daginn.

Á málinu er hins vegar sá mjög stóri galli, að samkv. 80. gr. frv. eiga ákvæði þess, þó að l. verði, ekki að taka gildi fyrr en 1. jan. 1972. Þangað til eða næstu 9 mánuði eða rúmlega það eiga ellilaunin t. a. m. að halda áfram að vera 4900 kr. á mánuði, eins og þau eru nú. Allar hækkanir, sem þangað til verða, á eldra fólkið að fá að bera bótalaust. Það má kannske segja, að einhverjum detti það í hug, að engin dýrtíðaraukning verði þangað til 1. jan. n. k. Það gildir verðstöðvun í landinu, eða er ekki svo? Því er þó því miður til að svara, að verðhækkanir hafa orðið og það verulegar á því tímabili, sem liðið er frá því, að verðstöðvunin svokallaða var sett á, og þær eru alltaf að verða. Ég hygg, að ég þurfi ekki að telja það upp fyrir hv. þdm., hverjar þær eru, því að við eigum hlut að þeim sjálfir — sumum hverjum. Við hækkuðum benzíngjaldið hér um stórfé, 2 kr. á lítrann — eða hvað það var — 3 kr. líklega. Og alls staðar blasa hækkanirnar við. Ég skal ekki reyna að spá neinu um það, hvaða atburðir kunni að gerast hér, áður en nýárssólin rennur upp næst, en hitt veit ég þó, að hinn 1. sept. n. k. lýkur svokallaðri verðstöðvun, sem sett var á hér fyrir áramótin til þess að gilda fram yfir kosningar. Tæpast ganga þau tímamót sporlaust yfir sviðið, ef að líkum lætur.

Við áttum þess kost, þm. þessarar hv. d., að heyra einn þm. stjórnarflokkanna, hv. 10. þm. Reykv., lýsa því af sinni alkunnu hreinskilni hinn 10. febr. s. l., hvað líklegt sé, að gerist þennan umrædda dag. Álit hans var svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„En ef verðstöðvuninni verður hætt, þá yrði það spurning, sem vissulega snertir mjög hagsmuni almennings, hvernig leysa eigi þann vanda, sem leiðir af þeim verðhækkunum, sem þá hljóta að verða þegar í stað. Nú eru kjarasamningar lausir, eins og kunnugt er, á hausti komanda, og enginn gerir öðru skóna en að einhverjar talsverðar kauphækkanir eigi sér þá stað. Að vísu er verð á útflutningsafurðum hagstætt sem stendur, en hin langvarandi og erfiða kaupdeila á togaraflotanum bendir þó til þess, að útgerðin telji sig ekki geta tekið á sig miklar kostnaðarhækkanir. Já, það er hrollvekja að hugsa til þeirra vandamála, sem blasa við, þó að sennilega verði reynt að taka upp léttara hjal í þeim efnum, a. m. k. fram að kosningum.“

Hér lýkur þessari tilvitnun, og glöggt mega menn sjá það strax, að hv. þm. ætlar að reynast sannspár, þegar hann býst við léttara hjali fram að kosningum. Gæti það ekki t. a. m. flokkazt undir léttara hjal að útmála lífsgæðin, sem í vændum séu eftir 9 mánuði? Afskaplega er ég hræddur um það, að svo kunni að fara í þessum hrollvekjandi atburðum öllum, að eitthvað saxist á þá kjarabót aldraða fólksins, sem hér er verið að lofa því, og það jafnvel svo, að það verði lítið betri kjör að hafa 6 þús. kr. á mánuði þá en tæp 5 þús. núna, en ég skal endurtaka það, að um þessa hluti ætla ég engu að spá. En svona vinnubrögð koma mér fyrir sjónir sem heldur ódýr brögð. Hér er kastað fram tveimur vikum fyrir þinglok heildarlagabálki um ein þýðingarmestu og vandmeðförnustu hagsmunamál stórs hluta þjóðarinnar, hinna öldruðu og þeirra, sem af einum eða öðrum ástæðum eru svo settir, að þeir þurfa á liðsinni samfélagsins að halda. Hér er því verið að semja um kaup og kjör þessa fólks eða ákvarða þau. Því er tæplega hægt að lá þm., þótt þeir telji sig þurfa nokkurn tíma til athugunar á þessum lagabálki, en til þess verða sjáanlega stopular stundir, þar sem frv. er dengt í þá hrúgu stjfrv. og annarra mála, sem hér eru til meðferðar þessa dagana.

Ég er síður en svo að vanþakka það, að leiðréttingar séu gerðar á gildandi ákvæðum. Þeirra er

sannarlega þörf, eins og ég áðan sagði. En ég bara bendi á það, að l. eiga ekki að taka gildi fyrr en um næstu áramót. Það er því ekki umhyggja fyrir þeim, sem laganna eiga að njóta, sem veldur því, að frv. er lagt fram núna á síðustu dögum þingsins, þegar svo naumur tími er til stefnu, að hálf framsöguræða hæstv. ráðh. gekk út á það að hvetja okkur til skjótra vinnubragða og til þess, að n. beggja d. ynnu saman o. s. frv., sem jafnan er lögð áherzla á, þegar mikið liggur við.

Þessi hæstv. ríkisstj., sem nú verður senn að leggja verk sín undir dóm kjósenda í landinu, ætlar ekkert fjármagn að útvega til að lagfæra kjör þessa fólks, sem hér um ræðir. Hún felldi allar till. þar að lútandi við fjárlagaafgreiðsluna í vetur. Allir sem einn sögðu þm. stjórnarliðsins nei, þegar þeir voru spurðir að því, hvort þeir vildu auka ríkisframlag til tryggingganna. Þessi hæstv. ríkisstj. leggur hins vegar fram till. um miklar bætur, sem eiga að koma til framkvæmda, þegar hún er farin frá. Þessi hæstv. ríkisstj. vill gjarnan eiga heiðurinm af því að laga kjör aldraða fólksins, en hún vill ekki hafa vandann af því að afla fjárins. Þegar við stjórnarandstæðingar flytjum frv. til lagfæringar á ýmsum málum, þá er það gjarnan kallað yfirboð af hæstv. ráðh. og við kallaðir ábyrgðarlausir lýðskrumarar, þegar bezt tekst til. En hvað skyldu þá hæstv. ráðh. kalla svona málatilbúnað, ef við ættum í hlut? Væri ekki rétt að doka við og sjá, hvort það, sem gerist eftir 1. sept. í haust, verður eins hrollvekjandi og hv. 10. þm. Reykv. hugsar sér og hvernig þróun verðlagsmála verður til næsta hausts, áður en farið er að slá því föstu, að ellilaun frá 1. jan. 1972 skuli verða 70 þús. kr. fyrir hvern einstakling. Enda er það svo, að einn nm., Guðjón Hansen, sem þetta frv. hefur undirbúið, leggur það beinlínis til, að málin verði betur athuguð. Í aths., sem prentuð er á bls. 33 með frv., segir hann, með leyfi forseta:

„Ég hefði kosið, að endurskoðun nefndarinnar á lögum um almannatryggingar hefði verið unnin í tveimur áföngum og hefði í hinum fyrri verið fjallað um þær breytingar, sem brýnust þörf er fyrir, en í síðari áfanga betur vandað til afgreiðslu á ýmsum málum en nefndin hefur gert . . .

Nefndin hefur engin skil gert veigamiklum málum, sem fjallað hefur verið um. Má þar í fyrsta lagi nefna breytingu á fjölskyldubótakerfinu, sbr. aths. við 26. gr. frv., í öðru lagi nauðsyn breytinga á ákvæðum um gjaldskyldu og lögheimili, annaðhvort með breytingum á almannatryggingalögum eða lögum um lögheimili og í þriðja lagi hugmynd um tryggingadómstól, er með fljótvirkum hætti skapaði bótaþegum réttaröryggi. Enn fremur hefði að mínu áliti mátt vanda betur til tillögugerðar nefndarinnar, ef nefndin hefði haft rýmri tíma."

Það er því ekki bara mín skoðun, að það hefði mátt vinna þetta verk betur. Einn nm. hefur þessa sömu skoðun og lætur hana fylgja frv. Það er sanngirniskrafa, að ellilífeyrir og aðrar greiðslur almannatrygginga fylgi vísitölu eins og önnur laun í landinu gera nú, og ástæðan er þeim mun ríkari, sem þessi laun eru öðrum lægri. Í frv., sem hér um ræðir, er mikilsvert spor stigið í þessa átt, sem ég vil gjarnan fagna sem stefnumarkandi ákvörðun varðandi framtíðina. Í 78. gr. frv. er komið til móts við þessa kröfu, sem margsinnis hefur verið fram sett, en í gr. segir, með leyfi forseta:

„Nú verður breyting á dagvinnukaupi verkamanna við almenna fiskvinnu, og skal ráðh. þá innan 6 mánaða, að fengnum till. tryggingaráðs breyta upphæðum bóta samkv. l. þessum og greiðslum samkv. 78. gr. í samræmi við það." Þarna er, að vísu afskaplega varfærnislega, verið að þoka tryggingagreiðslunum í átt til nokkurrar verðtryggingar. Að vísu á þessi verðtrygging ekki að koma fyrr en 6 mánuðum á eftir verðhækkunum og þó ekki nema að fengnum till. tryggingaráðs, en samt er þetta að mínu viti spor í rétta átt. Auðvitað væri þó réttara, að þessi laun væru miðuð við vísitölu og breyttust mánaðarlega eins og önnur laun, og ég held, að að því hljóti að verða stefnt í framtíðinni. Það getur ekki til frambúðar gengið, að verðbólgan fái óheft og bótalaust að höggva skörð í ellilaunin, eins og jafnan hefur verið til þessa. En þetta ákvæði 78. gr. frv. breytir engu um það, sem ég sagði áðan, að það er alveg út í hött að ákveða það núna, hver þessi laun eigi að verða eftir 9 mánuði, því að verðtryggingin lagar þetta ekki; hún kemur ekki til framkvæmda fyrr en 6 mánuðum þar á eftir. Í fyrsta lagi á miðju ári 1972 verður farið að brúka þessa heimild. En einmitt nú er fram undan einhver stærsta kollsteypan í efnahagsmálum, sem við höfum lengi séð — svo óskapleg, að hroll setur jafnvel að þeim, sem þó kalla ekki allt ömmu sína í þessum efnum.

Ef hér væri um að ræða kjarabætur, sem koma ættu til framkvæmda núna strax, og miðað væri við gildandi verðlag, þá væri sannarlega ástæða til að syngja hæstv. ríkisstj. lof og dýrð fyrir þann fagnaðarboðskap, sem hæstv. trmrh. var að flytja hér á föstudaginn. En því miður er ekki því til að dreifa, heldur er hér miðað við dagsetningu nánast í bláum fjarska, þannig að enginn veit, hvort hér er um nokkra raunverulega kjarabót að ræða. En hvað skal segja? Kosningahrollurinn er harður húsbóndi, og margur mun það mæla, að hæstv. ríkisstj. veiti ekki af nokkrum skrautblómum í hnappagat sinnar pólitísku yfirhafnar. Og allur sá mýgrútur illa undirbúinna stjfrv., sem nú er sýndur á Alþ., gæti bent til þess, að þetta væri ráðh. ljóst ekki síður en öðrum.

Um einstaka þætti frv. að öðru leyti skal ég ekki vera margorður nú. Ég sakna þess, að við þessa heildarendurskoðun, sem okkur er sagt, að fram hafi farið og frá er greint í athugasemdunum, þá hefur samt margt af ágöllum eldri tryggingalaga ekki verið lagfært. Í rauninni eru breytingarnar ekki ýkja margar. Á bls. 23 og 24 í aths. eru þær taldar upp. Ég geri ráð fyrir, að þær séu yfirleitt til bóta. Ég er ekki svo kunnugur framkvæmd tryggingamála, að ég treysti mér til að segja um það í einstökum tilvikum, en tryggingafróður maður,

sem ég hef átt tal við um þessi mál, telur, að þessar breytingar séu til bóta, og ég vil gjarnan trúa því. En ég sakna þess t. d., að ákvæðin um greiðslu tannviðgerða eru eins og þau, sem nú gilda. Það er enn aðeins heimild fyrir sjúkrasamlagið að taka þátt í þeim kostnaði og þó því aðeins, að viðkomandi rn. samþykki.

Ég hef alveg nýverið rætt þessi mál nokkuð hér í hv. d. í sambandi við frv., sem ég flutti um þetta efni, og ég skal ekki endurtaka það, sem ég sagði þá á þessu stigi, en það er sannarlega einkennilegt, svo að ekki sé meira sagt, að þetta eina líffæri, tennurnar, skuli skilið eftir, þegar um það er að ræða, að efnahagur eigi ekki að ráða því, hvort lækning fæst við sjúkdómnum, og það vantar allan rökstuðning fyrir því, að svo sé gert.

Þar sem ólíklegt er, að frv. það, sem ég flutti hér um það efni ekki alls fyrir löngu, fái þinglega meðferð — það væri a. m. k. meira en ég þori að vona — þá hef ég í hyggju og hef gert til þess ráðstafanir að flytja efni þess sem brtt. við þetta frv. í þeirri von, að einhverjir af stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj. geti hugsað sér að fela næstu ríkisstj. að standa straum af greiðslu þessa kostnaðar á sama hátt og þeir vilja fela þeim, sem við taka, að hækka bæturnar og verðtryggja launin.

Í þessu frv. eru sárafá nýmæli, þegar verðtryggingunni er sleppt. Það er búið að stagla 17 sinnum í þetta fat, sem sniðið var 1963, og það er nánast 18. staglið, sem hér er á ferðinni, og flíkin farin að verða illa bótheld.

Þá vil ég gagnrýna þau hroðvirknislegu vinnubrögð, sem lýsa sér í því, að tilvitnanir í aths. til einstakra greina eru yfirleitt allar vitlausar, svo til hver einasta. Þannig eru í almennu aths. á bls. 23 og 24 fjórar tilvitnanir til frvgr. og allar rangar. Og sama er að segja um aths. við einstakar gr.; þær eru líka skakkt númeraðar. Þetta skiptir auðvitað ekki máli upp á efni frv.; það er hægt að átta sig á þessu. Og aths. eru auðvitað ekki hluti af frv. En svona hroðvirkni er leiðinleg og ástæðulaus. Stjórnarráðið er ekki orðið svo illa mannað, að þörf sé á því að henda mikilsverðum lagabálkum frá sér óyfirlesnum.

Í sambandi við þá breytingu, að barnalífeyrisaldur er hækkaður úr 16 í 17 ár, sbr. 14. gr., breytast iðgjöld samkv. 23. gr. til almannatrygginga á sama hátt, að þeir, sem ekki eru orðnir 17 ára, þurfa ekki að greiða þau. Þetta tel ég eðlilega breytingu, þar sem fólk á þessum aldri er yfirleitt við nám og því óhægt um vik fyrir það að greiða þessi gjöld. Og sums staðar erlendis, t. d. í Noregi, eru þessi aldurstakmörk miðuð við 18 ár. En það vakti furðu mína við fljótan yfirlestur frv., að sjúkrasamlagsiðgjöldin eiga samkv. 40. gr. eftir sem áður að miðast við 16 ár. Þannig virðist, að þau rök, sem ég áðan nefndi fyrir því að sleppa þessu fólki við greiðslu iðgjaldanna til almannatrygginganna, séu að mati rn. ekki fullnægjandi, þegar um greiðslu sjúkrasamlagsiðgjalda er að ræða. Það má segja, að fyrir þetta unga fólk sé betri hálfur skaði en allur, en mér finnst vanta skýringar á því, hvers vegna sömu reglur eiga ekki að gilda í báðum tilvikum.

Eitt af því, sem kvartað hefur verið undan, eru fæðingarstyrkirnir og framkvæmdin á greiðslu þeirra, en ákvæðin um þá yrðu þó óbreytt frá gildandi l. Það er gert ráð fyrir afnámi ríkisframfærslunnar, sem síðustu árin hefur aðeins varðað fávita. Dvöl þeirra á heilbrigðisstofnunum skal framvegis kostuð af sjúkratryggingunum. Ég held, að þessi breyting sé til bóta og eigi fullan rétt á sér, enda engin ástæða til að fara með þennan sjúkleika öðruvísi en hina. En mér er spurn. Kostar þetta ekkert fyrir almannatryggingarnar? Á bls. 34 í aths. er prentuð á Fylgiskjali I áætluð hækkun, sem leiðir af fyrirhuguðum breytingum. Þar er þessi liður ekki talinn. Þetta hefur verið greitt úr ríkissjóði til þessa, þannig að þessir peningar eru vafalaust til, en það hlýtur að eiga að færa þá inn í þetta dæmi. En annars vonast ég til, að hæstv. trmrh. skýri það fyrir mér hér á eftir, ef hann telur ástæðu til þess.

Í 19. gr. er nokkur nýmæli að finna, en þar er svo ráð fyrir gert, að þeir, sem litlar eða engar aðrar tekjur hafa, eigi rétt á auknum elli- og örorkulífeyri, þannig að samanlagðar tekjur þeirra verði aldrei lægri en 84 þús. kr. fyrir einstakling og tvisvar sinnum það mínus 10% eða 151 200 kr. fyrir hjón. Hér er tekin upp skerðing eða tekjuhemill svipað og í l. var fyrir 1960. Fyrir mitt leyti get ég vel fallizt á, að einhver slík ákvæði séu í l., þannig að markmiðið með tryggingunum sé að skapa öllum mannsæmandi lífskjör og möguleika til menningarlífs, svo að ég endurtaki þau orð, sem ég byrjaði þessa ræðu á. Það er auðvitað engin ástæða til þess, að maður, sem hefur fullar tekjur t. d. úr sínum lífeyrissjóði, hafi jafnhá elli- og örorkulaun og sá, sem ekkert annað hefur við að styðjast. Ég veit, að ýmsir líta ekki svona á. Það eru ýmsir sem segja, að það, sem menn hafa sparað saman með því að greiða í lífeyrissjóð, eigi að koma þeim einum að notum alveg eins og það er gróði einstaklingsins að hafa sparað saman fé með öðrum hætti, t. d. með því að koma sér upp bankainnstæðu. Það, sem ég segi um þetta, er aðeins mín persónulega skoðun, og ég get endurtekið hana. Hún er sú, að einhver þess konar skerðing sé ekki óeðlileg, en forsenda hennar hlýtur þó að vera sú, að lágmark ellilauna eða tilsvarandi tekjur dugi fyrir framfærslukostnaði. Annars á slík skerðing engan rétt á sér.

Nú er það alveg augljóst, að þau ellilaun, sem frv. gerir ráð fyrir, 151 200 kr. fyrir hjón, duga hvergi nærri þeim til lífsviðurværis ekki einu sinni eins og verðlag er í dag og þá væntanlega miklu síður, þegar l. koma til framkvæmda. Það yrði næsta óeðlilegt, að þeir, sem hafa lágar tekjur, sem koma eiga til viðbótar ellilaununum — svo lágar, að samanlagt nægi ekki það, sem þeir hafa, eigi að hlíta skerðingu á ellilaunaréttinum. Í 3. mgr. 19. gr. er svo ákvæði, sem samsvarar 21. gr. gildandi l. og heimilar, að greidd sé uppbót á ellilaun og örorkulífeyri, ef sýnt þykir, að lífeyrisþegi geti ekki komizt af án hækkunar, og ber vafalaust að skilja gr. svo,

að þessi hækkun sé ekki takmörkuð við 84 þús. kr. hámarkið, sem sett er í 2. mgr., enda þótt orðalagið mætti satt að segja vera ljósara á ákvæðum þessum. Þegar til þessara uppbóta kemur, er farið að greiða eftir öðrum reglum en við elli- og örorkulaunin. Verður hlutur sveitarfélagsins rúm 50% af þeim launum, sem þannig eru greidd, þ. e. 40% beint, 10.8% gegnum Tryggingastofnun ríkisins. Ég held, að miklu réttara væri að hækka tekjulágmarkið samkv. l. meira en lagt er til með frv. og draga um leið úr þeim viðbótarlaunum, sem fólk getur fengið eftir þeirri erfiðu leið, sem bent er á í 3. mgr. Til þess að koma til greina samkv. þeim ákvæðum verður fólk nánast að segja sig til sveitar, og það eru áræðanlega mörgum þung spor. Auk þess er fjárhag ýmissa sveitarfélaga þannig varið, að þeim mun reynast fullerfitt að standa straum af þeim útgjöldum, sem þarna er um að tefla, en hlut sveitarfélaganna ætla ég ekki að gera að öðru leyti að umtalsefni nú.

Augljóst er, að 151 þús. kr. duga ekki til framfærslu, og verði t. d. hjón að fara á elliheimili, þá kostar dvölin þar um 250 þús. kr. á ári fyrir þau miðað við verðlag dagsins í dag, og þannig vantar 100 þús. kr., sem verða þá að koma eftir leið 3. mgr. 19. gr., ef ekki vill betur til. Það verður að stefna að því og ná því marki fljótlega, að ellilaun og örorkulífeyrir dugi fyrir uppihaldi á elliheimili, sem verði í framtíðinni fyrst og fremst hjúkrunarheimili með viðunandi þjálfunar- og lækningaaðstöðu fyrir það aldraða fólk, sem þarfnast hjúkrunar. Jafnframt verði byggðar litlar leiguíbúðir fyrir aldrað fólk bæði í sérstökum fjölbýlishúsum, þar sem ýmis sameiginleg þjónusta er fyrir hendi, og í fjölbýlishúsum, þar sem jafnframt eru íbúðir fyrir fólk á öllum aldri, enda verði teknir upp húsaleigustyrkir til aldraðra samkv. sérstökum reglum. Þannig er þetta t. d. í Danmörku, en nýjar upplýsingar þaðan hef ég undir höndum. Þar eru ellilaunin tvöföld á við það, sem þau eru hér eða um 10 þús. ísl. kr. á mánuði, húsaleigan niðurgreidd, sími ókeypis, ef á þarf að halda, sjónvarp og útvarp gjaldfrítt, iðgjöld með almenningsvögnum því sem næst án greiðslu, tannviðgerðir greiddar eftir reikningi, gleraugu einnig og aðgangur að húshjálp, ef þörf krefur, enda eru ellilaunin þar miðuð við það takmark, að þau dugi til lífsframfæris og gera það að vísu því aðeins, að sparlega sé á haldið; það skal viðurkennt. Þessu marki verðum við einnig að ná. Og í þá veru má líta á þetta frv. sem stefnumarkandi viljayfirlýsingu. Því er sjálfsagt að samþykkja það eða hliðstæð ákvæði, sem lengra gengju.

En ég endurtek, að mér finnst vinnubrögðin og allur gauragangurinn í kringum þetta fremur óviðfelldinn, því að þegar til kastanna kemur, er þó ekki annað hér á ferðinni en tilmæli núv. ríkisstj. til þeirrar næstu um að leysa vinsamlegast þann vanda, sem þessi stjórn hefur ekki valdið, þ. e. að tryggja það, að kjör aldraðs fólks og öryrkja dragist ekki langt aftur úr kjörum annarra þegna þjóðfélagsins.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég mun ekki ræða mikið við þessa umr. um einstök atriði þessa frv., heldur fara um það nokkrum almennum orðum nú. Mér mun gefast betra tækifæri til þess, þegar það kemur til n., þar sem ég á sæti og eftir að málið hefur verið þar til meðferðar, að ræða einstök atriði. Ég vil strax taka undir það með hv. síðasta ræðumanni, að ég tel, að það séu fá málefni, sem löggjafarvaldið fjallar um, sem nú sé brýnna að gera umbætur á en tryggingalöggjöfin, og þarf ekki í sjálfu sér mörg orð um það að hafa, hvernig tryggingalöggjöfin, eins og hún er nú úr garði gerð, er alveg vanmáttug að fullnægja lágmarkskröfum þess fólks, sem á við að búa vanheilindi til starfa eða er orðið lasburða af elli, og hversu vanmáttug löggjöfin er í því að halda þessu fólki ofan vissra fátæktarmarka. Ástandinu í þessum málum var nýlega lýst mjög skilmerkilega í merkri blaðagrein, sem Jónas Guðmundsson, einn af fyrrverandi forystumönnum Alþfl. og fyrrverandi alþm., sem um áratuga skeið hafði haft mikil afskipti af sveitarstjórnarmálum og tryggingamálum, ritaði. Hann sagði m. a., að það væri guðlast að tala um velferðarþjóðfélag á Íslandi, því að hér ríkti ekki einu sinni framfærsluþjóðfélag. Með þessum orðum átti hann vitanlega fyrst og fremst við tryggingamálin.

Það er oft talað um það, að hér á Íslandi sé lítil stéttaskipting og jafnvel að engin fátækt sé hér. Fátækt er auðvitað afstætt hugtak og ekki ákaflega auðvelt að segja ákveðið hvar mörkin liggja, en ég held, að hér á landi hljótum við að leggja stolt okkar í það og allar aðstæður leyfi okkur að setja það mark tiltölulega hátt og við getum ekki í þeim efnum t. d. farið að miða okkur við afkomu manna í þróunarlöndunum eða önnur þau ríki, þar sem þjóðartekjur á mann eru miklu lægri en hér eru. En það er kunnugt, að við Íslendingar erum meðal þeirra þjóða, sem hafa hvað hæstar þjóðartekjur á mann — kannske meðal hæstu þjóðanna. Við búum líka á breiddargráðu, sem verður til þess, að menn gera miklar kröfur til ýmissa þeirra lífsþæginda, sem frekar er hægt að vera án á öðrum breiddargráðum jarðar, og af því leiðir, að menn þurfa meira til sín og hin raunverulegu fátæktarmörk liggja af þeirri ástæðu miklu ofar en meðal margra annarra þjóða. En ég tel, að það sé alveg augljóst, að hér á landi hljóti allir þeir að vera neðan hinna raunverulegu fátæktarmarka yfirleitt, sem þurfa að byggja afkomu sína á íslenzkri tryggingalöggjöf. Ég tel líka, að verkamenn, sem ekki hafa annað til framfærslu sér og sínum fjölskyldum en dagvinnutekjur, séu innan eðlilegra fátæktarmarka. En það er að mínu viti fyrst og fremst gamla fólkið, sem á fáa eða engan að og ekki hefur tekizt á langri ævi að safna í neina varasjóði til ellinnar eða þá þeir hafi eyðilagzt í eldi verðbólgunnar, og þeir, sem sjúkdómar og slys hafa dæmt úr leik, sem hér koma til álita. Það má líka nefna einstæðar mæður, ekkjur o. s. frv. og ýmsa fleiri, sem ekki hafa af neinum nægtabrunnum að ausa og verða að sætta sig við þau lágmarkskjör, sem íslenzk trygginga-

löggjöf dæmir þeim. Það er að mínu viti alveg öruggt mál og hafið yfir gagnrýni, að það er raunverulega í mörgum tilfellum um að ræða hreint svelti. Þetta fólk hefur ekki til hnífs eða skeiðar í bókstaflegri merkingu. Og ég held, að það gæti verið alveg sérstakt rannsóknarefni að athuga það, við hvaða lífsskilyrði þetta fólk raunverulega lifir í stórhópum. Ég held, að niðurstaðan af því yrði sú, að í ýmsum tilfellum minnti ástandið jafnvel frekast á það, sem hér gerðist um niðursetninga á tímum hreppaflutninga fyrir áratugum síðan.

Það er þess vegna vissulega ekki að ófyrirsynju, að endurskoðun hefur farið fram, sem þótti nauðsynleg á tryggingakerfinu. En um þá endurskoðun, sem hér hefur farið fram, vil ég fyrst segja það, að ég tel, að undirbúningur og framkvæmd þessarar endurskoðunar hafi verið í samræmi við verstu siðvenjur, sem tíðkazt hafa um endurskoðun stórra lagabálka á undanförnum áratugum undir viðreisnarstjórninni. Hér hefur pólitísk n. verið sett til starfa og pólitískir gæðingar að mestu leyti, þó að ég vilji ekki segja, að það sé ekki út af fyrir sig þar um margt mætra manna að ræða. En þeirri aðferð hefur ekki verið beitt, sem ætti að vera regla að beita við endurskoðun á slíkum stórum og þýðingarmiklum málaflokkum sem þessum, þ. e. að um væri að ræða breitt pólitískt samstarf t. d. millipinganefnd, sem skipuð væri fulltrúum margra þingflokka. Í þessari n. hafa heldur engir verið, sem líta mætti á sem sérstaka fulltrúa öryrkja eða lífeyrisþega eða neinna samtaka, sem við þau mál fást, þó að hins vegar sé tekið fram í grg., að eitthvert samband hafi verið haft við þessa hópa. Það þarf heldur ekki að fara í grafgötur um árangurinn. Dómur þess manns, sem í n. átti sæti og er vafalaust langhæfastur af öllum þeim, sem skipaðir voru að öðrum ólöstuðum, er sá, að frv. hafi verið illa undirbúið og m. a. hafi verið sleppt að fást við ýmis mjög mikilsverð atriði tryggingamálanna eins og t. d. sérstakan tryggingadómstól, sem menn virðast þó vera sammála um, að nauðsyn sé á að koma á fót, og ekki hafi verið athugaðar neinar breytingar á fjölskyldubótakerfinu í þessu sambandi og hugsanlegum tengslum þess við skattkerfið.

En við þetta má auðvitað ýmsu bæta. Það hefur ekki verið tekin til neinnar sérstakrar meðferðar sú aðferð, sem höfð var til tekjuöflunar til tryggingamálanna. Sá mikilvægi þáttur, sem lýtur að útgjaldahliðinni, er auðvitað ákaflega mikilsverður. En hann tengist að sjálfsögðu ýmsum öðrum grundvallaratriðum tryggingakerfisins. Í mínum huga er það t. d. mikil spurning, hvort ekki er orðin á því brýn nauðsyn að fá fram með löggjöf og með endurskoðun bæði á skattamálum og tryggingamálum beina tengingu milli skattkerfisins og tryggingakerfisins t. d. á þann hátt, að skattkerfið sé meira og beinna notað til þess að tryggja öllum, vinnufærum mönnum sem óvinnufærum, gömlum sem ungum, lágmarksframfærslu. Ég tel, að í þessu sambandi hafi líka átt að taka nefskattakerfið til rækilegrar athugunar. Ég tel það í eðli sínu óréttlátt og tel það verka að meira eða minna leyti til beinnar eða óbeinnar skerðingar á kjörum ýmissa þeirra, sem sízt skyldi, í sambandi við tryggingamálin. Ég tel t. d., að það sé alveg fráleitt, að unglingar, sem nú eru flestir sem betur fer í skólum til undirbúnings sínu lífsstarfi fram að tvítugsaldri eða fram yfir tvítugsaldur, séu látnir borga þessi iðgjöld, jafnvel þótt hagkerfið væri notað. Og staðreyndin er sú, að þessir nefskattar eru a. m. k. fyrir heimili, sem hafa mörg börn á framfæri og á einhverju tímabili mörg börn í skólum, einhver þyngstu opinberu gjöldin, sem um er að ræða. En aðalatriði þessa máls tel ég það, að við ættum algerlega að hverfa frá nefskattakerfinu og afla tekna með öðrum leiðum í okkar skattkerfi.

Um þær hækkanir, sem hér eru fyrirhugaðar samkv. þessu frv. á lífeyrisgreiðslum, þá tel ég, að þær séu algerlega ófullnægjandi. Lágmarkslífeyrir er samkv. frv. ákveðinn tæpar 5900 kr. á mánuði eða rúmlega 160 kr. á dag, og það mega auðvitað allir sjá, hversu hátt það hossar hverjum þeim, sem á því verður að byggja framfærslu sína. Og þó að tekið sé með í reikninginn það tekjulágmark, sem á að ábyrgjast lífeyrisþegum samkv. frv., þá er hér ekki um að ræða nema 7 þús. kr. á mánuði eða röskar 200 kr. á dag. Í þessu sambandi get ég ekki stillt mig um að minnast sérstaklega á eitt atriði, og það eru tengsl þessa frv. við annað frv., sem lagt var hér fram sama daginn fyrir helgina, s. l. föstudag, um eftirlaun til aldraðra. Ég tel, að með ákvæðum þessa frv. sé verið að ræna aftur samningsbundnum greiðslum, sem aldrað fólk í stéttarfélögum á að njóta og með síðari löggjöf einnig bændur. Þau lög eru í raun og veru að verulegu leyti „annúlleruð" með ákvæðum þessa frv. Ég tel það alveg fráleitt, að þegar tekjulágmark lífeyrisins er ákveðið, séu teknar inn í þetta þær greiðslur, sem þetta fólk á að hafa samkv. lögunum um eftirlaun til aldraðra í stéttarfélögum, og algerlega óvenjulegt líka frá því sjónarmiði séð, að þeir aðilar, sem að þeim greiðslum standa, séu teknir inn sem einhver uppistaða í tryggingakerfinu.

Hér er um alveg óskylda hluti að ræða, sem ekki er unnt með nokkurri sanngirni að blanda saman, og ég tel það illa gert og ómaklega að hrifsa þannig til baka, eins og með þessum ákvæðum er gert, með annarri hendinni það, sem látið er með hinni. Eftirlaun til aldraðra voru skoðuð og um þau samið sem alveg sérstakar greiðslur — öllum öðrum greiðslum óháðar — til þeirra öldruðu manna í stéttarfélögunum, sem ekki gátu notið þess lífeyris með ákvæðunum og samningunum um lífeyrissjóðinn, og þær greiðslur má að mínu viti ekki með neinum beinum eða óbeinum hætti skerða. Þannig að ég held, að það sé alveg bráðnauðsynlegt að gera hér breytingu á, þó að annað væri látið standa, þegar þetta tekjulágmark er ákveðið fyrir hvern einstakling, og þessar greiðslur komi ekki þarna inn í. Og sannleikurinn er sá, að þessar greiðslur til aldraðra í stéttarfélögum skipta ekki lengur máli nema fyrir betur stæða lífeyrisþega. Þeir, sem eru á

lágmarksbótum samkv. lögum um lífeyrisgreiðslur til aldraðra, eftirlaun til aldraðra í stéttarfélögum, njóta einskis við þá löggjöf, eins og ákvæði þessa frv. eru. En ég vil samt sem áður taka það mjög skýrt fram, að með því að ábyrgjast ákveðið lágmarkstekjumark, liggi á bak við það alveg heilbrigð hugsun, og ég hygg, að það mætti alveg að ósekju og væri til bóta, að það væri farið lengra inn á þær brautir að ákveða lífeyrisgreiðslur eftir því, hverjir aðrir tekjumöguleikar lífeyrisþegans eru.

Það er enginn vafi á því, að á sama tíma og lágmarkslífeyrisgreiðslurnar eru fyrir neðan allar hellur og verða fyrir neðan allar hellur þrátt fyrir þær tryggingar, sem nú voru fyrirhugaðar, þá fer stórfé í gegnum tryggingakerfið til fjölmargra, sem enga þörf hafa fyrir það fé af þjóðfélagsins hálfu. En þegar horfið væri að þessu, þá teldi ég sem sé, að það þyrfti að tengja þetta allt og skoða þau mál niður í kjölinn í beinu sambandi við sjálft skattkerfið og endurskoðun á því. En sem sé við segjum það, að ástandið í þessum málum sé allt á þann veg, að auðvitað verði menn öllu fegnir og gleðjist yfir hverjum áfanga, hversu smár sem hann er í því að endurbæta tryggingakerfið. Og það á auðvitað líka við um þær réttarbætur, sem í þessu frv. felast og eru allmargar, en breyta þó ekki að mínu viti eða bæta í grundvallaratriðum kerfið að neinu verulegu marki.

Það voru hafðar uppi — ef ég man rétt, ef mig misminnir ekki, ég hef ekki um það orðréttar tilvitnanir, ég hef ekki aflað mér þeirra, en það ætti að vera auðvelt — stórar samþykktir á síðasta flokksþingi Alþfl. á því hausti, sem leið, um allsherjarendurbætur á tryggingakerfinu. Ég vil í sjálfu sér ekki efast um vilja Alþfl. í því í reynd, að hann hafi verið meiri en þetta frv. gefur til kynna, en hér hafi mál farið í samræmi við það, sem nýlega sagði í einu málgagni Alþfl., Alþýðumanninum á Akureyri, að Alþfl. hefði á síðustu árum lagt Sjálfstfl. til ýmis góð mál til þess að berjast fyrir, en auðvitað hefði það allt orðið að platpólitík í höndum Sjálfstfl. Þetta er að vísu nýyrði, kannske dónalegt að endurtaka það hér úr ræðustól á Alþ., en þannig stendur þetta svart á hvítu í næstsíðasta eintaki af Alþýðumanninum á Akureyri.

Ég verð að segja það, að mér þykir sú hækkun lífeyris, sem hér er fyrirhuguð, lítil miðað við allar aðstæður og miðað við það, hvaða breytingar hafa verið að gerast í okkar launakerfi. Ég benti t. d. á það, að hækkunin er ekki nema í kringum 1/30 partur af þeirri kauphækkun, sem hæstv. ráðh. hefur verið ákveðin í sambandi við útreikninga á launakerfi opinberra starfsmanna, og hún er miklu minni en sú meðaltalshækkun, sem opinberir starfsmenn hafa fengið. En eins og hv. síðasti ræðumaður, 11. þm. Reykv., kom inn á, þá er þó eitt enn lakara, þ. e. a. s. það, að hér er aðeins um að ræða að gefa út ávísun á tékkhefti næstu ríkisstj. — ávísun, sem allsendis er óvíst, að nokkur innstæða verði fyrir, þegar sú ríkisstj. fer frá, sem þetta frv. ber fram. Það er staðreynd, að hæstv. núv. ríkisstj. mun á þessu ári leggja á þjóðina í sköttum og skyldum til ríkissjóðs a. m. k. hálfan fjórða milljarð, og það er líka staðreynd, eftir því sem bezt verður vitað og staðfest af talsmönnum ríkisstj. hér á Alþ., að þessum umframtekjum verður búið að eyða öllum upp til agna 1. sept. n. k., og hvar á þá að taka það fé, sem vantar fyrir t. d. þessum og öðrum nauðsynlegum útgjöldum.

Ég tel að vísu, að okkar hag sé ekki svo illa komið, og spái því ekki, að honum verði svo illa komið, að við getum ekki risið undir því með þeim þjóðartekjum, sem við höfum, að auka lífeyri gamla fólksins og þeirra sjúku og vanmáttugu í þjóðfélaginu um 180—200 millj. kr. úr ríkissjóði. Ég held, að það sé enginn vafi á, að það sé hægt, en samt sem áður þarf að ákvarða til þess einhverjar leiðir, og það hefur verið vanrækt í sambandi við þetta frv.

Og það hefur líka verið vanrækt að gera grein fyrir því, hvaða áhrif þetta hefur á fjárhag sveitarfélaganna og hvernig við eigum að mæta því. Þar eru örugglega möguleikarnir töluvert minni en hjá ríkisstj. Hv. síðasti ræðumaður gerði nokkuð að umtalsefni það atriði, sem hann taldi til einna mestra bóta í sambandi við þetta frv., að nú væri ákveðið með vissum hætti að greiða vísitölu á laun. Ég get vissulega tekið undir þetta.

En ég verð að játa, að mér er ekki fullkomlega ljóst, og vildi ég biðja um það sérstakra skýringa hæstv. ráðh., hvað ákvæðin um þetta raunverulega þýða. Þýða þau það, að lífeyrisgreiðslur og bætur samkv. tryggingunum eigi ekkert að hækka í samræmi við kauphækkanir, sem verða á þessu ári? Gildir það aðeins um þær hækkanir, sem verða eftir næstu áramót á kaupi? Þetta er auðvitað ákaflega mikilsvert atriði vegna þess, að það er öllum augljóst, að þegar kemur að skuldadögunum 1. sept. og ég vil nú segja ekki síður 1. okt. n. k., þegar samningar óvefengjanlega verða úr gildi numdir, þá hlýtur að verða um mjög verulegar kaupkröfur að ræða af hálfu verkalýðshreyfingarinnar að sjálfsögðu fyrst og fremst vegna þess, hvernig farið hefur um þær kauphækkanir, sem hún samdi um á s. l. vori, og einnig með hliðsjón af því, að betur launaðar stéttir hafa breytt sínum kjörum nú, síðan þeir samningar hafa verið gerðir. En ef skilja ber þetta svo og ef það er meiningin, að þetta eigi aðeins að gilda um þær kauphækkanir, sem verða eftir 1. jan. 1972, þykir mér auðsætt, að þessar hækkanir, sem hér eru ákveðnar, séu nákvæmlega einskis virði og þá geti farið svo, að hlutur lífeyrisþeganna í samanburði við aðra, sem laun taka með öðrum hætti í þessu landi, verði lakari en áður. Ég verð að vísu að játa, að mér þykir miklu sennilegri sú skýring, að það sé hugsunin að þetta eigi að gilda um allar kauphækkanir, sem verða, hvort sem er á þessu ári eða því næsta. En mér hefur ekki tekizt að sjá það af ákvæðum laganna, að það sé óyggjandi. Og hv. síðasti ræðumaður skildi þetta örugglega, þar sem hans orð féllu á þann veg, að hér væri eingöngu um að ræða, að þessar óbeinu vísitölu-

bætur ættu að fylgja kaupgjaldi frá og með næstu áramótum, en hér er auðvitað um alveg úrslitaatriði að ræða, þ. e. hvort þessar hækkanir, sem hér er vísað á í framtíðinni og lofað og væntanlega staðið við, eru einhvers virði eða einskis virði.

Ég vil svo aðeins að lokum segja það, að mér finnst höfuðgallinn á þessu frv. vera sá, að lífeyrisgreiðslurnar og bæturnar samkv. lögunum séu of lágar og það hefði ekki verið nein ofrausn, þó að þær hefðu verið tvöfaldaðar frá því, sem nú er. Það hefði verið raunverulega alveg lágmark þess, sem hugsanlegt var, að við gætum sætt okkur við, ef við á annað borð eigum að skoða tryggingabæturnar sem einhverja vörn gegn því, að verulegur hluti af því fólki, sem erfiðast á með að bjarga sér í samfélaginu af eigin rammleik, eigi ekki að vera fyrir neðan þau fátæktarmörk, sem þjóðinni eru ekki sæmandi miðað við sína fjárhagsgetu og sínar tiltölulega miklu þjóðartekjur.

Í öðru lagi tel ég það megingalla á frv., að breytingarnar á sjálfu gjaldakerfinu til trygginganna hafi ekki verið endurskoðaðar og þeim ekki breytt í grundvallaratriðum, þ. e. a. s. að ekki hafi verið horfið að neinu leyti frá nefskattakerfinu eða gerð nein tilraun til þess að fara út á þær brautir.

Og svo að lokum það, að lögin skuli ekki taka gildi fyrr en 1. jan. 1972. Ég vil svo að lokum taka undir það, sem hv. 11. þm. Reykv. sagði um það mál. Ég tel þetta bæði óviðunandi og ósæmandi af ríkisstj., sem er að fara frá völdum, að ætlast ekki til neins af sjálfri sér um tekjuöflun til þeirra bóta á tryggingalöggjöfinni, sem hún viðurkennir, að séu nauðsynlegar, en vísi aðeins á ríkisstj., sem enginn getur í dag sagt um, hver er eða hver verður. Ég held, að í þessum efnum væri það eitt sæmandi hæstv. ríkisstj. að standa sjálf við sínar eigin skuldbindingar, en ekki ætla það einhverjum öðrum.

Ég hefði talið, að það hefði verið algert lágmark til viðbótar því, sem í þessu frv. felst, að í l. væri nú þegar sett ákvæði um nýja og betri endurskoðun á öllu tryggingakerfinu, t. d. með skipun milliþinganefndar. En þrátt fyrir þetta, sem ég hef sagt, þá vil ég ítreka það, að frv. í heild gefur — því er ekki hægt að neita — ofurlítið fyrirheit um nokkrar úrbætur, sem hafa vissulega verið tíundaðar hér rækilega af hæstv. ráðh. í hans framsöguræðu, og eins og ég sagði áðan, þá verða menn, eins og málin standa í þessum efnum, flestu fegnir.

Ég mun því ekki fyrir mitt leyti gera neinar tilraunir til þess að tefja afgreiðslu á þessu máli og leggja mitt fram til þess, að það geti fengið fljóta afgreiðslu, en ég ætlast líka til þess, að sú hv. n., sem fær það til athugunar, taki frv. raunverulega til rækilegrar yfirvegunar og geri á því allra nauðsynlegustu breytingar til þess, að frv. geti talizt nokkur veruleg bót á því slitna fati, sem íslenzka tryggingakerfið nú er.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Þeir tveir hv. þm., sem rætt hafa um þetta mál, eftir að hæstv. ráðh. flutti framsöguræðu sína fyrir því, hafa vikið að ýmsum mikilvægum atriðum, sem ég er í stórum dráttum sammála, og get ég þess vegna stytt mál mitt nokkuð með tilliti til þess, sem þeir hafa sagt um ein og önnur atriði frv. Hv. 11. þm. Reykv. byrjaði mál sitt á því að lesa hér yfir þingheimi ákaflega fallega ályktun frá ungum framsóknarmönnum, sem þeir höfðu gert hér alveg nýlega. Mér datt nú í hug, þegar næsti ræðumaður var hv. 4. þm. Norðurl. e., að það hefði eiginlega staðið honum nær að lesa þessa ágætu ályktun, en það er nú sama hver það gerði. Þetta var ályktun af því tagi, að það geta allir undir hana tekið, jafnvel rosknir framsóknarmenn líka.

Hæstv. ríkisstj. er býsna dugleg að unga út frv. nú síðustu dagana. Það hefur verið margsinnis tilkynnt þm., að ætlunin er sú að ljúka þingi fyrir páska, svo að það er nú orðinn býsna skammur tími til stefnu að afgreiða allan þann sæg mála — eða eitthvað verulegt af þeim — og það jafnvel stórmála, sem drífur nú daglega á borð hv. þm. og þá alveg sérstaklega frá hæstv. ríkisstj. Ég gerði mér það til dundurs hér fáeinar mínútur í dag að telja saman þau frv., sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt á borð þm., ný frv. núna síðan 10. marz eða síðustu 12 dagana, og mér taldist svo til, að það væru 21 þingmál, og kann þó vel að vera, að ég hafi ekki talið allt. En þetta er lágmarkstala þeirra stjfrv. — og þáltill. mun þar vera ein að vísu — sem lögð hafa verið á borð þm. núna síðustu 12 dagana. Og síðan er alþm. ætlað að taka þessi sum hver stóru mál til meðferðar og fjalla um þau á þeim skamma tíma, sem eftir er af þinghaldinu.

Eitt þessara stóru mála, sem kemur nú svo seint á þingtíma, er það frv. til l. um almannatryggingar, sem hér er nú til umr. Það hefur ekki dulizt neinum, að af hálfu þeirra hv. Alþfl.-manna var hér að fæðast allmyndarlegt afkvæmi, og held ég, að það hafi a. m. k. verið skýrt frá því í þremur blöðum Alþýðublaðsins með svo að segja heimsstyrjaldarletri hverju sinni, að þetta frv. væri nú á leiðinni og hv. þm. Sigurður Ingimundarson ætlaði að halda um það ræðu á einhverjum Alþfl.-fundi, og síðan, að hann væri búinn að halda um það ræðu. Þá kom álíka stór fyrirsögn — ekki var hún nú stærri — um það, að nú mundi hæstv. félmrh. leggja málið fyrir, og síðan kom að sjálfsögðu fréttin um það, að hann hefði haldið sína ræðu um málið. Þetta er nú allt gott og blessað, ekki sízt þegar um stórmál er að ræða, en eins og þegar hefur verið bent á, þá bendir margt í þessum málatilbúnaði og þá alveg sérstaklega af hálfu þeirra hv. Alþfl.-manna til þess, að þetta sé málið, sem eigi að fleyta Alþfl. yfir brim og boða komandi kosninga. Það, sem ég vil gera aths. við, er sitt af hverju, en áður en ég vík að því, vil ég taka það fram, að ég mun ekki eyða tíma hv. þm. í það að fjalla um þær breytingar, sem gerðar eru með þessu frv. á gildandi l. um almannatryggingar. Ég hygg, að það sé rétt, sem hér hefur komið fram, að þær breytingar yfirleitt, ekki aðeins þær hækkanir út af fyrir sig, sem gera skal á ýmsum bótum, heldur ýmsar aðrar breytingar, eru yfirleitt

til bóta. Úr því skal ekkert dregið, og ég hef í sjálfu sér ekki aths. að gera við hinar einstöku breytingar nema varðandi það, sem áður hefur nú verið gagnrýnt hér, og ég mun koma að síðar, þ. e. gildistöku þessara breytinga.

En það, sem ég vildi þá fyrst gera aths. við, er, hvernig að þessu máli hefur verið staðið, hvernig að því hefur verið unnið. Það er skýrt frá því, að sex menn hafi unnið að undirbúningi þessa frv. í um það bil eitt ár. Tveir þeirra manna, sem að málinu hafa unnið, eru ráðuneytisstjórar í þeim rn., sem þarna eiga fyrst og fremst hlut að máli og um að fjalla, og er á engan hátt ástæða til að gagnrýna það, að þeir hafa verið í nefndinni. Þriðji nefndarmaður er sérfróður maður um tryggingamál og að allra dómi einhver hinn hæfasti maður, sem við höfum á að skipa í þeim efnum, og er sízt ástæða til að gagnrýna það, að hann hafi átt sæti í nefndinni. Síðan kemur einn fulltrúi Sjálfstfl., ágætur maður og hagfræðingur, en maður, sem ég veit ekki til, að hafi neitt sérstaklega kynnt sér tryggingamál. Og síðan koma tveir fulltrúar, hvorki meira né minna en tveir fulltrúar hv. Alþfl. í þessari sex manna nefnd. Það þarf ekki að leita lengra. Það er að sjálfsögðu enginn í þessari nefnd, sem á nokkurn hátt getur talizt fulltrúi þeirra stjórnarandstöðuflokka, sem nú eiga að afgreiða þetta stóra mál á hálfum mánuði eða svo á allra mesta annatíma þingsins. Það datt engum þeirra, sem að þessari nefndarskipun stóðu, í hug, að því er virðist, að það væri ástæða til, að þeir ættu fulltrúa í þessari undirbúningsnefnd. Þar var heldur enginn fulltrúi lífeyris- og bótaþega — enginn, sem hægt var að nefna sem sérstakan fulltrúa þessara aðila. Það var engin kona í nefndinni, og þannig mætti lengi telja. Þessi nefnd, sem ég gagnrýni að þessu leyti fyrir það, hvernig hún er til komin og þá að sjálfsögðu hæstv. ríkisstj. og hæstv. fyrrv. félmrh. fyrir skipan hennar, hefur unnið að undirbúningi málsins nú í eitt ár, en auðsjáanlega — bæði er það þegar komið fram og ég mun koma nokkuð að því hér á eftir — þó haft of skamman tíma til þess að vinna sitt verk, eins og raunar einn nefndarmanna undirstrikar allsterklega í sínu séráliti og það m. a. s. sá nefndarmaður, sem að öllum hinum ólöstuðum hefur tvímælalaust mest vit á þessum hlutum. En þessi nefnd hefur starfað í heilt ár og þó auðsjáanlega skort tíma til að vinna verk sitt eins vel og skyldi og eins og hún hefði jafnvel eða a. m. k. sumir nefndarmenn hefðu viljað, en svo á Alþ. að taka við málinu, þessu mjög svo fjölþætta og sérhæfða máli að sumu leyti, og afgreiða það hér á fáeinum dögum eða jafnvel dagstundu. Þetta er ástæða til að gagnrýna, bæði nefndarskipunina og hvernig að Alþ. er búið að þessu leyti og þá alveg sérstaklega, þegar það er haft í huga, að í þessari endurskoðunarnefnd var enginn, sem taldi það sitt verkefni að skýra til að mynda stjórnarandstöðuflokkunum frá því, sem væri að gerast í þessu efni.

Það er margt, sem hefur auðsjáanlega ekki unnizt tími til að gera í sambandi við heildarendurskoðun á þessum mikilvæga lagabálki, og ég get ekki varizt þeirri hugsun, að þetta mál hafi næstum því hálfendurskoðað verið tekið úr höndum nefndar og fleygt hér inn á Alþ. á síðustu dögum þingsins, af því að þetta á að verða einhvers konar björgunarakkeri fyrir Alþfl. í komandi kosningum. Að því er varðar sjálfa nefndarskipunina, er ekki við hæstv. núv. félmrh. að sakast, en hann ber hins vegar ábyrgð á flutningi málsins og verður að svara til saka, að því er það snertir, ef um sakir væri að ræða, sem ég tel vissar vera. Og þar sem hann hefur nú nýlega tekið við stjórn þessara mála og er nú tiltölulega ungur maður af stjórnmálamanni og ráðh. að vera, þá vil ég beina því til hans, að hann hugleiði það vel, hvort það sé skynsamlegt, svona þegar til lengdar lætur fyrir Alþfl. og fyrir hann sem ráðh. félagsmála að líta á þessa stofnun, eins og Alþfl. virðist hafa gert frá upphafi, í mjög ríkum mæli sem einhvers konar sérstofnun sína, sem hann í rauninni ætti og gæti ráðskazt með nokkurn veginn einn og án þess helzt, að aðrir kæmust þar teljandi að í sambandi við meðferð þeirra mála. Og ég vona, að hann láti ekki á sannast þessari stofnun, að hún verði skírð upp, eins og sumir hafa nú verið að bera sér í munn, að í stað þess að heita hinu virðulega heiti Tryggingastofnun ríkisins yrði hún kölluð í framtíðinni Velferðarstofnun aldraðra krata, eins og ég hef heyrt gerðar till. um. Því miður hefur ekki unnizt tími til eða verið lögð næg vinna í það að endurskoða þetta mál í heild, og eins og ég áðan sagði, ber álitsgerð eða sérálit Guðjóns Hansens þess glöggt vitni, að slík endurskoðun hefur ekki farið fram, en sú álitsgerð er birt hér aftan við frv., og það eru eins og þegar hefur verið bent á að nokkru ýmis ákvæði í þessu frv. og í aths. við það, sem bera vott um slíka fljótaskrift, að það er naumast sæmandi að leggja slíkt fljótaskriftarmál fyrir Alþ. sem stjfrv.

Fljótt á litið verður ekki annað sagt en þær hækkanir, sem lagt er til, að gerðar verði á lífeyristryggingum, séu allverulegar. Þegar ég segi fljótt á litið, þá á ég við, að ef allt væri með felldu, ef ætlunin væri, að þessi lög næðu fram að ganga nú þegar, og ef gert væri þá jafnframt ráð fyrir, að það ákvæði, sem gildir sem hækkunarákvæði, eins konar vísitöluákvæði, ætti jafnframt að taka gildi nú þegar, þá væri þarna um allverulegt og býsna myndarlegt skref að ræða í sambandi við hækkun á ýmsum bótum. Og það er ástæða til að vekja athygli á því út af fyrir sig, að ég hygg, að það sé staðreynd, að hvað þetta atriði snertir, þá tók frv. verulegum stakkaskiptum frá því, sem n. hafði eða meiri hl. n. hafði skilað af sér eftir því, sem maður vissi bezt, og eftir því, sem jafnvel stóð til að leggja þetta mál fyrir. Og vissulega er ástæða til fyrir þá, sem hvað eftir annað hafa flutt till. um hækkanir á lífeyrisbótum, að fagna því, að frv. felur í sér verulegar hækkanir. Og raunar kann það að virðast í fljótu bragði dálítið einkennilegt, að hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkar standa nú að frv., sem felur í sér svipaðar og að sumu leyti allmiklu meiri hækkanir

jafnvel en till. voru gerðar um í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna síðast, og þá voru þær till. frá okkur Alþb.-mönnum og — ef ég man rétt — fleiri stjórnarandstæðingum kolfelldar og margsagt m. a. í málgögnum hv. Alþfl., að þetta væru algerlega óraunhæfar till. og fjarstæða og annað eftir því.

En það er nú svo, að þó að hæstv. núv. ríkisstj. flytji nú till. um hækkanir, sem eru í sumum greinum að nafninu til meiri en hún felldi núna skömmu fyrir áramótin, þá fylgir óneitanlega töluvert meinlegur böggull þessu skammrifi, og það er sá böggull, sem þegar hefur verið bent á af fyrri ræðumönnum hér í dag, að þetta frv. allt er í rauninni ávísun á framtíðina. Það á ekki að koma á einn eða neinn hátt til framkvæmda fyrr en um næstu áramót. Og þegar það er haft í huga, að það er nærri ár eða 9 mánuðir, sem eiga að líða, þar til þetta frv. kemur til framkvæmda, þá lækkar nú töluvert á því risið, því að hér er í rauninni um að ræða — og sérstaklega með tilliti til þess, að kosningar eiga að fara fram og enginn veit, hver stjórnar þessu landi eftir þær kosningar — eitthvað svipað og stundum hendir einstaklinga og jafnvel fyrirtæki, sem þurfa að bjarga sér í bili með því að gefa út ávísun og í bezta lagi biðja viðtakanda að framvísa ekki ávísuninni fyrr en eftir tiltekinn tíma, af því að þeir ætla þá að biðja vin eða kunningja að bjarga fjármálunum og hafa lokið þeirri björgunarstarfsemi á einhvern hátt, þegar að skuldadögunum kemur. Það er sem sé næsta ríkisstj., sem á að glíma við þann vanda að afla fjár til þess að fjármagna þetta mál, og þá fer nú heldur að lækka á því risið, eins og ég áðan sagði.

Á það hefur þegar verið bent, en ég sé ástæðu til að inna alveg sérstaklega eftir svari við því, hvort það sé ekki rétt skilið og hvort það leiði ekki af eðli þess máls, að frv. á ekki að neinu leyti að taka gildi fyrr en um þessi áramót, að hækkanir á verkamannakaupi, sem verða fram að gildistöku þessa frv., koma ekki til með að hafa áhrif, að það sé í rauninni ekki fyrr en frv. eða l. hafa tekið gildi um næstu áramót, sem það ákvæði fer að hafa áhrif, en ákvæðið er eins konar verðtryggingarákvæði þessa frv. og er gott og gilt út af fyrir sig. Það er ákvæðið í 78. gr., sem þannig hljóðar, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú verður breyting á dagvinnukaupi verkamanna við almenna fiskvinnu, og skal ráðh. þá innan 6 mánaða, að fengnum till. tryggingaráðs, breyta upphæðum bóta samkv. l. þessum og greiðslum samkv. 73. gr. í samræmi við það.“

Það hefur þegar verið um það spurt, og ég ítreka þá spurningu: Er hægt að skilja þetta frv., verði ekki gerð á því breyting, á annan veg en þann, að þetta ákvæði eins og önnur ákvæði frv. taki fyrst gildi frá næstu áramótum og gildi þá ekki um aðrar hækkanir á dagvinnukaupi verkamanna en þær, sem yrðu, eftir að þessi lög hafa tekið gildi. Það er nauðsynlegt að fá þetta alveg skýrt og ákveðið fram, því að það er ljóst, að á þessu veltur í rauninni mjög mikið, hvort frv. er að verulegu leyti pappírsgagn og sýndargagn eða hvort það má telja líkur til, að það geti að allmiklu leyti staðizt og sé þá gert ráð fyrir, að þær verðhækkanir og hækkanir á kaupi, sem kunna að verða til næstu áramóta, verði teknar inn í þetta dæmi. Um þetta er nauðsynlegt að fá bæði skýr svör og — að ég tel — skýr ákvæði, ef einhver vafi þykir leika á um þetta, og það á að sjálfsögðu, ef það er ætlun hæstv. ríkisstj., að svona, eins og ég nefndi nú, skuli með fara, að segjast með skýrum orðum í frv.

Eitt dæmi um þá fljótaskrift, sem hefur ráðið auðsjáanlega allt of mikið ferðinni í sambandi við það að koma þessu frv. fram og að gera við það aths. og nauðsynlegar skýringar, er það, að hvergi er gerð nákvæm grein fyrir því, hvernig þær um það bil 500 millj. kr., sem talið er, að þessi löggjöf komi til með að kosta á ársgrundvelli, komi til með að skiptast á milli þeirra fjögurra aðila, sem eiga að greiða þær eða standa skil á þeim. Þá má e. t. v. segja, að það geti hver og einn reiknað þetta út, þar sem gefið er upp, hver hlutföllin eiga að vera, og það er rétt, en ég hefði hins vegar talið, að það hefði verið full ástæða til þess, að það kæmi alveg skýrt og eindregið fram, hvernig þessar 500 millj. kr. koma til með að skiptast í fyrsta lagi á ríkissjóð, í öðru lagi á hina tryggðu, í þriðja lagi á atvinnurekendur og í fjórða lagi á sveitarsjóðina. Ég hef gert tilraun til þess að reikna það út, hvernig þetta kemur til með að skiptast, og það kann að vera, að ég hafi ekki tekið öll atriði þar með í reikninginn, en í fljótu bragði virðist mér, að skiptingin sé á þessa leið, og vek ég þá athygli á því, að þær 85 millj. kr., sem áætlað er, að það kosti Tryggingastofnunina að tryggja öllum 84 þús. kr. lágmark í elli- og örorkulífeyri, skiptist í öðrum hlutföllum en annað fé. Þær skiptast, að því er mér skilst, á milli ríkissjóðs og sveitarfélaga í hlutföllunum 2:3. Ríkissjóður greiðir 3 hluta, en Tryggingastofnunin 2. Eftir því sem ég hef komizt næst, þá skiptast þessar 500 millj. kr. þannig, að ríkissjóður komi til með að greiða um 168 millj. kr., hinir tryggðu skilst mér, að komi til með að greiða um 149 millj. kr., atvinnurekendur kæmu til með að greiða um 65 millj. kr., en sveitarsjóðirnir um 118 millj. kr. Ég þykist vita, að hæstv. ráðh. hafi þessa útreikninga á reiðum höndum eða geti a. m. k. fljótlega aflað sér þeirra, og hann leiðréttir þá væntanlega, ef hér er skakkt með farið.

Í sambandi við þetta atriði, að sveitarsjóðunum virðist vera ætlað að greiða um 118 millj. kr. af þessari upphæð, þá væri einnig fróðlegt að fá um það upplýsingar, hvort hæstv. ríkisstj. telji, að hagur sveitarsjóða sé almennt það góður eða svo vel sé fyrir tekjustofnum þeirra séð, að það sé sérstaklega auðvelt fyrir þá að standa undir þessum stórauknu fjárframlögum, án þess að neitt verði gert í tekjustofnamálum sveitarfélaganna. Ég veit ekki betur en það sé jafnvel von á öðru frv. um skattamál, sem eftir því, sem maður veit bezt, kæmi til með að þjarma jafnvel enn meir að sveitarfélögum í sambandi við möguleika þeirra til skattheimtu —

aðra en þá að hækka þá skattheimtuna á einstaklingunum, sem mörgum þykir a. m. k. allvíða vera orðin nógu þung fyrir. Það væri fróðlegt að frétta um það hjá hæstv. ráðh., hvort það sé litið þannig á af hæstv. ríkisstj., að það sé tiltölulega auðvelt fyrir sveitarsjóðina að snara þessum fjármunum út, segjum á næsta ári, án þess að þeir fái möguleika til þess að afla sér tekna með öðrum hætti en þeim, sem nú er þeim einn eftirskilinn samkv. þeim l., sem í gildi eru.

Ég mun ekki fara langt út í þá sálma að ræða um einstök atriði þessa frv., en þar sem ég kem ekki til með að eiga sæti í þeirri n., sem málið fer til, þykir mér þó ástæða til að nefna hér nokkur atriði, sem að mínum dómi og okkar Alþb.-manna hefði verið ástæða og væri ástæða til að breyta í sambandi við tryggingalöggjöfina og allsherjarendurskoðun hennar.

Það fyrsta, sem ég vil nefna af einstökum atriðum og virðist a. m. k. hvergi koma fram í aths. við frv., að um hafi verið rætt, er, að við teljum, að það sé eðlilegt, að sjúkrasamlögin, en ekki bæjarfógetar, annist umboðsstörf fyrir tryggingarnar, og alveg sérstaklega tel ég, að þetta sé eðlilegt fyrirkomulag og heppilegt, eftir að sú breyting verður gerð samkv. þessu frv., sem ég er algerlega fylgjandi, þ. e. að hreppasjúkrasamlögin verða lögð niður, en sýslusjúkrasamlög taka við. Það hefur að okkar dómi verið að ýmsu leyti óheppilegt, að sýslumenn og bæjarfógetar annist þessi umboðsstörf fyrir Tryggingastofnun ríkisins, eins og alls staðar hefur verið og er utan Reykjavíkur. Það hefur a. m. k. þótt brenna við, að starfsemi eða innheimtuháttur sumra þeirra sýslumanna og bæjarfógeta, sem hlut eiga að máli, hafi mótazt nokkuð mikið, ef svo má segja, af innheimtusjónarmiðunum einum. Það er hins vegar eðlilegt og sjálfsagt, að ef bótaþegar telja sig beitta misrétti í sambandi við einhver atriði, að því er varðar framkvæmd almannatrygginga, þá eiga þeir að geta leitað til hinna löglærðu manna, sýslumanna og bæjarfógeta, um aðstoð, og það á að vera hægt að leita til þeirra að mínum dómi sem hlutlausra aðila, en það er naumast fyrir hendi, þegar þeir eru sjálfir umboðsmenn tryggginganna. Ég hygg því, að það væri full ástæða til þess að athuga það, hvort ekki væri rétt og eðlilegt að gera þá breytingu, allveigamiklu breytingu að vísu, að sjúkrasamlögin, einkum nú eftir að þau stækka verulega og þeim fækkar, annist þessi umboðsstörf, en ekki sýslumenn og bæjarfógetar.

Þá vil ég eindregið taka undir það, sem fram kemur einnig í séráliti Guðjóns Hansens, að það er orðin full þörf á því að koma hér upp sérstökum tryggingadómstól til þess m. a. að flýta fyrir þeim málum, sem nauðsynlegt og eðlilegt er, að heyrðu undir slíkan dómstól. Ég hef ekki um það fleiri orð, en geri ráð fyrir, að bæði að því er tekur til þessa ákvæðis og nokkurra fleiri, komi ég til með að flytja eða standa að brtt. við þetta frv.

Að nokkrum einstökum gr. skal ég víkja stuttlega. Í 12. gr. segir — ef ég hef ekki misskilið hana — að mér skilst, að ekki skuli greiddur örorkulífeyrir manni, sem hefur misst starfsorku vegna veikinda, nema örorkan sé 75% eða þar yfir. En hins vegar skilst mér, að heimilt sé að greiða örorkulífeyri, ef örorkan nær 50%, þegar hún er af völdum slysa. Það er aðeins spurning um það, á hverju það byggist að gera þarna svona ákveðinn greinarmun á eftir því, af hvaða tilefni örorkan er til komin.

Í sambandi við 14. gr. virðist — og það er, ef ég ekki misskil hana, eitt af sýnishornum um fljótaskrift í sambandi við þetta mál — hafa fallið niður að gera ráð fyrir því, að faðir geti notið barnalífeyris frá tryggingunum, ef móðir er dáin. En það virðist hins vegar samkv. öðru ákvæði, að það sé stefnan með frv., að þannig verki þetta, að það sé ekki aðeins um að ræða móður, ef faðirinn hefur látizt. Þetta er ástæða til að n. taki til athugunar, hvort það hafi ekki verið ætlunin með frv., að þetta væri gagnkvæmt.

Þá vil ég víkja að því og beina því sérstaklega til n., sem fær þetta mál til meðferðar, hvort það sé eðlilegt hlutfall og á hverju það í rauninni byggist, sem sagt er í 15. gr., þar sem fjallað er um mæðralaun, að árleg mæðralaun með einu barni séu — þau eru, að ég tel, alveg furðulega lág — 6 þús. kr. rúmar. Hins vegar eru þau með tveimur börnum 33 600 kr. og með þremur börnum eða fleiri 67 200 kr. Þetta held ég, að ætti að taka til athugunar m. a. með það í huga, að alloft er það a. m. k. þannig, að móðirin með eina barnið er e. t. v. vegalitla stúlkan og ógifta stúlkan, sem á oft og tíðum í töluverðum erfiðleikum með að sjá fyrir barni sínu. Og í fljótu bragði sýnist manni, að það sé óeðlilegt að gera þarna svona gífurlega mikinn mun á einu og tveimur börnum. Mig langar aðeins til að beina þeirri spurningu til n., hvort ekki væri sanngjarnara, að mæðralaun með einu barni næðu til að mynda allt að helmingi þess, sem ætlunin er að greiða með tveimur börnum.

Þá tel ég ástæðu til að gera aths. við eða skjóta því til n., að í 16. gr. er kveðið svo á, að fæðingarstyrkur skuli vera 14 700 kr. Þetta er nokkur hækkun frá því, sem verið hefur, og er skýrt frá því, ef ég man rétt í aths., að hér sé miðað við það, sem greitt er á fæðingarheimilinu við Landsspítalann, og ef svo er, að þarna er miðað við daggjöld, eins og þau eru nú í dag á fæðingardeild Landsspítalans, þá sýnist mér, að miklu einfaldara sé og eðlilegra, að ákvæðið væri á þá lund að miða þessar greiðslur til að mynda við daggjöldin á fæðingardeild Landsspítalans, eins og þau verða á hverjum tíma, en ekki festa þarna þá greiðslu, sem nú gildir og verður vafalaust orðin allt önnur og hærri eftir tiltölulega skamman tíma.

Það hefur þegar verið rætt um það — ég hygg, að það hafi verið hv. 4. þm. Norðurl. e., sem kom inn á ákvæðið um greiðsluna um þann lágmarkselllífeyri, ef svo má komast að orði, sem þeim mönnum skal tryggður samkv. þessu frv., sem ekki hafa neinar aðrar tekjur en ellilífeyri — að lágmarks-

ellilífeyrir verði aldrei lægri en 84 þús. kr. á einstakling á ári. Það er tvennt, sem er ástæða til að vekja athygli á í sambandi við þetta ákvæði, sem vissulega er þó til bóta frá þeirri hörmung, sem verið hefur, að því er tekur til lágmarksellilífeyris. Annað er það, að hér er í þessu tilfelli sveitarfélag skyldað til að greiða 2/5 þeirrar fjárhæðar, sem til þarf til að bæta upp þetta lágmark ellilífeyris, og það er sennilega, ef þessi leið er farin, lögð sú sönnunarbyrði, skilst mér, á einstaklinginn, að hann sanni það, að hann hafi ekki aðrar tekjur eða hverjar lágmarkstekjur hans eru, ef hann á að eiga þess kost að fá þennan viðbótarellilífeyri. Ég held, að það sé ástæða til að taka þetta til nýrrar athugunar og m. a. velta fyrir sér þeirri spurningu, hvort ekki á að hætta að krefja sveitarfélögin um þetta, hvort það á ekki að setja þau ákvæði í lög, að þennan mismun eigi Tryggingastofnunin að greiða að fullu, því að þarna finnst mér eða er ég hræddur um, að þeim, sem verða að sækja um þennan viðbótarellilífeyri og þurfa að sanna með einhverjum hætti, að þeir hafi ekki aðrar tekjur, finnist, að það séu eins og einhverjar leifar af framfærslufyrirkomulaginu, sem yfirleitt er þó búið, sem betur fer, að kippa út úr þessu tryggingakerfi. Það er ekki mikið um það, að það lykti lengur af hinu gamla framfærslusjónarmiði, en það er ekki laust við, að einmitt þetta ákvæði hér, sem ég hef nefnt, minni á a. m. k. þetta gamla framfærslufyrirkomulag.

Ég skal nú mjög fara að stytta mál mitt. Það eru ýmis önnur atriði, sem ástæða er til að koma með brtt. við, en ég skal ekki við þessa umr. fara nánar út í þá sálma. Eins og ég áður sagði, þá hefði þetta frv. verið nokkuð myndarlegt skref í þessa átt í sambandi við tryggingalöggjöf okkar, ef ætlunin hefði verið að framkvæma það nú þegar miðað við það verðlag og kaupgjald, sem nú gildir í landinu. En þegar höfð er hliðsjón af þeim tveimur atriðum, að frv. á ekki að taka gildi fyrr en um næstu áramót, og vitað er, að á því tímabili hljóta að verða bæði verulegar verðhækkanir og vafalítið einnig verulegar kauphækkanir á almennu verkamannakaupi, fer glansinn nokkuð mikið að fara af þessu frv. Það skulu svo vera mín lokaorð að inna hæstv. félmrh. eftir því, hvaða skilning hann og þeir, sem sömdu þetta frv., leggja í það atriði, hvort þær hækkanir á verkamannakaupi, sem verða fram að gildistöku þessara l., eigi að skilja á þá leið, að þær verði teknar með í sambandi við ákvæðið í 78. gr., eins konar vísitöluákvæði í 78. gr., eða hvort sá skilningur er réttur, sem mér finnst eðlilegt að leggja í þetta frv., að ákvæðið um þetta vísitöluákvæði, ef svo má kalla það, komi ekki heldur til framkvæmda fyrr en um næstu áramót og bótaþegar eigi þá ekki von á þeim leiðréttingum eða hliðstæðum leiðréttingum við það, sem verkamannakaup kann að hækka á tímabilinu fram að gildistöku l. Mér virðist, að þetta skipti verulegu máli, og ef það er meiningin að taka eigi tillit til þessara kauphækkana, hugsanlegu og líklegu kauphækkana, þá eigi ákvæði um það að koma inn í l., svo að ekki sé neitt vafamál þar um.

Kristján Ingólfsson: Herra forseti. Það frv. til l. um almannatryggingar, sem hæstv. ríkisstj. hefur nú lagt fram, sver sig allmjög í ætt sína, svo mjög er þar þræddur ferill þeirra l., sem í gildi eru nú. Hefði þó margur búizt við mikilli breytingu hér að lútandi, þar sem reynslan hefur leitt í ljós ófáa galla á núverandi tryggingalöggjöf. Þær breytingar, sem hér er um að ræða, breyta í litlu meginbyggingu löggjafarinnar sjálfrar, en líkjast fremur litlum plástrum, sem settir eru einn og einn ofan í óhemað sár. Þó er ástæðulaust að vísa þeim nýjungum öllum, sem hér eru, frá sem ógagnlegum. Margar þeirra bera skýlausan vott um framfaravilja, þótt hægfara sé, og ber sízt að vanvirða hann.

Enn sem fyrr eru það upphæðir lífeyrisbóta, sem mest aðkallandi má kalla og stinga líka mest í augun. Enn sem fyrr verður gamla fólkið að láta sig hafa það að geta ekki lifað á ellilaununum sínum, verði frv. það, sem hér liggur fyrir, að l. Allt tal um velferðarþjóðfélag, um tryggingaþjóðfélag, verður hjáróma, meðan sú staðreynd blasir við, að aldraða fólkið í landinu með langan og oft strangan vinnudag að baki þarf að berjast við daglegar fjárhagsáhyggjur fram undir það síðasta. Frv. sjálft og aths. þær, er því fylgja, eru mikið athugunar- og lesefni og satt að segja lítt skiljanlegt, að það skuli ekki lagt fram, fyrr en komið er fram undir þinglok og öll borð eru orðin yfirhlaðin af óafgreiddum málum. Almannatryggingarnar eru þó slíkt stórmál, að meira en full ástæða er til að veita því athugula og í öllu nægjanlega meðferð hér á þingi, áður en því verður hleypt út sem samþykktri löggjöf.

Það væri hægt að ræða marga daga um almannatryggingar, eðli þeirra og framkvæmd. Ég mun ekki velja mér þann kostinn, heldur fara nokkrum orðum um örfá atriði. Ég vil þá fyrst líta á 8. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir því, að eftir sem áður skuli embætti sýslumanna og bæjarfógeta annast umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina. Þetta lítur vel út á pappírnum, og ekki efa ég, að embættin yfirleitt muni gera greinargóð skil til Tryggingastofnunarinnar. Hinu skal ekki gleymt, að þessi sömu embætti eru líka innheimtustofnanir ríkissjóðs, og dæmi eru um það, að bótaþegi hefur haldið á kvittun fyrir þinggjaldi sínu einni saman, þegar hann fór heim frá því að sækja bæturnar, sem hann þurfti þó mjög á að halda. Augljóst er, hvað þetta dæmi sannar og önnur slík.

Nú vill e. t. v. einhver spyrja: Af hverju kærir ekki sá bótaþegi, sem hefur réttinn sín megin? Og við getum öll leitað svarsins og fundið það. Hinn almenni borgari er oft smælingi gagnvart ríkisvaldinu. Við skulum ekki ætla það, að hver og einn bótaþegi þekki tryggingalöggjöfina til hlítar. Og í þriðja lagi stendur bótaþeginn frammi fyrir valdi, sem unnt er að misbeita, því að eins og við þekkjum embætti sýslumanna, þá eru þetta afskaplega

margþætt og margslungin embætti, sem vafi leikur á, að lýðræðislegt megi telja að hafa í einu og sama embættinu. En auðvitað fer það eftir mönnum, hvernig þar er á haldið. Skoðun mín er sú, að eðlilegra væri, að tryggingaupphæðin væri sjálfstæð gagnvart annarri opinberri fésýslu eða innheimtu, og ég geri mér í hugarlund, að þá væri betur varðveittur sá andi, sem löggjafinn hefur frá upphafi viljað byggja almannatryggingarnar á. Ég skal taka það fram, að þó svo þau atriði, sem fram koma í 60. gr. frv. og hafa verið í l., hafi verið brotin, þá eru yfirvöld þau, sem embættinu stjórna, mannleg eins og við öll og því ástæðulaust að ætla, að hér sé um almenna lögbrotavenju að ræða. En meðan þetta er eitt og sama embættið, þá er hættan fyrir hendi fyrir því, að innheimtugleðin, sem vissulega á rétt á sér á sínum stað og sínum tíma, beri anda tryggingalöggjafarinnar ofurliði. Ég læt svo útrætt um það atriði.

Eins og ég hef áður drepið á, þykir mér svo sem upphæðirnar í II. kafla frv. stingi mjög í augu. Þær eru ekki í samræmi við framfærslukostnað dagsins í dag, hvað þá líkar því, sem maður gæti gert sér í hugarlund, að þarfirnar verði, þegar 1. sept. er liðinn hjá, ef spádómar ýmissa hv. þm. úr stjórnarliðinu — og þá sérstaklega eins þeirra — eiga eftir að rætast, sem ég því miður hef grun um, að sé ekki byggt á sandi.

Sú nauðsynlega aðstoð, sem almannatryggingar ættu að láta í té, verður því ekki byggð á þessum tölum. Mér telst til, að hjá þeim aðila, sem tekur ellilífeyri sinn frá og með 67 ára aldri, verði mánaðarlífeyrisgreiðslan um 5800 kr. á mánuði. Það er fjarstæðukennt að ætla sér, að nokkur lifi á þeirri upphæð, hvað þá ef ástandið á eftir að versna frá því, sem nú er. Sé hér um að ræða slitnar manneskjur, sem ófærar eru orðnar til vinnu, verða þar að öllum líkindum aðrir framfærsluaðilar að koma til, því að á þessari upphæð verður ekki skrimt. Að vísu er til heimildarákvæði í 1. mgr. 19. gr. Það er hins vegar óljóst orðað, að því er mér þykir, en þar segir með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt er að greiða uppbót á elli- og örorkulífeyri, ef sýnt þykir, að lífeyrisþegi geti ekki komizt af án hækkunar."

En sjálfsagt verður þessari heimild ekki beitt almennt, enda hugsuð sem aukaheimild, og eflaust verður gengið út frá bótaupphæð 11. gr. að viðbættri þeiri nýjung, sem felst í 2. mgr. 19. gr. um hækkun fyrir þá, sem hafa lægri tekjur en 84 þús. kr. Um ellilífeyriskaflann má í einni setningu segja, að bæturnar nægja engan veginn. Gamla fólkið kemur enn sem fyrr til með að sitja með sínar áhyggjur um sinn fjárhag og um sinn næsta dag, sama gamla þreytta fólkið og einu sinni setti þó nokkuð stórar krónur inn á sparisjóðsbók — krónur, sem nú eru orðnar að litlum aurum. Sé litið á upphæð fullra örorkubóta, eins og kveðið er á um í frv., þá kveður við sama tón. 70 560 kr. skulu vera laun þeirra, sem öryrkjar eru að fullu. Ég get ekki ímyndað mér, að nokkur láti sér detta í hug, að það sé raunhæf tala. Þannig mætti halda áfram.

Frv. er alls ekki aldæla slæmt, en það nær of skammt. Nauðsynlegustu bæturnar eru of lágar, sjálf tryggingin er ónóg og endurskoðunin of skothent. Og með tilliti til þess, að frv. á ekki að taka gildi sem lög fyrr en eftir um það bil 9 mánuði, þá getur maður ekki fundið í rauninni nokkra rökræna grundvallarástæðu fyrir því að keyra það í gegn núna í þinglokin aðra en helzt þá, að það ætti að nota það sem einhvers konar flagg í kosningabaráttunni. En ef slíkt á að reyna, þá ættu þeir, sem þar eiga hlut að máli, að gæta þess, að þar verður um bætt flagg að ræða. Þar eru margar bætur á fána, sem einu sinni var fallega gerður miðað við aðstæður.

Ég vildi svo að lokum aðeins minnast á það, að mér finnst vafasamt og ástæða til að taka á því af fullri varkárni að leggja meiri álögur á sveitarfélögin en gert er. Alþ. hefur alla tíð — líklega söguna í gegn frá því, að það fékk löggjafarvald — verið nokkuð veikt fyrir því að leggja álögur á sveitarfélögin án þess að skammta þeim í staðinn næga tekjustofna. Þetta vita sveitarstjórnarmenn fyllilega, og þeir hafa líka beðið mjög um aukna tekjustofna, en ég efast um, að þegar á allt er litið, hafi Alþ. nokkurn tíma heyrt þær bænir sem skyldi. Í 37. gr. í frv. þessu er rætt um sjúkrasamlög sýslna. Satt bezt að segja virðist þróunin, m. a. ef vitnað er í samþykktir síðasta aðalfundar Sambands ísl. sveitarfélaga, vera sú, að menn séu mjög farnir að hallast á þá sveif, að sýslurnar séu í þann veginn að syngja sitt síðasta vers og ný umdæmaskipun í landinu muni taka við af þeim. Við, sem út um landið búum, finnum það alltaf betur og betur, að það eru ekki í rauninni þessi gömlu, dönsku sýslumörk, sem afmarka samstöðu okkar, heldur allt önnur landfræðileg, samgönguleg mörk, og því vaknar hjá mér sú spurning, hvort ekki gæti verið happasælla núna, t. d. þegar stendur yfir endurskoðun á læknaskipunarlögum, að sjúkrasamlögin fylgdu frekar læknishéruðum en sýslum, sem einhvern tíma voru teiknaðar úti í Danmörku af mönnum, sem hvorki höfðu séð Ísland né höfðu landakort.

Það er nú víst kominn kvöldmatartími hjá flestum, svo að ég skal fara að stytta mál mitt, en ég get ekki látið hjá líða í lokin að lýsa þeirri miklu reynslu, sem það er fyrir einn sveitamann að koma hér inn á Alþ. í þinglok. Allt, sem maður hefur lesið um þingræði, fer maður að efast um, að sé til í raun hér. Ég hef orðið efnislega mjög miklu ríkari, síðan ég kom hingað. Ég á orðið heilt bókasafn. En ef maður athugar, hvaðan það bókasafn er komið, þá er það komið frá þeim í „ráðinu". Þeir í „ráðinu" senda Alþ. síðustu dagana, sem það starfar, margt; þá senda þeir inn þessar fallegu bækur. Ég er viss um, að þetta þykir mörgum skemmtilegt efni, og þm. sitja við það nótt sem dag, ef svo má að orði komast, að paufast í gegnum þetta, en allir geta

ímyndað sér, hvernig hin þingræðislegu vinnubrögð verða fyrir bragðið. Ég held, að þetta sé eitt af því, sem styður það, að það þurfi að taka vinnubrögð hér á Alþ. til mjög mikillar endurskoðunar og athugunar, en þá held ég, að það væri gott að hafa með í ráðum menn á borð við Guðjón Hansen og fara eftir því, sem þeir segja.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá atriði, sem ég þarf að taka fram og sérstaklega hefur verið til mín beint að gera grein fyrir. Í fyrsta lagi er það fyrirspurn frá 5. þm. Reykn. varðandi þær hækkanir, sem kynnu að verða á vörum og þjónustu fram til áramóta, hvort hækkanir yrðu á bótum fyrir næstu áramót vegna þeirra. Við þessu er ekki annað svar en það, að í dag er þetta heimilt, og þessar heimildir hafa gjarnan allar verið notaðar, en eftir áramót er það skylt.

Það hefur verið fundið mikið að því, hversu langan tíma hafi tekið að undirbúa þetta frv. Sjálfsagt verða til spurningar hjá þeirri n., sem málið fær til meðferðar, og munu þá þeir, sem í n. voru, svara. En ég minni menn á, að 20% hækkun þýðir 500—600 millj. kr., sem ekki er hægt að afla með litlum fyrirvara. Þess vegna er talið nauðsynlegt að bera málið fram nú, þannig að bæjarfélögum og þeim öðrum, sem eiga að greiða lífeyristryggingarnar, vinnist tími til þess að undirbúa sig undir þessa heimild.

Að öðru leyti þakka ég mönnum prúðmannlegan málflutning, en ítreka óskir mínar um, að málinu verði vísað til heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 566, n. 689 og 699, 614, 633, 648, 690, 694, 702).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Eins og fram kemur á nál. meiri hl. heilbr.- og félmn. hv. d. á þskj. 689, hefur n. haldið tvo sameiginlega fundi heilbrigðisn. beggja d., Ed. og Nd. Alþ. Á þessa fundi komu Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri, sem var form. í endurskoðunarnefndinni um almannatryggingalögin, Sigurður Ingimundarson alþm. og forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins og Guðjón Hansen tryggingafræðingur. Þessir fundir stóðu í alllangan tíma í hvort skipti, og var frv. rætt og nefndarmenn spurðir um margvísleg atriði, sem hinir þrír áðurnefndu gestir nm. útskýrðu og báru saman við gildandi lög. Ég mun nú í stuttu máli fjalla um sum þessara atriða, sem til umræðu voru. Fyrst má nefna, að nm. voru sammála um að bæta inn í 9. gr. ákvæði, er mæli svo fyrir, að Tryggingastofnunin skuli kynna almenningi rétt sinn til bóta með meiri upplýsingastarfsemi. Það var rætt um það, hvort ætti að binda þetta með ákveðnum hætti, en forstjóri Tryggingastofnunarinnar upplýsti, að þeir væru sjálfir með hugmyndir í þessu efni, og við töldum, að þetta væri nægilegt aðhald og síðar mundi reyna á framkvæmd í því efni. Í öðru lagi var n. sammála um, að ákvæði 35. gr. um tímatakmörk, ef slys valda dauða, skuli breytt, þannig að þau verði tvö ár í stað eins árs varðandi bótarétt. Á þessu stigi varð ekki samkomulag um fleiri brtt. fyrir 2. umr., sbr. till. á þskj. 690.

Þegar hafa einstakir hv. þm. í Ed. lagt fram margar brtt., sem munu kosta marga tugi milljóna, ef ekki mun meira, fram yfir það, sem frv. sjálft gerir ráð fyrir, en áætlað hefur verið, að útgjaldaaukningin muni verða rétt um 500 millj. kr. við gildistöku þeirra laga. Þrátt fyrir þessa miklu aukningu hafa stjórnarandstæðingar fundið margt að frv., og búast má við, að þeir komi með í viðbót mikið af brtt., er hafi stórútgjöld í för með sér. Einnig hafa þeir mjög gagnrýnt gildistöku laganna, sem er 1. jan. 1972, og sagt, að vandalaust væri að láta breytinguna koma til framkvæmda 1. júní á þessu ári. Það er þó skemmtileg þversögn og athyglisverð í þessum málflutningi stjórnarandstöðunnar. Í ótal skipti í sambandi við ýmis mál hafa þessir ágætu menn lýst því yfir á litríkan hátt með orðaforða og viðeigandi áherzlum, sem jafnvel Snorri Sturluson mætti öfunda þá af, ef hann væri nú meðal vor, hversu allt væri hér á hverfanda hveli og stefndi í eina átt, norður og niður, og ekki væri að vita, hvar enda mundi, en stefnan væri — svo að notað sé margnefnt orð undanfarna daga — hrollvekjandi, og má því búast við, að ekki verði staðar numið hjá þessum vondu mönnum, sem landinu stjórna og styðja vilja frv., og hæstv. ríkisstj., fyrr en jafnvel neðan við Húsavíkur-Jón, og vita þó allir, hvar hann fékk samastað vegna eigin verka. Á hinn bóginn er það athyglisverð viðurkenning á stefnu ríkisstj. og getu efnahagslífins, að það sé vel framkvæmanlegt að láta lögin taka gildi nú 1. júní, þótt það hafi í för með sér skyndilega útgjaldaaukningu, a. m. k. upp á 250 millj. kr. Þótt margt standi nú vel og útlit á ýmsum sviðum gott, eru það þó óraunhæf vinnubrögð að setja lög, sem hafa svo mikla útgjaldaaukningu í för með sér, án þess að tryggja og útvega nægjanlegt fjármagn samtímis. Þetta er öllum háttv. alþm. ljóst, en vegna nálægðar kosninganna skal nú ekki hugsa rökrétt, heldur skal kylfa látin ráða kasti og tækifæri notað til að lumbra á stjórnarsinnum. Hér á eftir mun ég í fáum orðum fjalla um ýmis atriði, sem rædd voru á nefndarfundum og skýringar fengust á.

Í 12. gr. er fjallað um rétt til örorkulífeyris og kveðið svo á, að búseta eða lögheimili hér á landi a. m. k. þrjú síðustu árin sé skilyrði til þess að öðlast rétt til örorkulífeyris. Áður var ríkisborgararéttur skilyrði í þessu sambandi, en þetta er mikilsvert atriði til samræmingar við löggjöf annarra þjóða.

Samkv. 14. gr. er nú skylt í fyrsta sinni að greiða barnalífeyri með börnum að 17 ára aldri, ef annað hvort foreldra er látið. Áður náði þetta aðeins til móður, en heimilt var að greiða barnalífeyri til ekkla, en sú heimild var lítið notuð. Árlegur barnalífeyrir með hverju barni skal vera 36 108 kr.

Í 15. gr. eru ákvæði um mæðralaun, sem eru þannig, að með fyrsta barni á að greiða 6192 kr., en með tveimur börnum 33 600 kr. og með þremur börnum eða fleiri 67 200 kr. á ári. Hér vilja stjórnarandstæðingar gera á verulega breytingu og hækka með fyrsta barni í allt að 16 800 kr. Í frv. er gert ráð fyrir sama hlutfalli á milli barna og ákveðið var í l. 1968, en tölurnar hækka núna verulega til samræmingar við verðlag í dag. Rökin fyrir þessum mikla mun á fyrsta og öðru barni eru þau, að kona með eitt barn getur í langflestum tilfellum komið barninu fyrir á barnaheimili eða hjá nánustu vandamönnum, en hins vegar á kona með tvö börn í miklu meiri vanda, og með þrjú börn á hún varla kost á öðru en að gefa sig eingöngu að heimilinu. Þessi venja hefur verið í nokkur ár, en ef til vill má deila um þetta hlutfall, og kann svo að vera, að nefna megi dæmi um erfiða framfærslu hjá konu með eitt barn á sínum vegum.

Í 19. gr. er fjallað um elli- og örorkulífeyri, og er kveðið svo á, að lágmarksgreiðsla skuli vera 84 000 kr. sem tryggð er þeim körlum og konum, sem ekki njóta lífeyrissjóða eða hafa annan tekjumöguleika, er tryggir þeim þessar tekjur. Hér er um merkilegt nýtt ákvæði að ræða, sem allir eru sammála um, að fram skuli ná og á að tryggja betri lífsskilyrði gömlu fólki, sem ekki hefur náð félagslegum réttindum og stendur því meira og minna utanveltu, vegna þess að ekki var myndaður einn lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn, sem hefði verið raunhæfasta og skynsamlegasta leiðin til tryggingar elli- og örorkulífeyri. Stjórnarandstaðan hefur haft uppi gagnrýni á þessa tölu og telur hana auðvitað of lága og einnig, að hún gildi aðeins um fólk, sem ekki hefur tekið greiðslur frá öðrum lífeyrissjóðum, þó að lágar séu. Hér er rétt að undirstrika, að löggjafinn er að veita nýjum hópi manna, karla og kvenna — og þó líklega í miklum meiri hluta gamalla kvenna, eðlilega viðurkenningu og nokkra tekjutryggingu án þess að svipta nokkra aðra nokkru af sínum fyrri réttindum, og enn er ekki vitað, hversu margir munu lenda í þessum hópi, og því er erfitt að áætla útgjaldaaukningu í þessu sambandi, en þó mun öruggt, að hún muni skipta nokkrum milljónum króna.

Í 20. gr. er fjallað um það, með hvaða hætti skuli aflað tekna til að greiða lífeyristryggingarnar. Það er með þessu móti: Ríkissjóður skal greiða 36%, hinir tryggðu 32%, sveitarsjóðir 18% eða sveitarfélögin og atvinnurekendur 14%. Þetta er óbreytt frá fyrri lögum.

Í 23. gr. er fjallað um, hverjir skuli greiða iðgjöld, og er sú breyting gerð hér á, að unglingar 16 ára að aldri eru teknir út og falla því iðgjöldin á aldursflokkana 17—67 ára. Af þessu leiðir að sjálfsögðu, að iðgjöld fólks á aldrinum 17—67 ára hækka sem nemur iðgjaldakvöð 16 ára aldursflokksins, en áætlað er, að það nemi rúmlega 25 milljónum kr. Auk þess er svo rétt að undirstrika, að aldrei skal leggja iðgjöld á þann, sem hefur ekki haft aðrar tekjur en bætur samkvæmt l. þessum. Í þessu sambandi er rétt að minna á ákvæði 67. gr., þar sem fjallað er um, hvernig skólafólk hefur rétt til þess, að sveitarfélag greiði iðgjald þetta, en gagnrýnt hefur verið, hvers vegna skólafólk, sem er í langskólagöngu, skuli ekki vera undanþegið iðgjaldagreiðslu. Með ákvæðum 67. gr. er skólafólki gert mögulegt að fá sveitarfélag sitt til að inna iðgjald af hendi, en sækja þarf um greiðsluna, og svo virðist sem margt skólafólk hagnýti sér ekki þennan rétt. Þó er vitað, að í sumum bæjarfélögum eru greiddar verulegar upphæðir í tryggingaiðgjöld fyrir langskólafólk.

Í 26. gr. er fjallað um fjölskyldubæturnar, og þar segir, að þær skuli vera 8000 kr. með öllum börnum yngri en 16 ára. Hugmyndir voru uppi um það í n. að hækka aldursmarkið upp í 17 eða 18 ár. Slík breyting mun kosta stórfé. Auk þess hafa verið uppi ýmsar hugmyndir um breytt kerfi á fjölskyldubótum og tengsl fjölskyldubóta við skattkerfið. En allt þetta mál þarf viðamikla endurskoðun og samræmingu á fleiri l., og langur tími mun sennilega líða, þangað til slík breyting nær fram að ganga, því að nokkuð mun mönnum sýnast sitt hvað í þessum efnum.

Rétt er að vekja athygli á því, að útgjöld vegna fjölskyldubóta eru að fullu greidd úr ríkissjóði, og gert er ráð fyrir, að á yfirstandandi ári nemi fjölskyldubætur um 580 millj. kr. Á þessu sést, að breyting á þessu kerfi er mikið mál, sem þarf góðan undirbúning.

Í 34. gr. er fjallað um það, er slys veldur varanlegri örorku og hvernig úr skal bæta eftir því, hversu örorkan er metin mikil. Umræður urðu um það í heilbr.- og félmn., hvort setja ætti inn sérstakt ákvæði um, hvort meta skyldi örorku manna eftir visst árabil að nýju. Meiri hl. nm. taldi þess ekki nauðsyn, þar sem það er oft gert, þegar um vaxandi örorku er að ræða, að örorkustigið er metið upp að nýju. Einnig hefur örorkumaður möguleika á því að velja á milli greiðslu á örorkubótum í einu lagi eða greiðslu á vissu tímabili. Hins vegar var það upplýst, að nær er það undantekningarlaust, að menn hafni greiðslu í einu lagi við örorkumatsniðurstöðu.

Í 32. gr. er að finna mörg ákvæði um þátttöku í kostnaði vegna slysa í lið nr. 2. Í þessari grein er rætt um ferðakostnað sjúklings til læknis í leigubíl og sagt, að helmingur kostnaðar sé greiddur. Hins vegar er ekki greiddur kostnaður af ferðalagi í eigin bifreið, og er litið svo á, að menn séu ekki verr settir um ferðalag á eigin farartæki en að greiða að hálfu gjaldið með leigubíl.

Í 43. gr. er aftur á móti fjallað um þátttöku sjúkrasamlags í kostnaði vegna veikinda. Undir lið h. er sagt, að 3/4 hlutar kostnaðar skuli greiddir, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúka

svo varið, að hann verði ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum. Um þennan lið urðu miklar umræður og m. a. það vandamál, er varðar sjúklinga, er búa í héruðum, þar sem læknislaust er. Einnig var rætt um það, hvort réttmætt væri að líta á ferðalag þungaðrar konu í læknislausu héraði til barnsburðar á fæðingardeild sem venjuleg veikindi eða öryggisráðstöfun. N. gerði ekki breytingu hér á frv.

Í lok greinarinnar segir svo: „Í samþykktum sjúkrasamlaga er heimilt að ákveða viðtækari hjálp vegna veikinda, svo og greiðslu fyrir tannlækningar.“ Í sambandi við tannlækningar urðu miklar umræður. Fyrir d. liggja bæði frv. og brtt. varðandi þátttöku í kostnaði við tannlækningar, og vilja flm., að sjúkrasamlag geri samning við tannlækni, sem sé staðfestur af rn., og kostnaður að 3/4 hlutum sé greiddur, þegar tannlækningin er, eins og það er orðað, heilsufarsleg nauðsyn. Ráðuneytisstjórinn Hjálmar Vilhjálmsson upplýsti, að raunverulega þyrfti ekki að beita l. neitt í þessum efnum, en ekki hefðu sveitarfélögin sýnt áhuga á þessu máli á breiðum grundvelli, þegar undan er skilinn Húsavíkurkaupstaður. Upplýst var á nefndarfundum, að víða er greiddur helmingur af kostnaði við tannviðgerðir skólabarna. Augljóst er, að framkvæmd á eftirliti við reikningslegt mat á kostnaði við tannviðgerðir er mikið vandamál, ef aðeins á að greiða fyrir aðgerð, sem fellur undir hugtakið heilsufarsleg nauðsyn. Engu að síður er rétt, að það komi fram, að tímabært er talið af mörgum aðilum og brýn nauðsyn að mótuð sé ákveðin stefna varðandi hugsanlega þátttöku sjúkrasamlags í greiðslu á lækningum í eða út frá tönnum. Varðandi kostnað við tannviðgerðir getur verið um að ræða svonefndar fyrirbyggjandi læknisaðgerðir, þ. e. að læknirinn geri við tennur til að koma í veg fyrir meiri tannskemmdir eða aðra sjúkdóma, sem af þeim kunna að stafa.

Í 49. gr. segir, að ríkissjóður greiði Tryggingastofnun ríkisins framlag til sjúkratrygginga, er nemi 250% greiddra sjúkrasamlagsiðgjalda samlagsmanna. Alls munu þetta vera iðgjöld fyrir ríkissjóð upp á um það bil 1056 millj. kr. Raddir voru uppi um það, að hækka þyrfti hlutfall ríkissjóðs upp í 260%, sem hefði þá útgjaldaaukningu um 40 millj. kr. í för með sér. Skipting sjúkrasamlagsgjalda samkvæmt frv. er þannig: 100 kr. á samlagsmann, 86 kr. á sveitarfélög og 250 kr. koma á Tryggingastofnunina. Upphæð sjúkratrygginga hefur farið ört vaxandi á undanförnum árum, og gera má ráð fyrir, að á næsta ári fari sjúkratrygging jafnvel fram úr lífeyrissjóði og fjölskyldubótum til samans.

Ég hef, herra forseti, í stórum dráttum fjallað um helztu umræðuliði, sem teknir voru fyrir á nefndarfundum, þar sem fram koma margar brtt. Munu umræður örugglega verða um fleiri greinar, og sé ég á þessu stigi ekki ástæðu til að fjalla nánar um frv., en meiri hl. leggur til, að það verði samþ. að samþykktum brtt., eins og þær koma fram á þskj. 690.

Frsm. minni hl. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Háttv. 5. landsk. þm. hefur gert grein fyrir áliti meiri hl. heilbr.- og félmn., og vil ég taka það fram þegar í upphafi, að hv. þm., sem er form. í heilbr.- og félmn. Ed., hefur verið mjög liðlegur og tekið vel öllum þeim málum, sem við vildum fá frekari upplýsingar um, og gerði hann sitt bezta til þess að reyna að koma fram fleiri breytingum á þessu frv. en hér liggja fyrir af meiri hl. hálfu, og hygg ég, að hann hafi ekki fengið neinar þakkir fyrir að fara fram á slíkt hjá sínum ráðh. Þannig hefur strandað þar á hæstv. ríkisstj.

Hv. þm. minntist á það, að vegna nálægra kosninga hugsuðu menn ekki rökrétt. Ef til vill hefur hv. þm. komizt eitthvað á snoðir um þessa hluti upp á síðkastið í herbúðum stjórnarsinna, og víst er um það, að mörg þau frv., sem lögð hafa verið fram á háttv. Alþ., bera sannarlega vitni þess, að í stjórnarherbúðunum er ekki hugsað rökrétt, hvort sem það er kosningum, sem fram undan eru, að kenna eða einhverju öðru, og skal ég ekki meira um það ræða að sinni. En óneitanlega fellur þetta frv. og athugun þess inn í fjölda af öðrum frv., sem lögð hafa verið fyrir háttv. Alþ. nú upp á síðkastið, og hefur þar af leiðandi ekki fengið þá athugun, sem vert er og æskilegt hefur verið talið af öllum, sem um þetta mál hafa fjallað. Ég vil benda á það, að hér er um mjög þýðingarmikið mál að ræða, þar sem almannatryggingarnar eru undirstaðan undir velferð þeirra þegna þjóðfélagsins, sem ekki hafa heilsu og/eða starfsþrek til að vinna sér fyrir nauðþurftum eða eru með örlagaríkum hætti sviptir möguleikum til þess um lengri eða skemmri tíma að sjá sér og sínum fyrir lífsviðurværi.

Tryggingastofnun ríkisins sér um framkvæmd almannatryggingalaganna, og er þeirri starfsemi skipt í fjóra flokka eða fjórar deildir, ef svo mætti segja, þ. e. lífeyristryggingar, fjölskyldubætur, slysatryggingar og sjúkratryggingar. Eins og kom fram hjá háttv. frsm. meiri hl., þá greiðir ríkið allar fjölskyldubæturnar, og hygg ég, að það hafi verið gert ráð fyrir, að þær mundu nema á fjárl. yfirstandandi árs sem næst 511 millj. kr. Lífeyristryggingarnar eru hins vegar byggðar upp fjárhagslega með öðrum hætti, þ. e. a. s. ríkið borgar 36% í þeim, með iðgjöldum almennings koma 32%, sveitarfélög og bæjarfélög borga 18% og atvinnurekendur 14%. Eins og sjá má af þessu, þá borgar ríkið aðeins eina krónu á móti hverjum tveimur krónum, er koma frá öðrum aðilum. Það er skoðun mín, að það beri brýna nauðsyn til að endurskoða þessa tekjuskiptingu með tilliti til þess, að ríkið taki að sér stærri hlut en nú er, þar sem þróunin er og verður sú, að þessi samhjálp, sem tryggingarnar fela í sér, fer vaxandi, þegar tímar líða, og því er það rétt, að almenningur borgi meira til tryggginganna um ríkissjóð en nú er, þar sem bakið hlýtur þó alltaf

að vera breiðast þar. Ef vel er á málefnum ríkisvaldsins haldið, þá ætti það alla jafnan að þola betur byrðarnar en einstaklingarnir sem slíkir og fámenn sveitarfélög. En tekjumöguleikar sveitarfélaganna eru mjög takmarkaðir orðnir miðað við þær skyldur, sem þeim er ætlað að inna af hendi, og því þarf að létta á þeim, og sama máli má segja, að gegni um atvinnurekendur, því að hver vinnuvika felur í sér aukin útgjöld vegna tryggingastarfseminnar. Og síðast en ekki sízt er það mikil spurning í þjóðfélagi, sem byggir sitt skattkerfi yfirleitt upp á þann hátt að hafa skattana að mestu eða öllu leyti óbeina, hvort það er viðeigandi að hafa mjög háa nefskatta, eins og iðgjöldin eru, sem falla í hlut almannatrygginga. Og á það ber að líta, að mestu iðgjaldagreiðslurnar verða frá þeim heimilum, sem alla jafnan hafa haft þyngst framfæri, þar sem eru fjölmennar fjölskyldur og margir unglingar í skóla, ef kostur er á slíku hjá svo fjölmennum fjölskyldum, en á því hefur borið meira með hverju ári, sem hefur liðið, að það eru erfiðleikar á því fyrir fjölmennar fjölskyldur að kosta öll sín börn til náms, þó að þau hafi hug, vilja og dug til þess.

Tekjustofna lífeyristrygginganna þarf því að endurskoða, en það hefur ekki verið gert í þeirri ítarlegu endurskoðun, sem fram hefur farið að þessu sinni. En ég vænti þess, að þetta verði tekið til gaumgæfilegrar endurskoðunar, áður en langir tímar líða, því að nú leggja einstaklingar til lífeyristrygginganna í iðgjöldum sem næst 530 millj. kr., sveitarsjóðir 310 millj. kr., atvinnurekendur 227 millj. kr. og ríkið 560 millj. kr. Ég held, að þessar tölur séu mjög nálægt sanni miðað við fjárl. yfirstandandi árs, hver sem endirinn kann að verða, þegar upp er staðið með uppgjör fyrir árið. Ég bendi á, að hér þarf ríkið að bera stærri hlut en nú er í lögum, og vænti ég þess, að það líði ekki á löngu, þar til þessir þættir trygginganna verða einnig teknir til gaumgæfilegrar endurskoðunar, eins og við raunar leggjum til í okkar brtt., sem ég kem að síðar.

Ég vil taka það fram, að ég geri á engan hátt lítið úr þeirri endurskoðun, sem fram hefur farið, en ég vil benda á það, að einn nefndarmanna, Guðjón Hansen tryggingafræðingur, bendir í aths. sinni á bls. 33 í grg. frv. á ýmis atriði, sem ég vil koma inn á með leyfi forseta. Hann segir, að nefndin hafi engin skil gert veigamiklum málum, sem fjallað hefur verið um: „Má þar í fyrsta lagi nefna breytingu á fjölskyldubótakerfinu, sbr. aths. við 26. gr. frv., í öðru lagi nauðsyn breytinga á ákvæðum um gjaldskyldu og lögheimili, annaðhvort með breytingum á almannatryggingalögum eða lögum um lögheimili, og í þriðja lagi hugmynd um tryggingadómstól, er með fljótvirkum hætti skapaði bótaþegum réttaröryggi. Enn fremur hefði að mínu áliti mátt vanda betur til tillögugerðar nefndarinnar, ef nefndin hefði haft rýmri tíma.“ Þarna kemur það greinilega fram, að nefndin hefur ekki haft nægan tíma til þess að athuga þetta mál, eins og æskilegt hefði verið, og býst ég við, að þar hafi kannske þess gætt, að kosningar eru í nánd og málinu hafi því verið hraðað meira og þessum þáttum þess þeirra hluta vegna ekki verið sinnt, eins og ekki væri þörf á frekari breytingum á málinu.

Ég mun því næst koma inn á þær brtt., sem liggja hér fyrir á þskj. 694 og eru fluttar af minni hl. n., þeim hv. 4. þm. Norðurl. e., hv. 4. þm. Sunnl. og mér. Fyrsta brtt. er við 9. gr. frv. um, að Tryggingastofnun ríkisins skuli kynna almenningi rétt sinn til bóta með því að láta prenta t. d. stutta bæklinga. Mörgum finnst skorta nokkuð á í þessum efnum. Enda þótt enginn efist um það, að þessi upplýsingastarfsemi sé innan Tryggingastofnunar ríkisins í mjög góðu lagi, þá verkar það ekki eins út í frá, og mundu því þessir bæklingar koma að betri notum hjá umboðsmönnum úti á landi og öllum almenningi en þær upplýsingar, sem menn hafa átt kost á til þessa að kynna sér um þá mikilvægu starfsemi, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur með höndum.

Önnur brtt. okkar er við 11. gr., 2. málsl., en þar höfum við lagt til, að hækkaðar yrðu bætur ellilífeyris umfram þá 20% hækkun, sem gerð er samkv. frv. Viðbót samkv. okkar brtt. er um 10% af þeim ellilífeyri, sem frv. gerir ráð fyrir. Það mun vart af þessu veita, þar sem lífeyrir þessi hrekkur skammt miðað við þá dýrtíð, sem við búum við, og þarfir þeirra, sem þessara trygginga njóta. Þá bætist einnig við 11. gr. ný mgr., sem er um það, að ef annað hjóna nýtur ellilífeyris og er 70 ára, þá skuli bæði hjónin hljóta lífeyri, ef vinnutekjur eru litlar, eins og oft vill verða hjá öldruðu fólki. Við þekkjum dæmi þess, að aldraður maður nýtur ellilífeyris, en konan er nokkru yngri og nýtur einskis lífeyris, og hjá þessu fólki getur afkoman oft verið mjög bágborin, og mundi það bæta verulega úr, ef bæði hjónin nytu ellilífeyris, um leið og það, sem eldra er, mundi öðlast þessi réttindi.

Í þriðja lagi er breyting á 12. gr., og er hún til samræmis við till. okkar um ellilífeyri, þ. e. að örorkubætur verði sama upphæð, eins og venja hefur verið, að þar hefur fylgzt að lágmark ellilífeyris og lágmark örorkubóta.

Í fjórða lagi er brtt. við 15. gr. Þar er um tvær veigamiklar breytingar að ræða. Í fyrsta lagi, að með hverju barni verði borgaðar 22 400 kr. í staðinn fyrir stighækkandi greiðslur eftir fjölda barna, sem þó takmarkast við þrjú börn samkv. því frv., sem hér liggur fyrir. Þetta eru mæðralaunin. En hér er lagt til, að einstæðir feður fái sömu greiðslur og einstæðar mæður, því að erfitt er að gera þarna upp á milli, þar sem það veldur ekki minni röskun á hag heimilanna, þegar eiginkona og móðir fellur frá, en þótt faðirinn falli í valinn. Þetta er talsverð breyting, en ég veit ekki, hver vill taka það að sér hér að telja hana ekki sanngjarna og viðeigandi á allan hátt.

Þá er í fimmta lagi breyting á 17. gr., og hún er til

samræmis við breytingu okkar á 15. gr., þ. e. að ekkill njóti sömu bóta og ekkjur.

Í sjötta lagi er breyting á 19. gr., þ. e. að viðbótarelli- og örorkulífeyrir sé eigi undir 125 þús. kr., ef aðrar tekjur lífeyrisþegans eru það lágar, að þær ná ekki þessari upphæð ásamt lögboðnum ellilaunum. Upphæð þessi er við það miðuð, að hún hrökkvi fyrir dvöl á elli- eða öryrkjaheimili, en dvalarkostnaður er nú á Dvalarheimili aldraðra sjómanna 355 kr. á dag og á elliheimilinu Grund 350 kr., og er upphæð þessi, 125 þús. kr., miðuð við það, að þessir lífeyrisþegar geti borgað með sér miðað við kostnað á Dvalarheimili aldraðra sjómanna. Um leið vil ég geta þess, að margur mun kannske halda, að þarna sé um verulega útgjaldaaukningu að ræða hjá ríkinu, en svo er ekki, vegna þess að lengi hefur verið sú heimild í lögum, að það hefur mátt tvöfalda ellilífeyri og örorkulífeyri eða meira, þegar á hefur þurft að halda, og þar hefur ríkið þurft að borga 3/5 og sveitarfélagið 2/5 af þessari viðbót. Þarna er því ekki um hreina útgjaldaaukningu að ræða hjá hinu opinbera, en segja má, að þessi breyting létti talsvert á þeim hlut, sem sveitarfélögin hafa orðið að bera uppi til þessa. Við 2. málsgr. 19. gr. bætist það, að þeir, sem fá eftirlaun samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra í stéttarfélögum, eiga að halda þeim launum, þannig að ekki komi til frádráttur á viðbótarelli- eða örorkulífeyri. Hér er um tiltölulega lágar upphæðir að ræða og ekki nema sanngjarnt, að það fólk, sem nýtur ellilífeyris, fái að halda honum til eigin þarfa. Þriðja breytingin á 19. gr. er um það, að heimilt sé að borga hjónum það háan ellilífeyri, að hann sé jafnmikill og um einstaklingslífeyri væri að ræða. Þetta tel ég vera mikið nauðsynjamál — ekki sízt, þegar hjón gefa með sér á elliheimili, þar sem þá er dvöl þeirra þar miðuð við þau sem einstaklinga, en ekki sem fjölskyldur, og þau verða því að borga jafnmikið og hver einstaklingur, sem þar er. Því er hér um það réttlætismál að ræða, að sá ellilífeyrir, sem þau fá, hrökkvi fyrir kostnaði eins og hjá einstaklingum.

Í sjöunda lagi leggjum við til við 23. gr., sem fjallar um iðgjöld, þá breytingu, að nemendur á aldrinum 17—20 ára séu undanþegnir þeirri skyldu að greiða iðgjöld, þ. e. a. s. ef þeir eru 6 mánuði eða lengur í skóla. Og er það til samræmis við það, sem ég áður gat um, að það er oft erfitt fyrir þá, sem hafa stórar fjölskyldur, að kosta sín börn í skóla og verða einnig að borga fyrir þau há iðgjöld til trygginga auk annarra opinberra gjalda.

8. liður er breyting við 34. gr., sem fjallar um slysabætur. Leggjum við þar til, að aftan við gr. bætist ný málsgr., þar sem heimilað er að greiða verðuppbætur til þeirra, sem hafa áður fengið örorkubætur, sem voru borgaðar í eitt skipti fyrir öll. Þetta er aðeins heimild til að borga viðbót eftir mati, sem fram fer, með tilliti til hækkaðs lífeyris síðustu 10 ár frá því, að greiðslan fór fram, þannig að ef heimildin er notuð, þá er það með tilliti til hækkaðra bóta á þessu tímabili.

Í níunda lagi leggjum við til, að við 46. gr. frv. bætist nýtt ákvæði um, að Tryggingastofnun ríkisins borgi nauðsynlegan flutningskostnað fyrir sjúklinga og barnshafandi konur, ef í hlutaðeigandi læknishéraði er hvorki sjúkrahús né starfandi læknir. Við vitum það, að á þessum stöðum er yfirleitt um langa vegu að fara bæði í sjúkrahús og til læknis. Og til þess að þeir, sem þarna búa, verði ekki fyrir miklum og tilfinnanlegum kostnaði við að leita sér læknisaðstoðar, fái þeir frían ferðakostnað — sem þeir verða sjálfir annars að inna af hendi — þegar um sjúkdóm er að ræða eða kona þarf að fara til þess að ala barn.

Í tíunda lagi leggjum við til við 49. gr. frv. þá breytingu, að ríkissjóður taki að sér að borga 260% í stað 250% til sjúkratryggingarnna, og þetta miðast við það, að hingað til hefur verið starfandi að nokkru það, sem kölluð er ríkisframfærsla, er lögð er niður nú að öllu, og fellur hún undir sjúkratryggingarnar. Og það dæmi kemur þannig út, að um leið og ríkisframfærslan hættir, þá hækka nokkuð iðgjöld einstaklinga til sjúkrasamlaganna, en hlutur ríkissjóðs lækkar að sama skapi. Og þó að hér sé um 40 millj. kr. upphæð að ræða, þá finnst mér það ekki vera það mikill peningur, að það þurfi endilega að horfa í það fyrir ríkið, þegar við vitum það, að fjöldi manna er það illa settur, að hann berst í bökkum með að borga sjúkrasamlagsiðgjöld, vegna þess að á undanförnum árum hefur orðið geysileg hækkun, og ég efast um, að hún hafi á nokkru öðru sviði hér verið jafnmikil og á öllu því, sem að læknisþjónustu og sjúkrahúsvist lýtur. Og finnst mér, að það komi vart til greina, að hlutur ríkisins í þessum málum minnki frá því, sem verið hefur.

Þá er í ellefta lagi sú brtt. hjá okkur við 78. gr., að í stað „6 mánaða“ komi „3 mánaða“, þ. e. a. s. þegar kauphækkanir eiga sér stað, þá er heimildin í 78. gr. sú, að það er 6 mánaða frestur til að hækka almannatryggingabætur, en við leggjum til, að þessi tími verði styttur niður í 3 mánuði, þannig að það líði aldrei lengri tími frá því, að kaupgjald hefur hækkað, þangað til þeir, sem njóta lífeyrisbótanna, fái sínar hækkuðu bætur. Þá leggjum við til, að lög þessi öðlist þegar gildi, en ekki eftir rúma 9 mánuði, eins og ætlazt er til samkv. frv., sem fyrir liggur. Við teljum, að hér sé um það þýðingarmikinn þátt að ræða, að nauðsyn beri til, að lög þessi öðlist gildi nú þegar. Í frv. er áætlað, að útgjaldaaukningin, eins og frv. var lagt fyrir Alþ., verði 500 millj. kr., eins og hv. 5. landsk. þm. kom inn á. En þess ber að geta, að einungis 36% af þessu fellur í hlut ríkisins eða 180 millj. kr., en einstaklingarnir verða að borga 160 millj. kr., sveitarfélögin 90 millj. kr. og atvinnurekendur 70 millj. kr., að ég ætla. Þannig að einhvern tíma hefur á milli fjárlagaafgreiðslna á Alþ. verið lagður þyngri baggi á ríkisvaldið en hér um ræðir, þó að þessar bætur hækkuðu hlut ríkisins um 180 millj. kr., enda í lögum svo fram tekið, að heimilt sé fyrir ríkið að inna af hendi þær greiðslur, sem lögboðnar eru,

enda þótt ekki sé fram tekið eða til þeirra ætlað fé í fjárlögum.

Þá vil ég á það benda, að í ákvæðum til bráðabirgða, sem fjalla um breytingar á sjúkrasamlögum landsins, er svo ráð fyrir gert, að helmingurinn skuli, ef einhverjar eignir eru hjá hlutaðeigandi sjúkrasamlögum, renna í varasjóð þess sjúkrasamlags, sem verður myndað, en hinn helmingurinn á að koma fyrst í stað upp í þær iðgjaldagreiðslur, sem hlutaðeigandi aðilar eiga að inna af hendi til þess sjúkrasamlags, sem myndað verður, sem eru í þessu tilfelli þau héraðasamlög, sem starfað hafa alllengi og fengu aukin verkefni og þar með aukið vald fyrir nokkrum árum. En við leggjum til, að þarna verði einungis um að ræða, að einn fjórði hluti af þessari eign hlutaðeigandi sjúkrasamlags renni í varasjóð væntanlegs samlags, en 3/4 verði haldið eftir og komi sem framlag upp í iðgjöld hlutaðeigandi aðila, á meðan upphæðin nægir til þess.

Ég vil taka það fram í sambandi við breytingar á sjúkrasamlögunum, þ. e. a. s. sameiningu sjúkrasamlaganna, eins og hér er ráð fyrir gert, að ég er fyrir mitt leyti í eðli mínu samþykkur því, að á þessu séu gerðar breytingar, og ég tel, að þar sem ég þekki bezt til, þá mundi það betur fara en sá háttur, sem á er hafður nú. Hins vegar býst ég við, að við getum ekki horft fram hjá því, að það eru mismunandi aðstæður hér á landi. Það háttar þannig til hjá einum, að ekki hæfir honum það sama og öðrum, og því verðum við að athuga þessa hlið málanna mikið betur, áður en við afgreiðum þetta mál frá okkur. Mér er vel kunnugt um það, og ég hef síðan þetta frv. kom fram í hv. Alþ. haft tal af mörgum, og menn líta mjög misjöfnum augum á þessa breytingu. En ég hef stundum minnzt á það áður, að lausnin gæti orðið sú, að það væru læknishéruðin, sem væru sjúkrasamlagseiningin, þ. e. a. s. það svæði, sem hlutaðeigandi læknir starfar á, það væri eitt sjúkrasamlag, en ekki í öllum tilfellum sýsluheildin. Nú fellur það stundum saman læknishéraðið, sýsluheildin og héraðssamlagið, og þá sé ég ekki, að það sé því neitt til fyrirstöðu að gera þessa breytingu, en það geta verið þrír læknar í einu héraði, og það getur verið partur af öðru héraði eða sýslu, sem tilheyrir öðru læknishéraði. Þarna þarf maður að vega og meta málin og reyna að finna heppilegri lausn, að ég hygg, en getur talizt vera í því bráðabirgðaákvæði eða breytingu á sjúkrasamlagaskiptingunni, sem frv. gerir ráð fyrir.

Þá vil ég á það minna, að við flytjum einnig brtt. um það, að löggjöf þessi verði mjög fljótlega endurskoðuð og skipuð verði mþn., sem framkvæmi heildarendurskoðun almannatrygginganna, sem við álítum, að hafi alls ekki farið fram með þeirri endurskoðun, sem hér um ræðir, og sameinað Alþ. kjósi tvo menn í n., en hver þingflokkur skipi einn fulltrúa frá sér, og ráðh. skipi form. n. úr hópi hinna kjörnu. Þetta teljum við nauðsynlegt, að verði gert, til þess að það verði hægt að koma fyrir þeim breytingum og athuga löggjöfina með tilliti til tekjuöflunar og þarfa þeirra, sem eiga að njóta þeirra réttinda, sem löggjöfin felur í sér, en það hefur ekki tekizt nógu vel í þeirri endurskoðun, sem hér um ræðir og hér liggur fyrir í frv.-formi.

Ég vil taka það fram, að við erum eindregið fylgjandi því, að brtt. sú, sem hér hefur verið lögð fram um tannviðgerðir frá hv. 11. þm. Reykv., verði samþ., því að sannarlega er það tímabært, að tryggingarnar taki meiri þátt í tannviðgerðum en verið hefur að undanförnu, vegna þess að þar hefur einungis verið um heimildarákvæði að ræða, sem hefur af sárafáum verið notað.

Ég hef hér gert grein fyrir brtt., sem eru á þskj. 694, og vænti ég, að hv. þm. geti samþ. þær breytingar. Hér er að vísu um aukin útgjöld að ræða hjá þeim, er bera þungar byrðar af þessari velferðarstarfsemi, sem fylgir tryggingunum, en réttarbætur eru margar og miklar fólgnar í þessum brtt. okkar, og ég er bjartsýnn á, að hv. þm. séu það framsýnir og velviljaðir, að þeir samþykki brtt. okkar.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Eins og nál. á þskj. 689 ber með sér, þá er ég í höfuðatriðum meðmæltur því frv. til l. um almannatryggingar, sem hér liggur fyrir til umr. Í heild sýnist mér, að þær breytingar, sem gerðar eru á eldri lagaákvæðum, stefni til bóta, og því vil ég stuðla að því, að þær nái fram að ganga. Ég hef skrifað undir þetta nál. með fyrirvara, og minn fyrirvari er fólginn í afstöðu minni til V. kafla frv., sem fjallar um sjúkratryggingar. Þar er gert ráð fyrir allveigamikilli breytingu frá eldri ákvæðum um þær, þar sem áður hafa verið og eru til þessa tíma sjúkrasamlög í hverjum hreppi í landinu, sem síðan hafa sameinazt í héraðasamlög um veigamestu atriði tryggingaákvæðanna eða um sjúkrahúsgreiðslurnar. Nú er gert ráð fyrir því í þessu frv., að í hverjum kaupstað og hverri sýslu skuli vera sjúkrasamlag til þess að annast sjúkratryggingar. Það þýðir það, að gert er ráð fyrir því, að sjúkrasamlög hreppanna eða sveitarfélaganna hverfi. Í fyrsta lagi vil ég geta þess, að mér sýnist, að þessi skipting í sjúkrasamlög sé handahófskennd, og ég sé ekki, að þetta sé sú skipting, sem eðlilegust væri, ef breytingu á að gera á þessum hlutum á annað borð.

Þegar maður lítur til þess í örfáum dæmum, sem ég vildi nefna, þá hygg ég, að þeim muni ekki þykja það eðlilegt í sveitarfélögunum í Kjósarsýslu að fella sjúkrasamlögin saman í eitt sjúkrasamlag í sýslunni jafnstór og fjölmenn sveitarfélög og hér ræðir um eins og Seltjarnarnesið og Mosfellssveit, svo að dæmi séu nefnd. Aftur á móti, ef við lítum til annarra aðstæðna eins og t. d. Austur-Barðastrandarsýslu, sem mun ekki vera öllu fjölmennari en miðlungssveitarhreppur á Suðurlandi, þá þykir mér það einsýnt, að þarna sé ekki um ákvörðun að ræða um sjúkrasamlagsstærð, sem nokkur raunhæf rannsókn eða athugun hafi stuðlað að. Látum svo vera, en þá er að spyrja sjálfan sig að því: Er þessi breyting nauðsynleg, sem hér er verið að gera? Hafa sjúkrasamlögin, eftir að síðasta breyting var gerð á

starfsháttum þeirra, staðið sig svo illa, að það sé ástæða til þess að breyta þeim á þessa lund, og það án þess að spyrja sveitarstjórnir eða sjúkrasamlög um, hvort að því skuli stefnt eða ekki? Ég þori ekki að fullyrða neitt um þessa hluti, en af þeim kynnum, sem ég hef af störfum sjúkrasamlaga og hef lítils háttar hlerað um frá t. d. þeim, sem haft hafa með að gera héraðasamlögin, þá sýnist mér, að það sé alls ekki um það að ræða, að illa hafi verið staðið í stykkinu af þeirra hendi. Innheimtur hafa gengið yfirleitt nokkuð vel hjá sjúkrasamlögunum og reikningsskil ekki nema í örfáum tilfellum verið með þeim hætti, að ástæður væru til að vanda um í því efni.

Ég get því ekki séð, að þessi breyting sé nauðsynleg. Ég hygg, að með héraðasamlagafyrirkomulaginu, sem komið var á við síðustu breytingar á sjúkratryggingunum, hafi verið farið inn á þá braut að sameinast um þá hluti, sem hættulegastir voru hinum minni sjúkrasamlögum, og reynslan hafi sýnt það, að síðan hefur ekki orðið um neina verulega eða teljandi erfiðleika að ræða hjá litlu sjúkrasamlögunum. Það er bent á það, að þessi breyting, sem nú er stefnt að, muni verða til þess að gera stjórnun þessara mála auðveldari og jafnvel ódýrari. Um það er erfitt að segja, hvort um ódýrari stjórnun verður að ræða, en ég hygg, að það sé þó í ósamræmi við þá reynslu, sem fengin er, af sams konar færslu á stjórnun félagasamtaka í landinu, ef þetta verður til þess að draga þar verulega úr kostnaði.

Ég hef lýst því, að ég er ekki samþykkur þeim breytingum, sem hér er gert ráð fyrir að gera á sjúkratryggingakafla almannatryggingalaganna. Ég mun því geyma mér rétt til þess að flytja við 3. umr. þessa máls brtt. við þennan kafla, sem miðar að því, að sjúkrasamlögin verði a. m. k. um það spurð, á hvern hátt bezt verði leystur þeirra vandi, ef hann þykir vera einhver verulegur fyrir hendi. Ég get ekki séð, að þau hafi starfað þannig að þessum málum, að það sé sanngjarnt og eðlilegt að gera vafasama breytingu án þess að kveðja þau nokkuð til ráða um, á hvern hátt hún verði framkvæmd.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Form. og frsm. háttv. heilbr.- og félmn., háttv. 5. landsk. þm., Jón Árm. Héðinsson, hafði hér svolítinn inngang að ræðu sinni, þar sem hann mælti fyrir nál. meiri hl. Ef einhver kynni að hafa átt dálítið erfitt með að skilja þennan inngang, sem ókunnugum var svolítið torskilinn, þá er rétt að upplýsa það, að háttv. þm. er frambjóðandi í Reykjaneskjördæmi og hér hefur vafalaust verið um að ræða lítils háttar heimiliserjur úr Reykjaneskjördæmi og smáspjótum beint til mín, en slíkt verður nú gjarnan til þess að skerpa kærleikann, þar sem hann er fyrir.

Hv. þm. var að tala um merkispersónur gamlar og nýjar. Hann talaði um Snorra Sturluson og hélt, að einhverjir hefðu verið — og þá að því er mér skildist stjórnarandstæðingar — að líkja sér við hann. Hann talaði líka um aðra persónu, sem hann nefndi Húsavíkur-Jón, og mér skildist á honum, að hefði ekki verið nein merkispersóna. Nú vill svo til, að ég þekki í rauninni ekki nema einn Húsavíkur-Jón, svo að teljandi sé, og hann heitir fullu nafni Jón Árm. Héðinsson.

Hv. þm. talaði töluvert um ábyrgðarleysi okkar stjórnarandstæðinga í sambandi við tillöguflutning um þetta mál og tók þar upp þráðinn frá því, að við Alþb.-menn fluttum till. í sambandi við fjárl. s. l. ár um aukið fjármagn til tryggingganna. Ég ætla ekki að ræða mikið um þetta ábyrgðarleysistal að öðru leyti en því, að mér finnst í rauninni ekki sérlega mikil ábyrgðartilfinning hjá hæstv. ríkisstj. að koma með frv., sem felur þó í sér samtals um 500 millj. kr. aukin útgjöld, að vísu ekki öll úr ríkissjóði, ekki nema að hluta úr ríkissjóði, og ætla síðan öðrum síðar á næsta ári að leysa þennan vanda. Þetta tel ég ekki sérstaklega mikla ábyrgðartilfinningu. Hitt hefði verið vottur um ábyrgðartilfinningu, ef hæstv. ríkisstj. hefði nú gert umtalsverðar umbætur og breytingar á almannatryggingalögunum og látið þær koma til framkvæmda strax eða svo fljótt sem verða mætti.

Ég hef áður gagnrýnt þetta frv. og bent á þá galla, sem ég tel helzta á því vera, og skal ekki endurtaka það. Til upprifjunar vil ég þó aðeins geta þess, að auk þess tíma, sem tiltekinn er fyrir gildistöku laganna, sem er auðvitað megingalli — þau eiga ekki að taka gildi fyrr en um næstu áramót — þá hygg ég, að þegar málið er skoðað í heild, sé einn aðalgallinn sá, að hér er ekki um að ræða þá heildarendurskoðun, sem ef til vill hafði verið gert ráð fyrir og full þörf er á, og það er enginn efi á því, að það er fyrir löngu kominn tími til þess að endurmeta miklu rækilegar en hér er gert, hvort þeir tiltölulega miklu fjármunir, sem renna til þessarar ríkisstofnunar og út frá henni aftur í ýmsum myndum, eru hagnýttir á þann heppilegasta og sanngjarnasta og skynsamlegasta hátt, sem um gæti verið að ræða, eða hvort þarna ætti að gera umtalsverða breytingu á. Slík heildarendurskoðun bíður, og hennar er full þörf þrátt fyrir þetta frv. og jafnvel þrátt fyrir það, að einhverjar lagfæringar kynnu á því að fást við meðferð þess hér á háttv. Alþ.

Áður en ég kem að brtt. þeim, sem ég flyt við frv., vil ég einungis geta þess, að ég er sammála og fylgjandi ýmsum þeim brtt. frá háttv. alþm. úr minni hl., sem hér hafa verið lagðar fram. Skal ég ekki gera margar þeirra að umtalsefni, en vil þó aðeins stuttlega nefna þrjár. Það er í fyrsta lagi brtt. á þskj. 633 frá háttv. 6. þm. Sunnl. um, að á stofn verði settur tryggingadómstóll, sem taki til meðferðar og úrskurðar kærur, er varða ágreining um bótarétt hinna tryggðu og Tryggingastofnunar ríkisins. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar og við Alþb.-menn, að full þörf væri á slíkum dómstól, og ég styð því eindregið þessa till. Þá vil ég einnig lýsa fyllsta stuðningi mínum við þá till. háttv. minni hl. heilbr.- og félmn. á þskj. 694, sem kveður á um það, að þegar eftir samþykkt laga þessara skuli skipuð

mþn., sem falið sé það hlutverk að framkvæma heildarendurskoðun laga um almannatryggingar. Ég tel þetta mikilvægt atriði og er því eindregið fylgjandi. Ýmsar aðrar eða flestar till. hv. minni hl. sýnast mér og þannig vaxnar, að ég geti fylgt þeim. Enn vil ég nefna till. hv. minni hl. n. á þskj. 702, þar sem lagt er til, að þeir, sem gert hafa sjómennsku að ævistarfi og stundað sjómennsku um langan tíma, 35 ár eða lengur, öðlist fullan rétt til ellilífeyris, ef þeir hafa náð sextugsaldri. Ég lýsi einnig fylgi mínu við þessa till.

Ég skal svo í stuttu máli fylgja úr hlaði þeim brtt., sem ég hef leyft mér að leggja fram við þetta frv. og eru á þskj. 648. Ég sé að vísu, að nokkrar till. um sama efni eru fluttar af öðrum og með lítið eitt breyttum upphæðum eða orðalagi, og ég mun að sjálfsögðu, þar sem um minni háttar frávik frá mínum till. er að ræða, fylgja þeirri till., sem lengra gengur eða fyrr kemur til atkvæða. Ég hef einnig við aðra umr. málsins rætt allrækilega um sum þau atriði, sem ég flyt hér till. um, og tel mig þess vegna geta stytt mál mitt verulega.

Fyrsta brtt. mín á þskj. 648 er um það, að utan Reykjavíkur skuli sjúkrasamlögin annast umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina hvert á sínu samlagssvæði í staðinn fyrir sýslumenn og bæjarfógeta. Ég gerði mér far um að rökstyðja þessa breytingu við 2. umr. málsins og tel ekki ástæðu til að endurtaka það, sem ég þá sagði.

Önnur brtt. mín fjallar um það, að Tryggingastofnunin skuli leggja sérstaka áherzlu á að kynna hinum tryggða rétt sinn til bóta með útgáfu bæklinga og upplýsingastarfsemi í fjölmiðlum og skólum. Ég sé, að háttv. meiri hl. heilbr.- og félmn. hefur tekið tillit til þessarar ábendingar og er með till. um það, að Tryggingastofnunin skuli kynna almenningi rétt sinn til bóta með upplýsingastarfsemi. Þó að hér sé um að ræða nokkuð almennt orðalag, þá tel ég þó, að samþykkt slíkra till. sé til verulegra bóta og undirstriki þá nauðsyn, sem til þess ber, að öllum almenningi gefist kostur á því betur en verið hefur að kynnast þeim rétti, sem hann hefur í sambandi við almannatryggingarnar.

Meginbreytingin, sem felst í 3. brtt. minni við 12. gr., er sú, að þeir, sem verða öryrkjar af völdum sjúkdóma, búi við sama rétt og hinir, sem verða öryrkjar af völdum slysa. Ég fæ ekki skilið, hvaða ástæða er þarna til að gera mun á.

Fjórða brtt. er við 14. gr., þar sem breytt er 17 ára í 18 ára, og í ýmsum öðrum brtt. er ýmist aldursárinu 16 eða 17 breytt í 18. Allar þessar brtt. fjalla ýmist um það að hækka barnalífeyri og mæðralaun upp að 18 ára aldri eða um það, að unglingar innan 18 ára aldurs skuli ekki greiða tryggingagjöld. Sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þessar till., enda hygg ég, að ég hafi rætt nokkuð um þessar breytingar við 1. umr. málsins.

Fimmta brtt. er í þrem liðum, og 1. liðurinn er um það að breyta úr „16 ára aldri“ í „18 ára aldri“. 2. liðurinn fjallar um það, að einstæðir feður skuli hljóta sams konar bætur og einstæðar mæður, ef þeir halda heimili fyrir börn sín. 3. liðurinn fjallar um allverulega hækkun með fyrsta barni, sem hækki úr 6192 kr. í 16 800 kr., en það mun vera helmingur þeirrar upphæðar, sem gert er ráð fyrir, að stofnunin greiði með tveimur börnum. Um 6. brtt. mína hef ég þegar rætt, en 7. brtt. fjallar um það, að lágmark elli- og örorkulífeyris þeirra, sem ekki hafa aðrar tekjur, verði hækkað upp í 120 þús. kr. Um 8. og 9. brtt. mína hef ég þegar rætt.

Tíunda brtt. fjallar um það, að íþróttafólk, sem tekur þátt í íþróttaiðkunum, hvort heldur er æfingum, sýningum eða keppni, og orðið er 16 ára, verði slysatryggt.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um 12. brtt. Hún er í því fólgin, að á eftir 34. gr. bætist við ný grein svo hljóðandi: „Skipverjar, þar með taldir formenn á bátum undir 12 smálestir að stærð, sem tryggðir eru samkv. 29. gr. laganna, skulu njóta sérstakra örorku- og dánarbóta til viðbótar þeim bótum, sem ákveðnar eru í 34. og 35. gr.

Hinar sérstöku bætur skulu vera 600 þús. kr. miðað við dauða, en 800 þús. kr. við 100% varanlega örorku, en hlutfallslega lægri ef varanleg örorka er metin innan við 100%. Ráðherra getur breytt bótaupphæðum til hækkunar, ef almenn hækkun verður á umsömdum slysabótum sjómanna á stærri bátum en 12 smálesta.

Um bætur þessar gilda hinar almennu reglur laganna, eftir því sem við á.“

Það hefur lengi viðgengizt, að þeir menn, sem starfa á litlum bátum — bátum undir 12 smálestum að stærð — hafa ekki átt kost sömu slysatrygginga eða dánarbóta og skipverjar á stærri skipum. Og til þess að leiðrétta þetta a. m. k. að hluta er þessi till. flutt.

Þrettánda brtt. er í tengslum við brtt. um íþróttafólk, 10. brtt., sem ég áðan lýsti. Hún er ákvæði um það, hvaða aðilar greiða iðgjöld fyrir íþróttafólk og eftir hvaða reglum það skuli gert, að íþróttafélög skuli greiða 1/4 hluta af iðgjöldum fyrir íþróttafólk, en ríkissjóður 3/4 hluta.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða frekar en ég hef áður gert um brtt. nr. 14 og 15, þar sem um er að ræða hækkanir úr 16 ára í 18 ára, eins og ég áður hef greint frá, en 16. brtt. er um tannlækningarnar fyrst og fremst. Það er að vísu fram komin önnur brtt. um það efni, sem ég get að vísu fellt mig við, en tel þó, að ákvarðanir um meðferð þessa ekki alveg vandalausa máls kunni að vera gleggri og eðlilegri í þessari brtt. minni nr. 16 við 43. gr., en geri þar þó ekki sérlega stóran mun á.

Sautjánda brtt. er um nokkra breytingu og þó aðallega hækkun á sjúkradagpeningum. Þar er jafnframt gerð sú breyting, sem leiðir af öðru, að þar er miðað við 18 ára. Og b-liður þessarar brtt. fjallar um það, að sú lækkun, sem um ræðir í 6. mgr. 44. gr., taki þó ekki til sjúkradagpeninga vegna barna sjúklings.

Átjánda brtt. við 54. gr. fjallar að vísu að verulegu leyti um sama atriði og ég hef rætt um áður, þ. e. um kynningarstarfsemi, en þó á hún sérstaklega

við það, að starfsfólki sjúkrasamlaga auk Tryggingastofnunarinnar sjálfrar að sjálfsögðu skuli gert að skyldu að kynna sér til hlítar aðstæður umsækjenda og bótaþega og gera þessum aðilum grein fyrir ýtrasta rétti þeirra samkvæmt l. þessum og samkvæmt reglugerðum og starfsreglum Tryggingastofnunarinnar og sjúkrasamlaga. Á því hefur verið misbrestur, að þeir, sem rétt áttu til bóta, hafi vitað fyllilega um, hver réttur þeirra var, og má nefna ýmis dæmi þess, að menn hafa verið furðulega illa að sér um það, hver rétturinn raunverulega var, enda er það sannast sagna, að hér er um nokkuð margþætt atriði að ræða og full ástæða er til þess, að þeir aðilar, sem eiga að framkvæma l., leggi sig fram um það að kynna almenningi þann rétt, sem hann hefur, og gera mönnum þar með kleift að njóta hans á eðlilegan hátt og að fullu.

Síðan eru till., sem eru í samræmi við það, sem ég hef áður sagt um 18 ára aldursmark, sem ég hef áður miðað við hér bæði að því er tekur til barnalífeyris og mæðralauna og sömuleiðis tryggingagjalds.

Loks er 21. brtt. mín sú, að l. þessi öðlist gildi hinn 1. júní 1971, og þegar ég setti inn það ákvæði, þá reiknaði ég fyrst og fremst með því, að einhvern tíma þyrfti frá því, að l. væru samþykkt og þangað til yrði með auðveldu móti hægt að fara að framkvæma þau, en hitt er alveg ljóst, að ákvæðið, eins og það er nú, um að ekkert ákvæði laganna taki gildi fyrr en um næstu áramót, rýrir stórlega alla þessa lagasetningu og er í rauninni ósýnt mál, hver þróunin verður fram að næstu áramótum, svo að enginn veit í dag, hversu mikils virði þær hækkanir verða, sem gert er ráð fyrir, að aflað verði fjár til á næsta ári.

Ég skal svo ekki, herra forseti, hafa þessi orð öllu fleiri. Ég vil að lokum leggja á það áherzlu, að þó að sitthvað sé til bóta í frv. hæstv. ríkisstj. og margt væri það verulega, ef um það væri að ræða, að þessi l. ættu að taka gildi nú í vor, þá er það svo, að þrátt fyrir það, sem er til bóta í þessari löggjöf, er enginn efi á því, að það er brýn nauðsyn að taka almannatryggingalögin í heild til rækilegrar endurskoðunar með það alveg sérstaklega fyrir augum, að þeir gífurlega miklu fjármunir, sem eftir þessu kerfi fara og síðan út úr því aftur, nýtist sem allra bezt, því að það er enginn efi á því, að það er sitthvað um hægt að bæta og ýmsu hægt að kippa í eðlilegra horf en nú er, þannig að þeir njóti fyrst og fremst, sem mesta hafa þörfina og mesta nauðsynina til þess að njóta úr þessu trygginga- og bótakerfi.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Ég fagna því frv., sem hér er til umr., og tel, að það miði í réttláta átt á ýmsum sviðum. Þó fer nú ekki hjá því, að ævinlega þegar almannatryggingalögin koma til endurskoðunar, verði manni svolítið hugsað til þeirrar hringrásar á fjármunum, sem fer fram í gegnum þau. Það er auðvitað mál, að hverju velferðarþjóðfélagi, eins og við viljum kalla okkar þjóðfélag, ber skylda til þess að sjá með sómasamlegum hætti fyrir því, að aldrað fólk og öryrkjar eigi þess kost að lifa sómasamlegu lífi, þó að starfsorka þeirra fyrir þjóðfélagið sé þrotin fyrir elli sakir eða annarra hluta. En á það er að líta, að allmargt fólk í landinu hefur ellitekjur eftir öðrum leiðum en almannatryggingunum og ellilaunakerfið í landinu er orðið svo flókið og margbrotið, að almannatryggingarnar eru í rauninni ekki nema einn þátturinn í því. Ég hef t. d. horft upp á ellihruman mann, sem lengi lá á sjúkrahúsi og gat einskis notið. Hann var ekki formlega hæfur til að vera jarðaður, vegna þess að á morgnana var hellt hafragraut í annað munnvikið á honum og á kvöldin var dregið undan honum lak, sem eitthvað hafði blotnað. En þessi maður var á ellilaunum þess háttar, að hann hafði sínar almannatryggingar, hann hafði sín embættiseftirlaun, sem voru þó nokkur. Og þó að hann gæti einskis notið, þá voru erfingjarnir, sem ekki voru mjög gefnir fyrir það að veita gamla manninum mjög mikla aðstoð, meðan hann var uppistandandi, svona að krunka kringum rúmið, því að ellilaunin hans söfnuðust fyrir að nokkru og gáfu arfsvon í aðra hönd.

Ég segi þetta ekki til að halda því fram, að ellilaun almannatryggingganna eigi ekki að vera það há, að menn geti lifað af þeim, en ég segi þetta til upprifjunar á því, að það er ýmislegt í þjóðfélaginu, sem þyrfti að endurskoða í sambandi við ellilaunakerfið — ekki bara almannatryggingakerfið, heldur líka ellilaunakerfið allt saman. Þeir, sem borga þetta, er það fólk í landinu, sem er í fullu starfi, sem er að koma upp sínum börnum og sem oft á erfitt og þröngt fjárhagslega. Ég vil skjóta inn þeirri hugmynd, hvort ekki væri hugsanlegt að skerða eða afnema erfðarétt og láta erfingjann verða einn allsherjarsjóð, sem síðan stæði undir ellilaununum í landinu og gæti þá gert það með ríflegri hætti en nú er gert eftir almannatryggingalögunum og vonandi með ríflegri hætti en þetta frv. gerir ráð fyrir. Hér er sjálfsagt ekki ástæða til þess að fara langt út í þessa sálma, því að ég viðurkenni, að þeir eru dálítið flóknir og ekki alveg auðleystir.

Á hinn bóginn sýnist mér rétt að skoða það svolítið nánar en gert er í frv. sjálfu, að í rauninni eru tryggingaþegarnir, þ. e. þeir, sem fá greiðslurnar úr sjóði almannatrygginga, að mestu háðir því, hvernig tryggingaráð eða æðsta stjórn Tryggingastofnunarinnar tekur á þeirra málum. Að sjálfsögðu kemur þar stundum fram misskilningur, og hinir tryggðu ná ekki því, sem þeir telja sinn rétt, og nú er það svo, að þó að almannatryggingarnar hafi umboð víðs vegar úti um land, þá eiga ekki allir auðhlaupið til þeirra aðila, sem hafa úrskurðarrétt um þeirra ellilaun, hvort sem það eru örorkulaun eða annað. Það er þess vegna nokkrum erfiðleikum háð að ná fram rétti sínum, jafnvel þó að hann sé nokkuð augljós. Þar getur komið til misskilningur, og þar kemur það einnig til, sem við þekkjum úr öllu kerfinu, að þeir aðilar — þó það kunni að vera beztu menn, sem lengi sitja við einhverja slíka úr-

skurði og afgreiðslur, sem gefur þeim visst vald — vaxa venjulega upp í starfið og finnst, að allir, sem undir þá eiga að sækja, séu í rauninni þjóðarómagar eða eitthvað í þá áttina, en þeir séu sjálfir höfðingjar, sem svona kannske af náð sinni láti þá stundum hafa eitthvað, en í annað skipti dálítið minna.

Ég þekki líka dæmi um það, að útgerðarmaður og skipstjóri á vélbát varð fyrir veikindaáfalli, sem leiddi hann til blindu og örorku, fullkominnar örorku, og fékk hann örorkulífeyri í sambandi við það. Hann missti sínar tekjur, og þær komu því ekki til frádráttar, en svo kom það fyrir eitt árið, þegar hann var búinn að vera nokkur ár á þessum bótum, að hann fékk útborgaðan hlut sinn, sem hann hafði átt í lifrarsamlagi, og einhvern veginn reiknaði skatturinn honum þetta til tekna, og það vantaði ekki, að næsta ár var þetta dregið sem tekjur frá hans almannatryggingabótum. Ég fór nokkrar ferðir fyrir viðkomandi aðila í Tryggingastofnun ríkisins til þess að reyna að fá leiðréttingu á þessu og fékk hana — að vísu svona að hálfu. Ég skrifaði bréf, kæru. Trmrh. tók við þessu og kvittaði undir það allt saman, en gerði aldrei neitt í málinu, og þannig standa málin enn þá. Þessi hjón hafa týnt a. m. k. verulegum upphæðum af því, sem þeim bar að fá, vegna þess að stjórn Tryggingastofnunarinnar var ekki reiðubúin að leiðrétta þessi mistök.

Ég tel þess vegna, að það sé alveg nauðsynlegt að setja dómstól um svona mál. Það er allt of þungt og erfitt að fara með þetta gegnum hina almennu dómstóla, þar sem það tekur ár og stundum mörg ár að ná fram rétti sínum og þess vegna verður að vera, þegar um er að ræða daglegan lífeyri fólks, einhver dómstóll, sem kveður upp endanlegan og réttlátan úrskurð í svona málum, enda hefur svo farið í flestum löndum hér í nágrenni okkar, að slíkir tryggingadómstólar hafa verið settir upp. Guðjón Hansen getur þess líka í sinni aths. við þetta lagafrv., að ekki hafi við undirbúning þess unnizt tími til að gera ýmsar ráðstafanir, sem þó hefðu verið nauðsynlegar, og minnist m. a. á tryggingadómstól. Ég er honum algjörlega sammála um það, að við tryggingastofnun, eins og við höfum, verður að starfa dómstóll, sem ekki saltar mál að eilífu, heldur afgreiðir þau. Í samræmi við þessa skoðun mína hef ég flutt till. um, að komið verði upp tryggingadómstól. Ég viðurkenni, að það má hugsa sér hann með ýmsum hætti. Ég kannast t. d. við það, að Norðmenn lögleiddu það, sem þeir kalla tryggingarétt, sem er tryggingadómstóll af þessu tagi, fyrir þremur til fjórum árum, og hann er þannig skipaður, að konungurinn tilnefnir þrjá menn í dóm, og er það ekkert bundið. Við höfum ekki tekið upp þann háttinn að láta okkar þjóðhöfðingja framkvæma stjórnarathafnir af þessu tagi, og hef ég þess vegna ekki lagt það til í mínum till., en ég legg til hér í till. á þskj. 633, að komið verði upp dómstóli, tryggingadómstóli, til þess að starfa við Tryggingastofnun ríkisins, en henni óháð, og að í þessum dómstóli sitji þrír dómarar þannig skipaðir, að Alþ. tilnefni einn þeirra, Samband ísl. sveitarfélaga tilnefni annan og Hæstiréttur tilnefni hinn þriðja og að þessi dómstóll verði að taka mál fyrir innan tveggja vikna frá því honum berast umkvartanir eða kærur og fella úrskurð innan mánaðar. Ég viðurkenni það einnig, að þessi tímasetning er svo sem ekki alveg sjálfsögð og eitthvað annað gæti komið til greina, en ég tel það fráleitt að hafa ekki einhverja slíka stofnun, þar sem menn geti fengið afgreiðslu mála sinna án þess að fara með það í gegnum dómstólakerfi landsins eins seinvirkt og það er.

Ég þykist þá hafa gert grein fyrir þeim brtt., sem ég hef flutt við þetta frv. Ég get lýst því yfir, að ég er sammála flestum þeim brtt. við það, sem fram hafa komið, en tel, að auk þeirra verði við þessa endurskoðun frv. að koma ákvæði um úrskurðarvald, þar sem hinir tryggðu fái notið þessa réttar síns að fá af *lögformlegum aðila úrskurðað, hver þeirra réttur* er, en það er ekki eins og er. Að síðustu vildi ég taka það fram, að hér hefur mikið verið talað um gildistíma þessara l., þ. e. að þau eigi ekki að taka gildi fyrr en um næstu áramót. Ég verð að segja það, að það hefðu af einhverjum verið taldir svolítið broslegir atburðir að leggja fram frv. í aðalannríki þingsins á síðustu dögum þess og telja einskæra nauðsyn á að afgreiða það á örfáum dögum, þó að það eigi ekki að taka gildi fyrr en eftir níu mánuði. En engu að síður viðurkenni ég það, að það þarf að sjá fyrir þörfum aldraðs fólks í þjóðfélaginu og það kemur í hlut hverrar ríkisstj. að útvega það fé, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Þess vegna samþykki ég það, þó að það komi ekki til framkvæmda fyrr en um næstu áramót, enda þótt ég hefði frekar kosið, að fyrr gæti orðið.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég skal á þessu stigi málsins ekki lengja þessar umr. mikið, en ég vildi koma hér á framfæri yfirlýsingu frá ríkisstj., ef hún kynni að vilja stytta eitthvað umr. um þetta mál. Það væri ákaflega eðlilegt, að ég dræpi á ýmis atriði, sem hér hafa verið nefnd og æskilegt væri að ræða nánar, þar sem kapp manna hefur verið mikið í því að bjóða hér betur en hið upphaflega frv., og allir eru víst þeirrar skoðunar, að við vildum, að bætur væru hærri — ekki sízt elli- og örorkubætur, en það er bara með þessi blessuð lög eins og flest önnur, að einhvers staðar að þurfa peningarnir að koma, og menn skyldu gæta þess í till.-gerð sinni, að það er ekki nein smábyrði, sem hinum tryggðu er ætlað að bera í þessum efnum, heldur allstór upphæð, svo að það er ekki alveg einhlítt að benda á hækkandi bætur. Menn þurfa þá að gera ráð fyrir auknum álögum á hlutaðeigandi aðila, sem undir bótunum eiga að standa. Þetta hefði ég viljað segja um málið almennt. Ef tilefni gefst til síðar, þá mun ég fara frekar út í einstök atriði, sem hér hafa verið nefnd. En aðaltilefni þess, að ég kem hér inn í umr. nú, er að flytja yfirlýsingu af hálfu ríkisstj. vegna þeirra ummæla, sem hér hafa fram komið ekki frá einum, heldur

mörgum hv. alþm., um gildistöku l., en forsenda þess, að l. er ekki ætlað að taka gildi fyrr en 1. jan. n. k. ár, er fyrst og fremst sú, að sveitarfélögin og aðrir aðilar, sem undir þessum bótahækkunum eiga að standa, þurfa sinn aðlögunartíma og sérstaklega sveitarfélögin, sem að sjálfsögðu hafa ekki gert ráð fyrir þeim hækkunum, sem þeim er ætlað að bera, á þeim fjárhagsáætlunum, sem þau starfa eftir nú, og enn fremur var samning þessa frv. ekki það langt komin, að hægt væri að sjá, hversu mikið útgjöld ríkisins mundu aukast með tilkomu laganna og hvort fjárlagauppbót væri til fyrir þeim viðbótarhækkunum, sem frv. gerir ráð fyrir, að á herðar ríkissjóðs verði lagðar. Þetta taldi ég mig hafa tekið fram í minni framsöguræðu, en leyfi mér að minna á þetta nú. Sú yfirlýsing, sem ég gef hér af hálfu ríkisstj. nú, er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

Í gildandi lögum er trmrh., að fengnum till. tryggingaráðs, heimilt að hækka bætur almannatrygginga. Þessi heimild hefur ávallt verið notuð af núverandi ríkisstj., hafi verið um almennar kauphækkanir eða verðlagsbreytingar að ræða. Þetta mundi núverandi ríkisstj. að sjálfsögðu áfram gera. Eftir samþykkt frv. er það skylt, en ekki lengur heimilt, að hækka bætur samkvæmt kaupgjalds- og verðlagshækkunum frá næstu áramótum.

Björn Jónsson: Herra forseti. Það var ekki mín meining að lengja hér umr. mikið. Aðallega taldi ég mig eiga erindi hér upp í ræðustólinn til þess að mæla fyrir till., sem við í minni hl. heilbr.- og félmn. flytjum á þskj. 702 og hv. frsm. n., 1. þm. Vesturl., gerði hér ekki að umtalsefni. En áður en ég vík að þessari till., þá get ég ekki stillt mig um vegna framkominnar yfirlýsingar hæstv. trmrh. fyrir hönd ríkisstj. að fara um hana nokkrum orðum. En þessi yfirlýsing er gefin af því beina tilefni, að við flytjum í minni hl. heilbr.- og félmn. á þskj. 694 brtt. við 78. gr. þess efnis, að skylt verði á þessu ári að hækka tryggingabætur, ef kauphækkanir verða á árinu. En eins og hæstv. ráðh. tók fram, þá er þetta heimilt núna, en verður skylt eftir áramót. Sjálfsagt er að virða vel þá yfirlýsingu, sem hæstv. ráðh. gaf um, að núverandi ríkisstj. mundi fá þessa heimild, þó að ákvæðum l. yrði ekki breytt, en ég hlýt þó að benda á það, að það er algerlega undir hælinn lagt og í fullkominni óvissu eins og nú standa sakir, þar sem alþingiskosningar standa fyrir dyrum, hvort það verður þessi ríkisstj. eða einhver önnur, sem kemur til með að fjalla um þetta mál. Mestar líkur eru á því, að kauphækkanir verði síðari hluta sumars, þegar almennir samningar renna út, og enginn veit nú, hvaða ríkisstj. fer þá með völd.

En ég hlýt þá að spyrja í þessu sambandi, hvað bagar hæstv. ríkisstj. og talsmenn hennar hér í hv. d. að samþykkja ekki þá brtt., sem við gerum við 78. gr., ef hún er fyrir sitt leyti ákveðin í því að framkvæma það á þann veg, sem þar er sagt. Ég sé þá ekki, að það kosti hana neitt. Og ég fæ sannast að segja ekki skilið annað en hún hljóti að fallast á það að gera breytinguna í samræmi við okkar till., þ. e. 11. till., b-liðinn, um, að hvað sem líði annars gildistöku laganna, þá bætist við greinina þetta ákvæði, þ. e. að skylt sé að hækka verðlagsbætur í samræmi við kaupgjaldshækkanir nú þegar, en það eigi ekki aðeins að gilda á næsta ári. Hins vegar er það svo ekki alveg fjarri lagi að athuga í þessu sambandi, að við erum sakaðir um það í minni hl. heilbr.- og félmn., að við séum ekki ábyrgir menn vegna þess, að við flytjum till. eins og þessa, og ábyrgðarleysið að meiningu hv. stjórnarsinna er m. a. fólgið í því, að við viljum, að gildistaka laganna fari fram nú þegar. En nú vildi ég spyrja hæstv. ráðh., sem stendur að því að gera hér till. um að hækka bætur um 20% frá næstu áramótum og telur, að það megi ekki ganga í gildi fyrr vegna þess, að ekki sé séð fyrir því á fjárlögum: Hvaðan ætlar hann að taka peninga til þess, ef kauphækkanir verða á árinu og hann ætlar að standa við þá yfirlýsingu, sem hann var nú að gefa? Ekki er fyrir því séð á fjárlögum. Í annan stað vil ég svo benda á það, að hækkanir á tryggingabótum á s. l. ári voru látnar taka gildi án þess, að á nokkurn hátt hefði verið séð fyrir því fyrir fram og ekki var aflað fjár til þess fyrr en með fjárlögum þessa árs. Þetta vita auðvitað allir.

En hér er auðvitað ekki aðeins um það að ræða, að hæstv. ríkisstj. sé andstæð þeim till. okkar, sem fela í sér aukin útgjöld, heldur er hún engu síður á móti þeim till., sem ekkert fé kosta, og vil ég þar sérstaklega benda á till. okkar um mþn., sem vafalaust gæti orðið til þess, ef samþ. yrði og sú endurskoðun, sem þar er gert ráð fyrir, færi fram, að það fé, sem til tryggingamálanna fer — og er auðvitað auðsæilega og óumdeilanlega það mikið — notaðist betur til þess að ná þeim tilgangi sínum, sem allir að sjálfsögðu keppa að í sambandi við tryggingamálin. Ég get þess vegna ekki af þessum ástæðum, sem ég hef nú nefnt, tekið þessa yfirlýsingu trmrh. sem góða og gilda vöru, þó að ég sé ekki að vefengja það, að hann mundi framkvæma hana, ef hann væri trmrh. og sú stjórn við völd, sem nú er. Það er alveg óvíst og m. a. s. mjög ólíklegt, að til þess komi, að hún þurfi að standa við slíka yfirlýsingu, en treysti hún sér til þess, þá á henni heldur ekkert að vera að vanbúnaði að skylda aðra til að hugsa um öryggi þjóðfélagsins og gera það sama, sem hún segist vera reiðubúin til að gera. Og ég vil þess vegna skoða þessa yfirlýsingu sem innlegg í okkar málflutning fyrir því, að þessi breyting verði gerð.

En þá vildi ég aðeins víkja að þeirri till., sem við í minni hl. flytjum á þskj. 702, en hún er þess efnis, að þeir, sem hafa gert sjómennsku að ævistarfi sínu og stundað sjómennsku í 35 ár eða lengur, öðlist fullan rétt til lífeyris, þegar þeir hafa náð 60 ára aldri, en hafi maður á þeim aldri stundað sjómennsku sem aðalstarf í 40 ár, þá eigi hann rétt á tvöföldum ellilífeyri, þegar hann nær 60 árum, og einnig beri að greiða ekkjum fullan ellilífeyri, þegar þær verða 60 ára. Í sambandi við þessa till., sem ég

tel mjög mikilsverða, vil ég geta þess, að hv. þm. Hannibal Valdimarsson flutti þessa till. í frv.-formi í Nd., en hún hefur ekki fengið þar þinglega afgreiðslu, en þar sem við erum henni samþykkir, viljum við gera tilraun til þess hér í þessari hv. d. að koma efnisatriðum hennar undir atkvæði, þannig að úr því verði skorið, hverjir eru raunverulega fylgjandi henni og hverjir ekki.

Í sambandi við till. vil ég svo segja það, að þó að það hafi verið svo, að allt frá því, að almannatryggingar hófu starfsemi sína hér á landi, þá hafi aldursmarkið til þess að öðlast ellilífeyri verið 67 ár, þá er það vitanlega engin heilög tala, sem ekki getur verið rétt að endurskoða og breyta, og jafnvel tel ég koma fullkomlega til greina að gera þar nokkurn mismun á eftir því, hvaða starf menn vinna í þjóðfélaginu, þ. e. að það sé ekki endilega rétt að allir sitji þar nákvæmlega við sama borð. Ég bendi t. d. á það, að víða erlendis eru þeir menn, sem vinna hættuleg og erfið störf og sérstaklega slítandi fyrir líkama eða sál, settir á eftirlaun fyrr en aðrir. Þannig er þetta víða um lönd, t. d. um námumenn, sem vinna einhver erfiðustu og áhættusömustu störf, sem um er að ræða, og ef ég hef ekki misskilið mjög þetta mál, þá er það staðreynd, að okkar nágrannaþjóð Færeyingar hafa þegar komið því inn í sín tryggingalög, að sjómenn fái eftirlaun og ellilífeyri frá þessum aldri. Ég held, að það sé alveg fullkomlega kominn tími til þess og í alla staði frambærilegt, að það sé gerð undantekning á þessu ákvæði og sjómönnunum, sem vinna áhættusömustu störfin í okkar þjóðfélagi og jafnframt þau þýðingarmestu fyrir okkar grundvallaratvinnuveg um alla okkar afkomu, sé sýnd einhver viðurkenning í sambandi við tryggingamálin. Ég held, að sjómaður, sem fer í land um 60 ára aldur og hefur þraukað á sjónum í 35—40 ár, eigi ekki mikið eftir af starfsþreki sínu og möguleikar hans á almennum vinnumarkaði séu ekki miklir og það sé full ástæða til þess að líta til þess. Röksemdir um síðari hluta till. gegna auðvitað dálítið öðru máli, þ. e. a. s. um ekkjur, en við leggjum til, að þær njóti einnig þessara bóta, en það verður að gera ráð fyrir því og er raunar auðsætt, að kona, sem orðin er ekkja um sextugt, á ekki ýkja margra kosta völ og það sé þess vegna fullkomlega réttlætanlegt, að sé vikið frá reglunum um 67 ára aldur, nái það einnig til þeirra. Ég álít þá, að þessi till. hafi verið skýrð og menn geri sér fullkomlega grein fyrir því, hvað þar er um að ræða.

Ég hef svo ekki ýkja miklu að bæta við það, sem hv. frsm. minni hl., hv. 1. þm. Vesturl., sagði hér um okkar till. Hann gerði það á mjög greinargóðan hátt, og ekki er ástæða til að fjölyrða um það, en ég vildi þó aðeins árétta eitt eða tvö atriði í sambandi við okkar till. og þá alveg sérstaklega beina athygli hv. þm. að b-lið 6. till. okkar á þskj. 694, þar sem það er tekið fram, að njóti elli- eða örorkulífeyrisþegi bóta samkvæmt lögunum um eftirlaun til aldraðra í stéttarfélögum, þá skuli laun hans ekki skerða rétt hans til framangreindrar hækkunar, þ. e. til hækkunarinnar í 84 þús. kr. samkv. frv., en til hækkunar í 125 þús. kr., ef farið væri að till. okkar í minni hl.

Ég held, að það sé alveg nauðsynlegt, þegar menn leggja mat á þessa till., að gera sér grein fyrir því, hvernig þessi lög eru til komin, að þau voru þáttur í lausn kjaradeilu og þetta mál var þá tekið upp, vegna þess að samtök atvinnurekenda höfðu þá skömmu áður, þ. e. á árinu 1967, bundizt samtökum um það að segja upp öllum mönnum, sem væru orðnir sjötugir, og óskabarn þjóðarinnar, eins og Eimskipafélag Íslands hefur stundum verið nefnt, reið á vaðið með því að hreinsa alla gömlu mennina úr vinnu við höfnina. Þetta var gert sem eins konar hefndarráðstöfun á okkur í verkalýðssamtökunum fyrir afskipti okkar af verðlagsmálum. Og þessi forsaga er talsvert kunn. Við reyndum síðan í samningsgerð á næsta ári að fá nokkra leiðréttingu fyrir þessa menn, og útkoman var sú, að því var heitið af hæstv. ríkisstj. að setja löggjöf um það, sem tryggði þessum mönnum, sem hætt höfðu störfum í árslok 1967 og voru orðnir 70 ára, nokkurn aukaellilífeyri eða eftirlaun. Þau hafa að vísu verið mjög smávægileg og verið er að gera nokkra bragarbót í samkomulagi við vinnuveitendur og verkalýðssamtökin, en þau eru engu að síður smávægileg. Lágmarksbæturnar munu verða núna með þeirri breytingu, sem gert er ráð fyrir í stjfrv., sem hér var nýlega lagt fram og nú er búið að afgreiða hér í hv. d., líklega um 1100 kr. á mánuði eða um 13 þús. kr. á ári, en gætu í hæstu tilvikum farið upp í nálægt 70 þús. kr., en að meðaltali mundi það ekki vera fjarri, að þessi eftirlaun næmu kringum 2 þús. kr. á mánuði. Ég tel, að forsaga málsins sé þannig, að hér hafi verið samið um alveg sérstaka greiðslu til þessa fólks, óháða öllum öðrum greiðslum bæði tryggingarlegs eðlis og kauplagslegs eðlis, og það séu því raunveruleg svik við þá samningsgerð, sem um þetta var gerð, ef það á nú að fara að innlima þetta í tryggingakerfið og taka þetta fé traustataki til þess að spara almannatryggingunum greiðslur til þessara alþýðumanna. Það hefur verið frá upphafi gert ráð fyrir því, að þeir fengju þetta til viðbótar sínum ellilífeyri frá Tryggingastofnuninni, og við það ber að halda sig. Mér finnst það algerlega ósæmandi, að farið sé að seilast eftir þessu fé til þess að spara eilitlar upphæðir, segi ég, frá almannatryggingunum og það komi ekki annað til mála en fella það úr frv., að þessar bætur komi til frádráttar því lífeyrishámarki, sem lögin heimila.

Ég vil svo einnig vekja sérstaka athygli á 8. till. okkar við 34. gr., en hún er þess efnis, að hafi örorkubætur verið greiddar í eitt skipti fyrir öll samkvæmt heimild í þessari grein, þá eigi hlutaðeigandi rétt á verðbótum á slíkum greiðslum á 10 ára fresti, og skal verðbótin vera í réttu hlutfalli við breytingar á upphæð örorkubóta síðustu 10 árin. Það er, held ég, hverjum manni auðskilið, að hafi maður orðið fyrir örorkutapi eða örkumlum allt að 50% og hafi fengið fyrir það, við skulum segja fyrir

10—20 árum, bætur, sem gætu þá verið kannske einhvers staðar á milli 10—20—30 þús. kr. í eitt skipti fyrir öll, en hann gengur vanheill til skógar allt lífið. Þá er þessi greiðsla næsta lítils virði, og þarna er sem sé um það að ræða, að hann hefur fengið lítinn pening, sem þá kannske hafði eitthvert ofurlítið gildi, en verður síðan að bera sína örorku alla sína ævi, og það er auðvitað algerlega óeðlilegt og í ósamræmi við allan anda laganna, að maðurinn fái ekki á þessu einhverjar bætur miðað við það verðbólguþjóðfélag, sem við lifum í. Hvers virði er það fyrir slíkan mann, sem hefur kannske skerta starfsorku um nærri 50%, þó að hann hafi fengið fyrir það bætur fyrir 20 árum, — við skulum segja — upp á 10 þús. kr.? Það bætir ekki hag hans í dag. Og hins vegar mundi maður, sem í dag yrði fyrir slíku áfalli og fengi bæturnar í eitt skipti fyrir öll, fá miklu hærri upphæð, þannig að þarna er greinilega verið að mismuna mönnum eftir því, á hvaða tímabili þeir hafa orðið fyrir áfalli, og ég tel, að það beri siðferðilega skyldu til að bæta úr þessu.

Ég geri ráð fyrir því, að þetta kosti peninga eins og annað, en ég er hins vegar sannfærður um það, að í sambandi við þann sparnað, sem verður af því að seilast eftir eftirlaunum aldraðra í stéttarfélögum, er ekki um neinar þær upphæðir að ræða, sem Tryggingastofnuninni getur riðið miklu á. Eins og ég sagði áðan, þá nær andstaða hv. meiri hl. n. ekki aðeins til þeirra atriða, sem skipta verulegu fjárhagslegu máli og geta þess vegna alls ekki verið við eina röksemd þeirra, og þar er alveg sérstaklega um að ræða síðustu till. okkar á þskj. 694, sem ég hef reyndar ekki trúað annað en hljóti samþykkt í hv. d., þegar meiri hl. hefur athugað sitt mál betur. Eins og ég sagði, þá ætla ég ekki að lengja hér mikið umr., en aðeins gera skil þessari till., sem við fluttum þarna á þessu þskj., og tel mig hafa gert það og læt máli mínu lokið.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram eina brtt. við frv. það um almannatryggingar, sem hér er til umr. Áður en ég vík sérstaklega að þessari brtt., þá langar mig að gera með örfáum orðum fáein atriði, sem fram hafa komið við meðferð málsins, að umtalsefni. Það er þá fyrst ástæða til þess að fara nokkrum orðum um þá yfirlýsingu, sem hæstv. trmrh. *fann sig knúinn til að* gefa hér fyrir ríkisstjórnarinnar hönd. Í henni kom nú að mínum dómi ekkert nýtt fram. Það er auðvitað ævinlega svo, að ef á að setja lög, sem hafa í för með sér útgjöld, þá þarf að afla fjár til þess að standa undir því. Þetta er þekkt regla, og hún gildir ekkert síður um almannatryggingar en önnur lög. Ríkisstj. hæstv. hafði óteljandi tækifæri til þess á liðnum vetri að hjálpa til við það að ætla ríkisframlag til þessara mála. Hún vildi ekki gera það. Hún sá ekki ástæðu til þess vegna þess, að því er bezt verður séð, að hún ætlar ekki að útvega fjármagn til þessara ráðstafana; hún ætlar ekki að útvega fjármagn til þessara ráðstafana; hún ætlar öðrum það hlutverk. Þeir, sem komnir verða í stjórnarstólana 1. jan. 1972, eiga að sjá um fjármögnunina. Það getur vel verið, að það verði sömu menn — ég er ekkert að spá neinu um það — og þeir verði þá þeim mun fundvísari á almannafé til þessara hluta, sem þeir eru fastari í ráðherrastólunum með endurtekna traustsyfirlýsingu; það kann að vera. En í þessu er ekkert nýtt.

Það er heldur ekkert nýtt fyrir sveitarfélögin, að þeim séu skapaðar byrðar. Í verðbólguþjóðfélagi eins og okkar þá er sífellt verið að auka byrðar sveitarfélaganna, og það er ekkert verið að gefa þeim neinn aðlögunartíma, þegar t. d. gengið er fellt eða þegar samið er um hærri laun oft og einatt fyrir milligöngu hæstv. ríkisstj. Þá er ekki talað um neinn aðlögunartíma. Þá verða sveitarfélögin að mæta þeim kostnaðarauka, sem á þau er lagður. Eins mundi hafa orðið í þessu tilviki. Það er satt og rétt, að sveitarfélög eru mörg fjárvana. En það er ekki eins og hér sé verið að taka frá þeim allar nýjar fjárhagsbyrðar, þó að þessu sé frestað um nokkra mánuði. Það er öðruvísi en svo. Atvinnureksturinn í landinu berst líka oft í bökkum, en hann fær engan aðlögunartíma, þegar lánin til hans eru hækkuð kannske um 100%, eins og gert var á einu ári ekki alls fyrir löngu, þ. e. lán þeirra, sem útlend lán hafa. Þeir verða að axla þessar byrðar aðlögunartímalaust. Þannig að ég sé ekki, að hér sé um neina skýringu né nýjan sannleik að ræða, sem hæstv. ráðh. flutti. Honum fannst af einhverjum ástæðum, að hann þyrfti að endurtaka þetta, sem hann sagði í frumræðu sinni, og það er honum að sjálfsögðu heimilt.

Þá fjallaði síðari hluti yfirlýsingarinnar um það, að í gildandi lögum væri heimilt að breyta upphæðum bóta samkvæmt tryggingalögunum í samræmi við það, ef það verður breyting á grunntaxta verkamanna við almenna fiskvinnu, eins og segir í 3. gr. laga, sem samþ. voru á Alþ. 9. apríl 1965. Og þessi heimild er enn fyrir hendi. Ég skildi hæstv. ráðh. svo, að hann ætlaði sér það að nota þessa heimild á yfirstandandi ári, ef til þess kæmi, að við almenna fiskvinnu yrði breyting á grunntaxta hjá verkamönnum. Í fyrsta lagi kemst ég ekki hjá því að taka undir það, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði hér áðan, að ef þessi heimild verður notuð, þá kostar það vitanlega einhverja peninga fyrir *sveitarfélögin, fyrir atvinnureksturinn og fyrir hina* tryggðu, og þeir fá þá engan aðlögunartíma — væntanlega. Þeir þurfa bara að mæta þessum hækkunum, þegar hæstv. ráðh. þóknast að taka þær upp. Í öðru lagi vil ég segja það, að ég held, að það sé — alveg burtséð frá velvilja og skilningi hæstv. trmrh. þess, sem nú situr — ekki ástæðulaust að breyta ákvæðunum úr heimild í skyldu, ekkert ástæðulausara strax en síðar. Hæstv. ríkisstj. sér ekki ástæðu til þess að breyta þessu í lögunum. Hún vill bara ekki, að breytingin taki gildi fyrr en 1. jan. 1972, en ef það er ástæða til breytinga 1972 1. jan., þá er sú ástæða fyrir hendi þegar í dag. Þetta er augljóst mál. Sú ástæða er fyrir hendi, og ég gat þess hér við 1. umr., að ég teldi til mikilla bóta þetta

nýmæli, sem er í því fólgið, að verðtryggingin er gerð skilyrðislaus, þó að hún sé raunar allt of varfærnisleg og allt of takmörkuð, þar sem ellilífeyrisþegar og örorkulífeyrisþegar eiga að bíða í 6 mánuði, eftir að hækkun hefur orðið á kaupinu, sem launin eru miðuð við, þangað til þeir eiga að fá eitthvað af því. Mér finnst því miður, að yfirlýsing sú, sem hæstv. ríkisstj. gaf hér, breyti málinu ekki neitt. Ég held því, að það sé full ástæða til þess, að hvað sem gert verður við gildistöku l. að öðru leyti, þá sé það sanngirnismál, að ákvæði 78. gr. komi til framkvæmda þegar í stað. Ég skal ekki fara út í það að rökstyðja það mikið meira en hér hefur verið gert, og ég leyfði mér að reyna að gera við 1. umr. þessa máls, og ég skal vísa til þess að öðru leyti.

Það er alveg rétt, sem hv. frsm. heilbr.- og félmn. sagði í sinni framsöguræðu, að mikil og rík ástæða væri til þess að taka til endurskoðunar fjölskyldubætur og tengsl þeirra við skattkerfið. Hann sagði, að til þess að hægt væri að taka þá breytingu til greina, þyrfti viðamikla endurskoðun og góðan undirbúning. Undir þetta vil ég taka. En ég vil bæta því við, að miklu fleiri atriði í þessu lagafrv. þyrftu viðamikla endurskoðun og góðan undirbúning, og ég leyfi mér enn á ný að vísa til álits Guðjóns Hansens tryggingafræðings þessu til staðfestingar. Málið hefur þrátt fyrir nokkurn tíma í n. hvorki fengið viðamikla endurskoðun né góðan undirbúning. Það er mála sannast. Og það er fleira en fjölskyldubæturnar og tengslin við skattana, sem þannig er ástatt um, eins og hér hefur verið bent á í dag af þeim ræðumönnum, sem talað hafa um málið, og þær brtt., sem fyrir liggja, sýna, svo að ekki verður um villzt.

Þegar sú staðreynd liggur því fyrir, að l. eiga ekki að taka gildi fyrr en 1. jan. 1972 og nauðsyn er viðamikillar endurskoðunar og góðs undirbúnings til þess að endurskoða þau, þá væri það ekki fráleit hugmynd að láta almannatryggingarnar fá þessa endurskoðun og nota tímann, sem greinilega er fram undan og óumdeilanlega er fram undan, þangað til nokkuð á í málunum að gerast, til þess að þær geti fengið það. Það hafa allir, sem hér hafa talað, lokið upp um það einum munni, að þeir vilji bæta almannatryggingarnar. Og ég held, að því sé ekki lengur haldið fram um heila flokka eða jafnvel einstaka menn, að þeir hafi ekki fullan skilning á því; ég hef ekki heyrt það enn þá. Og ég geri alveg ráð fyrir því, að ég hefði heyrt það, ef menn hafa þá skoðun, enda held ég, að það sé mála sannast, að menn hafi ekki úr háum söðli að detta í meðferð þessara mála og þess vegna sé það rétt mat hjá þeim að vera ekki að fara út í meting um það. Þess vegna veit ég það, að það verður ekki skilið sem mótþróa við þetta mál, þó að ég ræði um það sem hugsanlegan möguleika, að þessari endurskoðun verði áfram haldið og fengnir verði til menn til þess að framkvæma hana eitthvað í líkum stíl og gert er ráð fyrir í b-lið 12. brtt. á þskj. 694. Hún gerir að vísu ráð fyrir því, að þessi lög eða frv. verði samþ. fyrst. Það er matsatriði. Það má vel vera, að það sé rétt að gera það, en aðalatriðið er þó, að lagabálkurinn allur fái þessa framhaldsathugun, sem honum er nauðsynlegt að fá. Það er í þessu frv. gert ráð fyrir einhvers konar takmörkun á almannatryggingum svipað og var í l. fyrir 1960, þegar aðrar tekjur eru miklar eða töluverðar, og ég vil fyrir mitt leyti segja það sem mína skoðun, að mér finnst það rétt stefna.

Þá vil ég fagna því, að hv. heilbr.- og félmn. hefur tekið til greina ábendingar frá, að ég hygg, nm., sem skipa þar minni hl., þess efnis, að Tryggingastofnunin skuli kynna almenningi rétt sinn til bóta með upplýsingastarfsemi. Ég held, að það hafi skort á þetta á umliðnum árum, að fólkið, sem þarna á hlut að máli, hafi þekkt sinn rétt og það hafi í mörgum tilfellum valdið erfiðleikum. Ég vil nú ekki fullyrða, að það hafi komið að sök, en það hafi valdið því nokkrum erfiðleikum. Aðrar þjóðir gera mikið af því að kynna þessi mál fyrir almenningi, fyrir fólkinu. Ég er hér með danskan pésa, sem heitir „Hinir öldruðu“ og gefinn er út af félmrn. þar. Þar eru í stuttu máli, en glöggu, upplýsingar um í fyrsta lagi almannatryggingarnar og aukaálag, sem hægt er að fá, ef vissum skilyrðum er fullnægt. Það eru í öðru lagi greinargóðar og glöggar skýringar um skattlagningu á þetta eldra fólk, hvernig það á að telja fram, hvað það muni fá í skatta, hvaða skattfrádráttar það á að njóta o. s. frv. Svo er hér sérstakur kafli um læknisþjónustu og spítalaaðstoð, sjúkrasamlögin, lyfin og tannlækningarnar, lán á útvarpi, sjónvarpi og bókum, húsnæðisaðstoð, húshjálp og að síðustu, en alls ekki það þýðingarminnsta, alls konar námskeið og háskóladvöl, sem þetta eldra fólk á kost á að njóta. Það hefur áður þar sem ég hef komið að þessum málum, í borgarstjórn Reykjavíkur nánar til tekið, verið samþ. svipuð áskorun og hér er lagt til, að lögleidd verði. Vel má vera, að Tryggingastofnunin hafi í undirbúningi — ég er ekki frá því, að það kunni að vera — einhverja slíka útgáfu. Það er vel, ef svo er, en ég sé ástæðu til þess að fagna því, að frá yfirvaldanna hálfu hefur komið í ljós skilningur á því, að þetta sé nauðsynlegt. Þetta þarf áreiðanlega að bæta. Eins þarf að mínum dómi að reyna að koma til móts við þetta aldraða fólk, hvað snertir greiðslu bótanna. Það er dálítið örðugt, eins og verið hefur, að stefna öllum á einn stað á einum eða tveimur tilteknum dögum eða nokkrum tilteknum dögum og afgreiða fólk þar eins og fé við jötu. Það er og hlýtur að vera hægt að finna aðrar leiðir til þess að koma bótunum til fólks með öllum þeim bankaútibúum, póstþjónustu og öðru slíku, sem nú er orðin völ á, a. m. k. hér á höfuðborgarsvæðinu.

Þá vil ég líka leyfa mér að fagna framkominni till. frá hv. þm. Karli Guðjónssyni um tryggingadómstól. Það er mín skoðun, að mjög sé nauðsynlegt, að fyrir hendi sé óháður tryggingadómstóll, sem tekur til meðferðar og úrskurðar kærur, er varða ágreining um bótarétt hinna tryggðu og Tryggingastofnunarinnar. Það er ekki, eins og hér kom fram hjá einhverjum, sem þetta ræddi, með þessu móti sett þar með vantraust á þá menn, sem

fjalla um málefni Tryggingastofnunarinnar, en af eðlilegum ástæðum má ætla, að þeir hafi sjónarmið sinnar stofnunar mjög í huga og þeir lendi stundum í því að vilja túlka tiltekin matsatriði sinni stofnun í hag. Það er a. m. k. ekki nema mannlegt, að svo sé, en í svona tilvikum er a. m. k. mest um vert, að rétt niðurstaða fáist. Ég skal engan dóm leggja á það, hvernig þennan tryggingadómstól á að skipa. Í umræddri brtt. er talað um að skipa hann þremur mönnum, að Alþ., Samband ísl. sveitarfélaga og Hæstiréttur tilnefni þá til fjögurra ára í senn. Ég held, að þetta geti vel verið ein leið a. m. k. til þess að koma þessum tryggingadómstóli á laggirnar.

En aðalerindi mitt hingað í þennan ræðustól er það að gera grein fyrir brtt., sem ég flyt á þskj. 614 og er við 43. og 45. gr. frv. og fjallar um tannlækningar. Í 43. gr. frv. er talið upp það hlutverk, sem í samþykktum sjúkrasamlaga skuli tekið fram, eins og þar segir, þ. e. hverra réttinda samlagsmenn njóta. Þeir eiga að njóta þeirra réttinda auk þess, sem um ræðir í 1. mgr. gr., þ. e. alls konar aðstoðar, sem talin er upp í allmörgum liðum, og við þennan lið vil ég bæta nýjum staflið: „Tannlækningar að ¾ hlutum, þegar þær teljast bein heilsufarsleg nauðsyn, og skal setja um það nánari ákvæði í reglugerð.“ Á þetta hefur hv. heilbr.- og félmn. ekki viljað fallast. Hv. frsm. sagði að vísu, að miklar umr. hefðu orðið um þetta atriði í n., og það tel ég þó benda til þess, að einhverjum a. m. k. hafi þótt ástæða til þess að taka till. til greina, en meiri hl. hafi ekki getað orðið ásáttur um það. Mér er alveg sama fyrir mitt leyti, í hvern er vísað, þegar því er haldið fram, að hér þurfi ekki lagabreytingu. Við höfum reynt það núna í mörg ár líklega 18 ár eða síðan 1953, ef ég man rétt, að ekki hefur verið skylda í l. að greiða þennan kostnað, heldur heimild — sú heimild, sem hv. frsm. var að vísa í, að væri fyrir hendi og er fyrir hendi í gildandi l., 49. gr.; það er alveg rétt. En þessi heimild hefur bara ekkert verið notuð. Og það er mín skoðun, að svo muni áfram verða. Þess vegna held ég, að það sé óhjákvæmilegt, ef menn meina eitthvað á annað borð með því, að það eigi að fara með tannskemmdir eins og aðra sjúkdóma, að lögfesta þessi ákvæði. Út á það gengur till. Ég hef ekki neina trú á því, að þessi heimild verði fremur notuð hér eftir en hingað til, ef engum stafkrók verður breytt í gildandi l. Ég hef enga trú á því. Og ég held, að alþm. verði að gera þetta upp við sig eins og svo margt annað, hvort þeir vilja sjálfir, að þetta sé lögleitt eða ekki — ekki bara eiga það undir einhverjum mönnum úti í bæ, hvort það sé þeirra skoðun, að þessi sjúkrahjálp eigi að vera ókeypis eða ekki.

Við erum hér að ákveða það, að svona og svona margt skuli greiðast af sjúkrasamlaginu en það er ein tegund læknishjálpar, sem aðeins er heimilt að taka þátt í. Þetta er óeðlilegt. Hv. frsm. heilbr.- og félmn. sagði, að það yrði mjög erfitt mat, þar sem talað er um heilsufarslega nauðsyn á tannviðgerðum. Og mér skildist, að það væri ekki hægt að lögfesta ákvæðin vegna þess. En ég vil benda á, að í brtt. minni er einmitt gert ráð fyrir því, að nánari ákvæði um þetta verði sett í reglugerð, og ég held fyrir mitt leyti, að það hafi margt erfiðara verkið verið unnið en að tiltaka það í reglugerð, hvaða viðgerðir á tönnum séu heilsufarsleg nauðsyn. Ég á við með þessu orðalagi allar algengar og almennar tannviðgerðir, en ekki til að mynda gullbrýr eða dýrari aðgerðir eða fegrunaraðgerðir eða eitthvað í þeim dúr. Ég hef ekki reglugerðaruppkastið hér við hendina, hef ekki samið það, en ég treysti mér vel til þess með aðstoð hlutaðeigandi sérfræðinga. Annað eins hefur nú, held ég, verið gert. Ég tel þetta fyrirslátt, þ. e. þessa ástæðu fyrir því að samþykkja ekki ákvæðið. Þetta ákvæði hefur einnig verið tekið upp í brtt. hv. 5. þm. Reykn. Það er dálítið öðruvísi orðað. Hann segir:

„Tannlækningar hjá tannlækni, sem sjúkrasamlagið hefur samið við, að ¾ hlutum fyrir samlagsmenn og börn þeirra, sem ekki eru á skólaskyldualdri. Ákvæði þetta tekur til tannlækninga, sem teljast heilsufarsleg nauðsyn, en nær ekki til aðgerða, sem sjúkratryggingadeild greiðir fyrir, og er bundið því skilyrði, að skólayfirvöld á sjúkrasamlagssvæðinu haldi uppi skólatannlækningum og kosti þær a. m. k. að ¾ hlutum.“

Mér er alveg sama fyrir mitt leyti, hvor till. yrði samþ., mín eða hv. 5. þm. Reykn. Það er enginn grundvallarmunur á þessu. Þær stefna báðar í sömu átt. Það er svolítið öðruvísi orðað hjá honum, og ég get vel fylgt honum í því eða a. m. k. þegar mín till. er fallin, sem vafalaust á nú fyrir henni að liggja.

Það veldur mér satt að segja vonbrigðum, að þessi till. skyldi ekki fá betri undirtektir. Ég gerði ráð fyrir því, að við værum komnir á það stig eða svona um það bil að komast það, og ég trúi því nú raunar, að við lítum á það eins og hvern annan sjálfsagðan hlut, að við reynum að halda tönnum okkar og annarra landsmanna heilum. Og ég held þvert á móti, að það þyrfti að gera miklu meira til þess að fá fólk til þess að gera það. Ég held, að það mundi bara hreinlega borga sig, mundi sparast í öðrum læknisaðgerðum síðar á ævinni, ef tækist að koma því inn hjá fólki, ungu fólki ekki sízt, að það væri ekki bara fallegt og skynsamlegt að halda tönnum sínum heilum, heldur heilsusamlegt líka og kannske fyrst og fremst. En um þetta þýðir náttúrlega ekki að vera að orðlengja. Það er sjáanlegt, að af einhverjum ástæðum telst ekki hægt að taka þetta upp í lög. Ég fyrir mitt leyti óttast það og leiðist það, að ég held, að ástæðan sé fjárhagslegs eðlis. Ég held, að það hafi verið umhyggja fyrir peningakassanum, sem ræður þessari afstöðu, en ekki það út af fyrir sig, að menn geti ekki fallizt á nauðsyn þessarar breytingar.

Það komu hér fram við umr. áðan efasemdir um breytingar á sjúkrasamlögunum frá einum hv. þm., 5. þm. Sunnl. Ég hef ekki góða aðstöðu til þess að hafa skoðun á því, hvernig þessi breyting kemur til með að verka fyrir lítil sjúkrasamlög utan Faxaflóasvæðisins. Ég er ekki nægilega kunnugur því, en

mér finnst og fannst við að hlusta á þennan málflutning eins og hér væri nokkuð harkalega til verks gengið, að það ætti að leggja niður 235 héraðssjúkrasamlög — eða hvað þau nú eru mörg, án þess að þeir, sem við þau hafa starfað, hafi nokkra möguleika haft til þess að segja álit sitt um það. Og þess vegna finnst mér nú, að þó að mikið liggi á að samþykkja þetta frv. vegna þess, að það er alveg rétt, sem hv. 5. landsk. þm. sagði, menn eru hættir að hugsa rökrétt, sumir a. m. k., þá mætti nú fresta þessari breytingu.

Ég vil ekki, herra forseti, eyða lengri tíma d. í að ræða þetta mál, þó að mér sé það alveg ljóst, að það er nánast alveg órætt enn þá af minni hálfu, því að það grípur inn á mörg svið, en ég vildi leyfa mér að vekja athygli á þeirri brtt., sem ég er flm. að

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég hef verið að leitast við það undanfarin kvöld að komast í gegnum það snjóflóð af frv. hæstv. ríkisstj., sem dynja hér yfir. Þar kennir margra grasa. Margt er athyglisvert, en sumt síður. En mér hefur þótt þetta frv. um almannatryggingar einna athyglisverðast. Þar er hreyft einhverju mikilvægasta málinu í velferðarþjóðfélagi okkar. En mér þykir það þó ekki síður athyglisvert vegna þess, sem þar stendur ekki og lesa má á milli línanna.

Ég komst satt að segja að þeirri niðurstöðu, þegar ég las þetta frv. og gerði mér grein fyrir því, hvað frv. er flýtt, að það er áreiðanlega mikið rétt í því, sem hv. 5. þm. Reykn. sagði við 1. umr., að þetta er lagt fram fyrst og fremst sem kosningamál Alþfl., og það er leitt til þess að vita. Raunar virtist mér þetta staðfest í inngangsorðum hv. frsm. heilbr.- og félmn., þ. e. í þeirri kosningaræðu, sem hann flutti og það er einnig staðfest, þegar frv. er lesið og farið yfir ártölin, þar sem meginbreytingar á lögunum eru gerðar. Grundvöllurinn að þessum málum er lagður 1936; það er á miðju kjörtímabili. Þá er Alþfl. að efna kosningaloforð sín eða heit, en síðan er því breytt t. d. 1946. Þá eru kosningar fram undan og Alþfl. í stjórn. Síðan er því breytt aftur 1963, og þá er það sama uppi á teningnum, síðan 1967 og enn er svo 1971, og enn þá eru kosningar fram undan. Mér þykir þetta leitt og tel, að þetta mál þurfi að fá langtum betri og skynsamlegri meðferð en kemur fram í þessu frv.

Ég sakna þess t. d., að í frv. kemur hvergi fram nein stefna eða stefnubreyting eftir öll þessi ár. Mér þykir það mikilvægt og er að velta því fyrir mér, hvort rétt sé á málum haldið. Til hvers eru almannatryggingar? Eru þær til þess, eins og nú virðist vera, að senda fjármagnið fram og aftur um landið, jafnt til þeirra, sem ekki þurfa á slíkri aðstoð að halda, og til hinna, sem nauðsynlega þurfa á aðstoð að halda? Ég er þeirrar skoðunar, að almannatryggingar eigi fyrst og fremst að vera til þess — og raunar eingöngu — að tryggja öllum landsmönnum lágmarkslífskjör — og vel viðunandi — bæði ungum og öldnum og sömuleiðis þeim, sem hafa að einhverju leyti orðið undir í lífsbaráttunni, og þar eigi að vera sú trygging, sem allir geti gengið að. Ég sé ekki ástæðu til þess að vera að greiða fjölskyldubætur þeim, sem ekki þurfa á slíku að halda.

Að vísu er sagt, að þetta náist aftur a. m. k. að verulegu leyti með sköttum, og nokkuð er til í því. En mig grunar þó, að allt það starfslið, sem situr inni í Tryggingastofnun við þessa afgreiðslu til þeirra, sem ekki þurfa á að halda slíkri aðstoð, fari langt með að eyða því fjármagni, sem næst inn með skattálagningu. Ég er þess vegna mótfallinn þessari stefnu, sem hér ríkir, og tel, að hana eigi að endurskoða, og vildi leggja áherzlu á það með þeim orðum, sem ég segi hér. Bendi ég því sérstaklega á 12. lið brtt. minni hl., b-lið, þar sem lagt er til, að þegar verði hafizt handa og haldið áfram eðlilegri og ítarlegri endurskoðun á þessum mikla lagabálki, sem hér er til umræðu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 79. fundi í Ed., 30. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 648,1 felld með 12:2 atkv.
8. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 648,2 felld með 10:4 atkv.
Brtt. 694,1 felld með 11:9 atkv.
Brtt. 690,1 samþ. með 20 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 633, a-b felld með 10:7 atkv.
10. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 702,1 felld með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁB, StH, BFB, BJ, EÁ, GilsG, KGuðj, ÓlJ, PÞ.

nei: StG, SvG, AuA, AJ, EggÞ, JónÁ, JÁH, JÞ, MJ, ÓB, JR.

Brtt. 694,2 felld með 11:9 atkv.
11. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 648,3 felld með 11:9 atkv.
Brtt. 694,3 felld með 11:9 atkv.
12. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 648,4.a-b felld með 11:8 atkv.
Brtt. 648,4. c tekin aftur til 3. umr.
14. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 694,4 felld með 11:8 atkv.
Brtt. 648,5 felld með 11:9 atkv.
15. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
16. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 648,6 kom ekki til atkv.
Brtt. 694,5 felld með 11:9 atkv.
17.—18. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 694,6.a felld með 11:9 atkv.
Brtt. 648,7 felld með 11:9 atkv.
Brtt. 694,6.b felld með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁB, StH, BFB, BJ, EÁ, GilsG, KGuðj, ÓlJ, Þþ.

nei: StG, SvG, AuA, AJ, EggÞ, JónÁ, JÁH, JÞ, MJ, ÓB, JR.

Brtt. 694,6.c felld með 11:9 atkv.
19.—22. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 648,8 tekin aftur.
Brtt. 694,7 felld með 11:8 atkv.
23. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
24.—25. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 648,9 kom ekki til atkv.
26.—28. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 648,10 felld með 11:9 atkv.
29.—33. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 648,11 kom ekki til atkv.
Brtt. 694,8 felld með 11:9 atkv.
34. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 648,12 felld með 11:8 atkv.
Brtt. 690,2 samþ. með 20 shlj. atkv.
35. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 648,13 kom ekki til atkv.
36.—39. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 648,14 kom ekki til atkv.
40. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 648,15 kom ekki til atkv.
41.—42. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 648,16 felld með 11:9 atkv.
Brtt. 614,1 felld með 11:9 atkv.
43. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 648,17 felld með 11:9 atkv.
44. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 614,2 tekin aftur.
45. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 694,9 felld með 11:9 atkv.
46. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
47.—48. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 694,10 felld með 11:8 atkv.
49. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
50.—53. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 648,18 felld með 11:9 atkv.
54. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
55.—62. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 648,19 tekin aftur.
63. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
64.—71. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 648,20 tekin aftur.
72.—77. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 694,11 felld með 11:9 atkv.
78. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
79. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 648,21 felld með 11:9 atkv.
Brtt. 702,2 felld með 11:9 atkv.
80. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 694,12.a felld með 11:9 atkv.
Brtt. 694,12. b. felld með 11:9 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 724, 648, 4. c, 725).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég mun nú ekki fara að tefja umr. á þessu stigi vegna þeirra miklu umr., sem urðu við 2. umr., en við nánari yfirlestur var mér bent á, að það var prentvilla á tveimur stöðum í frv., sem mér þótti rétt að leiðrétta, svo að óyggjandi væri. Við 35. gr. á að standa 276 264.00 kr. í staðinn fyrir 276 263.00 kr. Síðan er við 72. gr. skökk tilvitnun. Til þess að hafa 1. málsl. þeirrar gr. óyggjandi varð það að samkomulagi í samráði við hæstv. ráðh. að umorða þetta, og ég ætla að leyfa mér að lesa, hvernig ég legg til, að hún orðist. Ég hafði talað við nm. sér í lagi, því að tíminn var það naumur, að ég gat ekki náð saman fundi, og ég veit, að þeir eru þessu meðmæltir, og það liggur þá á hreinu, að við úrskurð yfirvalds um meðlag með börnum er tilvitnun í 14. gr., en í frv. stóð í 16. gr., þannig að það fer ekki á milli mála, að það á að greiða það frá og með 17 ára aldri. Orðalagið verður þá á þessa leið:

„Mæður, sem fá úrskurð yfirvalds um meðlag með börnum sínum, geta án tillits til þess, hvort þær ganga í hjónaband eða ekki, snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins með úrskurðinn og fengið meðlagið greitt þar, þó innan þeirra takmarka, er 14. gr. setur um fjárhag og aldur barna.“

Herra forseti. Þessi brtt. er sett fram skriflega, og bið ég forseta að leita afbrigða, þar sem ekki vannst tími til að dreifa henni vegna skamms tíma milli umr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 731) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég lét þess getið við 2. umr. um þetta frv., sem hér liggur fyrir, að ég mundi flytja brtt. við það við 3. umr. Við höfum leyft okkur þrír þm. að flytja brtt., sem er að finna á þskj. nr. 725, og skýrir hún sig nokkuð sjálf. Ég leitaðist við að skýra hana við 2. umr. og ætla því ekki að endurtaka neitt af því. En ég vil vekja athygli d. á því, að mér varð það kunnugt, eftir að ég talaði hér í þessu máli í gær, að Samband ísl. sveitarfélaga hafði skrifað heilbr.- og félmn. Ed. bréf, sem ég hafði ekki séð, þar sem sambandið lýsir óánægju sinni yfir því að hafa ekki verið látið fylgjast með þeirri endurskoðun, sem fram fer á almannatryggingalögunum. Í lok bréfsins segir einnig, að svo virðist, sem skoðanir hreppsnefnda séu skiptar um niðurfellingu hreppasjúkrasamlaga. Þetta hefur styrkt mig í þeirri skoðun, sem ég gerði að umræðuefni við 2. umr., að hér þyrfti að gera breytingu á og könnun á því, hvort rétt væri að koma á nýrri skipun um sjúkrasamlögin. Ég vil ekki á þessu stigi slá neinu föstu um það, hvað er hagfellt

og hvað ekki hagfellt í þessu efni, en ég tel nauðsynlegt og sjálfsagt að ræða það mál við sveitarstjórnir almennt í landinu.

Ég held, að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um þessar till. Mönnum er það ljóst, að hverju þær stefna, og ég vænti þess, að dm. séu okkur flm. sammála um það, að þessar brtt., sem við berum hér fram, stefni til bóta.

ATKVGR.

Brtt. 648,4.c felld með 10:7 atkv.

Brtt. 731 samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 725,1 samþ. með 12:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StG, SvG, AuA, AJ, StH, BFB, BJ, JónÁ, MJ, ÓlJ, PÞ, JR.

nei: EggÞ, GilsG, JÁH, JÞ.

ÁB, EÁ greiddu ekki atkv.

2 þm. (KGuðj, ÓB) fjarstaddir.

Brtt. 725,2 samþ. með 13:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 79. fundi í Nd., 31. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 740).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., hefur verið afgreitt frá hæstv. Ed. og verið rætt allítarlega á opinberum vettvangi, þannig að ég get mjög stytt mál mitt hér í þessari hv. þd. í þessari framsöguræðu minni um málið. Það er nú þegar kunnugt alþm. öllum og öllum þeim landsmönnum, sem vilja kynna sér þessi mál og hafa átt þess kost að lesa um þau, þó með nokkuð mismunandi hætti væri, í hinum einstöku dagblöðum landsins, auk þess, sem frv. fylgir mjög ítarleg grg., og hv. þm. hefur gefizt kostur á að athuga hana. Afgreiðsla málsins í Ed. var með þeim hætti, að allir, sem til máls tóku um frv., töldu það til bóta, þó að brtt., sem fram voru bornar, miðuðu allar í þá átt, sem okkur sjálfsagt fyndist öllum æskilegt, að almannatryggingar verði hærri og meiri en þær eru í dag og jafnvel meiri en frv. gerir ráð fyrir, þó að menn séu sammála um, að frv. í heild sé til bóta frá því, sem nú er. Aðalbreytingin, sem gerð var í hv. Ed., var sú auk leiðréttinga, sem augljósar voru og nauðsynlegt var að gera, að frv. gerði upphaflega ráð fyrir allverulega mikilli fækkun á sjúkrasamlögum og stærri einingum í því efni en er í dag, og ég mun koma að því ítarlega hér á eftir, hver rökstuðningur var fyrir því.

Ég mun því reyna að halda mig við það hér í þessu máli mínu að segja frá upphafi þeirra athugana, sem frv. þetta er afleiðing af, og tína fram þau atriði, sem breytt er frá núgildandi lögum um þessi efni. Hinn 28. maí 1970 skipaði heilbr.- og trmrh. nefnd til þess að gera heildarendurskoðun, og var nefndinni falið að hafa samráð og samstarf við einstaklinga og félagasamtök, sem hér eiga hlut að máli. Skyldi nefndin skila áliti svo fljótt sem unnt væri og eigi síðar en svo, að hægt yrði að leggja niðurstöður hennar fram á næsta reglulega Alþ. þar á eftir, eins og hér er nú gert. Í nefndina voru skipaðir í byrjun eftirtaldir menn: Björgvin Guðmundsson, deildarstjóri, Guðjón Hansen, tryggingafræðingur, Ólafur Björnsson, prófessor, Sigurður Ingimundarson, forstjóri, og Hjálmar Vilhjálmsson, ráðuneytisstjóri, sem þá gegndi ásamt sínu starfi í félmrn. ráðuneytisstjórastarfi í heilbr.- og trmrn. í Reykjavík. Hinn 1. sept. 1970 skömmu eftir að Páll Sigurðsson, ráðuneytisstjóri, hafði tekið við ráðuneytisstjóraembætti, tók hann einnig sæti í nefndinni. Á starfstíma nefndarinnar hafa ýmis félagasamtök haft samband við nefndina um einstaka liði frv. svo sem Félag einstæðra foreldra, Sjálfsbjörg, Landssamband fatlaðra, Félagssamtökin Vernd, Samband ísl. sveitarfélaga, bæjarfógetinn á Akureyri og sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu, sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu og Hallgrímur Vilhjálmsson, starfandi forstjóri við tryggingaumboð bæjarfógetans á Akureyri, Kvenréttindafélag Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og fulltrúar frá Læknafélagi Íslands. Gunnar Möller, forstjóri Sjúkrasamlags Reykjavíkur, var hafður með í ráðum um endurskoðun slysatryggingakaflans sérstaklega, og nefndin fékk einnig álitsgerð þeirra Árna Guðjónssonar, Eyjólfs Jónssonar og Guðjóns B. Baldurssonar varðandi úrskurð ríkisskattanefndar frá 11. maí 1970 um álagningu tryggingagjalda á árinu 1967, og nefndin aflaði sér sjálf álitsgerðar cand. juris Þórðar Eyjólfssonar, fyrrv. hæstaréttardómara, um, hvernig ráðstafa skyldi eignum og skuldum þeirra sjúkrasamlaga, sem lögð kynnu að verða niður samkvæmt frv., og er sú álitsgerð sérprentuð með frv. sem fskj. nr. II.

Áður en raktar verða þær breytingar, sem gerðar hafa verið á einstökum gr. eftir köflum, þá verður hér stuttlega skýrt frá meginheildarbreytingum, sem gerðar hafa verið:

1. Frv. gerir ráð fyrir, að allar bætur almannatrygginga hækki um 20% frá því, sem nú er. Þó er gert ráð fyrir, að barnalífeyrir verði hækkaður um 40% og fæðingarstyrkur um rúmlega 13%, en ekki er gert ráð fyrir hækkun fjölskyldubóta.

2. Lágmark elli- og örorkulífeyris er áætlað samkvæmt frv. 70 560 kr., en þó er gert ráð fyrir því, að ávallt komi til uppbót á þennan lífeyri, ef viðkomandi lífeyrisþegi er tekjulaus, og nemi sú hækkun þeirri upphæð, að lágmarksheildartekjur lífeyrisþegans verði ekki undir 84 þús. kr. á ári. Lífeyrisupphæð til hjóna verður með sama hætti ekki lægri en 151 200 kr.

3. Lagt er til, að barnalífeyrisaldur verði hækkaður úr 16 árum í 17 ár og barnalífeyrir verði

greiddur með barni látinnar móður, hvort sem hún var gift eða ógift og án tillits til efnahags eða annarra ástæðna.

4. Gert er ráð fyrir, að ekkjubætur verði greiddar í 6 mánuði í stað þriggja, ef ekkja er barnlaus, og í 12 mánuði til viðbótar í stað 9 nú, ef hún hefur fyrir barni eða börnum að sjá.

6. Samkvæmt gildandi lögum er aðalreglan sú, að bótaréttur samkvæmt ákvæðum almannatryggingalaganna í lífeyristryggingu sé bundinn við íslenzkan ríkisborgararétt. Þá er lagt til í frv., að fallið verði frá þessari kröfu, en þess í stað verði bótaréttur bundinn við lögheimili á Íslandi, en ellilífeyrir verði samt greiddur, þótt bótaþegi sé búsettur erlendis. Á móti þessu er gert ráð fyrir, að fjárhæð lífeyris skuli vera í hlutfalli við dvalartíma á Íslandi á gjaldskyldualdrinum. Lágmarksdvalartími til að fá réttindi er þrjú ár, þannig að full réttindi fást eftir 40 ára dvöl. Þannig veitir skemmri dvalartími en þrjú ár engin réttindi til greiðslu, en 20 ára réttindatímabil veitir réttindi til hálfs lífeyris. Þessar breytingar eru gerðar til samræmis við réttindi þeirra þjóða, sem Íslendingar hafa mest samskipti við, og munu þær auðvelda Íslendingum samskipti við þessar sömu þjóðir í tryggingamálum.

7. Veitt er heimild til veitingar örorkustyrks, sem rýmkaður er mjög frá því, sem nú er í lögum. Gert er ráð fyrir, að veita megi styrki vegna sérstaks aukakostnaðar, sem rekja má til örorku, enda þótt viðkomandi hafi eðlileg og venjuleg laun, og enn fremur, að styrki megi veita vegna bæklunar eða vanþroska barna innan 16 ára aldurs, ef um er að ræða mikil útgjöld foreldra vegna umönnunar og annars. Hér er um að ræða gerbreytingu frá því, sem er í núgildandi lögum, þar sem hvergi hefur verið hægt að liðsinna foreldrum vegna þessara barna, en eins og kunnugt er, þá eru auk þeirrar fyrirhafnar, sem foreldrar hafa vegna barnanna, oft veruleg fjárútlát, sem af þeim stafa.

8. Varðandi þá breytingu, sem gerð var á frv. í Ed., voru forsendur þeirrar lagagreinar, þ. e. um að leggja niður eða fækka sjúkrasamlögum, sem um ræðir í, að mig minnir, 37. gr. í upphaflega frv., þær, að reynslan af hreppasamlögum sem tryggingareiningum er löngu orðin sú, að þau séu of lítil tryggingareining. Með breytingu á almannatryggingalögum nr. 83 frá 1967 var lagt til að fela sjúkratryggingar sjúkrasamlaganna héraðssamlögum, en auðsætt er, að stíga verður skrefið til fulls, ef vel á að vera, og gera ráð fyrir hinum stærri tryggingareiningum, eins og í upphaflega frv. var lagt til — og vafasamt er, hvort ekki verður nauðsynlegt að gera ráð fyrir samruna sjúkrasamlaganna í framtíðinni. Það er t. d. talið algerlega ofviða minni sjúkrasamlögum að kosta sjúklinga hingað til Reykjavíkur með hliðsjón af þeim kostnaði, sem fylgir því nú.

9. Skömmu áður en fyrrgreind breyting var gerð á almannatryggingalögunum, þ. e. árið 1967, sem m. a. fól í sér, að meginhluti af ríkisframfærslu sjúkra og örkumla var lagður undir sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins, höfðu verið samþ. lög um fávitastofnanir nr. 53 frá 1967, og var gert ráð fyrir því, að fávitaframfærsla væri áfram ríkisframfærsla og sveitarfélaga. Í þessu lagafrv. er gert ráð fyrir að afnema að fullu ríkisframfærslu fávita, en dvöl þeirra í heilbrigðisstofnunum verði kostuð af sjúkratryggingum eins og önnur sjúkrahúsvist og þá af sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunarinnar.

10. Gert er ráð fyrir, að greiðsluskylda sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins verði enn aukin, hvað snertir vistun sjúklinga á erlendum sjúkrahúsum — allt undir sama eftirliti og gert er ráð fyrir í núgildandi lögum, en með þeirri breytingu, sem hér er lögð til, er gert ráð fyrir, að einnig verði greiddur kostnaður við dvöl, lyf og læknishjálp, sem er nauðsynleg erlendis að lokinni sjúkrahúsvist.

11. Einnig er gert ráð fyrir, að heimilt verði að leggja á sjúkratryggingadeild kostnað, sem verulegur verður vegna veikinda eða slysa utan sjúkrasamlagssvæða, sem viðkomandi sjúkrasamlag er ekki skyldugt til að greiða, og er m. a. hafður í huga kostnaður, sem fólk, sem er á ferðalögum eða í styttri dvöl erlendis, verður fyrir, þar sem það er ekki sjúkratryggt.

12. Samkvæmt gildandi lögum fellur niður lífeyrir bótaþega, ef hann dvelst lengur en einn mánuð á stofnun, þar sem sjúkratryggingar greiða fyrir hann. Í lagafrv. er gert ráð fyrir, að lífeyrir falli niður, þegar vist hefur verið lengri en fjórir mánuðir á s. l. 24 mánuðum.

13. Allmiklar endurbætur eru gerðar á slysatryggingakafla laganna. Þannig er í núgildandi lögum ekki gert ráð fyrir, að slysatryggingar geti tekið til almennra heimilisstarfa, en í frv. er gert ráð fyrir, að heimild verði til að tryggja slík störf, ef þess er óskað. Á sama hátt eru greiðslur slysatrygginga vegna ýmiss konar aukakostnaðar vegna slysa svo sem ferðakostnaðar verulega auknar og fjölmörg ákvæði í sambandi við slysabætur gerð ítarlegri og skýrari en nú er.

Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir, að bótaréttur falli niður, ef ástand það, sem bótaréttur er byggður á, stafar af ofdrykkju eða deyfilyfjaneyzlu. Lagt er til, að fallið verði frá þessu sviptingarákvæði, enda gert ráð fyrir því, að hlutaðeigandi fari þá að fullu að læknisráðum og sinni fyrirmælum um þátttöku í þeirri starfsþjálfun og meðferð, sem stuðlað gæti að bættri afkomu hans og búið hann undir nýtt starf að breyttum lífsháttum sínum.

Tryggingastofnun ríkisins hefur gert að tilhlutan nefndarinnar áætlanir um hækkanir þær, sem leiða muni af fyrirhuguðum lagabreytingum, á útgjöld lífeyristrygginga, og er þessi áætlun stofnunarinnar þannig: 1. 20% hækkun lífeyristrygginga annarra en fjölskyldubóta, fæðingarstyrkja og barnalífeyris mun kosta um 290 millj. kr. 2. Hækkun fæðingarstyrks úr 13 þús. kr. í 14 700 kr., og er þá miðað við

legukostnað á Landsspítalanum, mun kosta 6.5 millj. kr. 3. Barnalífeyrir, sem er 40% hækkun frá gildandi ákvæðum, mun kosta 24 millj. kr., vegna fráfalls móður samkv. 14. gr. frv., 9 millj. kr., vegna aldurshækkunar til 17 ára aldurs úr 16 ára, sbr. 14. gr. frv., 20 millj. kr. 4. Bótahækkun til ekkna samkv. 17. og 18. gr. mun kosta 4.5 millj. kr. 5. Breyting á ekkjulífeyri samkv. 18. gr. mun kosta 15 millj. kr. 6. Lágmarkstrygging elli- og örorkulífeyrisþega mun kosta 85 millj. kr., en rétt er að undirstrika það, að hér er um mjög mikinn áætlunarlið að ræða og erfitt að sjá, hvað hann raunverulega verður af ýmsum ástæðum, sem óþarft er hér upp að telja, og þá sérstaklega, hvað margt fólk kynni undir þennan lið að koma. Aðrir liðir munu kosta 46 millj. kr. Alls eru því þessar hækkanir, sem frv. gerir ráð fyrir, nálægt 500 millj. kr. Niðurfelling almannatryggingagjalds fyrir 16 ára aldursflokkinn nemur með núgildandi iðgjöldum 25.5 millj. kr. — tekjurýrnun, sem innheimta verður með hækkuðum iðgjöldum þeirra, sem eru á aldrinum 17—67 ára.

Ég tel, herra forseti, að á þessu stigi málsins sé ekki þörf á að útskýra frv. frekar eins og það liggur fyrir, og mun þá koma að þeim skýringum, sem talið er nauðsynlegt, að fram fari við síðari umr. málsins.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Í útvarpsumr., sem fram fóru hér á hv. Alþ. hinn 29. apríl í fyrra, gerði ég grein fyrir þróun kaupmáttar tryggingabóta s. l. áratug gagnvart algengustu matvörum og sýndi fram á, hversu stórlega hann hefði hrapað. T. d. dugði mánaðarellilífeyrir árið 1960 fyrir 326.6 kg af nýjum fiski, en í fyrra fyrir 138.4 kg, mánaðarfjölskyldubætur með fjórum börnum fyrir 257.4 kg af fiski 1960, en fyrir 62.4 kg í fyrravor. Svipuðu máli gegndi um fjölmargar aðrar nauðsynlegustu matvörur, kjöt, mjólk, smjör, smjörlíki, kartöflur, kaffi o. fl. Augu almennings voru mjög greinilega að opnast fyrir því, hversu hrapallega hafði verið að þessum málum staðið á undanförnum árum, og því var almennt afar illa tekið, að Sjálfstfl. og Alþfl. fengust ekki til að hækka ellilífeyrinn um meira en 6 kr. á dag, samtímis því, sem þeir hækkuðu söluskatt úr 7.5% í 11%, en yfir stóð ein gjöfulasta vertíð í sögu þjóðarinnar. Alþfl. hafði í áratug tekið þátt í því með Sjálfstfl. að vinna hvers kyns hervirki gegn kjörum hinna lægstlaunuðu í þjóðfélaginu, svo sem með kaupbindingum, gengislækkunum, vísitöluskerðingum og með umbyltingu skattkerfisins í þá átt að stórauka óbeina skatta á kostnað barnafjölskyldna og elli- og örorkulífeyrisþega samtímis því, að fésýslumenn fögnuðu auknu frelsi til umsvifa og álagningar og hvers kyns gróðasöfnunar. Gagnvart öllum þessum aðgerðum í þágu Sjálfstfl. og þeirra, sem betur mega sín í þjóðfélaginu en óbreyttir launamenn, hafði Alþfl. jafnan treyst á það, að hann ætti gamlan og góðan bjarghring til þess að fleyta sér á í gegnum kosningar, þar sem væri trú kjósenda á umhyggju hans fyrir almannatryggingum og varðgæzlu um stöðugt aukið gildi tryggingabóta.

En í fyrravor voru augu almennings farin að opnast fyrir þeirri staðreynd, að hver, sem leitaði afreka Alþfl. í mynd árlega aukins kaupmáttar tryggingabóta, kom að tómum kofunum. Það duldist ekki lengur, að íhaldsþjónustan náði einnig til tryggingannna. Kaupmáttur bótanna hafði farið lækkandi ár frá ári og var þá fokið í flest skjól um réttlætingu fyrir þátttöku í hvers kyns hermdarverkum viðreisnarstjórnarinnar gegn launafólki. Því nær sem dró bæjarstjórnarkosningum, þeim mun áþreifanlegar varð forustulið Alþfl. vart við þennan dóm, og nú voru góð ráð dýr. Þegar svo var komið, að í stað þess, að það hafði dugað Alþfl. að nefna orðið almannatryggingar til þess að fá jafnvel óánægðustu fylgismenn sína til þess að slá striki yfir ávirðingar flokksins, þá var frammistaða Alþfl. í tryggingamálum orðin ein aðalávirðing hans. Björgunarbeltið gamla, sem forustan hafði trúað á, að héldi flotmagni sínu, þó að ekkert væri fyrir það gert, hafði nú minna flotmagn en ekki neitt og var farið að draga Alþfl. í kaf. Nú voru góð ráð dýr. Það var ekkert hægt að gera til úrbóta úr því, sem komið var, en það var hægt að gefa loforð, og rétt áður en kjósendur fóru inn í kjörklefana, gat Alþýðublaðið skýrt frá því með fimm dálka fyrirsögn í tveimur línum með mynd af hæstv. félmrh., að hann hefði skipað nefnd til þess að endurskoða tryggingalöggjöfina: Eggert lætur endurskoða tryggingarnar stóð þar með risastöfum. Eins og menn muna, var kosið til bæjar- og sveitarstjórna 31. maí 1970, en ef menn lesa upphaf aths. með því frv., sem hér liggur fyrir og er getið í kosningahræðslu Alþfl. fyrir bæjarstjórnarkosningarnar síðustu og nú fætt í kosningahræðslu Alþfl. fyrir alþingiskosningarnar á sumri komanda, þá segir þar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með bréfi, dags. 28. maí 1970, skipaði heilbr.- og trmrh. nefnd til að endurskoða gildandi lög um almannatryggingar.“ Nokkrum línum neðar segir: „. . . skyldi hún skila áliti svo fljótt sem unnt er . . .“

Séu menn þeirrar skoðunar, að þetta mjög svo síðbúna fyrirheit Alþfl. og loforð um bót og betrun hafi í kosningunum haft einhver áhrif í þá átt að draga úr afleiðingunum af athafnaleysi og vanrækslu hans í tryggingamálum undanfarinn áratug, þá verða menn að eftirláta það ímynduninni að meta það, hversu lágt hefði orðið gengi Alþfl., ef það hefði ekki komið fram þremur dögum fyrir kosningar. Svo mikið reyndist fallið þrátt fyrir þessa virðingarverðu tilraun hæstv. ráðh. flokki sínum til bjargar.

Það frv., sem hér liggur fyrir, hefur þannig orðið til með allsérstæðum hætti og ber þess nokkur merki. Þegar síðast var skipuð nefnd til þess að endurskoða tryggingalöggjöfina, starfaði hún að endurskoðuninni í tvö og hálft ár. Sá tími, sem nefndin hefur haft til umráða nú, er að mínum

dómi allt of stuttur, og það álit kemur reyndar fram hjá einum nefndarmanna — þeim, sem hvað mesta þekkingu hefur á þeim málum, sem endurskoðunin fjallar um. Þótt til mikils hafi verið ætlazt af nefndarmönnum, sem hafa haft þessi mál til endurskoðunar í um það bil 9 mánuði, þá er þó til enn meira ætlazt af hv. alþm. að eiga að kynna sér málið til hlítar, taka endanlegar ákvarðanir og afgreiða frv. á síðustu dögum þingsins, þegar annir vegna afgreiðslu annarra mála eru með þeim hætti, að þm. komast naumast yfir að lesa þau plögg, sem útbýtt er. Endurskoðun tryggingalöggjafarinnar er mikilsverðara mál en svo, að slík vinnubrögð séu sæmandi, og kemur þar enn til, að stjórnarandstöðuflokkarnir hafa enga aðild fengið að nefndinni, sem að endurskoðuninni hefur unnið, en til þess er ætlazt, að þeir setji sig inn í málið frá grunni á örfáum dögum og afgreiði það.

Sá háttur hefur verið tekinn upp í vaxandi mæli, að fulltrúar frá stjórnarandstöðunni hafa fengið aðstöðu til þess að fylgjast með endurskoðun laga og athugun mála, t. d. má nefna EFTA-málið og skattalögin. Slíkir starfshættir auðvelda öll vinnubrögð í þinginu, þegar málin koma þar til afgreiðslu, og þannig hefði að sjálfsögðu einnig átt að standa að endurskoðun tryggingalaganna, ekki sízt þegar svo skammur tími gefst til afgreiðslu þess hér í þinginu. Í þessum vinnubrögðum felst vissulega ekki mikil virðing fyrir hlutverki Alþ. og rétti og skyldu þm. til þess að kanna til hlítar þau mál, sem tekin eru til meðferðar og hafa raunveruleg áhrif á afgreiðslu þeirra. Það er ljóst, að undirbúningur þessa frv. er mjög svo ófullnægjandi. Ýmsar till. hafa komið fram hér á hv. Alþ., síðan tryggingalöggjöfin var endurskoðuð síðast, án þess að fást afgreiddar. Engar umsagnir fylgja frá nefndinni um þessi mál á svipaðan hátt og gert var við síðustu endurskoðun. Á veigamiklum þáttum er ekki tekið, en frv. lagt fram fyrir Alþ. síðustu daga þingsins og afgreiðsla frv. í Ed. sýnir ljóslega, að ekki er til þess ætlazt, að þingið geri annað en samþykkja það, sem nefndin leggur til. Afgreiðslan hér á hv. Alþ. er nánast formsatriði. Það er sannast að segja alvarlegt íhugunarefni, hve lengi hv. alþm. ætla að láta bjóða sér slík hlutverk og slík vinnubrögð, eins og hér eru viðhöfð í veigamiklum málum. Þetta frv. nýtur þess, að hér er um að ræða, jafnvel þótt engar lagfæringar fáist á frv., nokkrar endurbætur í málum, sem hvað mest þörf hefur verið á úrbótum í nú um langt skeið og því fullur vilji fyrir hendi til þess, að frv. verði afgreitt fyrir þinglok, þótt vissulega hefði þurft að gefast tími til ítarlegri endurskoðunar og úrbóta.

Alþýðublaðið hefur getið þess allmörgum sinnum, síðan þetta frv. var lagt fram, að það marki tímamót í tryggingamálum, þar sem það feli í sér 20% hækkun lífeyrisbóta og 40% hækkun barnalífeyris auk lágmarkslífeyris til tekjulausra, og hefur jafnoft tekið það sérstaklega fram, að í nefndinni, sem undirbjó frv., hafi átt sæti þrír tilteknir menn, sem allir séu í Alþfl. Aðra hefur það ekki nefnt. Nú er það svo, og öllum hv. alþm. er um það kunnugt, að nefndin, þ. e. þessir þrír Alþfl.-menn — aðra tekur víst ekki að nefna — skilaði frv. frá sér á þann veg, að bætur skyldu hækka ekki um 20%, heldur um 10%, og barnalífeyrir ekki um 40%, heldur 20%, svo að þessar tímamótatillögur, sem Alþýðublaðið kallar svo, eru þá alls ekki frá þessari Alþfl.-þrenningu runnar. Hennar till. voru um helmingi minni hækkun. Þegar haft er í huga, hvernig skipun þessarar nefndar er til komin, eins og ég áðan lýsti, og hvers vegna hún skilar af sér einmitt núna, þ. e. að bakgrunnurinn er ekki fyrst og fremst bág afkoma bótaþega, heldur bág staða stjórnarflokkanna í tryggingamálum og þá einkum Alþfl., sem er nú með sinn gamla bjarghring loftlausan, þá virðist ljóst, að nefndin eða þremenningarnir hafa metið stöðu flokkanna á þann veg, að það dygði að hækka bæturnar almennt um 10% og barnalífeyrinn um 20%, en aðrir, sem við till. hafa tekið og kunnugri eru hinu raunverulega ástandi, hafa greinilega annaðhvort talið, að eitthvað skorti á umhyggju þremenninganna fyrir bótaþegum, eða sem miklu líklegra er, að gengi stjórnarflokkanna væri lægra en svo, að þessar litlu bótahækkanir dygðu, og því breytt frv. á þann veg að gera ráð fyrir helmingi meiri hækkun en þessir þrír tilteknu Alþfl.-menn og afgangurinn af nefndinni lögðu til. Um það verður hins vegar ekki sagt með vissu, hvorir þessara aðila, nefndin eða þeir, sem síðar fjölluðu um till. hennar, áður en frv. var lagt fram, fullkomnuðu kosningasvipinn á málinu með ákvæði um, að hæstv. núv. ríkisstj. léti það eftir sér að hækka tryggingabæturnar á pappírnum, en varpaði því yfir á næstu ríkisstj. að sjá um efndirnar eftir næstu áramót.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta ákvæði. Það hefur þegar verið gert af hálfu Alþb. í Ed., en þetta ákvæði er næsta athyglisvert og er nokkuð í samræmi við frammistöðuna í tryggingamálum á undanförnum árum. Alþfl. og Sjálfstfl. hafa s. l. áratug látið tryggingabætur rýrna að verðgildi ár frá ári og fellt allar till. um úrbætur. Loks þegar samstarf þessara flokka hefur varað nærri 12 ár, er kastað inn í þingið nú síðustu dagana, sem það starfar á kjörtímabilinu, till. um bótahækkanir, sem eiga að taka gildi fyrst á næsta ári. Aðalrökin fyrir því, að bótahækkanirnar koma ekki til framkvæmda fyrr en á næsta ári, eru þau, að ekki sé áætlað fé á fjárlögum til að greiða þær. Hvers vegna eru þær upphæðir ekki á fjárlögum? Vegna þess að þessir sömu flokkar felldu sjálfir till. um það við afgreiðslu núgildandi fjárl. Því var þá borið við, að ekki væri unnt að taka þessar upphæðir inn í fjárl., vegna þess að till. nefndarinnar væru ekki komnar fram. Nú er ekki hægt að hækka bæturnar á þessu ári, vegna þess að fjárlög voru samþ. án þess að gera ráð fyrir nokkrum till. frá nefndinni. Því er líka haldið fram, að ekki sé stætt á því að hækka bætur og um leið auka greiðslur sveitarsjóða til tryggingannna, eftir að fjárhagsáætlanir hafa verið samþykktar. Hvar var

þessi umhyggja fyrir sveitarsjóðunum í fyrra, þegar bæturnar voru hækkaðar um 20%, eftir að Alþfl. fékk stóra skellinn í bæjarstjórnarkosningunum? Og hvar var þá gert ráð fyrir þeirri hækkun í fjárlögum ríkisins? Nei, það rekur sig eitt á annars horn í tilraunum hæstv. ríkisstj. til þess að komast hjá því að bæta nú þegar úr þeirri skerðingu, sem orðið hefur á tryggingabótum undanfarin ár.

Á undanförnum árum hefur íslenzka þjóðin búið við hagkvæmar ytri aðstæður, mikinn afla og bætt viðskiptakjör. Verðmætasköpunin hefur aukizt verulega, en hve miklu af auknum afrakstri þjóðarbúsins hefur verið varið til þess að bæta kjör þeirra, sem verst eru staddir í þjóðfélaginu, gamalmenna og öryrkja? Sannleikurinn er því miður sá, að samtímis því, sem þjóðartekjur hafa vaxið, hefur kaupmáttur tryggingabóta gagnvart neyzluvörum lækkað. Þegar haft er í huga, að fullur ellilífeyrir og örorkulífeyrir nemur nú 4529 kr. á mánuði, er ljóst, í hve gífurlegu ósamræmi kjör þess fólks, sem hefur þennan lífeyri sér til lífsframfæris, eru við lífskjör þeirra, sem fulla starfsorku hafa, og það er engin afsökun til fyrir þjóð, sem framleiðir svo mikið á hvern mann sem Íslendingar gera, að ætla að skjóta því enn á frest að bæta hér úr, svo að um munar. Hér er ekki spurning um getu þjóðarinnar, heldur um vilja þeirra, sem ráða. Og það er ástæðulaust að mikla fyrir sér þessar hækkunartill. í frv. Jafnvel brezka íhaldsstjórnin er þessa dagana að hækka ellilífeyrinn um allt að rúmlega 20%.

Þegar ákvörðun á að taka um tryggingabætur, verður að sjálfsögðu að hafa í huga, að ekki hefur verið talið skorta á getu þjóðarinnar að hækka — ekki aðeins frá næstu áramótum, heldur frá síðustu áramótum — stórlega laun þeirra ríkisstarfsmanna, sem hæst eru launaðir fyrir, og veruleg hækkun á launum alþm. á að taka gildi á miðju þessu ári, hvað svo sem fjárl. líður. Það var lengst af regla, að tryggingabætur voru látnar fylgja breytingum á launum opinberra starfsmanna og það þarf enga tímamótabreytingu til, að svo verði gert einnig nú. Hæstv. núv. utanrrh., þáv. hæstv. félmrh., sagði hér á hv. Alþ. 24. okt. 1961, með leyfi hæstv. forseta:

„Það hefur verið nokkurn veginn ófrávíkjanleg regla á undanförnum árum, að bótagreiðslur almannatrygginganna hafa verið látnar fylgja launahækkunum, sem orðið hafa . . . Nú hefur það einnig orðið nokkurn veginn föst venja, að þessar breytingar hafa verið látnar fylgja þeim breytingum, sem orðið hafa á launum opinberra starfsmanna.“ Og 8. nóv. 1962 sagði hæstv. ráðh. enn fremur, með leyfi hæstv. forseta: „Það hefur verið regla að undanförnu, að bótagreiðslur almannatrygginganna hafa fylgt launum opinberra starfsmanna að þessu leyti, og þó misjafnlega. Stundum hefur þetta verið miðað við elli- og örorkulífeyrinn einan, en stundum hefur þetta verið miðað við allar bótagreiðslur úr tryggingunum.“

Þetta var reglan, að hækkanir á launum opinberra starfsmanna komu sjálfkrafa einnig á bótagreiðslur. Laun opinberra starfsmanna hafa nú verið hækkuð meira en áður hefur þekkzt. Það þarf því ekkert sérstakt tímamótafrv. sem einhverja sérstaka gjöf til bótaþega og þá með þeim annmörkum af hálfu hæstv. ríkisstj., að hún verði ekki afhent fyrr en á næsta ári. Það er ekki nema lágmarkskrafa þeirra, sem eiga að lifa af bótagreiðslum, að þær hækki nú þegar í ekki minna mæli en laun þeirra opinberu starfsmanna, sem hægara hafa átt með að komast af að undanförnu.

Bætur hækkuðu um 5.6% fyrir um það bil ári síðan, um 20% á s. l. sumri og um 8.2% á þessu ári. Það lítur því þannig út, að 20% hækkun elli- og örorkulífeyris þessu til viðbótar sé allnokkur, og sérstaklega er reynt að láta það líta þannig út og mætti ímynda sér, að bæturnar yrðu með þessu orðnar töluvert meira virði en áður var eftir þessa endurskoðun l. og eftir þessa væntanlegu hækkun hafi verið sótt verulega fram á við. En séu bæturnar bornar saman við breytingar á tímakaupi verkafólks frá því, að l. voru síðast endurskoðuð, kemur í ljós, að samkv. fréttabréfi kjararannsóknarnefndar um vísitölu fyrir greitt tímakaup verkamanna er sú vísitala nú 381 miðað við 100, þegar endurskoðunarnefnd hafði 1962 lokið endurskoðun laganna. Ellistyrkurinn var við þá endurskoðun ákveðinn 1523 kr. á mánuði og ætti eftir því að vera í dag 3.81 sinnum 1523 eða 5802 kr. Með þeirri breytingu, 20% hækkun, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, að verði um næstu áramót og kallað hefur verið tímamótabreyting, verður almenni ellilífeyririnn 5880 kr. á mánuði. Það hangir því rétt í því, að með 20% hækkun eftir 5.6% hækkunina, eftir 20% hækkunina og 8.2% hækkunina á einu ári nái elli- og örorkulífeyririnn því að fylgja hækkun á tímakaupi verkamanna. Það er nú allt og sumt, og getur þá hver maður séð, hvað haft hefur verið af bótaþegum á því tímabili, sem á milli liggur og það sannar bezt, hvernig tryggingabæturnar hafa verið látnar rýrna ár frá ári s. l. áratug. Hjá þeim, sem engar aðrar tekjur hafa, á svo að koma viðbót, heilar 1120 kr. á mánuði, en þegar metnir eru raunverulegir möguleikar til að lifa af þeim hámarksellilaunum, má segja, að það sé bitamunur, en ekki fjár.

Hvort tveggja er í rauninni jafnókleift að lifa af lágmarks- og hámarksellilífeyrinum, ekki sízt þegar á það er litið, að hæstv. ríkisstj. hefur séð um það, að bótaþegar verði að greiða 11% af þessum upphæðum aftur í ríkissjóð í söluskatt af hverjum matarbita, fatnaði, lyfjum og öðru, sem þeir kaupa. Sú tekjuviðbót, sem gamalt fólk var að gera sér vonir um að fá í l. um eftirlaun aldraða félagsmanna í verkalýðsfélögum, kemur samkv. ákvæðum þessa frv. til frádráttar hámarksellilífeyri og virðist þá hafa verið til lítils barátta forustumanna verkalýðsfélaganna fyrir því að fá þær greiðslur hækkaðar. Sú upphæð, sem þar fæst, kemur til frádráttar ellilífeyrinum og dregur hann niður í lágmarkið. Sama er að segja t. d. um fjölskyldubætur, sem örorkulífeyrisþegar kunna að fá.

Þær dragast frá örorkulífeyrinum og færa hann niður. Ég get hins vegar fallizt á þá hugsun, að ellilífeyrir og örorkulífeyrir séu hærri til þeirra, sem engar tekjur hafa, þótt ávallt sé spurning, hversu langt á að ganga í þá átt að telja til frádráttar hverja krónu, sem með öðrum hætti er fengin. Þessi afstaða mín byggist á því, að ég hef jafnan verið þeirrar skoðunar, að á meðan við stöndum svo aftarlega sem nú og meðan því marki er ekki náð, að nokkurn veginn sé hægt að lifa af tryggingabótum, þá þurfi það fé, sem á hverjum tíma kann að verða varið til tryggingabóta, fyrst og fremst að renna til þeirra, sem engar aðrar tekjur hafa, í stað þess að dreifast um allt tryggingakerfið án tillits til fjárhagsástæðna.

Samkv. frv. er gert ráð fyrir því, að mismunur á hinum almenna elli- og örorkulífeyri og hámarkslífeyri greiðist að 2/5 hlutum af viðkomandi sveitarfélagi og að 3/5 hlutum af Tryggingastofnuninni á sama hátt og nú er gert varðandi uppbætur til þeirra, sem ekki eru taldir geta komizt af án hækkunar. Ég er þeirrar skoðunar, að ýmsar ástæður valdi því, að afnema beri ákvæðin um sérstakar greiðslur sveitarfélaganna á 2/5 hlutum þessara greiðslna, hinna venjulegu uppbóta, sem í gildi hafa verið, og þeirrar sérstöku hækkunar, sem nú er gert ráð fyrir úr 70 560 kr. á ári í 84 þús. kr. á ári, til þeirra, sem engar aðrar tekjur hafa.

Um það hefur oft verið rætt, að ekki megi hafa bætur mismunandi háar til einstakra bótaþega miðað við fjárhag þeirra. Bæturnar megi ekki hafa á sér framfærslusvip. Ég er hins vegar, eins og ég áðan sagði, þeirrar skoðunar, að á meðan almennar bætur duga ekki til lífsframfæris, verði að verja hækkunum á fjárveitingum til bótagreiðslna sérstaklega til þeirra, sem verst eru staddir. Það út af fyrir sig að greiða einum hærri bætur en öðrum setur ekki endilega framfærslusvip á tryggingabæturnar. Það, sem hins vegar gerir það miklu fremur, er þetta fyrirkomulag á greiðslu uppbótanna, að hluti þeirra er greiddur sérstaklega af sveitarsjóði og þeir, sem viðbæturnar þurfa að fá, verða að leita til sveitarfélagsins fyrst, ekki trygginganna, til þess að láta það sækja um hækkunina, og með þau mál fara framfærslufulltrúar á viðkomandi stöðum. Þetta tel ég óviðunandi fyrirkomulag. Þessar uppbætur og þær hækkanir, sem nú á að greiða til viðbótar almennum elli- og örorkulífeyri til þeirra, sem tekjulausir eru, eiga að mínum dómi að greiðast með alveg sama hætti og aðrar bætur. Með því að ætla að haga greiðslu þessarar viðbótar á þennan veg er einnig verið að koma óeðlilega miklum hluta þeirra yfir á sveitarfélögin, og vita þó allir hv. alþm., að ríkisvaldið hefur kreppt mjög að þeim með hvers konar greiðsluskyldu að undanförnu.

Samkv. aths. með frv. er áætlað, að hækkun úr almennum lífeyri í hámarkslífeyri til tekjulausra muni kosta tryggingarnar 85 millj. kr. á ári. Af þessari upphæð eiga sveitarfélögin að greiða sérstaklega 2/5 hluta eða 34 millj. kr. og síðan sín 18% af hinum hlutanum eins og af öllum öðrum útgjöldum lífeyristrygginganna eða rúmlega 9 millj. kr., þ. e. sveitarfélögin eiga samkv. þessu að greiða rúmlega 43 millj. kr. af þeim 85 millj. kr., sem áætlað er, að sérstök hækkun almenns lífeyris til tekjulausra kosti eða ríflega 50% kostnaðar við aðalskrautfjöður þessa frv., þótt í l. sé almennt gert ráð fyrir, að sveitarfélög greiði 18% af útgjöldum lífeyristrygginga.

Í umsögn stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga um þetta frv., þar sem lögð er rík áherzla á getuleysi sveitarfélaganna til að taka á sig aukin útgjöld vegna ákvæða þessa frv., kemur ekki fram, að menn geri sér grein fyrir fjárhagslegum áhrifum á hlut sveitarfélaganna í greiðslum vegna þess sérstaka ákvæðis að telja hækkunina úr almennum lífeyri í sérstakan lífeyri til tekjulausra sem uppbót, sem greidd er að 2/5 hlutum af sveitarfélögunum. Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga telur, að samþykkt frv. muni hafa í för með sér tæplega 100 millj. kr. hækkun á framlagi sveitarfélaganna auk hækkunar til sjúkrasamlaga, en mér sýnist, að hækkunin verði um 118 millj. kr. vegna þessarar tilhögunar, að þessi sérstaka hækkun lífeyris til tekjulausra — en það er talið það atriði, sem mest gildi hafi í frv. — er látin lenda á sveitarfélögunum í svo ríkum mæli, að þá viðbót eiga sveitarfélögin að greiða að helmingi, þótt hlutur sveitarfélaga í greiðslum lífeyristrygginga hafi verið 18%. Ég tel, að auk þess, sem hér er sérstaklega gengið hart að sveitarfélögunum til þess að létta byrðinni af öðrum, sem greiða kostnað við almannatryggingarnar og þá einkum af ríkissjóði, þá komi fleira til, sem valdi því að fella eigi algerlega niður ákvæðið um, að sveitarsjóðir greiði 2/5 hluta uppbóta á elli- og örorkulífeyri.

Ég minntist áðan á, að þessi tilhögun setur þann framfærslusvip á þessar greiðslur, sem alls ekki á eða þarf að eiga sér stað um greiðslur almannatrygginga. Auk þess veldur þetta ákvæði því, að engin trygging er fyrir því, að allir bótaþegar búi raunverulega við sama rétt til uppbóta, sem heimilt er að greiða fram yfir skylduna til að hækka lífeyri í 84 þús. kr., ef um engar aðrar tekjur er að ræða. Í grg. með till. til þál. um endurskoðun l. um almannatryggingar, sem við fluttum nokkrir þm. Alþb. á síðasta þingi, segir svo um þetta sérstaka atriði, með leyfi hæstv. forseta:

„Sé um greiðslu uppbóta á elli- eða örorkulífeyri að ræða skv. núgildandi lögum, þurfa að vera fyrir hendi till. viðkomandi sveitarstjórnar varðandi hvern einstakan bótaþega, en sveitarfélagið greiðir 2/5 hluta af hækkuninni, en Tryggingastofnun ríkisins 3/5 hluta. Á árunum 1964—1967 að báðum meðtöldum námu hækkanir á ellilífeyri að meðaltali um 5.1% af heildarupphæð ellilífeyris sömu ára, en hækkun örorkulífeyris um 6.7% af heildargreiðslu örorkulífeyris.

Orsakir þess, að heimildir til hækkunar á þessum lífeyrisbótum eru ekki að fullu notaðar, svo að á skortir t. d. varðandi ellilífeyri árið 1967 ríflega 20

millj. kr., verða naumast raktar til þess, að fyrir þörfum bótaþega á þessum hækkunum hafi verið að fullu séð. Annars vegar mun koma til skortur fjölmargra bótaþega á vitneskju um heimildir til þessarar hækkunar bóta og hins vegar tregða sveitarstjórna til þess að mæla með hækkunum vegna kostnaðarhluta sveitarsjóðs. Það er t. d. eftirtektarvert, að í sumum umdæmum eru engar slíkar hækkanir greiddar árum saman.

Ákvæði núgildandi laga eru miðuð við, að yfirvöld viðkomandi sveitarfélaga hafi nánasta vitneskju um hag þeirra bótaþega, sem sækja um hækkun elli- og örorkulífeyris og þá gert ráð fyrir, að greiðsla sveitarfélagsins á hluta af hækkun bótanna verði til aðhalds.

Það er skoðun flm. þessarar þáltill., að mjög skorti á alla upplýsingastarfsemi um rétt hinna tryggðu og ýmsir elli- og örorkulífeyrisþegar missi af rétti sínum til hækkunar bóta vegna skorts á vitneskju um heimildarákvæði laganna. Enn fremur verður naumast talið eðlilegt, að mismunandi afstaða einstakra sveitarstjórna til þess að mæla með hækkunum og óhjákvæmileg tregða við að auka útgjöld sveitarsjóðanna ráði því, hverjir bótaþegar njóti hækkana og hverjir ekki. Það er því till. flm., að athugað verði, hvort ekki er rétt að gera hér skipulagsbreytingu á, þannig að felld verði niður ákvæði um, að sveitarfélög greiði 2/5 hluta hækkana á elli- og örorkulífeyri, en Tryggingastofnunin greiði slíkar hækkanir að fullu. Jafnframt verði stóraukin upplýsingastarfsemi í því skyni að kynna hinum tryggðu rétt sinn, samtímis því að Tryggingastofnunin afli sér í ríkara mæli en nú upplýsinga um hag bótaþega, til þess að unnt sé að auka þann þátt í tryggingastarfseminni, að upphæðir bóta séu miðaðar við fjárhagsástæður bótaþega, þannig að við ákveðnar fjárhagsástæður sé fyrir hendi réttur til sérstakra bóta og til viðbótargreiðslna við grunnbætur."

Ég tel, að þessi rök öll séu fyrir hendi enn og fella beri niður ákvæðið um greiðslu sveitarfélaga á 2/5 hlutum af uppbót á lífeyri. Ég ætla ekki við 1. umr. málsins að fjalla frekar um einstök ákvæði eða gr. frv. Í Ed. voru af hálfu Alþb. fluttar margar brtt. við frv., sem sjálfsagt verða endurfluttar í þessari hv. d. og þá gerð nánari grein fyrir þeim. Í sambandi við einstök atriði frv. vil ég aðeins minna á þá þáltill., sem ég áðan nefndi og flutt var um næstsíðustu áramót. Þar voru taldar upp ýmsar breytingar á l., sem lagt var til, að nefndinni yrði falið að kanna — atriði, sem sum hafa verið tekin til greina nú eins og það, að Tryggingastofnuninni verði gert að skyldu að annast skipulega upplýsingastarfsemi til að kynna almenningi rétt sinn svo og að barnalífeyrir verði greiddur með barni látinnar móður og enn fremur verði veitt heimild til að greiða örorkustyrk vegna öryrkja undir 16 ára aldri. Ýmis atriði, sem gerðar voru till. um af okkar hálfu, hafa hins vegar ekki verið tekin til greina, eins og t. d. heimild til greiðslu barnalífeyris, ef móðir er öryrki, heimild til greiðslu mæðralauna, fjölskyldubóta og barnalífeyris með börnum til 18 ára aldurs, greiðsla barnalífeyris, ef faðir sætir gæzlu- eða refsivist, greiðsla hærri hluta lyfjakostnaðar og læknishjálpar til elli- og örorkulífeyrisþega en annarra, greiðsla hluta af kostnaði við tannlækningar, ákvæði um, að iðgjaldagreiðslur hefjist fyrst við 18 ára aldur, ákvæði um, að sjúkrasamlög annist umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina, en ekki sýslumenn og bæjarfógetar, ákvæði um stofnun sérstaks tryggingadómstóls. Öll þessi atriði og nokkur fleiri voru tekin fyrir í till. þeirri til þál., sem við þm. Alþb. fluttum á síðasta þingi.

Þótt ég hafi áðan rakið aðdragandann að því frv., sem hér liggur fyrir, og deilt á meðferð málsins og frammistöðu stjórnarflokkanna í tryggingamálum, þá er vissulega ástæða til þess að fagna því, þegar sýnd er viðleitni í þá átt, þótt seint sé, að reyna að stöðvast á þeirri braut, að tryggingabætur rýrni stöðugt að verðgildi, eins og átt hefur sér stað í verulegum mæli s. l. áratug. Enda þótt sá stóri annmarki sé á frv., að það á ekki að taka gildi fyrr en á næsta ári, er vissulega ástæða til þess að fagna þeim endurbótum, sem í frv. felast t. d. varðandi barnalífeyri, frá því, sem í gildi er nú, eftir að um alllangt skeið hefur hallað undan fæti um verðgildi tryggingabóta í stöðugt vaxandi dýrtíð undanfarin ár.

Ég er að vísu þeirrar skoðunar, að þjóð, sem framleiðir svo mikil verðmæti á hvern þjóðfélagsþegn sem Íslendingar, eigi að gera miklu meiri kröfur til sín í tryggingamálum og um bætt kjör aldraðra og öryrkja en þetta frv. gerir ráð fyrir. Þrátt fyrir svo miklar þjóðartekjur hefur jafnan verið viðkvæðið, að fé skorti til þess, að við gætum boðið mannsæmandi kjör því fólki, sem lagði þó grunninn að þeim lífskjörum, sem þeir búa við í dag, sem geta unnið og lagt á sig langan vinnudag til að afla sér lífsviðurværis. Þótt litið sé fram hjá þeirri grundvallarstefnu hæstv. núv. ríkisstj., sem þó veldur mestu um að gera þeim, sem sterkastir eru í þjóðfélaginu, sem bezt kleift að ná til sín sem gróða sem allra mestu af verðmætasköpuninni án þess, að hugsað sé um, hver verður hlutur þeirra, sem minna mega sín og koma ekki til greina í þeirri villtu samkeppni af ýmsum ástæðum, þótt þessu sé sleppt og einungis litið á ráðstöfun ríkisteknanna, eins og þær eru á hverjum tíma, þá er raunin sú, að framlag til tryggingamála, framlag til þess að gera ný átök í málefnum aldraðra og öryrkja og annarra bótaþega, eru látin mæta afgangi. Þegar búið er að veita fé til þess að auðvelda flestum öðrum þjóðfélagsþegnum að njóta lífsins gæða, t. d. með betri vegum og ýmsum framkvæmdum, þá fyrst er spurt, hvort nokkur afgangur kunni að vera til tryggingamála.

Þess vegna er niðurstaðan sú, að þegar enn stendur eitthvert lengsta góðæristímabil í sögu þjóðarinnar, að því er varðar fiskafla og afurðaverð, þá er gamalmennum og öryrkjum ætlað á næsta ári eftir samþykkt þessa frv., sem jafnvel hefur verið

kallað tímamótafrv., að standa svo til í sömu sporum og við upphaf þessara góðæra og búa við lífeyri, sem er hróplega fjarri því að nægja til lífsframfæris, jafnvel þótt miðað sé við hámarksgreiðslu, sem byggð er á því, að um engar aðrar tekjur sé að ræða. Sá hámarkslífeyrir er t. d. aðeins um 58% af því, sem heimilt er að greiða hv. alþm. í húsnæðiskostnað einan. Þetta viðhorf verður að breytast. Ef þjóðin á að láta nokkuð eftir sér, þá er það það að búa ellilífeyrisþegum og örorkulífeyrisþegum þau kjör, að þeir þurfi ekki að hafa áhyggjur af lífsafkomu sinni. Í stað þess að láta jafnan allar aðrar framkvæmdir og ráðstafanir sitja í fyrirrúmi og athuga síðan, þegar bezt lætur, hvort eitthvað er afgangs til úrbóta í tryggingamálum, þá verður að láta aðra hluti í þjóðfélaginu aðlaga sig þeirri ákvörðun, að elli- og örorkulífeyrisþegar geti lifað af lífeyri sínum, og þeir, sem ráða málum þjóðarinnar, verða að miða ákvarðanir sínar í öðrum málum við það, að þessu marki verði náð á tilteknum stuttum tíma. Því miður hafa ákvarðanir um bótahækkanir undanfarið miðazt við það eitt að láta bæturnar ekki rýrna um of í örri verðbólgu, en ekkert hefur miðað að því marki, að bætur dugi til lífsframfæris. Það frv., sem hér liggur fyrir, gerir því miður ekki ráð fyrir öllu meira en því að bæta upp rýrnun bóta á undanförnum árum — árum einhverra mestu framleiðsluuppgripa í sögu þjóðarinnar, árum, sem vissulega hafa gefið þjóðinni sérstakt tækifæri til þess að ná því marki, sem ég áðan nefndi. Hér er spurningin ekki um getu þjóðarinnar, heldur um vilja þeirra, sem ráða.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Það er sagt, að Tryggvi Þórhallsson, fyrrv. forsrh. heitinn, hafi haft að orðtaki: Sagan endurtekur sig. Það er ástæða til þess að minna á það, að þetta orðtak er í heiðri haft hér á hv. Alþ. af hæstv. ríkisstj., því að þau vinnubrögð, sem nú eru viðhöfð við afgreiðslu þingmála, minna mjög á vinnubrögðin, sem höfð voru hér í frammi fyrir kosningarnar 1967. Þá þurfti hæstv. ríkisstj. að koma að mörgum málum, og nauðsyn bar til, að þau fengju þá afgreiðslu Alþ. þó að gildistaka þeirra kæmi ekki til fyrr en síðar meir. Ég minnist þess, að ein af þeim l., sem þá voru afgreidd, voru l. um kostnað við skóla í landinu, og það bar brýna nauðsyn til að fresta ekki lagasetningunni, en svo hefur tekizt til með framkvæmdina, að reglugerð þar að lútandi var gefin út nú fyrir einum mánuði eða svo og hluta af l. hefur verið breytt aftur í framkvæmd með nýrri lagasetningu, vegna þess að það var ekki talið fært að framkvæma l. eins og þau voru þá gerð. Hins vegar var það talið fjarri öllu lagi, þegar stjórnarandstaðan gerði tilraun til að benda á, að nauðsyn bæri til að skoða þessa löggjöf betur og geyma hana til haustþingsins, því að þá yrði betra að vinna að lausn málsins og þá gæfist tími til þess að undirbúa það betur.

Sama átti sér stað á því þingi með lagabálk eins og hafnalögin. Það þurfti líka að hraða setningu þeirrar löggjafar, en á tímabilinu, sem liðið er síðan, hafa fjármál hafnanna þó verið til verulegrar athugunar svo að segja á hverju ári, og nú hefur einn af þm. stjórnarliðsins, hv. 2. þm. Vestf., séð sig knúðan til að flytja þáltill. um endurskoðun á þessari löggjöf. Þetta sýnir eins og fleira, að mikið hefði verið hagkvæmara, ef farið hefði verið að þessum málum, þ. e. afgreiðslu þeirra, með meiri gætni og festu og Alþ. hefði gefið sér tíma til þess að fjalla um þau. Um afgreiðslu eða vinnubrögð hér á hv. Alþ., mér finnst nú kasta tólfunum — er það að segja, að það getur ekki hjá því farið, að ef svo verður fram haldið, eins og nú hefur verið, þá hlýtur Alþ. að falla í áliti í augum þjóðarinnar, ef slík vinnubrögð eru viðhöfð, að dembt er nokkrum tugum þingmála og það stórum málum inn á þingið síðustu vikurnar, sem það starfar. Ég held, að það væri skynsamlegt, þegar Alþ. tekur til starfa á nýjan leik eftir næstu kosningar, að stjórnmálaflokkarnir reyndu að koma sér saman um að breyta þessum vinnubrögðum, því að það verður að segjast eins og er, að það er mjög erfitt að ná yfir það að geta lesið það, sem fram er lagt í þingmálum nú, svo að nokkru gagni megi vera, hvað þá að það sé nokkur tími til þess að bera breytingarnar á endurskoðuðum lögum saman við gildandi lög, sem er þó hin mesta nauðsyn. Hér er um mjög alvarlegt mál að ræða, og hv. þm. er ekki sama um, hvernig þeir gangi frá löggjöf eins og t. d. tryggingalöggjöfinni. Þetta er löggjöf, sem snertir mjög mikinn hluta þjóðarinnar og m. a. það fólk í landinu, sem helzt þarf stuðnings við og þm. er ekki sama, hvernig frá því er gengið. Það er líka eftirtektarvert í sambandi við þau frv., sem er verið að fjalla um nú, að framkvæmd þeirra á að bíða til næsta árs og þá eiga að vera möguleikar á því fyrir ríkið að greiða allt það, sem greiða þarf vegna þessarar nýju lagasetningar.

Ég minnist þess í sambandi við tryggingalöggjöfina, að við fjárlagaafgreiðslu haustið 1969 vegna fjárlaga 1970 fluttum við í minni hl. fjvn. till. um það, að fjárveiting til tryggingа yrði aukin vegna ellilauna og öryrkja um 75 millj. kr., sem tryggingaráð svo ráðstafaði síðar. Það var talið, að hér væri um hróplegt ábyrgðarleysi af okkar hendi að ræða, sem að þessari till. stóðum, að ofbjóða svo greiðslugetu ríkissjóðs, að við slíkt væri ekki hægt að una og það væri undarlegt, að menn, sem væru búnir að eiga verulega setu á þingi og starfa að fjárlagaafgreiðslu, skyldu láta sér detta slíkt í hug. En þegar Alþfl. hafði fengið sína eftirminnilegu og verðskulduðu útreið í borgarstjórnarkosningunum hér í Reykjavík, þá voru nógir fjármunir til að hækka tryggingagjöldin um 20%. Að vísu var það of lítið miðað við það, sem eðlilegt hefði verið til þess, að tryggingarnar héldu kaupmætti sínum eða héldu í við kauphækkanirnar í landinu, en það sýndi sig, að þá var ekki verið að viðhafa þau raunhæfu vinnubrögð, sem áttu að vera fyrir hendi á hv. Alþ., þegar við í minni hl. fjvn. lögðum til svo sjálfsagða till., sem þá var á ferðinni.

Í sambandi við undirbúning þessa máls vil ég geta þess, að ég tek undir það með einum nm., Guðjóni Hansen tryggingafræðingi, sem hann segir um undirbúning að málinu og hvað hann hefði kosið í þeim efnum og ég tel, að þannig hefði átt að afgreiða þetta mál hér á hv. Alþ. nú, en ekki á þann hátt, að hér sé verið að gera heildarendurskoðun á tryggingalöggjöfinni, því að þannig er ekki að málinu unnið. Guðjón Hansen segir svo, með leyfi hæstv. forseta, í grg. frv. á bls. 33:

„Ég hefði kosið, að endurskoðun nefndarinnar á l. um almannatryggingar hefði verið unnin í tveimur áföngum og hefði í hinum fyrri verið fjallað um þær breytingar, sem brýnust þörf er fyrir, en í síðari áfanga betur vandað til afgreiðslu á ýmsum málum en nefndin hefur gert. Skal á það bent, að endurskoðun sú, sem lauk með setningu l. nr. 40 1963, var unnin í þremur áföngum.

Nefndin hefur engin skil gert veigamiklum málum, sem fjallað hefur verið um. Má þar í fyrsta lagi nefna breytingu á fjölskyldubótakerfinu, sbr. athugasemdir við 26. gr. frv., í öðru lagi nauðsyn breytinga á ákvæðum um gjaldskyldu og lögheimili, annaðhvort með breytingum á almannatryggingalögum eða l. um lögheimili, og í þriðja lagi hugmynd um tryggingadómstól, er með fljótvirkum hætti skapaði bótaþegum réttaröryggi. Enn fremur hefði að mínu áliti mátt vanda betur til tillögugerðar nefndarinnar, ef nefndin hefði haft rýmri tíma."

Ég tel, að hér sé um hugvekju að ræða, sem er eftirtektarverð og ekki sízt er það, þegar um þetta fjallar maður, sem hefur góð skil á málinu og hefur unnið að því. Ég held líka, að það beri brýna nauðsyn til að taka mál eins og fjölskyldubæturnar til sérstakrar athugunar. Ég hef lengi haft þá skoðun, að það væri rétt að tengja þennan þátt saman við persónufrádrátt til skatts og það væri eðlilegra að reyna að gera þessi mál einfaldari og þannig minni skriffinnsku í kringum þau en nú er gert. Eins og nú er að farið, er eins mikið í kringum framkvæmd á tryggingamálunum gagnvart fjölskyldubótunum og frekast er hægt að hugsa sér. Með því að tengja persónufrádrátt til skatts saman við tryggingabæturnar og hugsa þau mál í einni heild, væri hægt að breyta þessu að minni hyggju á hagkvæman hátt. Ég held líka, að það verði ekki hjá því komizt að taka til athugunar greiðsluhlutfall einstaklinganna miðað við það, sem það er nú, eftir að hækkun trygginganna er orðin eins ör og raun ber hér vitni um. Greiðsluhlutfallinu hefur ekki verið breytt í tryggingalöggjöfinni, en ég tel, að það sé mál, sem þurfi að taka fyrir í sambandi við raunhæfa heildarendurskoðun.

Sama er að segja um sveitarfélögin. Það er ekki hægt að halda áfram á þessari braut án þess að taka þátt þeirra í tryggingakerfinu til sérstakrar athugunar. Mér hefur borizt bréf frá stjórn og framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga um þessi atriði, og þar benda þeir m. a. á, að það sé óeðlilegt, að þegar fjallað sé um mál eins og þetta, þá skuli enginn maður vera frá Sambandi ísl. sveitarfélaga í þeirri nefnd, sem undirbýr málið. Það var ekki gert, og þeir segja í þessu bréfi, sem er frá 25. marz, svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ekki var Sambandi ísl. sveitarfélaga gefinn kostur á að eiga aðild að endurskoðun laganna eða að tilnefna fulltrúa í endurskoðunarnefndina, en sambandið hefur árum saman óskað eftir því, að höfð yrðu samráð við samtök sveitarfélaganna, þegar undirbúnar væru breytingar á almannatryggingalöggjöfinni, svo mjög sem hún snertir öll sveitarfélög landsins, þar sem þau eru stór kostnaðarþátttakandi í lífeyris- og sjúkratryggingunum."

Ég vil vekja alveg sérstaka athygli á þessu, að mér finnst það eðlilegt, að slíkum heildarsamtökum eins og samtökum sveitarfélaganna, sem eru nú orðin allsherjarsamtök fyrir sveitarfélögin í landinu og hafa unnið vel og dyggilega að þeirra málum, sé gefinn kostur á því að tilnefna mann í nefnd, sem endurskoðar þessa löggjöf, og yfirleitt eðlilegt, að þeim sé gefinn kostur á að tilnefna fulltrúa í málaflokka, er þá varða sérstaklega.

Þá vil ég benda á það, að í þessu bréfi benda þeir á það, að það sé í raun og veru ekki hægt að ætlast til þess, að sveitarfélögin greiði hærri fjárhæðir í peningum til trygginganna en þau gera nú. Þau hafa ekki fjárhagslega getu til þess, þar sem mörg sveitarfélög hafi orðið að nota allan útsvarsstigann og aðra tekjumöguleika og 20% álag þar á ofan. Þetta styður að því, að í endurskoðun á löggjöfinni í heild um almannatryggingar beri brýna nauðsyn til að taka þennan þátt sérstaklega fyrir og gefa sveitarfélögunum kost á að vera þar með. Þá vil ég í þessu sambandi vekja athygli á því, sem er í samræmi við það, sem ég sagði um vinnubrögð hæstv. ríkisstj. við afgreiðslu á þingmálum eða lagasetningu fyrir síðustu alþingiskosningar, að gildistaka þessara l. er miðuð við 1. jan. 1972. Þá verða til fjármunir að dómi núv. valdhafa til þess að standa undir þeim greiðslum, sem ríkissjóður þarf að leggja þá fram og þeir, sem eiga trygginganna að njóta, þurfa ekki á því að halda að þeirra dómi fyrr en 1. jan. 1972.

Nú er það kunnara en frá þurfi að segja, að í l. um verðstöðvun er gert ráð fyrir því, að þau gildi aðeins til 1. sept. Einn af þm. Sjálfstfl., hv. 10. þm. Reykv., taldi, að sú hugsun væri hrollvekjandi, hvað við tæki eftir 1. sept. Þrátt fyrir það er ekki talið, að það þurfi að þeim að huga, sem ekki hafi þó nema 4900 kr. tekjur á mánuði, eins og þeir hafa nú, er lifa af elli- og örorkulífeyri. Þess vegna er það í samræmi við annað, að hæstv. ríkisstj. ætlar þessu frv. að vera auglýsingaspjöld fyrir sig og sitt lið, en hins vegar á ekki að þurfa um það að hugsa fyrr en um næstu áramót, hvernig fyrir málum verði séð. Það gefur auga leið, að það verður þungt í skauti hjá þeim, sem búa við 4900 kr. tekjurnar á mánuði, þegar skriðan fer aftur af stað eftir 1. sept., en þá er ekki gert ráð fyrir neinum tekjum hjá ríkissjóði til þess að halda þeim niðurgreiðslum áfram, sem upp voru

teknar í haust. Þess vegna er þetta mál hugsað eins og verðstöðvunarmálið — sýndarmennska, sem þarf að nota fram yfir kosningarnar, en það raunhæfa á ekki að sýna sig fyrr en að þeim liðnum.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að elli- og örorkulaun eru orðin mjög fráleit hér á landi og hafa farið árversnandi, jafnvel þó að á þessu ári hafi verið gert í því að reyna að rétta þau af. Meðal þeirra atriða, sem hafa haft veruleg áhrif á afkomu þess fólks, er á elli- og örorkulaunum þarf að lifa, er sú breyting, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert á tekjustofnum þeim, er ríkissjóður sækir nú tekjur sínar til. Eins og áður hefur verið á bent, þá hefur sú breyting orðið þannig, að tekjur af söluskatti hafa hækkað nærri um 20% frá því 1960, en tollarnir hafa hins vegar lækkað um meira en þessu nemur. Og það, sem er svo eftirtektarverðast í því, er að tollalækkunin á sér fyrst og fremst stað á þeim vörum, sem þeir kaupa, sem meiri hafa fjármuni á milli handa en hinir, sem litla fjármuni hafa. Þess vegna er það svo, að þó að ellilaun hafi hækkað í krónum, þá hefur notagildi þeirra rýrnað m. a. vegna þessarar ráðstöfunar. Þá var það líka eftirtektarvert síðast í gær, þegar verið var að fjalla hér um skattamál, að þrátt fyrir það, að nokkuð hafi áunnizt í því, að frádráttur hjá þeim, sem njóta ellilauna, væri aukinn, þá var samt ekki hægt að komast það langt, að ellilaunin væru undanþegin skatti. Það hefði ekki verið óeðlilegt, þó að það hefði verið gert, og hafa, að því er ég bezt veit, mörg sveitarfélög landsins ekki leyft sér að leggja á ellilaun eða örorku. Þess vegna fannst mér, að þegar hæstv. ríkisstj. lét undan í þessu máli, þá hefði hún gjarnan mátt vera það stórstíg, að upphæðin, sem frá var dregin, væri sú sama og ellilaunin.

Um þessa breytingu, sem gerð er nú á ellilaununum og örorkubótunum, er það að segja, að hér er um 1000 kr. að ræða eða tæplega það á mánuði. Það hefði verið mikill munur, ef þessi laun hefðu verið tengd almennu kaupgjaldi og kaupgjaldsvísitölu í landinu, þannig að þau hefðu breytzt sjálfkrafa, um leið og kaupgjaldsvísitalan hefði breytzt. En þessu er nú ekki til að dreifa, heldur er nú aðeins farið inn á þá leið, að ef kaupgjald hækkar í fiskvinnu, þá getur tryggingaráð samþykkt að hækka ellilaunin og örorkubæturnar, en það tekur þó ekki gildi fyrr en að 6 mánuðum liðnum frá því, að þessi kauphækkun átti sér stað. Hér er lítið að gert af hálfu hæstv. ríkisstj., að þeir launþegar, sem minnsta hafa möguleikana, eiga að vera 6 mánuði á eftir hinum með bætur á sínum launakjörum, ef tryggingaráð þá samþykkir það.

Annað atriði er svo í þessu frv., sem er að minni hyggju fráleitt. Eitt af því, sem hefur verið talað um í sambandi við tryggingalöggjöfina, er það, að hún bæri ekki svip þess að vera skyld framfærslu- eða fátækrastyrk, eins og hann var áður þekktur. M. a. hefur af þeim sökum ekki verið talið fært að haga fjölskyldubótunum þannig, að tekið væri tillit til tekna. Ég hef litið svo á, að það skipti menn með eitt barn á framfæri og góðar tekjur hverfandi litlu máli, hvort þeir hefðu þessa aura eða ekki, þó að ég hins vegar viti, að þetta getur haft áhrif — ekki sízt fyrir unga fólkið, sem er með sitt fyrsta barn, því að það er oft allt önnur aðstaða hjá því en hjá hinum, sem eru með síðasta barn sitt, en ástæðan til þess, að það hefur ekki verið talið fært að miða þarna neitt við tekjur, er sú, að það hefur þá verið talið bera keim af einhvers konar framfærslu- eða sveitarstyrk.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að lágmark ellilífeyris samkv. 11. gr. verði 70 560 kr., en þó skuli enginn hafa lægri tekjur en 84 þús. kr., sbr. 19. gr., ef hlutaðeigandi aðili hefur ekki meiri tekjur en ellilaununum nemur, þá á að bæta það upp í 84 þús. kr. Nú er það um þessa hækkun að segja, að í fyrsta lagi vil ég segja það, að mér finnst það réttmætt, að ellilaun þeirra og örorkubætur, sem ekki hafa aðrar tekjur, séu hærri en hinna, sem t. d. hafa veruleg eftirlaun úr lífeyrissjóðum eða tekjur af eignum, þannig að þeir hafi verulegar tekjur. Og mér finnst, að sú stefna sé rétt, a. m. k. meðan ekki er talið, að hægt sé að hafa ellilaunin með þeim hætti, að þau séu a. m. k. lágmarkslaun. En ég tel í því sambandi, að ef viðkomandi aðili hefur ekki aðrar tekjur, þá verði að miða ellilaunin og örorkulaunin við lágmarkstekjur til að lifa af. Og það lifir enginn einstaklingur á 84 þús. kr. Það er gersamlega útilokað. Fólk, sem dvelur á dvalarheimilum aldraðra og greiðir þau gjöld, sem nú eru ákveðin, greiðir 126 þús. kr. á ári. Þetta er þó miðað við það, að fólkið búi saman, tvennt eða þrennt í herbergi. Ef þetta eru hins vegar eins manns herbergi, er um meiri fjárhæð að ræða. Þess vegna er útilokað, að þetta fólk geti með þessum ellilaunum komizt nema í 2/3 af því, sem það þarf að greiða með sér. Þá er eftir að sjá fyrir meðalakostnaði, fatnaði og ýmsum smáhlutum öðrum, sem hverjum einstaklingi eru nauðsynlegir. Þess vegna finnst mér, að þessi hækkun sé svo hverfandi lítil fyrir þá, sem hafa eftirlaunin og enga aðra möguleika, að það sé næstum furðulegt, að fyrst farið var inn á þetta atriði á annað borð, þá skuli þetta vera eins raunalega lágt og hér er lagt til.

En annað atriði er þó í þessu, sem verkar enn þá verr á mig, og það er það, að þetta er sett upp eins og sveitarframfærsla. Af hækkunum, þessum 14 þús. kr., sem þarna á að bæta við, eru 60% greidd af tryggingunum, en hinn hlutinn af sveitarstjórnunum, og það segir svo í 19. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Tryggingastofnunin ákveður uppbót samkv. gr. þessari að fengnum till. sveitarstjórnar, og greiðist hún að 3/5 af Tryggingastofnuninni, en að 2/5 af sveitarsjóði.“

Hér er algerlega verið að setja þetta upp sem fátækraframfærslukerfi. Það er verið að styðja það fólk, sem ekki hefur möguleika á öðrum tekjum með þeim hætti, að það er alveg fátækraframfærslusnið á því. Og það verkar þannig á mig, að ég get ekki sætt mig við, að það sé réttmætt, að á sama tíma greiði Tryggingastofnunin manni eins og mér,

sem á eitt barn innan við 16 ára aldur, 8 þús. kr. vegna þessa barns, en að svo verði að fara í sveitarsjóðinn, ef á að greiða fólki, sem ekki hefur neina aðra tekjumöguleika til að framfleyta sér en ellilaunin. Ég hef ekki tilfinningu né smekk fyrir svona afgreiðslu. Ég uni því ekki, að þannig sé að þeirri kynslóð búið, er nú nýtur ellilauna og meira hefur lagt fram til að skapa nútímaþjóðfélag en nokkur önnur kynslóð áður fyrr. Kynslóð þessi hefur haft metnað til að fara leiðina frá fátækt til bjargálna. Ég uni því ekki, að hún eigi að fara á fátækraframfærslu í ellinni. Hv. Alþ. á ekki að samþykkja það, þó að hæstv. ríkisstj. hafi hugsað sér það. Hér er mikill galli á, og ég harma það mjög, að þetta skuli vera þannig í þessari endurskoðun.

Þó segja Alþfl.-menn, að nú sé brotið blað í tryggingamálunum. Ég verð nú að segja það, að ég átta mig ekki á því, hvaða undur eða stórmerki gerast með þessari endurskoðun annað en þetta, enda er það ljóst, að til hennar hefur ekki verið gefinn sá tími, sem nauðsyn bar til, að þyrfti í svo veigamikla löggjöf sem þessi er, eins og fram kemur í því, sem ég las hér upp áðan. En ég verð að endurtaka það, að ég harma þessa grein, eins og hún er hér upp sett, og mér finnst, að það væri nær að hverfa einmitt að því að fjarlægjast þetta mark, sem var áður í eldri löggjöfinni um það, að þegar um sjúklinga, sem dvöldu á heilsuhæli eða dvalarheimili, er að ræða, þá mætti tvöfalda ellilífeyrinn með þeim hætti, að sveitarfélögin veiti 40%, en ef á að fara inn á þetta vegna þess, að tekjur eru ekki meiri en til þess að bæta upp lágmarkstekjur, þá er þetta orðin alger framfærsla, og það hefði verið nær, að breyta hinu en bæta þessu við. Ég hlýt að spyrja í sambandi við það, að lögin eiga ekki að taka gildi fyrr en 1. jan. 1972: Hver verður kaupmáttur ellilaunanna þá? Ef t. d. það sama gerist haustið 1971 og gerðist haustið 1967 eftir kosningarnar með gengisbreytingunni og með því að hætta að greiða niður allt. Hv. þm. muna, hvað þá gerðist. Ef núv. valdhafar héldu völdunum áfram, þá eru allar líkur til, að það yrði eitthvað í svipuðum dúr, því að það sjást engin merki til þess, að það sé nein breyting á. Hver yrði þá kaupmáttur ellilaunanna? Mundi þá 1000 kr. hækkunin á mánuði nægja til þess að halda í við það, sem nú er. Ég er ekki alveg viss um það, þó að ég geti ekki fullyrt um það. Mér er þó nær að halda, að hækkun ellilaunanna muni ekki gera betur en að mæta þeirri hækkunarskriðu.

Í sambandi við það ákvæði frv. að hækka barnalífeyrinn um 40% þá tel ég það mjög til bóta, og með kaflanum um ekkjubætur er að minni hyggju stefnt mjög í rétta átt. Það, sem mér finnst hins vegar skorta á í þessu tilfelli, er, að einstæðir feður og einstæðar mæður skuli ekki sitja við sama borð, og það, að einstæðir feður séu álitnir hafa betri aðstöðu til þess að koma börnum sínum áfram en einstæðar mæður er fráleitt. Í því sambandi langar mig til þess að geta þess, að eitt sinn í haust, er ég var að fara á milli Reykjavíkur og Borgarness og hafði útvarpið í bílnum mínum opið og hlustaði á það með öðru eyranu og vel það, þá var þar þáttur, sem heitir A, B, C, og þar voru þessi atriði tekin til meðferðar. Þar var verið að ræða um það, af hverju hlutur karlmannsins væri gerður miklu verri en hlutur konunnar, ef einstæður væri. Niðurstaða þeirra, sem tóku þátt í þessum þætti, var sú, að þetta byggðist á því, að konan væri álitin það mikið minna virði en karlmaðurinn, að það væri ekki talin ástæða til að styðja þá sem einstæðinga í þessu tilfelli eins og kvenmanninn. Það munaði miklu minna um það, þó að konan félli frá. Ég vil ekki taka þátt í því að undirstrika, að þetta viðhorf sé til hjá hv. alþm. Ég tel, að þessara launa eigi einstæðir feður og einstæðar mæður að njóta jafnt, að karlar og konur eigi að sitja við sama borð, hvað foreldralaununum viðvíkur. Það er ekki eðlilegt að mismuna eins og hér er gert, þ. e. að það eigi að greiða konunni mæðralaun, en karlmaðurinn, sem er einstæður, nýtur þar engrar greiðslu vegna barns síns. Ég átta mig ekki á því og vildi gjarnan fá skýringu á því, hvers vegna mönnum dettur í hug, að þetta geti verið svona. Ég hef ekki fundið nein rök fyrir því og ekki heyrt þau heldur og vildi gjarnan heyra það, ef til eru einhver rök fyrir því, á hverju slík ákvörðun er byggð. Mér finnst hún mjög fráleit og eigi ekki að hljóta lagagildi.

Eitt atriði til viðbótar í þessu frv., sem ég vildi drepa á, er, að fjölskyldubætur með barni nái upp að 17 ára aldri, og svo hitt, að tryggingagjöld — þegar barnið greiðir til almannatrygginga — taki ekki gildi, fyrr en það er orðið 17 ára í staðinn fyrir 16 ára aldur áður. Nú er það svo, að fyrir unglinga í námi, sem flestir unglingar eru í á þessum aldri, þá er þetta veruleg fjárhæð, sem þau þurfa þarna að greiða, og ég hefði nú talið eðlilegra, að þetta væri fært til 18 ára aldurs, þó að þetta sé hins vegar spor í rétta átt. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að sjúkrasamlagsgjaldið greiði börn við 16 ára aldur. Ég hefði talið eðlilegt, að þetta hefði fylgzt að, en ekki væri verið að mismuna, eins og hér er lagt til.

Einn kafli í frv., sem fjallaði um sjúkrasamlögin og skipun þeirra í framtíðinni, hefur nú tekið breytingu í hv. Ed. og kemur þess vegna ekki til framkvæmda strax. Um þennan þátt vil ég segja það, að ég held, að það sé rétt að athuga þetta mál gaumgæfilega. Sum hin minni samlög eru það veigalítil, að þau þola ekki það álag, sem einn eða fleiri sjúklingar gætu á þau lagt, og það gæti riðið fjárhag þeirra að fullu. Þegar þannig er komið eins og nú, að rúm á spítala eins og Landsspítalanum kostar yfir árið rúma milljón, þarf nokkuð til að standa undir greiðslum í sambandi við sjúklinga, sem dvelja þar um nokkurn tíma. Auk þess tel ég, að héraðssamlögin og hreppasamlögin hafi ekki fallið eðlilega saman, svo að starfsemi þessara tveggja samlaga muni ekki eiga sér framtíð. Ég held, að það sé ljóst, að það þarf að gera breytingu þar á. Hins vegar er það svo með þessa breytingu sem aðrar, að það getur orkað tvímælis, hvernig hana á að gera. Í frv. var lagt til, að sýslufélögin

yrðu þær einingar, sem á væri byggt. Nú er það um þau að segja, að hlutverk þeirra áður fyrr og hlutverk þeirra nú er orðið verulega ólíkt, og að mörgu leyti lít ég svo á, að hlutverk sýslufélaganna eða þáttur þeirra í starfsemi héraðanna sé orðinn margfalt minni en hann var og fari minnkandi og sjúkrasamlög, sem væru tengd sýslufélögunum, falli alls ekki saman við það, sem hentar bezt í sambandi við sjúkrasamlögin.

Ég tel, að breytingin, sem ætti að gera á þessu, sé langeðlilegust þannig, að sjúkrasamlögin séu bundin við læknishéruðin. T. d. ef ég tek það svæði, sem ég þekki bezt til, þ. e. Vesturlandskjördæmi, þá getur þetta farið saman eins og í Dalasýslu. Dalasýsla er eitt læknishérað, og aðsetur sjúkrasamlagsins mundi verða í Búðardal, ef það væri eitt í sýslunni eða eitt í læknishéraðinu. Þar fer þetta nákvæmlega saman. Það mundi verða með aðsetur í Búðardal og það næði yfir alla sýsluna hvor leiðin, sem farin væri. Sé hins vegar litið á Snæfellsnessýslu, þá er hún þrjú læknishéruð eða hluti úr þremur, tvö heil og hluti úr því þriðja. Þar yrði aðsetrið í Stykkishólmi, og það hentaði fyrir Stykkishólmslæknishérað. Aftur hentaði miklu betur fyrir Ólafsvíkurlæknishérað, að það væri sjálfstæð eining sem sjúkrasamlag, og í þriðja lagi eru svo tveir syðstu hreppar Snæfellsnessýslu í Borgarneslæknishéraði. Það færi mjög illa á því, að sækja yrði viðskipti vegna sjúkrasamlags alla leið vestur í Stykkishólm eins og yrði, ef að yrði farið, eins og hér var lagt til, að sýslurnar yrðu eitt læknishérað. Um Mýra- og Borgarfjarðarsýslur er svo það að segja, að Borgarnes er læknishérað fyrir hluta af Mýrasýslu ásamt hluta af Snæfellsnessýslu, en Kleppjárnsreykir eru aftur fyrir hluta af Mýrasýslu og hluta af Borgarfjarðarsýslu.

Nú geri ég ráð fyrir því, að með hinni nýju læknamiðstöð, sem á að fara að byggja í Borgarnesi, verði aðsetur Borgarneslæknishéraðs í Borgarnesi. Kleppjárnsreykir eru aftur aðsetur læknishéraðs fyrir sveitirnar innan Skarðsheiðar. Sveitirnar sunnan heiðar tilheyra Borgarfjarðarsýslu og mundu verða með, ef héraðssamlagið næði yfir Borgarfjarðarsýslu. Þær eru í læknishéraði með Akranesi, og það væri til óþæginda fyrir þær sveitir að sækja sín viðskipti til Borgarness í þessu tilfelli, þar sem Akranes hentar þeim miklu betur, því að þær eiga sín verzlunarviðskipti við Akranes. Það er þess vegna miklu hentugra, að einmitt viðskiptasvæðin fari saman við læknishéruðin og þau séu grundvöllurinn að þeim breytingum, sem síðar kynnu að verða gerðar á sjúkrasamlögunum. Enn fremur held ég, að með þeirri skipan mála mundi það styrkja þá framkvæmd, sem nú er stefnt að, þ. e. að byggja upp læknamiðstöð fyrir stærri svæði. Þá færi einmitt bezt á því, að sjúkrasamlögin kæmu þar með, því að með þeim hætti væri líka hægt að hagnýta þessa samstöðu til þess að gera þeim léttara í sambandi við ferðalög og fleira, sem langt eiga að sækja.

Ég vildi því mjög beina því til þeirra manna, sem um þessi mál fjalla, að taka þetta til athugunar, því að hér er um mál að ræða, sem er ekki sama, hvernig með er farið, og það er mjög fráleitt að minni hyggju, þegar á að fara að breyta um og að nokkru leyti er um nýjung að ræða, ef það á að byggjast á úreltri skipan, sem að nokkru leyti a. m. k. hefur gengið sér til húðar og hentar alls ekki í þessum tilfellum, eins og ég hef þegar sýnt fram á, því að það er ekki eðlilegt, að sýslufundur t. d. Mýrasýslu sé að kjósa í sjúkrasamlagsstjórn fyrir hluta af Snæfellsnessýslu; það er ekki eðlilegt. Og þess vegna finnst mér, að það eigi að taka þetta mjög til athugunar.

Ég skal nú, herra forseti, fara að ljúka máli mínu. Hér er um mikið og merkilegt mál að ræða, sem er almennur vilji þm., að sem bezt takist til um löggjöf og framkvæmd á, og ég endurtek það, sem ég sagði hér í upphafi, að miklu hyggilegra hefði verið að gefa sér lengri tíma til þess að halda áfram við hluta af endurskoðuninni á löggjöfinni, en taka aðeins það nú, sem brýna nauðsyn bar til eins og elli- og örorkulífeyrinn, mæðralaunin og slíkt, til meðferðar á þessu þingi, og láta aðra þætti vera í áframhaldandi endurskoðun. Það leynir sér ekki, að ástæðan til þess, að þetta mál er nú keyrt áfram, er einn þáttur í sýndarmennsku hæstv. ríkisstj., og viðleitni hennar til að auglýsa upp ágæti sitt, jafnvel þó að það sé ekki nema í sýndarformi á þessu stigi. Það, sem mestu máli skiptir þó, er það, að áfram verði haldið því verki að endurskoða þessa löggjöf og sníða af henni þá agnúa, sem á henni eru og gera hana heilsteyptari og sterkari til að þjóna þeim tilgangi, sem henni er ætlað að þjóna.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég á nú sæti í þeirri n., sem þetta mál mun koma til á eftir þessari umræðu, en þau vinnubrögð voru höfð á, meðan málið var til umræðu í Ed., að n. beggja d. voru kallaðar saman til þess að athuga þetta frv., og fengum við til okkar suma af þeim mönnum, sem voru við að semja frv. og enn fremur forstjóra Tryggingastofnunarinnar. Við ræddum ýmsar greinar þess, sem við óskuðum eftir að breyta, en ég sé það eftir afgreiðslu Ed. á frv., að tiltölulega lítið hefur verið tekið inn af þeim brtt., sem við vorum að fjalla um eða óskuðum eftir og bentum á, að nauðsynlegt væri að koma inn í þessa löggjöf.

Það var dálítið rætt um það, að þessi lög, ef þau verða samþykkt hér, eiga ekki að taka gildi fyrr en 1. jan. 1972. Og eins og óvissan nú er í efnahagsmálum, þá skildum við ekki margir af okkur, hvaða tilgangi það þjónaði að hespa þetta af, því að svo getur farið, að í raun og veru verði allar þær tölur, sem hér eru settar inn, orðnar úreltar, löngu áður en lögin eiga að taka gildi. Ég sé ekki annað en þetta sé í raun og veru ekkert annað en kosningaföt — blátt áfram ekkert annað. Ég sé engan tilgang nema þá til að breyta þessu, sem hefði verið eðlilegt miðað við það, að opinberir starfsmenn hafa fengið t. d. stórhækkuð sín laun og við höfum sjálfir hér á hv. Alþ. samþykkt launahækkanir til alþm., og augljóst

er, að vegna þessa fólks, sem er lægst launað af öllum, hefði ekki síður verið þörf á því að láta þessa löggjöf taka gildi fyrr en ætlazt er til með þessu frv. Ég verð nú að vænta þess, að hæstv. ríkisstj. taki það til athugunar, að ef það er ætlunin að knýja þetta fram, þá ætti fyrst og fremst að láta lögin taka gildi ekki seinna en á miðju ári. Þá skil ég tilganginn, en annars skil ég hann ekki.

Eins og hv. síðasti ræðumaður sagði hér áðan, þá vitum við ekkert, hvað tekur við 1. sept.; það veit enginn. Og ég held, að það væri einmitt mál, sem við þyrftum að hugleiða í sambandi við þessa afgreiðslu. Svo er annað, sem hann kom líka inn á, að þessar greiðslur til öryrkja og hinna öldruðu eru ekki bundnar vísitölu, eins og annað kaupgjald er á venjulegum tíma. Það er náttúrlega ekkert kaupgjald nú á verðstöðvunartímanum, en ef þessu tímabili lýkur 1. sept. og allt fer í gang, fær þetta fólk ekki neina hækkun — ekki fyrr en í fyrsta lagi 6 mánuðum eftir, að slíkar hækkanir koma fram.

Eitt atriðið, sem komið var dálítið inn á, þegar n. fóru yfir frv., var einmitt það ákvæði, sem hv. síðasti ræðumaður kom inn á, þ. e. að sveitarfélögin tækju 40% á sig af þeirri hækkun, sem á að verða á ellilaununum, þ. e. þegar þeir, sem ellilaunin fá, hafa ekki neinar aðrar tekjur. Við töldum, að þetta væri óeðlileg afgreiðsla, og ég hef orðið var við það í sveitum, þar sem ég þekki bezt til, að fólk, sem hefur litlar tekjur og er í fullri þörf fyrir að fá meira en ellilífeyrinn, sækir ekki um hækkun, vegna þess að það lítur á þessa hækkun sem framfærslu. Ég gæti trúað því, að það yrði þannig með marga, a. m. k. í sveitum landsins, að þeim mundi ekki þykja þetta fyrirkomulag gott af þessari ástæðu, enda er það eðlilegast, ef á að tryggja fólki lágmarkstekjur, sem ég tel sjálfsagt, og þær eiga að vera hærri en þetta er, að það komi frá Tryggingastofnuninni á einhvern hátt, en ekki frá sveitarfélögunum.

Ég kom hér í umr. á Alþ. fyrir skömmu inn á þetta einkennilega ákvæði, sem er í l., um það, að ekklar fái ekki barnalífeyri með sínum börnum öðruvísi en að sækja sérstaklega um það, og þetta, sem segir í 16. gr. í l., með leyfi forseta:

„Tryggingaráð getur ákveðið, að greiða skuli með börnum ekkils allt að fullum barnalífeyri, ef fráfall eiginkonu veldur tilfinnanlegri röskun á afkomu hans.“ Það fer náttúrlega ekki á milli mála, hvað hér er átt við, að það þurfi svo sem ekki að vera svo tilfinnanleg röskun á afkomu, þótt eiginkonan falli frá. Að vísu er í þessu frv. tekinn upp fullur barnalífeyrir til ekkla, eins og ekkjur fá, en þeir fá engin ekklalaun sambærileg við mæðralaun. Ég sé ekki, að það sé í raun og veru nokkur munur þarna á. Ég þekki t. d. mann, sem missti konu fyrir nokkrum árum og er með þrjú börn, og annan, sem er með fjögur börn, og ég sé ekki, að hann sé neitt betur settur en þær ekkjur, sem ég þekki. En eins og þetta frv. er, þá fær kona, sem er með þrjú börn eða fleiri, 67 200 kr. og í raun og veru er ekki hægt að fá annað út úr þessu en það, að löggjafinn eða a. m. k. þeir, sem þetta frv. semja og standa að, meti það enn svo, að það þurfi ekki að vera svo tilfinnanleg röskun á afkomunni, þó að eiginkonan falli frá. Ég kann ekki við þetta ákvæði, og við munum reyna allt, sem við getum til að breyta þessu, þannig að ekklar fái sömu greiðslur og ekkjur fá með börnum sínum.

Það er óþarfi að vísu fyrir mig að vera að lengja þessar umr., þar sem þetta frv. kemur í þá n., eins og ég sagði áðan, sem ég á sæti í, en þó ætla ég að taka hér örfá atriði.

Það var held ég í fyrra á þ., að ég og félagar mínir komu fram með frv. um breyt. á þessum l. um það, að það yrði greiddur ferðakostnaður sjúklinga og barnshafandi kvenna úr þeim héruðum, þar sem ekki er læknir eða sjúkrahús. Þetta var rætt í n., og ég gat ekki fundið annað en allir hv. nm. hefðu skilning á þessum vanda, sem þarna er við að glíma, og á því óréttlæti, sem þeir verða fyrir, sem hafa ekki lækni eða sjúkrahúsaðstöðu í sínum héruðum, en ég sé það þó, að meiri hl. n. í hv. Ed. hefur ekki treyst sér til að taka upp þessa breyt. Það harma ég og raunar skil ekki, hvernig á því stendur, vegna þess að hér getur ekki verið um svo tilfinnanlegar fjárhæðir að tefla, heldur að leiðrétta þarna aðstöðumun, sem er sýnilegt, að er fyrir hendi, og kemur illa við nokkra einstaklinga í þessum héruðum.

Annað atriði var það, sem var nokkuð rætt um, og það var, að tekið yrði upp, að tryggingarnar borguðu einhvern hluta af tannviðgerðum. Það er nú komið fram frv. um það í hv. Ed., flutt af hv. þm. Einari Ágústssyni. Þetta var líka rætt í n., og í raun og veru fannst mér það, að nm. hefðu skilning á þessu, en þó er það svo, að ég sé það, að meiri hl. í hv. n. í Ed. hefur ekki séð sér fært að taka þetta ákvæði upp í l., og harma ég það.

Ég hef aldrei kunnað eiginlega við það í þessum l., að það er talað um í þessu tilfelli styrki og bætur. Í augum ýmissa er þetta kannske ekki stórvægilegt atriði, en þetta hefur þó þann blæ, að þetta sé nokkurs konar framfærsla eða ölmusa, og ég held, að það sé ekki meining löggjafans, og það ætti að breyta þessu. Út í það er óþarfi að fara frekar, en ég held, að þessu ætti að breyta.

Ég vil svo endurtaka það, að ég sé ekki, að það þjóni neinum tilgangi að lögfesta þetta frv., nema það eigi að taka gildi í síðasta lagi á miðju þessu ári, annars gæti þessi afgreiðsla í raun og veru orðið til einskis, þar sem það þarf, ef allt efnahagslífið fer úr böndum, að breyta þessum tölum á þ., sem yrði háð næsta haust.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Þegar þetta frv. kom fram nú fyrir nokkrum dögum, þá sagði Alþýðublaðið í mikilli fyrirsögn á forsíðu, að frv. markaði tímamót. Nú er það svo að mínum dómi og sennilega margra annarra, að hér sé um nokkuð stórt orð að ræða, þegar talað er um, að eitthvert mál marki tímamót, og ég hygg, að í þessu tilfelli hefði verið heppilegra að nota mildara orðalag en þarna var notað, því að því fer áreiðanlega fjarri, að

þetta frv. marki einhver tímamót. Ef svo hefði verið, hefði frv. þurft að geyma veruleg nýmæli, en ég held, að nýmælin í þessu frv. séu sárafá. A. m. k. er alveg víst, að það eru engar grundvallarbreytingar á almannatryggingakerfinu í þessu frv., þannig að það má augljóst vera, að það er nauðsyn að endurskoða fljótlega almannatryggingalöggjöfina, jafnvel þó að þetta frv. nái samþykki og verði að lögum.

Ég get ekki stillt mig um að minna í þessu sambandi á ummæli Alþýðumannsins á Akureyri, sem er málgagn Alþýðuflokksins á Akureyri og eitt aðalmálgagn Alþýðuflokksins. Þessi ummæli Alþýðumannsins stinga nokkuð í stúf við risafyrirsögnina í Alþýðublaðinu um, að þarna sé um tímamótaverk að ræða, því að Alþýðumaðurinn segir í leiðara nú fyrir nokkrum dögum: Auðvitað er frv. engin langtímalausn. Ég held, að það sé nokkuð athyglisvert að bera saman þessi tvenns konar ummæli, Alþýðublaðsins annars vegar og Alþýðumannsins hins vegar, og ekki efast ég um, að ummæli Alþýðumannsins séu réttari, enda eru þau viðhöfð nokkrum dögum eftir að frv. var komið fram, eftir að hv. þm. og þ. á m. stjórnarþm., sem standa að Alþýðumanninum á Akureyri, hafa haft aðstöðu til þess að skoða frv. og komast að raun um það, að þarna er alls ekki um neitt tímamótaverk að ræða.

Ég get ekki stillt mig um að minnast á það í þessu sambandi, hvert er eitt höfuðmarkmið almannatrygginga. Tvímælalaust er höfuðmarkmið almannatryggingana að koma á jöfnuði í kjörum manna í þjóðfélaginu. Tilgangurinn er sá að koma á réttlátri tekjuskiptingu og kjarajöfnuði meðal þjóðarinnar, en því miður stenzt þetta frv. ekki slíkar kröfur. Höfundar frv. fara yfirleitt troðnar slóðir, gamlar slóðir, og loka augunum fyrir ýmsum nýjum viðhorfum í sambandi við tryggingamál og nýjum vandamálum, sem menn hafa komið auga á, og sérstaklega finnst mér áberandi, hvað það er augljóst mál, að höfundar þessa frv. hafa lokað augunum fyrir ýmsu því, sem varðar hagsmuni gamals fólks, hinna öldruðu í landinu. Mér virðist, að hagsmunir aldraða fólksins séu metnir á mjög einsýnan hátt og einhliða í þessu frv. Það verður yfirleitt ekki séð, að vandamál aldraðra hafi verið skoðuð, því að tillitið til þeirra er hið sama og lengi hefur viðgengizt. Það er engin tilraun gerð til þess að sjá vandamál aldraða fólksins í nýju ljósi. Höfundar frv. virðast ekki hafa gert sér grein fyrir þeirri staðreynd, ég vil segja þeirri þjóðfélagslegu staðreynd, að ný tegund tekjumismunar upphefst í ellinni. Það má með nokkrum sanni segja, að það sé að myndast eins konar stéttaskipting í ellinni. Annars vegar eru þeir, sem tryggt hafa sér lífeyri úr sérstökum lífeyrissjóðum til viðbótar ellilífeyri almannatryggingana, sem allir fá, og svo hins vegar þeir, sem verða að láta sér nægja hinn almenna ellilífeyri. Það má með sanni segja, að þarna sé um eins konar stéttaskiptingu að ræða, án þess að ég ætli nokkuð að ofnota þetta orð — stéttaskiptingu, sem í rauninni er kannske ekki ástæða til að gera of mikið úr að öðru leyti.

En nú munu e. t. v. ýmsir segja, að þetta sé ekki vandamál, a. m. k. sé þarna ekki um að ræða neitt ranglætismál, því að þeir, sem séu í lífeyrissjóði, séu hinir forsjálu menn, þeir hafi skapað sér aðstöðu með forsjálni sinni í samtökum sínum og auk þess hafi þeir greitt hluta af launum sínum í lífeyrissjóðinn. Þetta er út af fyrir sig rétt á margan hátt, en þó er þetta mjög hæpin kenning, ef nánar er skoðað. Sannleikurinn er sá, að það er eins mikið tilviljun og heppni eins og fyrirhyggja, sem ræður því, hvaða störf menn gera að ævistarfi eða í hvaða starfsstétt þjóðfélagsins menn lenda. Ég held, að það sé hvorki neinn mannamunur eða manndómsmunur, sem ræður því, oft og einatt. En hitt er augljóst, að það blasir við sem þjóðfélagslegt vandamál, að tekjumismunun á ellidögum á sér stað, og það er úr þessu, sem þarf að bæta, og það er um þetta, sem við þurfum að ræða; það er þetta mál, sem við þurfum að athuga. Það þarf að líta á þetta sem sérstakt vandamál og finna leið til lausnar á því. Ég held, að tryggingalöggjöfin sé kjörinn vettvangur að þessu leyti til þess að bæta úr þessu, og úr þessu á að bæta með tryggingalöggjöfinni eða í gegnum hana. Það er a. m. k. lágmarkið, að einhver viðleitni sé sýnd til þess að draga úr þessum mun.

Þess vegna hefði ég talið eins og margir, sem hér hafa talað á undan mér, að það hefði þurft að gera alveg sérstakar breyt. á 11. og á 19. gr. frv., en 19. gr. er efnislega eins og gamla 21. gr. í núverandi lögum. 11. gr. þessa frv. fjallar um ellilífeyri, og hverjir eiga rétt til ellilífeyris. Ég sé ekki, að um neina grundvallarstefnubreytingu sé að ræða í þessari gr. Enn sem fyrr er miðað alfarið og algjörlega við aldur einstaklinga án þess að taka tillit til aðstæðna bótaþega. Enn er byggt á því gamla, þ. e. að líta á bótagreiðslur til aldraðra sem einstaklingslífeyri — raunar í öllum tilfellum. Það er að vísu talað um hjónalífeyri. En hvað er hjónalífeyrir? Hann er í raun og veru einstaklingslífeyrir tveggja persóna lagður saman og skertur um 10%. Það sést bezt á því, að ellilífeyririnn er í öllum tilvikum einstaklingslífeyrir, að hjón fá ekki hinn svokallaða hjónalífeyri fyrr en bæði hafa náð 67 ára aldri. Hann er bundinn við það, að bæði séu orðin 67 ára. En þessi regla, einmitt þessi regla, felur í sér vandamál miðað við okkar þjóðfélagshætti. Það vandamál stendur í sambandi við það fyrst og fremst, þegar hjón eru á misjöfnum aldri — þegar miseldri er með hjónum, og þá alveg sérstaklega, þegar þannig stendur á, að fyrirvinnan, sem yfirleitt er eiginmaðurinn hér í okkar þjóðfélagi enn sem komið er a. m. k., er talsvert miklu eldri og e. t. v. þrotinn að kröftum. Í þessu tilfelli er það oft þannig, að einu heimilistekjurnar eru einstaklingslífeyrir eiginmannsins. Hjónin fá ekki hjónalífeyri, af því að konan er ekki orðin 67 ára. Ég tel, að úr þessu misrétti eigi að bæta og það megi úr þessu bæta á mjög einfaldan hátt einfaldlega með því að

greiða hjónunum fullan hjónalífeyri í þessu tilviki, þegar svona stendur á. Ég vildi í þessu sambandi minna á, að við, hv. þm. Jón Skaftason og ég, höfum flutt hér frv. til l. um kjarabætur aldraðra og þar er einmitt að finna ákvæði í þessa átt. Og ég vil einnig minna á, að meðal brtt., sem fram komu hjá minni hl. í Ed., er tillaga, sem gengur í þessa átt. Þessu vil ég leyfa mér að beina til hv. heilbr.- og félmn., sem kemur til með að athuga þetta mál, og vildi ég mælast til þess, að hv. n. tæki þetta atriði til sérstakrar athugunar — alveg sérstaklega.

Þá vil ég leyfa mér að minnast á 19. gr., sem að vísu er búið að ræða svo mikið hér áður, að það kann að verða endurtekning á því, sem ég hef að segja um það. En 19. gr. eins og 21. gr. gildandi l. fjallar um uppbætur á elli- og örorkulífeyri. Nú vil ég alls ekki neita því, að það sé gert ráð fyrir breyt. til bóta í þessari gr., eins og hún er nú. Það eru vissar endurbætur gerðar, en þessar endurbætur ná allt of skammt, og mér finnst, að höfuðgalli gr. sé eftir, og það er sá andi, sem svífur þar yfir vötnum. Þetta er sú gr. tryggingalöggjafarinnar, þar sem finna má hvað gleggst tengslin við ómannúðlega fortíð. Það er enn þá gert ráð fyrir þessu ráðslagi og þessu reiptogi á milli Tryggingastofnunarinnar og sveitarfélaganna um framkvæmd ákvæða gr. Það á enn þá að viðhalda skriffinnskunni í þessu máli og því ástandi, sem leiðir hreinlega til niðurlægingar fyrir það gamla fólk, sem neyðist til að leita kjarabóta eftir þessari leið, og tek ég undir það, sem aðrir hafa sagt um þetta atriði. Ég tel, að það hefði átt að gerbreyta þessari gr. — ekki sízt með tilliti til þess að leggja niður allt þetta ráðstefnuhald og allan reipdrátt milli Tryggingastofnunarinnar og sveitarfélaganna um umsóknir bótaþega um uppbætur á lífeyri og hreinlega hætta skiptingunni á milli ríkis og sveitarfélaga. Að sjálfsögðu á að setja um þetta skýrar reglur. Það á að setja um þetta skýrar og almennar reglur og fela Tryggingastofnuninni einni framkvæmd þeirra. Ég býst ekki við, að við, sem höfum mælt hér gegn 19. gr., eins og hún er nú, höfum neina löngun til að rýra vald sveitarstjórna; það er síður en svo. Ekki hef ég neina löngun til þess. En í þessu tilfelli tel ég það réttlætismál og raunar einnig hagkvæmnismál að létta þarna skyldukvöð af sveitarstjórnunum og setja nýjar reglur, sem miða að því að fella niður þessa skiptingu. Og ég vil eins og aðrir, sem hér hafa talað og gert þetta að umræðuefni, alveg sérstaklega beina þessu til hv. heilbr.- og félmn.

Herra forseti. Ég sagði hér í upphafi máls míns, að frv. væri í mörgu áfátt, og ég minnti á orð Alþýðumannsins á Akureyri, sem sagði réttilega, að þetta frv. væri ekki langtímalausn. Það er greinilegt, að það þarf að gera á þessu frv. margvíslegar breytingar, ef það á að vera viðunandi. Og það er hugsanlegt, að þn. geti breytt þessu frv. til bóta, enda er það vissulega hægt. Það er hægt að bæta úr ýmsum annmörkum frv., án þess að það hafi nein stóraukin útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð, því að útgjöld ríkissjóðs samkv. þessu frv. eru ekki ákaflega mikil. Heildarútgjaldahækkunin samkv. frv. er 500 millj. kr. Þessar 500 millj. kr. leggjast ekki á ríkissjóð einan. Ríkið tekur á sig 36% af þessu, um 180 millj. kr., sveitarfélögin verða að taka á sig 90 millj. kr. af þessu og atvinnurekendur 70, en bótaþegar sjálfir, hinir tryggðu, almenningur í landinu, tekur beinlínis á sig 160 millj. kr. eða um 32% af þessari upphæð, þannig að það er ekki verið að leggja hér neinar ofsalegar byrðar á ríkissjóð; það eru aðrir, sem bera meiri byrðar en ríkissjóður. Ég vil því benda á það, að ríkið getur tekið á sig stærri hlut í þessu máli, og það getur varið meira fé til þess að endurbæta tryggingakerfið.

Alþfl.-menn líta á tryggingamálin sem alveg sérstaka skrautfjöður í sínum hatti, a. m. k. litu þeir þannig á fyrr á árum, og fengu ýmsa til þess að trúa því. En tímarnir breytast. Alþfl. hefur farið með tryggingamálin allan þann langa tíma, sem núverandi valdasamsteypa hefur setið að völdum. Samt skilur Alþfl. þannig við tryggingamálin í lok langs valdaferils, að eitt af aðalmálgögnum flokksins kveður upp þann dóm yfir stefnu flokksins í tryggingamálum, að í henni felist engin langtímalausn.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er vafalaust megintilgangur trygginga í nútímaþjóðfélögum, að hinir verst settu í þjóðfélaginu búi við viðunandi lágmarkslífskjör. En ef við lítum á tryggingalöggjöfina íslenzku, eins og hún er nú, þá hygg ég, að við verðum flestir sammála um það, að það sé fjarri því, að íslenzka tryggingalöggjöfin fullnægi á nokkurn sómasamlegan hátt þessu hlutverki.

Það var einhver, sem sagði það hér áðan í umræðum, að þetta frv. væri hugsað sem kosningaföt fyrir ríkisstj. Ég get nú illa ímyndað mér, að hún ætli að klæðast svona flíkum fyrir kosningar. Þetta verða ekki skjólgóð kosningaföt. (**Gripið fram í:** Hún hefur ekkert annað.) Ja, hvernig verður hún þá? Ég held, að ef við eigum að líkja þessu við föt, þá er bara eitt dæmi í öllum heimsbókmenntunum, sem við getum gripið til; það eru nýju fötin keisarans. Þetta eru nýju fötin keisarans, og þannig ætlar hæstv. ríkisstj. að skarta fyrir kjósendum, að því er varðar tryggingarnar; og verði þeim það að góðu. Ég held, að þessar flíkur skýli henni ekki fremur en nýju fötin keisarans gerðu, þegar barnið sá hátignina stíga fram í sínum nýju klæðum. Ég held, að þó að ýmislegt sé til umbóta á tryggingakerfinu samkv. ákvæðum þessa frv., þá sé það öruggt mál, að þær umbótatill. séu alls ófullnægjandi. Þær snerta engin grundvallaratriði tryggingamálanna, en eru svona lappar; það eru settar harla mislitar bætur á gamalt fat. Ég man eftir því, þegar ég var strákur í Gagnfræðaskólanum á Akureyri, og við gáfum þar út blað, sem hét Skólapilturinn, að það var eitt af skólaskáldunum, sem orti þessa vísu, sem ekki hefur getað farið úr hug mér og skaut upp kollinum núna einmitt í sambandi við þetta mál:

Ósköp og skelfing er það ljótt
á afar gömlu fati
að bæta svart með grárri bót
gengur næst gati.

Og þær fara ekki mikið betur á tryggingalöggjöfinni í heild sumar bæturnar, sem þarna er slett á flíkina upphaflegu. Þetta er eins og að bæta svart með grárri bót og ófullnægjandi með öllu.

Jónas Guðmundsson, fyrrv. ráðuneytisstjóri í félmrn. og fyrrv. alþm. Alþfl., lét þau fleygu orð frá sér fara nýlega í blaðagrein, sem m. a. birtist í Morgunblaðinu og hefði nú raunar átt að birtast í Alþýðublaðinu líka, finnst mér — ef hún hefur ekki gert það, þá eru það einhver mistök — að það væri nánast guðlast að tala um velferðarþjóðfélag á Íslandi og það væri vafasamt, að það væri hægt að tala hér um framfærsluþjóðfélag. Þessi ummæli um almannatryggingarnar á Íslandi hefðu sómt sér ákaflega vel í stjórnarblaðinu, Alþýðublaðinu, því að þessi ummæli eru sönn. Þau er engin fyndni og ekkert háð; þau eru sannleikur. Þetta er dómur hans um ástand tryggingamálanna á Íslandi í fyllstu alvöru. Það er ekkert verið að yfirdrífa í þessu. Margsinnis hefur það verið sagt og endurtekið, að það sé nú eiginlega engin stéttaskipting á Íslandi. Hér sé mikið jafnaðarþjóðfélag; það séu eiginlega engir ríkir og engir fátækir. Fátækt sé ekki til á Íslandi. En þetta eru ekki nándar nærri eins sönn orð og þau, sem Jónas Guðmundsson sagði og ég hafði eftir honum hér áðan. Þetta er ekki rétt. Það er bæði til auður í einstakra manna eign og ömurleg fátækt á Íslandi því miður — fátækt, sem tryggingakerfið bætir ekki úr á neinn viðunandi hátt.

Lítum bara á það, hvort það muni vera aðeins örfáir einstaklingar á Íslandi, sem búa við fátækt. Það væri ánægjulegt, ef svo væri, og þá væri hægt að bæta úr því, ef þeir væru bara fáir. En tökum þá bara verkamannastéttina. Ef ein fyrirvinna er í fjölskyldu og á að framfæra hana á 15 þús. kr. mánaðarlaunum, sem hann fær fyrir að vinna 8 stundir á dag alla virka daga, þá fullyrði ég, að þar er ekki búið við auðsæld; þar er fátæktin nálægt garði. Það getur ekki hjá því farið, hversu vel sem á er haldið. Og það gildir um nálega alla verkalýðsstéttina, almenna verkafólkið, verkamenn og verkakonur, iðnverkafólkið. Og þetta gildir um fleiri stéttir. Láglaunaverzlunarfólkið er þarna lítið eða ekki betur sett. Og þarna er um mikinn fjölda að ræða, sem áreiðanlega býr neðan við mörk fátæktar. En það eru til fleiri, sem sannanlega búa við ekki aðeins fátækt, heldur nánast að segja örbirgð. Og það er tvímælalaust gamla fólkið og öryrkjarnir, því að því er ætlað að lifa af tæpum 5 þús. kr. á mánuði. Hvað segið þið um það alþm.? Kunnum við þá list? Getum við ætlað nokkrum að framfleyta sér á 5 þús. kr. á mánuði? Ég held það ekki. Ég held, að við skiljum lítið í því, hvernig það gerist. Væri það nokkuð úr vegi, að við hugleiddum, við hvaða lífskjör ekkjur og einstæðar mæður búa? Það sama gildir um fjöldamarga einstaklinga í þjóðfélaginu og allir þeir, sem ég nú hef nefnt — það eru nokkrir tugir þúsunda manna — búa við fátækt og sumir við örbirgð, sem er alveg ástæðulaust í okkar auðuga þjóðfélagi — þjóðfélagi, sem opinberar alþjóðlegar skýrslur segja um, að hér búi þjóð, sem sé ein af 10—12 tekjuhæstu í heiminum miðað við mann. Þar er um misskiptingu að ræða. Margir hafa langt umfram það, sem þeir hafa nokkra þörf fyrir, og aðrir hafa hvorki til hnífs né skeiðar. En það er þetta, sem á að laga. Það er þetta, sem á að breyta. Þetta á að fyrirbyggja með fullkominni tryggingalöggjöf og slíka tryggingalöggjöf höfum við full efni á að hafa í gildi hjá okkur.

Þetta, sem ég nú hef sagt, sýnir það og sannar, að það var mikilla umbóta þörf varðandi tryggingalöggjöfina. Það var þörf á að gerbreyta henni og fullkomna hana. Endurskoðun hefur að vísu farið fram. Lagt er til að bæta um ýmislegt smálegt, en samt eru umbæturnar með öllu ófullnægjandi. Það hefur víst verið ætlun hæstv. ríkisstj. að láta það ekki fara úr böndum, hvernig tryggingalöggjöfinni yrði breytt, því að um það var vandlega séð, að nálægt endurskoðunarverkinu kæmu engir aðrir en útvaldir trúnaðarmenn stjórnarflokkanna, Sjálfstfl. og Alþfl., og svo með þeim ráðuneytisstjóri í rn. Eru nú tryggingamál þess eðlis, að það séu líkur til þess, að það hefði nokkurt tjón hlotizt af því, þó að menn úr öðrum stjórnmálaflokkum hefðu komið nálægt endurskoðuninni? Ég held ekki. Ég held, að það sé enginn grundvöllur fyrir því að líta á þetta mál sem þröngt flokksmál, sem eingöngu trúnaðarmenn stjórnarflokkanna eigi að fjalla um, þegar verið er að hugleiða og móta umbætur á slíkri víðtækri löggjöf, sem snertir meiri hluta þjóðarinnar. Ég held, að það hefði verið hyggilegra líka upp á afgreiðslu málsins á hv. Alþ. að láta framkvæma þessa endurskoðun á hlutlausum breiðum grundvelli með þátttöku allra stjórnmálaflokkanna á Alþ. En hér var líka bent á það, að það hefði ekki verið úr vegi, að fulltrúar frá Sambandi ísl. sveitarfélaga hefðu komið þar nálægt. En það var ekki heldur gert. Það var of rúmt. Eða skyldi nokkrum manni hafa dottið önnur eins fjarstæða í hug og það, að einhverjir fulltrúar fyrir öryrkja eða aldraða fólk eða einhverja tegund lífeyrisþega hefðu átt að taka þátt í endurskoðuninni, þ. e. þeir, sem eiga fyrst og fremst að búa við löggjöfina? Ég hefði talið, að það hefði verið full ástæða til að athuga, ef ekki var hægt að trúa neinum úr stjórnarandstöðuliðinu fyrir að taka þátt í endurskoðuninni, hvort ekki hefði mátt velja einhverja fulltrúa frá þeim, sem við tryggingarnar eiga að búa. En það var ekki heldur gert. Það voru bara hálaunamenn úr „stjórnarapparatinu“, sem nutu þess trúnaðar að framkvæma þessa endurskoðun — að vísu mætir og ágætir menn, en þeir hafa lítil skilyrði til þess að líta á málið frá sjónarmiði þeirra tryggðu, sem tryggingalöggjöfin ætti að veita fullkomnast öryggið.

Það virðist svo sem þeir, sem endurskoðuðu lög-

gjöfina, hafi ekki haft alveg frjálst taumhald, að þeir hafi ekki alveg verið sjálfráðir að því, hvaða grundvallarþætti tryggingamálanna þeir tækju til meðferðar í endurskoðuninni, því að eins og lesið var upp hér áðan, þá kvartar einn nm., sem vann að endurskoðuninni — tvímælalaust sá færasti þeirra, sérfræðingur í tryggingamálum — yfir því, að ekki hafi fengizt aðstaða til að taka til meðferðar mjög þýðingarmikil atriði tryggingamála og þau séu þess vegna utan þessarar endurskoðunar, og telur upp síðan, hvaða svið hann hefði talið æskilegt að fara inn á — mikilsverð tryggingasvið. Það er gefinn hlutur, að þetta hefði n. getað gert, ef hún hefði haft bara frjálsræði til þess. En það hefur einhvers staðar verið kippt í spottann, þannig að þessi mikilsverðu tryggingasvið voru ekki tekin með í endurskoðunina, og tryggingafræðingurinn sá ástæðu til að bera sína umkvörtun fram í sjálfu plagginu varðandi þessi atriði.

Það hefur verið talað um það, að það sé til bóta í þessu frv., að unglingar upp að 17 ára aldri þurfi nú ekki að borga iðgjald. Áður hafði markið verið um 16 ár. Jú, það er óneitanlegt, að þetta er skárra, en er yfirleitt nokkurt vit í því að vera að heimta tryggingaiðgjöld af unglingum, sem eru við nám, sem eru í skóla, hvort sem þeir eru 16, 17, 18 eða 19 ára? Ég sé bara ekki nokkurt vit í því að vera að slíku. Og efast ég um, að þarna eigi nokkurt aldursmark við, a. m. k. innan við tvítugt, heldur sé það bara tekið fram í tryggingalöggjöfinni, að iðgjöld séu ekki tekin af unglingum, sem eru við skólanám. En að láta sig muna um svona og geta samt flaggað með svo lítilli lagfæringu — svo lítilli, eða hundstunga finnur varla, það er það, sem er eiginlega einkennið á þessu öllu saman.

Yfirleitt má segja það, að allar till. um hækkanir bóta séu tvímælalaust ófullnægjandi með öllu, þó að þær ættu að taka gildi í dag, sem er nú ekki. Jú, ellilífeyrir og örorkubætur eiga að hækka á sínum tíma. Það er gefið fyrirheit um það, að þær hækki úr 4900 kr. á mánuði í 5880 — um 20%. Já, hvernig skyldi aldraða fólkinu ganga að framfleyta sér á 5880 kr. á mánuði? Svolítið skár en á 4900, en eins og margvikið hefur verið hér að af öðrum ræðumönnum, þá er engin vissa fyrir því, að kaupmáttur 5880 kr. verði meiri á þeim drottinsdegi, þegar þessi tryggingalöggjöf á að taka gildi í ársbyrjun 1972, en 4900 kr. núna, og það efa ég sannarlega, að það verði um aukinn kaupmátt að ræða á þeim degi. Þegar formönnum stjórnarflokkanna barst í hendur frv. ríkisstj. um tryggingalöggjöfina, þá var þó lausnin ekki þessi. Nei. Þá var gert ráð fyrir því, að ellilífeyrir og örorkubætur hækkuðu um 10%, en það hefur þó einhverjum fundizt það of smátt skammtað, og það er komið upp í 20% miðað við gildistöku að þessu ári liðnu. Þetta er allt of lágt. Ef við ættum að vera með ellilífeyri og örorkubætur eitthvað í námunda við það, sem er í okkar nágrannalöndum — það á íslenzka þjóðfélagið að geta gert, ef það hefur bara sannan skilning á tryggingamálum og tilgangi þeirra — þá þyrfti ellilífeyririnn að vera rétt yfir 10 þús. kr. eða um það bil 2/3 af launum ófaglærðs verkamanns. Þá gætum við fyrst sagt, að við værum með tryggingalöggjöf, sem byggi að gamla fólkinu og öryrkjum með svipuðum hætti og gert er hjá nágrannaþjóðum okkar, og við erum ekki verr settir en svo, að það ættum við að geta gert, og við eigum ekkert minna upp að inna þeirri kynslóð, sem nú er um sjötugt og fæddist um aldamótin síðustu, í íslenzku þjóðfélagi fyrir það verk, sem hún hefur skilað, en nágrannaþjóðir okkar. Hér hefur verið byggt upp þjóðfélag frá grunni úr frumstæðu bændaþjóðfélagi í þróað nútímaþjóðfélag með verkum þessa fólks, og umbunin er þetta í allri velsældinni, sem það hefur lagt grunninn að. Sumir þættir tryggingganna eru óbreyttir, aðrir liðir hækka þarna um 13% rúm, ellilífeyririnn og örorkubæturnar um 20% og einn tryggingaþátturinn um 40%. Ég held, að það hefði verið almest þörf á því að hækka ellilífeyrinn og örorkubæturnar meira en nokkurn annan þátt. Um það má kannske deila. Vissulega er full þörf á hækkun á þeim tryggingaþætti, sem hækkaði um 40%, svo að varla er þar heldur um ofrausn að ræða.

Ljótur ljóður finnst mér það á þessu frv., ef það er rétt, sem mér sýnist, að viðbótartrygging aldraðra, sem er verið að móta og koma á fyrir tilstuðlan verkalýðshreyfingarinnar, er eiginlega tekin aftur með þessu frv. Þeir, sem þá fá viðbótartryggingu, fá aftur klipið af, sem því nemur, þannig að þeir standa í sömu sporum. Ég vona, að þetta verði leiðrétt og mundi gleðjast mikið, ef þetta er á misskilningi byggt. En þetta finnst mér ekki ná nokkurri átt. Það var þannig hugsað, að ellilífeyrir aldraðra í verkalýðshreyfingunni væri í viðbót við það, sem tryggingakerfið gæfi á hverjum tíma. Og ef því er rift, þá er tilgangurinn með því samkomulagi við ríkisvaldið orðinn harla lítils virði og raunar tekinn aftur. Ef við svo gerum samanburð við aðra, við launastéttirnar í landinu, og berum hækkun tryggingabótanna saman við þær breytingar, sem hafa orðið í launakerfi opinberra starfsmanna með hæstv. ríkisstj. sem samningsaðila annars vegar við borðið, þá kemur það í ljós, að það eru ekki háar bætur, sem hinir lægstlaunuðu og þeir, sem tryggingganna njóta, hafa fengið miðað við þær hækkanir, sem embættismennirnir hafa fengið. Nei, ekki hlutfallsleg hækkun, ekkert í þá átt. Það er hægt að nefna dæmi um það, og það er það almenna, held ég, að hækkun bótanna sé svona 1/30 hluti af hækkun hálaunaðs embættismanns, 1/30 hluti af þeirri hækkun, sem hálaunaður embættismaður hefur fengið. Það eru mörg dæmi þess, að embættismennirnir fengu í sambandi við þessa nýju samninga 30 þús. kr. hækkun á mánaðarlaunin sín, tvenn verkamannslaun brúttó í kauphækkun. Bótaþegunum, ellilífeyris- og örorkulífeyrisþegunum, er ætlað tæpt þúsund í hækkun. Þarna er ójafnt skipt; það verð ég að segja. Og við alþm. erum sjálfir að lagfæra okkar laun og sníðum þar ekkert smátt, skerum ekkert við nögl, af því að

við erum að samhæfa okkur því launakerfi, sem ríkisstj. var nýbúin að ganga frá við embættismannastéttirnar. Og um það má deila, hvort við gerðum þar rétt, þ. e. að fella okkur þar inn í kerfið, eins og gert var, en sannarlega má um það deila, og það er ekkert óeðlilegt, að menn beri saman það hækkunarhlutskipti, sem bótaþegarnir fá móts við okkur alþm. Og það er heldur ófagur samanburður. Sumir kynnu kannske að segja, og það hefði verið eðlilegt, að hækkun bótanna í tryggingalöggjöfinni hefði verið eitthvað nálægt meðaltalshækkun embættislauna — eitthvað nálægt því, að það yrði ekki hallað á þá verst settu í lagfæringunni, að það nálgaðist meðaltalið. En það er svo fjarri því. Meðaltalshækkunin er milli 40—50% hjá embættismannakerfinu samkv. samningum ríkisstj. við BSRB. Og það eru hækkanir, sem eiga að koma til framkvæmda strax, en ekki að ári liðnu.

Það er sama, hvernig maður veltir þessu fyrir sér. Maður kemst að þeirri niðurstöðu, að lagfæringarnar, sem hérna er gefið fyrirheit um og standa á pappír, séu smávægilegar, hvert sem maður lítur til samanburðar. En það, sem er minnst höfðinglegt við þessar umbætur, sem nefndar eru í frv., er það, að núverandi hæstv. ríkisstj. vísar bara á næstu ríkisstj., gefur ávísun á næstu ríkisstj. vegna þessara umbóta. Það er ekki fyrr en á árinu 1972, sem þessar lagfæringar eiga að koma til framkvæmda. Og það rennur mikið vatn til sjávar þangað til. Er ekki innstæða til fyrir þessari ávísun? Kannske það væri ástæða til þess að láta Seðlabankann athuga það, hvort þetta er nú gúmmítékki. Það skyldi þó aldrei vera. Það hefur ekki verið upplýst, svo að ég viti, að nokkur innstæða sé til fyrir þessu. Ég held, að þarna sé um falska ávísun að ræða. Það er ekki vitað til, að ríkissjóður hafi þarna neitt fé til þess að innleysa ávísunina með. Ég slæ því föstu, að þetta sé ekki eins og það ætti að vera.

Það má fyllilega búast við því, að það verði einhverjar breytingar í launamálum á næsta hausti, eftir að verðstöðvunartímabilinu lýkur. Ég gæti ímyndað mér, að þar sem samningar renna út 1. sept. þá væri nýtt kaupgjald samkv. nýjum samningum komið í gildi ekki síðar en 1. okt. 1971, og miðað við þá gerbreytingu, sem orðið hefur fyrir tilstuðlan núv. hæstv. ríkisstj. á launamálum opinberra starfsmanna, ríkisembættismanna, þá má búast við því, að það verði talsverð hækkun á launum verkamanna á næsta hausti. En er þá til fé til þess að bæta lífeyrisþegunum og öðrum bótaþegum almannatryggingganna þá dýrtíð, sem þá heldur innreið sína, og tryggja þeim, að þeirra bætur úr tryggingunum fylgist með hækkuðum launum verkafólks? Nei, það er víst engin von til þess. Það er líka eitt snilldarákvæðið í frv. Frv. gerir alls ekki ráð fyrir því, að bæturnar hækki, þó að laun verkafólks hækki — ekki samtímis.

Mér skilst, að það sé svo haglega um það búið, að ef launahækkun yrði hjá almennu verkafólki 1. okt., þá yrði ekki hækkun á bótum hjá almannatryggingunum fyrr en 6 mánuðum síðar, þ. e. mér reiknast til, að það sé 1. apríl 1972. Þær hækkanir, sem yrðu á almennum launum verkafólks, kæmu ekki bótaþegum tryggginganna til góða fyrr en 6 mánuðum síðar miðað við 1. okt., þ. e. 1. apríl 1972. Það er gefið fyrirheit um, að þær hækkanir bóta, sem gert er ráð fyrir í frv., gangi í gildi 1. jan. 1972, en bæturnar fylgi með hækkun á launum verkafólks. Það kemur ekki til mála fyrr en hálfu ári síðar. Þetta finnst mér líka vera lítið höfðinglegt; það verð ég að segja. Því miður tók frv. litlum breytingum í hv. Ed. Það er skýrt frá því í örstuttu nál., að nm., sem endurskoðuðu frv., hafi rætt við heilbr.- og félmn. Ed. og þeir hafi skýrt frá, hvaða breytingar væru á frv., og nm. hafi spurt um fjölmörg atriði, en síðan segir:

„Meiri hl. n. mælir með samþykkt frv., en einstakir nm. áskilja sér þó rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.“ Þar með búið.

Og þær eru ekkert margar brtt., sem þeir sáu ástæðu til þess að aðhyllast, en þær voru bornar fram í Ed. margar og sumar veigamiklar, en fundu fæstar náð fyrir augum meiri hl. Ekki að tala um, að hlustað væri á neinar till. til hækkunar á bótunum almennt, t. d. að því er snerti ellilífeyri og örorkubætur, eða á till. til þess að fyrirbyggja, að ellilífeyrir aldraðra hyrfi sem viðbótarlífeyrir, en sú till. var á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Ný nýtur elli- eða örorkulífeyrisþegi bóta samkv. lögum um eftirlaun til aldraðra í stéttarfélögum, og skulu þau laun hans þá ekki skerða rétt hans til framangreindrar hækkunar.“

Eftir því sem ég veit bezt, var þessi sjálfsagða till. felld og þykir mér það mjög miður, því að þar er í raun og veru verið að svíkjast undan skuldbindingum, sem hæstv. ríkisstj. hefur þó áður á sig tekið. Þetta átti að vera viðbótartrygging og á að vera það.

Ég hef áður vikið að því, hversu fáránlegt mér þykir að fella till. eins og þessa: „Nemendur 17—20 ára, sem stunda nám eigi skemur en 6 mánuði á ári, eru einnig undanþegnir gjaldskyldu.“ Þetta fékkst ekki fram. Eða sjálfsögð till. eins og þetta — a. m. k. hefði mátt ætla, að einhverjir dreifbýlismenn úr stjórnarliðinu hefðu viljað á hana hlusta. Hún er svo, með leyfi hæstv. forseta: „Nú er hérað sjúkrahúss- og læknislaust, og skal þá Tryggingastofnun ríkisins greiða nauðsynlegan ferðakostnað fyrir sjúklinga og barnshafandi konur.“ Eftir því sem ég veit bezt, fékkst till. ekki samþykkt. Þetta hefði þó verið óumdeilanlegt sanngirnismál, þegar svo stóð á eins og í till. sagði, að hérað væri sjúkrahúss- og læknislaust og í ekkert hús að venda annað en taka á sig flutning sennilega til Reykjavíkur. Eða þá till. um það, að þeir, sem gert hafa sjómennsku að ævistarfi og stundað sjómennsku í 35 ár eða lengur, skyldu öðlast fullan rétt til lífeyris, þegar þeir næðu sextugsaldri, og ef maður hefði stundað sjómennsku sem aðalstarf í 40 ár, fengi hann tvöfaldan ellilífeyri, þegar hann yrði sextugur. Í þessari till. var einnig lagt til, að fullur ellilífeyrir yrði einnig

greiddur ekkjum, þegar þær yrðu sextugar. Þessi till. hefur fengið hljómgrunn, og hún verður ekki stöðvuð til lengdar, en það hefði verið sómi að því fyrir Alþ. að líta nú til sjómannastéttarinnar á þennan hátt, sem kostaði ekki of fjár að samþykkja, að þeir fengju ellilífeyri fyrr en aðrir samkv. tryggingakerfinu — 7 árum fyrr, því að þeir eru flestir slitnir menn, áður en þeir eru orðnir sextugir og hafa þar að auki unnið slík þjóðnytjastörf, að þetta væri ekki of mikil umbun, við meiri háska en flestir aðrir fjarri heimilum sínum, og má fleira til teja sem rök, sem öllum er augljóst. Nei, þessi till. var hvorki tekin með af endurskoðunarnefndinni né á hana fallizt, þegar hún var borin fram í hv. Ed., né heldur á hugmyndina um tryggingadómstól, sem virðist þó hafa vakað í hug endurskoðunarnefndarinnar líka, en var lögð til hliðar. Það er hugmynd, sem áreiðanlega verður samþ. fyrr eða síðar, og ég veit ekki, hvort það hefði þurft að kosta nokkurt fé, en mér skilst þó, að hún hafi verið felld líka.

Hér var á það bent af einum eða fleiri ræðumönnum í kvöld, að það hefði átt að bæta við skyldu til þess að sjá um tannlækningar á kostnað tryggingarinnar, og víst hefði það verið mikilsvert menningaratriði, að slíkt hefði verið tekið inn í tryggingarnar. En svo var borin fram líka takmarkaðri till. um þetta á þá lund, að tannlækningar yrðu að ¾ hlutum greiddar, þegar þær teljast bein heilsufarsleg nauðsyn — auðvitað að dómi sérfræðinga, lækna. Þetta væri þó skref í áttina, væri veruleg umbót á löggjöfinni og æskilegt, að hún hefði fengizt samþykkt. En ég held, að hún hafi líka verið felld.

Það, að frv. eigi ekki að ganga í gildi fyrr en 1. jan. 1972, er furðulegt. Til hvers er verið að bera það fram? Hver skilur það? Hver getur skýrt það? Það er ekki til þess að sýnast. Það er til þess að afhjúpa sig sekan um svívirðilegt athæfi og ekkert annað. Að vera að flagga með því, að þeir séu að samþykkja umbætur á tryggingalöggjöfinni, en svo eigi hún að leggjast í geymslu niðri í skúffu eða uppi á hillu marga mánuði án þess, að nokkur maður fái nokkurn eyri af þessum lögfestu umbótum. Það verða engin kosningaplögg úr þessu. Ef þeir hafa ekki annað til að skýla sér í kosningunum, hæstv. ríkisstj. og hennar stuðningsmenn, þá koma þeir fram fyrir kjósendur sem striplingar. Ákvæðið, sem ýmsir hafa minnzt á í umr. um gamla fólkið, sem er neytt til þess að fara á sveitina, er ákvæði, sem ég ráðlegg hæstv. ríkisstj. að nema burt úr frv., því að þeir vita vafalaust ekki, hvaða alda rís út af þessu eina atriði. Það er einmitt enn þá lifandi í vitund gamla fólksins á Íslandi, hvað það þýddi að fara „á sveitina“ og yrði þeirri mynd brugðið upp nú fyrir fólki, að ef það eigi að geta fengið greiðslur til þess að dvelja á elliheimili, þá verði það að fara á sveitina til þess. Þetta mun opna blóðuga und í brjósti margra, þegar þeim verður það kunnugt. Og það er ég alveg viss um, að þetta eitt, þótt ekkert væri annað við þetta frv., mun verða til þess, að það verður ekki mikið skjól að þessu frv. sem kosningafötum.

Ég vil að sjálfsögðu þakka gráu bæturnar á svörtu fötin, því að svo kalla ég þær umbætur, sem í þessu frv. felast, en ég held, að þær ættu að vera samlitari fötunum og þær ættu að skýla betur götunum, sem blöstu við á tryggingalöggjöfinni og göptu við allra sjónum. Ég treysti því, að sú n., sem fær málið til meðferðar í þessari hv. d., loki ekki alveg eins augum og eyrum fyrir þeirri umbótaþörf, sem er augljós varðandi þetta frv., og taki betur á til þess að lagfæra það en gert var í Ed. Það er ekki takandi í mál að hampa þessu frv. sem umbótum á tryggingalöggjöfinni. Til þess gengur það allt of skammt á öllum sviðum, og það er hlálegt að breyta ekki lokaákvæðinu um gildistökuna. Auðvitað ætti þetta frv. að enda á hinu hefðbundna: „Lög þessi taka þegar gildi“, og það hefur engum, sem tryggingabóta eiga að njóta, dottið annað í hug en það, að afgreiddi Alþ. breytingar á tryggingalöggjöfinni, þá tækju þær gildi þegar í stað. Þó væri hægt að hugsa sér sem varatill., að löggjöfin tæki gildi 1. júlí, á miðju þessu ári eða til þrautavara, að löggjöfin tæki gildi 1. sept., þegar hrollvekjan skellur yfir, sem Ólafur Björnsson hefur lýst fyrir okkur.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Umr. þessum er nú senn að verða lokið, áður en málið fer til hv. heilbr.- og félmn. Ég ætla þó að leyfa mér að fara um það örfáum orðum. Umr. þær, sem hér hafa farið fram, hafa frekar einkennzt af rabbtón að mínum dómi en markvissum ádeilum á frv. og efni þess, því að margt má um þessi mál segja og að sjálfsögðu margar till. flytja eða ræða um og bera í munn sér fram yfir það, sem drepið er á í þessu frv.

Það virðist vera augljóst að verið hafi full ástæða til að láta endurskoða þessi l., ef dæma má eftir 80. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir, að ekki færri en 18 l. falli úr gildi við samþykkt þess. Þá er ekki heldur hægt að mæla gegn því, að til þessarar endurskoðunar hafi valizt hinir mætustu menn. Að vísu var að því vikið hér áðan, að gjarnan hefði fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga mátt vera í þessari endurskoðunarnefnd, enda mála sannast, að sveitarfélögin hafa ákaflega mikið um mál þessi að segja og þau mæða þungt á þeim á margan veg. En eins og segir í aths., þar sem getið er helztu breyt., er því ekki að neita, að þær horfa yfirleitt til bóta miðað við þá löggjöf, sem í gildi er nú. Það er þá fyrst 20% hækkunin. Annað má nefna, að ekkjubætur eru hækkaðar, gert ráð fyrir heimild til greiðslu mæðralauna til fósturmóður o. fl. Þessi atriði eru talin í 12 liðum, sem öll eða flest horfa til mikilla bóta. Að vísu er lagt til í þessu frv. — og það er atriði, sem nokkuð er um deilt — að hreppasjúkrasamlögin verði lögð niður, en í staðinn komi sjúkrasamlag í hverju sýslufélagi. Það má vafalaust færa góð og gild rök fyrir þessari breyt. frá almennu tryggingasjónarmiði. Bent er á, að stækkun sjúkrasamlaga frá því, sem nú er, virðist nauðsynleg, að mörg sjúkrasamlaga þeirra, er nú starfa, séu of lítil,

sjúkratilfelli séu fá og jafnvel aðeins eitt slíkt tilfelli geti verið fjárhag þeirra um megn, dreifing áhættunnar í smáum tryggingareiningum verði einatt of lítil, markmið allra trygginga sé einmitt það að dreifa áhættunni sem mest eða a. m. k. svo mikið, að iðgjöld þau, sem greiða verður, verði hinum tryggðu bærileg án þess, að fjárhag þeirra sé stefnt í voða. Allt er þetta í góðu gildi miðað við hið almenna tryggingasjónarmið.

Einnig eru hugleiðingar Þórðar Eyjólfssonar, fyrrv. hæstaréttardómara, birtar sem fskj. með frv. og fjalla um það efni, þegar sjúkrasamlög eru sameinuð, hvernig fari þá um eignir þeirra, eignaskiptingu og annað. Að sjálfsögðu eru þær hugleiðingar í góðu gildi, en það þarf meira til. Ég hygg, að um þetta málefni gildi nokkuð svipað og um hugmyndina um sameiningu sveitarfélaga. Því máli erum við ekki ókunnugir hér í hv. d. Það er ýmislegt fleira, sem þarf að taka til greina, en þessar bláköldu staðreyndir, sem nú hefur verið minnzt á. Þess vegna held ég, að það sé ekki hyggilegt að taka svona djúpt í árinni, eins og gert er í frv., þ. e. að skera öll hreppasjúkrasamlög niður við trog. Ég held, að fara þurfi gætilega að við það mál. Ég minnist þess, að fyrir nokkrum árum fór fram könnun á þessum málum um allt land. Mun þá mikill meiri hl. sjúkrasamlagsstjórna hafa lagzt gegn því, að þetta yrði tekið upp sem almenn regla. Hins vegar hefur heimild til þess lengi verið í almannatryggingalöggjöfinni, en mun vera lítt notuð. Ég viðurkenni fyllilega þau rök, sem þarna liggja til grundvallar, eða þessa tilhneigingu, en tel þó, að þarna þurfi að finna einhvern milliveg til þess að gera þessi ákvörðun móttækilega fyrir þá, sem henni eiga að lúta.

Það hefur að sjálfsögðu verið talsvert rætt hér um framfærslusjónarmið og tryggingasjónarmið og annað slíkt og að sjálfsögðu eiga ákvæði l. að vera gerð svo úr garði, að framfærslusjónarmiðið sé ekki haft á oddinum — a. m. k. þannig, að áberandi sé. Það hefur verið rætt talsvert mikið um þá erfiðleika, sem einstæðir feður og einstæðar mæður eiga við að búa í þessum efnum. Skal ég sízt úr því draga og ekki nema gott, að ræðumenn beri sér þau efni í munn, einkum ef full og góð meining fylgir. En það hefur aftur minna verið rætt um málefni heimilanna og hjónanna. Þó vita allir, að hjón fá ekki nema 90% hvort um sig af fullum einstaklingslífeyri. Ég veit þó ekki betur, en þau verði að greiða að fullu dvöl sína á hæli, þegar þau eru orðin það öldruð, að þau geta ekki lengur haldið heimili. Þá er krafizt af þeim hvoru um sig fullra gjalda fyrir dvölina þar. Finnst mér, að líka mætti minnast á ástæður þeirra.

Það hefur verið rætt hér um ýmislegt varðandi heppilegri umdæmaskiptingu, t. d. að sjúkrasamlög bæri frekar að miða við læknishéruð en sýslufélög. Einn ræðumanna hafði á orði hér áðan eitthvað í þá átt, að hlutverk sýslufélaga væri nú margfalt minna en áður var, ef ég hef heyrt rétt. Væri þess vegna frekar ástæða til að miða þessi mörk við læknishéruð. Það er nú mála sannast, að mörk sýslufélaga eru yfirleitt í mjög föstum skorðum og því varhugavert að meta það ekki sem skyldi. Einnig er það tvímælalaust, að á sýsluskrifstofurnar og sýslurnar hafa hlaðizt mikil störf á þessu sviði. Sem umboðsmenn trygginganna hafa sýslumenn og þeirra starfsfólk unnið mikið að þessum málum frá upphafi vega. Þau verkefni hafa stöðugt farið vaxandi.

Hitt er svo alveg rétt, að það er ekki sama, hvernig um svona mál fer. Það er allt of mikilvægt til þess, að menn láti sig það litlu eða engu skipta. Þess vegna væri að sjálfsögðu hægt að ræða mikið og margt um þetta frv., og eins og ég hef bent á, stefnir það í rétta átt án þess kannske að marka veruleg kapítulaskipti eða þáttaskil. Það hefur verið talað um falskar ávísanir og sýndarmennsku í þessu efni. Sumir vilja hafa fölsku ávísanirnar eða gúmmítékkana sem hæsta og er það stefna út af fyrir sig, ef því er haldið fram. Ég tel, þegar á allt er litið, að þetta frv. sé miklu meira en sýndarmennska. Það er áfangi á þróunarbraut tryggingamála hér á landi, en í áfangastað er að sjálfsögðu jafnan hægara að dæma um þá leið, sem lögð er að baki, en brekkuna fram undan.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 22 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til 2. umr. Forseti tók málið af dagskrá.

Á 87. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 740, n. 783 og 814, 784, 791, 817).

Frsm. meiri hl. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Þegar mál þetta hafði verið afgr. við 1. umr. í hv. Ed. og vísað þar til heilbr.- og félmn. þeirrar d., var tekinn upp sá starfsháttur, að nm. úr heilbr.- og félmn. Nd. mættu einnig á tveimur fundum hjá n. Á þessum fundum voru mættir nokkrir af þeim aðilum, sem stóðu að samningu frv., og höfðu nm. allir aðstöðu til þess að leita upplýsinga um þau atriði, sem þeir töldu sig þurfa að fá frekari skýringar á, og þeim öllum voru veitt greið svör. Þegar málið hafði verið afgr. hér í þessari hv. d. við 1. umr., var n. áætlaður nokkuð þröngur tími til þess að afgreiða málið. Hún hélt um það tvo fundi, hafði kynnt sér þær breyt., sem á frv. höfðu verið gerðar í meðferð þess í hv. Ed., og gerði smávægilegar breyt. við það, sem fluttar eru af meiri hl. heilbr.- og félmn., en ég hygg, að minnihlutamenn í n. muni einnig geta greitt þeim till. atkvæði.

Efni þessa frv. hefur verið ítarlega rakið hér í þessari hv. d., og tel ég mig ekki þurfa að hafa langa framsöguræðu um það, þó að vissulega sé hér um stórmál að ræða, en aðalbreytingarnar eru yfirleitt hækkanir til þeirra, sem bætur fá frá almannatryggingum. Hækkunin er mest á barnalífeyri, 40%, en 20% á elli- og örorkulífeyri, og

verður að telja, að það sé vel farið, að slík hækkun skuli vera gerð hér á þessum liðum. Aðstæður þeirra, sem komnir eru á þann aldur, að þeir fái ellilaun, eru mjög misjafnar hér á landi. Nokkur — og allstór — hópur nýtur eftirlaunaréttinda frá þeim lífeyrissjóði, sem þeir hafa í starfi sínu greitt til, og margir þeirra eru þar af leiðandi mun betur settir en þeir, sem aldrei hafa greitt í neinn lífeyrissjóð og eiga þess vegna ekki rétt á bótum úr neinum lífeyrissjóði. Sem betur fer mun þeim fara ört fjölgandi á næstu árum, sem ekki þurfa að einskorða sig við almannatryggingarnar, heldur munu fá lífeyrisréttindi og lífeyrisgreiðslur frá lífeyrissjóðum, og munar þar að sjálfsögðu mest um, þegar til kemur sú breyt., sem gerð var með stofnun þeirra lífeyrissjóða, sem lögleiddir voru hér á síðasta þingi. Sú hækkun, sem hér er lögð til, og nemur rúmlega 20%, eins og ég gat um áðan, er nokkurt skref í þá átt að jafna þar á milli þessara aðila, sem þar um ræðir og sem hafa, eins og ég sagði, mjög mismunandi aðstöðu í sambandi við greiðslur úr lífeyrissjóði og elli- eða örorkulaun.

Skipulagsbreyting er ein veruleg í frv., eins og það var lagt fram í fyrstu, en það kemur fram í 37. gr. þess, þar sem gert er ráð fyrir, að hin fjölmörgu sjúkrasamlög víðs vegar um landið verði lögð niður og stofnað aftur til stærri eininga í kaupstöðum og sýslum. Á þessari gr. var gerð breyt. í hv. Ed., þannig að það var samþ. þar, að leitað skyldi umsagna allra sjúkrasamlaga, áður en þessi breyt. tæki gildi. Um þetta varð nokkur ágreiningur, og málið var tekið til endurskoðunar hjá heilbr.- og félmn. þessarar hv. deildar.

Eins og ég gat um í upphafi, þá flytur meiri hl. n. tvær brtt. við frv. Hin fyrri er við 72. gr. frv., en þar er um leiðréttingu að ræða, sem þarf að gera, þar sem nýlega er búið að samþykkja hér á Alþ. breyt. á l. um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, og í þeim l. er gert ráð fyrir, að Tryggingastofnun ríkisins sé skylt að greiða meðlög allt að 6 mánuði aftur í tímann, ef barnsmóðir hefur ekki gert kröfu um það áður, en í frv., eins og það kom frá hv. Ed., var aðeins gert ráð fyrir, að Tryggingastofnuninni væri skylt að greiða 3 mánuði aftur í tímann.

Önnur brtt., sem n. flytur og er einnig á þskj. 784, er um afstöðu hinna smærri sjúkrasamlaga. Eins og ég gat um, þá gerði hv. Ed. þá breyt. á 37. gr., að það skyldi leitað álits allra sjúkrasamlaga í landinu á því, hvort þau vildu starfa áfram við óbreytt fyrirkomulag eða falla inn í stærri einingar. Brtt., sem flutt er af meiri hl. heilbr.- og félmn., er ekki efnisleg röskun á þessari afstöðu, heldur er því snúið þannig við, að þau sveitarfélög, sem þess óska, eiga þess kost að starfrækja sjúkrasamlög áfram með óbreyttu fyrirkomulagi, ef þau uppfylla viss skilyrði, eins og tilgreint er í brtt. Þetta er mun umfangsminna í framkvæmd, en ætti að koma þeim sveitarfélögum að fullum notum, sem ekki óska þess í bili að falla inn í stærri einingar. Það má að sjálfsögðu um það deila, hvort hér sé stigið of stórt skref í einu, þ. e. að ætla að leggja niður öll hin smærri sjúkrasamlög. Án efa kemur það til með að þróast í þá átt, að svo verði. Ég hygg, að menn séu almennt þeirrar skoðunar, en hins vegar er þarna um það stórfellda röskun að ræða, að vart verður talið forsvaranlegt að gera þetta án samráðs við sveitarfélögin. Í b- og c-liðum brtt. er nánast um orðalagsbreytingar á upphafi viðkomandi gr. að ræða til samræmis við þær aðstæður, sem verða, ef einhver af hinum smærri sjúkrasamlögum koma til með að starfa áfram. Í d-lið er lagt til, að 5. tölul. verði bætt við ákvæði til bráðabirgða, og hljóðar hann þannig: „Stjórnir sjúkrasamlaga, sbr. 38. gr., skulu skipaðar eigi síðar en 1. júlí 1972.“

N. barst bréf frá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, sem lætur í ljós óánægju sína yfir því, að ekki skyldi hafa verið haft samráð við Samband ísl. sveitarfélaga, þegar frv. var samið. Ég tel, að þarna hafi verið um hrein mistök að ræða, því að vissulega eru tryggingarnar það snar þáttur í sambandi við rekstur sveitarfélaga, að það hefði mjög gjarnan mátt hafa einn fulltrúa frá þeim í þeirri n., sem undirbjó þetta mál og samdi frv. Það hefði kannske orðið til þess, að ekki hefði þurft að fara að gera þær breyt. á frv., sem hafa verið gerðar á frv. og lagt er til hér í brtt. meiri hl., að gerðar verði. Ég mundi telja mjög eðlilegt, að Samband ísl. sveitarfélaga fengi aðstöðu í tryggingaráði, þannig að fulltrúi frá sambandinu ætti sæti í tryggingaráði. Ég ræddi þetta við hæstv. heilbrmrh., sem kannaði málið, en samkomulag varð um það að flytja ekki að þessu sinni brtt. í þessa átt, því að l. eiga ekki að taka gildi fyrr en um næstu áramót, og gefst þá tækifæri til þess á þinginu í haust að koma fram með breyt. við frv. í þessa átt, ef það þykir tiltækilegt og rétt. Eins og 5. gr. frv. gerir ráð fyrir, þá ber að kjósa tryggingaráð í Sþ. með hlutfallskosningu, en ég var með hugmynd um það, að tveir þeirra 5 manna, sem þar er gert ráð fyrir að kjósa í tryggingaráð, yrðu tilnefndir af Sambandi ísl. sveitarfélaga. En eins og ég sagði, þá varð samkomulag um það að flytja ekki nú brtt. um þetta, því að ef um það yrði ágreiningur, þá gæti það stofnað málinu í hættu, þannig að það yrði þá ekki öruggt, að það næði að verða að l. á þessu þingi, sem ég tel alveg nauðsynlegt.

N. sem slík hefur ekki tekið afstöðu til þeirra brtt., sem fram hafa komið. Þær komu fram, eftir að hún hélt sinn seinni fund um málið, en það eru till. mjög svipaðs eðlis og fram komu í hv. Ed., og það er sameiginlegt með þeim og þeirri till., sem ég var að lýsa og hafði í huga að flytja, að það verður aðstaða til þess að koma við breyt. á þessu máli á þinginu í haust fyrir þá, sem þangað kunna að eiga afturkvæmt, ef þeir hafa hug á því.

Till. frá minni hl. n. eru flestar í þá átt að hækka ýmsa útgjaldaliði og einnig að láta þetta taka fyrr gildi en gert er ráð fyrir í frv. Það er að sjálfsögðu mjög gott að flytja till. um hækkuð útgjöld, en auðvitað verður að sjá fyrir fjármagni í sambandi við aukin útgjöld, ef slíkar breyt. yrðu gerðar á frv., því að þarna er um stórar upphæðir að ræða, eins

og í ljós mundi koma, ef umreiknað væri miðað við þær hækkanir, sem minni hl. leggur til, að gerðar verði.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, eins og fram kemur í áliti meiri hl. heilbr.- og félmn., að leggja til, að frv. verði samþ. með þeim tilteknu breyt., sem fram koma á þskj. 784.

Frsm. minni hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. með einni breyt., sem hér hefur verið lýst, og teljum við, er minni hl. skipum, að þessi till. sé til bóta, og munum standa með samþykkt hennar. Hins vegar teljum við, að miklu meiri breyt. þyrftu að verða á þessu frv., svo að hv. Alþ. geti verið þekkt fyrir að lögfesta það. Því höfum við leyft okkur að leggja fram hér á sérstöku þskj. 791 16 brtt., en þeir, sem minni hl. skipa með mér, eru hv. 4. landsk. þm., Jónas Árnason og hv. 5. þm. Norðurl. v., Jón Kjartansson. Veigamestu breyt., er við leggjum til, eru, að ýmsar greiðslur verði hækkaðar miðað við það, sem frv. gerir ráð fyrir, svo að þær verði sem næst því að vera í einhverju samræmi við þær breyt., sem orðið hafa að undanförnu á hækkun ýmissa neyzluvara og einnig á hækkun á almennu kaupgjaldi í landinu.

Það er sorgleg staðreynd, sem hv. Alþ. verður að horfast í augu við og getur ekki kinnroðalaust vikið sér undan að leiðrétta án tafar, að greiðslur almannatrygginga og þá ekki síst greiðslur til aldraðra og öryrkja eru ekki orðnar í neinu samræmi við tekjur flestra þjóðfélagsþegna í dag og langt fyrir neðan þau mörk, að það nægi til sómasamlegs lífsframfæris. Við samanburð kaupmáttar þessarar greiðslu nú og fyrir 12 árum kemur í ljós, að hann hefur minnkað og það ekkert smáræði þrátt fyrir allt masið um velferðarþjóðfélag og þá frábæru stjórn, sem Alþfl. telur sig hafa haft á þessum málum að undanförnu. Hvað kaupmáttur lífeyristrygginganna er í dag miðað við það, sem áður var, er gleggsti mælikvarðinn í þessu efni, en ekki framfærsluvísitalan, eins og hún er nú. Hún er upp byggð á þann veg, að gert er ráð fyrir mörgum sinnum meiri ráðstöfunartekjum en kaupgjald er nú, hvað þá greiðslur þessara elli- og lífeyrisþega, t. d. matvörurnar skipta í henni miklu minna máli en í þeirri vísitölu, sem áður gilti. Á hverju lifir það fólk, sem hefur sér til lífsframfæris 4900 kr. á mánuði? Hafa þessir hv. þm. hugleitt það og skoðað það, hvernig þessar greiðslur geta dugað þessu fólki og hvort hægt sé að fá eins mikið magn af þeim matvörum, sem það neytir og t. d. fyrir 12 árum? Hefur hæstv. félmrh. athugað þetta? Hann kannske hefur ekki lagt sig það lágt að gera það. Og þá er fyrst og fremst að gera sér grein fyrir, hvaða fæðutegundir það muni vera, sem þetta fólk aðallega neytir. Hvað heldur hæstv. ráðh.? (**Gripið fram í:** Heldurðu, að ég hafi athugað það?) Ætli það sé ekki fyrst og fremst verð á fiski, sem skiptir mestu máli í þessu sambandi. Árið 1960 dugði ellilífeyririnn fyrir 327 kg af nýjum fiski, en á s. l. hausti dugði hann fyrir um eða undir 140 kg, og þessi hlutföll hafa ekki skánað síðan. Svipað er að segja um kaffi og kornvörur, en það er fyrst og fremst slíkar vörur, sem þetta fólk neytir.

Sannleikurinn er sá, að samtímis því, sem þjóðfélagstekjurnar hafa vaxið, hefur kaupmáttur tryggingagreiðslnanna lækkað miðað við neyzluvörur. Samkvæmt fréttabréfi frá kjararannsóknarnefnd er vísitala tímakaups 381 stig miðað við 100 stig 1962, þegar endurskoðun á l. fór fram. Ellilaunin voru þá 1523 kr. á mánuði og ættu því að vera nú, ef sama hlutfall hefði átt að haldast þarna á milli, 5800 kr., en eru 4900 kr. Það er því sama, hvernig reiknað er; útkoman er sú sama. Tryggingagreiðslurnar hafa hlutfallslega lækkað miðað við kaup og þó enn meira miðað við þær neyzluvörur, sem skipta mestu máli í þessu sambandi fyrir fólkið, sem hefur lítið annað til að lifa á en elli- og örorkugreiðslurnar. Á Alþ. 8. nóv. 1962 sagði páv. félmrh. með leyfi forseta: „Það hefur verið regla að undanförnu, að bótagreiðslur almannatryggingganna hafa fylgt launum opinberra starfsmanna að þessu leyti, og þó misjafnlega. Stundum hefur þetta verið miðað við elli- og örorkulífeyrinn einan, en stundum hefur þetta verið miðað við allar bótagreiðslur úr tryggingunum.“ Þetta var reglan, að þegar laun opinberra starfsmanna hækkuðu, þá hækkuðu bótagreiðslurnar sjálfkrafa. Þessi sjálfsagða regla er ekki lengur í gildi. Þessi sjálfkrafa hækkun er ekki látin koma fram á greiðslur tryggginganna nú, þegar opinberir starfsmenn fá meiri hækkanir en áður eru dæmi til um. Þá eru þessi tengsl rofin og það undir stjórn Alþfl. — þess flokks, sem einu sinni taldi það sitt aðalsmerki að berjast fyrir tekjujöfnuði í þessu landi. Nú gerist það undir hans stjórn, að tekjumismunurinn hefur vaxið og er nú meiri en hann hefur nokkurn tíma verið. Nú gerist það undir hans stjórn, að þrátt fyrir það, að opinberir starfsmenn hafa fengið meiri launahækkanir en dæmi eru til um, hækka greiðslur tryggginganna um 8.2% um síðustu áramót, og samkv. því frv., sem hér liggur nú frammi og er til afgreiðslu, þá eiga þessar greiðslur ekkert að hækka meira á þessu ári.

Það hefur komið fram, að hæstv. ríkisstj. hafi talið það hæfilegan launamun hjá opinberum starfsmönnum, að topparnir hefðu fjórum sinnum meira en þeir lægstlaunuðu, og nú hefur komið fram, að þessi munur er meiri. Það væri mjög ánægjulegt, ef þjóðarframleiðslan væri fær um það að borga svo mikið kaup sem opinberum starfsmönnum er ætlað nú. En þá verða þessir herrar að vita, sem um þessi launakjör hafa samið, að slík laun standast ekki, nema framleiðslustéttirnar fái hliðstæða hækkun. Sé það ekki hægt, er þjóðfélagið í mikilli hættu. Það þarf enginn að halda, að framleiðslustéttirnar sætti sig við þau kjör, sem þær búa við, eftir þá samninga, sem gerðir voru við opinbera starfsmenn og eftir það, að í ljós hefur komið, að það eru ekki fjórföld laun, sem topparnir hafa,

heldur miklu meira. Sé hægt að borga svo há laun, þá hlýtur framleiðslan að geta borgað þeim, sem við hana vinna, meira en gert er í dag, þar sem það er hún, sem stendur undir þjóðfélaginu í heild.

Það er ekki fagurt um að litast í þjóðfélaginu eftir 12 ára stjórnarsamstarf Sjálfstfl. og Alþfl. í þessum málum frekar en í mörgum öðrum. Tekjumunurinn hefur aldrei verið meiri, og afleiðing þess hlýtur að verða ný átök á launamarkaðinum og ef til vill verkföll. Kaupmáttur lífeyristrygginganna hefur farið minnkandi þrátt fyrir það, að viðskiptakjör eru betri en áður hefur þekkzt og sjávarafli hefur verið meiri. Þrátt fyrir þessar staðreyndir leggur hæstv. ríkisstj. fram frv. um, að hækkun á greiðslum trygginganna eigi ekki að koma til framkvæmda fyrr en um næstu áramót, jafnvel þó að allir hafi þá fengið miklar hækkanir í krónutölu a. m. k. Um raungildi þeirra launa veit enginn a. m. k. ekki fyrr en kosningavíxillinn er fallinn. Og fyrir þessum vinnubrögðum stendur Alþfl. ekkert síður en Sjálfstfl. Er svo nokkur furða, þótt ýmsum þyki nokkuð með nýstárlegum hætti bardagaaðferðir Alþfl. til að ná því marki að jafna tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu? Það fer ekki á milli mála, að hann vinnur að tekjujöfnuði með því að auka tekjumuninn í þjóðfélaginu. Það er ekki mikil reisn yfir þessum herrum, sem flytja frv. um, að ekki fáist breyt. á gildistökunni sérstaklega, þó að það ætti að vera augljóst, að það liggja til þess aðrar ástæður en umhyggjan fyrir öldruðum og öryrkjum að lögfesta það nú, enda geti svo farið, að allar tölur yrðu orðnar úreltar, áður en l. taka gildi, en það verður ekki fyrr en um næstu áramót. Rökin, sem beitt er fyrir því, að ekki sé hægt að láta þessi l. taka gildi á þessu ári, eru þau, að í fjárl. yfirstandandi árs hafi ekki verið gert ráð fyrir slíkum hækkunum.

Þegar fram kom till. þess efnis að hækka greiðslur til almannatrygginga, er fjárl. voru afgreidd fyrir áramótin, þá var sagt, að það væri þýðingarlaust, l. um almannatryggingar væru í endurskoðun og ekkert þá vitað um fjárþörf til þeirra mála og það yrði að leysa það á einhvern hátt, þegar það lægi fyrir. Í aprílmánuði 1970, að mig minnir, hækkuðu greiðslur trygginganna um 5.6%. Þá komum við framsóknarmenn fram með till. um það, að þessar greiðslur hækkuðu upp í 15%. Þá töldu hæstv. stjórnarflokkar, að slík hækkun væri óhugsandi og óframkvæmanleg, þar sem ekki hefur verið gert ráð fyrir svo mikilli hækkun við afgreiðslu fjárlaga, en skömmu eftir að hv. Alþ. var hætt störfum þá um vorið, gaf hæstv. ríkisstj. út brbl. um að hækka þessar greiðslur um 20%. Rökin, sem höfðu verið notuð gegn okkar till. og nú eru aftur notuð gegn öllum hækkunum, voru ekki haldbetri en þetta. Það er staðreynd, að greiðslurnar voru hækkaðar um mitt ár, síðast um 20%, þó að fjárl. gerðu ekki ráð fyrir því á síðasta ári, og við teljum, að eins og kaupmáttur tryggingagreiðslnanna er nú og þegar litið er á þær miklu launahækkanir, sem orðið hafa t. d. hjá opinberum starfsmönnum, þá geti Alþ. ekki verið þekkt fyrir að láta þessar greiðslur til þeirra, sem óumdeilanlega eru verst settir í þjóðfélaginu, láta þær vera óbreyttar út allt þetta ár. Hvers konar jöfnuður er það, sem hæstv. félmrh. og hans flokksbræður eru farnir að berjast fyrir? Þegar ég var að læra rafmagnsfræði, þegar ég var ungur, þá var mér alltaf minnisstætt síðan, að kennarinn minn sagði oft, að annaðhvort væri þetta svona eða öfugt. Ég sé ekki betur en það megi segja eins um Alþfl. og það með eins miklum rétti, að annaðhvort berjist hann fyrir tekjujöfnuði eða öfugt. Mér sýnist þá, að það síðara sé nær lagi, enda er orðið flest öfugt í þeim flokki, og hæstv. menntmrh. mátti helzt skilja svo í sjónvarpsviðtali, þ. e. að Alþfl.-menn væru komnir öfugu megin við íhaldið miðað við það, sem þeir hefðu áður verið, eða hægra megin.

Ég var að vona, að við þessa endurskoðun á l. yrðu felld út úr þeim orðin styrkur og bætur. Í augum ýmissa er þetta e. t. v. smávægilegt atriði, hvort þessar greiðslur eru kallaðar styrkur, bætur eða t. d. laun. Þó er þar mikill munur á og allt annar blær á. Er ekki í vitund margra enn, að styrkur sé ölmusugreiðsla? Er það meining löggjafans, að það sé litið á þær þannig? II. kaflinn í l. heitir lífeyristryggingar. Allir þegnar þjóðfélagsins greiða iðgjöld vegna þessara trygginga frá því, að þeir eru 16 ára eða 17, eins og frv. gerir nú ráð fyrir, og til 67 ára aldurs. Þeir leggja þannig til hliðar hluta af launum sínum og geyma hann til elliáranna eða eiga hann til vara, ef sjúkdómar eða slys henda. Þó að ríkissjóður, sveitarfélög og atvinnurekendur inni einnig af hendi greiðslur í þessa sameiginlegu tryggingasjóði framtíðarinnar, þá breytir það engu um það, að allar þessar greiðslur eru hluti af vinnulaunum hvers og eins. Það er því mjög hæpið, að það sé réttmætt að kalla greiðslur frá almannatryggingum þessum nöfnum og raunar ástæðulaust með öllu að gera það. Er nokkuð, sem hindrar, að fjölskyldubætur, makabætur, mæðralaun og jafnvel ekkjubætur og ekkjulífeyrir beri sama heitið? Greiðslurnar yrðu breytilegar eftir aðstæðum. Einstætt foreldri fengi ákveðna greiðslu umfram það, sem hjón fá fyrir hvert barn, og það væri vandalaust að útbúa greiðslulista, þar sem hvert frávik er útfært. Fá störf eru nú eins vanmetin og heimilisstörfin, og ýmis löggjafaratriði geta hafa haft áhrif á það. Séu menn sammála um, að hugarfarsbreyting sé æskileg í þessu efni, þá ættu þeir hinir sömu að gera ráðstafanir, til að það megi verða. Fjölskyldubætur og mæðralaun eru í sjálfu sér greiðslur fyrir að vinna heimilisstörf. Hvers vegna eru þessar greiðslur ekki bundnar við nafn þess, er innir þau af hendi? Er ekki rökrétt að láta þessar greiðslur ganga undir nafninu: Húshaldslaun eða húsmæðralaun eða eitthvað þess háttar og einnig aðrar þær greiðslur, sem áður voru nefndar hér að framan, ef ekkert sérstakt mælir gegn því? Ef börnin eru fleiri en tvö væri eðlilegast, að þessar greiðslur færu hlutfallslega hækkandi, því að líklegt er, að annað foreldrið sé þá bundið við heimilið og geti því ekki unnið önnur störf. Séu þessar greiðslur

bundnar við nafn þess, sem vinnur heimilisstörfin, og undirstriki löggjafinn, að þessar greiðslur séu laun fyrir þá vinnu, væri þá ekki einhver von til þess, að tilfinning þjóðarinnar fyrir þessum störfum yrði með tíð og tíma önnur en hún er í dag og þessi störf yrðu frekar metin eins og vert er? Mæðralaunin eru allt of lág og einstæðir feður eiga að fá sömu greiðslur, því að ekki eru þeir betur settir, er þeir standa uppi með móðurlaus börn. Það er fráleit og úrelt hugsun að telja, að það sé minni fjárhagsleg röskun á högum heimilisins, þegar húsfreyjan fellur frá en húsbóndinn. En það leynir sér ekki, að í þessu frv. hefur hæstv. ríkisstj. þó þá skoðun enn. Eða hvernig vill hún skýra það, að frv. gerir ekki ráð fyrir sams konar greiðslum til einstæðra feðra og einstæðra mæðra? Meginbreyt. þessa frv., eins og það liggur fyrir, eru, að greiðslur til aldraðra og öryrkja eiga að hækka um 20% eða tæpar 1000 kr. á mánuði, barnalífeyririnn um 40% og fæðingarstyrkur um 13.3% og tekin er upp lágmarkstekjutrygging, sem miðuð er við 84 þús. kr. tekjur.

Þá kem ég að þeim brtt., sem minni hl. í heilbr.- og félmn. hefur leyft sér að leggja fram. Fyrsta brtt. er við 11. gr. og hljóðar a-liðurinn þannig, að við 1. málsgr. bætist: „Þó skulu þeir, sem gert hafa sjómennsku að ævistarfi og stundað sjómennsku í 35 ár eða lengur, öðlast fullan rétt til ellilífeyris, er þeir hafa náð sextugsaldri. Nú hefur maður stundað sjómennsku sem aðalstarf í 40 ár, og á hann þá rétt á tvöföldum ellilífeyri, er hann hefur náð sextugu. Fullan ellilífeyri ber einnig að greiða ekkjum, er þær verða 60 ára.“ 2. málsgr. 11. gr. orðist svo samkv. b-lið brtt.: Fullur árlegur ellilífeyrir einstaklings skal vera sem hér segir: Ef lífeyrir er fyrst tekinn frá 72 ára aldri eða síðar 129 676.00 kr., en í frv. 117 880.00 kr. Ef lífeyrir er fyrst tekinn frá 71 árs aldri eða síðar 116 311.00 kr. Ef lífeyrir er fyrst tekinn frá 70 ára aldri eða síðar 103 646.00 kr. Ef lífeyrir er fyrst tekinn frá 69 ára aldri eða síðar 93 957.00 kr. Ef lífeyrir er fyrst tekinn frá 68 ára aldri eða síðar 84 216.00 kr. Ef lífeyrir er fyrst tekinn frá 67 ára aldri eða síðar 78 120.00 kr. en í frv., eins og það er, 70 560.00 kr. C-liður hljóðar svo: „Við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi: Nú nýtur kvæntur eða giftur lífeyrisþegi, sem orðinn er 70 ára, aðeins lífeyris eftir þessum l. og hefur óverulegar vinnutekjur eða engar, og skal hann þá taka lífeyri, sem svarar til fulls hjónalífeyris, þótt maki hafi ekki náð 67 ára aldri, enda hafi maki ekki vinnutekjur sem neinu nemur.“ Eins og hv. þdm. vita, eru þess mörg dæmi, að konan er nokkuð mörgum árum yngri en maðurinn, og í þeim tilfellum hafa þau einfaldan lífeyri, eins og l. eru nú, þó að þau hafi engar aðrar tekjur. 2. brtt. „Við 12. gr. Í stað „kr. 70 560.00“ í síðustu málsgr. komi: kr. 78 120.00.“ 3. brtt. er við 14. gr. „Í stað orðanna „Barnalífeyrir greiðist móður eða foreldrum barnanna“ í 4. málsgr. komi: Barnalífeyrir greiðist foreldri eða foreldrum barnanna.“ 4. brtt. „Við 15. gr. Greinin orðist svo: Einstætt foreldri, sem hefur eitt eða fleiri barna sinna á framfæri og lögheimili á hér á landi, skal hljóta árlega greiðslu fyrir hvert barn, kr. 22 400.00. Ákvæði þetta skal ná til fósturmæðra eða fósturfeðra.“ Í frv., eins og það liggur fyrir, eru ekki ætlaðar neinar greiðslur til einstæðra feðra eins og til einstæðra mæðra. Í frv. er lagt til, að greitt verði með fyrsta barni 6192 kr., með tveimur börnum 33 600 kr. og með þremur börnum og fleiri 67 200 kr., en við leggjum til, að þessar greiðslur verði jafnar á hvert barn og bæði einstæðir feður og mæður fái sömu greiðslur.

6. brtt. okkar er við 19. gr. „a. Í stað „kr. 84 000.00“ í 2. málsgr. komi: kr. 125.000.00. b. Við 2. málsgr. bætist: Nú nýtur elli- eða örorkulífeyrisþegi bóta samkv. l. um eftirlaun til aldraðra í stéttarfélögum, og skulu þau laun hans þá ekki skerða rétt hans til framangreindrar hækkunar. c. Í stað „3/5“ í 3. málsgr. komi: 4/5 — og í stað „2/5“ komi: 1/5. d. Aftan við greinina bætist ný málsgr. svo hljóðandi: Viðbótarlífeyri, sem nemi fullum einstaklingslífeyri, er heimilt að greiða hjónum, sem orðin eru 70 ára að aldri, en hafa óverulegar tekjur eða engar og eru ekki félagar í lífeyrissjóði.“

Hv. heilbr.- og félmn. hefur borizt umsögn um þetta frv. frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, og ég vil leyfa mér að lesa hér upp kafla úr því, með leyfi forseta: „Lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp til nýrra heildarlaga um almannatryggingar. Er frv. samið af nefnd, sem ráðherra skipaði s. l. vor. Ekki var Sambandi íslenzkra sveitarfélaga gefinn kostur á að eiga aðild að endurskoðun laganna eða að tilnefna fulltrúa í endurskoðunarnefndina, en sambandið hefur árum saman óskað eftir því, að höfð yrðu samráð við samtök sveitarfélaganna, þegar undirbúnar væru breytingar á almannatryggingalöggjöfinni, svo mjög sem hún snertir öll sveitarfélög landsins, þar sem þau eru stór kostnaðarþátttakandi í lífeyris- og sjúkratryggingunum. Einnig hefur sambandið lengi haft uppi þá kröfu, að sveitarfélögin ættu fulltrúa í tryggingaráði, en skv. 5. gr. frv. er gert ráð fyrir óbreyttri skipan ráðsins, frá því sem nú er.

Stjórn Sambands íslenzkra sveitarfélaga vill vekja sérstaka athygli hins háa Alþingis á því, að samþykkt frumvarpsins mundi — vegna ákvæða þess um hækkun bótafjárhæða — hafa í för með sér nær því 100 millj. kr. aukin útgjöld á ári fyrir sveitarfélögin til Tryggingastofnunar ríkisins auk hækkaðra framlaga til sjúkrasamlaganna, en ekki er vitað, hve sú útgjaldaaukning verður mikil eða hvernig hún muni koma við einstök sveitarfélög.

Fjárhagur margra sveitarfélaga einkum í dreifbýli er nú mjög bágborinn. Hafa mörg þeirra þurft að innheimta útsvör með fullu, 20%, álagi og þar að auki orðið að fá aukaframlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að ná endum saman vegna greiðslu lögboðinna útgjalda og annars tilkostnaðar. Í því sambandi er rétt að vekja athygli á því, að á þessu ári eru tekjustofnar sveitarfélaga að verulegu leyti bundnir vegna verðstöðvunarlaganna, og þótt þau falli úr gildi á þessu ári, er þannig ástatt hjá

mörgum sveitarfélögum í dreifbýli, að afkoma gjaldenda hefur versnað, þannig að lítið er til að leggja á, en útgjöld hafa samtímis farið vaxandi.

Af framangreindum ástæðum er það eindregin ósk Sambands íslenzkra sveitarfélaga, að greiðsluhlutföllum til lífeyris- og sjúkratrygginganna samkv. 20. og 49. gr. frv. verði breytt, þannig að framlög sveitarfélaganna verði óbreytt í krónutölu eftir gildistöku laganna, frá því sem þau eru."

En eins og er, þá er gert ráð fyrir því, að sú viðbótargreiðsla, sem á að mæta þessari tekjutryggingu, komi á sveitarfélögin, þ. e. 2/5 hlutar af henni beint. Síðan verða sveitarfélögin að borga sín 18% eins og af öllu öðru í þessar tryggingar, og þá kemur í ljós, að hlutur sveitarfélaganna er þannig, að það verða rúmlega 50% af þessari greiðslu. Þetta fyrirkomulag, þ. e. að láta sveitarfélögin borga þessar greiðslur, verður til þess, að það verður eins og einhvers konar framfærslublær á þessu. Hver og einn verður fyrst að fara til sveitarstjórnanna til þess að fá þessar greiðslur, og því verður að finna einhverja aðra leið en lagt er til í þessu frv. Við leggjum til, að það verði 1/5, sem sveitarfélögin eigi að borga beint af þessu, sem mundi þýða, að þeirra greiðslur af þessari hækkun yrðu um 31% í staðinn fyrir rúmlega 50% í frv.

7. brtt. „Við 23. gr. Aftan við 1. málsgr. bætist: Nemendur 17—20 ára, sem stunda nám eigi skemur en 6 mánuði á ári, eru einnig undanþegnir gjaldskyldu." 8. brtt. „Við 34. gr. a. Aftan við 4. málsgr. bætist: Nú hafa örorkubætur verið greiddar í eitt skipti fyrir öll samkv. heimild þessarar greinar, og á þá hlutaðeigandi rétt á verðbótum á slíka greiðslu á 10 ára fresti, og skal verðbótin vera í réttu hlutfalli við breytingar á upphæð örorkubóta síðustu 10 árin. b. Við greinina bætist: Skipverjar, þar með taldir formenn á bátum undir 12 smálestir að stærð, sem tryggðir eru samkv. 29. gr. l., skulu njóta sérstakra örorku- og dánarbóta til viðbótar þeim bótum, sem ákveðnar eru í 34. og 35. gr. Hinar sérstöku bætur skulu vera 600 þús. kr. miðað við dauða, en 800 þús. kr. við 100% varanlega örorku, en hlutfallslega lægri, ef varanleg örorka er metin innan við 100%. Ráðh. getur breytt bótaupphæðum til hækkunar, ef almenn hækkun verður á umsömdum slysabótum sjómanna á stærri bátum en 12 smálesta. Um bætur þessar gilda hinar almennu reglur laganna, eftir því sem við á." 9. brtt. er við 36. gr. „Á eftir 1. málsgr. komi: Íþróttafélög greiða 1/3 af iðgjöldum fyrir íþróttafólk, en ríkissjóður 2/3. Nánari ákvæði um slysatryggingar íþróttafólks og skiptingu iðgjalda skulu sett í reglugerð í samráði við Íþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands." 10. brtt. er við 43. gr. „a. að aftan við staflið h. komi nýr stafliður, þannig: i. Tannlækningar að 3/4 hlutum, þegar þær teljast bein heilsufarsleg nauðsyn, og skal setja um það nánari ákvæði í reglugerð. b. Orðin „svo og greiðslu fyrir tannlækningar" í síðustu málsgr. falli niður. 11. brtt. „Við 44. gr. Í staðinn fyrir „kr. 29.00" í 4. málsgr. komi: kr. 80.00."

12. brtt. er við 45. gr. „a. 1. málsliður orðist svo: Leita skal staðfestingar Tryggingastofnunar ríkisins á samningum, sem sjúkrasamlög gera við lækna, tannlækna, lyfjabúðir og heilbrigðisstofnanir um greiðslur til fullnægingar ákvæðum 42. gr. b. Fyrsti málsliður 2. málsgr. orðist þannig: Náist ekki samkomulag við lækna eða tannlækna, skal gerðardómur ákveða samningskjörin. c. Í stað orðanna „samkvæmt 43. gr. a og b" á tveim stöðum síðar í 45. gr. komi: samkvæmt 43. gr. a, b og i." 13. brtt. „Við 46. gr. Aftan við gr. bætist: Nú er hérað sjúkrahúss- og læknislaust, og skal þá Tryggingastofnun ríkisins greiða nauðsynlegan ferðakostnað fyrir sjúklinga og barnshafandi konur." 14. brtt. er við 78. gr. „a. Í stað „ 6 mánaða" í 1. málsgr. komi: eins mánaðar. b. Við greinina bætist: Ákvæði þessarar greinar koma til framkvæmda þegar í stað." Þetta ákvæði, að í stað 6 mánaða komi 1 mánuður, er um það, að ef hækkað verður kaup við fiskvinnu, þá eigi hækkun að koma á tryggingagreiðslurnar ekki eftir 6 mánuði, eins og er í frv. heldur eftir 1 mánuð. 15. brtt. er við 80. gr. „Upphaf greinarinnar orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1971." 16. og síðasta brtt. „Við ákvæði til bráðabirgða: a. Í stað orðanna „helmingur hreinna eigna samlags þess, sem niður er lagt," í 3. tölulið komi: 1/4 hluti hreinna eigna samlags þess, sem niður er lagt, — og í stað „helmingur skal ganga upp í framlög hlutaðeigandi sveitarfélags" í sama tölulið komi: 3/4 hlutar skulu ganga upp í framlög hlutaðeigandi sveitarfélags. b. Við ákvæðin bætist nýr töluliður, svofelldur: Þegar eftir samþykkt laga þessara skal skipuð milliþinganefnd, er falið sé það hlutverk að framkvæma heildarendurskoðun laga um almannatryggingar. Sameinað Alþingi skal kjósa 2 menn í nefndina, en hver þingflokka skal skipa í hana einn fulltrúa. Ráðherra skipar formann nefndarinnar úr hópi hinna kjörnu."

Herra forseti. Þá hef ég lýst þeim brtt., sem minni hl. hefur lagt hér fram, og við væntum þess, að hv. d. sjái sér fært að samþykkja sem mest af þessum till. og fyrst og fremst um það, að lögin taki gildi ekki síðar en 1. júlí n. k.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja tvær brtt. við frv. til laga um almannatryggingar. Fyrri brtt. er við 43. gr. um það að f-liður þeirrar greinar orðist svo: Dvöl vegna fæðingar í sjúkrahúsi og fæðingarstofnun. Þetta þýðir, að kostnaður af sjúkrahúsdvöl fæðandi konu verði greiddur af tryggingunum. En eins og l. eru nú, er sjúkrahúskostnaður vegna barnsburðar undanþeginn tryggingunum, en hins vegar greiddur fæðingarstyrkur, sem verið er að rokka með fram og aftur, eftir því sem daggjaldakostnaður á sjúkrahúsum segir til, og verður því oft og tíðum veruleg rekistefna út af því við sængurkonurnar, hvort þær hafi látið í té og útvegað nægar tryggingar eða geti snarað út greiðslu fyrir þeim mismun, sem á ýmsum tímum er á fæðingarstyrknum og kostnaði við sjúkrahúsdvöl á sjúkrahúsi eða annarri fæðingar-

stofnun. Þetta tel ég óhafandi, hvort sem það er almennt litið svo á, að sjúkrahúskostnaður sé greiddur af tryggingunum. Mér finnst það alveg furðulegt, að við hverja endurskoðunina á fætur annarri skuli þetta ekki vera leiðrétt, þannig að kona, sem er að fæða þjóðfélaginu nýjan þegn, fái vegna sjúkrahúsvistar, sem er að læknisráði, greiddan þann kostnað úr tryggingunum eins og vegna annars sjúkrahúskostnaðar. Það er víst, að þetta væri veruleg réttarbót ekki sízt fyrir konur utan af landi, sem auk þess að standa þarna í alls konar útréttingum til þess að tryggja sér sjúkrahúsvistina, vegna þess að tryggingarnar greiða ekki þessa tegund sjúkrahúsvistar, verða auk þess að greiða geysilega mikinn ferðakostnað frá sínu heimili og oft og tíðum til baka aftur og eiga þess vegna oft í miklum fjárhagserfiðleikum í sambandi við þetta. Mér finnst þetta vera svo augljós og sjálfsögð leiðrétting á íslenzka tryggingakerfinu, að ég læt í ljós mikla undrun yfir því, að endurskoðun skuli ekki hafa tekið þessa leiðréttingu með.

Þá er seinni till. mín. Hún er við 80. gr. Ég hef séð, að minni hl. hv. heilbr.- og félmn. hefur borið fram brtt. um gildistöku laganna, þannig að öryrkjar og aðrir bótaþegar tryggingannna þurfa ekki að bíða fram í ársbyrjun 1972 eftir því, að tryggingabætur hækki nokkuð, heldur er lagt til, að l. öðlist gildi 1. júlí n. k.; það væri þó nokkur miðlun. En samt sem áður, þó að sú till. fengist samþ., sem sjálfsagt er nú ekki að heilsa, þá tel ég, að ellilífeyrir og örorkubætur eigi að fá sína hækkun þegar í stað, þegar lög þessi öðlast gildi. Ég legg því til, að ákvæði laganna um ellilífeyri og örorkubætur komi til framkvæmda þegar í stað þó svo, að l. að öðru leyti taki ekki gildi fyrr en 1. júlí. Þetta teldi ég nokkra bragarbót á því hneykslanlega tiltæki að láta ekki þessa löggjöf taka gildi fyrr en um næstu áramót, og teldi ég þó það eitt vera fullsæmandi, að lögin tækju þegar gildi. Ég held, að það þurfi ekki frekari skýringa við vegna þessara tveggja till. minna og læt því máli mínu lokið.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða, áður en þessari umr. lýkur að minnast á tvö atriði, sem ég tel miklu máli skipta. Annars vegar vildi ég taka undir ábendingar Sambands ísl. sveitarfélaga um þörf sveitarfélaga fyrir nýja tekjustofna, ef þau eiga að geta staðið undir þeim útgjöldum, sem frv. hefur í för með sér fyrir þau. Í trausti þess, að sú athugun, sem nú fer fram, á skiptingu verkefna milli ríkis og sveitarfélaga og á tekjustofnum ríkis og sveitarfélaga, beri þann árangur, að viðunandi sé að þessu leyti, þá fylgi ég framkomnu frv. Hitt atriðið, sem ég vildi nefna í tengslum við þetta mál, er að mínu viti óleyst samkv. því, sem frv. er nú; það eru tengslin milli persónufrádráttar og fjölskyldubóta, milli skattalaga annars vegar og tryggingalöggjafarinnar hins vegar. Ég tel eðlilegra, að fjölskyldubætur komi fram sem hækkun á persónufrádrætti þó þannig, að persónufrádrátturinn verði sá hinn sami í krónutölu fyrir hvern gjaldanda, og að þeir, sem ekki fá notið hans að fullu vegna þess, að tekjur þeirra eru lægri en persónufrádrættinum nemur, fái þá endurgreiðslu úr ríkissjóði. Ég tel einnig, að það þurfi að taka til meðferðar í þessu sambandi, hvort og að hve miklu leyti iðgjöld til almannatrygginga skulu vera frádráttarbær frá skatti þannig, að fjármagn það, sem til almannatrygginga fer, nýtist sem bezt og einkum þeim til handa, sem mesta þörfina hafa.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 791,1 felld með 20:10 atkv.
11. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 791,2 felld með 20:12 atkv.
12. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 791,3 felld með 21:14 atkv.
14. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 791,4 felld með 20:13 atkv.
15.—16. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 791,5 felld með 20:12 atkv.
17.—18. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 791,6 felld með 21:14 atkv.
19.—22. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 791,7 felld með 21:13 atkv.
23.—25. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
26. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
27.—33. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 791,8 felld með 21:12 atkv.
34.—35. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 791,9 felld með 21:14 atkv.
36. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
37.—42. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 817,1 felld með 21:10 atkv.
Brtt. 791,10 felld með 21:13 atkv.
43. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 791,11 felld með 20:12 atkv.
44. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 791,12 felld með 20:13 atkv.
45. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 791,13 felld með 20:14 atkv.
46.—49. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
50.—71. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 784,1 samþ. með 25 shlj. atkv.
72. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
73.—77. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 791,14 felld með 20:11 atkv.
78.—79. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 791,15 felld með 21:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BP, EystJ, GíslG, HS, IG, JK, JónasÁ, LJós, MK, SE, SV, VH, ÞÞ, ÁÞ.

nei: BF, BK, BGuðm, BrS, EmJ, FÞ, GeirH, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, MB, PJ, PS, SI, EKJ, ÁS, BGr, MÁM.

5 þm. (EðS, GeirG, HV, JSk, SP) fjarstaddir.

Brtt. 817,2 felld með 21:13 atkv.

80. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 784,2 samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 791,16 felld með 21:11 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða, svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 873, 875).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Við höfum leyft okkur, minni hl. í heilbr.- og félmn. Nd. að flytja hér brtt., sem er þannig: „Við 80. gr. Upphaf gr. orðist svo: Lög þessi öðlast gildi 1. sept. 1971.“ Eftir að búið er að fella þær brtt., sem n. lagði hér fyrir hv. d., og sérstaklega þetta atriði að fella það, að l. tækju gildi 1. júlí, þá viljum við enn freista þess að koma fram með till. þess efnis, að l. taki gildi í síðasta lagi 1. sept. Eins og hv. þdm. vita, þá er reiknað með því, að það verði nú einhver breyting á 1. sept. Þessu verðstöðvunartímabili lýkur þá, og allt er í óvissu um, hvað við tekur. A. m. k. er það í óvissu í dag. Við teljum það ekki vera eðlilegt, ef þessi lög taka ekki gildi fyrr en um áramót, og gamla fólkið og öryrkjarnir fyrst og fremst verða að bíða eftir hækkunum út árið. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að flytja hér langt mál um þessa brtt. Það er búið að ræða þetta mál hér í hv. d. það mikið, en ég vænti þess, að hv. dm., sérstaklega þeir, sem styðja hæstv. ríkisstj., hugsi nú sitt ráð og athugi það, hvort þeir geti ekki verið með okkur í því að samþykkja þessa till.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 89. fundi í Nd., 6. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 875 felld með 21:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BP, EðS, EystJ, GeirG, GíslG, HS, IG, JK, JSk, JónasÁ, LJós, MK, SE, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ.
nei: ÁS, BGr, BF, BK, BGuðm, BrS, EmJ, FÞ, GeirH, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, MB, PJ, PS, SI, EKJ, MÁM.
1 þm. (HV) fjarstaddur.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Birgir Finnsson: Herra forseti. Samkv. því frv., sem nú er komið á lokastig til afgreiðslu hér á hv. Alþ., munu útgjöld almannatryggingakerfisins aukast um 500 millj. kr. Það er engu síður vandi að afla þessa fjár en að úthluta því, og eins og fram kom í ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e. hér í gær, hefur heilbr.- og félmn. þessarar d. borizt erindi frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, þar sem þessi hlið málsins er gerð að umtalsefni. Með sérstöku tilliti til þessa erindis Sambands ísl. sveitarfélaga segi ég nei.

Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 94. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 96. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 891).

---

58. Landsvirkjun.

Á 3. fundi í Sþ., 15. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 frá 20. maí 1965, sbr. l. nr. 36 frá 7. maí 1969, um Landsvirkjun [10. mál] (stjfrv., A. 10).

Á 4. fundi í Ed., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 5. fundi í Ed., 26. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að fara nokkrum orðum um þetta frv. til l. um breyt. á l. um Landsvirkjun, sem nú er til umræðu. Hér er um stórmál að ræða, en meginefni þess er, að Landsvirkjun sé heimilt til viðbótar þeirri heimild, sem hún hafði til að reisa orkuver við Búrfell, að reisa tvö orkuver í Tungnaá, annað við Hrauneyjafoss, en hitt við Sigöldu, hvort um sig allt að 170 MW raforkuver. Að öðru leyti, eins og í hliðstæðum tilfellum, þá eru heimildir til ábyrgðar, til lántöku og ábyrgðar á lánum og einnig heimild til þess að ákveða, að ríkissjóður leggi Landsvirkjun til tiltekna fjárupphæð, 350 millj. kr. sem höfuðstól gegn jöfnu framlagi frá Reykjavíkurborg, en Reykjavíkurborg er, eins og kunnugt er, eignaraðili *á móti ríkinu* að Landsvirkjun.
Að öðru leyti eru í frv. ákvæði, sem hliðstæð hafa verið í slíkum málum og nú eru í landsvirkjunarlögum, um að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum og vélum til virkjananna. Meginefni málsins er það, að eins og fram kemur í athugasemdunum er gert ráð fyrir því, að sú orka eða framleiðslugeta vatnsaflsstöðva Landsvirkjunar, sem fyrir eru í Sogi og í Þjórsá við Búrfell, miðað við það, að Búrfellsvirkjunin verði full-

gerð 1972, að álag á þessar aflstöðvar fari upp í um 300 MW á árinu 1974 og þá sé fullnýtt þeirra orka. Og þá er bent á það, að það þarf jafnan allverulegan undirbúningstíma bæði í sambandi við fjáröflun og framkvæmdir, þegar orkuver eru byggð, og gert er ráð fyrir því, að meiri háttar virkjanir taki að jafnaði um 5—6 ár og því er þetta frv. nú flutt, til þess að orkan, viðbótarorkan við það, sem við nú höfum, geti verið tiltæk eftir 1974.

Það er ekki aðeins hér um að ræða að hafa viðbótarorku fyrir okkar eigin þarfir, heldur er einnig vikið að því, að það verði senn lagður grundvöllur að meiri háttar atvinnugreinum, þá væntanlega að stóriðju, orkufrekum iðnaði, og ódýrri orkuframleiðslu í þágu hins almenna notanda um leið. Nú liggur ekki fyrir nein vissa um frekari stóriðju á þessu stigi málsins, en rétt að segja það, að það hefur verið rætt og haft í huga að kanna möguleikana á frekari stóriðju eða frekari iðnþróun orkufreks iðnaðar. Það hefur ýmislegt komið til greina, svo sem stækkun á álverinu, sem nú er hér í Straumsvík. Einnig hafa farið fram viðræður við aðra aðila um að reisa hér álbræðslur. Það hefur nú komið til álita annar efnaiðnaður, bæði ef reist yrði hér sjóefnavinnsla á Reykjanesi og einnig í tengslum við sjóefnavinnslu og í tengslum við hugsanlega olíuhreinsunarstöð, ef reist yrði. Var rætt um fyrir tveimur árum hugsanlega vítissódaverksmiðju, sem þyrfti allverulega orku, í tengslum við sjóefnavinnsluna t. d., en þær viðræður, sem þá fóru fram, hafa legið niðri, vegna þess að aðstæður voru þá þannig á heimsmarkaðinum, að viðkomandi aðili, sem var reyndar svissneska álfélagið, hafði ekki í bili áhuga á að eignast eða vera aðili að byggingu slíkrar verksmiðju. Þannig hefur sitt hvað komið til álita, og tíminn skiptir auðvitað miklu máli, þegar áfram á að ræða um slíka möguleika til nýrrar stóriðju, að vita nokkuð, hverjir möguleikar okkar eru til að selja rafmagn og með hvaða kjörum, þegar þar að kæmi, svo að þetta tvinnast saman að fullnægja okkar eigin þörf fyrir aukna raforku og geta tíundað gagnvart hugsanlegum aðilum, sem hefðu áhuga, annaðhvort sjálfir eða í samvinnu við íslenzka aðila, á að reisa hér einhver iðjuver, að geta tíundað fyrir þeim, hvaða möguleikar væru fyrir hendi. Það mundi svo fara að sjálfsögðu eftir atvikum sá framkvæmdahraði eða framkvæmdahraðinn við þessar virkjanir, þar er gert ráð fyrir að virkja hvora út af fyrir sig, og það gæti auðvitað hugsazt bil þar á milli um lengri eða skemmri tíma eftir atvikum. En framkvæmdahraðinn mundi þá auðvitað fara eftir þeim möguleikum, sem við hefðum til hagnýtingar orkunnar. Eftir því sem eftirspurnin væri meiri eftir henni á skemmri tíma, þá mundi framkvæmdahraðinn ákvarðast. En alla vega er það skoðun Landsvirkjunar, og ég held, að það sé enginn ágreiningur um það, að þessar tvær virkjanir, í hvaða röð sem þær eru nú teknar, séu þær álitlegustu sem næsta skref af hálfu Landsvirkjunar. Frekari virkjanir í Þjórsá og þá í Efri-Þjórsá koma á eftir þessu, svo að langt árabil yrði, þangað til að þeim yrði hnigið, og e. t. v. sköpuðust einhverjir álitlegri virkjunarmöguleikar, það er mér ekki kunnugt um enn þá, á frekari virkjun í Þjórsá. En ég segi þetta aðeins vegna hugsanlegra erfiðleika á náttúruvernd í Þjórsárverum vegna heiðargæsarinnar þar, en það mál hefur verið kannað af innlendum og erlendum sérfræðingum, rætt á alþjóðlegum fundum, og af þeim sökum að það er verulegur hluti stofns heiðargæsarinnar, sem hefur sitt aðsetur eða verpir hér á landi og aðallega á þessum slóðum, þó að það sé að vísu í minna mæli nokkuð á öðrum stöðum. En þetta mál er áfram í rannsókn, og þegar þar að kæmi, eftir langan tíma, að loknum þessum báðum virkjunum, sem engin áhrif hafa á heiðargæsina um þetta atriði, að þeim loknum, er sennilega nokkuð langur tími liðinn, og þá hefur gefizt tækifæri til þess að rannsaka hitt málið nánar og með hverjum hætti hægt væri að samræma þar náttúruvernd og virkjunarframkvæmdir, en að hvoru tveggju er að sjálfsögðu þýðingarmikið að huga.

Ég held að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð til þess að fylgja þessu máli úr hlaði og leyfi mér að leggja til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til iðnn. með 14 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A.10, n. 243).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Iðnn. hefur haft til athugunar frv. til laga um Landsvirkjun, 10. mál Ed., lagt fram af hæstv. iðnrh. Á þskj. 243 skilar n. áliti og mælir með samþykkt frv., en einstakir nm. áskilja sér rétt til að fylgja eða flytja brtt. við frv. Iðnn. beggja þingdeilda héldu með sér sameiginlegan fund um þetta mál og fengu til viðræðna formann stjórnar Landsvirkjunar, Jóhannes Nordal, seðlabankastjóra, og framkvæmdastjóra Landsvirkjunar, Eirík Briem. Lagafrv. það, sem hér er borið fram, er breytingar á lögum um Landsvirkjun og heimildir Landsvirkjunarstjórnar til virkjunar Sigöldu- og Hrauneyjafossvirkjunar í Tungnaá, hvor ætluð um 170 MW að stærð. Einnig gerir frv. ráð fyrir, að Landsvirkjun eignist öll nauðsynleg vatnsréttindi þessum virkjunum viðkomandi. Þá gefur frv. hæstv. ríkisstj. heimild til þess að ábyrgjast virkjunarkostnað annarrar þessarar virkjunar, sem hér um ræðir. Undirbúningsvinna er ekki talin vera komin á það stig, að hægt sé að slá föstu, hvora þessara tveggja virkjana sé álitlegra að hefja fyrst. En að það sé sett á vald stjórnar Landsvirkjunar og ábyrgðarheimild ríkisins gildir fyrir hvora virkjunina sem er. Í skýringum við frv. í 5. gr., um

fjáröflun og ábyrgðir, segir: Til að greiða fyrir lántökum innan lands eða utan er ríkisstj. heimilað að ábyrgjast lán, er Landsvirkjun tekur þeirra vegna, að fjárhæð allt að 5900 millj. kr., eða taka lán hennar vegna allt að sömu fjárhæð og endurlána það Landsvirkjun. Er hér um að ræða hækkun á fjárhæð heimildarinnar um 2772 millj. kr., en mismunurinn, 3128 millj. kr., er heimild, sem þegar hefur verið notuð að fullu vegna Búrfellsvirkjunar. Hækkun heimildarinnar er miðuð við nauðsynlegar lántökur vegna Þórisvatnsmiðlunar, undirbúningsframkvæmda í þágu nýrra virkjana í Tungnaá við Hrauneyjafoss og Sigöldu og fullnaðarvirkjunar á öðrum hvorum staðnum.

Frv. gerir einnig ráð fyrir heimild til að byggja frekar eldsneytisstöðvar, ef með þarf, til vara. Ekki er þetta þó fyrirhugað nú og líklega minni ástæða fyrir slíkum stöðvum, eftir því sem vatnsvirkjanir verða fleiri og stærri, og þegar ný háspennulína verður komin frá aðalvirkjunarsvæðinu.

Á fundi með forráðamönnum Landsvirkjunar kom fram, að stækkun Búrfellsvirkjunar gengur samkvæmt áætlun. Komið hefur í ljós, að vélasamstæður þær, sem þegar eru í gangi, gefa 15% meira afl heldur en lofað var. Hinar nýju vélasamstæður, sem síðan voru pantaðar, eru nú að koma til landsins og má reikna með, að þær komist í gagnið á næsta ári. Enda má það ekki seinna vera vegna stækkunar, sem nú fer fram á álverinu í Straumsvík, og vegna aukinnar raforkunotkunar til almennra þarfa.

Eins og að líkum lætur þá má búast við, að stór partur af þeirri orku, sem hinar nýju virkjanir framleiða, fari til þess að fullnægja stórnotendum, sem án efa á eftir að fjölga hér á næstu árum. Nú þegar er álvinnslan hér í örum vexti, þótt eitthvað hafi hins vegar dregið úr sölu á þessari málmtegund á hinum almenna heimsmarkaði. Rannsóknaráð ríkisins hefur að undanförnu starfað mjög ötullega að framhaldsathugunum á því, að hér verði komið á fót vinnslu magnesíums, sjóefnavinnslu, framleiðslu á þungu vatni, svo að nokkuð sé nefnt. Og fyrir nokkrum dögum var stofnað hér í Reykjavík félag til könnunar á að hefja hér á landi járnbræðslu úr úrgangsjárni, sem til fellur í landinu. Slíkur iðnaður byggist fyrst og fremst á ódýrri og nægilegri raforku. Það virðist sem nokkur dráttur verði á, að kjarnorkan verði beizluð í þessu skyni nægilega fljótt og ódýrt. Það er því ástæða til fyrir okkur Íslendinga að halda okkur af fullum krafti við byggingarframkvæmdir raforkuvera, þannig að eyður skapist ekki. Rétt væri að gera langtímaáætlun t. d. 10 ára áætlun um virkjanir. Og þarf þá að hafa í huga, að Íslendingar framkvæmi sem mest af þessu sjálfir og fastir vinnuflokkar væru fluttir í beinu framhaldi milli virkjunarstaða, án þess að eyður mynduðust. Slíkar stórvirkjanir eru mannfrekar, en það skapar að sjálfsögðu mikinn vanda á okkar litla vinnumarkaði, þegar slíkar framkvæmdir hefjast og snögglega vantar 500—1000 manns, og ekki síður, þegar slík stórverk dragast snögglega saman. Ég beini því til hæstv. orkumálaráðh., að enn betur sé hugað að þessu og langtímaáætlun sé gerð með jöfnun á stórfelldum virkjunarframkvæmdum.

Áður en ég lýk máli mínu þykir mér rétt að minnast á eina grein rafmagnsnota, sem algerlega hefur verið vanrækt hér á landi, en það er upphitun húsa. Það er furðulegt, hversu mikinn seinagang og sinnuleysi forráðamenn raforkumála hafa sýnt raforkusölu til húsahitunar. Að vísu höfum við Íslendingar sérstöðu með heita vatnið, en notkun þess til upphitunar er áreiðanlega heppilegasti hitagjafinn í þéttbýli, þar sem nýtilegur hiti er á annað borð í jörðu. Í strjálbýli hefur rafmagnshitun augsýnilega kosti, þar sem leiða þarf orkuna langa vegalengd. Til þess að viðhalda jafnvægi við þá staði, sem hafa heitt vatn, er ekkert til, sem kemur í námunda við rafmagnshitun, bæði hvað snertir hagkvæmni, stofnkostnað og gjaldeyrissparnað. En til þess að slíkt verði mögulegt almenningi, þarf þessi ákjósanlegi hitagjafi að vera seldur á sambærilegu verði og ekki dýrara heldur en innflutt olía eða helzt í samkeppni við heita vatnið. Mér skilst, að þar sem upphitun húsa með rafmagni er leyfð hér á landi, þá sé ekki óalgengt að selja hverja kwst. á um 1 kr. kw. Borið saman við t. d. í Noregi, sem nýtir rafmagn til upphitunar í stórum stíl, þá er kwst. þar seld á 4½ eyri norskan eða 54 aura íslenzka, — helmingi ódýrari. Með því að gera rafmagnsupphitun hagkvæma fyrir dreifbýlið mundi skapast margföld nýtni á dýrum heimtaugum, sem lagt hefur verið í á hina ýmsu staði. Ég held, að sérfræðingar okkar í rafmagnsmálum hafi verið seinir að taka hér við sér og ekki óeðlilegt, að kraftur sé nú settur á raunhæfa athugun og aðgerðir, sem tryggi öllum landsmönnum upphitun frá innlendum orkulindum á næstu árum.

Helgi Bergs: Herra forseti. Það, sem þetta frv. felur í sér, eru auknar heimildir til virkjana á Þjórsársvæðinu, nánar tiltekið í Tungnaá, og tilheyrandi aukning á framlagi ríkissjóðs og ábyrgðarheimildum ríkissjóðs, ásamt venjulegum ákvæðum um eftirgjöf tolla. Iðnn. hefur, eins og frsm. hefur gert grein fyrir, einróma mælt með frv. og þær aths. mínar, sem ég nú ætla að gera, lúta ekki að þessum efnisatriðum frv. Það kallar nú þegar að að ákveða nýja virkjun, því að sú raforka, sem fyrir hendi er, verður fullnotuð væntanlega eftir 4—5 ár, svo að aðeins með tilliti til innlenda markaðsins er eðlilegt, að farið sé nú þegar að huga að nýjum framkvæmdum. Að vísu skortir markað fyrir orkuna alla, sem úr annarri hvorri þeirri virkjun, sem hér er heimiluð, fæst. En hæstv. forsrh. hefur gert grein fyrir því, að unnið sé að því að auka markaðinn, og það má þess vegna gera ráð fyrir því, að í kjölfar þessa frv. fylgi á sínum tíma annað, sem yrði þá væntanlega, ef sú leið yrði farin, sem gefin hefur verið til kynna, að raforkukaupandi yrði orkufrekur iðnaður á vegum erlendra, þá má gera ráð fyrir því, að það komi svo til meðferðar hér á

sínum tíma í Alþ., og verður þá að sjálfsögðu tekin afstaða til þess, eftir því sem efni standa til, og þegar þar að kemur.

Þær aths., sem ég ætla að gera hér, lúta hins vegar að stofnuninni Landsvirkjun, fyrirtækinu Landsvirkjun. Vorið 1965, þegar landsvirkjunarlögin voru til meðferðar hér í þessari hv. deild, átti ég sæti í fjhn. deildarinnar, sem hafði frv. til meðferðar. Þá skilaði ég minnihlutaáliti um frv. ásamt félaga mínum í fjhn. d., Karli Kristjánssyni, þar sem við lögðum sérstaka áherzlu á það, að nauðsynlegt væri, að Landsvirkjun yrði raunveruleg landsvirkjun á borði eins og í orði, og í nál. okkar, — við fluttum nokkrar brtt., sem lutu að þessu, og í nál. okkar sem birt var á þskj. 708 það ár, þá sagði m. a., að um það hefði ekki náðst samkomulag við meiri hl. í fjhn. og: „Flytjum við því brtt. á sérstöku þskj., sem miða að því að styrkja þá stefnu, að Landsvirkjun nái sem fyrst til landsins alls og jafni aðstöðu í þessum efnum". Við lögðum áherzlu á það sem sagt, að Landsvirkjun gæti þjónað landinu öllu, og þá um leið hitt, að landsmenn allir að jöfnu ættu þetta fyrirtæki, þetta veigamikla fyrirtæki, sem gert var ráð fyrir, að léti þeim í té svo mikilvæga þjónustu.

Eins og hv. þm. er öllum kunnugt, þá eru ríkið og Reykjavíkurborg helmingsaðilar að Landsvirkjun og okkur er sjálfsagt öllum ljóst, hvernig það er til komið, nefnilega þannig, að Reykjavíkurborg var á sínum tíma eigandi Sogsvirkjunarinnar, — fyrst ein og síðan að hluta með ríkinu, — sem varð uppistaðan í Landsvirkjun. En hins vegar kom í ljós, þegar landsvirkjunarfrv. var til umr., að það var nokkuð almennur skilningur á því, að æskilegt væri, að landsmenn allir ættu hlíðstæða aðild að þessu fyrirtæki, a. m. k. þegar svo væri komið, að það væri farið að þjóna landinu öllu eða miklum hluta þess. Þetta virðist einnig hafa vakað fyrir mönnum í upphafi, því að í landsvirkjunarlögunum eru ákvæði um það, að Laxárvirkjun geti sameinazt Landsvirkjun, og eru sérstök ákvæði þar að lútandi í l. eins og mönnum er kunnugt. Á hinn bóginn, ef litið er hér til nágrennis Reykjavíkur, þá á Hafnarfjarðarkaupstaður t. d., þar sem raforkunotkun frá Landsvirkjun er líklega meiri heldur en í Reykjavík, þegar með er talinn sá stóri viðskiptamaður, sem þar er, enga aðild að Landsvirkjun og heldur ekki Sunnlendingar og þeirra sveitarfélög, sem eru þó miklir notendur orku frá Landsvirkjun. Mér virðist, að sú jöfnun, sem hér þyrfti að fara fram og sem hér væri æskilegt að færi fram, verði þeim mun torveldari sem lengra líður og meiri eignir safnast á hendur þessarar stofnunar. Og núna þegar nýr áfangi er stiginn í þessu efni, þá vildi ég ekki láta hjá líða að rifja þetta upp og leggja enn áherzlu á þá skoðun, að Landsvirkjun eigi að þjóna landsmönnum öllum og stefna eigi að því, að landsmenn allir eigi sömu aðild að þessu fyrirtæki. Nú er hæstv. forsrh. ekki hér í deildinni og ég skal því sleppa því að setja hér fram nokkrar spurningar, sem ég hefði sett fram í þessu sambandi, ef hann hefði verið hér, en ég vil undirstrika það og leggja áherzlu á það, að að þessu verður að huga og það fyrr en seinna. Það verður að ákveða, hvert stefna skuli í þessum málum. Á að stefna að því að gefa öðrum sveitarfélögum kost á að gerast aðilar að Landsvirkjun eða á kannske að stefna að því að auka hlut ríkisins í Landsvirkjun smátt og smátt og jafna út með þeim hætti? Í þessu efni eru ýmsar leiðir, en mér virðist, að það sé nauðsynlegt að marka stefnuna í þessum málum og vinna að því, að hún megi komast til framkvæmda áður en langt um líður.

Það er svo að lokum eitt atriði, sem ég vildi nefna, og ég vildi þá benda hæstv. fjmrh. á fyrst hæstv. forsrh. er nú ekki hér, en það er í sambandi við 1. gr. frv. Í n. spurðumst við fyrir um það, hvernig þessi vatnsréttindi, sem þar er gert ráð fyrir að ríkið afhendi Landsvirkjun, yrðu metin sem framlag af ríkisins hálfu, en við því fengum við ekki svör, en við hljótum þó að gera ráð fyrir því, að það verði gert með sama hætti og gert var við stofnun Landsvirkjunar, þegar ríkið lagði fram vatnsréttindi, sem metin voru á rúmar 40 millj. kr., til Landsvirkjunar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 30. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 31. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég skal freista þess að verða ekki mjög langorður í minni ræðu, þegar ég nú fylgi þessu frv. hér úr hlaði, — frv. til l. um breyt. á l. um Landsvirkjun frá 1965, með síðari breytingum 1969, — þó að hér sé hins vegar um stórmál að ræða. Frv. hefur haft sinn framgang í Ed. og mér er ekki kunnugt um, að þar hafi í sjálfu sér verið neinn ágreiningur um málið. Þess var reyndar óskað í lok síðasta þings við rn. af hálfu Landsvirkjunar, að lagt yrði fyrir frv. það, sem hér er um að ræða, en ég taldi nú æskilegra og eðlilegra að bíða þá, þar sem var komið að þinglokum og rn. gæfist líka tækifæri til að athuga

málið nánar á milli þinga. En í stórum dráttum er hér um að ræða það að auka heimildir Landsvirkjunar fram yfir þá heimild, sem hún hefur til að reisa 210 MW raforkuver í Þjórsá við Búrfell ásamt aðalorkuveitum, þ. e. hún hafi þá heimild til þess að reisa allt að 170 MW raforkuver við Hraun-eyjafoss ásamt aðalorkuveitum og einnig við Sigöldu í Tungnaá af sömu stærð. Hér er þá um verulega stórar framkvæmdir að ræða á okkar mælikvarða, enda kemur það fram í aths. við frv., að framleiðslugeta vatnsaflsstöðva Landsvirkjunar í Sogi og í Þjórsá við Búrfell verður rúm 3 þús. MW, þegar Búrfellsvirkjunin er fullgerð að upphaflegu marki árið 1972. Hins vegar er á það bent, að slíkar stórvirkjanir sem þessar taki allverulegan undirbúning og því sé ekki ráð nema í tíma sé tekið að hefja undirbúning að framhaldi þessara virkjunarframkvæmda, og hefur Landsvirkjun og hennar sérfræðingar þar af leiðandi unnið að því og undirbúið þetta mál með þeim hætti, sem nánar er um rætt í grg.

Hér er ekki endilega ákvörðun um það tekin, í hvora af þessum tveimur virkjunum mundi fyrr verða ráðizt. Það verður til nánari ákvörðunar, eftir því sem henta þykir betur, þegar þar að kemur. Eins má segja, að það sé líka óráðið, með hve miklum framkvæmdahraða þessar framkvæmdir komi til með að eiga sér stað. Hér er um það mikla orku að ræða, að komi ekki til verulega meiri not fyrir raforku, t. d. í sambandi við einhvers konar tegund stórvirkjunar eða tengingu landshluta, gæti það leitt til þess, að þessar framkvæmdir tækju lengri tíma, en hins vegar eru þær báðar í undirbúningi samtímis og hægt eftir atvikum að ráðast í þær, ef aðstæður leyfa. Það má segja líka, að það sé næsta mikils virði fyrir okkur að hafa nokkuð nákvæmar áætlanir um það fram í tímann okkar sjálfra vegna, hvaða orkumöguleika við höfum og við hvaða verði nokkurn veginn og einnig í sambandi við hugsanlegar viðræður okkar um frekari stóriðju hér á landi, hvort sem það yrðu nú auknar álbræðslur eða annar efnaiðnaður, sem ekkert liggur fyrir um í dag. Það er að vísu kunnugt um, að n. vinnur að athugun möguleika á stóriðju fyrir norðan í formi álbræðslu, og geri ég ráð fyrir, að sú n. geti skilað áliti síðar í vetur, en hins vegar er útilokað að segja á þessu stigi nokkuð frekar um það, hvort raunhæf framkvæmd yrði þar á næstunni eða það mál tæki lengri tíma og ýtarlegri athugun.

Að öðru leyti eru ákvæðin um þessar virkjanir svipaðar og í öðrum virkjanaheimildarlögum, eins og t. d. það í 4. gr., að það skuli fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum og vélum til virkjananna, en sama gilti um Búrfellsvirkjun og einnig skuli hið sama gilda um eldsneytisaflstöðvar Landsvirkjunar. Síðan eru ákvæði 5. gr. um að heimila ríkisstj. að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán, er Landsvirkjun tekur til Búrfellsvirkjunar og virkjana í Tungnaá ásamt tilheyrandi ráðstöfunum, sbr. 6. gr., að fjárhæð allt að 5900 millj. kr. eða 67 millj. Bandaríkjadollara eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri erlendri mynt, en það er gerð grein fyrir því í aths. um 5. gr. frv., að til þess að greiða fyrir fjáröflun innanlands eða utan er ríkisstj. heimilað að ábyrgjast lán, er Landsvirkjun tekur þeirra vegna að fjárhæð allt að 5900 millj. kr. eða taka lán hennar vegna allt að sömu fjárhæð og endurlána það Landsvirkjun. Er hér um að ræða hækkun á fjárhæð heimildarinnar í landsvirkjunarlögunum um 2772 millj. kr., en mismunurinn, 3128 millj. kr. heimild hefur þegar verið notuð að fullu vegna Búrfellsvirkjunar.

Þó að það sé því miður ekki vel farið, að þetta frv. hafi verið svo lengi í meðförum hjá Ed. eins og raun ber vitni, þá held ég, að mér sé óhætt að fullyrða, að það hafi þar ekki verið neinn ágreiningur og þess vegna hefði ég viljað leggja áherzlu á það við þessa hv. d., að frv. mætti ná fram að ganga, ef það er á sama hátt ágreiningslaust hér og í hv. Ed., áður en þing fer í jólaleyfi. Það er að vísu svo, að við höfum þegar afgreitt ríkisábyrgðarheimild, sem nauðsynleg var, — það var staðfesting á brbl. vegna fjáröflunar í sambandi við miðlunarvirkjanir hjá Þórisvatni, — en engu að síður teldi ég það mjög æskilegt og ákjósanlegt, að við gætum lokið þessu máli. Ég hef lagt á það áherzlu við hv. Ed., sem fékk Lagarfossvirkjunina til meðferðar nú fyrst í dag eða áðan, að afgreiða það frv., ef verða mætti fyrir jól, og þess vegna beini ég nú sömu tilmælum til hv. Nd. og þeirrar n., sem fær málið til meðferðar.

Ég skal svo hins vegar ekki tefja tímann með því að fara nánar út í þá útreikninga og aths., sem fylgja hér frá Landsvirkjun með þessu frv. Ég þykist vita, að hv. þm. séu því þegar að meira og minna leyti kunnugir, enda var frv. lagt fram þegar á öndverðu þingi og hafa menn eflaust kynnt sér það, en n. ætti að sjálfsögðu að hafa greiðan aðgang að frekari upplýsingum, ef hún teldi þurfa við skjóta afgreiðslu málsins.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég átti ekki von á því, að hæstv. forsrh. færi fram á það við d., að hún afgreiddi þetta mikla mál á örfáum dögum, þeim dögum, sem eftir eru fram að jólaleyfi. Ég sé ekki, að það sé nein nauðsyn, að við afgreiðum þetta mál á svo stuttum tíma, og mundi telja það ákaflega óeðlilegt, vegna þess að ég tel, að þetta frv. fjalli e. t. v. um stærsta málið, sem lagt hefur verið fyrir þetta þing.

Í þessu frv. felst heimild til að ráðast í tvær stórvirkjanir í Tungnaá, og þótt vissulega sé enginn ágreiningur um það meðal okkar þm., að okkur beri að hagnýta orku fallvatnanna, þá er hins vegar ágreiningur um það, hvernig eigi að hagnýta þá orku, og það er augljós staðreynd, að ekki verður hægt að ráðast í svo stór orkuver, sem þarna er rætt um, án þess að tengja það mál þegar í upphafi við það, hvað á að gera við orkuna. Eins og hæstv. ráðh.

gat um hefur ríkisstj. sínar hugmyndir um það að semja við erlenda aðila um að koma hér upp fleiri fyrirtækjum af svipuðu tagi og í Straumsvík. Það eru hennar forsendur fyrir því, að ráðizt verði í stórvirkjanir af þessu tagi, og við þurfum að gera okkur það ljóst í sambandi við þessar virkjanir, að það er í rauninni ekki hægt að skipta þeim niður í neina skynsamlega áfanga. Allur meginkostnaðurinn kemur þegar í upphafi. Það er að vísu hægt að bæta við vélum í áföngum, en allur raunverulegur virkjunarkostnaður kemur þegar í upphafi. Þess vegna hljóta að verða óhjákvæmileg tengsl á milli rafvirkjananna og þeirra hugmynda, sem menn gera sér um notkun þessara orkuvera.

Nú skilst mér, að það sé í æðimikilli óvissu, hvort tekizt geta samningar við erlenda aðila, sem jafnvel ríkisstj. teldi hagkvæma. Ég þarf ekki að rekja það, að við æðimargir þm. töldum það óhagkvæma samninga, sem gerðir voru við álbræðsluna, og ég hygg, að það sé viðurkennd staðreynd, að jafnvel þó að þessar virkjanir í Tungnaá verði hagkvæmar, verður verðið á einingu nokkru hærra en frá Búrfellsvirkjun. Ég hygg, að ekki liggi fyrir nein slík tilboð frá erlendum aðilum, að ríkisstj. geti reiknað með því sem nokkuð öruggri vissu, að hún nái slíkum samningum, jafnvel þó að hún telji það rétt. Þess vegna held ég, að í meðförum okkar verðum við að íhuga einnig, hvort það eru ekki til leiðir til þess, að Íslendingar sjálfir nýti þessa raforku. Þar kemur auðvitað til hin almenna stefna okkar í iðnþróunarmálum, en þar er þróunin ekki svo ör, að þar sé um að ræða eðlilegan kaupanda að svo miklu orkumagni þegar í upphafi. Hins vegar er til eitt svið, sem mundi kalla á mikið magn af raforku. Það er upphitun húsa með raforku. Ef ráðizt væri í það verkefni, væri hægt að virkja í Tungnaá svona stórar virkjanir og hagnýta orkuna á eðlilegan hátt í okkar þágu. Það hefur komið fram hér á þessu þingi mikill áhugi á þessu máli og ég er þeirrar skoðunar, að þar sé um stórmál að ræða. Til þess þyrftum við mikla orku, en við mundum einnig spara mjög verulegt fé í gjaldeyri, þannig að það mundi jafngilda verulegum iðnaði að ráðast í slíka framkvæmd. Ég tel, að það sé skylda okkar að athuga þetta mál alveg sérstaklega í sambandi við þessar virkjunarhugmyndir og ég var með þá hugmynd og hefði gjarnan viljað beina því til þeirrar n., sem fær þetta mál til meðferðar, að í heimildargr., 3. gr., verði bætt ákvæði um það, að Landsvirkjun sé heimilt að kanna sérstaklega og undirbúa framkvæmdir að stóraukinni upphitun húsa með raforku.

Nú er ég ekki það kunnugur þessum málum, að mér sé það ljóst, hvort þetta væri raunsætt á svona stuttum tíma, hvort hægt er að gera þær kannanir og ráðast í þær framkvæmdir í sambandi við upphitun húsa með raforku á svo stuttum tíma, að það kæmist í gagnið á svipuðum tíma og stórvirkjun í Tungnaá, þannig að þar er einnig um óvissu að ræða ekki síður en í hugmyndum hæstv. ríkisstj. um að semja við erlendan aðila. Þess vegna mundi ég einnig telja skynsamlegt, að inn í þessa heimildargr. yrði bætt heimild til minni virkjunar, ef skynsamlegt þætti að ráðast í það til bráðabirgða, á meðan verið væri að athuga aðra hluti. Þar er um ýmsa möguleika að ræða. Ég get t. d. minnt á mjög álitlega virkjun í Brúará, það er 30 MW virkjun. Hún mundi endast okkur Íslendingum í svo sem 2—3 ár eftir þeirri notkun sem nú tíðkast, og ef í ljós kemur, að erfitt er að tengja þessar stórvirkjanir við eðlilega notkun í landinu, fyndist mér, að það gæti verið mjög eðlilegt að skjóta inn minni virkjun. Þannig tel ég að þetta sé bæði það mikið viðfangsefni og það flókið viðfangsefni, að mér finnst, að alþm. eigi að taka sér eðlilegan tíma til þess að fjalla um það og hugleiða það, og ég vil mælast til þess við hæstv. forsrh., að hann leggi ekki á það áherzlu, að þessu máli verði hraðað í gegnum Nd. á aðeins örfáum dögum.

Forsrh.(Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ja, ég get út af fyrir sig vel skilið það, að hv. þm. vilji hafa meira tóm til þess að fjalla um mál eins og þetta, og það kom fram í minni ræðu, að málum er þannig komið, að það þarf ekki að afgreiða þetta mál fyrir jólin, eins og ég talaði um. En í þessu sambandi minni ég á þann hvimleiða hátt, sem hér er í þinginu, að þetta mál er búið að vera í Ed. án þess að mér sé kunnugt um, að nokkur sérstök gangskör hafi verið gerð að íhugun málsins né heldur, eins og ég sagði, að ágreiningur hafi verið um málið, en þegar koma fram óskir um það að vilja hafa málið til frekari meðferðar, þá mun ég ekki leggja neitt kapp á að flýta afgreiðslu þess. Ég gerði það bara í þeirri veru, að mér er kunnugt um, að það hefur á allra síðustu dögum verið gripið til hendinni í Ed. og málið afgreitt og þess vegna bar ég fram þessa ósk, því að ég vildi ógjarnan hafa málið í aðgerðarleysi langan tíma hér í Nd. En hins vegar er nánari athugun á málinu, og stórmáli eins og þetta er, auðvitað ekki nema sjálfsögð.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það má nú vera, að það hafi ekki verið nauðsynlegt fyrir mig að kveðja mér hljóðs, þar sem mér skilst, að hæstv. ráðh. hafi þegar fallizt á það, að málið verði ekki afgreitt fyrir jól. En ég ætlaði einmitt að beina til hans þeim tilmælum, sams konar og hv. 6. þm. Reykv., að ekki yrði lögð slík áherzla á að hraða frv. Málið er alveg nýkomið hingað til þessarar hv. d. og menn hafa ekki haft ráðrúm til þess að íhuga það. Það er að vísu alveg rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að það hefur legið lengi fyrir hv. Ed., en í seinni tíð hefur þessi hv. d. haft allmikil verkefni og varla þess að vænta, að hún hafi getað sinnt slíkum málum sem þessum í annarri deild og því verður ekki neitað, að hér er um mikið stórmál að ræða, e. t. v. eitt stærsta málið, sem liggur fyrir þessu þingi.

Manni gæti jafnvel dottið í hug að komast svo að orði og vonandi er það ekki talið neitt guðlast, þótt einhver láti sér það um munn fara, að svo virtist sem vegir Landsvirkjunarstjórnarinnar séu órann-

sakanlegir líkt og segir um vegi drottins í hinni helgu bók. Á síðasta þingi var þess farið á leit við Alþ., að aflað yrði markaðar fyrir orku, sem Landsvirkjun taldi sig hafa afgangs. Hún vildi fá leyfi til þess að semja um slíkan markað. Alþ. varð við þessari beiðni og var þá samið um markað fyrir, ef ég man rétt, 20 þús. kw frá Landsvirkjun. Á næsta þingi kemur svo till. um stórfelldar viðbótarvirkjanir eða heimild til stórfelldra viðbótarvirkjana og það er ekki of mælt að komast svo að orði, því að eins og ég sagði í gær, í umr. um skylt mál, þá eru þær virkjanir, sem framkvæmdar yrðu, ef heimildir þessa frv. yrðu notaðar, mun stærri en Sogsvirkjunin og Búrfellsvirkjunin fullgerð samtals. Og auðvitað er það von, að menn spyrji: Til hvers á að nota allt þetta afl? Hlýtur það ekki í raun og veru að vera svo, að það vaki fyrir mönnum einhver ákveðin notkun þessa mikla afls um það leyti, sem farið er fram á slíkar heimildir sem þessar? Um þetta eru að vísu gefnar nokkrar bendingar í grg. frv., þar sem segir: „Er því nauðsynlegt að hefjast þegar handa í þessu efni, ef haldið skal þeirri stefnu í orku- og iðjumálum, er mörkuð var með virkjuninni við Búrfell og byggingu álbræðslunnar í Straumsvík" o. s. frv. Og í lok grg. er rætt um, að nú þurfi viðræður við hugsanlega lánveitendur í sambandi við notkun heimildanna og hið sama gildi um viðræður við hugsanlega kaupendur orkunnar frá þeim. Og síðan segir, að málið hafi þegar verið kynnt að nokkru í báðar áttir. En nánari upplýsingar eru ekki fyrir hendi um þetta.

Nú er það svo, að ég hef verið hlynntur því, að þessi þjóð reyndi að nota sér á einhvern hátt þann náttúruauð, sem fólginn er í fallvötnum landsins. En ég hef alltaf jafnframt verið þeirrar skoðunar, að ef þessi náttúruauður væri notaður, þá ætti að framkvæma virkjanirnar m. a. á þann hátt, að þær stuðluðu að því að efla jafnvægið á milli landshlutanna. Mig minnir, að þegar rætt var um þessi mál fyrir 4—5 árum, þá væri ekki gert ráð fyrir því af þeim, sem þá mæltu fyrir stórvirkjun og álverksmiðju, að framhaldið yrði hér á Suðvesturlandi, heldur kæmi fullt eins vel til greina, að virkjað yrði annars staðar á landinu og þá sérstaklega á Norðurlandi, þar sem eru mjög mikil skilyrði til stórra vatnsvirkjana. En nú er verið að biðja um heimildir til áframhaldandi virkjana í stórum stíl á Þjórsársvæðinu. Það er gert ráð fyrir miklum stíflugörðum og uppistöðum þar uppi í óbyggðum, stækkun Þórisvatns um helming, að mér skilst, í sambandi við Hrauneyjafossvirkjun hefur verið gert ráð fyrir 2500 m langri jarðstíflu og við Sigöldu 760 m langri jarðstíflu og stífluhæð allt að 46 m. Ég hef orðið var við það hjá sumum hv. dm., sem eiga sæti í þeirri n., sem væntanlega fær þetta til meðferðar, að þeir hafa hug á því að sjá þessa staði, þar sem gert er ráð fyrir þessum miklu framkvæmdum. Ýmsir eru það nú, sem því miður ekki hafa komið þarna inn á hálendið, og eitt af því, sem mælir með því að fresta málinu, sem hæstv. ráðh. getur nú fallizt á, er það, að þá gæti það átt sér stað, að menn gætu af eigin raun, þeir, sem eiga að gera till. til d. um þetta efni, kynnt sér, hvernig landslagi er háttað og náttúrufari á þessu svæði, þar sem þessar miklu framkvæmdir eiga að gerast.

Það er ekki ætlun mín með þessum fáu orðum nú við 1. umr. að fara að lýsa afstöðu til frv. eða boða einhverjar sérstakar brtt. við það, en samt er það eitt atriði, sem ég gjarnan vildi bera í tal og væri þá vel, ef hæstv. ráðh. sæi sér fært að láta í ljósi einhverja skoðun á því, þó að ég sé nú ekki beinlínis að fara fram á það, að hann geri það nú, en það er það, hvort ekki sé ástæða til þess, þegar talað er um að auka framkvæmdir Landsvirkjunar og gera hana að slíku risafyrirtæki, sem þetta frv. fer fram á eða gerir ráð fyrir, hvort ekki sé þá ástæða til þess að endurskoða skipulag þessa fyrirtækis, sem heitir Landsvirkjun, þannig að það bæri nafn með rentu og væri með sanni fyrirtæki landsins og landsmanna allra jafnt. Svo er ekki, eins og landsvirkjunarlögin eru nú, en þegar svona ráðagerðir eru á ferðinni, þá verður ekki hjá því komizt, að hugleiða það, hvort þetta væri ekki leið til þess að gera skipulagið eðlilegra að þessu leyti.

Ég hef orðið þess var, að ýmsir menn, sem ekki eru þessum málum kunnugir og þekkja ekki l. um Landsvirkjun til hlítar, álíta að þetta fyrirtæki sé ríkiseign, en það er það ekki. Nú skal ég ekki segja um það á þessu stigi málsins, hvort ætti að stefna að því, að fyrirtækið yrði ríkiseign, en hitt finnst mér að komi mjög til álita, að það yrði, eins og ég orðaði það áðan, í reynd landsvirkjun, fyrirtæki allra landsmanna jafnt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til iðnn. með 21 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., 23. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A.10, n. 499 og 570, 323).

Frsm. meiri hl. (Sigurður Ingimundarson): Herra forseti. Iðnn. hefur haft þetta mál til athugunar. Frv. er flutt til þess að afla lagaheimildar um byggingu nýrra virkjana. Gera má ráð fyrir, að Búrfellsvirkjunin verði að fullu nýtt frá árinu 1974 eða fljótlega eftir það. Unnið hefur verið að margvíslegum undirbúningi og áætlunargerð um nýjar virkjanir, og er fyllilega tímabært að fara að ganga frá lokaundirbúningi og tryggja fé til framkvæmdanna.

Landsvirkjun telur heppilegast, að næstu stórvirkjanir verði í Tungnaá við Sigöldu eða Hrauneyjafoss. Miðlunarmannvirki þau, sem nú er unnið að við Þórisvatn, eru sameiginleg fyrir þessar virkjanir og Búrfellsvirkjun og er því um hagkvæma heild að ræða. Gert er ráð fyrir, að

virkjanirnar við Sigöldu og Hrauneyjafoss verði svipaðar að stærð eða með allt að 170 MW vélarafli hvor. Kostnaður er líka áætlaður svipaður eða um 2400 millj. kr. hvor að meðtalinni aðalorkuveitu. Er þá reiknað með vöxtum á byggingartíma, en ekki aðflutningsgjöldum. Ekki er enn fyllilega ákveðið, hvor þessara virkjana verður fyrir valinu, að byrjað verði á, enda er hagkvæmnin svipuð miðað við þær áætlanir, sem nú liggja fyrir. Með frv. er lagt til, að þegar verði veitt heimild fyrir byggingu beggja þessara nýju virkjana og hún felld inn í gildandi lög um Landsvirkjun. Jafnframt verði núverandi heimild um lántöku og ríkisábyrgð í 15. gr. l. og höfuðstólsframlag ríkissjóðs í 5. gr. l. aukin að því marki, sem gert er ráð fyrir, að nægi til fjármögnunar á undirbúningi beggja virkjananna og byggingu annarrar þeirrar, þeirrar, sem fyrr verður ráðizt í, svo og að það nægi fyrir miðlunarmannvirkjum við Þórisvatn og lúkningar á Búrfellsvirkjun.

Herra forseti. Meiri hl. n. eða nm. allir að undanskildum hv. 1. þm. Norðurl. e. leggja til, að frv. verði samþ., en hann skilar séráliti. Tveir nm. hafa þó skrifað undir nál. meiri hl. með fyrirvara um að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Frsm. minni hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. hefur iðnn. þessarar hv. d. haft þetta frv. til athugunar. Jafnframt frv. sem er á þskj. 10 og komið frá hv. Ed., þá hefur n. haft til athugunar brtt. á þskj. 285, sem flutt var á sínum tíma af tveimur hv. þm., og brtt. á þskj. 323, sem flutt var af þrem þm. Það kom ekki glögglega fram í n., hver afstaða nm. var til þessara brtt., og hafa tveir nm., hv. 2. landsk. og hv. 4. þm. Reykv., áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. Minni hl. leggur til, að brtt. á þskj. 323 verði samþ. og þar sem hér er um mjög verulegar breytingar að ræða og að nokkru leyti nýja stefnumörkun í raforkumálum, þá telur minni hl. rétt að gera grein fyrir þeim og þar með afstöðu sinni í sérstöku nál. og þetta nál., sem ég hef undirritað, er á þskj. 499. Ég tel rétt að geta þess, sem reyndar þskj.-númerin bera með sér, að brtt. á þskj. 285 var flutt fyrr á þinginu heldur en brtt. á þskj. 323, en inn í brtt. á þskj. 323 hefur af flm. þeirra, þegar þær voru fluttar, verið tekið meginefni brtt. á þskj. 285 varðandi húsahitun með raforku og varaleið í virkjunarframkvæmdunum, ef svo kynni að takast til, að ekki reyndist vera markaður fyrir orku frá stórvirkjun. Að þessu leyti, sem ég nú hef nefnt, þ. e. a. s. varðandi húsahitunina og varaleiðina, fjalla því brtt. á þskj. 285 og 323 að mestu leyti um sama efni. Hins vegar er á þskj. 323 um mun víðtækara efni að ræða en á þskj. 285 og mun ég víkja að því. Eins og áður hefur verið sagt, hafa 2 nm. af þeim, sem skrifað hafa undir nál. meiri hl., áskilið sér rétt til að greiða atkv. með brtt. og geri ég ráð fyrir, að þar sé átt við brtt., sem ég hef nefnt, því að aðrar brtt. eru ekki fram komnar í málinu.

Ég vil segja það í upphafi, að það kom mér nokkuð á óvart, þegar mér barst til eyrna í haust, að þá stæði til að flytja frv. um tvær nýjar stórvirkjanir á Þjórsársvæðinu, eftir að lokið væri Búrfellsvirkjun, en unnið er nú að síðari áfanga hennar. Þetta kom mér á óvart af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi vegna þess, að ég ætla, að það hafi verið á næsta þingi á undan þessu, sem málaleitan kom frá Landsvirkjun til Alþ., um að séð yrði fyrir markaði fyrir afgangsorku, sem hún taldi sig hafa á næstu árum og ekki geta gert verð úr. Það var orðið við þessari málaleitan og samþ. nokkur viðbót við álverksmiðjuna í Straumsvík og sú viðbót tekur til sín 20 þús. kw af framleiðslu Landsvirkjunar. Í öðru lagi kom mér þetta á óvart vegna þess, að þegar á sínum tíma voru sett lög um Búrfellsvirkjun og um álverksmiðju í Straumsvík, þá var það gefið í skyn af ráðamönnum hér á Alþ., að unnið myndi verða að því að næsta stórvirkjun, sem lagt yrði í, yrði á Norðurlandi, og á s.l. ári — ef ég man rétt — þá hafa einnig verið látin orð falla um það, að ég ætla af hálfu hæstv. raforkumálaráðh., að unnið væri að könnun möguleika á slíkri stórvirkjun fyrir norðan, og hefur, þegar rætt hefur verið um stórvirkjun á Norðurlandi, aðallega verið átt við Dettifossvirkjun.

Skömmu eftir þingbyrjun var þetta frv. lagt fram um breyt. á landsvirkjunarl., sem felur í sér heimild til þessara tveggja stórvirkjana á Þjórsársvæðinu, og er það þetta frv. á þskj. 10, sem er nú að vísu búið að vera nokkuð lengi á leiðinni í gegnum þ. og nú hér til 2. umr. Í þessu frv., sem fyrir liggur á þskj. 10, er lagt til, að Landsvirkjun verði veitt heimild til að reisa, að fengnu ráðherraleyfi, tvær stórvirkjanir í Tungnaá, aðra við Hrauneyjafoss, hina við Sigöldu, og að vatnsréttindi ríkisins á þessum stöðum verði afhent Landsvirkjun. Ennfremur er í frv. gert ráð fyrir nýrri ríkisábyrgð og nýjum ríkisframlögum til Landsvirkjunar til viðbótar þeirri fjárhagsaðstoð, sem þegar hefur verið veitt þessu fyrirtæki vegna Búrfellsvirkjunar.

Afl þessara tveggja stórvirkjana, sem hér er um að ræða, yrði samtals um 340 þús. kw og skal þess getið til samanburðar, að samanlagt afl virkjananna þriggja í Soginu og Búrfellsvirkjunar, þegar hún verður fullgerð, er rúmlega 300 þús. kw. Hinar áformuðu Tungnaárvirkjanir eru því mun stærri en Sogsvirkjun og Búrfellsvirkjun samtals verða.

Ekki er enn nein vissa fyrir því, að hægt sé að afla markaðar nema fyrir lítið brot af þeirri orku, sem hér er um að ræða, en gert er ráð fyrir því, að unnið verði að því, þegar heimild er fengin.

Ég er þeirrar skoðunar, að við þá markaðsathugun eigi það að sitja í fyrirrúmi að gera sér grein fyrir möguleikum til að nota raforku til húsahitunar, bæði í þéttbýli og strjálbýli, og stuðla að því, að húsahitun með raforku verði tekin upp sem víðast, ef hagkvæmt reynist. Þetta er annað atriðið, sem fólst í till. á þskj. 285 og hefur verið tekið inn í brtt. á þskj. 323. En takist ekki að finna leið til að

nýta orku frá slíkri stórvirkjun á viðunandi hátt, þá tel ég að gera eigi ráð fyrir minni virkjunum til að fullnægja hinni almennu eftirspurn, þegar þess gerist þörf, en hin almenna notkunaraukning hér á Suðvesturlandi mun hafa verið um 4% á árunum 1969 og 1970, eftir því sem upplýst var í n., sem fjallaði um þetta mál og þar sem þeir komu til viðtals formaður og framkvæmdastjóri Landsvirkjunar. Þetta atriði, varaleið í virkjunarmálinu, ef ekki væri nægur markaður fyrir orku frá stórvirkjun, var einnig í till. á þskj. 285 og síðar tekið upp í till. á þskj. 323.

Verði að því ráði hnigið að veita virkjunarfyrirtækinu Landsvirkjun heimild til að halda áfram stórvirkjun fallvatna, eftir að Búrfellsvirkjun er lokið, er það mín skoðun sem minni hl., að slíkar heimildir eigi ekki að binda við einn landshluta, heldur eigi að framkvæma virkjanir með tilliti til jafnvægis milli landshlutanna og annarra ástæðna, sem ég kem að nú á eftir. Þess vegna er ég því fylgjandi, að sunnan fjalla verði heimilað að virkja Tungnaá við Hrauneyjafoss eða Sigöldu, þ. e. a. s. eina virkjun þar, og að norðan fjalla verði heimilað að virkja Jökulsá á Fjöllum við Dettifoss eða Skjálfandafljót við Íshólsvatn og það sé svo á valdi virkjunaraðila og ráðh. að velja á milli þessara heimilda í hvorum landshluta að nánar athuguðu máli, en virkjunarheimildin í heild mundi lítið breytast frá því sem er í frv. við samþykkt þessara breytinga.

Minni hl. telur það einnig mikilsvert, bæði af öryggisástæðum og til þess að orkan nýtist sem bezt, að tengja saman með aðalorkuveitu, ef fært reynist, raforkukerfin á Suðurlandi og austanverðu Norðurlandi, en sennilega yrði línan, sem hér er um að ræða, rúml. 200 km löng og lögð um hálendið milli landshlutanna. Og þar sem talað er um öryggisástæður, að þetta sé æskilegt af öryggisástæðum, þá liggur það að sjálfsögðu ljóst fyrir, að vegna ýmsra atburða, sem orðið geta í náttúrunni, þá er það öruggara, að nokkur hluti hinna stóru virkjana sé hér sunnanlands, en einnig fyrir norðan, og þarf ég ekki að fara nánar út í það. Mér þykir eðlilegt, og það felst í brtt. á þskj. 323 í 4. tölulið, að til þess verði ætlazt af Landsvirkjun, um leið og hún fær heimildir til nýrra stórframkvæmda og fjárhagslega fyrirgreiðslu, sem því svarar, að hún annist á sinn kostnað þessa samtengingu raforkukerfanna, þegar stjórnvöld telja það heppilegt, og þá jafnframt að selja orku frá aðalorkuveitum sínum á sama verði norðanlands og sunnan, yfirleitt hvar sem þessar aðalraforkuveitur Landsvirkjunar kunna að verða, enda skiptir það miklu máli, að tryggt sé að svo verði. Ef þessi kvöð yrði lögð á Landsvirkjun eða Landsvirkjun með ráðherraákvörðun gert að tengja þannig saman raforkukerfin norðanlands og sunnan, þá yrði sjálfsagt að auka fyrirgreiðslu í þágu Landsvirkjunar sem þessu nemur, og er hér lagt til, að svo verði gert. En það er ágizkun fróðra manna, — og á ég þá við þá, sem komu til viðtals við iðnn., — að 200 km lína eða rúml. það yfir hálendið kosti ca. 250 millj. kr. með 50 þús. kw flutningsgetu og með 100 kw flutningsgetu ca. 50% meira. Ég segi ágizkun, því að þessir menn létu það í ljós, að þeim þætti þetta líklegt, en áætlun mun ekki hafa verið gerð um þetta efni enn þá, þó að vissulega hafi oft verið um þetta rætt, og var m. a. nokkuð um það rætt í sambandi við umr. um álverksmiðjuna á sínum tíma 1966 og raunar einnig á árinu 1965. Þá var töluvert rætt um þessa hugmynd að leggja línu yfir hálendið, og var þá haft í huga að leggja hana að sunnan frá Búrfellsvirkjun, því ýmsum sýndist að þá kæmi til greina, að álverksmiðjan, sem þá var fyrirhuguð, yrði á Norðurlandi, og þá lína lögð norður, en auðvitað er það svo, að sé hægt að flytja orkuna að sunnan og norður um háspennulínu yfir hálendið, þá er eins hægt að flytja hana að norðan og suður, t. d. frá Dettifossvirkjun, ef þannig stæði á, að þörf væri fyrir rafmagn á Suðurlandi, en meiri raforkuframleiðsla fyrir norðan en markaður væri fyrir þar. Það er að vísu hugsanlegt, að hentugra þyki fyrir norðlenzka virkjun, að annar virkjunaraðili hefði með höndum stórvirkjun þar, þegar þar að kemur, og er í till. á þskj. 323 tekið tillit til þess.

Ég vil þessu næst fara nokkrum orðum um virkjunarfyrirtækið Landsvirkjun og þær till., sem varða þetta fyrirtæki og uppbyggingu þess, og um söluverð raforku í landinu. Eins og nú standa sakir framleiðir virkjunarfyrirtækið Landsvirkjun raforku, sem eingöngu er notuð á Suður- og Suðvesturlandi. Ríkið á helming í fyrirtækinu og Reykjavíkurborg hinn helminginn, eins og áður í Sogsvirkjun, — þ. e. a. s. í Sogsvirkjun voru líka helmingaskipti, þannig að Reykjavíkurborg átti helminginn og ríkið hinn helminginn, en í öndverðu var fyrsta virkjun Sogsins eign Reykjavíkur. Þetta fyrirkomulag á Sogsvirkjun að því er eignarhald varðar var svo yfirfært á Landsvirkjun, þegar l. um hana voru sett. Og hingað til hefur það verið svo, eins og ég sagði, að raforkan frá Landsvirkjun hefur eingöngu verið notuð hér á Suður- og Suðvesturlandi. En ef þetta fyrirtæki — Landsvirkjun — á að bera nafn með réttu, verður að stefna að því, að allt landið geti notið góðs af starfsemi þess, eftir því sem henta þykir og þörf er á, og að það verði þá annaðhvort ríkiseign eða sameign ríkisins og þeirra sveitar- og sýslufélaga, sem kunna að vilja gerast aðilar að því á sínum tíma. Í brtt. á þskj. 323 er þó ekki gert ráð fyrir, að slík skipulagsbreyting verði leidd í l. að svo stöddu, enda skortir undirbúning til þess, en lagt er til, að Alþ. það, er nú situr, ef það samþ. þetta frv. sem l., kjósi mþn. til að endurskoða gildandi löggjöf um framleiðslu og dreifingu raforku hér á landi, sér í lagi landsvirkjunarlögin, með það sjónarmið fyrir augum, sem ég hef hér nú nefnt. Jafnframt er í þessari till., sem er í 4. tölul. á þskj. 323, b-lið hennar, gert ráð fyrir því, að mþn. sem hér er gerð till. um, geri till. um þá leið, er hún telur heppilegasta, til að koma því í kring, að raforka til sams konar nota verði seld á sama verði um land allt. En það verður að teljast réttlætismál

og til þess fallið að stuðla að jákvæðri þróun landsbyggðar, að þjóðin öll sitji við sama borð í þessum efnum, eftir því sem við verður komið, þegar rafvæðingu landsins er lokið. En því meiri, sem framtíðarnotkun á raforku verður, meiri virkjanir og meiri notkun, því hagkvæmari, sem virkjanirnar verða og rekstur rafveitnanna, því auðveldara á að vera að ná þessu marki. Ég man eftir því, að ég átti tal um þessi mál, líklega fyrir 20 árum, við einn af leiðandi mönnum í raforkumálum Reykjavíkur. Ég var að leita hjá honum upplýsinga varðandi mál, sem ég hafði til meðferðar, og þá sagði hann einmitt þetta: Jöfnun raforkuverðs er ekki möguleg eins og nú standa sakir, en að þessu tel ég að eigi að stefna, og þetta er tiltölulega auðvelt, þegar búið er að virkja verulegan hluta af fallvötnum landsins. Og það er þetta, sem ég var í raun og veru að endurtaka. En það að selja raforku til sömu nota á sama verði um allt land, væri ekki neitt einsdæmi í veröldinni. Aðrar þjóðir hafa þegar farið inn á þessa leið, t. d. er það svo í Bretlandi, eftir því sem mér er tjáð af sérfróðum mönnum hér, að þar er raforka til sömu nota alls staðar seld á sama verði, og svo mun vera í fleiri löndum. Það verður líka að segja, að þar sem mestum hluta allra raforkuvera hér á landi hefur verið og er komið upp með atbeina þjóðfélagsins í heild og á ábyrgð þess, og að því ógleymdu, að strjálbýlissvæðin, sem nú kaupa raforkuna á dýrustu verði, leggja til fallvötnin, sem eru undirstaða raforkuframleiðslunnar, þá verður það að teljast sanngjarnt, að allir njóti hér á komandi tímum góðs af, án þess að um mismun verði þá að ræða eftir búsetu.

Ég nefndi áðan till. um varaleiðir í þessu máli. Í till. þeim á þskj. 323, sem minni hl. mælir með, þ. e. a. s. í 4. tölulið 2. málsgr., er gert ráð fyrir, að svo geti farið, að ekki lánist í tæka tíð, eins og það er orðað í brtt., „að tryggja eðlilegt samhengi milli orkuframleiðslu frá stórvirkjunum og orkunotkunar," þ. e. a. s. að ekki verði til staðar nægilegur markaður fyrir raforku frá stórvirkjunum. En fari svo, þá er minni hl. því meðmæltur, eins og lagt er til í hvorum tveggja brtt. á þskj. 285 og 323, að heimilað verði að reisa vegna Suðvesturlands allt að 30 þús. kw orkuver í Brúará við Efstadal. Þessir virkjunarmöguleikar í Brúará við Efstadal voru á sínum tíma allmikið athugaðir og þá voru gerðar skýrslur um þá, og hér er átt við það, að það kæmi þá til greina að fullnægja til bráðabirgða hinni almennu raforkuþörf á Suðvesturlandi með þessari 30 MW virkjun í Brúará. En jafnframt mælir minni hl. með því til samræmis, af því við höfum huga á virkjunum jöfnum höndum norðanlands og sunnan, að tilsvarandi heimild verði veitt á Norðurlandi austanverðu, en þó því aðeins, að bæjarstjórnir og sýslunefndir á orkuveitusvæði Laxár óski þess, það er að segja, að það fari ekki í bága við þeirra fyrirætlanir eða framkvæmdir, þannig að reist verði allt að 10 MW jarðgufuorkuver í Mývatnssveit, ef þess væri þörf. Í Mývatnssveit hefur þegar verið reist tiltölulega lítið jarðgufuorkuver við borholu, þ. e. 2½ MW eða 2500 kw eða því sem næst, sem komið var upp af vanefnum og nýtir tiltölulega lítinn hluta jarðgufunnar. Vélarnar til að framleiða raforkuna þarna voru keyptar notaðar frá Bretlandi, að ég ætla, og við orkuframleiðsluna er ekki notuð hagstæð aðferð. Til munu vera aðrar og betri aðferðir til að nýta jarðgufuna til raforkuframleiðslu, og væri út af fyrir sig æskilegt, að orkuframleiðsla með þeim aðferðum yrði hafin í tilraunaskyni, ef um semst nú eða síðar, þó engu skuli hér um það spáð, hve hagkvæm hún reynist samanborið við vatnsaflsvirkjanir, en vitað er, að í sumum löndum, t. d. á Ítalíu, hafa verið reist allstór jarðgufuorkuver með góðum árangri, eftir því sem sérfróðir menn í raforkumálum hafa tjáð mér. Ég vil taka það fram, að með þessum till. um minni orkuver á Suðurlandi og Norðurlandi, þá er ekki verið að bregða fæti fyrir það, að heimild fáist til nánar tilgreindra stórvirkjana, en það verður að vera nokkurt samræmi milli virkjunarframkvæmda annars vegar og orkumarkaðarins hins vegar. Eins og sakir standa og ég gat um í upphafi, þá liggur ekki neitt fyrir um það nú á þessu stigi, að markaður sé í landinu fyrir svo mikla orku, sem hér er um að ræða að framleiða. Þess vegna eru þessar till. fram settar og af minni hálfu sem minni hl. mælt með þeim, af því að það er að sjálfsögðu svo, að þannig getur farið áður en langt líður, að einhverju þurfi að auka við þá raforkuframleiðslu, sem nú er, vegna hins almenna markaðar.

Ég hef þá gert grein fyrir þessum brtt. við frv. á þskj. 323, sem að nokkru leyti, eins og ég sagði, eru um sama efni og á þskj. 285. Með afstöðu minni hl. til þessara tillagna er með því mælt, að stefnt sé að frambúðarlausn virkjunarmála norðan lands og sunnan og raunar landsins í heild og jafnrétti landsmanna á sviði raforkumála. Og verði þessar till. samþ. vil ég sem minni hl. n. mæla með því, að frv. nái fram að ganga.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Þegar þetta mál var hér til 1. umr., þá gerði ég efni þess að umtalsefni, nokkur meginatriði þar, og í samræmi við það, sem þar kom fram, þá bar ég síðan fram ásamt hv. þm. Lúðvík Jósefssyni brtt. á þskj. 285. Brtt. var efnislega þannig, að bætt yrði við 4. lið: „Að ráðast í áætlanir og framkvæmdir til þess að tryggja það, að sem mest af orkunni frá hinni nýju stórvirkjun yrði notað til hitunar húsa." Og enn fremur: „Nú tekst ekki nægilega snemma að tryggja eðlilegt samhengi milli orkuframleiðslu frá stórvirkjunum og orkunotkunar, og er Landsvirkjun þá heimilt að reisa allt að 30 MW raforkuver í Brúará við Efstadal." Þessi brtt. var lögð fram hér á þ., áður en þing fór heim í jólaleyfi, þannig að hv. iðnn. hefur haft hana til meðferðar ásamt málinu sjálfu. Og ég verð að lýsa sérstakri undrun minni á því, að hv. n. skuli ekki hafa tekið formlega afstöðu til þessarar till. Þegar maður flytur brtt. svona snemma, þá er auðvitað mjög eðlilegt, að n.

fjalli um þær á sama hátt og þau frv., sem um er að ræða, og taki afstöðu til þeirra, fjalli um þá röksemdafærslu, sem í till. felst, og taki afstöðu til þeirra.

Ég vil vekja athygli manna á því, að þessar brtt. eru ákaflega veigamiklar. Með frv. er lagt til að heimila Landsvirkjun að ráðast í nýjar stórvirkjanir í Tungnaá, annars vegar við Hrauneyjafoss og hins vegar við Sigöldu. Hins vegar fylgir engin vitneskja um það, hvað gera á við þá raforku, sem þarna á að framleiða. Ég spurði hæstv. raforkumálaráðh. um það við 1. umr., hvernig þau mál stæðu. Ég sagðist vita, að hæstv. ríkisstj. væri í samningum, eða kannske ekki í samningum, heldur væri að kanna, hvort erlendir aðilar mundu fást til þess að stofna hér fyrirtæki til þess að hagnýta þessa orku. Og ég taldi eðlilegt, að Alþ. fengi vitneskju um það, hvernig þau mál stæðu, og hverjar horfur væru á því, að slíkir samningar væru gerðir. Hæstv. ráðh. gat ekki gefið neina slíka skýrslu, og ég hefði þá talið mjög eðlilegt, að slík skýrsla yrði gefin nú við 2. umr. málsins, en hæstv. ráðh. er ekki einu sinni staddur hér. Nú er það að sjálfsögðu æði mikið út í bláinn að ákveða stórvirkjun, án þess að Alþ. hafi nokkra hugmynd um það, hvað ætlunin er að gera við orkuna, og mig grunar, að þessi könnun á áhuga erlendra aðila sé þannig stödd eins og sakir standa, að það séu ekki miklar horfur á, að slíkir samningar verði gerðir, a. m. k. ekki í náinni framtíð. Þetta samhengi, sem verður um að ræða, það má minna á það í þessu sambandi, að þegar ákvörðun var tekin hér um Búrfellsvirkjun, þá var sú ákvörðun tekin, án þess að fyrir lægi nokkur vitneskja um erlendan aðila, sem ætlunin væri að semja við. Hins vegar lýsti hæstv. ríkisstj. því þá yfir og hæstv. páv. raforkuráðh., að það væri sjálfsagt að ráðast í Búrfellsvirkjun, jafnvel þó að orkan frá henni yrði einungis nýtt á Íslandi. Hann benti á, að virkjunin við Búrfell væri ekkert meira átak fyrir Íslendinga heldur en fyrsta Sogsvirkjun hefði verið á sínum tíma, ef maður ber saman fjárhagslega getu þjóðfélagsins, og þetta mat hæstv. ráðh. var vafalaust rétt. En á sama hátt þá tel ég, að hæstv. ríkisstj. beri að gera grein fyrir því í sambandi við svona frv., hvernig við Íslendingar getum hagnýtt þá orku, sem þarna er um að ræða.

Með till. okkar er bent á leiðir til þess að hagnýta þessa orku. Við leggjum til, að orkan verði hagnýtt til hitunar húsa og að ráðizt verði í áætlanir og framkvæmdir til þess að tryggja það, að sem mest af orkunni verði þannig notað. Þarna er sá eini kaupandi á Íslandi, sem er nægilega stór til þess að geta tekið við orku frá stórvirkjun í Tungnaá. Eins og nú standa sakir fer til hitunar húsa um 2 þús. GWst. Um það bil helmingur af þessu magni kemur frá varmaorkuveitum, en um það bil helmingur með olíu. Þ. e. a. s. þarna er um að ræða 1000 GWst, sem framleiddar eru með því að flytja inn olíu, sem er býsna dýr aðferð. En frá Hrauneyjafossvirkjun má gera ráð fyrir orkumagni sem nemur 800—900 GWst, þ. e. a. s. það magn, sem mundi þurfa til þess að breyta upphitun frá olíuhitun til rafmagnshitunar. Það er meira en allt orkumagnið frá virkjun við Hrauneyjafoss. Þarna er sem sé ákaflega stór aðili, sem getur tekið við raforku og sem getur risið undir stórvirkjun á Íslandi. Og þessi þróun mun halda áfram. Það hefur verið starfandi sérstök n., sem á að fjalla um þau vandamál, sem tengd eru húshitun. Áætlanir hennar eru þær, að orkumagn til þeirra nota muni aukast um 2% á ári að meðaltali til aldamóta, þ. e. a. s. að um aldamót þurfi 3700—3800 GWst til hitunar húsa á Íslandi. Ef maður gerir ráð fyrir því, að hlutur varmaorkuvera haldist óbreyttur eða að hitaveitur haldist óbreyttar, þá mun þurfa á annan hátt 1800—1900 GWst, annaðhvort með því að auka innflutning á olíu að þessu marki eða með því að nota raforku. Raforkustöð, sem stæði undir slíkri upphitun, mundi þurfa að framleiða um 2500 GWst, en það er um það bil 1/10 hluti af nýtanlegri raforku á Íslandi. Þarna er sem sé um að ræða mjög verulega stóran, innlendan markað, sem við getum reiknað með, og ég teldi það ákaflega eðlilegt, að inn í þetta frv. yrði felld sú ákvörðun Alþ. að nýta raforku frá stórvirkjunum í Tungnaá einmitt til húsahitunar. Og mér finnst, að maður hefði mátt vænta þess, að þessi till. fengi einhverjar undirtektir hjá n. og jafnvel jákvæðar undirtektir, vegna þess að einmitt á þessu þ. hefur verið fjallað æðimikið um þessi mál. Fyrr á þessu þingi var borin hér fram þáltill. frá 6. þm. Sjálfstfl., þar sem skorað er á iðnrh. „að beita sér fyrir aukinni notkun raforku til húsahitunar á öllum þeim svæðum, þar sem jarðhita er ekki völ sem hagkvæmari hitagjafa. Stefnt skal að því að gera 5 ára áætlun um framkvæmd hitunarmálsins, þannig að innlendar orkulindir hiti hvert híbýli landsins að þeim tíma liðnum.“ Hæstv. forsrh. kvaddi sér hljóðs, þegar þetta mál var til 1. umr., og sagði að þarna væri hreyft mjög mikilvægu og merku máli. Það er búið að samþykkja þessa till. til þál. sem ályktun Alþ. Að vísu voru felld út tímamörkin um 5 ára áætlun, en engu að síður er þetta mótað sem stefna Alþ. Og þess vegna held ég, að það hefði verið fullkomlega raunsætt og eðlilegt, að Alþ. fylgdi eftir þessari stefnu, sem þegar er búið að móta, með því að tengja þessi áform um upphitun húsa með raforku við stórvirkjanir í Tungnaá.

Nú er það svo, að það er vandséð fyrir Alþ. núna, hvort það fæst eðlilegur markaður fyrir þessar stórvirkjanir. Ég minntist áðan á áform ríkisstj. um að semja við erlenda aðila. Ég hygg, að það sé í allmikilli óvissu og ég þarf ekki að lýsa því, að ég er andvígur þeirri stefnu, tel hana ranga, tel hana ekki í samræmi við efnahagslega hagsmuni þjóðarinnar. En það er einnig óvíst, að áform um upphitun húsa með raforku geti komizt til framkvæmda svo snemma, að þau geti haldizt í hendur við eðlilegan framkvæmdahraða á virkjunum í Tungnaá. Og einmitt þess vegna höfum við lagt til, að þarna verði tekin upp ný heimild sem eins konar varaleið, ef þarna tekst ekki að tryggja eðlilegt samhengi, þ.

e. a. s. að ríkisstj. fái einnig heimild til þess eða Landsvirkjun að reisa allt að 30 MW raforkuver í Brúará við Efstadal. Það orkumagn jafngildir því, að við fengjum þriggja ára hlé til þess að ráðast þá í stærri framkvæmd á eftir. Þetta er aðeins einföld og ákaflega eðlileg varúðarráðstöfun og mér finnst það vera raunsæi að hafa þennan hátt á. Og þess vegna fyndist mér einnig, að iðnn. hefði átt að gera grein fyrir því, hvort þetta væri ekki rétt stefna, og ef niðurstaðan væri sú, að þetta væri ekki rétt stefna, þá hvers vegna.

Ég ætlaði nú ekki að hafa mörg fleiri orð um þetta mál á þessu stigi, en ég vil benda á enn eitt atriði í frv. til l. um breyt. á l. um Landsvirkjun, atriði, sem ég veitti ekki athygli, þegar þetta frv. var lagt fram eða þegar við hv. þm. Lúðvík Jósefsson lögðum fram brtt. okkar. Í 3. gr. stendur: „Landsvirkjun er jafnframt heimilt að gera þær ráðstafanir á vatnasvæðum ofan virkjana sinna samkv. 1. mgr., sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur þeirra á hverjum tíma. Nær heimildin m. a. til stíflugerðar í Þórisósi og Köldukvísl og að veita Köldukvísl um skurð í Þórisvatn og þaðan um skurð í Tungnaá. Enn fremur er Landsvirkjun heimilt að reisa eldsneytisaflstöðvar þær, sem fyrirtækið telur rétt að koma upp."

Þarna er sem sé ákaflega víðtæk heimild. Það er heimilt að gera þær ráðstafanir á vatnasvæðum ofan virkjananna, sem Landsvirkjun sýnist, þ. á m. ofan Búrfellsvirkjunar. En með þessu móti væri Alþ. að gefa Búrfellsvirkjun heimild til þess að drekkja Þjórsárverum. Ég vil biðja menn að veita þessu athygli. Með orðalaginu á þessu heimildarákvæði er verið að gefa Landsvirkjun heimild til þess að drekkja Þjórsárverum.

Ég geri nú ekki ráð fyrir því, að hæstv. ríkisstj. hafi hugsað sér að fá þessa heimild. Þarna er um að ræða mál, sem vakið hefur miklar deilur og er augljóslega mjög mikið vandamál. Og ég tel víst, að það verði við það staðið, sem þegar er raunar hafið, að þarna verði framkvæmdar umfangsmiklar rannsóknir, áður en nokkrar endanlegar ákvarðanir eru teknar. Ég held, að það væri ekki rétt, að Alþ. gæfi þessa heimild á þessu stigi málsins. Ég held eins og ég sagði áðan, að það hafi ekki verið ætlun ríkisstj. eða Landsvirkjunar að fara fram á þessa heimild og þess vegna mundi ég vilja beina því til hæstv. ríkisstj., — það er nú aðeins einn ráðh. viðstaddur að vísu, — en ég vildi beina því til hæstv. ríkisstj., hvort hún mundi ekki vilja hafa frumkvæði að því að takmarka þessa heimild, þannig að það væri ótvírætt, að það næði ekki til miðlunarframkvæmda efst í Þjórsá, sem mundi hafa það í för með sér, að hægt væri að drekkja Þjórsárverum. Hvað sem mönnum sýnist um það mál, þá held ég, að það sé ekki rétt, að slík ákvörðun sé tekin núna. Ég held, að Alþ. eigi að taka þá ákvörðun síðar á annan hvorn veginn, þegar fyrir liggur næg vitneskja. Það væri hægt að takmarka þessa heimild á einfaldan hátt, án þess að skerða eðlilegar aðgerðir Landsvirkjunar til þess að tryggja öryggi þessara virkjana, en ég teldi eðlilegt, að það yrði ríkisstj. sjálf, sem gengi frá þessari breytingu.

Um till. þá, sem hv. þm. Gísli Guðmundsson gerði grein fyrir hér áðan og sem hann flytur ásamt tveimur öðrum þm. Framsfl., þá er það að segja, að þar er um að ræða miklu víðtækara mál heldur en er þessi ákvörðun um virkjanir í Tungnaá. Þar er um að ræða mál, sem eins og hann sagði snertir raforkuþróunina um landið allt. Ég verð að viðurkenna það, að mig skortir þekkingu til þess að mynda mér skoðun um það á þessu stigi, hvort þær leiðir, sem þessir 3 hv. þm. benda á, eru réttar í þessu efni eða ekki, enda sé ég ekki, að þess gerist þörf að marka slíka heildarstefnu núna á þessu stigi. Ég tel, að það væri hægt að taka þessar ákvarðanir um stórvirkjanir í Tungnaá með þeim fyrirvara, sem ég var með áðan, að um leið verði að tryggja kaupanda að raforkunni, innlendan kaupanda. En ég tel, að það sé hægt að taka þessa ákvörðun án þess að það þurfi að tengja það við heildarákvörðun um þróun raforkumála um land allt.

Frsm. minni hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég get tekið undir ýmislegt af því, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði í ræðu sinni hér áðan, enda féll sumt af því nokkuð saman við það, sem ég hafði áður sagt í framsöguræðu minni fyrir minni hl. n. Ég álít, að það sé í raun og veru fráleitt eða a. m. k. mjög gallað að samþykkja hér á Alþ. heimildir til slíkra stórvirkjana, sem eru stærri en allar aðrar virkjanir landsins til samans, þegar búið er að ljúka við Búrfellsvirkjunina, að veita heimild til þess að ráðast í slíkar stórvirkjanir, án þess að nokkuð liggi fyrir um það, til hvers á að nota þessa miklu orku, nema aðeins vitneskja um þá 4% aukningu á orkunni til almennra nota, sem verið hefur hér á Suðvesturlandi síðustu tvö árin, sem eins og ég sagði áðan, er ekki nema lítið brot af þeirri miklu orku, sem hér er gert ráð fyrir að framleiða. Og ég get þá jafnframt einnig endurtekið það, sem ég sagði áðan, að ég álít, og um það erum við hv. 6. þm. Reykv. og ég sammála, að það, sem eigi að byrja á í því sambandi, sé að athuga möguleikana á því að nota raforku til hitunar. Hann nefndi hér nokkrar tölur um upphitunarþörfina hér á landi og skal ég játa, að ég er nú ekki svo vel að mér, að ég geti um það dæmt, hvort þær eru réttar. Ég geri ráð fyrir, að hann hafi það eftir fagmönnum, en víst er það, að það er ákaflega mikill hluti af heimilunum í landinu, sem ekki hefur upphitun frá hitaveitu, en notar í þess stað annað eldsneyti og þá mestmegnis olíu. Hitt er svo auðvitað rétt og verður að hafa í huga, að það geta verið ýmsir örðugleikar á því að breyta til á stuttum tíma, þannig að tekin verði upp raforka til hitunar í stað olíunnar og þá m. a. vegna þess, að fyrir eru kyndingartæki í húsunum, en fleira kemur til. Þarna er rannsóknarefni. En mér þykir það sennilegt, að niðurstaða þeirrar rannsóknar yrði sú, að við gætum a. m. k. fengið mjög mikinn markað fyrir raforku til húsahitunar. Sá

markaður yrði náttúrlega allmikill hér á Suðurlandi austanfjalls og á Suðvesturlandi, kannske ekki mikill á höfuðborgarsvæðinu eða á Reykjanesi vegna þeirra hitaveitumöguleika, sem þar eru. En möguleikar væru einnig mjög miklir á Norðurlandi, Austurlandi og Vesturlandi. Og m. a. af þeim ástæðum er rík ástæða til þess, að raforkan sé ekki bundin við Suðurland og auðvitað æskilegast, ef unnt reynist, að byggð séu raforkuver bæði norðan lands og sunnan og tengd saman með línu yfir hálendið, ef það reynist framkvæmanlegt, sem margir fróðir menn fullyrða að sé, þannig að það sé hægt að veita orkunni eftir þörfum á milli landshlutanna.

Það var eitt, sem hv. þm. sagði, sem ég vil nefna og gera aths. við. Hann sagði eitthvað á þá leið, að hann skorti nú þekkingu til þess að dæma um það, hvort till. okkar á þskj. 323, hinar víðtæku till., sem þar eru umfram það, sem er á þskj. 285, hvort þær væru réttmætar í öllum atriðum. Það er nú svona, að okkur þm. er ætlað að hafa þekkingu á öllum hlutum, þannig að ég veit ekki, hvort þessi viðbára er nú alveg góð og gild. Almenningi í landinu, ólöglærðum almenningi er ætlað að vita, hvað eru lög í landinu, sem er þá sannarlega nokkuð erfitt. Ólöglærðum almenningi er ætlað að vita, hvað eru lög í landinu, eftir því sem lögspakir menn segja. En margt af þessu, sem við fjöllum um hér í brtt. á þskj. 323, er nokkuð auðskilið. En hv. þm. lét orð falla um það, að það væri að öllum líkindum ekki þörf fyrir á þessu stigi að gera svona breytingar og býst ég við, að hann eigi þar við breytingarnar, sem felast í 4. tölul. um að endurskoða gildandi löggjöf um framleiðslu og dreifingu raforku og um þá kvöð á Landsvirkjun að leggja línu þvert yfir landið. Ég vil aftur á móti segja: Nú er rétti tíminn til að gera þetta, ef á að gera það á annað borð. Það er rétti tíminn nú, þegar verið er að veita Landsvirkjun miklar heimildir, að ætlast til þess af henni, að hún annist þessa samtengingu, ef framkvæmanleg reynist, yfir landið, og nú er réttur tími til þess, að Alþ. lýsi því yfir um leið og verið er að gera Landsvirkjun að þvílíku risafyrirtæki, sem hér stendur til, að það sé stefna Alþ. að endurskoða gildandi löggjöf um framleiðslu og dreifingu á raforku og þá m. a. og ekki síst l. um Landsvirkjun, sem að mínum dómi er ekki eðlilega uppbyggð landsvirkjun, og jafnframt láta fram koma stefnuyfirlýsingu um jafnt raforkuverð í landinu, þannig að mönnum verði ekki mismunað eftir búsetu. Það er rétti tíminn til þess að láta þetta koma fram einmitt nú, þegar verið er að veita Landsvirkjun slíkar heimildir og gera hana að slíku risafyrirtæki, sem hún verður eða getur orðið, ef þessar heimildir verða að l. Það getur orðið erfiðara síðar, því að það er ekki alveg einfalt mál að breyta þessum hlutum og því seinna, sem í þá er lagt, því erfiðara.

Þetta vildi ég láta koma fram, en að öðru leyti stóð ég upp til þess að beina því til hæstv. forseta, hvort það væri ekki tilhlýðilegt að fresta þessari umr. nú, af því að það er eins og hv. 6. þm. Reykv. sagði þannig ástatt, að hæstv. ráðh. raforkumála er ekki viðstaddur hér í d., hefur kannske ekki vitað um það, að þessi umr. átti að fara fram nú, og mér finnst það nú satt að segja óviðunandi að gefa ekki hæstv. ráðh. kost á því að leggja orð í belg, þegar þetta mál er hér til 2. umr. Yfirleitt virðist mér frekar fáskipað á þingbekkjum miðað við mikilvægi þess máls, sem þessi fundur hefur til meðferðar. Þess vegna vil ég endurtaka það, að ég vil beina því til hæstv. forseta, að hann fresti þessari umr. til næsta fundar til þess að hæstv. raforkumálaráðh. geti verið viðstaddur. Það eru viss atriði, sem ég hefði haft tilhneigingu til að ræða við hæstv. ráðh. um, og e. t. v. fleiri þm. og yfirleitt verður að telja það eins og ég sagði áðan ekki tilhlýðilegt að ljúka umr., án þess að hæstv. ráðh. geti hlýtt á það, sem fram fer, og sagt sitt álit á því, eftir því sem hann telur ástæðu til.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Þetta verða nú aðeins örfá orð, sem ég legg hér í belg um þetta mál. Það er ekki ofmælt, að hér sé um mikið stórmál að ræða. Það, sem er um að ræða, er að virkja þessi miklu vatnsföll inni á hálendinu, Tungnaá, bæði við Hrauneyjafoss og einnig við Sigöldu. Og mannvirkin, sem verið er að vinna að og hefur verið unnið að þarna og verður unnið að, eru þau stórkostlegustu, sem enn þá hafa verið gerð hér á landi. Ég hef komið þarna og séð vinnubrögðin og séð, að þarna er um að ræða gífurleg mannvirki, óskaplega miklar jarðstíflur, sem verða gerðar þarna uppi á hálendinu. Langir og háir garðar byggðir til þess að byggja vatnsgeyma á þessum svæðum. Það er um það rætt nokkuð að auka þar við og leggja Þjórsárverin undir vatn að mestu eða öllu leyti, og í þessu frv. eru, eins og hv. 6. þm. Reykv. sagði, heimildir til að gera þetta, að leggja Þjórsárverin undir vatn.

Ég álít, að þarna sé of langt gengið í þessu frv. og ég vil taka mjög undir orð hv. 6. þm. Reykv. um það, að ríkisstj. ætti að hafa sjálf forgöngu um það að draga úr þessari heimild í frv. Hún hlýtur að geta aflað sér síðar heimilda til þess að vinna þarna þau verk, sem álítast nauðsynleg, ef rannsóknir benda til þess, að slíkt sé eðlilegt að gera. Nú munu eiga að fara fram víðtækar rannsóknir á Þjórsárverum. Vísindamenn munu vera nú þegar að hefja undirbúning að slíkum rannsóknum og mér sýnist, að það sé engin þörf á því að hafa heimildir um þetta í l. nú þegar. Við, sem búum í Árnessýslu milli Þjórsár og Hvítár, okkur er ekki alveg nákvæmlega sama um það, hvernig fer um Þjórsárver. Við teljum nú, að við eigum mikilla réttinda og hagsmuna að gæta á þessu svæði. Þetta eru afréttarlönd Gnúpverja, Flóamanna og Skeiðamanna, sem þarna eru í húfi. Þarna hafa gengið stundum á 2. þúsund fjár í högum yfir sumarið og þarna er betra haglendi heldur en nokkurs staðar annars staðar er til á sunnlenzkum afréttum. Þarna eru þúsundir hektara af grónu landi, sem er vaxið stargresi og alls konar laufi, sem sauðfé þykir mjög gott til beitar. Og þetta eru verðmæti, sem við teljum, að séu

allmikils virði fyrir búskap bændanna á þessu svæði, en verði þetta land sett undir vatn, þá eru þessi verðmæti úr sögunni fyrir okkur.

En það er ekki nóg með það, heldur yrði líka mikil náttúrufegurð á þessum slóðum eyðilögð, og gæsabyggðin, sem þarna er, er vitanlega þá úr sögunni. Nú er okkur að vísu ekkert sérstaklega hlýtt til gæsarinnar þarna, bændunum á Suðurlandi. En ég held, að við séum samt þeirrar skoðunar eða ég hef ekki heyrt menn hafa neina aðra skoðun á því en þá, að það beri að varðveita öll sérkenni íslenzkrar náttúru, hvar sem er á landinu, hvort heldur er í óbyggðum eða í byggðum. Og slík verðmæti megi ekki eyðileggja, það verði a. m. k. að vera mikið í húfi til þess að slíkt megi gera.

Nú eiga, eins og ég sagði áðan, að fara fram rannsóknir á þessu svæði og það er álitið, að þær muni verða að standa í nokkuð mörg ár. Mér fyndist því, eins og hv. 6. þm. Reykv., eðlilegast, að heimildir til þessara framkvæmda í sambandi við virkjanirnar á þessum svæðum væru numdar úr frv., en ég stóð aðallega upp til þess að mæla með því og mæla yfirleitt með till. þeim, sem hann og hv. þm. Lúðvík Jósefsson flytja. Ég er algerlega sama sinnis t. d. um það, að við eigum að taka raforkuna í þjónustu húsahitunarinnar í staðinn fyrir olíuna. Það eru gífurleg verðmæti, sem við verðum að láta í gjaldeyri úr landi okkar og sem við hefðum þörf fyrir til annarra hluta en til þess að borga með alla þessa olíu, sem við hitum okkar híbýli með. Ég álít einmitt, að við eigum að nota þessi miklu fallvötn, sem við höfum og þar sem hægt er að nota jarðhita einnig, við eigum að nota þessar auðlindir landsins til þess að hita híbýli okkar með, en flytja ekki inn olíu. Og ég er hv. 6. þm. Reykv. sammála um það, að sú orka, sem fæst með þessum virkjunum, á einmitt að koma að gagni á þessu sviði fyrst og fremst.

Ég held, að ég sjái ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um þetta, en ég vildi láta þetta koma fram í sambandi við umr. um þetta mál.

Umr. frestað.

Á 68., 69., 70., 71., 75., 79., 80. og 82. fundi í Nd., 24., 25., 26., 29. og 31. marz, 1. og 2. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 83. fundi í Nd., 2. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A.10, n. 499 og 570, 285, 323, 679, 753).

Birgir Kjaran: Herra forseti. Aðeins fáein orð um eitt atriði frv., sem ég er annars samþykkur í heild. En fyrst vildi ég þó nota tækifærið til þess að leiðrétta misskilning, sem fram hefur komið við umr. hjá einum hv. þm. varðandi hugsanleg náttúruspjöll og tortímingu sérstæðra náttúrufyrirbæra af völdum þessara virkjana. Slíkt er sem betur fer algerlega á misskilningi byggt, þar sem virkjanir í Tungnaá við Sigöldu og Hrauneyjafoss munu aðeins raska landi, sem í raun og veru er nánast eyðimörk og bændum til lítils gagns og frá náttúruverndarsjónarmiðum ekki neins sérstaks eðlis. Það er fyrst, ef til virkjunar kæmi við Norðlingaöldu, sem þessi atriði kæmu í brennidepilinn, ef svo mætti segja, því að af síðari virkjunum kynni heiðargæsastofninum að stafa hætta og sérkennilegt og einstætt landslag, eina túndran eða freðmýrarsvæði landsins þar með fara í kaf. En um það er sem sagt ekki að ræða í þessu frv. og því ástæðulaust að deila um það á þessari stundu. Um eitt atriði frv. finnst okkur sumum ekki nógu fast á kveðið og til þess að taka af allan vafa höfum við 4 þm. flutt brtt. á þskj. 679. Hér er vissulega ekki um neina efnisbreytingu á frv. að ræða heldur aðeins orðalagsbreytingu, sem taka á, eins og ég segi, af allan vafa og þar með að koma í veg fyrir hugsanleg eftirmál og tvíræða túlkun heimildar. Með leyfi hæstv. forseta leyfi ég mér að lesa þessa brtt. upp og orðalag frv. til samanburðar. Í síðasta málslið 3. gr. frv. segir svo, orðrétt tilfært:

„Landsvirkjun er jafnframt heimilt að gera þær ráðstafanir á vatnasvæðum ofan virkjana sinna, samkvæmt 1. málsgrein," — sem mun vera prentvilla eins og á hefur verið bent og á trúlega að vera 1. gr., — „sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur þeirra á hverjum tíma." Við þetta orðalag viljum við gera þá breytingu, sem fram kemur á þskj. 679, með leyfi hæstv. forseta:

„Landsvirkjun er jafnframt heimilt að gera þær ráðstafanir á vatnasvæðum ofan virkjana sinna í Tungnaá, sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur þeirra á hverjum tíma."

Ég vona, að hv. dm. geti fallizt á þessa brtt. okkar, sem aðeins miðar að því að taka af allan vafa og tvímæli.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, var sú, að eins og fram kemur við afgreiðslu hv. iðnn. á þessu máli þá hefur hún klofnað og minni hl. lagt fram allítarlegt nál., og án þess að fara verulega út í það, þá vil ég þó segja það við þessa umr., að ég er algerlega andvígur þeirri stefnuyfirlýsingu, sem fram kemur í þessu nál. En það er í stuttu máli um það, að Landsvirkjun verði færð norður yfir fjöll. Það segir hér, með leyfi forseta, í lok nál.: „Með brtt. þeim á þskj. 323, sem minni hl. mælir með, er stefnt að frambúðarlausn virkjunarmála norðanlands og sunnan og raunar landsins í heild, og að jafnrétti landsmanna á sviði raforkumála." Ég vildi láta það koma fram við þessa umr., að ég hef algerlega gagnstæða skoðun við það, sem hér er haldið fram, svo sem raunar hefur nú betur komið fram, m. a. í þeirri þáltill., sem lögð var fram hér í gær af allmörgum þm. hv. d. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé einmitt mjög mikilvægt og m. a. til jafnvægis í þessum málum, að það séu rekstrar- og ábyrgðareiningar eftir landssvæðum og mörkum, það verði hagfelldast og raunar sé það strjálbýlinu nauðsyn.

Ég vil enn fremur aðeins víkja að einu atriði í lagafrv. sjálfu, og vil vekja sérstaka athygli á því. Eins og mönnum er kunnugt, er því mjög

haldið á lofti, að í raforkumálunum sé það fyrst og fremst markaðurinn, það sé hann, sem valdi mestu og hafi þar af leiðandi mestan rétt. Nú skal ég ekki draga úr því, að auðvitað er það mikilvægt að hafa nægan markað, en ég vil þó jafnframt minna á það, að það er ekki nema annar þáttur þessara mála, hinn er vatnsorkan og hvernig er að afla hennar. Og í raun og veru er þetta undirstrikað í þessu frv. og það var nú m. a. það, sem ég vildi vekja athygli á, — þar sem segir, með leyfi forseta, í síðustu málsgrein 3. gr.: „Landsvirkjun er jafnframt heimilt að gera þær ráðstafanir á vatnasvæðum ofan virkjana sinna samkvæmt 1. málsgr., sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur þeirra á hverjum tíma.“ Þetta er alveg rétt, en þetta er líka staðfesting á því, að þó markaðurinn sé mikilvægur, þá er það líka mikilvægt, að aðstaðan til þess að afla þessarar orku, aðstaðan í vatnsföllunum sé góð, og ég vek athygli á þessu vegna þess að ég er þeirrar skoðunar, að þarna sé um þjóðareign að ræða, þjóðareign, sem allir íbúar landsins, hvar sem þeir eru, hljóta að eiga rétt til að njóta að nokkru leyti. Og þar með er ég að komast að því, sem ég vildi sérstaklega láta koma hér fram, að ég tel eðlilegt þess vegna, að það sé nokkurt gjald lagt á orkuöflunina, sem síðan sé varið til þess að jafna aðstöðu landsmanna til þess að nota sér þessi mikilvægu gæði. M. a. er það nú þegar að nokkru leyti komið til framkvæmda í gegnum verðjöfnunargjald, sem rennur í Orkusjóð, en er þó eins og stendur varið til þess að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins. Ég vil aðeins með þessum orðum undirstrika þetta, að ég viðurkenni fyllilega gildi markaðarins í raforkumálunum, en hinu megum við heldur ekki gleyma, að það er ekki nema annar þátturinn, hitt er aðstaðan til þess að afla þessarar orku og framleiða hana, skilyrðin í vatnsföllunum og orkan í þeim.

Þá vil ég enn fremur aðeins láta það hér í ljós, að það liggur hér fyrir brtt. frá hv. 6. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Austf., að ég held, og 4. liður hennar hljóðar á þá leið, að ráðast í áætlanir og framkvæmdir til þess að tryggja það, að sem mest af orkunni frá hinum nýju stórvirkjunum verði notað til hitunar húsa. Það kom fram hér hjá frsm. hv. n., að n. hafði ekki tekið að neinu leyti afstöðu til þessarar till., enda þótt hún lægi þá fyrir. Ég verð að segja það fyrir mig, að ég hefði talið það heldur til bóta, að þetta ákvæði hefði verið tekið inn í gr. Ég minni á það, að það hefur af hálfu þessarar hv. d. verið afgreidd þáltill. einmitt í þessa átt, að leggja áherzlu á aukna húsahitun, enda dylst það engum, að við eigum þar, a. m. k. þegar miðað er við landið í heild, mjög mikinn markað ónotaðan.

Ég vil svo segja það að lokum út af till., sem hér er nýlega fram komin, ásamt með brtt. frá hv. þm. Geir Hallgrímssyni, að ég er mjög fylgjandi þeirri breyt. og að sjálfsögðu er það, sem fyrir tillögu-mönnum hefur vakað, það sem frekar er áréttað í till. hv. þm. Geirs Hallgrímssonar. En aðalatriðið er það, sem ég vildi sérstaklega undirstrika einmitt við þessa umr., það er þetta, að jafnframt því sem við viðurkennum mikilvægi markaðsins þá gleymum við ekki hinu, hversu mikilvægt er að hafa vatnsföllin og þessi stóru vatnsföll, sem jöklar okkar fóðra, þau eru tvímælalaust þjóðareign, sem allir landsmenn eiga rétt til að njóta nokkurs af, jafnvel þó þeir geti kannske ekki orðið notendur orkunnar beint.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ef ég rifja hér upp, að hv. stjórnarandstaða hafi verið mótfallin Búrfellsvirkjun, þá býst ég við, að málsvarar hennar muni hér koma á eftir og taka fram, að það sé ekki rétt, því þeir hafi greitt atkv. með Búrfellsvirkjun á sínum tíma. Ástæðan til þess, að ég hef tilhneigingu til þess að gera það við þessa umr., er sú, að Búrfellsvirkjun hefði í upphafi aldrei komizt í framkvæmd, ef ekki hefði verið til staðar orkusölusamningur við álfélagið, orkusölusamningur, sem treysti fjárhagsgrundvöll Búrfellsvirkjunar en hv. stjórnarandstaða var á móti. Í raun og veru var þetta hvort tveggja svo nátengt og samhangandi, að ekki varð þar sundur slitið á þeim tíma, sem í Búrfellsvirkjun var ráðizt. Þetta rifjast upp sérstaklega núna, þegar augu hv. stjórnarandstöðu hafa opnazt fyrir því betur en áður var, að það er nauðsynlegt, þegar ráðizt er í stórvirkjun, að sjá svo um, að unnt sé að selja orkuna, sem framleidd er í slíkum stórvirkjunum, og sem betur fer finnst mér brtt. og nál. minni hl. iðnn. bera þess vitni, að þessir aðilar hafi meiri og betri skilning á því, að nauðsynlegt er að hafa markað fyrir rafmagnsframleiðsluna, ef örugglega er um hnútana búið varðandi fjárhagsgrundvöll slíkra stórframkvæmda. Á þskj. 285 frá þeim þm. 6. þm. Reykv. og 4. þm. Austf. þá kemur þetta fram, að þeir hyggjast ráða bót á skorti á kaupendum með því annars vegar að auka hitun húsa með rafmagni en hins vegar að hafa það sem varaskeifu, ef ekki reynist unnt að sjá fyrir öruggum innlendum kaupendum, þá að fara út í minni orkuver.

Hv. síðasti ræðumaður nefndi hitunarmálin og í því tilefni má geta þess, að um rúmlega ársskeið hefur verið n. að störfum á vegum Orkustofnunar, sem hefur fjallað um hitunarmál og hvaða hitagjafi væri hagkvæmastur í hverju tilviki eftir aðstæðum. Þótt störf þessarar n. hafi gengið seinna heldur en skyldi, þá er von til þess, að hún muni skila áliti, og þáltill. um þessi efni, sem mun hafa verið samþ. hér fyrr á þinginu, er einnig til þess fallin, að um þessi mál verði nægilega örugglega fjallað, því vissulega er það hagsmunamál í nýtingu vatnsfalla að nýta þau, framleiðslu raforkunnar, í þessum tilgangi. Enn fremur má geta þess í þessu sambandi, að Landsvirkjun og Rafmagnsveita Reykjavíkur hafa sérstaklega í endurskoðun gjaldskrár sínar með tilliti til þess, að unnt verði að auðvelda rafmagnskaupendum að nýta raforkuna á sem hagkvæmastan hátt. Ég tel engan vafa á því, að aðrar rafmagnsveitur munu fylgja í kjölfarið varðandi slíkar gjaldskrárbreytingar, sem auðvitað eru oft á

tíðum forsenda fyrir því, að eðlileg þróun takist að því leyti, að rafmagnið sé nýtt til húsahitunar.

Varðandi seinna atriðið um að reisa minni virkjun í stað þeirra, sem frv. gerir ráð fyrir, en það eru allt að 170 MW virkjanir við Sigöldu og við Hrauneyjafoss í Tungnaá, er það að segja, að gert er ráð fyrir 30 MW virkjun við Efstadal. Í því sambandi vitna ég til áætlana, sem lágu hér fyrir Alþingi, þegar ákveðið var að ráðast í Búrfellsvirkjun. Ef þær kostnaðaráætlanir eru færðar til verðlags í dag, þá má gera ráð fyrir því, að slík virkjun í Brúará við Efstadal mundi verða 50—70% dýrari á orkueiningu heldur en er gert ráð fyrir í Tungnaárvirkjunum. Auk þess er þá ekki miðað við 30 MW virkjun í Brúará, því hún mundi verða hlutfallslega enn dýrari og óhagkvæmari miðað við hverja orkueiningu, heldur er þar aðeins miðað við 22 MW virkjun í Brúará, en það svarar til 2ja ára þarfar fyrir það orkuveitusvæði, sem Landsvirkjun aflar raforku til. Það er þegar af þeirri ástæðu tjaldað til allt of skamms tíma, ef fara ætti eftir þeirri brtt., sem fyrir liggur á þessu þskj.

Ég tel rétt, að það komi fram, að vonir standa til, að raforkuþörf orkuveitusvæðis Landsvirkjunar aukist meira en reynslan hefur sýnt undanfarin ár. En samkvæmt þeim áætlunum er gert ráð fyrir því, að almenn orkuþörf aukist um 10 MW á ári hverju. Það, sem rennir stoðum undir þessa skoðun, er það, að margs konar áform eru uppi um nýjar iðngreinar og til þess að nefna eitthvað af þvílíkum áformum eða hugleiðingum, þótt ekki sé sérstaklega getið um nýja álbræðslu eða nýja keraröð á vegum ÍSALS, sem mundi þurfa 80 eða 100 MW afl, þá má nefna járnblendingsverksmiðju, sem ýmsir hafa sýnt áhuga á, sem þyrfti 30—100 MW, lenging seinni keraraðarinnar hjá ÍSAL, sem þarfnast 20 MW, olíuhreinsunarstöð þyrfti 8—40 MW, stálbræðsla þyrfti 10—20 MW, málmsteypa 5—10 MW og ýmis nýr iðnaður væri ekki of hátt áætlað, að þyrfti um 10 eða 20 MW. Þar sem gerðar hafa verið ýmsar ráðstafanir svo sem stofnun iðnþróunarsjóðs og annað því um líkt til að styðja að nýjum iðngreinum, þá ætti slík áætlun um raforkuþörf nýs iðnaðar ekki að vera of há. Sjóefnaverksmiðja kemur væntanlega síðar til greina, en loks má nefna einnig þær ráðagerðir, sem uppi hafa verið um þungavatnsframleiðslu, þó þær séu óskýrar að sinni. Og húsahitun er hér verulegur þáttur, eins og ég gat um áðan, en þar er ekki óeðlilegt að gera ráð fyrir, að ef einhver veruleg þróun yrði í aukinni húsahitun með rafmagni, væri þar um 20 eða 40 MW þörf að ræða. Ég tel þess vegna ekki of mikla bjartsýni að gera ráð fyrir þessum stórvirkjunum í Tungnaá miðað við þá raforkuþörf, sem fyrirsjáanleg er. Og ég bendi á það, að hafi menn skilyrðislaust samþ. Búrfellsvirkjanir 1965, þegar um það var að ræða að auka vatnsaflsvirkjanir á orkuveitusvæði Landsvirkjunar úr tæpum 90 MW og upp í 200 MW í fyrri áfanga og 300 MW í seinni áfanga, og þegar litið er á það, að við fyrri áfangann var mikið af þeim kostnaði, sem bundinn var seinni áfanga, nauðsynlegur strax á fyrsta stigi, þá er það ekki of mikil bjartsýni núna með þá raforkuþörf og aukningu á raforkuþörf, sem fyrirsjáanleg er, í huga að auka vatnsaflsvirkjun úr tæpum 300 MW, eins og hún verður orðin á vori 1972 eða áður en í Tungnaárvirkjanir verður ráðizt, í fyrri áfanga í 450 MW eða um 50%. Búrfellsvirkjanir voru þannig 100 til 200% aukning á vatnsaflsvirkjunum, þar sem Tungnaárvirkjun verður 50% aukning á vatnsaflsvirkjun. Ég tel nauðsynlegt að þetta komi skýrt fram.

Þá vil ég, áður en ég lýk máli mínu, ræða nokkuð þær brtt., sem fram hafa komið, varðandi heimild Landsvirkjunar til ráðstafana á vatnasvæðum ofan virkjana sinna. En í því efni ítreka ég ummæli hv. 5. þm. Reykv., þar sem hann tók skýrt fram, að þetta frv., sem nú liggur fyrir Alþ., er engan veginn í tengslum við mannvirkjagerð við Norðlingaöldu og þess vegna í engum tengslum við spurninguna um það, hvernig fara muni fyrir Þjórsárverum. Ég tók eftir því, að eftir fyrri hluta 2. umr. í þessari hv. d., sem ég gat því miður ekki hlýtt á, þá birti dagblaðið Þjóðviljinn frásögn af þeim umr. með þeim hætti að 5 dálka fyrirsögn hljóðaði svo: „Verður Landsvirkjun leyft að drekkja Þjórsárverum?“ Þetta kom spánskt fyrir sjónir, þar sem aðalræðumaður þessa dagblaðs, hv. 6. þm. Reykv., hafði á þskj. 285 gert ráð fyrir, að óbreytt stæði sú heimild í landsvirkjunarlögunum, sem heimilaði Landsvirkjun að gera þær ráðstafanir á vatnasvæðum virkjana sinna, sem nauðsynlegar þykja til að treysta, — tryggja rekstur þeirra á hverjum tíma. Að vísu kemur fram, að hv. 6. þm. Reykv. hafði talið sig ekki hafa tekið eftir því við fyrri umr. málsins, að óbreytt mundi þessi málsgrein, sem hann tekur upp í brtt. sína og hann telur veita Landsvirkjun heimild til mannvirkjagerðar á efra Þjórsársvæðinu. Látum svo vera, þótt hann sé eða hafi verið í vafa um það hvort umrædd lagagrein veiti slíka heimild eða ekki. Og látum svo vera, þótt honum hafi yfirsézt um þetta efni, eins og mér skildist hann sjálfur hafa látið í ljós. En hitt finnst mér öllu merkilegra að leyfa blaði sínu að gera slíkan úlfalda úr þeirri mýflugu, sem raun ber vitni, að birta 5 dálka fyrirsögn á forsíðu, þar sem verið er að reyna að telja lesendum blaðsins trú um, að hér séu voðamenn á ferð, sem bruggi launráð náttúruverðmætum landsins og hagsmunum alþjóðar. Ég vil taka það fram, að það er fjarri öllu lagi, að líta svo á, að þessi heimild í lögum um Landsvirkjun, sem hefur staðið í þeim frá upphafi og er nú í landsvirkjunarlögunum í 6. gr., að hún veiti Landsvirkjun heimild til hvaða mannvirkjagerðar sem er á svæðum ofan virkjana sinna. Það er skýrt tekið fram, bæði í hinum upprunalegu lögum og í því frv., sem fyrir liggur, að þessi heimild er takmörkuð við nauðsynlegar aðgerðir til þess að tryggja rekstur þessara virkjana á hverjum tíma. Og það er ljóst mál, að engin mannvirki við Norðlingaöldu eða á efra Þjórsársvæðinu eru nauðsynleg til að tryggja rekstur núverandi Búrfellsvirkjunar. Í öðru lagi gerir svo frv.

það, sem hér er til umr., ráð fyrir því, að þróun orkuöflunar færist yfir á Tungnaársvæðið, þannig að gera má ráð fyrir því, að mannvirkjagerð á efra Þjórsársvæði frestist um allmörg ár, jafnvel þennan áratug. Og loks er svo þess að geta, að það er skýrt tekið fram í því frv., sem fyrir liggur, að ábyrgðarheimildir og lánsheimildir eru takmarkaðar við Þórisvatnsmiðlun og Köldukvíslarstíflugerð, svo og aðra þá virkjun í Tungnaá, sem heimild er veitt til með þessum lögum, þ. e. a. s. annaðhvort virkjunar við Hrauneyjafoss eða virkjunar við Sigöldu. En ljóst er, að mannvirkjagerð á efra Þjórsársvæðinu, sem drekkir Þjórsárverum, er langtum stórfenglegra mannvirki en svo, að ekki þurfi til að koma heimild Alþingis, þó ekki væri nema að því er snertir lánsheimild og ábyrgðarheimild, til þess að ráðast í slíkt mannvirki, þannig að hér er verið bersýnilega af mikilli málefnafátækt að gera úlfalda úr mýflugu.

Hv. 5. þm. Reykv. gerði grein fyrir brtt. á þskj. 679 og tók það skýrt fram, að að hans áliti væri fyrirliggjandi frv. ekki á þann veg háttað, að það snerti á nokkurn hátt hættuna á, að Þjórsárver væru að einu eða neinu leyti skert, en samt sem áður taldi hann rétt að bera fram brtt., sem fram kæmi á þskj. 679. Ég tek það fram með tilvísun til þess, sem ég hér hef áður sagt, að ég tel þessa brtt. að vísu ónauðsynlega, en þar sem hún er skaðlaus og breytir efni málsins ekki að einu né neinu leyti þá er engin ástæða til annars en fallast á hana, að vísu með þeirri breytingu, sem ég hef lagt til að á henni yrði gerð og er á þá leið, að heimild Landsvirkjunar taki einnig til þess hluta vatnasvæða ofan Búrfellsvirkjunar í Þjórsá, sem er að ármótum Tungnaár og Þjórsár og frá þeim ármótum að Hrauneyjafossi og síðan, eins og hin brtt. raunar gerir ráð fyrir, svæðunum ofar við Tungnaá. Þetta er nauðsynlegt, þar sem verið getur, að Landsvirkjun þurfi, til þess að minnka yfirborð árinnar og draga úr kælifleti hennar, að stífla kvíslar og setja garða út í Þjórsá og Tungnaá á þessu svæði milli Búrfellsvirkjunar og Tungnaárvirkjunar. Vænti ég þess fastlega, að hv. þm. geti fallizt á þá brtt.

Ég endurtek: Ég tel ekki þessa brtt. nauðsynlega, en hún er skaðlaus, breytir ekki efni þess frv., sem fyrir liggur, ef mín brtt. nær fram að ganga, sem ég vænti að verði, en á hinn bóginn hlýt ég að lýsa undrun minni á málsmeðferð hv. 6. þm. Reykv., ef trúa má blaði hans, því slík gífuryrði eru ekki til annars fallin heldur en að lýsa málefnafátækt hv. stjórnarandstöðu og rifja um leið upp andstöðu hv. stjórnarandstöðu við stórvirkjanaleið í raforkumálum, sem Alþ. valdi þegar á árinu 1965 og sem ég vænti, að Alþ. staðfesti og ítreki með samþykkt þessa frv.

Umr. frestað.

Á 85. fundi í Nd., 3. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A.10, n. 499 og 570, 285, 323, 679, 753, 792).

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Þetta frv. er að minni hyggju eitt stærsta málið, sem nú liggur fyrir Alþ., og því tel ég miklu máli skipta, að alþm. hafi sem gleggsta vitneskju um þetta mál, áður en það verður endanlega afgr. Á það finnst mér nokkuð skorta ennþá. Að vísu vænti ég þess, að hv. iðnn. hafi fjallað mjög gaumgæfilega um málið og hafi fengið þar margvíslega vitneskju, en hún hefur þá legið á þeirri vitneskju gagnvart okkur óbreyttum þm. Þegar málið kom hér til annarrar umr. og umr. hófst, þá var hæstv. iðnrh. ekki staddur á fundi, og því fórum við fram á það nokkrir þm., að umr. yrði frestað þar til hæstv. ráðh. hefði tök á að vera hér, og hann er staddur hér núna og ég hafði hug á því að biðja hann um nokkrar viðbótarupplýsingar.

Það, sem fyrir mér vakir, er ekki virkjanirnar sjálfar í Tungnaá, ég held að um þær séu aðstæður svo ljósar, að mjög auðvelt sé fyrir þm. að meta þær í sjálfu sér, en það, sem máli skiptir, er vitneskja um það, hvað á að gera við þá miklu raforku, sem þarna yrði framleidd. Í sjálfu sér er það tilgangslítið að taka ákvörðun um stórvirkjun án þess að vita um leið, hvað gera skal við raforkuna. Því það er sú raunverulega ákvörðun, sem verið er að taka, hvernig á að nýta þessa miklu orku. Og því vildi ég mjög gjarnan beina því til hæstv. ráðh., að hann skýrði Alþ. frá því, hvaða hugmyndir eru uppi um það atriði innan hæstv. ríkisstj. Um það hafa heyrzt lausafregnir eða mjög almenn ummæli, að hæstv. ríkisstj. stæði í undirbúningsathugunum við ýmsa erlenda aðila um að kaupa raforku frá þessum nýju stórvirkjunum og koma upp stórum verksmiðjum til þess að nýta þessa orku. Ég mundi telja það algerlega nauðsynlegt, að hæstv. ráðh. greindi frá því hér á þ., hvernig þau mál standa, hversu langt slíkir samningar eru komnir, hvaða líkur eru á því að þar nái endar saman, hvaða verð sé verið að ræða um, hversu hátt verð á kw erlendir aðilar hugsanlega muni greiða. Ég tel víst, að hæstv. ríkisstj. hafi um þetta talsverða vitneskju nú þegar, fyrst hún leggur áherzlu á, að ákvarðanir um þessar virkjanir verði teknar nú, því hún hefur marglýst því yfir, að hennar hugmyndir um stórvirkjanir séu einmitt tengdar slíkum viðskiptum. Það hefur oft komið fram, að vandi okkar Íslendinga í sambandi við stórvirkjanir sé einmitt þessi að finna markað fyrir þá miklu raforku, sem framleidd er. Nú er það hins vegar svo, að innanlands er slíkur markaður til, og það er að nota raforkuna til húsahitunar. Eins og nú standa sakir, þá er um það bil helmingur húsakynna á Íslandi hitaður upp með olíu og til þess þarf orku, sem nemur um það bil 1000 GWst. Þetta er mjög stór markaður. Önnur þessi stórvirkjun í Tungnaá framleiðir 800—900 GWst, þ. e. a. s. minna orkumagn en við notum nú þegar með því að kaupa olíu og kynda upp húsakynni okkar. Þannig er þarna markaður, sem nægir til að kaupa alla orku frá annarri þessari stórvirkjun í Tungnaá. Og þetta er mjög hagkvæmur markaður. Olían, sem notuð er til húsahitunar, er mjög dýr og það er

hægt að nota raforku, án þess að það auki tilkostnað manna, þó að kw.-stundin sé seld á meira en 1 kr. Fyrir þessu hefur Gísli Jónsson, framkvæmdastjóri Sambands ísl. rafveitna, gert skýra grein, og hann hefur komizt að þessari niðurstöðu. En það þýðir það, að þessi markaður getur greitt fjórum til fimm sinnum meira en álbræðslan greiðir fyrir raforku um þessar mundir. Þannig, að þarna er einnig um að ræða mjög hagkvæm viðskipti. Og þarna er einnig um að ræða gjaldeyri, vegna þess að við verðum að greiða gjaldeyri fyrir olíuna. Við þetta bætist það, að notkun raforku til húsahitunar er mjög vaxandi í löndunum umhverfis okkur, vegna þess að hún þykir hagkvæm af mörgum ástæðum. Og hún þykir mjög þægileg fyrir neytandann.

Hér er á Íslandi ákaflega mikill áhugi fyrir þessu máli, eins og fram hefur komið á þessu þ. í þáltill., sem samþ. hefur verið, og raunar yfirlýsingu frá hæstv. iðnrh. Ég hef ásamt hv. þm. Lúðvík Jósefssyni lagt fram till. um þetta efni, að áform um að nota raforku til húsahitunar verði tengd heimildinni til nýrra stórvirkjana í Tungnaá. Að þarna verði gert samhengi í milli. Að Alþ. lýsi sem sé yfir þeirri stefnu af sinni hálfu, að æskilegt sé að nota orkuna á þennan hátt. Við lögðum þessa till. fram skömmu eftir að frv. kom til okkar hér í Nd., og hugmynd okkar með því var sú, að hv. n., sem um málið fjallaði, hún fjallaði einnig um þetta atriði, vegna þess að þetta atriði er ákaflega veigamikið. Þetta gerði n. því miður ekki. Hins vegar held ég, að hæstv. ríkisstj. hljóti að hafa velt þessu atriði fyrir sér einnig. Og því þætti mér mjög forvitnilegt, ef hæstv. ráðh. vildi skýra frá afstöðu ríkisstj. til þessarar hugmyndar einnig, hvort hæstv. ríkisstj. sé nokkuð á móti því, að þessu atriði verði bætt inn í frv.

Við bættum einnig öðru atriði inn í brtt. okkar, við hv. þm. Lúðvík Jósefsson, það var að bæta við heimild til minni virkjunar, ef ekki tækist nægilega snemma að tryggja eðlilegt samhengi milli orkuframleiðslu frá stórvirkjunum og orkunotkunar, sem er náttúrlega grundvallaratriði. Ef slíkt tækist ekki þá lögðum við til, að ríkisstj. hefði heimild til að ráðast í smærri virkjun, til að tryggja sér lengri tíma og við bentum þar á raforkuver í Brúará við Efstadal. Nú vil ég taka það skýrt fram, að þó þessi staður væri nefndur af okkar hálfu þá felst það ekki í því, að við teljum okkur hafa nokkra örugga vissu um það, að þessi staður sé í sjálfu sér betri en aðrir staðir til slíkrar framleiðslu, við viljum aðeins benda á þennan möguleika. Þarna eru fleiri möguleikar til, t. d. varmaaflsvirkjunin í Hveragerði, sem ekki hefur verið undirbúin verulega, þó það gæti verið fróðlegt af ýmsum ástæðum. En þegar við bárum þessar till. fram, þá ætluðumst við einnig til að þessi hugmynd yrði athuguð, og ef mönnum litist betur á aðra kosti þá erum við að sjálfsögðu til viðtals um það. Hins vegar er hin till., um að tengja þessar stórvirkjanir við áform og framkvæmdir í sambandi við hitun húsa það langsamlega meginatriði í okkar till. Og að minni hyggju er sú till. mikið stórmál.

Hv. þm. Geir Hallgrímsson flutti hér ræðu í gær og gerði þar aths. við það, sem ég benti á hér á dögunum, að heimild sú, sem gert er ráð fyrir í frv. til ráðstafana á vatnasvæðum ofan virkjana Landsvirkjunar þ. e. a. s. bæði í Þjórsá og Tungnaá, hún væri svo víðtæk, að hún næði til vatnasvæðisins ofar Búrfellsvirkjun og uppúr. Ég benti á þetta, að mér fyndist það óeðlilegt að hafa þessa heimild svona rúma, ég tók það fram, að ég teldi mjög ólíklegt, að það hefði vakað fyrir hæstv. ríkisstj. að tryggja svo rúma heimild og beindi því raunar til hennar, að ég legði til, að hún breytti sjálf orðalagi á þessu, til þess að það næði aðeins til þess svæðis, sem þarna væri um að ræða næst virkjununum. Hv. þm., Geir Hallgrímsson, hann taldi, að þessi túlkun mín væri ástæðulaus og byggð á misskilningi og hafði um það fleiri orð, sem ég hirði ekki að rekja, enda er það gersamlega ástæðulaust, því þessi sami hv. þm. hefur fallizt á þetta sjónarmið með því að flytja sjálfur brtt. um að takmarka þessa heimild einmitt við þetta svæði, hann hefur fallizt gersamlega á það sjónarmið, að rétt sé að orða heimildina þannig, að ekki fari milli mála, að hún eigi þar aðeins við svæðið næst virkjununum og hefur þannig fallizt á sjónarmið mitt. Og ég kom með aths. mína til þess að koma þessu sjónarmiði á framfæri, og þegar á það er fallizt er ástæðulaust að hafa um það frekari deilur. Hins vegar kryddaði þessi hv. þm. mál sitt með ýmsum almennum aths. um það, að stjórnarflokkarnir væru stórhuga í virkjunarmálum, en við stjórnarandstæðingar vildum lúta að minnu. Ég ætla ekki hér að fara út í neinar almennar umr. um þetta mál og mun ekki gera það í löngu máli, en ég get ekki á mér setið að mótmæla gjörsamlega þessari staðhæfingu, því hún stangast gersamlega á við staðreyndir. Það er ekki stórhugur í virkjunarmálum að ráðast í virkjanir í því skyni að selja orkuna erlendum aðilum sem hráorku á verði, sem er svo lágt, að það stendur ekki undir tilkostnaði, nema stöðvarnar séu afskrifaðar á ákaflega löngum tíma. Þetta er ekki stórhugur, þetta er að lúta að lágu. Okkar afstaða er sú, að við eigum að nýta orkulindir okkar í þágu íslenzku þjóðarinnar sjálfrar. Og það verði að vera samhengi á milli orkuvinnslu og orkunotkunar í landinu, að við tryggjum þjóðfélagi okkar hámarksarð af þeirri orku, sem við getum framleitt. Þetta er miklu stærra viðhorf í virkjunarmálum heldur en viðhorf hæstv. ríkisstj.

En sem sagt, erindi mitt hingað í dag var fyrst og fremst, eins og ég gat í upphafi, að ég hafði hug á því að biðja hæstv. iðnrh. að flytja hér skýrslu um það, hverjar eru hugmyndir hæstv. ríkisstj. um það, hvernig eigi að hagnýta orkuna frá hinum nýju stórvirkjunum, og enn fremur, hvort hæstv. ríkisstj. sér nokkuð athugavert við, að í frv. verði bætt þessu ákvæði um að stefnt skuli að því að nota sem mest af þessari orku til húsahitunar á Íslandi.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja umr., en út af ræðu hv. 6. þm. Reykv. vil ég segja það, að það hefði náttúrlega verið æskilegra, — ég get fallizt á það með honum, — að n., sem hafði málið til meðferðar, hefði tekið til athugunar þau atriði, sem komu fram í brtt., sem snemma voru fluttar. En ég vek líka athygli á því, að þetta er eitt af fyrstu þingmálunum, sem lagt er hér fram, og þó svo væri, að ég væri ekki viðstaddur 2. umr., þá hefði náttúrlega verið miklu æskilegra að fá þessar fsp. fyrr, sem hv. þm. beindi til mín, að hann hefði spurt fyrr um þessa hluti, ef hann óskar eftir því sérstaklega, að þeir séu vandlega upplýstir í þ. Hér er um sérfræðileg mál að ræða, sem ég út af fyrir sig geng nú ekki með upp á vasann, ýmsar upplýsingar, sem innt er eftir.

En ég skal aðeins víkja að þeim spurningum nokkrum, sem hann nefndi, og þá var það fyrst, til hvers orkan ætti að vera notuð. Það er margt, sem kemur þar til álita, og okkar almenna orkuþörf sjálf, sem okkur þm. er sjálfsagt kunnugt um, er mjög vaxandi yfirleitt og þarf að sjá fyrir verulegri endurnýjun orkunnar af þeim sökum einum, það er ýmiss konar iðnþróun, sem til umr. hefur verið og gæti orðið frekar til umr. og ákvörðunar, þegar fyrir lægi, hvenær við teldum að við gætum haft svo og svo mikla orku fyrir hendi og á hvaða verði við gætum endanlega selt hana. Í því sambandi — ég veit ekki, hvort það hefur áður komið inn í umr., þá nefni ég það, að ég hef lengi talið fyrir mitt leyti sennilegt, að um lengingu seinni keraraðarinnar hjá ÍSAL yrði samið á síðara stigi málsins eins og gert var með breyt. á l. eða samningnum við ÍSAL eða Alusuisse, um lengingu fyrri keraskálans frá upphaflegri ráðagerð. Við þá lengingu bættust við 40 ker 20 MW. Það mundi þá verða, ef af lengingu yrði, um 20 MW orku að ræða og skálarnir yrðu þar af leiðandi jafnlangir báðir, sem sennilega er hagkvæmara fyrir fyrirtækið og kynni að verða hagkvæmara fyrir okkur. Það hefur hins vegar ekki verið rætt neitt um þetta enn þá, þannig hefur verið á s.l. ári, að ekki hefur verið mikill áhugi hjá álbræðslunum eða fyrirtækjunum fyrir aukningu, ál mun hafa lækkað á heimsmarkaðinum síðari hluta ársins og það hefur strax sín áhrif, sumar verksmiðjur í Bandaríkjunum drógu saman seglin, einstaka lokuðu. Eftir því sem ég bezt veit, þó ég hafi nú ekki nánari upplýsingar, eru horfur í þessu efni betri nú og allt hefur það áhrif á það, hvaða áhuga viðkomandi aðilar hafa fyrir að lengja þessa keraröð og einnig, hvernig okkar aðstaða er til þess. Ef verður af olíuhreinsunarstöð, þá verður að vísu of lítil orka, ef aðeins verður reist lítil olíuhreinsunarstöð fyrir okkur hér á landi, en hugmyndir hafa komið upp og það nýlega hjá sumum aðilum að gerast þátttakendur í að reisa miklu stærri olíuhreinsunarstöð, málið er alveg ókannað, vegna þess að það er svo nýlega til komið, að ég teldi eðlilegt, að það mál færi í hendur þeirrar stjórnar, sem kosin yrði fyrir því undirbúningsfélagi, sem l. hafa verið afgreidd um frá Alþ. En þar gæti verið um að ræða orku frá 8 MW og allt upp í 40 MW, en þetta er algerlega óvitað og gersamlega á frumstigi, því ef stór stöð yrði reist hér, þá yrði það ekki öðruvísi en í samvinnu við aðila, sem gæti tryggt hráefni og markað fyrir framleiðslu stöðvarinnar.

Stálbræðslufyrirtæki hefur lengi verið talað um hér, allt frá árinu 1960 var hér sérfræðingur, sem starfaði á vegum Iðnaðarmálastofnunar Íslands, og síðar hefur Iðnaðarmálastofnun Íslands sjálf endurskoðað áætlanir um stálbræðslu og nú er svo komið, að það er búið að stofna hér eða a. m. k. að mestu leyti stálbræðslufyrirtæki og þar gæti verið um að ræða orku hjá slíku fyrirtæki 10—20 MW.

Það hefur verið talað um málmsteypur, sem menn hafa heyrt um á opinberum vettvangi, t. d. álsteypur eða álvinnslu, sem framleiða vissa hluta í vélar, bíla o. s. frv. Það var minnzt á General Motors hér í blöðum í vetur. Ég hygg, að þeir hafi nú sett sig niður, þeir aðilar, sem séu um það bil að gera samninga við Norðmenn. Aðrir aðilar hafa sýnt áhuga hér, en það er á slíku frumstigi, að ég skal ekki gera það frekar að umtalsefni. Það gæti verið um að ræða 5—10 MW.

Ýmis nýr iðnaður, sem er að þróast hér, hefur sennilega á næstu árum verulega þörf í sambandi við tímabil það, sem þessar heimildir, sem hér er um að ræða, kynnu að koma til framkvæmda á, yrði það áætlað aldrei innan við 10—20 MW. Við vitum um sjóefnavinnsluna. Það er svo óráðið mál, að ekki er hægt að gera sér grein fyrir, hvort af henni verður eða hvenær það yrði. Þungavatnsframleiðslu höfum við verið að athuga, möguleika á þungavatnsframleiðslu í sambandi við erlenda aðila, það eru aðallega Kanadamenn. Þeir tryggja sölumarkað fyrir þungavatn, sem yrði þá framleitt hérna, af því að það reyndist ódýrara úr hveravatninu, heldur en þar sem slíku er ekki til að dreifa, en þetta er flókið mál og erfitt viðureignar og það má segja, að það liggi nokkuð í láginni eins og er og sé ekki á næstunni líklegt, að við gætum fengið öruggan markað fyrir þungavatnsframleiðslu hér, en hins vegar kynni það að skipast fljótt og breytast. Málið hefur verið rannsakað af Rannsóknaráði ríkisins. Við höfum látið sérfræðing rannsaka það hér og hans athuganir benda til hagkvæmni á þessu sviði. Þær athuganir hafa verið yfirfarnar af erlendum sérfræðingum, sem telja þær góðar og gegnar út af fyrir sig sem fyrstu athugun, en í raun og veru yrði alls ekki hægt að ráðast í þetta fyrirtæki, held ég, að áliti sérfræðinga, nema stofnað væri til rannsóknar, við skulum segja hagkvæmnisáætlunar, sem þyrfti að vera það nákvæm, að hún kynni að kosta yfir 8 millj. kr., eftir því sem áætlað var, og við höfum ekki talið tímabært að leggja fé í hana enn, meðan jafnmikil óvissa er á markaðinum. Þar er um töluverða orkuþörf að ræða.

Um húsahitunina, sem var nú aðaláhugamál hv. 6. þm. Reykv. og sem ég svaraði fsp. um í vetur hér í þinginu, er það að segja, að þar gerði ég grein fyrir

því, að það mál er í könnun hjá Orkustofnun einmitt sérstaklega, húsahitun bæði í þéttbýli og dreifbýli. Orkustofnun hefur það mál með höndum og ég tel alveg ástæðulaust að setja inn í lög um Landsvirkjun, að Landsvirkjun skuli sérstaklega taka það mál til athugunar. Það leiðir af sjálfu sér, að ef niðurstöður Orkustofnunar að þessu leyti leiða til þess, að unnt væri með hagkvæmni að kaupa raforku af Landsvirkjun til húsahitunar, þá ætti ekki að standa á henni.

Hún fylgist stöðugt, Landsvirkjun, með öllum niðurstöðum þessarar rannsóknar hjá Orkustofnun. Ég mun leggja kapp á það og sagði það hér í fsp.-tíma á Alþ., að mér hefði fundizt þetta ganga of seint og hef síðar látið ýta eftir því hjá rn., að meiri hraði verði á þessari rannsókn, og ég kappkostaði að gera mér grein fyrir því, því að ég er sammála hv. 6. þm. Reykv. um það, að húsahitunin er mjög verulegt atriði. Það er náttúrlega fyrst og fremst, sem raforkan hér hjá okkur kynni að keppa þar við aðra orku, varmaorkuna, jarðvarmann, sem væri ódýrari, en ef hún ætti bara að keppa við olíuna, þá er auðvitað aðstaðan önnur.

Þetta eru heimildarlög, sem hér er um að ræða, og það fer auðvitað eftir því, hvernig málin þróast, hve mikill hraði yrði hafður í þessum málum. T. d. eru þetta nú í fyrsta lagi tveir áfangar, alveg aðskildir áfangar um Sigölduvirkjunina og Hraueyjafossinn og bilið á milli áfanganna mundi ráðast einmitt af því, hvernig þróun mála verður, en auðvitað hefði ég með ánægju getað gefið miklu ýtarlegri grg. um slíkt, hefði ég vitað, að sérstaklega væri spurt eftir því með því að fá nánari upplýsingar um það frá sérfræðingum, sem að þessu vinna. En það eru að vísu upplýsingar, sem þm. sjálfir hefðu í raun og veru allan þingtímann frá því í október haft aðgang að. Þeir vita það ósköp vel, að ef þeim leikur forvitni á að fá nánari upplýsingar í sérfræðilegum málum, sem snerta þingmál, sem ríkisstj. flytur og heyra undir vissar stofnanir, þá eru rn. ævinlega reiðubúin til þess, að hinar sérfræðilegu stofnanir láti þeim í té þær upplýsingar, nánustu upplýsingar, sem fyrir liggja, og það hef ég margoft tekið fram í mörgum tilfellum svipuðum þessu. Ég vona þess vegna, að þetta þurfi ekki að verða til þess að tefja málið, en mér finnst það, eins og ég sagði í upphafi, að n. hefði náttúrlega eðlilega getað fengið allar þessar upplýsingar. Það má segja, að hún hefði átt að gera það, sérstaklega þar sem tilefni var gefið til þess.

Að öðru leyti skal ég nú ekki fara út í málið um raforkusölu til erlendra aðila o. s. frv., það er nú svo margrætt mál á milli þessa hv. þm. og mín, en Búrfellsvirkjunin, sem selur raforkuna til álversins, hefði bara engan veginn getað verið eins og hún er nema hún öðrum þræði hefði byggt á raforkusölusamningi við mikinn orkuneytanda, sem er álbræðslan. Og þess vegna, vegna þess samnings getur rafmagnið frá Búrfellsvirkjun orðið ódýrara og það verulega ódýrara fyrir okkur Íslendinga heldur en ella mundi vera. Þess vegna er það svo augljós staðreynd, að í slíkum tilfellum, þegar við getum sameinað sölu til erlendra aðila og okkar eigin þörf á þeim grundvelli, verður orkan miklu ódýrari fyrir okkur heldur en ella, vegna sölunnar til hinna erlendu aðila, þá er það mikilvægt að gera það út af fyrir sig og þó að sleppt sé öðru hagræði, sem við höfum af sjálfum iðnaðarfyrirtækjunum, sem ég skal ekki lengja tímann með að fara út í nú.

Frsm. minni hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég hygg, að hv. frsm. meiri hl. iðnn. sé ekki á þessum tíma viðstaddur hér í d., en út af því, sem hér hefur verið sagt um það, að iðnn. hefði átt að afla upplýsinga um markaðsmöguleika fyrir raforku frá stórvirkjun, þá vil ég taka fram, að forystumenn Landsvirkjunar, formaður virkjunarstjórnarinnar, Jóhannes Nordal, og framkvæmdastjóri, Eiríkur Briem, komu á fund til n. að ég ætla tvisvar sinnum, voru spurðir um ýmislegt í þessu sambandi og þá m. a. um það, hvort búið væri að afla markaða fyrir þessa orku, sem samkv. frv. væri verið að veita heimild til að framleiða. Og ég a. m. k. skildi svör þeirra þannig, að það lægi ekki fyrir nein vissa um það, að markaður fengist fyrir þessa orku frá þessum tveimur Tungnaárvirkjunum, sem hér er um að ræða og samtals eru 340 þús. kw. Ég held, að frá þessum mönnum hafi aðeins komið hugleiðingar um þessi efni svipaðar eins og komu hjá hæstv. ráðh. hér áðan, og ég lít svo á, að þessi markaður sé eins og sakir standa ekki fyrir hendi. Hins vegar hefur það verið sagt, að það yrði að sjálfsögðu unnið að því að afla slíks markaðar og talið, af forráðamönnum virkjunarinnar skilst mér, að til þess að gera slíkar eftirgrennslanir sé æskilegt að hafa slíkar heimildir, sem í frv. felast. Það er einmitt í sambandi við þetta, að ekki hefur verið tryggður markaður fyrir svo mikla orku, sem till. komu fram snemma á þingi, fyrst á þskj. 285 um það, að ráðizt yrði í áætlanir og framkvæmdir til að tryggja það, að sem mest af orkunni frá hinum nýju stórvirkjunum verði notað til hitunar húsa, og einnig er í þessari tillögu ákvæði um það, að ef ekki takist að tryggja eðlilegt samræmi milli orkuframleiðslu og orkunotkunar, þá skuli heimilt að fara aðra leið í þessum efnum, þ. e. a. s. virkja minna. Ég sé ekki annað en þetta sé mjög eðlilegt að setja slík ákvæði, á meðan ekki liggja fyrir hendi ákveðnar upplýsingar um tiltekinn markað fyrir orkuna. Og við, sem flytjum brtt. á þskj. 323 um umorðun á 3. gr. frv., höfum tekið þessi tvö atriði um rannsóknir og áætlanir í sambandi við húsahitun og um aðra leið, ef ekki reynist vera fyrir hendi markaður fyrir stórvirkjun, tekið þessi tvö atriði í till. á þskj. 323. Það er vitanlega svo, að það þýðir ekki að ráðast í virkjanir nema þeirra sé þörf og stærð slíkra mannvirkja verður að vera eitthvað í samræmi við markaðsþörfina. Nú hafa flm. brtt. á þskj. 285 flutt nýjar brtt. á þskj. 792. Geri ég ráð fyrir, að það eigi að skiljast svo, að þeir ætli sér þá að taka aftur brtt. um umorðun á 3. gr. á þskj. 285, þó að það væri ekki tekið fram af fyrri flm. till.

áðan, svo að ég heyrði. Ég vil spyrjast fyrir um það hjá hv. flm. þeirrar till., hvort það sé ekki ætlunin hjá þeim að taka þá till. aftur.

Ég held, að ég hafi ekki mikla ástæðu til þess að svara því, sem hv. 3. þm. Austf., Jónas Pétursson, sagði hér í gær, en mér skildist, að hann væri að gera einhverjar aths. við nál. minni hl. iðnn. eða sérstaklega niðurlag þessa nál. á bls. 3. Þar segir, að með þeim brtt., sem minni hl. flytur eða mælir með á þskj. 323, sé stefnt að frambúðarlausn virkjunarmála norðanlands og sunnan og raunar landsins í heild og jafnrétti landsmanna á sviði raforkumála. Mér var ekki alveg ljóst, hvað það var, sem hv. þm. var að gera aths. við í sambandi við þetta, en ég vona, að hann sé ekki á móti því, að raforka til sömu nota sé seld í framtíðinni við sama verði um land allt. Það væri nú ekki í samræmi við skoðanir, sem fram koma hjá honum á þessu sviði. En ég þykist renna grun í það, að það, sem hv. þm. hafi átt við, sé sú stefna, sem hann hefur haldið fram nokkuð ákveðið, að virkjanir eigi ekki að vera í eigu ríkisins eða þjóðarinnar í heild, meiri háttar virkjanir, heldur í eigu einstakra landshluta. Nú er það að vísu svo, að ég hef samúð með þessu sjónarmiði, að virkjanirnar séu í eigu landshlutanna og sums staðar eru þær það nú. En ef virkjanir eiga að vera í eigu landshluta og reknar af þeim til hagsbóta fyrir þann landshluta, sem í hlut á, þá verður eignaumráðunum að vera þannig hagað, að þetta komi öllum þeim landshluta til góða, sem í hlut á, og að virkjun sé ekki séreign einhvers kaupstaðar eða kauptúns innan landshlutans. Nú er þannig ástatt eins og sakir standa, að sett hafa verið lög um Landsvirkjun, og ég held, að þær till., sem við berum fram á þskj. 323 um endurskipulagningu þessa fyrirtækis, þurfi ekki að fara að neinu leyti í bága við hugmyndir hv. þm. En ég ætla, að þær hugmyndir verði erfiðar í framkvæmd fyrst um sinn á meðan ekki tekst að gera þá skipulagsbreytingu að skipta landinu í fylki eða sérstök stór umdæmi með sjálfsstjórn í tilteknum sérmálum. En þegar það verður komið í kring, verður kannske auðveldara að framkvæma stefnu hv. þm. og fleiri í þessum raforkumálum.

Ég ætla nú ekki að fara að halda langa ræðu, en vil segja það samt, áður en ég lýk máli mínu, að ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum, þegar hæstv. ráðh. flutti ræðu sína áðan, eða réttara sagt, ég hafði vonazt eftir því, að þegar hæstv. ráðh. talaði í þessu máli, mundi hann láta í ljós álit sitt á brtt. þeirri, sem minni hl. mælir með á þskj. 323, og ég hafði vonazt eftir því, að hæstv. ráðh. mundi reynast hlynntur þeirri breytingu sem þar er um að ræða. Ég hafði vonazt eftir því, að hæstv. ráðh. teldi það eðlilegt, ef haldið er áfram að virkja hin stóru fallvötn landsins, að þessar viðbótarvirkjanir verði ekki einskorðaðar við eitt landssvæði, heldur verði þeim dreift um landið, þar sem skilyrðin eru fyrir hendi, en fram á það er farið með þessari till. Ég hafði enn fremur vonazt eftir því, að hæstv. ráðh. væri því hlynntur og teldi það skynsamlegt að stefna að því að tengja saman raforkukerfin, eins og farið er fram á í þessari till. Og ég hafði vonazt eftir því, að hæstv. ráðh. mundi telja það eðlilegt nú á þessum tíma, þegar verið er að veita virkjunarfyrirtækinu Landsvirkjun miklar heimildir til viðbótarvirkjana, þá yrði ætlazt til þess af þessu fyrirtæki, að það framkvæmdi á sinn kostnað slíkar samtengingar á milli landshluta, þegar þess yrði óskað af raforkuyfirvöldum og á þann hátt, sem þess yrði óskað af þeim, og það yrði þá jafnframt sett sú regla, að Landsvirkjun seldi raforku á sama verði frá öllum háspennulínum sínum, hvort sem þær nú liggja frá Búrfelli vestur til Reykjavíkur eða frá Búrfelli norður í land eða frá Hrauneyjafossi norður í land eða frá Dettifossi suður. En að það væri ekki meiningin, þegar slíkar línur eru lagðar, nýjar línur, að fara að reikna þær sérstaklega inn í orkuverðið hjá þeim landshlutum, sem kynnu að njóta hinnar nýju orkulindar. Ég segi þetta sérstaklega af gefnu tilefni. Ég vonaðist eftir því, að hæstv. ráðh. teldi þetta rétt. Sömuleiðis gerði ég mér vonir um það, að hæstv. ráðh. teldi eðlilegt, að breytt yrði nokkuð skipulagi Landsvirkjunarinnar, þ. e. fyrirtækisins Landsvirkjun, þannig að hún yrði raunverulega landsvirkjun, eins og var að sjálfsögðu tilgangur löggjafans í öndverðu, þegar henni var gefið nafn, og þá annaðhvort þannig, að hún yrði ríkisfyrirtæki á komandi tímum eða sameign ríkisins og sveitarfélaganna eða sýslufélaganna í landinu, sem þess óska að vera þátttakendur. Það er reyndar ekki farið fram á það í brtt. á þskj. 323, að slík skipulagsbreyting gerist alveg strax, enda er þar óhægt um vik, heldur er gert ráð fyrir, að það þing, sem gerir þetta frv. að lögum, ef það verður að l., það kjósi n. til þess að endurskoða gildandi lög um framleiðslu og dreifingu á raforku og að till. hennar verði síðan lagðar fyrir Alþ. ekki síðar en í árslok 1972. Það er þá jafnframt gert ráð fyrir því í þessum till., að n. leiti að leið til þess að hægt sé að selja raforku til sams konar nota og á sama verði um land allt. En þetta er takmark, sem oft hefur verið nefnt að vinna yrði að, og sums staðar erlendis, t. d. í Bretlandi og fleiri löndum, er þetta þegar komið í kring, að allir notendur raforku fá hana á sama verði til sömu nota. Ég hafði gert mér vonir um, að hæstv. ráðh. mundi láta í ljós eitthvert álit á þessu og hafði vonazt eftir, að það yrði jákvætt, en í ræðu sinni hér áðan gerði hæstv. ráðh. þessa till. ekki að umtalsefni. Eigi að síður má vera, að við, sem till. flytjum, eigum stuðnings að vænta hjá hæstv. ráðh. Að sjálfsögðu mun það vera stuðningur fyrir okkur og fyrir það málefni, sem unnið er að með þessum tillöguflutningi, ef fyrir lægi yfirlýsing eða ummæli frá hæstv. ráðh. um, að hann vildi styðja viðleitni okkar í þessum efnum.

Það er svo ekki fleira, sem ég tel nauðsynlegt að minnast á að svo stöddu.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Mig langaði til að þakka hæstv. iðnrh. fyrir skýrslu þá, sem hann gaf hér áðan sem svar við fsp. minni. Hæstv.

ráðh. lét þess réttilega getið, að ég hefði spurt hann um mjög umfangsmikil atriði og þess væri naumast að vænta, að hann gengi með þessa vitneskju upp á vasann dags daglega. Og það er alveg rétt. Á hitt vil ég minna, að þetta frv. kom til okkar hér í Nd. skömmu fyrir jól. Þá mæltist hæstv. ráðh. til þess hér í þinginu, að málið yrði afgreitt fyrir jól og þá mælti ég nokkur orð og fór fram á það, að d. hefði málið lengur til meðferðar einmitt vegna þess, að ég taldi nauðsynlegt, að við fengjum þá vitneskju, sem ég var að spyrja um hér áðan. Mér datt satt að segja ekki annað í hug en að þegar málið yrði tekið hér til 2. umr., þá yrði d. greint frá því, hvaða hugmyndir væru uppi um það, hvernig ætti að nota orkuna frá hinum nýju stórvirkjunum, því að það er að sjálfsögðu grundvallaratriði. Það er alveg tómt mál að ráðast í stórvirkjun, ef maður gerir sér ekki einhverja grein fyrir því, til hvers á að nota orkuna. Og það, sem hæstv. ráðh. sagði um þau áform, sem nú væru uppi, það bar það með sér, að þarna er ekki um neina örugga vitneskju að ræða hvað snertir samninga við einstaka framkvæmdaaðila. Hann minntist á álbræðsluna, hugmyndir um stækkun hennar, en lét þess getið, að það væri ekki mikill áhugi hjá álbræðslum sem stæði vegna verðfalls á alþjóðlegum markaði og ýmsar álbræðslur hefðu raunar dregið saman seglin. Hann minntist á olíuhreinsunarstöð og áform um æðistóra olíuhreinsunarstöð á Íslandi, sem mundi þá nýta mikla raforku, en hann sagði um það, að það mál væri ókannað og algerlega óvíst hvað úr því yrði og gersamlega óundirbúið. Og hann minntist á stálbræðslufyrirtæki, stálsteypu og álvinnslu og annan iðnað á Íslandi, sjóefnavinnslu o. s. frv. En þetta var allt saman á algeru bollaleggingastigi. Nú er mér fullkomlega ljóst, að við hljótum að gera stórátak í iðnþróun á næsta áratug eða svo, og að við verðum að reikna með verulegri raforku til þeirra hluta. En það er augljóst mál, að það er ekki um að ræða neinn einn og jafnvel ekki einstaka aðila, sem hægt er að byggja á þessar nýju stórvirkjanir, á sölu til þeirra. Og einmitt þess vegna finnst mér það vera fullkomlega rökrétt, að þarna sé bætt inn þeim íslenzka, þeim innlenda markaði, sem er í landinu og sem allir viðurkenna að er í landinu og sem allir sjá að yrði mjög hagkvæmt að nýta.

Hæstv. ráðh. sagðist telja það ástæðulaust að setja þetta inn í frv., því þetta mál væri í könnun hjá Orkustofnun. Mér er kunnugt um það, að það er þar í könnun. En Alþ. mundi leggja mikla áherzlu á þetta atriði með því að bæta því inn í frv., og ég á dálítið erfitt með að skilja, hvað hæstv. ríkisstj. getur haft á móti því að bæta þessu atriði inn í frv. Þessar stórvirkjanir eru það mikið mál, að ég held að það væri ákaflega æskilegt, að Alþ. væri sem mest einhuga um þessar framkvæmdir, og ég vildi beina því mjög eindregið til hæstv. ráðh., að athuga það, hvort ekki er af hálfu hæstv. ríkisstj. unnt að fallast á þessa till. Ég vil taka þessa till. aftur til 3. umr. til þess að gefa ráðrúm til þess að íhuga það mál. Af hálfu okkar flm. er hér um að ræða till., sem á að stuðla að því, að í þessar framkvæmdir verði ráðizt á raunsæjan hátt. Við gerum þetta vegna þess, að við höfum áhuga á því, að það verði ráðizt í þessar stórvirkjanir, einmitt með því að leggja þarna fjárhagslegan grundvöll, innlendan fjárhagslegan grundvöll, sem gerir þessar virkjanir tvímælalaust mjög arðbærar fyrir þjóðarbúið. Og ég held, að það væri skynsamlegt að reyna að tryggja sem víðtækasta samstöðu um það atriði hér á hinu háa Alþingi.

Hæstv. ráðh. vék örlítið að Búrfellsvirkjun og sagði, að ekki hefði verið hægt að ráðast í hana án samninganna við álbræðsluna og þess vegna fengju Íslendingar nú ódýrari raforku en þeir hefðu fengið að öðrum kosti. Ég ætla ekki að fara að endurtaka horfnar deilur frekar en hæstv. ráðh., en ég vil aðeins minna á það, að þegar heimildin til Búrfellsvirkjunar var ákveðin hér á þingi, höfðu ekki neinir samningar verið gerðir við neitt erlent fyrirtæki. En hæstv. ríkisstj., og þ. á m. þessi hæstv. ráðh., hélt um það ræður hér á þingi, að það væri mjög hagkvæmt fyrir Íslendinga að ráðast í Búrfellsvirkjun, þó að ekki yrði samið við neinn erlendan aðila, og það hafa verið gerðar um það áætlanir, hvernig hægt væri að láta Búrfellsvirkjun koma í gagnið í áföngum í samræmi við eðlilega þróun hins innlenda markaðar. Og ég man, að það stóð meira að segja í grg. hæstv. ríkisstj. fyrir frv., að það væri ekki meira átak fyrir Íslendinga að ráðast í Búrfellsvirkjun nú en það var að ráðast í fyrstu Sogsvirkjunina á sínum tíma. Þetta hygg ég vera gersamlega rétt.

Hitt atriðið, sem hæstv. ráðh. talaði um, að Íslendingar fengju ódýrari raforku af þessum sökum, er nú ekki í samræmi við staðreyndir. Því miður hefur reynslan orðið sú, að kostnaður á raforku til Íslendinga hefur hækkað aftur og aftur, eftir að Búrfellsvirkjun kom í gagnið. Og allir íslenzkir aðilar verða nú að greiða margfalt verð á við það, sem hinir erlendu aðilar greiða. En sem sagt þessi atriði ætlaði ég að ræða í heild. Ég vil svo að lokum aðeins taka það fram, að sú brtt., sem ég flyt ásamt hv. alþm. Lúðvík Jósefssyni á þskj. 792, á að koma í staðinn fyrir fyrri till. okkar, sem er hér með tekin til baka.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykv. talaði um að draga sína till. til baka til 3. umr. og mér finnst vel koma til athugunar að íhuga það á milli umræðnanna, hvort hægt sé að ná því marki, sem hann telur sig vera að stefna að. Ég hef ekkert á móti því að þetta sé athugað með húsahitunina, eins og ég sagði áður, en það á ekki heima í l. um Landsvirkjun að mínum dómi, eins og er, að fela Landsvirkjun að gera áætlanir og hefja framkvæmdir í húsahitun, þegar öðrum aðila hefur verið falið að gera þessar áætlanir, og um framkvæmdirnar verða svo teknar ákvarðanir, þegar áætlanir liggja fyrir, ef þær eru hagkvæmar. Þess vegna er þetta í sjálfu sér ekkert nema sýndarmennska, en hins vegar gæti ég vel hugsað mér að

umorða þessa till., þannig að hún gæti haft einhverja meiningu, og það yrði þá í stórum dráttum á þá leið, og ég skal hugleiða það betur, að Landsvirkjun væri falið eða heimilað að hafa samráð við Orkustofnun um áætlunargerð, til þess að sem mest af orkunni frá hinum nýju virkjunum verði notað til húsahitunar, ef það reynist hagkvæmara en annar orkugjafi, eitthvað í þessum dúr, — þetta er auðvitað hægt að gera og ég skal íhuga það betur milli umræðnanna.

Ég treysti mér ekki áðan til að fara að víkja nánar að því og geri það ekki heldur núna, að í iðnrn. hefur í vetur verið unnið að iðnaðaráformum, það er áætlun um iðnþróun fram í tímann. Fyrst og fremst er það innlendi iðnaðurinn, sem þar er um að ræða, almenni iðnaðurinn í þessum iðnþróunaráformum eða á fyrsta fjögurra ára tímabili EFTA-aðildarinnar og svo aftur spáð fram í tímann þar og svo kannaðir ýmsir hugsanlegir möguleikar á áratugnum fram til 1980. Ég geri ráð fyrir því, að gengið verði frá þessum iðnþróunaráformum mjög fljótlega, innan svona mánaðartíma a. m. k., og þau tengjast, eins og við þegar við höfum verið að athuga það höfum ekki komizt hjá að verða varir við, tengjast auðvitað öðrum áformum og ráðagerðum og möguleikum til orkunotkunar. En mér finnst það að vísu alveg rétt, að það var auðvitað ófullkomin greinargerð, hvaða aðilar væru fyrir hendi til að nota orkuna, og gerði ég grein fyrir því í minni fyrri ræðu, hvers vegna það væri nú m. a. án frekari undirbúnings.

Mér þykir leiðinlegt að valda hv. 1. þm. Norðurl. e. vonbrigðum, en verst er, að ég veld honum enn þá meiri vonbrigðum með því að fara að tjá mig um þessa brtt. á þskj. 323, sem hann vék að. Ég hef mikinn áhuga á, eins og hann veit og við höfum oft rætt um það, virkjun Dettifoss, virkjun í Skjálfandafljóti og reyndar mörgum fleiri virkjunum, en það hefur venjulega verið fylgt þeirri aðferð hér og ég held, að hún sé happasælli, að sérfræðistofnanir annaðhvort ríkisins eða einstakra aðila eða sveitarfélaga gera áætlanir og hanna virkjunarframkvæmdir, og þegar þau mál liggja þannig fyrir, að það sýnist vera um verulega hagkvæmar virkjanir að ræða, þá hefur verið leitað heimildar hjá Alþ. til viðkomandi aðila, ríkis eða sveitarfélags, til þess að ráðast í þessar virkjanir. Í staðinn fyrir þær tillögugerðir, sem hér liggja fyrir, þá mætti alveg segja í einni setningu, að ríkisstj. er heimilt að láta virkja hvað sem vera vill í vatnsföllum landsins. Þá er heimildin fyrir hendi og það er svo leitað eftir því hjá þeim aðilum, sem að þessu vinna, hvar er hagkvæmast að virkja á hverjum tíma. Af þessum ástæðum einum er ég á móti því að vera að tengja aðrar virkjanir, því það gæti ýmislegt fleira komið til greina. Af hverju setjum við þá ekki Austurlandsvirkjun inn í þetta líka, fallið niður í Fljótsdalinn, sem er byrjað að rannsaka? Það er ekki eins langt komið eins og Dettifoss, en Dettifossvirkjun er verið að reyna að hanna nú betur að nýju, eins og ég gerði grein fyrir áður á þinginu, og þess vegna má það ekki misskiljast, að ég er engan veginn mótfallinn þessum virkjunum, hvort það á að vera 130 MW raforkuver í Jökulsá á Fjöllum eða 250 MW eða hvað annað. Það skal ég ekki um segja, það skaðar ekkert og skemmir ekkert, þó beðið sé með að taka slíkar ákvarðanir hér eða leita slíkra heimilda, og ég vil heldur hafa eldri aðferðina, að leita heimildanna hjá þinginu, þegar nánari athuganir hafa farið fram og áætlanir í hverju tilfelli, eins og með Lagarfoss, eins og með Svartá, eins og með þessar virkjanir, sem hér er um að ræða í Tungnaá og eins og haldið yrði áfram, ef niðurstöður reynast jákvæðar í þeim rannsóknum og athugunum, sem fram fara á virkjun Dettifoss og möguleikunum í Skjálfandafljóti og möguleikunum á Austurlandi, sem eru vissulega verulega miklir, en eiga nokkuð langt í land.

Ég er líka sammála hv. 1. þm. Norðurl. e. í því, að ég tel, að það sé eðlilegt, að það stefni að því, að Landsvirkjun verði landsvirkjun í orðsins bókstaflegu merkingu og að því leyti, að virkjanirnar víðsvegar á landinu muni tengjast saman í framtíðinni. Ég sagði þetta í Ed. í sambandi við frv. til l. um virkjun Svartár. Stórvirkjanirnar gefa ódýrasta rafmagnið, það er rétt, en skilyrðin til stórvirkjana eru ekki fyrir hendi, t. d. í því héraði sem þar er um að ræða, Norðurl.v. og skilyrðin eru ekki enn þá fyrir hendi til þess að samtengja rafmagn að sunnan til Norðurlands, að norðan til Suðurlands til stórvirkjunar í Dettifossi og t. d. við slíkar stórvirkjanir á þessum stöðum, við stórvirkjanir á Austurlandi, og svo áfram meiri orku vestur um landið og hversu langt, það sker nú reynslan úr um, hversu hagkvæmt er að fara og hvort að Vestfirðirnir koma inn í þetta kerfi einnig á síðari stigum málsins. Þetta held ég, að sé allra framsýnna manna skoðun, að þannig muni þetta verða í framtíðinni, en það er kannske nokkuð löng bið á því.

Varðandi sérstaklega b-liðinn í 4. tl. um að kjósa n. til að endurskoða gildandi löggjöf um framleiðslu og dreifingu raforku o. s. frv., þá vil ég heldur hafa þann hátt á, að þessi mál séu undirbúin, eins og samkvæmt eðli málsins ætti að vera, í því rn., sem orkumálin heyra undir, og hvort á þessu stigi málsins af hálfu þessa rn. þykir ástæða til nefndarskipunar og samtengjandi þannig aðila eins og Orkustofnun, Rafmagnsveitur ríkisins, Landsvirkjun og einhver hagsmunasamtök sveitarfélaga, um það skal ég ekki segja, en ég tel ekki þörf á nefndarskipun í þessu sambandi. Af þessum sökum, þá er ég í heild á móti þessum till., sem fluttar eru á þskj. 323, en engan veginn vegna þess, að mig efnislega greini á við hv. flm. um svo margt af því, sem þar segir, heldur aðeins um aðferðir í þessu sambandi.

Frsm. minni hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Hæstv. ráðh. gerir nú að umræðuefni brtt. þær, sem minni hl. iðnn. mælir með á þskj. 323. Vissulega get ég verið ánægður með það, sem hæstv. ráðh. sagði síðast í sinni ræðu, þar sem hann

lét í ljós, að í rauninni greindi hann ekki efnislega á við okkur flm. um nokkur meginatriði till., og þessu hafði ég raunar búizt við, að hann greindi ekki efnislega á um nokkur helztu atriði till. Hins vegar segist hæstv. ráðh. ekki vera tilbúinn til að styðja till. að þessu sinni, þ. e. a. s. að hafa forystu í málinu, og auðvitað veldur það mér nokkrum vonbrigðum, að hann skuli ekki vilja hafa þessa forystu.

Ég skal aðeins víkja að örfáum atriðum, sem hæstv. ráðh. drap á í þessu sambandi og felst í brtt. Hann sagði m. a., að það væri eðlilegt, að sérfræðistofnanir gerðu áætlanir um virkjanir og þá fyrst yrðu virkjanir heimilaðar, þegar slíkar áætlanir lægju fyrir. Það er að vísu svo, að ýmsar virkjunarheimildir hefur borið að með þessum hætti og er ekki óeðlilegt, að fyrir hafa legið áætlanir sérfræðinga um virkjun, en þær áætlanir hafa verið á mjög mismunandi stigum og ég minnist þess t. d., að sumar virkjunarheimildirnar, sem samþykktar voru fyrir um það bil 10—15 árum, voru samþykktar, án þess að ýtarlegar athuganir hefðu farið fram, en þegar um er að ræða hinar fyrirhuguðu virkjanir í Tungnaá og t. d. Dettifossvirkjunina, sem lá fyrir í till. okkar, þá held ég að megi segja, að á öllum þessum stöðum liggi fyrir rannsóknir. En ég efast um, að þær rannsóknir, sem farið höfðu fram við Tungnaá, þegar þetta frv. var lagt fyrir, hafi verið meiri eða ýtarlegri en rannsóknirnar, sem farið hafa fram við Dettifoss. Í grg. frv. sjálfs er þannig að orði komizt, að mig minnir, eða a. m. k. kom það fram snemma við meðferð þessa máls, að ekki væri hægt að ákveða að svo stöddu, hvor virkjunin yrði reist fyrr, Hrauneyjafossvirkjun eða Sigölduvirkjun. Og það stafaði af því, að samanburðarrannsóknum á þessum virkjunum var ekki það langt komið, að það væri talið rétt að gera þarna upp á milli. Hins vegar hlýtur hæstv. ráðh. að muna það og það gerðist fyrir 5—6 árum, af því að hann var forystumaður í nefnd, sem fjallaði þá um stórvirkjanir og stóriðju, að þá lágu fyrir mjög ýtarlegar rannsóknir á virkjun Dettifoss og áætlanir um Dettifossvirkjun og meira en áætlanir, það lágu einnig fyrir útreikningar á væntanlegu orkuverði pr. kw.-stund frá Dettifossvirkjun og var þá gert ráð fyrir í þeim áætlunum, að orkan yrði flutt vestur til Eyjafjarðar. Sú áætlun var það langt komin, að verkfræðingar töldu sig geta reiknað út verðið pr. kw.-stund á orkuverði frá Dettifossi og borið það saman við orku frá Búrfellsvirkjun. Og á grundvelli þessara útreikninga var sá úrskurður kveðinn upp af raforkumálastjórninni, að Búrfellsvirkjun væri hagstæðari. Áætlanirnar, sem höfðu verið gerðar um Dettifoss, voru þetta ýtarlegar, að það var talið fært á grundvelli þeirra að gera svona samanburð og ákvörðun. Það voru ekki eingöngu íslenzkir verkfræðingar, sem fjölluðu um Dettifossvirkjun og áætlanirnar þar, heldur var það einnig verkfræðifirma í New York, sem fjallað hefur um íslenzkar stórvirkjanir, Harza Engineering Company, sem einnig gerði slíka áætlun, og því var þá lýst yfir af hálfu þessa verkfræðifirma, sem hefur nú verið tekið mjög alvarlega af raforkumálastjórninni hér á landi og það sjálfsagt með réttu, að virkjun við Dettifoss væri hagstæðasta virkjunin norðanlands. Hún væri mjög álitleg til framleiðslu á raforku með stóriðju fyrir augum, t. d. alúmíníumvinnslu. Ég hef að vísu ekki séð þessi ummæli nema í skýrslu á ensku, en merkingin var þessi. Það er þess vegna alveg fjarri lagi, ef á að halda því fram, að með því að leggja það til, að veitt sé heimild til að virkja Dettifoss, þá sé verið að veita heimild til að framkvæma virkjun þar sem ekki sé búið að rannsaka skilyrðin til framkvæmda. Því fer svo víðs fjarri, að það sé rétt. Það er mesti misskilningur, ef því er haldið fram. Hitt er svo annað mál, að nú s.l. tvö ár eða svo virðist Orkustofnun ekki hafa haft verulegan áhuga fyrir Dettifossi og á því eru skýringar, sem allir þekkja, sem er, að það hafa komið upp hugmyndir um það að veita Jökulsá á Fjöllum austur á land og safna saman vatninu úr henni ásamt fleiri stöðum í miklu falli niður í Fljótsdal á Héraði, reisa þar stærstu virkjun á Íslandi og ef til vill í Evrópu, sem myndi hafa aðstöðu til að framleiða raforku fyrir svo sem 15 alúmíníumverksmiðjur, og verkfræðingar og sérstaklega jarðfræðingar virðast hafa haft nokkuð mikinn áhuga fyrir þessari hugmynd. En rannsóknir við Dettifoss hafa engar farið fram á vettvangi a. m. k. síðan á árunum 1962—1963, þegar Dettifossáætlunin var gerð og endurskoðuð af Harza.

Um Skjálfandafljót við Íshólsvatn má segja það, að þar hafi ekki farið fram rannsóknir á borð við þær, sem gerðar hafa verið við Dettifoss, og kannske ekki heldur á borð við þær, sem gerðar hafa verið við Tungnaá, en nokkrar athuganir hafa farið fram á virkjunarmöguleikum þarna, það miklar, að fróðir menn um raforkumál hafa talið sér fært að bera hugsanlegt orkuverð við Skjálfandafljót saman við orkuverð frá öðrum virkjunum. Áætlanir hafa verið gerðar um þessa virkjun, en það er alveg rétt, að þær eru ekki eins langt komnar eins og áætlanirnar við Dettifoss voru. Hins vegar hefur verið sums staðar á Norðurlandi mikill áhugi fyrir því, að gengið væri úr skugga um það, hvaða möguleikar væru til þess að virkja þetta fallvatn og, að það yrði gert, ef álitið væri að möguleikar væru fyrir hendi, og mér finnst, að alveg eins og það er ekki alveg ákveðið af forystumönnum Landsvirkjunar í öndverðu, hvort virkja skuli við Hrauneyjafoss eða Sigöldu, þá megi eins vera heimildir til að velja um kosti á Norðurlandi.

Hæstv. ráðh. lét líka jákvæð ummæli falla um tengingu raforkukerfanna, en sagði, að eins og sakir stæðu væru ekki skilyrði til þess að tengja saman raforku sunnanlands og norðan. Ég veit ekki alveg, hvað hæstv. ráðh. hefur átt við með þessu. Í brtt. á þskj. 323 eru engin fyrirmæli um það, að slík tenging skuli fara fram nú þegar við gildistöku laganna, heldur að Landsvirkjun verði gert skylt að framkvæma hana á sinn kostnað, þegar ráðherra raforkumála ákveður að svo skuli vera og það mundi hann að sjálfsögðu ekki gera fyrr en rannsókn hefði

sýnt, að tengingarskilyrði væru fyrir hendi. En það er þó nokkuð síðan farið var að ræða um þessa línu yfir hálendið. Það var mikið um hana rætt árin 1965 og 1966, en þá var enn ekki búið að ákveða álverksmiðjunni stað í Straumsvík. Þá var allmikið um það rætt, að það kæmi vel til mála, að verksmiðja þessi yrði á Norðurlandi og hagnýtti orkuna frá Búrfellsvirkjun, og það var vitanlega ekki hægt öðruvísi en að leggja línu yfir hálendið norður. Hitt er svo rétt, að ekki höfðu þá verið gerðar neinar áætlanir um þetta, enda hafði ég aldrei trú á því að það væri mikill áhugi fyrir þessari tengingu eða verksmiðju á Norðurlandi, en það er a. m. k. svo, að þetta þarf ekki að koma mönnum neitt á óvart, þó um það sé rætt. Og þegar forstöðumenn Landsvirkjunar komu til okkar í iðnn. þá voru þeir m. a. spurðir um það, hvað slík lína norður yfir mundi kosta. Þeir töldu sig ekki geta gefið ákveðin svör um það, en eins og í nál. minni hl. segir, þá töldu þeir líklegt, að um 200 km lína, sem hefði 50 MW flutningsgetu, mundi kosta um 250 millj. kr. á núverandi verðlagi, og ef hún hefði 100 MW flutningsgetu eða helmingi meira, þá mundi hún kosta um 50% meira. Nokkuð hafa menn því hugsað um þessa leið. En ég játa það, að skilyrðin til að framkvæma þessa tengingu eru að því leyti ekki fyrir hendi, að það hafa ekki farið fram nægjanlegar rannsóknir til að byggja framkvæmdir á. En í brtt. er heldur ekki gert ráð fyrir því, að þetta verði gert fyrr en sá grundvöllur er fyrir hendi, að ráðh. geti tekið um það ákvörðun.

Hæstv. ráðh. sagðist ekki telja þörf á n. til þess að endurskoða gildandi löggjöf um framleiðslu og dreifingu raforku og um jöfnunarverð á raforku. Ég held nú þvert á móti, að svona ráðstafanir sé ekki hægt að gera, nema þær hafi verið vandlega athugaðar í n., og það komi ekki annað til greina, hvorki nú né síðar, og till. nr. 4 b á þskj. 323 er í raun og veru stefnuyfirlýsing af hálfu Alþ. um það, að skipulagi Landsvirkjunar verði breytt, hún verði raunveruleg landsvirkjun, eins og hæstv. ráðh. sagði, að hún ætti að vera og ég er honum sammála um, og endurskoða skuli gildandi löggjöf um framleiðslu og dreifingu raforku, og yfirlýsing Alþ. um það, að það vilji láta vinna að því, að allir landsmenn sitji við sama borð, að þeir geti fengið keypta raforku á sama verði til sömu nota, hvar sem þeir eru búsettir á landinu, eins og tíðkast t. d. í Bretlandi. Það, sem í b-lið 4. till. felst, er í raun og veru till. um slíka stefnuyfirlýsingu, og ég tel, að tíminn til þess að gefa þessa stefnuyfirlýsingu hann sé nú, þegar verið er að veita virkjunarfyrirtækinu Landsvirkjun stórkostlegar heimildir til nýrra virkjana, sem gera þetta fyrirtæki að risafyrirtæki á sviði raforkumála. Ég álít, að rétti tíminn til þess að gefa þessa yfirlýsingu sé nú, því það á ekki að koma fyrirtækinu á óvart síðar, að Alþ. hafi þessa stefnu í þessum málum. En ég tel ekki, að það sé hægt að breyta skipulagi Landsvirkjunar, að því er eignarumráð snertir og slíkt, nema að á því hafi farið fram rannsókn og um það hafi farið fram viðræður milli ríkisvaldsins og Landsvirkjunar, en Landsvirkjun er sameignarfyrirtæki. Og ég tel, að það að koma á því fyrirkomulagi, að raforka verði seld jöfnu verði um allt land, það sé það vandasamt og því alveg óhjákvæmilegt, að nefnd sé falið að gera till. um leiðir í því efni, og ákvörðun ríkisins um þær sé nátengd þessum miklu virkjunarframkvæmdum.

Með þessum orðum hef ég viljað skýra nánar fyrir hæstv. ráðh. og hv. þm., hvað fyrir okkur vakir með till. á þskj. 323 og færa rök að því, að ef það er svo, að hæstv. ráðh. greini ekki í meginatriðum efnislega á við okkur um stefnuna í þessum efnum, þá geri hann rétt í því að veita till. stuðning. Ég er ekki að halda því fram, að það þurfi endilega að samþ. till. nákvæmlega eins og hún er þarna orðuð, en málið er nú statt á þessu stigi í 2. umr., henni er ekki lokið og eftir er 3. umr., og ég er og sjálfsagt við allir flm. till. á þskj. 323 áreiðanlega til viðtals um breyt. á þessari till., að því tilskildu þó, að stefnan, þessi, sem okkur raunar greinir ekki svo mjög á um, að hún komi fram í því, sem samþ. verður.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 87. fundi í Nd., 5. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A.10, n. 499 og 570, 285, 323, 679, 753, 792).

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.

Brtt. 323,1 felld með 21:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ, BP, EystJ, GíslG, IG, JK, JSk, JónasÁ, LJós, SE.

nei: EKJ, ÁS, BGr, BF, BK, BrS, EðS, EmJ, FÞ, GeirH, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, MB, PJ, PS, SI, MÁM.

BGuðm, GeirG, HV, MK greiddu ekki atkv.

1 þm. (HS) fjarstaddur.

Brtt. 285 tekin aftur.

Brtt. 753 samþ. með 27:1 atkv.

Brtt. 679 kom ekki til atkvgr.

3. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.

Brtt. 323,2 tekin aftur til 3. umr.

4. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.

Brtt. 323,3 tekin aftur til 3. umr.

5. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Brtt. 323,4 felld með 20:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: GíslG, IG, JSk, JónasÁ, LJós, SE, SV, SP, VH, EystJ.

nei: GeirH, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, MB, PJ, PS, SI, EKJ, ÁS, BGr, BF, BK, BrS, EmJ, FÞ, MÁM.

HV, MK, ÞÞ, BGuðm, BP, EðS, GeirG greiddu ekki atkv.

3 þm. (HS, JK, ÁÞ) fjarstaddir.

6. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 840, 845, 851, 852).

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég gat þess hér við 2. umr. málsins, að ég vildi athuga að koma til móts við þær óskir, sem fram hefðu komið frá fleiri þm. í till.-flutningi, að lögð væri sérstök áherzla á að hagnýta raforku frá stórvirkjunum til húsahitunar. Af því tilefni hef ég flutt brtt. á þskj. 845 og meginefni þeirrar brtt. hnígur að þessu, en formsins vegna hef ég kosið, að brtt. væri flutt við landsvirkjunarlögin sjálf, 2. gr., en í henni eru ákvæði um tilgang Landsvirkjunar. En þar er tilgangur Landsvirkjunar markaður þannig:

„1. Að byggja og starfrækja mannvirki til vinnslu og flutnings á raforku til almenningsnota og iðnaðar. 2. Að selja raforku í heildsölu til rafmagnsveitna sveitarfélaga, rafmagnsveitna ríkisins og iðjufyrirtækja, að svo miklu leyti sem héraðsrafmagnsveitur eða rafmagnsveitur ríkisins hafa ekki milligöngu um raforkusölu til slíkra iðjufyrirtækja. 3. Að annast í samráði við raforkumálastjóra áætlanagerð um nýjar aflstöðvar og aðalorkuveitur á orkuveitusvæði Landsvirkjunar."

Í a-lið brtt. er lagt til að breyta orðinu „raforkumálastjóra" í Orkustofnun í samræmi við þær breytingar, sem að lögum hafa orðið að þessu leyti. En þá kemur efni brtt., sem hnígur að húsahituninni, að hér verði tekinn upp 4. liður 2. gr. landsvirkjunarlaga í tilgangi Landsvirkjunar, sem hljóði þannig: „Að vinna að því í samvinnu við rafveitur á orkusvæði sínu, að raforka komi í stað annarra orkugjafa til hitunar húsa og annarra þarfa, eftir því sem hagkvæmt er talið." Með þessu móti er áherzla lögð sérstaklega á upphitun húsa með raforku, þar sem það er þá orðinn 4. liður í tilgangi Landsvirkjunar samkv. 2. gr. landsvirkjunarlaga. Um aðrar brtt. vil ég aðeins segja það, að ég er andvígur því, að þær séu samþykktar af þeim sömu sökum, sem ég gerði grein fyrir við 2. umr., að ég tel það fyrst og fremst ekki tímabært.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Eins og hæstv. iðnrh. minntist á, beindi ég til hans þeirri fsp. hér fyrir helgi, hvort hann gæti ekki fallizt á það sjónarmið okkar hv. þm. Lúðvíks Jósefssonar, að áformin um stórvirkjanir í Tungnaá yrðu tengd við hugmyndir manna um stóraukna upphitun íbúðarhúsa á Íslandi með raforku. Ég tel, að hæstv. iðnrh. hafi komið til móts við þetta sjónarmið með þeirri brtt., sem hann hefur nú gert grein fyrir. Hæstv. ráðh. leggur að vísu til, að þessi fyrirmæli verði sett inn í l. á öðrum stað en við lögðum til, og tel ég, að það sé í sjálfu sér fullt eins eðlilegt, að þetta sé tekið inn í 2. gr., þar sem fjallað er um tilgang Landsvirkjunar. En með því að bæta þessu ákvæði inn í l., að nýr tilgangur Landsvirkjunar sé að vinna að því, að raforka verði notuð í stað annarra orkugjafa til hitunar húsa á sama tíma og aukin er heimild Landsvirkjunar til þess að ráðast í nýjar stórvirkjanir, tel ég, að það hafi verið komið til móts við þetta sjónarmið okkar. Við munum því draga til baka brtt. okkar á þskj. 792. Í þeirri till. er að vísu annað atriði. Þar var lagt til, að hæstv. ríkisstj. fengi einnig heimild til að ráðast í smærri virkjun, ef svo skyldi fara, að ekki tækist nægilega snemma að tryggja eðlilegt samhengi milli orkuframleiðslu frá stórvirkjunum og orkunotkunar. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki lýst neinum áhuga á því að fá þessa heimild, og sé ég því ekki ástæðu til að halda því til streitu, að hún fái það, enda munu verða nægileg tækifæri til þess að afla þeirrar heimildar, ef á þarf að halda og ef þetta ástand kemur upp.

Sem sagt, till. okkar á þskj. 792 er dregin til baka vegna þess að fallizt hefur verið á meginefni hennar.

Frsm. minni hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég skal ekki ræða þá brtt., sem hæstv. forsrh. hefur flutt á þskj. 845. Ég vil ekki vera henni andvígur, en annars sýnist mér, að hún sé allt annars efnis en till., sem fluttar voru á þskj. 323 og felldar voru við 2. umr., og annars efnis en till. þær, sem hv. 6. þm. Reykv. og hv. 5. þm. Austf. hafa flutt, en ég skal ekki fjölyrða um það efni og ekki er ég því andvígur, að þessi till. hæstv. ráðh. og hið almenna orðalag hennar verði samþykkt. En við 2. umr. flutti ég sem minni hl. iðnn. till. á þskj. 323 eða réttara sagt, minni hl. iðnn. mælti með till., sem fluttar höfðu verið af þrem þm. á þskj. 323. Þessar brtt. voru felldar við 2. umr. Nú hef ég enn, sem minni hl. téðrar n., leyft mér að flytja brtt. í sömu átt og þær till., sem felldar voru við 2. umr., en samt nokkuð annars efnis og færri till. heldur en fluttar voru við 2. umr. Ég vil biðja hæstv. forseta og hv. þm. að athuga, að það hefur orðið villa á þskj. 851 og 852. Þar stendur allshn., en á að vera iðnn., og hefur það þegar verið leiðrétt í prentun. (Gripið fram í.) Það er búið að leiðrétta það. Þá þarf ekki að ræða um það frekar.

Brtt., sem ég flyt, eru af sérstökum ástæðum á tveimur þskj., eins og ég sagði áðan, 851 og 852, og mun ég gera grein fyrir till. á þessum tveim þskj. í sömu röð og þær mundu koma inn í frv., ef samþ. yrðu.

1. till. á þskj. 852 er við 3. gr. l. Við 2. umr. lagði ég til, að sú gr. yrði algerlega umorðuð, en nú legg ég til, að inn í hana komi nýr tölul. um 130 MW raforkuver í Jökulsá á Fjöllum við Dettifoss eða raforkuver í Skjálfandafljóti við Íshólsvatn, en þessi brtt. fjallar ekki um aðrar breytingar á gr., eins og hin brtt. gerði, sem flutt var við 2. umr. Ég legg til í öðru lagi, að á eftir þessari gr., þ. e. a. s. á eftir 3. gr., komi brtt. um það, að heimildirnar í 1. gr. verði bundnar því skilyrði, að Landsvirkjun skuldbindi sig til gegn tilsvarandi hækkun ríkisábyrgðar að tengja saman með aðalorkuveitu raforkukerfin á austanverðu Norðurlandi og Suðurlandi, ef ráðh. mælir svo fyrir að fengnum meðmælum Rafmagnsveitna ríkisins og á þann hátt og á þeim tíma, sem ráðh. ákveður með hæfilegum fyrirvara, enn

fremur að selja raforku sama verði til allra almenningsrafveitna, sem kaupa orkuna frá aðalorkuveitu Landsvirkjunar. Till. mjög svipaðs efnis var flutt við 2. umr., en þessi till. er orðuð nokkuð á annan hátt, þar sem m. a. er talað um samtengingu raforkukerfa í staðinn fyrir samtengingu virkjana og fleira er á annan veg í till. Þessi brtt. er á þskj. 851.

Þá kem ég að 2. og 3. brtt. á þskj. 852. Þessar brtt. voru fluttar við 2. umr. og þá teknar aftur til 3. umr., en þær standa í beinu sambandi við 1. till. á þskj. 852. Þá legg ég að lokum til, að á eftir 5. gr. komi þrjár nýjar gr. Fyrsta gr., nefnd a, hljóði svo:

„Ríkisstj. lætur endurskoða gildandi löggjöf um framleiðslu og dreifingu raforku, og skulu till. um breytingar á þeirri löggjöf lagðar fyrir Alþ. eigi síðar en í árslok 1972."

Önnur gr., hér nefnd b, hljóðar svo:

„Að því skal stefnt, að fyrirtækið Landsvirkjun verði annaðhvort ríkiseign eða sameign ríkisins og þeirra sveitar- og sýslufélaga, er þess óska, í réttu hlutfalli við fólksfjölda."

Og 3. gr., sem hér er merkt c:

„Að því skal stefnt, að raforka til sams konar nota verði sem fyrst seld á sama verði um land allt."

Þessi brtt. um þrjár nýjar gr. er svipaðs efnis eins og b-liður 4. till., sem flutt var á þskj. 323 og felld, en hins vegar er þessi b-liður, sem var hér greindur í sundur, atriðin eru greind sundur og eitt atriði í hverri gr., þannig að það er hægt að greiða atkv. um hvert atriði út af fyrir sig, og ég vil óska þess, herra forseti, að þessir stafl. undir 4. tölul. verði bornir upp hver út af fyrir sig við atkvgr.

ATKVGR.

Brtt. 792 tekin aftur.

Brtt. 845 samþ. með 34 shlj. atkv.

Brtt. 852,1 felld með 22:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EystJ, GíslG, HS, IG, JK, JSk, JónasÁ, LJós, SE, SV, SP, VH, ÞÞ.

nei: BrS, EðS, EmJ, FÞ, GeirH, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, MB, PJ, PS, SI, EKJ, ÁS, BGr, BF, BK, BGuðm, MÁM.

GeirG, MK greiddu ekki atkv.

3 þm. (HV, ÁÞ, BP) fjarstaddir.

Brtt. 851 felld með 20:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EystJ, GíslG, HS, IG, JK, JSk, JónasÁ, LJós, SE, SV, SP, VH.

nei: BK, BrS, EmJ, FÞ, GeirH, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, MB, PJ, PS, SI, EKJ, ÁS, BGr, BF, MÁM.

BGuðm, BP, EðS, GeirG, MK, ÞÞ greiddu ekki atkv.

2 þm. (HV, ÁÞ) fjarstaddir.

Brtt. 852, 2—3 teknar aftur.

Brtt. 852,4.a felld með 20:16 atkv.

Brtt. 852,4.b felld með 20:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BP, EystJ, GeirG, GíslG, HS, IG, JK, JSk, JónasÁ, LJós, MK, SE, SV, SP, VH, ÞÞ.

nei: BGr, BF, BK, BrS, EmJ, FÞ, GeirH, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, MB, PJ, PS, SI, EKJ, ÁS, MÁM.

BGuðm, EðS greiddu ekki atkv.

2 þm. (ÁÞ, HV) fjarstaddir.

Brtt. 852,4.c felld með 20:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HS, IG, JK, JSk, JónasÁ, LJós, MK, SE, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ, BP, EystJ, GeirG, GíslG.

nei: IngJ, JóhH, JP, MB, PJ, PS, SI, EKJ, ÁS, BGr, BF, BK, BrS, EmJ, FÞ, GeirH, GuðlG, GunnG, GÞG, MÁM.

BGuðm, EðS greiddu ekki atkv.

1 þm. (HV) fjarstaddur.

Frv., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 96. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 882).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 892).

---

59. Lán vegna framkvæmdaáætlunar.

Á 34. fundi í Sþ., 16. marz, var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1971 [266. mál] (stjfrv., A. 522).

Á 66. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Ed., 18. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er nokkuð seint á ferðinni, en það stafar ekki af því, að ekki hafi verið auðið áður að ganga frá frv., heldur hinu, að það þótti æskilegt, að hægt væri samtímis að gefa þá skýrslu, sem fjmrh. hefur árlega undanfarin allmörg ár flutt í þinginu um ýmsa þætti efnahagsmála, þar sem jafnframt væri gerð nánari grein fyrir fjárfestingarmálum hins opinbera almennt. Það hefur stundum komið fyrir, að skýrsla þessi væri flutt á öðrum tíma en frv. um fjáröflunina hefur verið rætt og hefur það þá sætt nokkurri gagnrýni, sem hv. alþm. er skiljanlegt,

hins vegar hygg ég, að þeir muni einnig skilja það, að hér er um það mikið mál að ræða, að það tekur æðilangan tíma að gera sér til hlítar grein fyrir því og ganga frá þessari ýtarlegu skýrslu, þannig að með því að láta þessi mál fylgjast að, skýrslugjöfina og frv. um fjáröflun til ríkisframkvæmda, þá hlaut afleiðingin að verða sú, að frv. yrði nokkuð síðbúið og vona ég, að það verði afsakað með hliðsjón af þessari skýringu, af því að ég þykist sannfærður um, að hv. þdm. séu sammála um það, svo sem áður hefur verið, að æskilegt sé, að þeir hafi fyrir sér skýrslu, heildarskýrsluna um hina ýmsu þætti þessa vandamáls, þegar þeir ræða frv. Þar til á s.l. ári, þá var sá háttur hafður á, að þessi skýrsla var flutt í Sþ. og var þá flutt munnlega, sem er mikil lesning, hins vegar hefur henni ekki verið útbýtt. Það hefur áður einnig komið fram, að hv. þm. þætti æskilegra, að skýrslan væri birt eða lögð fram skriflega, enda skiljanlegt, þar sem í henni er mikill aragrúi af tölulegum upplýsingum, og á s.l. ári var þetta gert og skýrslan ekki flutt í Sþ., og verður svo einnig gert nú, þannig að skýrslan er hér lögð fram jafnhliða því, sem þetta frv. um framkvæmdaáætlunina er tekið til meðferðar, og geta því hv. þm. kynnt sér skýrsluna. Ég vænti þess, að þeir séu allir einnig sammála um það að ætlast ekki til þess, að ég fari að flytja þessa skýrslu hér, þar sem hún liggur fyrir í þessu formi. Það væri óþarfa tvítekning, ef ég færi að stunda upplestur fyrir hv. þm., og mun ég því ekki gera það, en það aftur á móti ætti að stytta mjög þann tíma, sem fer til umræðu um málið, því venjulega hafa umr. ekki farið fram um skýrsluna, þar sem hún er ekki með þeim hætti, að hún gefi neitt tilefni til umr. Hér er um tölulegar staðreyndir að ræða, sem fluttar eru til upplýsingar, og skýrslan hefur frá því ég man eftir aldrei gefið tilefni til neinnar sérstakrar gagnrýni af hálfu hv. þm.

Áður en ég vík að frv. sjálfu vil ég því aðeins með örfáum orðum vekja athygli á því, hvað í skýrslu fjmrh. felst. Hún er allýtarleg og skiptist í kafla og er þar fyrst að finna almennt yfirlit um þau stefnumið, sem markað hafa framkvæmdaáætlunargerðina í þetta sinn, en það eru að sjálfsögðu þær aðstæður, sem ríkjandi eru á hverjum tíma í efnahagsmálum, og sú sérstaka þróun, sem verið hefur í þeim efnum og atvinnumálum nú á undanförnum mánuðum og raunar á s.l. ári. Þá er í öðru lagi að finna ýtarlegt yfirlit um þau viðhorf, sem eru nú í efnahagsmálunum og er það aðallega byggt á niðurstöðum ársins 1970, en einmitt það yfirlit og þær mörgu tölulegu upplýsingar, sem í skýrslunni er að finna eða í þessum kafla hennar, þær gerðu það óumflýjanlegt, að nokkur tími yrði að líða fram eftir árinu, þangað til auðið væri að hafa öll þessi yfirlit og á þeim væri hægt að byggja. Þá er að finna í skýrslunni ýtarlegt yfirlit um fjármunamyndunina 1970 svo sem bezt verður um hana vitað nú eftir þeim upplýsingum, sem Efnahagsstofnunin hefur getað aflað sér, og jafnframt er til samanburðar getið um fjármunamyndunina, eins og horfur eru á að hún muni verða á árinu 1971. Loks er svo að finna í skýrslunni sundurliðaða grg. mun ýtarlegri heldur en fylgir frv. um hina ýmsu þætti opinberra framkvæmda, og kemur þar fram sem eðlilegt er, að þar er í meginefni um tvíþætt fjáröflunarmál að ræða, annars vegar er það fjármunamyndunin, sem verður vegna fjárráðstafana opinberra sjóða, og hins vegar fjármunamyndun og framkvæmdir, sem stafa af beinum aðgerðum hins opinbera og unnar eru annaðhvort fyrir fjárlagafé eða framlög sveitarfélaga eða í þriðja lagi fyrir það fé, sem gert er ráð fyrir að afla hér í framkvæmdaáætlun. Loks er svo aftan við skýrsluna að finna sundurliðaðar töflur um ýmis veigamikil atriði, sem nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir til þess að átta sig á þróun efnahagsmálanna og fjárfestingarmálanna. Þar er bæði yfirlit um þjóðarframleiðslu og verðmætaráðstöfun þjóðarframleiðslunnar allt frá 1966 og til 1970, þar er yfirlit um fjármunamyndunina, bæði almenna og heildarfjármunamyndunina, og svo sérstaklega fjármunamyndun í byggingum og mannvirkjum hins opinbera. Bæði er þetta á því sama árabili, sem ég gat um, og einnig á árunum 1970 og 1971. Einnig var gerður samanburður við fjárhagsáætlun 1970. Þá er yfirlit um framkvæmda- og fjáröflunaráætlunina 1971, samandregið heildaryfirlit, sem gefur glögga mynd af því, hvernig fjár er aflað og hvernig það sundurliðast í einstökum atriðum, þannig að hv. þm. hafa þar mjög glöggt yfirlit um það og þurfa ekki að draga það saman með lestri allrar skýrslunnar. Hins vegar er í skýrslunni að finna útskýringu við hvern einstakan lið í töflu þeirri, sem hér um ræðir, þar sem dregnir eru saman hinir einstöku framkvæmdaliðir og fjárfestingarsjóðir, sem lagt er til að afla fjár til. Og loks er yfirlit og samanburður á fjáröflun og framkvæmdum, fjárfestingarlánum sjóða og opinberra framkvæmda almennt á vegum ríkisins, þar sem saman eru bornar áætlanir fyrir árið 1970 og 1971. Þá er loks að finna yfirlit um útlán og fjáröflun fjárfestingarlánasjóðanna, einnig samanborið við það, sem hefur verið til ráðstöfunar á árunum 1969 og 1970, þannig að það fæst einnig samanburður um það ráðstöfunarfé, sem þessir sjóðir hafa haft til meðferðar, og síðast í skýrslunni er svo að finna yfirlit yfir áætlaða fjáröflun til opinberra framkvæmda 1971.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að rekja skýrsluna sjálfa nánar, þar sem hún hefur eins og ég segi verið fram lögð í prentuðu formi fyrir hv. þm., og vænti ég, að þetta yfirlit um efni hennar og tilgang ætti að vera nægilegt til að gera mönnum grein fyrir, hvað felst í umræddri skýrslu, og síðan að sjálfsögðu sjá hv. þm. það sjálfir nánar við lestur skýrslunnar, hvað í henni felst í einstökum atriðum. Svo sem verið hefur frá því, að Framkvæmdasjóður Íslands tók til starfa, þá er fjáröflun til opinberra framkvæmda aðskilin fjáröflun til fjárfestingarlánasjóða. Lögum samkvæmt er gert ráð fyrir því, að Framkvæmdasjóður Íslands annist fjáröflun til fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna, svo sem

frekast verður við komið. Með því er ekki sagt, að það sé hægt að fullnægja allri lánsfjárþörf, það fer eftir þeim möguleikum, sem Framkvæmdasjóður hefur til fjáröflunar, og ég skal geta þess í sambandi við fjáröflunina nú, að þar er um að ræða mjög veigamikla aukningu, sem orðið hefur sérstaklega í sambandi við lán vegna sjávarútvegsins, þar sem skipasmíðar fara nú mjög stórlega vaxandi innanlands og fjárþörfin hefur því breytzt verulega. Áður var um það að ræða, að það voru tekin í stórum stíl lán erlendis til skipabygginga, en nú aftur á móti hafa skipasmíðarnar í mjög vaxandi mæli færzt inn í landið. Þetta hefur skapað ný og erfið viðfangsefni og hafa þau leitt til þess, að orðið hefur að taka erlend lán í auknum mæli til að mæta þessum þörfum.

Þá vil ég í annan stað geta þess til skýringar, að enda þótt Stofnlánadeild landbúnaðarins sé í þessari skýrslu með hæsta eða næst hæsta fjáröflun næst á eftir Fiskveiðasjóði, þ. e. a. s. að Framkvæmdasjóður gerir ráð fyrir að lána Stofnlánadeild landbúnaðarins 70 millj. kr., en Fiskveiðasjóði 85 millj., auk 13 millj. vegna dráttarbrautanna, þá er sú fjárþörf ekki nægileg til þess að mæta fjárvöntun vegna framkvæmda landbúnaðarins og stafar þetta m. a. af því, að á síðustu árum hefur verið lánað meira úr stofnlánadeild heldur en fjáröflunin hefur leyft, og hefur því safnazt allveruleg skuld, sem með einhverjum hætti þarf að losna úr, og einnig þá er ljóst, að fjárþörf veðdeildarinnar verður ekki fullnægt með því sem Framkvæmdasjóður getur hér af mörkum látið, og vil ég aðeins á þessu stigi láta það koma fram, að þessi mál eru enn til sérstakrar athugunar, hvernig auðið verði að leysa vanda stofnlánadeildar og veðdeildar, þannig að þær geti starfað með svipuðum hætti eins og verið hefur undanfarin ár. Allmikill samdráttur verður í fjáröflun til Iðnlánasjóðs, en þar ber aftur á móti þess að gæta, að Iðnþróunarsjóður uppfyllir þar mikilvægt verkefni til eflingar iðnaðinum sem sjóður, sem aðrir atvinnuvegir ekki geta átt aðgang að. Þá er einnig um verulega aukningu að ræða á vettvangi ferðamála, en sá atvinnuvegur hefur eins og hv. þm. er kunnugt farið mjög vaxandi undanfarin ár. Ég tel svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þátt Framkvæmdasjóðs og fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna, nema sérstakt tilefni gefist til. Í skýrslunni er að finna mjög nákvæma sundurliðun á því, hvaða möguleika þessir sjóðir hafa til lánveitinga miðað við þá fjáröflun, sem gert er ráð fyrir, og hvernig þær lánveitingar eru, sbr. við lánveitingar undanfarinna tveggja ára.

Varðandi síðan hitt atriði framkvæmdaáætlunarinnar, sem sérstaklega kemur til kasta Alþ. að taka ákvörðun um, þá fjallar það frv., sem hér er lagt fyrir, um heimild fyrir ríkisstj. til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunarinnar fyrir árið 1971. Það er í sama formi og verið hefur undanfarin ár, að hér er fyrst og fremst leitað lántökuheimilda og þá að sjálfsögðu skilið svo, að lántökuheimildin feli í sér ákvörðun um það, að fénu skuli varið á tiltekinn hátt. Áður fyrr var nokkuð á það deilt, að stundum var þetta í einu lagi, þessi heildarupphæð, en að undanförnu hefur sá háttur verið á hafður að sundurliða það nákvæmlega í umræddu frv., hvernig ætlunin væri að verja lánsfénu, sem ætlunin væri að taka. Til þess að auðvelda hv. þm. að átta sig á þessu vandamáli hefur það einnig verið svo nú allra síðustu árin, að gerð hafa verið drög að framkvæmdaáætluninni og þau látin fylgja fjárlagafrv. Ekki með það í huga, að það væri gert ráð fyrir því, að fjárveitinganefnd eða Alþ. á því stigi tæki formlega ákvörðun um áætlunina, heldur í upplýsingaskyni, því að það væri að sjálfsögðu mjög æskilegt, að Alþ. og fjvn. gætu áttað sig á því, þegar gengið væri frá fjárlagafrv., hvaða framkvæmdir ríkisstjórnin gerði ráð fyrir að leggja í og afla sérstaklega láns til. Það hefur stundum verið á það bent, að óeðlilegt væri að taka lán til ýmissa framkvæmda, sem hafa verið í framkvæmdaáætlun, og eðlilegra væri að taka það með í fjárl. Með því að láta drögin að áætluninni fylgja fjárlagafrv. hefur því einmitt verið haldið opnu, að teknar væru í fjárl. af framkvæmdaáætlunardrögunum þær framkvæmdir, sem þm. sýndist að æskilegra og eðlilegra væri að hafa í fjárl. og greiða með árlegu ráðstöfunarfé, sem þar er um að ræða, en ekki fjármagna með lánum. Þessi háttur, að birta þessi drög að framkvæmdaáætlun með fjárlagafrv., gerir það einnig mögulegt að tala um þá áætlun, sem nú er lögð fram, með miklum mun færri orðum en ella hefði verið, þar sem hún er hv. þm. kunn í meginefnum. Það er ekki nema að litlu leyti, sem um er að ræða breytingar á þessari áætlun, eins og hún liggur fyrir í frv., frá þeim drögum, sem fylgdu fjárlagafrv.

Í grg. með frv. um heimild til lántöku vegna framkvæmdaáætlunarinnar er að finna skýringar á hinum ýmsu liðum, sem um ræðir í 7. gr. frv., en þar er að finna till. um það, hvernig skipta beri framkvæmdafénu. Það er vonazt til þess, að auðið verði að afla þess fjár, sem hér er um að ræða. Á áætluninni í ár var töluverður halli. Hann reyndist minni, þegar öll kurl komu til grafar, heldur en þar var gert ráð fyrir eða aðeins 3.9 millj. kr. Í drögum að framkvæmdaáætlun eins og þau voru birt með fjárlagafrv. var einnig gert ráð fyrir allverulegum halla, og það hefði einnig orðið halli á áætluninni nú eða fjáröflun til þeirra framkvæmda, sem nú er gert ráð fyrir, ef ekki hefði verið horfið að því ráði að taka stækkun Áburðarverksmiðjunnar út úr framkvæmdaáætluninni og gera ráð fyrir því, að aflað yrði sérstaks láns til hennar erlendis, og er farið fram á heimild til allt að 80 millj. kr. lántöku, vegna stækkunar Áburðarverksmiðjunnar, og gert er ráð fyrir, að sú framkvæmd verði fjármögnuð með þeim hætti. Það var eina úrræðið til þess að geta brúað bilið um fjáröflun, því að ljóst er að teflt er á yztu nöf varðandi þá tvo fjáröflunarmöguleika, sem um er að ræða. Þeir eru þeir sömu og verið hafa undanfarin ár, annars vegar PL-480 lán, sem ekki hefur þó enn verið gengið frá samningi um, þannig

að þar er um nánast ágizkun að ræða, og í hinn staðinn er um að ræða útgáfu spariskírteina, sem nú er gert ráð fyrir, að verði jafnhá upphæð hvað snertir ný skírteini og var á síðastliðnu ári eða 75 millj. kr., en hins vegar, þá er gert ráð fyrir verulegri aukningu á endursölu spariskírteina og ætti það ekki að vera mjög ógætilega áætlað, vegna þess að komið hefur í ljós, að eigendur spariskírteina vilja mjög gjarnan — reynslan hefur sýnt það undanfarin ár — endurnýja þessi skírteini sín og kaupa þá ný skírteini, þegar þeir leysa hin eldri út, þannig að ekki kemur til endurgreiðslu.

Ég skal þá aðeins fara örfáum orðum um framkvæmdaáætlunina sem slíka, þ. e. a. s. útgjaldaliðina. Ég vil aðeins áður geta þess, að eins og hv. þm. sjá þá er gert ráð fyrir, að spariskírteini verði gefin út með sama hætti og sömu kjörum og verið hefur undanfarin ár. Það kemur allt til athugunar, heildarathugunar, hvernig verður um skattlagningu hinna einstöku sparnaðarforma, í sambandi við framhaldsendurskoðun skattalaganna, sem mun koma fyrir næsta þ. Það er gert ráð fyrir, að því ljúki í sumar og þykir því ekki eðlilegt á þessu stigi málsins að gera þar á breytingar, þó að svo kynni að fara, að þær almennu reglur, sem þar eru settar, mundu markast af öðrum sjónarmiðum, en þau sjónarmið liggja ekki það ljós fyrir, að það þyki fært að breyta kjörum á þessum bréfum frá því, sem verið hefur, ef á að vera auðið að tryggja sölu þeirra.

Enn þá er afborgun af lánum vegna Reykjanesbrautar eitt af hinum veigameiri málum, sem gengur mjög erfiðlega að komast frá, því enn þá er það svo, að Reykjanesbraut skuldar meira en hún kostaði í upphafi, þrátt fyrir allt það fé, sem til hennar hefur gengið, en það stafar af þeirri eðlilegu ástæðu, sem ég þarf ekki að skýra fyrir hv. þm., að hún var byggð að öllu leyti fyrir erlent lánsfé og gengisbreytingarnar hafa að sjálfsögðu haft þessi áhrif. Það er gert ráð fyrir því, að smám saman muni þetta á næstu tímum eða á alllöngu árabili verða tekið inn í vegáætlun og gert ráð fyrir endurgreiðslu þessara lána, eftir því sem gert er ráð fyrir, sömuleiðis endurgreiðslu á lánum, sem tekin eru til annarra varanlegra vega, þ. e. a. s. alþjóða bankalánunum, sem nú hafa verið tekin eða eru í meðferð. Aðrar tekjur til að standa undir þessum greiðslum eru veggjaldið, sem mönnum er kunnugt um, og svo hins vegar nokkur upphæð í vegáætlun.

Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi er enn á dagskrá og hefur nú verið gerð áætlun um, hvernig að því verki verði staðið. Það var tekið fram í drögum að framkvæmdaáætlun með fjárlagafrv., að þar sem sú áætlun lægi ekki fyrir, þá væri ekki auðið að gera ráð fyrir sérstakri fjáröflun til þessara framkvæmda, því vitanlega var ekki mögulegt fyrir ríkið að hefjast handa um lántöku til svo stórra framkvæmda án þess að fyrir lægi einhver áætlun um það, hvernig mögulegt væri að endurgreiða þau lán, en það mál hefur nú verið tekið til heildarathugunar.

Til landshafnanna er í þetta skipti ekki um verulegar fjárhæðir að ræða, en þó gert ráð fyrir, að þar verði unnið að brýnustu verkefnum, sem bíða þar úrlausnar. Inn í þessa áætlun nú koma sérstaklega 18 millj. vegna flugöryggismála, sem ekki voru í drögum að framkvæmdaáætluninni í haust, en þar er annars vegar um að ræða sérstök flugöryggistæki eða radartæki fyrir flugvellina hér við Reykjavík, — hvar sem þau tæki kunna að verða staðsett, það er annað mál, — en að hinu leytinu er gert ráð fyrir, að um 10 millj. fari til þess að bæta úr öryggisþjónustu almennt á flugvöllum og hafa komið fram sérstakar óskir frá flugmönnum um að hafizt verði handa nú þegar á þessu sumri um úrlausn þess vanda á ýmsum flugvöllum, og er það skoðun ríkisstj., að ekki sé um annað að ræða en að þegar verði hafizt handa um úrbætur, þar sem talið er að hættuástand sé. En þessar framkvæmdir munu víðast hvar ekki þurfa að kosta mjög verulegar fjárhæðir. Það, sem gert er ráð fyrir hér í sambandi við radarinn á Reykjavíkurflugvelli, þar sem hann verður væntanlega settur upp, er aðeins hluti af kostnaði við þá framkvæmd.

Rafmagnsveitum ríkisins er áætluð ákveðin fjárhæð, en rétt er að segja það eins og það er, að þar er nánast um það að ræða, að ekki er hægt að afla meira fjár. Þar eru á döfinni margvíslegar hugleiðingar um framkvæmdir, að vísu mjög mismunandi langt komnar, en það er vonazt til þess, að með þessari fjáröflun, sem hér er gert ráð fyrir, verði hægt að leysa það, sem brýnast er á þessu sviði. Sannleikurinn er sá, eins og menn sjá, að þá eru meginverkefni þau, sem gert er ráð fyrir, að fjár yrði aflað til í sambandi við framkvæmdaáætlunina, fyrst og fremst einmitt orkumálin, bæði raforkumál og jarðhitamál, sem ég hygg, að allir hv. þm. séu sammála um, að séu hin mikilvægustu verkefni hvor tveggja, sem nauðsynlegt sé að leysa, en að öðru leyti eru það vegamálin, auk áburðarverksmiðjunnar, sem ég hef áður getið um.

Það eru tvær virkjanir, sem sérstaklega er gert ráð fyrir að afla fjár til. Annars vegar er það Laxárvirkjunin, sem nú þegar er í gangi, og hvað sem því líður, hvernig staðið verður að því máli, sem ég þarf ekki að útskýra hér að hefur vakið margvíslegar deilur, þá er það alveg ljóst, að það verður að leysa orkuþörf Norðausturlands með einhverjum hætti og því getur ekki, þó að menn kunni að greina á um það, verið neitt efamál um nauðsyn þess að afla fjár til að leysa þann vanda, því að á því má ekki verða neinn teljandi dráttur, að úr orkuþörf Norðausturlands verði bætt, ella skapast þar stórkostleg vandræði og hv. þm. er það öllum kunnugt, að þarna er annað mesta iðnaðarsvæði landsins.

Í annan stað er gert ráð fyrir því að hefjast handa um Lagarfossvirkjun eystra og í þriðja lagi er gert ráð fyrir því, vegna nýrra stórframkvæmda Landsvirkjunar, að auka þurfi fjármagn til hennar, þ. e. a. s. hluta eignaraðila, og hefur það verið gert undanfarin ár í nokkrum áföngum og verður enn að halda áfram á þeirri braut, því að óeðlilegt er, að

þar sé ekki bætt við einnig beinu eignaraðilaframlagi, enda nauðsynlegt til þess að tryggja þá arðsemi virkjunarinnar, sem krafa er sett fram um af hálfu Alþjóðabankans, sem hefur gert virkjunina mögulega með þeim stórlánum, sem hann hefur veitt til hennar. Munum við áfram verða að byggja á aðstoð erlendis frá varðandi lánsfé til þessara mjög stóru og dýru framkvæmda.

Í sambandi við þessi mál, virkjanamálin, þá er nauðsynlegt að halda áfram af kappi, eftir því sem föng eru á og fjárhagsgeta leyfir, orkurannsóknum, bæði á vatnsorkulindum vegna rafvæðingarinnar og einnig jarðhitarannsóknum, og er því gert ráð fyrir fjáröflun til vatnsorkurannsókna, til viðbótar því fé, sem veitt er í fjárlögum, og er það þá allmyndarleg fjárhæð eða um 50 millj. samtals, sem fer til vatnsorkurannsókna á þessu ári, og jafnframt er lagt til að verja til jarðhitarannsókna 15 millj. kr. og vegna kaupa á nýjum jarðbor er gert ráð fyrir allverulegri fjárveitingu til jarðborana ríkisins. Jarðvarmaveitur ríkisins er sú stofnun, sem er til orðin vegna jarðborana í Námaskarði og sölu á orku, annars vegar til gufuaflstöðvarinnar þar og hins vegar kísiliðjunnar. Það er vegna framkvæmda, sem þar þarf enn að vinna að eða er í rauninni að verulegu leyti búið að vinna að, sem fjár er aflað, vegna bilana, sem orðið hafa á borholu m. a.

Þá er gert ráð fyrir því að afla 10 millj. til jarðhitaleitar. Það eru í fjárl. ekki nema 5 millj. kr., sem ætlaðar eru til þeirra framkvæmda, en þar er um að ræða lánveitingar til sveitarfélaga vegna leitar að heitu vatni. Hér er um mjög mikilvægt viðfangsefni að ræða og sífellt fleiri aðilar, sem leggja kapp á það að koma á hjá sér hitaveitu, ef þess er nokkur kostur. Það gefur augaleið, miðað við þann geysilega óstöðugleika, sem er í verðlagi á olíu, að það hefur hina mestu þýðingu, að hægt sé sem víðast um landið að leysa olíuna af hólmi, annars vegar með jarðhita og hins vegar með raforku frá vatnsorkuverum. Það hefur grundvallarþýðingu að leggja áherzlu á þetta tvennt á næstu árum.

Gert er ráð fyrir því, sem ekki var í drögunum að framkvæmdaáætluninni í haust, að afla 15 millj. til þess að ljúka núverandi áfanga í rafvæðingu sveita. Því var lýst yfir á síðastliðnu ári, að ríkisstj. hefði ákveðið, að á árunum 1970—1971 yrði lokið lagningu rafmagns frá samveitum til allra þeirra býla, þar sem væri styttra en 1.5 km eða ekki lengra en 1.5 km að meðaltali á milli býla. Þessi fjárveiting var nokkuð hækkuð í fjárl. ársins í ár og gert ráð fyrir því, að það mundi nægja, en vegna aukins tilkostnaðar og einnig vegna þess, að við hafa bætzt ýmsar línur, þar sem byggð hefur orðið þéttari en upphaflega hafði verið gert ráð fyrir, þegar áætlanir voru gerðar um viðkomandi línur, þá kemur það í ljós, að það verður þörf á að fá töluvert fé til viðbótar, ef á að ná þessu takmarki, og þar sem ríkisstj. telur það höfuðnauðsyn, að því takmarki verði náð, þá er gert ráð fyrir því að afla hér 15 millj. kr. í því skyni.

Sjóefnarannsóknir standa enn yfir og þarf að ljúka þeim nú sem skjótast, til að hægt verði að taka ákvarðanir um það, hvort hagkvæmt reynist að koma hér upp sjóefnaiðju, og er gert ráð fyrir að verja nokkrum millj. til þeirra framkvæmda, en fjárþörfin þar er nú samtals á þessu ári um 5.7 millj. kr.

Þá þarf að verja enn nokkru fé til byggingar á Keldnaholti, til þess að ljúka Rannsóknastofnun iðnaðarins og er fjárvöntun þar 9.5 millj. kr. Loks er brýn nauðsyn á því að reyna að fara að fullgera hina miklu lögreglustöð hér í Reykjavík og er gert ráð fyrir töluverðri fjáröflun í því skyni, svo sem hefur verið á framkvæmdaáætlun síðustu árin, eða 12 millj. kr. til viðbótar þeim 3.2 millj., sem eru í framlagi fjárl. Þetta nægir þó ekki til þess að ljúka byggingunni, en ekki er auðið að leggja fram meira fé, þar sem fjáröflunarmöguleikar eru ekki fyrir hendi, og er því gert ráð fyrir því skv. þessu, að auðvelt ætti að vera að ljúka byggingunni á þessu og næsta ári.

Svo sem ég gat um áðan, þá var sem betur fór mun minni fjárvöntun af ýmsum ástæðum til framkvæmdaáætlunarinnar heldur en var gert ráð fyrir samkv. framkvæmdaáætlun síðasta árs, en það voru 61 millj. kr. M. a. þá var þetta vegna þess, að þær 30 millj., sem gert var ráð fyrir, að þyrfti að verja til byggingar á vegum háskólans, þurfti ekki að nota og verður því bagginn af þessu mun minni en gert var ráð fyrir eða aðeins um tæpar 4 millj. kr.

Herra forseti, ég sé ekki ástæðu til, þar sem mörg mál eru á dagskrá og þörf á, að menn stytti mál sitt svo sem föng eru til, að ræða þetta mál nánar, nema sérstakt tilefni gefist til þess, og læt því máli mínu lokið og legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn. Vil ég jafnframt leyfa mér að fara þess á leit við hv. fjhn., að hún reyni mjög að hraða athugun málsins, þar sem nauðsynlegt er að sjálfsögðu, sem ég þarf naumast að útskýra fyrir hv. þm., að þetta frv. geti orðið að lögum á þessu þingi.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég vil nú ekki bregða þeim vana að segja nokkur orð við 1. umr. um þetta mál, heimild ríkisstj. til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunarinnar, að þessu sinni fyrir árið 1971. Eins og fram kom raunar af máli hæstv. fjmrh. þá er hér ekki um nema hluta af þeirri fjáröflun og ráðstöfun framkvæmda að ræða, sem aðallega er fjármagnað af innlendu fé. Hér er farið fram á heimild Alþ. til þess að afla 437.6 millj. kr. með einum og öðrum hætti, eins og ég skal koma að, en þar fyrir utan er svo aflað til Framkvæmdasjóðs 340 millj. kr. og ráðstafað án þess að Alþ. hafi þar nokkra hönd í bagga með. Ég hef nú áður látið í ljós óánægju yfir þessari tilhögun og geri það enn, því það er mín skoðun að þingið eigi að hafa æðsta vald í úthlutun þessa fjármagns, en þessi háttur hefur verið viðhafður um nokkurt skeið og er svo lagt til eins og hér kemur fram. Þess fjár, sem hér er um að ræða, 776.6 millj. kr., er ráðgert að afla á

eftirfarandi hátt: Að selja ný spariskírteini ríkissjóðs fyrir 75 millj. kr., að selja spariskírteini ríkissjóðs samkvæmt eldri heimildum 282.6 millj. kr., að taka 10% af sparifjármyndun bankanna á yfirstandandi ári, sem hér er áætluð 110 millj. kr. og ég mun aðeins víkja að síðar, að taka lán í Bandaríkjunum, svokölluð PL-480 lán, upp á 80 millj. kr. og aðrar tekjur Framkvæmdasjóðs eru 230 millj. kr. Samkvæmt þessu yfirliti er það um helmingur þess fjár, sem hér er um að tefla, sem með einum og öðrum hætti er tekið undan ráðstöfun bankanna í landinu og falið opinberum aðilum að ráðstafa. Það er ljóst, að eins og spariskírteinin eru úr garði gerð, hafa verið úr garði gerð og enn þá er ráðgert að gera þau, þá seljast þau jafnóðum og þau eru auglýst föl. Því valda þau kjör, sem orðin eru, þ.e. að vextirnir og afborganirnar eru bundin vísitölu og er það eina fjárfestingin, sem fólk á völ á með þeim kjörum og enginn banki hefur nokkra möguleika á að keppa við með núgildandi lögum. Auk þess eiga svo spariskírteinin, eins og verið hefur, ekki aðeins að vera undanþegin skattlagningu á sama hátt og sparifé heldur einnig undanþegin framtalsskyldu. Þessi ákvæði gera það að verkum, að ný skírteini seljast eins og heitar lummur og fjöldi, yfirgnæfandi hluti þess fólks, sem fest hefur fé sitt í spariskírteinum, innleysir þau ekki heldur kaupir ný skírteini, þegar þau falla til útborgunar. Hæstv. fjmrh. sagði áðan, að endurskoðun skattalaga, sem yfir stendur, væri ekki svo langt komið, að ástæða væri til að breyta kjörum þessara skuldabréfa nú, en gerði ráð fyrir því sem hugsanlegum möguleika, að það kynni að verða gert síðar. Ég vil nú segja það sem mína skoðun, að á meðan ríkissjóður þarf á fjármagni að halda og fjáröflun að halda með þessum hætti þá tel ég sanngjarnt, að þessi skírteini séu undanþegin skattlagningu eins og sparifé. Og ég vil bæta því við, að ég tel það mjög háskalega braut að skattleggja sparifé. Sparifjármyndunin, frjáls sparifjármyndun er það, sem stendur undir fjármögnun flestra framkvæmda hér, sem innanlands er aflað fjár til og ég held, að það sé óráðlegt að breyta lögum um það frá því sem nú gildir. Allt öðru máli finnst mér gegna um framtalsskyldu og satt að segja skil ég ekki, að hæstv. fjmrh., sem hefur þó gengið talsvert myndarlega fram í skattaeftirliti og hert það, að hann skuli ekki grípa þann möguleika fegins hendi til auðveldunar eftirlits með skattlagningu og skattframtölum að gera þessi skírteini framtalsskyld. Það hefur verið bjargföst sannfæring mín, að það mundi ekki draga úr sölu þeirra svo neinu næmi. Það yrðu kannske einhverjir aðrir, sem keyptu þau, heldur en gera það nú, en þau mundu áreiðanlega öll seljast. Önnur kjör á bréfunum eru með þeim hætti, að fólk kaupir þetta fyrir það fjármagn, sem það getur við sig losað og fyrningartíminn er ekki það langur, að hann sé talinn frágangssök í langflestum tilvikum. Ég mun þess vegna eins og undanfarið freista þess að fá breytingu á þessu frv. síðar í þá átt að gera spariskírteinin framtalsskyld.

Þá langar mig til þess að vekja athygli á því, að á bls. 10 í skýrslu fjmrh. um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun og raunar víðar í áætluninni er gert ráð fyrir því, að lántaka hjá viðskiptabönkunum á árinu 1971 nemi 110 millj. kr., en verði þó miðuð við 10% af aukningu innlánsfjár bankanna. Nú er ég auðvitað enginn spámaður um það, hver innistæðuaukning í bönkunum á þessu ári kann að verða, en ég tel, að hér sé vægt í sakir farið í áætlun og dreg þær áætlanir af því, að á s.l. ári nam heildarsparifjáraukning í þessum stofnunum, þ.e. bönkunum, 2517 millj. kr. Það má vel vera, að þróunin verði sú, að heildarsparifjáraukningin verði nú ekki nema 1100 millj. kr., en það finnst mér satt að segja heldur lágt áætlað og heldur vonleysisleg tala, þegar það er haft í huga, að heildarsparifé í viðskiptabönkunum var eða heildarinnlán voru við árslokin 1970 13 153 millj. kr., þannig að 9% vextir af þessari fjárhæð eru þá um það bil það, sem hér er áætlað að sparifjáraukningin verði. Sem sagt, að hún verði ekki nema vaxtaviðbótin.

Á s.l. ári var reiknað með lægri fjárhæð til Framkvæmdasjóðs af 10% sparifjáraukningu, en hún varð eins og ég áðan sagði 251 millj. og um það segir í framkvæmdaáætluninni, að það hafi gert Framkvæmdasjóði kleift að styrkja stöðu sína. Þessu mótmælir sjálfsagt enginn, að þetta hafi gert Framkvæmdasjóði mjög svo kleift að styrkja stöðu sína, en ég vil spyrja hæstv. fjmrh.: Gerir þessi mikla sparifjáraukning á s.l. ári það ekki kleift að sleppa því að taka að láni, sem kallað er, 10% af sparifjáraukningunni á þessu ári og leyfa viðskiptabönkunum í fyrsta skipti í mörg ár, ég man ekki nákvæmlega í hvað mörg, að hafa yfir því fjármagni að segja einu sinni, sem landsfólkið trúir þeim fyrir? Þegar það er haft í huga, að viðskiptabankarnir eru að miklum meginhluta til eign ríkissjóðs og stjórnað af mönnum, sem ríkisstj. hlýtur að bera tiltrú til og getur raunar sagt fyrir verkum í mörgum tilfellum, þá sýnist það ekki vera nein goðgá, þótt væri farið fram á það svona í eitt skipti, að þeir fengju ráðstöfun þessa fjármagns, þegar svo heppilega hefur tekizt til, að fjáröflunin á árinu 1970 var langt umfram það, sem reiknað var með.

Um hina hlið málsins, þ.e.a.s. þá, sem Alþ. gefst kostur á að fjalla um af ráðstöfun þessa fjármagns, hef ég ekki margt að segja. Það er auðvitað svo, að óskalistinn er lengri heldur en kemst fyrir í þessu frv. eins og því er stakkur sniðinn. Ég skal ekkert fara út í það nú að telja upp þá hluti, sem mundu hafa verið kannske á mínum óskalista frekar heldur en það, sem þarna er talið. Við fljótan yfirlestur og athugun þessa frv. þá hef ég ekki fundið neitt svo sem, sem ég tel að ekki eigi þarna heima og mætti fella út fyrir annað í staðinn. Það er að vísu rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði, að allt er í nokkurri óvissu um Laxárvirkjun eins og mál hafa skipazt, en ég tel þó eins og hann, að það sé ekki ráðlegt fyrir Alþ. að fella fjárveitingu til framkvæmda þar algerlega niður, því með einum eða öðrum hætti hlýtur að

verða að leysa þau viðfangsefni, sem þar er um að tefla, og skal ég ekki fremur en hann gera það hér að umtalsefni, þó vissulega væri freistandi að segja nokkur orð um þá miklu og raunar hatrömmu og allt of harðvítugu deilu, sem að mínum dómi hefur verið stofnað til þarna um þetta tiltekna mál. Til þess að spara tíma, þá skal ég ekki fara að gera að umtalsefni einstök atriði í þessari framkvæmdaáætlun umfram það, sem ég hef þegar gert, það er þó auðvitað sitthvað um þau að segja, og ég skal svo ljúka þessum fáu orðum með þeirri heitstrengingu, að ekki skal standa á okkur framsóknarmönnum í hv. fjhn., að þetta mál megi afgreiða með skjótum hætti, því það er þó ljóst, að þetta mál verður að ná fram að ganga á þessu þingi, þó að sama virðist ekki eiga eftir að liggja fyrir öllum þeim stjfrv., sem borin hafa verið fram síðustu daga.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Eins og hæstv. fjmrh. hefur rakið, þá orkar það ávallt nokkuð tvímælis, hvaða framkvæmdir hins opinbera á að fjármagna á fjárlögum og hvað á að fjármagna með lánum eins og gert er ráð fyrir í því frv., sem hér liggur fyrir. Mér sýnist fyrir mitt leyti fyrst og fremst koma til greina að fjármagna þær framkvæmdir með lánsfé, þar sem ætla má að einhverjar tekjur fáist og þær geti þannig staðið undir þeim lánum, sem tekin eru til framkvæmdanna. Í öðru lagi kemur það einnig til greina við framkvæmdir, sem þarf að hraða, enda sé þá gert ráð fyrir því, að fjárveitingar verði auknar á næstu árum til þess að standa undir afborgunum og vöxtum. Ég geri mér grein fyrir því, að svo hefur verið í ýmsum tilfellum. Hins vegar hygg ég, að í æðimörgum tilfellum hafi stofnanir, sem hlut eiga að máli, orðið að skerða verulega eigin fjárveitingu til almenns reksturs til þess að standa straum af vöxtum og afborgunum. Þetta tel ég mjög varhugaverða stefnu og vildi fara um það hér fáum orðum og ætla til þess að skýra mál mitt sérstaklega að nefna eina framkvæmd, sem ég þekki vel, þ. e. byggingar fyrir rannsóknastofnanirnar á Keldnaholti.

Þar eru núna komnar upp þrjár stofnanir, fyrir rannsóknastofnun landbúnaðarins, rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og rannsóknastofnun iðnaðarins. Vil ég leggja áherzlu á það, að þeir, sem að vísindum starfa, meta það og þakka, að starfsaðstaða þar er orðin hin ágætasta. Það er stór framför frá því, sem áður var. Hins vegar vil ég vekja athygli á því, að í lögum um rannsóknir í þágu atvinnuvega frá 1965 segir svo í 58. gr.:

„Ríkið kemur upp hentugum byggingum og athafnasvæðum í rannsóknarhverfi til handa þeim rannsóknastofnunum, sem um getur í lögum þessum.“

Hvernig hefur verið á þessu máli haldið? Fyrsta fjárveiting til þessara bygginga fékkst með því að leggja niður grænmetissölu ríkisins og þar voru u.þ.b. 5.6 millj. í sjóði, sem fengust til rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Síðan hefur allt fjármagn til þessara byggingarframkvæmda fengizt sem lánsfé. Fyrst frá Atvinnuleysistryggingasjóði og síðan á framkvæmdaáætlun ríkissjóðs. Nemur sú lánsupphæð nú um 40 millj. kr. til þeirra tveggja bygginga, sem síðast hafa verið reistar.

Aftur á móti hefur ekki fengizt nein fjárveiting á fjárlögum til þess að standa straum af vöxtum og afborgunum af þessum lánum. Í þess stað hefur það verið lagt á svokallaðan Byggingarsjóð rannsóknarstarfseminnar að sjá um þær greiðslur.

Byggingarsjóður rannsóknarstarfseminnar á rætur sínar að rekja til 20% gjalds, sem Happdrætti háskólans ber samkvæmt lögum að greiða til ríkissjóðs. Það var notað í upphafi til þess að reisa þá byggingu á háskólalóðinni, sem nefnd hefur verið Atvinnudeild háskólans, en síðar rann það í ríkissjóð. Er ekki hægt að segja, að það hafi fengizt til rannsóknarstarfseminnar í mörg ár, en þessu fékkst breytt fyrir fáeinum árum, og var þá stofnaður þessi sjóður, sem heitir Byggingarsjóður rannsóknarstarfseminnar og hefur það hlutverk að leggja fé í byggingar og tækjakaup fyrir starfsemina.

Nú er hins vegar svo komið með þeim vöxtum og afborgunum, sem sjóðurinn verður að standa undir, að tekjur hans á næsta ári, sem eru áætlaðar um 8.5 millj. kr., hrökkva varla til þess að standa undir þessum greiðslum. Það er því ljóst, að sjóður þessi er um æðilanga framtíð orðinn algerlega máttvana til þess að sinna fjölmörgum verkefnum, sem hans bíða í einmitt þessu nýja hverfi, sem þarna er risið af myndarskap. Þarna þarf að kaupa mikið af tækjum, þarna þarf að gera alls konar framkvæmdir, sem nauðsynlegar eru sameiginlega fyrir þetta hverfi, það má öllum verða ljóst. Þarna eru núna komnir eða eru að koma um 70 starfsmenn, þarna er ekkert viðeigandi mötuneyti til staðar og til skammar hvernig það er. Þarna er ekki varðarhús eða aðstaða fyrir vörð til þess að fylgjast með þessum eignum, sem eru orðnar um 70 millj. kr. virði. Þarna er vegur inn á svæðið að heita má næstum því ófær í leysingum á vorin og fleira mætti nefna, sem ætlunin var að þessi byggingarsjóður gæti a.m.k. staðið undir.

Þetta hefur allt verið viðurkennt af þeim ágætu mönnum, sem unnið hafa að gerð þessarar framkvæmdaáætlunar. En í stað þess annaðhvort að veita eða gera ráð fyrir fjárveitingu til greiðslu á vöxtum og afborgunum þannig, að byggingarsjóður gæti staðið undir þessum framkvæmdum eða jafnvel veita lán til þeirra þá var bent á þá leið, að frá Happdrætti háskólans mætti hraða greiðslum um eitt ár, og fengist þannig nokkurt ráðstöfunarfé. Hins vegar, þegar á átti að taka, kom í ljós, að svo hart er gengið að Happdrætti háskólans í sambandi við byggingaframkvæmdir á vegum háskólans, að happdrættið er alls ekki aflögufært og þarf raunar að fá eins mikinn frest á greiðslu þessa gjalds eins og það frekast getur fengið. Munu ekki fást þaðan nema 2 millj. í þessar sameiginlegu framkvæmdir í ár, en 5 væru lágmark þess, sem nauðsynlegt er.

Ég hef rakið þetta hér fyrst og fremst sem dæmi um það öngþveiti, sem getur skapazt, ef framkvæmdum þessum, sem ekki hafa eigin arð til að standa undir greiðslu afborgana og vaxta, er ekki tryggð fjárveiting á fjárlögum í því skyni.

Mér sýnist, að það sé ekki um annað að ræða við fjárlög næsta árs en að hreinsa þetta beinlínis til og taka greiðslur vaxta og afborgana inn á fjárlög og á það vildi ég fyrst og fremst leggja áherzlu með þessum orðum, sem ég segi hér.

Mig grunar, að svo sé einnig háttað með ýmsar aðrar framkvæmdir, a.m.k. hefur því verið við borið í sambandi við flugmál, að mikið af fjárveitingu til flugmála fari einmitt til þess að greiða vexti og afborganir af lánum, sem tekin hafa verið í þessu sambandi. Einhvern tíma kemur að því, að þetta þarf að greiða, og ég hygg, að það sé skynsamlegt að horfast í augu við þá staðreynd strax.

Þar sem hæstv. fjmrh. minntist aðeins á sjóefnarannsóknir vil ég til upplýsingar geta þess, að það er stefnt að því að ljúka þeim rannsóknum á þessu ári. Að vísu er smávægileg markaðsathugun, sem við vitum ekki hvort gerð verður á árinu, en það ætti ekki að líða langt fram á árið 1972, án þess að fyrir liggi endanleg hagkvæmnisathugun frá Rannsóknaráði ríkisins á þessari framkvæmd, sem þá verður að sjálfsögðu afhent ríkisstj. til meðferðar.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af þeim tveimur ræðum, sem hér hafa verið fluttar. Hv. 11. þm. Reykv. vék að því hér, sem hann hefur gert áður, að hann teldi, að spariskírteinin ættu að vera framtalsskyld. Út af fyrir sig er vel hægt að fallast á þetta, að það væri æskilegt, en ég hygg, að það sé ekki þetta, sem skapar skatteftirlitinu mesta erfiðleika, heldur miklu fremur hitt, að sparifé er ekki framtalsskylt. Og þar er að sjálfsögðu um að ræða geysilegar fjárhæðir, þannig að spariskírteinin út af fyrir sig eru smámunir við hliðina á því fé, sem þar er um að ræða, og það sem ég átti við í orðum mínum áðan þegar ég ræddi um það, að ég teldi nauðsynlegt að taka til heildarathugunar skattlagningar á hin ýmsu sparnaðarform, þá átti ég í rauninni ekki hvað sízt við þessi atriði, sem hv. þm. kom að, þ.e.a.s. framtalsskylduna. Ég vil taka það alveg skýrt fram, að ég álít, a.m.k. meðan óstöðugleiki er svo sem verið hefur í okkar efnahagskerfi, að það sé fráleitt með öllu að skattleggja sparifé. Ég vil taka af allan vafa um það, að ekki hvarflar að mér að leggja það til. Hins vegar gæti komið til greina í sambandi við þessi mál, og þá m.a. með hliðsjón af þeim lögum, sem hv. þm. gat um og voru vissulega rétt, að til þess að auðvelda skattaeftirlit, þá væri bæði sparifé og skuldabréf öll og þessi spariskírteini einnig framtalsskyld. Það er það, sem ég fyrst og fremst átti við, og á það auðvitað ekki að fela í sér neina sérstaka kvöð fyrir þá, sem eiga þessi verðmæti.

Hv. þm. spurði um það, hvernig stæði á, að gert væri ráð fyrir svo lágri upphæð frá bönkunum eins og gert er í áætluninni. Það er dálítið svipað og var á s. l. ári, sem hann einnig benti á, að þá varð sparnaður frá bönkunum, þá varð framlagið frá bönkunum mun hærra heldur en gert var ráð fyrir í áætluninni og taldi hann að sú hækkun mundi geta — eða hann varpaði fram þeirri hugmynd, hvort sú hækkun gæti ekki gert það mögulegt að sleppa alveg bönkunum við að leggja fram til framkvæmdaáætlunar. Nú skal ég ekkert fullyrða um þetta atriði, það er ekki sérstaklega á mínum vegum heldur Framkvæmdasjóðs, sem hefur sérstaka þingkjörna stjórn til að segja til um fjáröflun til þessa sjóðs. En ég vil aðeins vekja athygli á því, að þar sem talað er um í skýrslunni, að Framkvæmdasjóðurinn hafi getað bætt stöðu sína, þá er um það að ræða, að Framkvæmdasjóðurinn stóð mjög tæpt fjárhagslega á s.l. ári, innborganir til sjóðsins og innheimtur reyndust mun minni heldur en gert hafði verið ráð fyrir, enda halli þá á áætlun sjóðsins, þannig að það varð að nota þetta fé að verulegum hluta til, þó að það reyndist fara þetta mikið fram úr áætlun, eins og hv. þm. gat réttilega um. Og ég vil upplýsa það nú, að miðað við þá áætlun, sem nú er lögð til grundvallar hjá Framkvæmdasjóði, þá mun vera 30 millj. kr. halli á þeirri áætlun, sem ekki hefur verið brúaður enn, og jafnframt, eins og ég gat um, þá er enn þá óleyst viss fjárþörf tiltekinna framkvæmdasjóða, og nefndi ég þar sérstaklega stofnlánadeild landbúnaðarins og veðdeild Búnaðarbankans. Þar er um allverulegar fjárhæðir að ræða, þannig að ég tel ekki mjög sennilegt, að það sé hægt. Hins vegar tel ég það vafalaust, að Framkvæmdasjóður taki upp viðræður við bankakerfið um þetta mál, svo sem verið hefur undanfarin ár, og er þá að sjálfsögðu þar vettvangur til að ræða þar um þessa hlið málsins, miðstjórn Framkvæmdasjóðsins.

Mér þótti ánægjulegt að heyra yfirlýsingar hv. þm. um það, að hann teldi að verkefni þau, sem valin væru í framkvæmdaáætluninni, væru þess eðlis, að hann gæti ekki séð neinn möguleika til þess að fella neitt af þeim niður. Ég held líka, það er búið að kanna það fram og aftur, að þarna séu valin þau brýnustu verkefni, sem um er að ræða, þó auðvitað eins og hann sagði sé alltaf ótal margt, sem menn gætu hugsað sér að gera og æskilegt væri að koma í kring. En það sjónarmið hefur verið haft eins og undanfarin ár við framkvæmdaáætlunina að taka þau verkefni, sem hverju sinni hefur verið óumflýjanlegt að okkar mati í ríkisstj. að sinna, og þykir mér vænt um, að það skuli hafa bærilega tekizt eftir þessum orðum hv. þm., enda hefur í sannleika sagt sem betur fer ekki verið um það deila á undanförnum þingum. Og ég legg áherzlu á það, að einmitt af þessum ástæðum, þá eru ekki tök á því að bæta við þessi verkefni, þó að menn kunni að hafa eitthvað annað, sem þeir vildu þarna taka, og ég skal játa, að sjálfur hefði ég vel getað hugsað mér eitt og annað, sem æskilegt væri að sinna. En með hliðsjón af því, sem hv. 3. þm. Vestf. sagði og sem ég er honum algerlega sammála um, þá verður

að fara með varfærni í það, hvað sett er á framkvæmdaáætlunina og fjármagnað með lánum. Það er alveg rétt. Það er fyrst og fremst það, sem fjármagna á með lánum, sem um er að ræða, fjáröflun til framkvæmda, sem eiga að standa undir sér, sínum tilkostnaði eða framkvæmdir, sem gert er ráð fyrir, að lánað sé til annarra aðila og þeir eiga að endurgreiða, en ég skal fúslega fallast á það sjónarmið, að þar sem eru beinar fjárveitingar úr ríkissjóði til framkvæmda, sem eru varanlegar, ef svo má segja, við skulum segja til skóla, hafna og vega og annarra slíkra framkvæmda, sem er stöðugt viðfangsefni, að þá er það naumast gerlegt, nema um sé að ræða, eins og hann sagði, einhver stórverkefni, sem þarf að leysa með einu átaki og væri þá dregið úr slíkum framkvæmdum heldur aftur næstu árin á meðan allt kapp væri lagt á að endurgreiða þessar fjárhæðir.

Varðandi rannsóknastofnanir atvinnuveganna skýrði hann alveg réttilega frá því, að fyrir nokkrum árum var rannsóknastarfseminni afhentur sá hluti af hagnaði Happdrættis háskólans, sem rennur til ríkissjóðs, og hefur það síðan runnið til byggingarframkvæmdanna, m.a. til að standa undir lánum, og sannleikurinn er sá, að það fé var ekki meira en svo, að ef átti að gera talsverð átök, sem gerð hafa verið og sem hann réttilega gat um, þá var það með engu móti hægt, án þess að til kæmu stórfelldar lántökur, sem enda einnig rannsóknaráðið mælti með á sínum tíma, t. d. í sambandi við Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Og það er auðvitað rétt, að það gengur smám saman á það fé, sem verður til árlegra framkvæmda meðan verið er að greiða afborganir og vexti. Að sjálfsögðu kemur að því, að það þarf að endurskoða það mál og gera sér grein fyrir því, hvernig áfram verður haldið í næstu áföngum, en til þessa hefur þetta að mínu viti gengið skaplega og tekizt að þoka þarna áfram mjög verulega framkvæmdum, sem ekki hefði verið hægt að gera, ef eingöngu hefði verið stuðzt við þetta sérstaka framlag, þó það hefði ekki verið skert með lánum.

Varðandi flugmálin þá vil ég leiðrétta það hjá hv. þm., að það hefur ekki gengið á framkvæmdafé flugmála, þó það hafi verið tekið lán, vegna þess að framkvæmdafé flugmála hefur hækkað svo á undanförnum árum, að það samsvarar fullkomlega og meira en það þeim afborgunum og vöxtum af lánum, sem tekin hafa verið vegna framkvæmda í flugmálum. Og sama er að segja um landshafnirnar. Til þeirra hefur verið tekið verulegt lán og hafa fjárveitingar til þeirra hækkað að sama skapi.

Að öðru leyti, herra forseti, vil ég ekki lengja þessar umræður. Ég leyfi mér að þakka sérstaklega hv. 11. þm. Reykv. fyrir þau ummæli, að hann muni fyrir sitt leyti greiða fyrir því að þetta frv. geti fengið skjóta meðferð í þessari hv. d., og vil ég því leyfa mér að vænta þess, að svo geti orðið, þannig að það muni fá viðeigandi afgreiðslu í þinginu í tæka tíð.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Ed., 23. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 522, n. 594, 596, 604).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft til meðferðar frv. það, sem hér liggur fyrir, og eins og álit hennar á þskj. 594 ber með sér, leggur n. til, að frv. verði samþ., en einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt. og hafa tvær slíkar brtt. verið lagðar fram á þskj. 596 og 604.

Varðandi efni frv. um þær framkvæmdir, sem þessi lán eiga að vera tekin til, og fjáröflunina að öðru leyti, leyfi ég mér að vísa til framsöguræðu hæstv. fjmrh. við 1. umr. málsins og mun ekki fjölyrða um það. En vegna þeirrar brtt., sem flutt er af tveimur hv. fjhnm. á þskj. 604, hún er flutt af þeim hv. 11. þm. Reykv. og hv. 3. þm. Vestf., þá tel ég rétt að fara um þessa till. nokkrum orðum. En efni till. er það, að þau spariskírteini, sem frv. gerir ráð fyrir að út verði gefin, skuli skráð á nafn. Vissulega er hér ekki um stórmál að ræða í sjálfu sér, og þessi till. gengur í rauninni skemmra heldur en svipaðar till., sem fluttar hafa verið áður, þegar sams konar mál hefur verið hér á döfinni, að því leyti, að það er hvorki gert ráð fyrir skattskyldu þessa fjár né framtalsskyldu, heldur aðeins, að þau skuli skráð á nafn.

Eins og ég áðan sagði tel ég þetta ekki stórmál, en þó ástæðu til að segja um það nokkur orð, m.a. vegna þess, að við sams konar tækifæri hér í hv. d. áður, þegar lántökumálið hefur verið til umr., þá hefur skýrt komið fram, að það, sem liggur hér að baki, er angi af þeim hugsunarhætti, að skattfrelsi sparifjár torveldi eftirlit með skattframtölum. En að mínu áliti skapar þetta hættu á því, að þessi mikilvægasti varnargarður okkar gegn óðaverðbólgu verði brotinn. Nú er rétt að taka það fram, að það kom fram bæði í ræðu hv. 11. þm. Reykv. við 1. umr. málsins og einnig í framsöguræðu hæstv. fjmrh., að þeir höfðu fullan skilning á nauðsyn þess að verndа sparifé og sparifjáreigendur, og gladdi það mig. En eins og ég sagði áðan, þá er það sennilega engin einstök ráðstöfun, sem það hefur verið meira að þakka en þeirri, sem gerð var nú fyrir 18 árum, af ríkisstj. þeirri, sem þá sat, en það var samstjórn Sjálfstfl. og Framsfl., að ákveða, að sparifé skyldi hvorki vera framtalsskylt né skattskylt. Sennilega er það engri einni ráðstöfun meira að þakka en þessari, að þrátt fyrir tíðar gengisfellingar og meira og minna stöðuga verðbólguþróun undanfarna þrjá áratugi, þá hefur þó hingað til tekizt að afstýra óviðráðanlegri verðbólgu. Oft hefur slíkt þó verið yfirvofandi, og eins og ég áður

hef látið í ljós fyrr í vetur hér í hv. d. og síðast var vitnað til í gær, að vísu í umr. um annað mál, af hv. 11. þm. Reykv., þá tel ég yfirvofandi meiri hættu í þeim efnum en e.t.v. nokkru sinni áður, þegar verðstöðvunartímabilinu lýkur 1. sept. n.k. Út af þessum ummælum mínum fyrir rúmum mánuði hefur að vísu orðið allmikið fjaðrafok, en því niður, verð ég að segja, hefur ekkert það komið fram, sem gefi mér ástæðu til þess að taka eitt orð aftur af því, sem ég sagði þá. En einmitt ekki sízt með tilliti til þessa tel ég nauðsynlegt að grípa þetta tækifæri til þess að kveða niður, ef unnt má vera, þá meinloku, vil ég kalla það, að skattfrelsi sparifjár torveldi eftirlit með framtölum. Sú meinloka er vissulega ekki komin upp í höfðum hv. flm. þeirrar till., sem hér er um að ræða, heldur hjá þeim embættismönnum, sem annast um skattamál, og mér hefur skilizt, að ástæðan til þess, að þessi hugsunarháttur virðist svo útbreiddur og jafnvel ríkjandi hjá þeim embættismönnum, sem um skattamál fjalla, sé sú, að það muni vera ein leiðin til þess að líta eftir því, hvort skattaframtöl séu í sjálfu sér samkvæm, að bera saman eignaraukningu, sem orðið hefur samkv. skattframtölunum, og hins vegar tekjurnar, þannig að eignaaukningin er dregin frá framtöldum tekjum, og ef afgangurinn af því þykir grunsamlega lítill, þá er auðvitað eðlilegt, að spurt sé, á hverju viðkomandi hefur lifað. Nú er auðvitað sjálfsagt af skattyfirvöldum að gera þetta og ég skal ekki taka fyrir það, að einstöku sinnum hafi tekizt að góma þannig einstaklinga, sem kunna að hafa verið með tilburði til þess að koma tekjum sínum undan skatti, án þess að kunna þó til þeirra verka. En oftast held ég, að það sé nú samt þannig, þegar þetta hefur átt sér stað, að það þurfi ekki beinlínis að vera um það að ræða, að menn hafi svikið tekjur undan sköttum. Verið getur, að menn hafi viljað leiðrétta eignaframtal sitt frá því, sem áður var, og ekki þá gætt að því, að það kom í bág við tekjuframtalið, auk þess sem möguleiki er á því, að mönnum tæmist arfur eða eignaaukningin eigi sér stað með öðru móti, þannig að það þarf ekki að vera um það að ræða, að tekjur hafi verið sviknar undan skatti. En aðalatriðið er þó, að í rauninni er það að mínu áliti blindgata í þessum efnum að ætla sér að framkvæma eftirlit með tekjuframtölum með eftirliti með eignaraukningu. Þetta stafar nú fyrst og fremst af því, að eins og við vitum er það hvað allan almenning snertir aðeins lítið brot af tekjunum, sem kemur fram sem eignaraukning.

Mér er ekki kunnugt um það, að nein rannsókn hafi verið gerð á því hér á landi, hve stór hluti af tekjum einstaklinga sé sparaður. Hins vegar er mér kunnugt um, að athuganir hafi verið gerðar á þessu í nágrannalöndunum, löndum þar sem lífskjör fólks og tekjur eru mjög svipaðar og hér er, og niðurstaðan hefur orðið sú, að þetta væri í kringum 5%. Það er ekki ástæða til að ætla, að fólk sé yfirleitt sparsamara hér heldur en þessar nágrannaþjóðir okkar. Verðbólgan ætti að benda til hins gagnstæða, en af þessu má sjá, hvað afarlítill hluti það er af tekjunum, sem að jafnaði er sparaður. En jafnvel þó að menn spari eitthvað af tekjum, sem sviknar eru undan skatti, er engin ástæða til þess að ætla, að það sé stærri hluti af þeim heldur en af öðrum tekjum, sem er sparaður. Þá er auðsætt mál, að aðra leið væri hægt að fara heldur en þá að leggja peninga inn í banka, það væri tilvalið að kaupa þá innbú fyrir þetta, einhverja muni, sem skattyfirvöld geta ekki eftir neinum leiðum fengið upplýsingar um, að viðkomandi eigi. Og einmitt varðandi þetta, hættuna á því, að menn feli tekjur með því að leggja peninga inn á banka, þá vil ég nú leyfa mér að vekja athygli á því, að ég held, að þetta sé meira vegna þess, að núgildandi l. er ekki framfylgt, heldur en af því, að skattfrelsið út af fyrir sig skapi mönnum þarna möguleika. Vegna þess að skattyfirvöld hafa undan slíku kvartað, þá hefur einmitt verið lögð áherzla á það að setja undir þennan leka. Og þar má nefna fyrst og fremst, að það er ekki öllum heimilt að telja ekki fram sparifé. Menn mega ekki skulda nema að ákveðnu marki og aðeins veðskuldir í íbúðarhúsnæði. Það þýðir aftur á móti, að allir þeir, sem hafa einhver umsvif, það má telja víst, að þeir skuldi umfram þetta og þeim sé því skylt samkv. núgildandi l. að telja fram sparifé sitt. Þetta mundi þá fyrst og fremst ná til launþega, en tekjur launamanna teljast að jafnaði fram eins og kunnugt er, ekki vegna þess, að þeir þurfi að vera heiðarlegri skattgreiðendur upp og ofan heldur en þeir, sem hafa sjálfstæðan atvinnurekstur, heldur vegna þess, að atvinnurekandi þeirra verður að telja launagreiðslurnar fram, ef hann ekki vill borga skatta af þeim sjálfur.

Stundum hefur það verið nefnt, að þetta skapaði mönnum möguleika á því að taka lán t.d. fyrir áramót, reikna sér vexti af slíkum skuldum, en njóta þess svo að hafa skattfrjálsa vexti af sparifé, en ef menn gera það, þá er samkvæmt þeim lögum, sem nú gilda, skylt að telja spariféð fram, því þá er þarna um skuld að ræða, sem ekki fellur undir þá undanþágu, sem lögin ákveða. Enn fremur má vekja athygli á því í þessu sambandi, ég man, að það bar einu sinni á góma í n., sem fjallaði um skattamál og ég átti sæti í, hvort nauðsyn bæri að gera sérstakar ráðstafanir, þannig að skattayfirvöld gætu fengið aðgang að bankareikningum manna, ef um rannsókn á skattframtölum væri að ræða. Þessi n. féll frá því, vegna þess að við litum þannig á, að slík heimild væri þegar í lögum, og eftir því sem ég bezt veit hefur beinlínis síðan verið skorið úr því með dómum, að bönkum og lánastofnunum er skylt að gefa slíkar upplýsingar. Þannig hefur á margvíslegan hátt einmitt verið sett undir þann leka, sem hér er um að ræða, og er einkennilegt, að menn skuli svo, þrátt fyrir þær ströngu hömlur, sem þarna hafa verið settar, einblína svo mjög á það, en hins vegar hafði enginn við það að athuga, þegar það var ákveðið hér á hv. Alþ. fyrir ekki löngu síðan, að innbú væri hvorki skattskylt né framtalsskylt, en ólíkt auðveldara er auðvitað að fela eignaraukingu á þann hátt, heldur en þann, sem

hér er um að ræða. Nei, en það versta við þetta er e.t.v., að mínu áliti, fyrir utan þá hættu, sem þetta skapar fyrir vernd sparifjárins, sem kannske hefur aldrei verið nauðsynlegri en nú, að það torveldar einmitt að mínu áliti mjög eftirlit með skattframtölum almennt, að keyrt er í þessari blindgötu, ef svo mætti segja. Í stað þess að reyna að hafa sem bezt eftirlitið með tekjunum þá er einblínt á eignirnar og eignaaukningu, en það er annað atriði, sem benda má á í þessu sambandi, og ætli hundurinn liggi ekki frekar grafinn þar, ef maður vill gera sér grein fyrir orsökunum til ófullkominna skattframtala, að það var fyrir ekki löngu síðan, sem það var upplýst af skattyfirvöldum, að það væru aðeins 10% fyrirtækja, sem hefðu viðunanlegt bókhald, álíka stór prósenta hafði bókhald, sem e.t.v. uppfyllti að nokkru þær kröfur, sem gera bar, en 80% af bókhaldsskyldum fyrirtækjum væru talin hafa algerlega ófullnægjandi bókhald. Ætli það sé ekki þarna sem hundurinn er grafinn? En ég get ekki látið hjá líða að ræða þetta, og vegna hins almenna ástands í efnahagsmálum þá tel ég sérstaka ástæðu til þess að drepa á þetta.

Eins og ég áðan sagði þá er þetta í rauninni smámál, en ég get ekki látið hjá líða, að minnast á annað, sem skotið hefur upp hér á hv. Alþ., sem að mínu áliti skapar ólíkt meiri hættu í þessum efnum heldur en hin tiltölulega meinlausa till., sem hér er um að ræða, og það er, að í skattafrv. því, sem nú liggur fyrir, er till. um það, að arður af hlutabréfum skuli að vissu marki verða skattfrjáls og látum það út af fyrir sig vera, en fyrir þessu eru þau meginrök færð fram, að þetta beri að gera til þess að skapa arði af hlutabréfum samsvarandi aðstöðu eins og vöxtum af sparifé. Hér er verið að blanda saman annars vegar vöxtum af sparifé, sem verðbólgan eyðir að jafnaði og meiru til, og það hljóta að vera aðalrökin fyrir skattfrelsi sparifjárins, og arði eða gróða af verðtryggðum eignum. Þetta hlyti, ef þessi hugsunarháttur er færður út í æsar, að leiða til þeirrar niðurstöðu, sem mér mundi finnast alveg fráleit, að það beri að leggja allt í þessu efni að jöfnu, afnema með öllu skattfrelsi sparifjárins. Þegar við erum öruggir um það, að hafa stöðvað verðbólguna, þá gæti slíkt komið til greina, en ég er nú hræddur um, að það eigi ákaflega langt í land. Ég er ekki að mæla gegn því, að fólk fái hvatningu til þess að leggja peninga sína í hlutabréf með skattalagaákvæðum eða á annan hátt. Ef það er, vel að merkja, þá hægt að koma því þannig fyrir, að þetta skattfrelsi arðs af hlutabréfum verði ekki til þess að einstaklingsrekstri verði í stórum stíl breytt í hlutafélagarekstur. Undir þann leka er nú e. t. v. hægt að setja og jafnvel þegar búið að því. Ég hef ekki enn þá getað kynnt mér brtt. við skattafrv., sem nú liggja fyrir, en þetta kemur auðvitað til umr. á sínum tíma, þegar það kemur til hv. d. í þeirri mynd, sem Nd. hefur afgreitt það. Ég vil taka það fram í sambandi við þetta, að það er ekki umhyggja fyrir sparifjáreigendum, sem fyrir mér vakir. Auðvitað eiga þeir eins og aðrir borgarar þjóðfélagsins siðferðilegan rétt á því, að eignir þeirra séu verndaðar, en hvorki meiri eða minni rétt heldur en aðrir borgarar þjóðfélagsins. Og hvað mig snertir persónulega hef ég nú lengst af verið í þeirri aðstöðu að vera frekar skuldari en sparifjáreigandi og þannig persónulega átt hagsmuna að gæta, sem hafa verið andstæðir við þeirra, og alltaf verður það svo, ef menn verða hreinskilnir, að persónulegir hagsmunir hafa jafnan viss áhrif á afstöðu manna. Nei, það er hitt sem fyrir mér vakir, að eins og ég sagði tel ég þetta einhverja öruggustu vörnina, sem við til þessa höfum haft, gegn því, að verðbólgan leiddi til þess, að menn misstu alveg trúna á verðgildi peninganna og verðbólgan yrði þannig óviðráðanleg, og væri því mjög verr farið, ef þessu væri skipt upp. Þetta er nú ástæðan til þess, að ég geri þetta að umtalsefni.

Um aðra brtt., sem hér liggur fyrir, um að taka neyzluvatnsleit upp sem einn lið í framkvæmdaáætluninni, hef ég ekki neitt sérstakt að segja. Hér er ekki um stóra fjárhæð að ræða, og ég dreg ekki í efa, að hér mundi vera um nytsamar framkvæmdir að ræða, en því vil ég nú að öðru leyti skjóta til hæstv. fjmrh., hvort hann mundi telja fært að breyta áætluninni þannig, án þess að séð væri þá sérstaklega fyrir aukinni tekjuöflun.

Herra forseti. Fjhn. leggur að öðru leyti til, að þetta frv. verði samþ. og vísað til 3. umr.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Það er vitanlega svo, að um þetta mál og skiptingu þess fjármagns, sem talið er vera til ráðstöfunar, hefur verið ýtarlega fjallað af sérfræðingum hæstv. ríkisstj. Ég er ekki að efa, að þeir hafa gert það eftir beztu vitund. Engu að síður leyfum við okkur að flytja brtt. og gerum ráð fyrir því, að bætt verði við einum litlum lið, til neyzluvatnsleitar, 1 millj. kr., og komi það inn á eftir jarðhitaleit. Okkur flm. þessarar brtt. sýnist, að áætlun um fjáröflun sé þannig, að auðveldlega geti fjármagnið orðið 1 millj. kr. meira eins og 1 millj. kr. minna og því ekki ástæða til þess að óttast það.

Ég hef áður flutt þáltill. hér í hv. d. um neyzluvatnsleit og þarf því ekki að fara mörgum orðum um þörfina, en þó vil ég aðeins draga fram fáein meginatriði.

Eins og hv. þm. er kunnugt, þá standa fyrir dyrum mjög víðtækar endurbætur á íslenzkum hraðfrystiiðnaði. Í því sambandi ber neyzluvatnið mjög á góma. Það er að vísu svo, að við Íslendingar beygjum okkur niður að næsta fjallalæk og fáum okkur sopa og okkur verður ekki meint af og þannig verður vonandi um langa framtíð.

En neyzluvatnið er þarft til margra annarra hluta, eins og t.d. til matvælaframleiðslu. Í því sambandi hafa okkar viðskiptaþjóðir nú sett eða eru að setja hinar ströngustu kröfur og gera sér ekki að góðu það, sem við teljum jafnvel ágætt. Og við erum heldur ekkert að kvarta undan því, þó að kalda vatnið í krönum okkar verði einstöku sinnum eftir leysingar dálítið mórautt, en það mun ekki

verða kallað gott í frystiiðnaðinum. Staðreyndin er þó sú, að svona er ástandið mjög víða, eins og komið hefur fram af athugunum fjölmargra sérfræðinga, sem um þetta mál hafa fjallað og við hefur verið rætt. Ég nefndi það síðast, að af 58 stöðum voru 16 taldir, þar sem mikil þörf er rannsókna til endurbóta á neyzluvatni. Þetta eru staðir, sem yfirleitt eru frá Suðvesturlandi um Vesturland og allt til Akureyrar og svo um Austfirði. Það eru staðir eins og Akranes, Hellissandur, Stykkishólmur, Patreksfjörður, Bíldudalur, Suðureyri, Ísafjörður, Súðavík, Skagaströnd, Sauðárkrókur, Siglufjörður, Akureyri, Seyðisfjörður, Norðfjörður, Eskifjörður, Djúpivogur, svo að þeir helztu séu nefndir. Við þetta má bæta ýmsum stöðum, þar sem engu að síður er jafnframt þörf rannsókna, þótt vatn sé viðunandi mestan hluta ársins.

Stundum er það nefnt, að neyzluvatnið megi bæta með því að bæta klóri í það. Það er rétt gagnvart gerlum, en eins og ég sagði áðan er það víða svo, jafnvel hygg ég í kjördæmi hæstv. fjmrh. t.d. á Akureyri eftir leysingar, a.m.k. hef ég séð það þannig þar, að það verður þannig í krönum, að ónothæft er a.m.k. til matvælaframleiðslu. Þannig hef ég einnig séð það á Sauðárkróki og á fjölmörgum stöðum öðrum.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um þau vandræði, sem slíkt veldur. Það er einróma álit þeirra sérfræðinga, sem leitað hefur verið til í þessu sambandi, að illmögulegt sé að benda sveitarfélögum, sem eiga að sjá fyrir bættu neyzluvatni, á staði til að bora án þess að fram fari nokkur ýtarleg jarðfræðileg grundvallarrannsókn. Og ég hygg, að allir muni vera sammála um það, að slík rannsókn er í verkahring hins opinbera. Hún er það í sambandi við jarðhitaleit, en til jarðhitaleitar eru ætlaðar 10 millj. kr. í frv. þessu til framkvæmdaáætlunar. Hafa þeir menn, sem ég hef rætt við um þetta málefni síðan ég flutti þáltill. í þessari hv. d., allir tekið undir þau orð Jóns Jónssonar, sem ég vísaði til þá, að grundvallarjarðfræðirannsóknir eru nauðsynlegar. En því hef ég kosið að draga þetta mál sérstaklega fram, að grundvallarrannsóknir taka nokkurn tíma og það má engan tíma missa, því að frestur er skammur, þar til frystihúsin okkar verða að vera komin í viðunandi ástand. Legg ég því áherzlu á, að fjármagns verði aflað, jafnvel með lánsfé, þannig að rannsóknir geti hafizt á þessu ári, enda verði það að sjálfsögðu endurgreitt á fjárlögum næsta árs.

Það er eðlilegt, að spurt sé, hverjir mundu framkvæma slíka athugun. Ég hef bent á jarðkönnunardeild Orkustofnunar í því sambandi. Jarðkönnunardeildin annaðist leit að jarðefnum á s.l. sumri og var stofnuð með samþykki iðnrh. upp úr því. Deildin mun fá í sínar hendur mikið af verðmætum tækjum á næstu vikum, sem fengizt hafa fyrir fjárstyrk frá Sameinuðu þjóðunum. Einnig hafa tveir ungir jarðfræðingar fengið styrki frá Sameinuðu þjóðunum og eru nú að leggja stund á nám í svokallaðri hagnýtri jarðefnaleit og jarðfræði og mundu þeir vinna að verkefni sem þessu í sumar ásamt öðrum sérfræðingum þeirrar stofnunar. Stofnunin er þannig vel búin, bæði að tækjakosti og mannafla, til þess að sinna þessu verkefni, sem hefur í samanburði við fjölmörg önnur mikilvæg verkefni þeirrar deildar verið talið, af þeim, sem til hefur verið leitað, einna mikilvægast.

Eins og ég sagði áðan hef ég rætt það mikið um neyzluvatn, að ég ætla ekki að þreyta hv. d. með ýtarlegri ræðu hér um það mál, og vísa til þess, sem ég hef sagt áður, en ég vil að lokum þakka hv. frsm. fyrir þann stuðning, sem hann veitti þessari till. með sínum orðum hér áðan.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég sé nú ekki ástæðu til þess að lengja þessar umr. að marki, þrátt fyrir það tilefni, sem hv. 10. þm. Reykv. raunar gaf. Ég held, að ég láti nægja að segja örfá orð um þáltill., sem ég er hér flm. að ásamt hv. 3. þm. Vestf. En brtt. er þannig, að aftan við 3. gr. bætist ný mgr.: „Skuldabréfin og spariskírteinin skulu skráð á nöfn eigenda."

Hv. frsm. fjhn. taldi, að þessi till. gengi skemmra heldur en till., sem við framsóknarmenn hér höfum flutt við þetta frv. á fyrri þingum. Það er misminni hans. Við höfum lagt þessa till. svona fram. Við höfum aldrei lagt það til, eins og e.t.v. mátti skilja á hans máli, að skuldabréfin og spariskírteinin yrðu skattskyld. Hins vegar minntist ég á það hér við 1. umr., að mér fyndist ekki óeðlilegt, að spariskírteinin yrðu framtalsskyld. Till. hljóðar þó ekki um það, eins og hv. þm. sjá, heldur einungis um það, að skuldabréfin og spariskírteinin verði skráð á nöfn eigenda, og ástæðan til þess er kannske aðallega sú, að hæstv. fjmrh. tók því mjög fjarri, að rétt væri að hafa spariskírteinin framtalsskyld, þannig að sýnilegt er, að slík till. er þýðingarlaus. Aftur á móti vil ég freista þess og við flm. að láta reyna á, hvort meiri hl. þm. þessarar hv. d. vill ekki við athugun málsins fallast á, að skuldabréfin og spariskírteinin skuli skráð á nöfn eigenda. Hv. 10. þm. Reykv. hélt talsverða ræðu, mjög svo réttmæta að mínum dómi, um það, hvers virði sparifjársöfnun í landinu væri og hver aflgjafi hún væri fyrir framkvæmdir í þjóðfélaginu, og skal ég taka undir það, sem hann sagði um það. En hann gat þó alveg réttilega um það, að skattskylda sparifjárins er háð ýmsum takmörkunum, sem mönnum oft gleymist, miðað við gildandi lög. Hann gat m.a. um það alveg réttilega, að á síðari árum, eftir að skattaeftirlit hér var hert, hafa bankar í mörgum tilfellum verið dæmdir til þess að veita upplýsingar um þá leynd, sem almennt er talið, að yfir sparifénu hvíli. Nú er svo komið, að ég hygg, að bankar reyna ekki að neita skattayfirvöldum um þessar upplýsingar, vegna þess að dómsvenja er fyrir því, að þegar leitað er upplýsinga um tiltekinn mann og hans viðskipti við banka, þá er bankinn skyldugur til þess að veita þessar upplýsingar. Það er því að mínum dómi sambærilegt, það sem hér er lagt til

um skuldabréfin og spariskírteinin, við það, sem gildir um sparifé í bönkum og peningastofnunum. Og ef ekkert ákvæði verður sett um þessi skírteini fremur nú heldur en gert hefur verið, þá eru þau meira vernduð heldur en sparifé og svo mjög, að ég hygg, að það sé nánast algerlega ómögulegt fyrir skattaeftirlitsmenn að fylgja þeim á þeirra ferðum. Þessi bréf ganga kaupum og sölum. Það er ekki einu sinni skráð, hver kaupir við fyrstu kaup, hvað þá heldur að þeim sé nokkuð fylgt, eftir að þau eru komin úr höndum ríkissjóðs eða Seðlabanka, sem sér um þetta fyrir ríkissjóðs hönd, þannig að að mínum dómi er hér verið að leggja til hliðstæð ákvæði við það, sem gildir um það skattfrjálsa sparifé, sem við allir og öll hér höfum verið að lýsa, að við viljum hafa. Þetta er ástæðan til flutnings þessarar till. og ég skal ekki þreyta hv. dm. á frekari umr. um það. Ég hygg, að málið liggi alveg ljóst fyrir.

Ég skal ekki heldur fara að ræða hér, eins og hv. 10. þm. Reykv. gaf þó tilefni til, skattafrv., sem ekki er komið til d. Það munum við ræða, þegar þar að kemur. Það er vitað, að þetta skattafrv. hæstv. ríkisstj. er mjög gallað og það hefur mætt litlum vinsældum hjá þeim, sem það var þó ætlað að bæta haginn hjá, atvinnurekstrinum í landinu, og okkur er sagt eða ég hef það fyrir satt þangað til annað upplýsist þá, að þetta frv. sé í mjög mikilli umsköpun hjá sérfræðingum hæstv. ríkisstj., og ég læt algerlega bíða að ræða það, þangað til það birtist hér í sinni nýju mynd.

Hv. 10. þm. Reykv. er nú ekki á fundi og þess vegna sé ég enga ástæðu til þess að fara að ræða nú á ný þá yfirlýsingu, sem hann gaf hérna þann 11. febrúar s.l. um það, sem hann áliti, að við tæki, þegar verðstöðvuninni lýkur. Hann áréttaði það hér, að hann sæi ekki ástæðu til þess að taka neitt aftur af því, og þá vitum við það. Ég vonast til þess, að hv. dm. geti við endurskoðun þessa máls fallizt á þá till., sem hér er fram borin, og legg hana þar með af minni hendi undir atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af þessum tveimur brtt., sem hér liggja fyrir. Sú till., sem hv. 11. þm. Reykv. hér mælti fyrir þess efnis, að skuldabréfin eða spariskírteinin skyldu vera nafnskráð, hefur verið flutt á undanförnum þingum, að ég hygg nokkrum sinnum, í sambandi við þetta spariskírteinaútboð. Ég hef þá látið í ljós þá skoðun, að út af fyrir sig væri margt réttmætt við það að hafa framtalsskyldu á skuldabréfum eða spariskírteinum sem þessum á sama hátt og ég er þeirrar skoðunar, að vel gæti komið til álita að hafa almenna framtalsskyldu á sparifé. Það er rétt, sem hv. þm. sagði og hv. 10. þm. Reykv. einnig ræddi um í ræðu sinni hér áðan, að samkv. gildandi skattal. er sparifé framtalsskylt í mörgum tilfellum, en því miður mun reyndin hafa orðið sú vegna þessara undanþáguákvæða, sem eru þó í skattal., að sparifé hefur yfirleitt ekki verið talið fram. Og það mál, jafnhliða athugun á því, hvað gilda skuli um önnur sparnaðarform og þ. á m. spariskírteinin, er eitt af því, sem er með mörgu öðru í athugun í sambandi við framhaldsrannsókn skattamálanna, og ég gat um það í framsöguræðu minni hér fyrir þessu máli, að það væri lagt til, að óbreytt ástand yrði varðandi útgáfu spariskírteina í þetta sinn, þar eð þess mætti vænta, að á þessu sumri og fyrir næsta þing yrði gengið frá till. varðandi skipan þessara mála í framtíðinni, þ.e.a.s. almennar reglur settar varðandi bæði spariskírteini og önnur sparnaðarform. Af þessum ástæðum mundi ég telja það óheppilegt, að gerð væri breyting á þeim reglum, sem gilt hafa um þessi bréf. Það er gert ráð fyrir því, að meginhlutinn af spariskírteinunum, sem nú verða gefin út, séu endurútgáfa skírteina til þeirra, sem áður hafa átt þau, og ég teldi það vera óheppilegt og geta haft slæm áhrif varðandi sölu þeirra, ef ætti að fara að breyta þeim kjörum, sem á þeim bréfum eru. Það er aðeins reiknað með 75 millj. sem raunverulega nýjum spariskírteinum, hitt væri endursala og eins og ég segi, þó að ég geti fallizt á það, að það eigi að vera frambúðarskipan mála, að þessi bréf séu framtalsskyld, þá mundi ég samt telja það miður farið, að það yrði farið að breyta þessum skilmálum nú. Og mundi ég því mjög vilja óska eftir því, að hv. þd. féllist á það að breyta ekki frv. að þessu leyti.

Varðandi 1 millj. kr. til neyzluvatnsleitar, þá er vissulega hægt að taka undir það, að það er mjög hófsamleg till. miðað við þær háu upphæðir, sem hér er um að ræða, og mundi vitanlega ekki skipta miklu máli til eða frá, hvort 1 millj. yrði veitt í þessu eða öðru skyni eða ekki. En hins vegar fylgir hér nokkur böggull skammrifi, sem veldur því, að ég teldi það óheppilegt að samþykkja þessa till. Og þessi galli er einfaldlega fólginn í því, að um vatnsleitarmálin eru enn þá ekki til neinar almennar reglur, hvernig að þeim skuli vinna. Um jarðhitaleitina gegnir allt öðru máli. Það eru sérstök lög, sem þar um gilda. Ýmist greiðir ríkið það að fullu eða það er lánað að hluta til sveitarfélögunum, þannig að sú 10 millj. kr. fjárveiting, sem gert er ráð fyrir til jarðhitaleitar, fellur alveg innan ramma löggjafar eða reglna, sem Alþ. hefur þegar sett um það, hvernig vinna skuli að þessum málum. Neyzluvatnsrannsóknunum, sem ég er hv. frsm. till. algerlega sammála um, að eru mjög þýðingarmiklar og þarf að sjálfsögðu að gefa vaxandi gaum ýmsum þeim rökum, sem hann tilgreindi, þeim er hins vegar þann veg háttað, að það er ekki um neina aðild ríkisins, eins og nú standa sakir, að slíkum rannsóknum að ræða, þannig að þó að það yrði veitt nú heimild til þess að afla 1 millj. kr. eða hver sem sú fjárhæð yrði til þeirra rannsókna, sé ég á því margvíslega annmarka að nota slíkt fé. Það eru til dæmi þess, að það hefur verið varið fé til neyzluvatnsrannsókna, þ.e.a.s. í fjárlögum hefur árlega um alllangt árabil verið veitt fé til leitar að neyzluvatni. Aðallega hefur það verið fyrir einstaka bæi eða byggðahverfi, þar sem hefur verið erfitt um

neyzluvatnsöflun, og þá hefur jafnframt verið sett af hálfu fjvn. ákveðin regla um það, hvaða kröfur væru gerðar í því efni, þ.e.a.s. hvaða mótframlög kæmu til greina. Nú veit ég, að vakir fyrir hv. þm. það, sem hann sagði í sinni framsöguræðu, að hér verði um grundvallarrannsóknir að ræða svipað og í jarðhitamálum, en þó að sé reiknað með því, þá kemur það í einn stað niður, að það eru ekki fyrir hendi nein lög um það eða fyrirmæli, hvernig ríkið skuli standa að slíkum rannsóknum og hvaða bagga það tekur þá á sig í því efni. Þannig að ég teldi það með öllu útilokað að fara að hefja framkvæmdir á þessu sviði án þess að væru settar almennar reglur um það, hver á að vera hlutdeild ríkisins í því, hver hlutdeild sveitarfélaga eða einkaaðila, sem að þessu máli standa. Af þessum sökum einum saman, en alls ekki af því, að ég sé málefnalega á móti till. sem slíkri eða röksemdum hv. frsm. fyrir henni, þá mundi ég vilja mæla gegn því, að þetta mál yrði leyst með þessum hætti, í sambandi við framkvæmdaáætlun, heldur verði Alþ. fyrst að taka ákvörðun um það, hvort sem það verður með samþykkt hans þáltill., sem hann gat um, eða með *einhverjum öðrum hætti, hvernig* að þessum neyzluvatnsrannsóknum verði staðið.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. málefnalegan stuðning við till. þessa. Hins vegar get ég ekki annað en lýst undrun minni yfir þeim upplýsingum, sem hann veitti um nauðsyn lagaheimildar til þess að framkvæma megi slíkar grundvallarrannsóknir.

Mér er vel kunnugt um fjölmargar grundvallarrannsóknir, sem ég held að hljóti þá að vanta svipaðar lagaheimildir um, eins og t. d. jarðfræðilega leit að hagnýtum málmum. Mér er ekki kunnugt um neinar lagaheimildir, sem skylda ríkið til þess að taka slíkt að sér, enda hygg ég að þessi athugun, sem hér er um að ræða, sé ekkert annað en, ég vil segja, lítilfjörleg viðbót við þær grundvallarrannsóknir, sem fram fara á hverju ári hér á landi og eru vitanlega að vissu leyti undirstaðan fyrir vatnsleit og fjölmargt fleira.

Ég vil einnig benda á það, að fjölmargar beiðnir um leiðbeiningar við vatnsleit hafa einnig komið til Orkustofnunar og þar hefur einn sérfræðingur, Jón Jónsson, jarðfræðingur, reynt af fremsta megni að veita leiðbeiningar, en hefur vitanlega sökum anna við önnur störf, fámennis og tækjaskorts og fleira alls ekki getað sinnt þeim rannsóknum eins og nauðsynlegt er til þess að veruleg not megi verða af. Mér er ekki kunnugt um það, að með þessari starfsemi Jóns Jónssonar hafi hið opinbera tekið á sínar herðar neinar skuldbindingar í þessu efni.

Ég verð að segja það fyrir mitt leyti, að ef sérstök lög eru í raun og veru nauðsynleg til þess að hið opinbera megi framkvæma grundvallarrannsóknir af þessu tagi, þá vil ég eindregið leggja það til að hæstv. ríkisstj. leggi einn lagabálkinn enn fyrir þetta þing og fái það afgreitt. Ég tel, að hér sé um eins mikilvægt mál að ræða, eins og fjölmörg mál önnur, sem nú á að hraða í gegnum þessa þingsali. Ég þarf ekki að endurtaka það, að þetta er eitt af grundvallarmálunum víða um land til þess að frystihúsin, okkar stærsti og þýðingarmesti atvinnuvegur geti framleitt þá vöru, sem fullnægir þeim gæðakröfum, sem gerðar eru af okkar stærsta markaði, Bandaríkjunum, eða munu verða gerðar innan örfárra ára, líklega eins árs, og með aðeins eins til tveggja ára fresti. Það er alveg ljóst, að grundvallarrannsóknir verða að hefjast án tafar, ef að tilætluðum notum eiga að koma.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það situr nú ekki á mér að lýsa vantrausti á núv. ríkisstj., en ég held, að það mundi nú kannske vefjast fyrir henni og þykja snöggsoðið, ef ætti nú að fara að snúa sér í það að semja lagabálk til að leggja fyrir þetta þing. Það er vissulega svo, sem hv. 3. þm. Vestf. gat hér um, að Orkustofnun og ýmsir aðilar stunda ýmiss konar grundvallarrannsóknir, það er í sambandi við nám og leit að ýmsum jarðefnum, sbr. saltvatnsrannsóknirnar á Reykjanesi og annað þess konar. En þar er um að ræða yfirleitt rannsóknir, sem snerta ríkið sem slíkt og er eðlilegt, að það hafi með höndum. Hér er um að ræða, eins og mjög greinilega kom fram í hans máli, athuganir til þess að leysa þetta vandamál varðandi ýmis byggðarlög á landinu. Og það mundu að minni hyggju vera ákaflega svipuð lög, sem ættu um það að gilda, eins og um jarðhitarannsóknir. Það verður að setja einhverjar reglur um það, að hve miklu leyti þetta eigi að kosta af sveitarfélögunum hverju fyrir sig, sem hér eiga hlut að máli, — og hann hefur talið mörg þeirra upp og ég er ekki að efast um það, að það sé allt saman rétt og satt — og að hve miklu leyti ríkið eigi að kosta það. Þó að nú hafi einhver sérfræðingur Orkustofnunar haft með höndum athuganir á þessu máli, þá er það starfsemi, sem út af fyrir sig er hin ágætasta og gott og blessað er, ef stofnunin getur innt hana af höndum, en það er þá rekstrarkostnaðarliður, sem þar er um að ræða, en auðvitað er fjarri lagi að ætla að fara að afla til hans fjár með framkvæmdaáætlun. Ég get, og ég endurtek það, að ég get fúslega fallizt á rök hv. þm. fyrir nauðsyn þess að þessu máli verði þokað áleiðis, en það verður áreiðanlega engin bylting gerð með því að fara að hleypa því áleiðis nú, með því að taka inn á framkvæmdaáætlun 1 millj. kr. til að leggja grundvöll að neyzluvatnsrannsóknum þeim, sem varða alla landsbyggðina, og lýsi ég því alveg ákveðið yfir fyrir mitt leyti, að ég mundi ekki telja mér fært að ráðstafa þessu fé, án þess að mörkuð væri einhver stefna um það, hvað Alþ. vildi varðandi neyzluvatnsrannsóknir í framtíðinni og að hve miklu leyti ríkið ætti að standa að þeim rannsóknum og að hve miklu leyti frystihús og sveitarfélög og margir aðrir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 73. fundi í Ed., 24. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 604 felld með 11:8 atkv.
3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
4.—6. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 596 felld með 11:8 atkv.
7. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 68. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 69. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það hefur verið venja undanfarin ár og þar til ég hygg á s.l. þingi, að flutt hefur verið annars vegar frv. um lántökuheimildir fyrir ríkisstj. vegna framkvæmdaáætlunar og hins vegar hefur fjmrh. í Sþ. flutt yfirlitsræðu um ástand og horfur í efnahagsmálum, fjármálum og fjárfestingarmálum, bæði gert grein fyrir þróuninni liðið ár og jafnframt gefið yfirlit um horfur á hinu nýbyrjaða ári. Það hefur stundum verið kvartað yfir því, þar sem hér hefur verið um mikla skýrslu að ræða og sérstaklega um miklar og margar tölur að ræða, að þessi skýrsla væri flutt þannig munnlega, og væri frekar æskilegt, að hún yrði skriflega lögð fyrir þingið. Það var gert á s.l. ári og ég hef einnig haft þann hátt á nú, að samtímis því, sem frv. um framkvæmdaáætlunarlántökurnar var lagt fram í hv. Ed. fyrir nokkru, þá var útbýtt í báðum d. þingsins umræddri grg. fjmrh. um það efni, sem ég gat um, og vonast ég til, að hv. þdm. hér í þessari deild, svo sem var í Ed., geti fallizt á, að þetta sé eðlilegur háttur, og þar sem skýrslan liggur fyrir mun ég að sjálfsögðu ekki fara að rekja efni hennar í einstökum atriðum, því skýrslan skýrir sig vel og hv. þdm. hafa haft hana fyrir sér það marga daga, að þeir gera sér gerla grein fyrir, hvað um er að ræða. Skýrslan er fyrst og fremst tölulegar upplýsingar og hefur hingað til ekki leitt til neinna sérstakra umr. í þingi, hvort svo verður nú, skal ég ekkert segja um, en hún liggur hér fyrir til athugunar hv. þm. og til umr. eftir atvikum, ef þeim sýnist svo.

Framkvæmdaáætlunin hefur jafnan verið í tveimur þáttum, annars vegar er fjáröflun til opinberra sjóða, þ. e. a. s. fjárfestingarsjóða atvinnuveganna, og síðan að Framkvæmdasjóður Íslands var settur á stofn, þá hefur það verið hlutverk þess sjóðs að afla nauðsynlegs lánsfjár til stofnsjóða atvinnuveganna. Það skal að vísu tekið fram, að það hefur ekki alltaf verið hægt að afla alls þess fjár, sem talið hefur verið nauðsynlegt í því efni, það hefur markazt og það hefur takmarkazt af þeim fjárráðum, sem Framkvæmdasjóðurinn hefur haft, en engu að síður hygg ég þó, að flest árin hafi í meginefnum verið hægt að útvega það fé, sem farið hefur verið fram á. Ég rek ekki þennan þátt framkvæmdaáætlunarinnar, þar sem hann er ekki í höndum fjmrh. heldur Framkvæmdasjóðsins, en hins vegar þá þótti rétt til yfirlits fyrir hv. þm. að gera grein fyrir fjáröflun þess sjóðs og skiptingu þess fjár milli einstakra stofnsjóða atvinnuveganna og er að finna töflu um það aftan við skýrsluna um framkvæmdaáætlunina. Hins vegar er svo sú hliðin, sem snýr að ríkinu sjálfu, þ. e. a. s. framkvæmdum ríkisins og fjáröflun til þeirra verkefna, sem ekki hefur reynzt auðið að afla fjár til innan ramma fjárlaga, annaðhvort vegna þess að það hefur ekki tekizt að ná saman endum eða þá, sem er fyrst og fremst ástæðan nú, að um er að ræða verkefni, sem ekki þykir eðlilegt, að veitt sé fé til með beinum fjárveitingum, heldur sé þess aflað með lántökum, og á ég þar fyrst og fremst við þau verkefni, þar sem gert er ráð fyrir því, að um raunverulega endurlánun sé að ræða, svo sem dæmi má nefna varðandi virkjunarframkvæmdir, svo sem Rafmagnsveitna ríkisins og fleiri slíkar framkvæmdir, af því að gert er ráð fyrir, að þeir aðilar taki þessi lán og standi undir þeim, og jafnframt einstök verkefni, sem talin hefur verið ástæða til þess að hraða og hefur ekki verið talið fært að taka að fullu fjárveitingar til upp í fjárlög.

Eins og menn sjá af þeim lista um sundurliðun þess fyrirhugaða lánsfjár, sem ætlað er að taka í 7. gr. frv., þá skiptist meginþorrinn af öllu fénu fyrst og fremst milli orkumála, rafvæðingar og jarðhitamála annars vegar og hins vegar vegamála. Varðandi vegamálin þá eru aðallega tvö verkefni, sem eru á dagskrá, svo sem áður hefur verið, annars vegar Reykjanesbrautin, sem enn þarf að afla mjög verulegs fjár til til að standa undir greiðslu afborgana og vaxta, en gert er ráð fyrir, að á næstu árum verði það yfirtekið af Vegasjóði jafnhliða afborgunum af alþjóðabankalánum. Hins vegar er Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi, en það verkefni hefur einnig verið á dagskrá nú undanfarin ár. Það var ekki svo á s.l. ári, sem stafaði af því, að þá var að verulegu leyti lokið fyrri áfanga þess verkefnis. Nú er ætlunin að stefna að því að ljúka síðari áfanganum og þá er talið óumflýjanlegt að afla þeirra 30 millj. kr., sem hér er gert ráð fyrir að til þess þurfi.

Varðandi önnur atriði í þessari sundurliðun er það að segja, að þau voru flest öll tekin upp í þau drög að framkvæmdaáætlun, sem fylgdu fjárlagafrv. En síðustu árin hefur það verið venja, að drög að framkvæmdaáætlun hafa verið látin fylgja fjár-

lagafrv., til þess að hv. þm. gætu þá fengið upplýsingar um það, hvaða verkefni það væru, sem talið væri nauðsynlegt að vinna að utan ramma fjárlaga, og þá eftir atvikum komið með sínar till. Síðan hafin var birting þeirra draga að framkvæmdaáætlun með fjárlögum, þá hygg ég, að það hafi verið til verulegrar upplýsingar fyrir þm. Hins vegar hefur það ekki leitt til neinna breytinga og engrar ákvörðunar af hálfu fjvn., enda ekki til þess ætlazt, heldur aðeins til þess að gera mönnum það ljóst, hvaða verkefni það væru, sem ætlunin væri að vinna að utan ramma hinna venjulegu fjárveitinga.

Ég hirði ekki um að gera hér að umtalsefni þessi einstöku atriði. Þau eru, eins og ég sagði, næstum öll tekin upp í þau drög að framkvæmdaáætlun, sem fylgdu fjárlagafrv. og eru orðin þm. kunn fyrir löngu síðan. Það eru þó einstaka liðir, sem eru hér teknir inn og eru nýir, og skal ég aðeins nefna tvo. Annars vegar er framlag til öryggismála flugþjónustunnar, þar er gert ráð fyrir sérstakri fjáröflun, sem stafar af því, að það hefur verið vaxandi áhugi á því einkum meðal flugmanna að koma við ýmsum endurbótum á flugvöllum á ýmsum stöðum á landinu og þykir sjálfsagt að mæta þeim óskum, sem þar eru fram settar, enda gæti það leitt til þess, að stöðvun yrði á flugi til einstakra flugvalla úti á landi, ef ekki væru gerðar þar þær lágmarksaðgerðir, sem flugmenn telja að nauðsynlegt sé að gera öryggis vegna, og jafnframt er hér um að ræða kaup sérstakra öryggistækja fyrir Reykjavíkurflugvöll eða radar, sem ætlunin er að kaupa og hefur áður verið tekin ákvörðun um, en ekki hafði verið gert ráð fyrir í fjárlögum. Hins vegar er svo 15 millj. kr. fjáröflun til sveitarafvæðingarinnar, fjárveitingin var hækkuð allverulega í fjárlögum og gert ráð fyrir því, að það mundi nægja, þannig að hægt væri að ljúka þeim áfanga, sem tilkynnt var í fyrra, að ríkisstj. hefði ákveðið að ná á þessu ári, en það er að leggja allar þær línur, þar sem vegalengd væri ekki yfir 1.5 km að meðaltali milli býla. Það hefur hins vegar komið á daginn, bæði vegna kostnaðarauka og þó ekki síður vegna hins, að það hafa bætzt við línur innan þessara marka, vegna þess að fjölgað hefur býlum, að þessar línur munu verða nokkuð fleiri en gert var ráð fyrir, og til þess að hægt væri að fullnægja þessari ákvörðun þá er nauðsynlegt að afla hér nokkurs fjár til viðbótar eða 15 millj. kr.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að ræða frekar um skiptingu þessa fjár, það liggur ljóst fyrir, hvernig ætlunin er að verja því, og það er að finna nákvæma sundurliðun í grg. frv. um það, hvaða rök eru fyrir hinum einstöku fjárveitingum, en ég legg á það ríka áherzlu, að hér hafa verið tekin þau verkefni, sem óumflýjanlegt er talið að sinna, og jafnframt vil ég taka fram þó ég þykist vita, að bæði mundi vera af hálfu stjórnvalda og einnig af hálfu hv. þm. óskað eftir, að ýmislegt annað væri gert, að ekki er auðið að afla meira fjár en hér er um að ræða, hvorki til stofnlánasjóðanna né heldur til hinna sérstöku framkvæmda ríkissjóðs, enda var það niðurstaðan í hv. Ed., að þar komu ekki fram nokkrar brtt. varðandi þau verkefni, sem hér er rætt um, og þeir þm., sem töluðu þar um málið, voru allir á einu máli um það, að þeir hefðu ekki, — menn sæju enga ástæðu til þess að gagnrýna val þeirra framkvæmda, sem hér er sérstaklega getið um að afla fjár til, og vona ég, að svo verði einnig hér í þessari hv. d. Varðandi Framkvæmdasjóðinn skal ég þó taka það fram, að enn skortir þar nokkuð á, að hægt sé að leysa fjárþörf Stofnlánadeildar landbúnaðarins og veðdeildar Búnaðarbankans og hefur það mál verið tekið til sérstakrar athugunar. En á þessu stigi, þegar samþ. var endanlega ráðstöfun þess fjár, sem Framkvæmdasjóðurinn hafði yfir að ráða, þá var ekki hægt að ganga lengra í því efni heldur en þar er gert ráð fyrir, enda er nú stofnlánadeildin þar næstefst á blaði. En engu að síður vantar þar enn töluvert fé til þess að geta lánað svo sem verið hefur undanfarin ár, nema sérstakar ráðstafanir hafi verið gerðar.

Um fjáröflunina er það að segja, að þar er svo sem undanfarin ár um tvo liði að ræða, annars vegar PL-480 lán, sem að vísu er ekki búið að gera enn þá samning um, en menn vonast til að fáist með sama hætti og undanfarin ár, og hins vegar útgáfu spariskírteina, sem gert er ráð fyrir að nemi 75 millj. kr., nýrri skírteinaútgáfu, jafnhárri fjárhæð og s.l. ár, en aftur á móti hækkar allverulega endurútgáfa spariskírteina, en reynslan hefur leitt það í ljós, að menn vilja mjög gjarnan endurnýja bréf sín, þannig að það hefur ekki þurft að leysa út nema lítið af þeim bréfum, sem komið hafa til innlausnar, og er gert ráð fyrir, að sú fjárhæð hækki allverulega.

Herra forseti. Ég legg svo til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara út í almennar umr. í sambandi við framkvæmdaáætlun ríkisstj. heldur víkja að einu atriði, er fjárútvegun varðar í áætluninni. Eins og fram kemur hér í 7. gr. frv. á þskj. 522, er áætlað til landshafna fjárhæð að upphæð 6 millj. kr. Fyrir síðustu áramót var stjórn Rifshafnar á fundi, og var þar ákveðið að leita eftir því, að útvegaðar yrðu 20 millj. kr. til framkvæmda í Rifshöfn á árinu 1971. Gert var ráð fyrir því, að framkvæmdir yrðu í Rifshöfn 1970, en þess var þá sérstaklega óskað, að Rifshafnarnefnd drægi það, að sú framkvæmd yrði á árinu 1970, vegna framkvæmda í Þorlákshöfn, sem þá stóðu yfir. Hins vegar var þá gengið út frá því, að þessar framkvæmdir yrðu þá á árinu 1971 og ákveðið verk, sem átti að leysa, sem var þar að ganga frá varnargörðum hafnarinnar, en annar garðurinn a. m. k. er talinn í hættu, og er enn fremur hættulegur vegna innsiglingar inn í höfnina. Það urðu því mér og öðrum, er að þessu máli vinna, mikil vonbrigði, þegar till. kom um það, að 6 millj. kr. yrði varið til landshafna og af því yrðu 4 millj., sem gengju til Rifshafnar.

Stjórn Rifshafnar hefur nú tekið þetta mál upp á

ný og m. a. rætt það við hæstv. samgmrh. og hefur ritað honum bréf, þar sem farið er fram á það, að hann beiti sér fyrir því, að aukin verði fjárútvegun til Rifshafnar. Ég treysti því, að hæstv. ráðh. muni verða við þessari beiðni. Farið var þar fram á, að 10 millj. kr. fjárhæðar umfram það, sem hér er gert ráð fyrir, yrði aflað á árinu 1971. Þó það sé minni framkvæmd heldur en stefnt var að í till. stjórnar Rifshafnar, þá mundi það þó bjarga suðurgarðinum og forða honum frá skemmdum og skipum frá því að lenda í hættu við innsiglinguna. Nú er þetta mál komið hér í seinni deild og hefur ekki verið flutt við það brtt. af hálfu hæstv. samgmrh., en ég endurtek, að ég treysti því, að það verði gert hér í þessari d. Ef það kemur ekki fram frá hæstv. ráðh., sem ég þó vona að ekki komi til, þá mundi ég freista þess að flytja brtt. við frv., en umfram allt legg ég áherzlu á það, að málinu verði bjargað svo að hægt verði að vinna að þessari framkvæmd á yfirstandandi sumri. Hér er um þess háttar mál að ræða, að því er stefnt í hættu, ef ekki verður að gert, auk þess sem það var skoðun stjórnar Rifshafnar, að ekki kæmi til mála annað heldur en unnið yrði að framkvæmdum á árinu 1971, fyrst orðið var við þeim tilmælum að fresta framkvæmdum árið 1970. Ég hygg, að hér muni hafa átt sér stað einhver mistök og þess vegna sé till. í frv. eins og hér er greint, en ég treysti því, að úr verði bætt með brtt. við afgreiðslu málsins hér í hv. d.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til fjhn. með 31 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 522, n. 839).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur athugað frv. þetta eins og það kom frá Ed. og leggur til, að það verði samþ. Nál. hefur ekki verið útbýtt. Það er enn í prentun, en nm. skrifuðu undir með þeim fyrirvara að áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma, og einn hv. nm., hv. 4. þm. Austf., skrifaði undir nál. með fyrirvara. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þetta frv. sérstaklega við þessa umr. hér í hv. d. Hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir frv. við 1. umr. málsins og Ed. hefur þegar afgreitt það eins og það var lagt fram, og legg ég til fyrir hönd n., að það verði samþ.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Nál. fjhn. um þetta mál hefur enn ekki verið lagt fram hér í d., er ekki komið úr prentun, en þar er tekið fram, eins og hv. frsm. gat um, að þótt nm. séu með frv., þá hafa þeir óbundnar hendur um einstakar till., sem fram kunna að koma, og einnig áskilja þeir sér rétt til þess að flytja brtt. sjálfir. Í n. stóðum við þrír nm. að brtt. á þá leið, að á eftir liðnum „Sjóefnarannsóknir“ í 7. gr. frv. komi nýr liður: Landgrunnsrannsóknir 35 millj. kr. Og finnst mér rétt að gera nokkra grein fyrir þessari till. okkar, sem við höfum nú lagt hér fram í d. á sérstöku þskj., 837.

Um landhelgismálið hefur verið allýtarlega rætt bæði innan þings og utan að undanförnu og sú stefna verið áréttuð af öllum, sem um málið hafa talað, að við byggðum okkar stefnu í landhelgismálinu á því, og hefðum gert það síðan 1948, að landgrunnið væri hluti af yfirráðasvæði viðkomandi strandríkis. Við höfum talsvert gert af því að reyna að árétta þessa stefnu á ýmsan hátt, en þó hvergi nærri nægilega. Eitt veigamikið atriði í þeim efnum er, að haldið sé uppi á landgrunninu engu minni rannsóknum en í landinu sjálfu. Því miður hefur þetta ekki verið gert. En sitthvað margt af því, sem hefur komið fram á síðari árum, hefur þó gert þessar rannsóknir enn meir aðkallandi en áður og þá sérstaklega með tilliti til ýmissa verðmætra efna, sem kunna að finnast í hafsbotninum og möguleiki væri á að nýta. Það má segja, að engar slíkar rannsóknir hafi enn þá farið fram af opinberri hálfu, íslenzkri hvað þetta snertir. Eins er það, að mælingar á dýpinu eru hvergi nærri fullnægjandi, en það er þó á því, sem við byggjum að verulegu leyti okkar kröfu til þess, að fiskveiðilandhelgin nái til landgrunnsins alls. Þess er rétt að geta, að á s.l. ári lét Rannsóknaráð ríkisins fara fram sérstaka athugun á þessum málum og hefur nefnd vísindamanna, sem þá var falin sú rannsókn, og þá sérstaklega einn maður, sérfræðingur, samið mjög athyglisverða skýrslu um þessi mál, sem hefur verið lögð fram hér á hv. Alþ. Þar kemur fram, að rannsóknum okkar á þessu sviði er allt of skammt á veg komið og er þörf skjótra aðgerða í þeim efnum. Það varð svo til þess, að á síðasta ári eða ekki á síðasta ári heldur núna eftir áramótin skipaði ríkisstj. nefnd ráðuneytisstjóra til þess að gera bráðabirgðaskýrslu um málefni hafsins og landgrunnsins. Þessi ráðuneytisstjóranefnd var sett á laggirnar vegna þess, að það er ekkert eitt rn., sem fer með þau mál, er snerta landgrunnið og nýtingu auðæfa þess, heldur heyrir það, hinir ýmsu þættir þess, undir mismunandi rn., og þess vegna þótti rétt að fela ráðuneytisstjórunum að athuga þessi mál sameiginlega og í þessari ráðuneytisstjóranefnd eiga sæti ráðuneytisstjórar dómsmála-, iðnaðar-, menntamála-, sjávarútvegs- og utanríkisráðuneytisins. Í till. þeirri, sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram um réttindi Íslendinga á hafinu umhverfis landið, þá er sagt frá bráðabirgðaskýrslu ráðuneytisstjóranefndarinnar.

Fyrsti liður hennar fjallar um vísindalegar rannsóknir á landgrunninu, þ. á m. dýptarmælingar og kortlagningu, og skipulag rannsókna. Einnig samvinnu við erlenda aðila. Eins og þar kemur fram, þá er hér um mjög veigamikið verkefni að ræða. Nefndin telur m. a. í þessum þætti skýrslunnar nauðsynlegt, að gerðar verði nákvæmar dýptarmælingar af landgrunninu og þær mælingar gefnar

út á nýjum kortum. Í fyrstu verði stuðzt við þær mælingar, sem gerðar verði með nákvæmari tækjum til staðarákvörðunar og dýptarmælinga, en síðan verði stöðugt unnið að nákvæmari kortlagningu einstakra svæða, sem þýðingu hafa vegna fiskveiða eða annarra orsaka. Þá telur hún nauðsynlegt, að keypt verði tæki til nákvæmrar staðarákvörðunar á hafi, er verði notuð til dýptarmælingar og til hinna ýmsu jarðeðlisfræðilegu og jarðfræðilegu rannsókna, sem ræddar eru hér á eftir. Þá er talið nauðsynlegt, að gerðar verði eftir föngum almennar jarðeðlisfræðilegar mælingar og jarðfræðilegar athuganir um leið og dýptarmælingar eru framkvæmdar. Þá er talað um að gera þurfi segulmælingar á sömu siglingalínum og dýptarmælingar eru gerðar. Þá er talað um, að gerðar verði skjálftamælingar með neistamæli eða hliðstæðum tækjum á helztu botnasvæðum landgrunnsins með könnun setlaga fyrir augum. Talið er, að slíkt megi einnig gera samtímis dýptarmælingum að nokkru leyti. Og sérstaklega verði kortlögð svæði, þar sem hagnýt botnefni finnast, skeljasandslög, þörungalög, sandnámur o. þ. h., til að áætla magn og útbreiðslu, og leigð verði viðeigandi tæki til þessa verks. Þá er talið nauðsynlegt, að haldið verði áfram hljóðbrotsskjálftamælingum og þær færðar út á landgrunnið til að fá upplýsingar um dýpri lög landgrunnsins og afla þurfi viðbótartækja til þess verks. Það er talað um, að gerðar verði þyngdarmælingar í sambandi við hinar samfelldu dýptarmælingar og fengin yrðu til þess tæki, sem boðizt hafa að láni frá Landmælingadeild Bandaríkjahers. Þá er talað um að gera þurfi varmastraumsmælingar með leit jarðhitasvæða á sjávarbotni fyrir augum.

Þá er sagt að gera verði eða framkvæma verði skipulega töku botnsýnishorna undan ströndum landsins og notuð verði eftir föngum aðstaða skipa Landhelgisgæzlunnar svo og Hafrannsóknastofnunarinnar til þess verks. Þá verði unnið úr sýnishornum og fari fram jarðfræðileg og jarðefnafræðileg úrvinnsla, þegar nægilegur fjöldi sýna hefur safnazt af hverju svæði fyrir sig. Þá er talað um, að athugaðir verði möguleikar á því að gera jarðfræðilegar og jarðeðlisfræðilegar rannsóknir að föstum lið í starfsemi rannsóknaskipsins Bjarna Sæmundssonar og athuguð verði hagkvæmni þess að láta það skip annast að miklu leyti þær rannsóknir, sem hér er gert ráð fyrir, með tilliti til hinna fullkomnu siglinga- og mælitækja, sem þar verða fyrir um borð. Loks er talað um að rannsóknir á ástandi lofts og sjávar svo og samspili þeirra verði efldar með umhverfisrannsóknum á hafi úti og nauðsynlegra tækja aflað til þess. Sagt er, að slíkar athuganir hafi mikla þýðingu fyrir alla starfsemi á hafinu í framtíðinni, þ. á m. nýtingu á veiðum landgrunnsins ásamt því, að þetta auki þekkingu á eðli þess umhverfis, t. d. veðurfars, sem þjóðin býr við. Þá er talað um nauðsyn þess, að aukin sé þátttaka Íslands í alþjóðlegu hafrannsóknastarfi, sérstaklega á sviði jarðfræði og jarðeðlisfræði, og nýtt séu tækifæri til upplýsingaöflunar, sem oft bjóðast hér við komu erlendra rannsóknaleiðangra. Mætti þannig beina þeim að svæðum eða verkefnum, sem sérstaklega vantar upplýsingar um eða að sviðum, sem tæki og mannafla vantar hérlendis til að annast. Höfuðáherzla er lögð á frumkvæði Íslands í rannsókn botnsvæðanna umhverfis landið, bæði frá hagnýtu sjónarmiði og almennu grundvallarvísindalegu sjónarmiði. Loks er talað um, að athugaðir verði möguleikar á stofnun úrvinnslustöðvar fyrir jarðvísindalega, haffræðilega og skylda starfsemi hér á landi í tengslum við Reiknistofnun háskólans.

Þá er sagt, að gert sé ráð fyrir því, að stofnkostnaður vegna tækja til þeirra rannsókna, sem hér um ræðir, nemi nálægt 20 millj. kr. Þá er einnig áætlað, að með því að gera sérstakt skip út til þeirra rannsókna, sem hér er rætt um í sambandi við samfelldar dýptarmælingar og jarðeðlisfræðilegar athuganir, muni þær kosta um 14 millj. kr. á ári í skipakostnað, tækjaleigu, laun og annan rekstur, miðað við 2 mánaða starfstíma skipsins á ári. Talið er, að allgóð byrjunarmynd af íslenzka landgrunninu fengist á 2—3 árum með 2 mánaða starfstíma á ári.

Samkvæmt þessu, ef horfið væri að því að hefjast handa um þessar framkvæmdir strax á þessu ári, má gera ráð fyrir, að verja þurfi allt að 20 millj. kr. í tækjakaup eða tækjaleigu, en 14 millj. færu til þess að kosta skip til rannsóknanna, og ef horfið yrði að því, sem væri hér nauðsynlegra eða áreiðanlega mjög nauðsynlegt, að ljúka þessum rannsóknum fyrr en á 2—3 árum, eins og hér er gert ráð fyrir, þá þyrfti enn að auka þetta framlag. Með tilliti til þessa höfum við þrír nm. leyft okkur að leggja til, að í þetta frv. verði tekin upp sérstök fjárveiting til rannsókna á landgrunninu og nemi sú fjárhæð ekki minna en 35 millj. kr. Það kemur fram í grg. fyrir þessari till. ríkisstj., sem ég vitnaði í, að hún telur mikla nauðsyn á, að þessum rannsóknum sé hraðað, og hæstv. forsrh. minntist einnig á það í útvarpsumr., sem fóru fram um landhelgismálið nýlega, og þess vegna vænti ég þess, að um þetta mál geti náðst full samstaða hér í d. og sú fjárveiting verði samþykkt, sem till. okkar fjallar um. En það er áreiðanlegt, að ef við, sem við öll leggum áherzlu á, viljum fylgja fram þeirri stefnu að helga okkur allt landgrunnið, þá gerum við það með engu betur en vinna að sem beztum rannsóknum á því, og sýna því engu minni sóma í þeim efnum heldur en rannsóknum landsins sjálfs.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Því miður var ég ekki staddur hér í hv. d., þegar þetta mál var til 1. umr., og kann því að vera, að það, sem ég mun nú spyrjast fyrir um, hafi komið fram að einhverju leyti. Ég sé það hér í skýrslu fjmrh. um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun þessa árs, að þá er gert ráð fyrir því, að Stofnlánadeild landbúnaðarins fái 70 millj. kr. til sinnar starfsemi og það er gert ráð fyrir því, að hún hafi til að lána út á

þessu ári 156 millj. kr. Þegar var verið að gera áætlun um fjárþörf stofnlánadeildarinnar, þá var það áætlað, að hún þyrfti á þessu ári tæplega 240 millj. Og farið var fram á það, að það yrðu um 200 millj., sem deildinni bærust annars staðar frá. Í sjálfu sér, miðað við þessar 156 millj., þá er ekki tekinn með í reikninginn víxill, sem er í Seðlabankanum, sem er 50 millj., og a. m. k. er ekki búið að semja um greiðslu á honum til fulls, þó það hafi verið eitthvað kannske um það rætt. En þó reiknað sé með því, að stofnlánadeildin hafi þessar 156 millj. og þurfi ekki að borga þennan víxil, þá er alveg sýnilegt, að það er mikið sem vantar og eftir þeim umsóknum, sem manni sýnist að hafi borizt, og þó það sé ekki búið að athuga þær til fullnustu, þá held ég að þessi tala, sem er reiknað með í áætluninni, hafi verið frekar of lág heldur en of há. Ég fór að athuga þetta, og ég kom inn á það hér í hv. d. fyrir nokkru síðan, að ég var að athuga, hvernig þetta hefði nú verið á árinu 1956 og 1957, vegna þess að því hefur verið haldið hér fram, bæði í hv. d. og annars staðar, að það hefði verið í raun og veru lánað mikið meira til landbúnaðarins á undanförnum árum heldur en áður var. Ég sá það á árinu 1956, að þá hefðu verið lánaðar 45 millj., en þá var byggingarvísitalan 100 stig. Í dag er byggingarvísitalan orðin 524 stig og þá þyrfti, til þess að framkvæmdamátturinn væri eins, þá þyrfti þessi tala að vera 235.8 millj. og þó var ekki á þeim árum lánað til vinnslustöðva eins og hefur verið núna. Það var ekki lánað til minkabúa eins og núna og það var ekki lánað til dráttarvélakaupa eins og núna, þannig að við sjáum, að það er þó gert ráð fyrir því í þessari áætlun, sem Búnaðarbankinn gerir, að framkvæmdirnar verði hlutfallslega langtum minni en þær voru á þessum árum. Ég athugaði líka árið 1967, þá var lánað út 51.5 millj. og byggingarvísitalan var þá 116 stig, en til þess að stofnlánadeildin lánaði fé út, sem hefði sama framkvæmdamátt, þá þyrfti þetta að vera 232.6 millj. Ef deildin fær ekki meira fé en þetta, og þó er miðað við það, að af þessu fé fari í minkabúin 17 millj., þá þyrfti að vera í raun og veru 26 millj. eða meira til þess að þeir, sem hafa reist þessi minkabú, fengju út á þau, eins og þeir þyrftu og hafa vonazt eftir. Það er þannig með veðdeildina, að í framkvæmdaáætluninni er gert ráð fyrir, að hún hafi aðeins á þessu ári 3.6 millj. kr. Í lögunum um stofnlánadeildina er gert ráð fyrir, að stofnlánadeildin geti lánað, ef fé er til, 10 millj. kr. Hvernig á að fara með veðdeildina, á að loka henni?

Ég vil eiginlega, áður en þessi framkvæmdaáætlun er afgreidd hér á hinu háa Alþ., óska eftir því, ekki sízt þar sem hæstv. ráðh. eru hér staddir, bæði hæstv. landbrh. og hæstv. fjmrh., að þeir geri grein fyrir því, hvort það sé meiningin, að stofnlánadeildin fái ekki meira fé en þetta og hvort það eigi þá að skera þessar framkvæmdir niður með einhverjum hætti. Það getur ekki annað verið. Ef hún fær ekki fé, þá þýðir ekki annað, það er ekki hægt að lána fé, sem ekki er til. Það vita allir og ekki sízt hæstv. ráðh. Ég sé það, að n. sú, sem hefur með þetta mál farið, hefur ekki gert enn þá a. m. k. neinar till. í þessu efni, að komi þarna fé, og það hlýtur að þurfa að athuga þetta, því annars sýnist mér, að þarna sé alveg hreinn voði fyrir dyrum. Það má geta þess í þessu sambandi, að það var ekki hægt í raun og veru að klára öll lán, sem bárust. Það eru eftir milli 20—30 millj. af þeim framkvæmdum, sem voru gerðar á s.l. ári, sem var ekki hægt að afgreiða. Að vísu var hægt að afgreiða það, sem lánsloforð lágu fyrir um, en ekkert fram yfir það. Og þá sjáum við alveg hvert stefnir. Í raun og veru, ef deildin hefði svipað fjármagn eins og áður, þá þyrfti hún til þessara hluta um eða yfir 300 millj. Nú hefur komið ósk frá Búnaðarfélaginu og þessi samþykkt Búnaðarþings, að það yrðu stórhækkuð lánin til dráttarvélakaupa og yrðu teknar upp lánveitingar til annarra vélakaupa, allt upp í 60%. Það væri mjög gott, ef hægt væri að verða við þessu, a. m. k. að einhverju leyti. En það hljóta allir að sjá, að þarna er ekki hægt að verða við miklum óskum nema komi mikið meira fjármagn til heldur en þau plögg, sem hér liggja fyrir, gera ráð fyrir, að þessir sjóðir fái.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Í tilefni af þeim tveimur brtt., sem hér hafa verið lagðar fram, þá vildi ég leyfa mér, áður en ég vík sérstaklega að þeim efnislega, að vekja athygli á tveimur formlegum atriðum, sem meginmáli skipta varðandi meðferð þessa frv. sérstaklega. Hv. 5. þm. Norðurl. e. kvaðst ekki sjá, að hér væri um að ræða neina fjáröflun sérstaklega til Stofnlánadeildar Búnaðarbankans eða veðdeildar, og saknaði hann þess. Ég gerði grein fyrir því í framsöguræðu minni með framkvæmdaáætluninni, að framkvæmdaáætlunin væri tvíþætt. Annars vegar væru hinar beinu ríkisframkvæmdir, sem þetta frv. fjallar um, og hins vegar væri lögð fram áætlun Framkvæmdasjóðs Íslands, sem hefði það sérstaka hlutverk lögum samkvæmt að afla fjár til stofnsjóða atvinnuveganna. Ef Framkvæmdasjóðurinn ekki getur aflað þess fjár, þá er ekki grundvöllur fyrir því að taka það inn í þetta frv., vegna þess að það verður að athugast þá nánar í samráði við Framkvæmdasjóðinn, sem hefur sína þingkjörnu stjórn og hefur sínar sjálfstæðu lántökuheimildir, hvernig eigi að meðhöndla það mál. Það væri því með öllu útilokað að leysa þennan vanda með breytingu á þessu frv. Ég vék hins vegar að því í framsöguræðu minni, sem ég veit ekki hvort hv. þm. hefur hlýtt á, að þær væru sérstakt vandamál, Stofnlánadeild landbúnaðarins og veðdeild Búnaðarbankans. Það er að vísu svo með fleiri sjóði, sem á að afla fjár til af hálfu Framkvæmdasjóðs Íslands, að þeir fá ekki allt það fé, sem þeir biðja um, og það er sjaldnast sem sjóðirnir fá allt það, sem þeir kynnu að óska eftir, og t. d. möguleika til þess að stórhækka lán, eins og hv. þm. gat um að væru óskir um, það er mál út af fyrir sig, sem vel má fallast á að væri æskilegt en ekki er þar með sagt, að Framkvæmdasjóðurinn geti

mætt. En ég tók það skýrt fram, að það væru þessir tveir stofnsjóðir, sem enn þá væru í athugun sérstaklega hjá Framkvæmdasjóðnum og hjá landbrh., sem hefði tekið þetta mál sérstaklega upp við Seðlabankann, möguleika á því að greiða fyrir þessum tveimur stofnsjóðum, þar sem þeir gætu ekki fengið viðhlítandi fé til útlána í samræmi við óskir Búnaðarbankans, og ég hef verið upplýstur um það af hæstv. landbrh., að það mál sé nú endanlega leyst í samræmi við óskir Búnaðarbankans, eins og þær lágu upphaflega fyrir, þegar fjáröflunaráætlun bankans var lögð fyrir Framkvæmdasjóð, en samkvæmt henni þá skorti á varðandi stofnlánadeildina 25 millj. kr. og það skorti einnig á fjáröflun til veðdeildarinnar, sem má segja, að geti verið álitamál, hvað mikil sé, en það var talið nauðsynlegt að afla a. m. k. 5 millj. kr. í viðbót. Það er að vísu töluvert fé, sem veðdeildin hefur yfir að ráða í ár, en það greiðist upp í skuldir, þannig að það er rétt hjá hv. þm., að það var ekki há upphæð, 4 millj. kr., sem þar var um að ræða, en það yrði þá veruleg aukning á þeim lánsmöguleikum og ég hygg viðhlítandi miðað við allar aðstæður, þegar þetta fé fæst, þannig að þessir tveir liðir, framlagið til stofnlánadeildarinnar og til veðdeildarinnar, það tel ég, að leysi eftir áætlun Búnaðarbankans nokkurn veginn þá brýnustu fjárþörf, sem þar er um að ræða, þó að auðvitað alltaf megi segja, að æskilegt sé að fá meira fé. Það er annað mál. En það leysir hina brýnustu fjárþörf og mig undrar það raunar, að hv. þm. skuli ekki vita um þessa ráðstöfun, því að ég hygg, að bréf um þetta efni hafi verið lagt fyrir síðasta bankaráðsfund í Búnaðarbankanum frá hæstv. landbrh. Ég tel því, að þetta mál sé leyst með viðhlítandi hætti. Það er hins vegar rétt hjá hv. þm., að starfsemi stofnlánadeildarinnar er miklu meiri nú heldur en var hér á árum fyrr og fleiri framkvæmdir sem stofnlánadeildin hefur tekið upp á sína arma, þannig að það er vissulega svo, að það ber brýna nauðsyn til að afla henni verulegs fjár, en þar er einnig við þann vanda að glíma í sambandi við fjáröflun, að það er ekki hægt að nota nema að mjög takmörkuðu leyti erlent fjármagn, vegna þess að það er útilokað að láta bændur taka lán með gengisáhættu. Það hefur verið takmarkað við vinnslustöðvar landbúnaðarins og stórvirkar búvélar til ræktunarsambanda, en bændur sjálfa er auðvitað ekki hægt að láta taka lán með gengisáhættu. Fjáröflun til Stofnlánadeildar landbúnaðarins er því langhæsta fjáröflunin nú eftir útvegun þessa fjár, sem er til nokkurs stofnlánasjóðs af innlendu fé.

Varðandi till. hv. 4. þm. Reykv. og tveggja annarra hv. þm. um þá breytingu á 7. gr. frv., að varið verði til landgrunnsrannsókna 35 millj. kr., þá er tvennt um þá brtt. að segja. Í fyrsta lagi er á henni sá formlegi galli, að þessir peningar eru ekki fyrir hendi vegna þess, eins og hv. 4. þm. Reykv. mun sjá við lestur á 7. gr., að gert er ráð fyrir því, að þar sé aðeins verið að skipta því lánsfé, sem gert er ráð fyrir í öðrum gr. frv., að aflað verði eftir tveimur leiðum, annars vegar með útgáfu og endursölu spariskírteina og hins vegar með ráðstöfun á PL-480 lánum. Og það er ekki um að ræða frekari fjárhæðir, sem þann veg er hægt að ráðstafa, þannig að þegar af þeirri ástæðu, þessari formlegu ástæðu, þá getur þessi till. ekki gengið. Ég er hins vegar efnislega algerlega sammála hv. þm. um nauðsyn þess, sem þessi gr. fjallar um, að efla rannsóknir á landgrunninu, og hann vitnaði alveg réttilega í skýrslu, sem lögð er fram með landhelgistill. ríkisstj. frá ráðuneytisstjóranefndinni, þar sem talað er um þau mikilvægu viðfangsefni, sem þar þurfi að sinna, og gerð grein fyrir því, mjög lausleg grein fyrir því, hvað áætla megi, að þessar tilraunir eða rannsóknir muni kosta. Það er hins vegar vikið að því samtímis í þessari grg., að það séu í athugun ýmsar leiðir til þess að fjármagna þennan kostnað. Í fyrsta lagi er þess að geta, að áætlunin er mjög lausleg og miklum vafa undirorpið, hvað þarf að nota af þessu á þessu ári. Í öðru lagi er lögð á það áherzla, að það sé ætlunin að leita til alþjóðlegra stofnana til aðstoðar í þessu sambandi, varðandi tæknilega aðstoð og það er enn þá algerlega óvíst, hvað fæst eftir þeirri leið. En það má vitna til ræðu hæstv. forsrh. í umr. um landhelgismálið hér á dögunum, sem raunar hv. 4. þm. Reykv. einnig vitnaði til, en hann skýrði þar rækilega frá þessu fjárhagsmáli og m. a. gat þess, að þegar hefði verið leystur einn liður af þessum vanda með því að erlent fyrirtæki, Shell í Hollandi, hefði fengið leyfi til vissra rannsókna á landgrunninu Íslendingum að kostnaðarlausu, en þar sem íslenzkur vísindamaður yrði um borð og allar þær rannsóknir, sem gerðar yrðu, yrðu okkur tiltækar. Hér er aðeins um eitt atriði að ræða, sem kemur okkur til góða í þessu efni, og það verður áfram haldið á sömu leið. Það má geta þess, að þegar Albert var leigður til sérstakra hafsbotnsrannsókna, þá var tæki sett í hann af hálfu leigjanda og við fengum það tæki aftur sem leigu fyrir skipið og það tæki er nú í okkar höndum, annars hefði þurft að kaupa það og það er verulega dýrt tæki.

Það er þess vegna alveg óljóst á þessu stigi málsins, hvað þarf af fé í þessu skyni, en ég vil taka það skýrt fram, að þó að ekki sé hægt að taka af þessu fé, sem hér er í frv. um framkvæmdaáætlunina, af því að þar er um alveg ákveðna fjárhæð að ræða, þá mun verða séð fyrir því með bráðabirgðalánum eða beinum fjárveitingum. Það er álitamál, hvora leið á að fara í því, að ekki verði um neina stöðvun að ræða á rannsóknarviðfangsefnum, sem talin verður brýn nauðsyn að vinna að á þessu ári. Ríkisstj. mun sjá fyrir fé til þess, enda þótt ekki sé mögulegt af þessum ástæðum, sem ég hef hér getið um, sérstaklega þar sem hér er um takmarkaða fjárhæð að ræða, að taka fjárveitingu í þetta frv., enda sem sagt algerlega óvíst, hvaða tölu ætti að setja í frv. í þessu sambandi, þar sem áætlanagerð um það efni á þessu ári er það óljós, en hins vegar vitað um alla þá liði, sem eru nú í frv., að

þar er um alveg ákveðnar áætlanir að ræða, sem liggja að baki þeim framkvæmdum og fjárveitingum, sem þar er gert ráð fyrir, þannig að ekki er þar um neinar ágizkanir að ræða. Hér er aftur á móti um algera ágizkun að ræða í þessu sambandi, en aftur á móti staðfastur ásetningur ríkisstj. að halda fram þessum rannsóknum með þeim krafti, sem auðið er og þar sem nauðsynlegt verður talið að gera á þessu ári. Fyrir því mun með einhverjum hætti verða séð, þó að ekki sé auðið að samþykkja þessa till. í því formi, sem hún er við þetta frv.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. sagði hér í dag, að það væri búið að leysa mál, að mér skildist, stofnlánadeildarinnar og veðdeildarinnar og sú lausn var í því fólgin, að það átti að auka við það, sem stofnlánadeildin fengi til að lána út, 25 millj. eða mundi hún þá hafa 181 millj. til útlána, og veðdeildin ætti að fá til viðbótar þessum 3.6 millj. 5 millj. Ég verð nú að segja það, að ég er hræddur um, að hæstv. fjmrh. mundi nú ekki verða ánægður með þessa lausn mála, ef hann stæði eða sæti nú sem bankastjóri Búnaðarbankans og ætti að deila þessu út miðað við þá fjárþörf, sem þarf til þessara hluta. Það vita allir, að veðdeildin hefur haft takmarkað fé á undanförnum árum til útlána, en undanfarin tvö ár hefur hún þó lánað 14.5 millj. hvort árið. Hámarkslán, sem deildin hefur getað lánað, hefur verið 200 þús. kr.

Það var verið að biðja mig fyrir nokkrum mánuðum að útvega lán norður í okkar kjördæmi, okkar hæstv. fjmrh., það var til kaupa á ¼ hluta úr jörð og kaupverðið á ¼ hluta þessarar jarðar var 1.7 millj. Eftir þeim reglum, sem stofnlánadeildin hefur og fjárráðum hennar, þá getur hún ekki lánað nema 50 þús. út á þessi jarðarkaup. Hvernig eru þessir menn staddir? Það er í mörgum tilfellum, þegar er um að ræða litlar, húsalausar jarðir, að þetta nægir, en í öllum tilfellum, þar sem eru sæmilega hýstar jarðir, þá eru þau lán smámunir, sem fást úr veðdeildinni miðað við þá fjárþörf, sem þar er fyrir hendi. Og að lána í veðdeildina 8.6 millj. á þessu ári og telja það nóg, það er náttúrlega langt frá lagi. Það er ekki einu sinni 1/5 hluti af því, sem þangað þyrfti. Og þó að lánsupphæðin væri ekkert hækkuð frá því, sem er, þá þyrfti mikið meira en að tvöfalda þessa upphæð til þess að geta afgreitt þær lánsbeiðnir, sem þar liggja fyrir. Miðað við þá áætlun, sem Búnaðarbankinn gerði rétt eftir áramótin, var reiknað með að þurfa að hafa upp undir 240 millj., eins og ég sagði áðan, eða 238.6 millj. Og það er komið í ljós síðan, að ýmsir þessir liðir, eins og þeir voru áætlaðir, eru langt fyrir neðan það, sem fjárþörfin sýnir, að muni þurfa. T. d. var áætlað út á jarðýtur, skurðgröfur og þess háttar vélar aðeins 3 millj. kr. Ég veit, að bara í okkar kjördæmi eitt þarf þetta fjármagn, ef á að verða við þeim óskum, sem liggja nú fyrir. Það er greinilegt, að í sambandi við útihúsabyggingar, sem var áætlað samtals 75 millj., ég skil ekki í, að það dugi miðað við þær beiðnir, sem ég veit, að eru komnar. Og vöntunin var svo mikil á s.l. ári, að í sambandi við fjósbyggingar þær, sem voru byggðar, fjós og hlaða, stórfjós og hlaða, þá var meiningin að reyna að dreifa þessu á þrjú ár. En hvaða bóndi getur byggt með því að fá þessi föstu lán í þrennu lagi, 3 ár eða 2 ár, síðasta hlutann eftir að hann er búinn að byggja? Ég sé ekki, að slíkt sé hugsanlegt, og ég geri ráð fyrir því, að hæstv. fjmrh. viti um það, því að slík dæmi eru úr okkar kjördæmi, að þar eru miklir erfiðleikar á vissum stöðum einmitt af þessum ástæðum.

Ég held, að það sé því fjarri lagi, að það sé búið að leysa lánsþörf stofnlánadeildarinnar, þó að væri til útlána um 180 millj., og þá er ekki búið að leysa þessar 50 millj., sem ég gat um í fyrri ræðu minni, það er óleyst mál. Að vísu hefur komið til tals, að Seðlabankinn og Búnaðarbankinn lánuðu þetta fé til einhverra ára, en það er ekki frá því gengið og a. m. k. verður það örðugt fyrir Búnaðarbankann að verða við því eins og hlutirnir standa í dag. Ég vil því óska þess, að hæstv. fjmrh. beiti sér fyrir því, að þetta verði athugað og það komi ekki fyrir, að það þurfi að synja lánsbeiðnum vegna þess, að stofnlánadeildin hefur ekki fjármagn.

Ég gat um það í minni fyrri ræðu, að miðað við það, sem var á árunum 1956 og 1957, þá hefði þetta fjármagn þurft að vera milli 230—240 millj., en síðan hafa komið ýmsir liðir, sem er farið að sinna, t. d. á þessu ári núna þarf 26 millj. í minkabúin. Það er áætlað, að það þurfi 25 millj. í sláturhús og mjólkurstöðvar, sem þá var ekki inni í dæminu, og það er áætlað um eða yfir 20 millj. í dráttarvélar og jarðýtur og þess háttar vélar, sem þá var heldur ekki lánað út á, þannig að sambærilegar tölur þyrftu að vera, ef ætti að sinna þessum nýju verkefnum, þá þyrfti stofnlánadeildin að hafa yfir 300 millj. til þess að lána, ef það fé hefði svipaðan framkvæmdamátt og féð, sem var lánað út á árunum 1956 og 1957. Ég er því mjög óánægður yfir þeim svörum, sem hæstv. fjmrh. gaf hér áðan, því að það er ekki gott, ef hæstv. ráðh. stendur í þeirri meiningu, að það sé í raun og veru búið að leysa þessi mál, því að það er svo langt frá því.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Snemma á þessu ári lét bankastjórn Búnaðarbanka Íslands setja saman grg. eða skýrslu um hag og rekstur Stofnlánadeildar landbúnaðarins og veðdeildar Búnaðarbanka Íslands og horfur og áætlaða fjárþörf þessara deilda á þessu ári. Það er rétt, að þessar grg. voru síðan sendar, þessar ýtarlegu grg. voru síðan sendar með bréfi frá bankanum til stjórnar Framkvæmdasjóðs og í rn. Það er rétt, að fyrstu tölur, sem okkur bárust til eyrna um þessa ákvörðun fjár til þessara framkvæmda, voru að okkar dómi mjög óhagstæðar og við vorum ekki ánægðir með þær. Því var það, að bankastjórar eða af hálfu bankastjóra og bankaráðsformanns var haft ítrekað samband við áðurnefnda aðila um að láta meira fé af hendi rakna til þessara nauðsynlegu framkvæmda. Á bankaráðsfundi, sem haldinn var

fimmtudaginn 25. marz s.l., voru þessi mál tekin til umr. og meðferðar. Þar var lagt fram bréf frá hæstv. landbrh., sem hafði að geyma loforð þess efnis, að til viðbótar því fé, sem áætlað hafði verið, yrði séð svo um, að stofnlánadeild fengi 25 millj. til ráðstöfunar á þessu ári og veðdeild 5 millj. Það vildi svo til, að hv. 5. þm. Norðurl. e. var vant við látinn þennan dag og mætti því aðeins í byrjun fundarins og vék síðan af fundi og það mun vera svo, að þetta bréf hafi ekki verið lagt fram fyrr en hann var farinn af fundi. En að dómi okkar, sem eftir sátum á þessum fundi, þ. e. a. s. hinna bankaráðsmannanna og bankastjóranna beggja, var talið, að þetta bréf hæstv. ráðh. hefði gjörbreytt málunum og ef staðið væri við efni þess, sem ekki væri að draga í efa, þá væri útlit í þessum efnum orðið viðunandi. Þetta bréf þýðir það, að Stofnlánadeild landbúnaðarins hefur á þessu ári yfir 180 millj. til ráðstöfunar til nýrra umsókna og framkvæmda á þessu ári og veðdeildin að vísu ekki nema um 9 millj. í þessu skyni. Að dómi okkar, sem þennan fund sátum, var því viðhorfið breytt mjög til batnaðar. Það er að vísu svo, að það er ekki búið að fara yfir eða athuga umsóknir þær, sem borizt hafa bankanum. Þær eru að vísu margar og gera sjálfsagt ráð fyrir háum fjárhæðum, sem betur fer. Það sýna framkvæmdirnar um landið. En ég ætla samt, að með þetta fé til ráðstöfunar þurfum við ekki að kvíða því að geta ekki leyst úr umsóknum manna á þessu ári eins og undanfarið.

Um veðdeildina er það að segja, eins og hér hefur oft áður verið vikið að, að málefnum hennar er ekki komið á traustan grunn enn þá. En ég ætla þó, að það hafi stundum litið verr út hjá veðdeildinni og að við leysum mál hennar ekki verr heldur en undanfarið. Ég er ekkert hræddur um annað. Og í þessu sambandi má líka geta þess, sem gert er, og ég vil minna á það, að í vetur var veðdeildinni í fyrsta skipti í sögunni, að ég ætla, veitt sú viðurkenning af hv. Alþ., að til hennar var látin renna fjárveiting 2½ millj. kr. á fjárlögum þessa árs, og sannarlega ber að meta þetta og þakka, þó að auðvitað viljum við gjarnan fá sem allra mest fé í þessar deildir. Það er svo annað mál. En bankinn hefur þann hátt á, að um lán úr stofnlánadeild er sótt snemma árs, umsóknirnar eru síðan yfirfarnar. Þær eru metnar og vegnar, ef svo mætti segja, og síðan er umsækjendum svarað, hvort þeir eigi von á láni eða ekki. Og ég ætla, að það hafi ekki komið fyrir, svo að ég viti til, að bankinn hafi ekki staðið við þessi loforð sín undanfarin ár. Að þessu athuguðu, þó að maður viti að vísu, hv. þm. verða að athuga það, að hér er um áætlanir að ræða, en að þessu athuguðu verð ég að segja það, að ég er ekki hræddur um, að bankinn geti ekki staðið við sitt í þessum efnum eins og undanfarin ár. Ég hef enga ástæðu til þess að halda annað.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það er rétt, það sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að ég varð að víkja af fundi, vegna þess að ég var hér á mælendaskrá á þinginu þegar bankaráðsfundurinn var. Ég var látinn vita, þegar það mál, sem ég þurfti hér að flytja, yrði tekið fyrir, og varð að víkja af fundi og af þeim ástæðum var ég ekki viðstaddur, þegar þetta mál var tekið fyrir. En ég verð að segja það, að ég er hryggur yfir því, að heyra orð bankaráðsformannsins, hv. síðasta ræðumanns, á þá leið að hann telji þá lausn á þeim reglum, sem við urðum að setja í fyrra, vera viðunanlega. Ég tel, að það sé ekki viðunanlegt að lána út á framkvæmdir, sem eru að öllu leyti búnar, fyrir þriðjung af þessu fé, sem á að lána, ⅓ af þessum rúmum 50%, t. d. út á fjós og hlöðu, eins og við urðum að gera á s.l. ári, vegna þess að það var ekki fjármagn fyrir hendi, og það kann að vera, að það sé hægt að leysa málið á þennan hátt nú. En það bara tel ég ekki forsvaranlega lausn. Ég veit heldur ekki betur en að eftir þeirri áætlun, sem við gerðum, þá þurfi veðdeild Búnaðarbankans upp undir 20 millj. Ég tel ekki viðunanlegt að hafa ekki helminginn af því, sem er reiknað með, að veðdeildin þurfi. Og ég er alveg viss um það, að hv. síðasti ræðumaður er í raun og veru ekki ánægður með þessa lausn frekar en ég, þó að hann vildi svo láta t. d. hér í ræðustólnum áðan.

Ég ætla ekki að halda hér uppi málþófi, enda er ég tvívegis búinn að tala í þessu máli, en ég vil endurtaka það, að ég skora á hæstv. fjmrh. að leysa þessi mál eða sjá til þess, að þessi mál verði leyst betur en hefur verið gert eða nú er gert ráð fyrir, og það er engan veginn viðhlítandi lausn, að stofnlánadeildin hafi um 180 millj. nú til útlána eins og framkvæmdamáttur hverrar krónu er orðinn lítill, og í sambandi við veðdeildina, til þess að það væri forsvaranlegt í raun og veru, þá þyrfti að hækka sum lánin allt upp í ½ millj. úr 200 þús., eins og ég tók dæmið áðan. En miðað við bara 200 þús. kr. hámarkslán þyrftum við að hafa upp undir 20 millj. til þess að geta leyst verkefni veðdeildarinnar sómasamlega.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. vék að því hér áðan, að sú till., sem ég flyt við 7. gr. frv. ásamt 2 hv. nm. í fjhn., fái tæplega staðizt, vegna þess að ekki sé aflað sérstaks fjár á móti, þannig að það standist nokkurn veginn á, að mér skilst að hans mati, þær fjárveitingar, sem eru ákveðnar í 7. gr., og sú fjáröflun, sem er ákveðin sérstaklega í gr. þar á undan, eða þær lántökur, sem eru heimilaðar í gr. þar á undan. Það mun vera rétt hjá hæstv. ráðh., að þetta stenzt nokkurn veginn á eins og frv. er nú. Ég hygg, að það sé þannig, ég hef nú ekki athugað það nákvæmlega, en hins vegar hafa þessi frv. eða lög iðulega verið afgreidd þannig, að þetta hefur ekki staðizt á, t. d. upplýsti hagsýslustjóri á fundi, sem hann var á í fjhn. í morgun, að lögin um framkvæmdaáætlun eða lán vegna framkvæmdaáætlunar, sem hefðu verið afgreidd á s.l. þingi, hefðu verið afgreidd með þeim hætti, að það hefði munað verulega miklu á upphæðinni í 7. gr. og þeim lántökum, sem voru

heimilaðar í gr. á undan. Mig minnir, að hann segði, að fjárveitingin í 7. gr. hafi verið í fyrra u. þ. b. 67 millj. kr. hærri en sú fjárhæð, sem var aflað með þeim heimildum, sem voru í gr. þar á undan. Það var nú vegna þessa fordæmis, sem við gengum frá till. þannig. En það má vel vera, að það sé eðlilegra að afgreiða þetta með þeim hætti að flytja sérstaka brtt., flytja brtt. við frv. um að taka upp alveg sérstaka gr., sem væri á þá leið, að ríkisstj. sé heimiluð lántaka allt að 34 millj. kr. til þess að kosta rannsóknir á landgrunninu. Og þá verður ekki á móti borið, að fjár sé aflað jafnhliða, og ég mun þess vegna taka þessa ábendingu hæstv. fjmrh. til greina og draga þessa till. nú til baka við 2. umr., en flytja í staðinn við 3. umr. brtt. um sérstaka grein við frv., að það sé heimiluð lántaka til þessarar framkvæmdar. Ég sé þess vegna ekki á þessu stigi ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta. Ég mun þá víkja nánar að öðrum atriðum, sem komu fram hjá hæstv. ráðh., við 3. umr. málsins.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð út af ræðu hv. 4. þm. Reykv. Það er alveg rétt, sem hann sagði, að á síðustu framkvæmdaáætlun skorti töluvert á eða líklega um 60 millj. kr., að endar næðu saman, þannig að miðað við það fordæmi þá er það rétt, að hann hafði ástæðu til þess að ætla, að það gæti einnig orðið með þeim hætti nú. Ég skal fúslega játa, að þetta var svo og það má auðvitað með fullgildum rökum segja eins og hv. þm.: Af hverju er þetta ekki hægt í þetta skipti? Og vitanlega er þetta eins hægt í þetta skipti og það var í rauninni jafnfjarri lagi í bæði skiptin. Ég tók það fram í fyrra, að ástæðan til þess, að þetta væri gert þá, stafaði fyrst og fremst af því, að það væri viss stefnumörkun í sambandi við Háskóla Íslands, sem ylli því, að þar voru teknar 30 millj. inn í framkvæmdaáætlun, sem vitað var fyrir fram, að þurfti alls ekki að nota á því ári, og fleiri upphæðir, sem var vitað um að ekki þyrfti að nota. Þá kemur það á daginn eins og hv. þm. sjá, að það eru tæpar 4 millj. kr., ég hygg mig muna það rétt, í framkvæmdaáætluninni, sem eru eftirstöðvar vegna framkvæmdaáætlunar s.l. árs, og þetta hefur stundum verið svo á milli ára, að það hefur verið tekið bráðabirgðalán, sem jafnað hefur verið upp á framkvæmdaáætlun næsta árs. Ég tek hins vegar það fram, sem ég sagði hér áðan, að við vitum ekkert, um hvaða tölu við erum að tala í sambandi við þær framkvæmdir, sem hv. þm. talaði um og enginn ágreiningur er á milli mín og hans að æskilegt sé að vinna að, og ég ítreka það, sem ég sagði þá, að ég tel ekki hægt að ákveða neina sérstaka tölu í því efni nú, en hins vegar er það staðfastur ásetningur ríkisstj., þegar fyrir liggja nákvæmari áætlanir um, hvaða þarfir er þar um að ræða, að sjá fyrir fé í því efni og það er auðvitað eins hægt að gera með bráðabirgðaláni, sem veitt yrði lántökuheimild fyrir á næsta ári, eins og hefur áður verið gert og eins og er t.d. gert hér í áætluninni nú, eins og þó að það væri tekin sérstök fjárveiting nú, sem við höfum ekki hugmynd um, hvað ætti að vera stór. Þess vegna álít ég ekki eðlilegt að meðhöndla þetta mál með þessum hætti, heldur eigi ganga út frá því, sem ég tel vel geta komið til greina, ef fjárhagur ríkissjóðs leyfir það, að það verði beinlínis greitt úr ríkissjóði, þar sem hér er um áframhaldandi rannsóknir að ræða, ef þarf á þessu ári fjárveitingar í því skyni, sem hv. þm. talaði um og sem hæstv. forsrh. vék að í sinni ræðu, þannig að þessi tillöguflutningur nú sé alveg ástæðulaus miðað við bæði yfirlýsingar þær, sem hæstv. forsrh. og ég hér nú höfum gefið varðandi þetta mál. Það mun ekki draga úr neinum framkvæmdahraða í þessu máli, þó að ekki sé upp tekin nú sérstök heimild í þessu sambandi, og þar sem það liggur algerlega í lausu lofti, hvaða fjármagn þarf í þessu efni, hverju af því kann að vera þörf á, að íslenzka ríkið leggi út eða hvað kann að vera auðið að fá frá alþjóðlegum stofnunum, sem ég tel sjálfsagt að leita eftir aðstoð frá og ekkert er hneykslanlegt við. Þetta getur haft þýðingu fyrir fleiri en okkur, almenna fræðilega þýðingu, þannig að hér er um að ræða atriði, sem ég tel ekki að sé á þessu stigi tímabært að taka upp sérstaka fjárveitingu til, taka upp sérstaka lántökuheimild til.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það er að sjálfsögðu alveg rétt og ég get verið hv. 5. þm. Norðurl. e. alveg sammála um það, að auðvitað viljum við fá sem allra mest fé til þarfra mála og góðra hluta og það er ekki að draga í efa. Og hitt er svo alveg rétt hjá honum, að það má vel vera, að við þurfum að endurskoða ýmsar lánareglur, sem við höfum farið eftir undanfarið, og færa þær til réttlátara horfs. Á ég þar sérstaklega við veðdeildina eins og við höfum oft rætt um áður, að vitanlega þarf við fyrstu hentugleika að hækka lánin þannig, að það sé hægt að hafa nokkurt svið til þess að velja eftir, hvort keypt er stór jörð eða smá eða hluti úr jörð. Um allt þetta get ég verið honum sammála. Um áætlanir bankans, sem við minntumst á áðan, er það að segja, að ég tel, að þær hafi verið mjög vel unnar og þær hafi gert sitt gagn. Það má vera, að tölur þeirra standist ekki að fullu í reynd, en ég held, að það sé enginn vafi, að þær voru óvenjulega vel unnar. Hitt er svo annað mál, að ég ætla ekki að fara að ræða það mál frekar hér eða fletta fundargerðarbókum bankaráðs Búnaðarbankans hér í þessari hv. d. Það mál verðum við að ræða nánar innan veggja bankans og reyna þar að þoka lánamálunum áleiðis.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég þarf ekki að svara hæstv. fjmrh. miklu. Þetta, sem hann sagði nú, hafði hann reyndar sagt fyrr við umr. í dag, en ég hafði ætlað mér að draga að svara því, þangað til ég flyt till. aftur í nýju formi við 3. umr., en mér finnst nú samt við þessa umr. ekki rétt að láta þessu með öllu ósvarað, sem hann sagði nú. Hann vildi gera lítið úr þeirri áætlun, sem fyrir

liggur um það, hvað kosta muni að kaupa tæki til rannsókna á landgrunninu og hvað það muni kosta að hafa eitt skip við þessar rannsóknir 2—3 mánuði á þessu ári. En áætlun um þetta liggur nú fyrir á fskj., sem fylgir frv. hæstv. ríkisstj. um landhelgismálið, og það eru ekki ómerkari menn en 5 ráðuneytisstjórar, sem standa að þessu áliti. Og maður verður að álíta, að það sé eitthvað að marka, þegar 5 ráðuneytisstjórar standa að einu áliti, og þeir séu ekki að vitna þar í áætlanir, sem ekki fái staðizt. En við skulum segja, að þetta fari samt svo, að það verði að sjálfsögðu betra, ef það þyrfti ekki að nota þessa fjárveitingu að öllu leyti. En þá spillti það ekki neitt, þó að það væri búið að heimila ríkisstj. að ráðstafa meiru fé í þessum efnum, vegna þess að hún mundi aldrei eyða meiru heldur en því, sem þörf væri fyrir. Og væri ekki neitt saknæmt eða hættulegt, þó að lánveitingin væri rýmri heldur en hitt. En ég sé það ekki, — ef það er ætlun hæstv. ríkisstj. að láta þessar rannsóknir fara fram á þessu ári, og hún segist þurfa að sækja um þetta til hæstv. Alþ. síðar eða fá stuðning þingflokkanna til þess með einhverjum hætti að afla fjár í þessu skyni, — hvers vegna má ekki afla heimildar til þess núna. Hvers vegna ekki? Ég held, að það sé einmitt gott fyrir hæstv. ríkisstj. að fá heimildina nú. Og það mundi verða til þess að styrkja aðstöðu hennar og jafnframt það, sem ég legg meira upp úr, að það mundi verða henni hvatning til þess að láta þessar rannsóknir fara fram. En mér virðast þessi undanbrögð, sem hafa komið fram bæði hjá hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., að vilja ekki afla heimildar til lántöku eða fjáröflunar í þessu skyni nú, benda til þess, að það sé ekki eins mikill áhugi fyrir þessum rannsóknum og ætla mætti. Ég skil það satt að segja ekki, ef ríkisstj. vill láta þessar rannsóknir fara fram, hvers vegna hún vill ekki afla nú þegar fjárveitingar og lántökuheimildar, svo að hún geti annazt þær. En sem sagt, ég mun ekki ræða þetta atriði nánar að þessu sinni, heldur þegar ég geri grein fyrir hinni endurnýjuðu till. við 3. umr.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða þá brtt., sem ég hef flutt ásamt 2 öðrum hv. þm., hv. 4. þm. Reykv. hefur gert grein fyrir henni. En út af þeim umr., sem hér hafa farið fram um lánamál landbúnaðarins, þá langar mig til þess að segja örfá orð. Það hefur verið rætt um veðdeildina og það er viðurkennt, að það er fyrirsjáanleg vöntun á fjármagni þar. Ég vil mjög taka undir það, sem hér hefur verið sagt, að það er alveg óviðunandi að þurfa ár eftir ár að binda sig við sömu lánsupphæð í veðdeildarlánunum, 200 þús. kr. Þetta er auðvitað algerlega óviðunandi. Þessi lán eru veitt til þess að greiða fyrir eigendaskiptum á jörðum, og ef maður ber þetta saman við þá fyrirgreiðslu, sem innt er af höndum, t.d. þegar bátar ganga kaupum og sölum, þá er þar ólíku saman að jafna. Þetta er vitanlega alveg óviðunandi og verður með einhverjum hætti að ráða bót á þessu. Hér hefur líka verið rætt um aðstöðu stofnlánadeildarinnar, og það hefur verið skýrt frá því, að það hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að útvega henni svona og svona mikið fé. En það kemur hins vegar ekkert fram af hálfu ræðumanna um það, að fyrirhugaðar séu breytingar á útlánaháttum stofnlánadeildarinnar, en þeir eru einnig að ýmsu leyti algerlega óviðunandi. Í sumum tilfellum má lána allt að 66% af stofnkostnaði. En ég hygg, að mötin, sem bankinn lætur framkvæma, að þeim sé oft hagrætt þannig, að það sé ekki raunverulega lánaður þessi hundraðshluti af raunverulegum stofnkostnaði. Það má þó kannske deila um það. En hvað sem því líður þá er það annað atriði, sem ég vil alveg sérstaklega víkja að og ætla, en það er skipting lánanna eins og hún hefur verið framkvæmd. Það hefur verið tekin upp sú regla í seinni tíð að lána aðeins út á eina framkvæmd. Það þýðir, að maður, sem byggir fjós og hlöðu, fær lánað aðeins út á annað af þessu tvennu og ég held jafnvel, að það sé lánað út á fjós en ekki áburðarkjallarann undir fjósinu, — ég held að það sé jafnvel líka til í dæminu. Þetta er náttúrlega algerlega óviðunandi og það er alveg fráleitt að hugsa sér það, að bóndi geti byggt fjós og haft not af því, án þess að tengja það hlöðunni, og í mörgum tilfellum er ekki um annað að ræða heldur en að byggja þetta hvort tveggja í einu af hagkvæmnisástæðum. Og ef þetta er borið saman við þá fyrirgreiðslu, sem t.d. sjávarútvegurinn nýtur í sambandi við nýbyggingu fiskiskipa, þá er þar mjög ólíku saman að jafna. Það hefur til margra ára verið lánað 75% úr Fiskveiðasjóði til nýbyggingar fiskiskipa og síðan hafa komið til ýmsir aðrir opinberir sjóðir, þannig að þessi lán, sem þannig er hægt að fá, hafa komizt upp í 90%. Og í sambandi við vissa hluti í endurnýjun veiðiskipanna, þá er veitt 80 og upp í 90% ríkisábyrgð í sumum tilfellum. Hér er gerólíku saman að jafna, þessu og þeirri fyrirgreiðslu, sem veitt er í stofnlánadeildinni til „nýbygginga“ í sveitum landsins. Hvað ætli útgerðarmenn og sjómenn segðu um það að fá lán til bátsins eitt árið og svo vélina á næsta ári? Ég held, að það þætti eitthvað skrýtið og kæmi auðvitað ekki til greina að afgreiða þau mál þannig. En þetta er nánast hliðstætt því að ætlast til þess, að bóndi byggi hlöðu eitt árið og svo gripahúsið á næsta ári eða öfugt, því að hvort fyrir sig er ónothæft, án þess að hitt fylgi með. Ég vil þess vegna mjög taka undir það, sem hér hefur komið fram frá hv. 5. þm. Norðurl. e., að þessi aðstaða, sem landbúnaðinum er búin í gegnum stofnlánin, er alveg óviðunandi að þessu leyti. Þá er það lánstíminn, það er alveg fráleitt að hugsa sér, að í atvinnuvegi eins og landbúnaði, þar sem aldrei er um skyndigróða að ræða, sé hægt að ætlast til þess, að mannvirki, sem geta staðið í áratugi, greiðist á 15—20 árum. Þetta er alveg fráleitt og bætir ekki úr skák, þegar lánin eru þar að auki með háum vöxtum. Ég vildi ekki láta hjá líða að taka undir þá gagnrýni, sem hér hefur komið fram á þessum þáttum, þó ég að öðru leyti blandi mér ekki inn í þær umr., sem hér hafa farið fram.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það er fátt eitt, sem ég ætla að segja, en af því að hæstv. landbrh. er ekki viðstaddur þá langar mig til að beina þeirri fsp. til hv. 4. þm. Vesturl., sem er formaður bankaráðs Búnaðarbankans, hvort hann álíti, að þess megi vænta, að veðdeildarlánin verði hækkuð nú í vetur eða vor, þ.e.a.s. hámark lánanna, sem mér skilst, að nú sé 200 þús. Það er náttúrlega ákaflega lágt hámark. Ég endurtek það, ég vil spyrjast fyrir um það hjá honum, hvort hann álíti, að þess megi vænta, að þetta hámark verði hækkað. Annað ætlaði ég ekki að segja nema það, að ég tek undir það, sem aðrir hafa sagt í þessum umr., að sú regla virðist hafa gilt í stofnlánadeildinni nú undanfarið, að lána aðeins út á eina framkvæmd á ári hjá sama bónda. Það er afleit regla. Og það er ákaflega óhagstætt hjá hlutaðeigandi bónda, ef hann, þegar hann þarf að byggja t.d. fjós og hlöðu eða fjárhús og hlöðu, getur ekki byggt það sama árið, og það getur valdið fjárhagslegu tjóni, sem um munar.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að blanda mér mikið í þessar umr., sem hér hafa orðið um málefni Búnaðarbankans eða stofnlánadeildarinnar, því að hv. 5. þm. Norðurl. e. hefur haldið um það svo skeleggar ræður hér, að ég tel mig ekki geta þar um bætt. En mig langaði aðeins til í sambandi við þessar umr., sem orðið hafa, að minnast lítils háttar á veðdeildina, þetta olnbogabarn ríkisvaldsins um langan tíma. Þessi sérstaka lánastofnun, veðdeild Búnaðarbankans, hefur verið vanrækt og hún er það enn í dag. Og áhrifin af því eru líka að koma í ljós í sveitunum, því að ungu mennirnir, ungu bændasynirnir, sem hafa hug á því að taka við jörðum og hefja búskap, stunda það starf, sem þeir hafa alizt upp við, hafa nú ekki bolmagn til þess að eignast jarðirnar og hrökklast margir í burtu úr sveitunum af þeim sökum.

Eins og kunnugt er þá eru hámarkslán úr veðdeildinni til jarðakaupa 200 þús. kr. á jörð. Og oft hefur það a.m.k. verið, að menn hafa orðið að bíða eftir slíku láni í eitt, tvö eða jafnvel þrjú ár til að fá það. Þetta sjá allir, að hlýtur að vera landbúnaðinum ákaflega örðugt. Við vitum það, sem þekkjum til í bændastéttinni, að það þarf að skipta um ábúendur á ca. 200—250 jörðum árlega í landinu bara vegna eðlilegra kynslóðaskipta. Og eins og verðlagi er nú háttað á öllum hlutum, því eftirspurn margra kaupstaðarbúa til að eignast jarðir og leggja þær í eyði og hafa þær sér til skemmtunar hefur farið vaxandi og af þeim sökum hafa jarðir hækkað í verði, leiðir það til þess, að nú er svo komið, — ég veit a.m.k. á Suðurlandi er það svo, ég þekki mörg dæmi um það, — að bændaefnin verða að ganga frá að eignast jarðirnar, þeir fá ekki lán, nema þá e.t.v. eru þeir svo heppnir að lenda í því að fá 200 þús. kr. út úr veðdeildinni. Jarðirnar kosta orðið milljónir, eins og allir vita, og bændaefnin eru boðin frá af efnamönnum úr kaupstöðunum, sem vilja ná í jarðirnar og yfirleitt nota þær, nota hlunnindi þeirra, ef þau eru einhver, sér til ábata og jarðirnar fyrir eins konar skemmtigarða. Þetta er þróun, sem er ákaflega óskyggileg í augum okkar, sem enn þá erum að reyna að lifa í sveitum. Okkur þykir þetta óskyggileg þróun, og ég verð að segja það, að ég álít, að ekki ríði á öðru meira núna fyrir landbúnaðinn, fyrir landbúnaðarins hönd, en að reyna að bæta hér eitthvað úr. Það má að vísu finna ýmislegt að í sambandi við lánin út á framkvæmdirnar. En ég álít þó, að hitt sé enn þá meira áríðandi að reyna að lagfæra eitthvað í sambandi við jarðakaupin, svo að ungu mennirnir geti eignazt jarðir og setið kyrrir í sveitunum. Það hefur verið drepið á það hér, að það væru misjöfn kjörin, sem bændur ættu við að búa, eða aftur á móti þeirra, sem stunda vilja sjávarútveg og kaupa sér bát, þar sem þeir hafa möguleika á því að fá 90% af verði skips að láni, 75% úr Fiskveiðasjóði og svo frá öðrum stofnunum, sem hjálpa um það, sem á vantar til að þetta nemi 90%. Hér sjáum við á þessu, að ólíkt höfumst við að gagnvart þessum atvinnuvegi eða landbúnaðinum. Ég er ekki að telja þetta eftir gagnvart sjávarútveginum eða þeim, sem hann stunda, það er síður en svo, ég álít, að þetta sé eðlileg og sjálfsögð fyrirgreiðsla og nú verðum við einhvern veginn að leggja ráð okkar saman og finna úrræði til þess að bæta úr á því sviði, sem hér hefur verið um að ræða í sambandi við jarðakaupin.

Ég álít, að veðdeild Búnaðarbankans þyrfti að hafa til ráðstöfunar núna á ári minnst 100 millj. til útlána, og geta lánað a.m.k. ½ milljón út á jörð. Það er algert lágmark í mínum huga, ½ milljón að láni til jarðakaupa úr veðdeildinni. Ég efast ekkert um það, að hv. 4. þm. Vesturl., Friðjón Þórðarson, sem er formaður bankaráðsins, og þeir aðrir, sem þar eiga sæti í bankaráði nú, hafi fullan vilja á að leysa þetta mál, séu tilllögugóðir í því efni. En það er ekki nóg. Það er við ríkisvaldið að eiga í þessu efni, það er ríkisvaldið, sem verður að finna úrræðin og leggja fram fé til þess að bæta úr á þessu sviði. Og frá minni hendi er það alveg skilyrðislaus krafa, að þarna sé vel að unnið, hverjir svo sem með stjórn fara hér eftir, að þeir leggi sig fram um það að bæta úr á þessu sviði, því að ég álít það mjög þýðingarmikið fyrir íslenzkan landbúnað, að þarna verði fundin úrræði og úrlausnir á þessu sviði. Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri að sinni.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Hv. 5. þm. Austf. varð nokkuð tíðrætt um það, hvað óhagkvæmt væri að lána aðeins út á eina framkvæmd, og get ég vel fallizt á það, a.m.k. þegar um viss jarðarhús er að ræða. Það er alveg rétt, að bankinn tók þessa stefnu upp til þess að hafa betra vald á þessum málum. Það er eins og annað, að umsækjendur verða að gera grein fyrir þessu, þegar þeir sækja um lánin, og ég vek athygli á því, að þegar bankinn svarar þeim, þá segir hann þeim, hverju þeir mega eiga von á. Hvað miklu láni og út á hvaða framkvæmd. Hitt er annað mál, að þetta

getur í ýmsum tilvikum verið mjög óþægilegt fyrir þá, sem í framkvæmdum standa, en ég hygg, að mér sé óhætt að segja, að bankinn hefur leitazt við á allan hátt að ganga til móts við slíka umsækjendur, þegar sérstaklega hefur staðið á, og greiða götu þeirra eftir beztu föngum, þó að hins vegar sé ekki hægt að neita því, að við þessa reglu hefur nokkuð verið miðað í svörum til bænda. Hvort svo er fyllilega sambærilegt að tala um lán út á báta í þessu sambandi skal ég ósagt láta, en um það mætti sjálfsagt ræða í lengra máli.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. bar fram fsp. hér áðan og spurði, hvort ég áliti, að þess mætti vænta, að veðdeildarlán yrðu hækkuð í vetur eða vor. Það, sem ég veit um þetta, er það, að það hefur legið mjög í loftinu, að þessi lán yrðu hækkuð, því að allir viðurkenna nauðsyn þess. Hvort svo verður í náinni framtíð, skal ég ekki fullyrða, en hitt er þá að sjálfsögðu ljóst, að ef þessi lán yrðu hækkuð upp í ½ milljón, þá yrði þar meira fé til að koma til veðdeildarinnar. En að þessu er sjálfsagt að vinna. Hv. 2. þm. Sunnl. ræddi svo hér sérstaklega um veðdeildina eins og fleiri, taldi, að hún væri olnbogabarn og bændur fengju ekki nema að hámarki 200 þús. kr. lán út á jarðakaup og þyrftu auk þess að bíða eftir láni í eitt, tvö eða jafnvel þrjú ár. Það má vel vera, að það finnist dæmi um þetta frá fyrri árum, en núna frá síðari árum held ég, að það finnist varla um þetta dæmi, vegna þess að það hefur verið lögð áherzla á að afgreiða þær umsóknir, þar sem skjöl, lánsskjöl, voru á annað borð í lagi. Hitt er annað mál, í sambandi við eignarskipti á jörðum, að þá er þar oft um dálítið flókin samskipti að ræða, þannig að oft vill standa á veðleyfum og ýmsum fskj., sem þurfa að berast með lánsumsókninni til þess að bankinn geti afgreitt hana. Og í þessu sambandi vil ég aðeins geta þess, að snemma á þessu ári var samþ. í bankaráðinu, að þær fáu umsóknir, sem óafgreiddar lágu frá síðasta ári eða um síðustu áramót, yrðu afgreiddar þá þegar. Ég get svo fallizt á það með hv. 2. þm. Sunnl., að þessi jarðakaupalán þyrftu að hækka í ½ milljón, þannig að unnt væri að meta í hverju einstöku tilviki, hvað sanngjarnt væri að lána. Hv. þm. hefur nú setið ég held síðustu einn eða tvo bankaráðsfundi og á þar væntanlega setu a.m.k. að einhverju leyti framvegis, þannig að ég held, að við ættum að geta þar lagt ráð okkar saman, eins og hann tók til orða. Ég veit, að við erum báðir sammála um það, að við viljum ekki hafa eitt barnið út undan, við viljum ekki hafa olnbogabarn í fjölskyldunni og það má til sanns vegar færa, að veðdeildin sé það í Búnaðarbankanum, vegna þess að ekki hefur enn þá tekizt að koma málefnum hennar á fastan grundvöll til frambúðar. En ég efast ekki um það, að ef við og aðrir góðir menn leggjum ráð okkar saman, þá muni sá vandi leysast innan tíðar.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. Ég fagna mjög þeim stórhug, sem hér kemur fram í garð veðdeildar Búnaðarbankans, og vonast til, að menn geti orðið samhuga um þann stórhug, þegar tímar líða, þannig að við skulum allir muna eftir þeim orðum. Hitt er rétt, sem hv. þm. sagði, 2. þm. Sunnl., að deildin hefur verið olnbogabarn yfirleitt alla tíð, það er rétt. Hún hefur alltaf verið látin sitja á hakanum, þegar fjár hefur verið aflað til stofnsjóða Búnaðarbankans, frá því ég fyrst man eftir. Veðdeildin hefur orðið fyrir einstaka höppum, ef það hefur orðið gengishagnaður eða eitthvað slíkt, sem hefur flotið á hennar fjörur, en hins vegar hefur það alltaf verið látið sitja í fyrirrúmi og gengið treglega að fullnægja því að lána bændum stofnlán til nýframkvæmda. Þetta hefur verið svona um áratuga bil og skal engan um það saka. Hitt er annað mál, og það hygg ég rétt vera, að það hefur þó nokkuð vænkazt hagur veðdeildarinnar nú einmitt síðustu árin, þó að það sé hárrétt hjá hv. þm., að það vantar mikið á, að það sé fullnægjandi, og ég tel, að það hafi verið brýn nauðsyn að hefja nokkra fjárveitingu til hennar, sem gert var í fyrsta skiptið nú í vetur, m.a. vegna þess að annars vofa yfir henni sömu örlög eins og yfir stofnsjóðum landbúnaðarins og ræktunarsjóði og byggingarsjóði á sínum tíma, að þeir yrðu gjaldþrota, af því að þeir eru látnir lána út með lægri vöxtum heldur en það lánsfé er, sem þeir verða að notast við frá bankakerfinu, og það hefur því alltaf verið halli á veðdeild Búnaðarbankans, þannig að hún hefur verið að éta upp sitt eigið fé, og það þarf þess vegna ríkisframlag, eitthvað a.m.k., til þess að jafna þau met. Að öðru leyti skal ég ekkert um þetta mál segja, við getum vafalaust allir verið sammála um það, að það væri þörf á, að stofnlánadeildin og veðdeildin gætu lánað meira, en vil aðeins vekja athygli á því, að það er mjög fátítt og naumast þekkt, að stofnsjóðir atvinnuveganna geti veitt mönnum lán alveg eftir því, sem þeim hentar. Það yfirleitt þekkist ekki. Það er rétt, að það er einna bezt búið að sjávarútveginum í þessu efni, en á það má líka benda, að sjávarútvegurinn verður að taka að mjög verulegu leyti gengisáhættulán, sem auðvitað hefur oft og tíðum orðið honum þungur baggi, eins og margir hv. þm. þekkja. Ég skal ekki fara lengra út í þá sálma og ekki espa til neinna umr. í þessu sambandi, en það er vissulega rétt og skylt að reyna að styðja við bakið á Stofnlánadeild landbúnaðarins eins og öðrum stofnsjóðum yfir höfuð og veðdeildinni og verður það vonandi gert, eftir því sem fjármagn frekast leyfir.

En það var aðeins eitt atriði, sem ég vildi segja í tilefni af ræðu hv. 4. þm. Reykv., að áætlun sú frá ráðuneytisstjórunum, sem hann vitnaði í og sem ég vil á engan hátt vefengja að sé rétt, hún gerði m.a. ráð fyrir mjög verulegum kostnaði við útgerð skips, ef ég man rétt, og það er auðvitað útilokað annað, en að það verði að greiðast af ríkissjóði. Það er ekki hægt að fara að taka lán til þess að greiða útgerðarkostnað af skipi. Það er rekstur og við höfum hingað til ekki tekið að láni nema stofnlán. Þannig að þess vegna liggur í augum uppi, að komi til

útgerðar skips á þessu sumri, þá verður ríkissjóður með einhverjum hætti að sjá fyrir því sem venjulegum rekstrarútgjöldum sínum. Alveg eins og á sér stað með Landhelgisgæzluna, það hefur oft verið lagt í t.d. aukna fiskileit, og hjá Hafrannsóknastofnuninni. Það er núna t.d. alveg nýlega búið að samþykkja það, að eitt af skipum Landhelgisgæzlunnar verði gert út til bátaaðstoðar á Faxaflóa, en auðvitað kemur ekki annað til álita, en það verði að greiða af rekstrarfé ríkissjóðs. Við getum ekki farið að taka lán til þeirra þarfa. Þess vegna held ég, að allt beri að einum brunni með það, að hér sé ekki þörf á fé, og miðað við þær yfirlýsingar, sem hafa verið gefnar, þá er alveg ástæðulaust að gefa það í skyn, að þetta sýni, að það sé ekki áhugi á að leysa þessi vandamál. Það er hægt að gera það eftir ýmsum leiðum og liggur ekki fyrir, hvað þarf að greiða með beinum lántökum eða verður gert með öðrum hætti, og þess vegna er vandmetið, hvað á hér að taka upp, ef menn vildu taka upp einhverjar heimildir til lántöku svo sem hv. þm. gerir ráð fyrir, og þess vegna segi ég enn og einu sinni, að það sýnir ekki áhugaleysi, síður en svo. Það liggja fyrir ákveðnar yfirlýsingar um, að það verði séð fyrir nauðsynlegu fé, eftir því sem tiltækilegt verður talið og heppilegt að ráðast í á þessu sumri, og þarflaust er að taka upp sérstaka heimild hér í þessu sambandi meðan menn hafa ekki hugmynd um, hvað verið er að ræða varðandi upphæðir.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég held, að það sé mesti misskilningur hjá hæstv. ráðh., að þau framlög, sem verða látin renna til þess að fram fari rannsókn á landgrunninu, eigi að flokkast undir rekstrarkostnað frekar en margar rannsóknir aðrar, sem ráð er fyrir gert í umræddu frv. eða því frv., sem hér liggur fyrir, að verði framkvæmdar fyrir það fé, sem aflað er samkv. 1. gr. frv. Þar er um að ræða t.d. orkurannsóknir, mjög víðtækar. Þessar rannsóknir, sem eiga að fara fram á landgrunninu, eru á margan hátt hliðstæðar orkurannsóknunum. Við vitum ekkert, hvaða þýðingu þessar rannsóknir geta haft eða þær geta fengið síðar. En þetta færum við sem venjulegan rannsóknarkostnað, en ekki sem sérstakan rekstrarkostnað á fjárl. Ég held, að stærsti liðurinn, ég hef frv. því miður ekki fyrir framan mig, en ég held, að stærsti liðurinn í frv., útgjaldaliðurinn, séu orkurannsóknirnar. Og við teljum það ekki venjulegan rekstrarkostnað. Það færist kannske á reikning framtíðarinnar einhvern tíma síðar alveg eins og rannsóknir á landgrunninu. Þær geta átt eftir að bera margfaldan hagnað síðar og þær réttlættar þannig. En ég held, að það sé þess vegna fjarri lagi hjá hæstv. ráðh., að það sé eitthvað sérstakt og óeðlilegt í sambandi við þetta frv. að ætla að veita því framlag til rannsóknar á landgrunninu, því að það er alveg hliðstætt margs konar öðrum rannsóknum sem frv. fjallar um. Ég vil t.d. nefna það, að í Ed. var flutt till. um það, sem að vísu náði ekki fram að ganga, en var talin standast alveg formlega, að það væri tilgreind í frv. sérstök fjárveiting til rannsóknar á neyzluvatni. Og ég má segja, að í frv. er fjárveiting, sérstök fjárveiting vegna rannsókna á sjóefnavinnslu, hvort sem úr því fyrirtæki fæst árangur eða ekki. Við skulum vona, að það geti orðið. En við leggjum þarna til rannsókna, sem við teljum nauðsynlegt, að séu gerðar, sem eru líklegar til þess að skila arði síðar meir. Enginn veit hvenær og alveg eins var með rannsóknir á landgrunninu. Við gerum okkur vonir um það, að þær geti átt eftir að bera margvíslegan árangur. Það er mjög líklegt, að það finnist ýmis efni í hafsbotninum, sem við getum notfært okkur, auk þess sem það er ein veigamesta undirstaða okkar réttindabaráttu í landhelgismálinu, að við höfum sem nákvæmasta og bezta vitneskju um landgrunnið. Ég held, að það sé þess vegna mesti misskilningur hjá ráðh., að efnisins vegna geti þessar rannsóknir ekki fallið undir þetta frv., sem hér liggur fyrir. En við þurfum sem sagt ekki að karpa meira um þetta á þessu stigi, vegna þess að till. okkar hefur verið tekin aftur til 3. umr. og verður þá flutt í því formi, sem hæstv. ráðh. telur, að sé eðlilegt, og það er sjálfsagt að verða við óskum hans um það. En ég vænti hins vegar þá, að þegar hæstv. ráðh. er búinn að fá góðan svefn í nótt og vaknar aftur að morgni, þá geri hann sér grein fyrir því, að það sé betra fyrir ríkisstj. að hafa heimild til þessara framkvæmda, fyrst hún telur sig ætla að ráðast í þær á annað borð á þessu ári. En ég hefði nú álitið hæstv. ráðh. vera þannig, að hann vildi nú frekar ráðast í ýmsar framkvæmdir og gera það þannig, að hann hefði heimildir til þess á Alþ., heldur en gera það í heimildarleysi, og mér finnst eiginlega, að hæstv. ráðh. sé eitthvað brugðið, þegar hann er farinn að sækjast eftir því að geta ráðizt í meiri háttar framkvæmdir án þess að hafa ákveðna fjárveitingu frá Alþ. eða heimild til þess að gera það. Ég vona þess vegna, að ráðh. hafi góðan svefn í nótt og þegar hann vakni að morgni sjái hann það, að það sé í samræmi við hans heilbrigðu stefnu fram að þessu að vilja frekar hafa heimildir fyrir þeim framkvæmdum, sem hann ræðst í, heldur en ekki.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 89. fundi í Nd., 6. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 522, n. 839, 837).

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 837 tekin aftur til 3. umr.
2. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 20:11 atkv.
4.—8. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 522, 837, 879).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu

brtt. 879. — Afbrigði leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Við 2. umr. þessa frv. í gærkvöldi urðu nokkrar orðræður milli mín og hv. 4. þm. Reykv. í sambandi við lántökuheimild til rannsókna á landgrunninu, en í grg. þeirri, sem fylgir þáltill. ríkisstj. um ályktun í landhelgismálinu, þá er að finna skýrslu um rannsóknir, sem talið er nauðsynlegt að gera á landgrunninu og hraða sem mest. Ég lýsti þar þeirri skoðun minni, að þess gerðist ekki þörf að afla sérstakrar lántökuheimildar í þessu skyni, það mundi verða séð fyrir því fé með bráðabirgðaláni eða fjárveitingu úr ríkissjóði, ef á þyrfti að halda, og ekki væri sjáanlegt, eins og sakir stæðu nú, hver fjárhæð kæmi hér til álita. Hv. 4. þm. Reykv. hélt hins vegar fast við till. sína og vonaðist til þess, að ég svæfi vel í nótt og mundi íhuga minn gang. Ég skal játa það, að ég svaf nú ekki vel í nótt, en hef kannske þess vegna íhugað minn gang og niðurstaðan úr þeirri athugun er sú, að enda þótt ég hafi að engu leyti skipt um skoðun í þessu efni þá mundi ég telja það mjög óheppilegt og geta leitt til gagnályktunar, bæði fyrir fjmrh. í sambandi við fjáröflun og enda óheppilegt út á við einnig, ef við færum að eiga hér í orðakasti um þetta mál og atkvgr. gengi á þann veg, að till. um fjáröflun í þessu skyni yrði felld. Af þessum sökum, enda þótt ég telji það ekki skipta neinu höfuðmáli, þá tel ég samt rétt og vonast til, að við hv. þm. getum þá orðið sammála um það að leggja til skriflega brtt. við 6. gr. frv. þess efnis, að enn fremur verði ríkisstj. heimilað að taka lán allt að 30 millj. kr. til rannsókna á landgrunninu. Eins og ég benti á í gær, þá rúmast þessi fjáröflun ekki innan fjáröflunar 7. gr., þannig að hér yrði að koma til sérstök fjáröflun og það kemur þá til álita, að hve miklu leyti þarf á þessu fé að halda eða ekki. Hér er um algera hámarksupphæð að ræða, því að eins og ég sagði í gær þá kæmi ekki til álita, ef einhver af skipum ríkisins a.m.k. yrðu notuð til úthalds í þessu sambandi, að fara að greiða það með lántöku, þar sem hér væri um hrein rekstrarútgjöld að ræða, þannig að hér er um algert hámark þess að tefla, sem líklegt er að kynni að verða gripið til í þessu skyni. En í von um það, að samstaða geti orðið um þetta, þannig að á þessu verði ekki sá blær, að það sé nein deila um það, að allir stefni hér að sama marki, sem við enda lýstum báðir yfir í gær, að væri sameiginlegt og hæstv. forsrh. var búinn að taka greinilega fram af sinni hendi, þá er þessi till. fram lögð og ég vona, að við getum orðið sammála um að afgreiða málið með þessum hætti og hv. þm. þá og flm. þeirrar till., sem hann er 1. flm. að, fallizt á að draga till. sína til baka. Þessi till., herra forseti, er skrifleg og of seint fram komin og verð ég því að biðja um, að afbrigða verði leitað fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 880) leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Mér þótti að sjálfsögðu leiðinlegt að heyra það, að sú ósk mín hefði ekki rætzt, að hæstv. ráðh. mundi sofa vel í nótt, en ég sé, að hann hefur hugsað málið þeim mun betur og hugsað rétt, komizt að réttri niðurstöðu, og í eðlilegu áframhaldi af því fellst ég á það og meðflutningsmenn mínir að draga til baka þá brtt., sem við höfum lagt fram á þskj. 879, og sættum okkur við þá till., sem hæstv. ráðh. hefur flutt.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Í 1. umr. þessa máls hér í hv. d. þá lýsti ég því yfir, að ég mundi bera fram brtt. vegna Rifshafnar, ef ekki yrði úr bætt í meðferð þingsins. Í samtölum, sem ég og fleiri höfum átt við hæstv. ráðh., bæði samgmrh., sem fer með hafnamál, og hæstv. fjmrh., hafa þeir báðir lýst því yfir, að þessu máli skuli verða bjargað í sambandi við lántöku Hafnarbótasjóðs eða fjármagn fáist til framkvæmdanna, sem unnið er að. Af þeirri ástæðu hef ég horfið frá því ráði að flytja þessa brtt. í þeirri von, að það takist að leysa málið á þann hátt.

ATKVGR.

Brtt. 837 tekin aftur.

Brtt. 879 tekin aftur.

Brtt. 880 samþ. með 31 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 96. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 884).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég tel rétt aðeins að gera grein fyrir því, af hverju þetta frv. er aftur komið hér til hv. Ed., en það er af þeirri ástæðu, að í Nd. nú áðan var samþ. sú brtt., sem ég flutti þar, að ríkisstj. yrði heimilað að taka lán, allt að 30 millj. kr., til rannsókna á landgrunninu. Um þetta urðu töluverðar umr. í Nd. í sambandi við nál., sem lagt hafði verið fram frá ráðuneytisstjórum, nefnd ráðuneytisstjóra, er ríkisstj. fól að kanna ýmis atriði, er skiptu máli varðandi könnun á landgrunninu og ýmis atriði landhelgismálsins, og var vakin athygli á því þar, að þar væri gert ráð fyrir, að það þyrfti verulegt fjármagn til þess að sinna þessum rannsóknum nú í ár og á næstu árum. Það var að vísu mín skoðun, að ekki væri þörf á að taka upp sérstaka lántökuheimild í þessu sambandi, enda mjög óvíst, hvers fjár yrði þörf eða að hve miklu leyti það yrði að greiðast með beinum framlögum úr ríkissjóði, þar sem gert er ráð fyrir leigu á skipi, sem óeðlilegt væri að taka lán til, heldur en t.d. ef yrðu notuð varðskip eða einhver slík önnur skip í eigu ríkisins og jafnframt gerði

hæstv. forsrh. grein fyrir því, að ýmsar aðrar leiðir kæmu til greina og hefðu þegar verið ákveðnar til rannsókna á landgrunninu, svo sem samningur, sem hefði verið gerður við Shell í Hollandi um sérstaka könnun, sem stæði Íslendingum síðan til boða að kostnaðarlausu. Engu að síður var það skoðun mín, þar sem fram kom, að menn lögðu mikla áherzlu á, að það væri a.m.k. heimild til staðar, ella kynni það að verða misskilið svo, að það væri ekki fullur áhugi á að sinna þessum viðfangsefnum, þá væri það mjög óheppilegt, að slík till. kæmi fram og yrði felld og mundi þá torvelda það, menn kynnu að gagnálykta sem svo, að það væri þá ekki heimilt fyrir ríkisstj. að leggja fram fé til þessara þarfa. Niðurstaðan varð því sú að taka upp þessa heimild, sem ég gat hér um, 30 millj. kr. til rannsókna á landgrunninu, og vona ég, að hv. Ed. geti fallizt á að samþykkja frv. með þeirri breytingu.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil með ánægju fallast á það að samþykkja þetta frv. með þessari breytingu. Ég tel þessa heimild, sem í því felst, vera mjög mikilsverða og ég minni á það, að það var í Nd. flutt brtt. frá stjórnarandstæðingum um það að verja 35 millj. í þessu skyni. Nú hefur hæstv. ráðh. gengið inn á það með þeim hætti að miða þetta við 30 millj. og það auðvitað skiptir ekki verulegu máli, hvort um 30 millj. eða 35 millj. er að tefla. Aðalatriðið er það, að með þessu er undirstrikuð og lögð áherzla á þá nauðsyn, sem á því er að sinna þessum málum meira en gert hefur verið að undanförnu.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 893).

60. Bátaábyrgðarfélög.

Á 68. fundi í Ed., 18. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 28. apríl 1967, um bátaábyrgðarfélög [280. mál] (stjfrv., A. 565).

Á 70. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta er ákaflega lítið að vöxtum, eins og þdm. sjá, og er um það eitt, að í stað 5 manna, sem skylt er að hafa í stjórn í bátaábyrgðarfélagi í dag, þá megi hafa 3, þar sem á mörgum stöðum hefur reynzt erfitt að manna þessar stjórnir og ná þeim saman.

Þess skal einnig látið getið, að umfram þessa breytingu, sem er í sjálfu sér lítil, þá fóru Samábyrgðarmenn fram á aðra breytingu, sem mætti mikilli andstöðu hjá sveitarfélögum, að undanþiggja þessi félög ákveðnum gjöldum, sem í dag renna til sveitarfélaga, en það mætti það mikilli andstöðu sveitarfélaga, forsvarsmanna þeirra, að ríkisstj. gat ekki á það fallizt, að það yrði flutt, og það er þess vegna tekið út úr upphaflega frv. eins og það kom frá Samábyrgðinni. Hins vegar þrátt fyrir þetta lagði Samábyrgðin áherzlu á, að þessi liður frv. næði fram að ganga. Þess vegna er þetta frv. nú hér flutt.

Ég tel, að það þurfi ekki frekari skýringar við og legg til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 565, n. 704).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er flutt að beiðni Samábyrgðar Íslands. Efni þess er aðallega í því fólgið að breyta um tölu stjórnarnefndarmanna í bátaábyrgðarfélögunum. Það hefur reynzt erfitt — þetta eru félög, sem eru mjög fámenn víðast hvar, — að skipa 5 stjórnarnefndarmenn og jafnmarga til vara, endurskoðendur og annað þess háttar og þess vegna er gert ráð fyrir að breyta þessu þannig, að stjórnarnefndarmenn verði aðeins þrír o.s.frv. Og svo er önnur breyting, sem þetta frv. felur í sér, sem fram kemur í 2. gr., og hún er í beinu framhaldi af því, sem áður er komið, að erfitt hefur reynzt að framkvæma það ákvæði l. að halda aðalfundi bátaábyrgðarfélaganna fyrir lok júnímánaðar ár hvert og þess vegna er fallizt á að framlengja tímann, að aðalfundirnir verði haldnir í októbermánuði ár hvert.

Eins og fram kemur í nál. sjútvn., þá mælir hún með því, að frv. þetta verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 79. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 80. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá hv. Ed. og var samþ. þar einróma og ágreiningslaust, en vert er að geta, að Samábyrgð hafði farið fram á áður, — en frv. var mun víðtækara en hér um ræðir — farið fram á það að losna við aðstöðugjöld til sveitarfélaga, þar sem hún telur sig með töluverðum rökum tvískatta í því efni. Um þetta varð ekki samkomulag vegna harðrar andstöðu sveitarstjórnarmanna, en samt sem áður var talið nauðsynlegt að flytja þetta frv. að áliti Samábyrgðarinnar sjálfrar, þó að sú ósk Samábyrgðarinnar væri ekki tekin með, en það hefur reynzt erfitt að koma upp 5 manna stjórn hjá mörgum þessum félögum og fjallar frv. fyrst og fremst, eins og aths. þess bera með sér, um það, að heimilt sé að fækka úr 5 mönnum í stjórnum samábyrgðarfélaganna niður í 3.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til sjútvn. með 25 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 90. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 565, n. 847).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir og komið er frá hv. Ed., er flutt að beiðni Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum. Frv. er þess efnis, að í stað þess að stjórnir bátaábyrgðarfélaga séu skipaðar 5 mönnum, þá skuli þær skipaðar 3 mönnum og að stjórn Samábyrgðar Íslands tilnefni einn þessara þriggja stjórnarmanna. Eins og hv. þdm. e.t.v. vita, þá eru umdæmi bátaábyrgðarfélaganna mjög stór. Utan Vestmannaeyja eru bátaábyrgðarfélögin aðeins 8 á landinu, og það hefur reynzt mjög þungt í vöfum að hafa 5 stjórnarmenn í þessum félögum, því þeir hafa verið búsettir á víð og dreif í þeim stóru umdæmum, sem bátaábyrgðarfélögin ná yfir. Þess vegna var það, að 3 bátaábyrgðarfélaganna fóru þess á leit við Samábyrgð Íslands, að hún beitti sér fyrir þeirri breytingu, sem hér er gert ráð fyrir. Önnur bátaábyrgðarfélög hafa síðan samþykkt þetta fyrir sitt leyti á fulltrúaráðsfundi Samábyrgðarinnar, sem haldinn var nýlega.

Ég leyfi mér að mæla með því, herra forseti, fyrir hönd sjútvn., að frv. þetta verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21:2 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 27:2 atkv.

Á 91. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 30:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 895).

---

61. Utanríkisþjónusta Íslands.

Á 49. fundi í Ed., 17. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um utanríkisþjónustu Íslands [217. mál] (stjfrv., A. 374).

Á 52. fundi í Ed., 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Eins og hv. þdm. sjálfsagt muna, var hér á næst síðast liðnu þingi, haustið 1969, lagt fram frv. til l. um utanríkisþjónustu Íslands. Þetta frv. var samið af n., sem í voru Benedikt Gröndal alþm., Gils Guðmundsson alþm., Ólafur Jóhannesson alþm., Sigurður Bjarnason alþm. og Agnar Klemenz Jónsson ráðuneytisstjóri, sem var formaður n.

Þetta frv. var lagt hér fram, en náði ekki fram að ganga, þ.e.a.s. því var vísað til n., allshn. að ég ætla, og síðan leitað umsagnar utanrmn., sem hafði það til meðferðar um nokkurn tíma, en niðurstaða varð ekki og málið dagaði uppi. Ekki vegna þess að ég tel, að menn hafi haft á móti ákvæðum frv., heldur vegna hins, að það voru smáleiðréttingar, sem menn töldu, að rétt væri að gera, og það held ég, að hafi verið ástæðan fyrir því, að frv. náði ekki fram að ganga. Lögin um utanríkismál eru orðin gömul, þau eru frá 1941 og þess vegna að ýmsu leyti orðin úrelt og nauðsynlegt að gera á þeim breytingar, bæði formsins vegna og eins einstök efnisatriði ekki síður. Niðurstaðan varð svo sú, að utanrmn. fól að ég ætla nokkrum mönnum að gera till. um breytingar á lagafrv., sem borið var fram 1969, og það voru að ég ætla mest meðlimir í utanrmn., sem tóku það að sér eða hafa samið það. Þeir voru þessir: Birgir Kjaran, sem nú er orðinn formaður n. í stað Sigurðar Bjarnasonar, Gils Guðmundsson, próf. Ólafur Jóhannesson og Benedikt Gröndal og með þeim starfaði Pétur Thorsteinsson ráðuneytisstjóri, sem tók sæti Agnars Klemenz Jónssonar í n. Ég held, að það sé óþarfi, að ég reki frv. eins og það var lagt fram 1969, heldur minnist aðeins á þau atriði, sem breytt hefur verið frá því frv. og sem nú eru felld inn í þetta frv., sem hér hefur verið lagt fram. Þetta eru ekki mörg atriði, en ég skal minnast á þau helztu.

Það var í fyrsta lagi, að ákveðið er nú, að forsetaúrskurð þurfi til þess að ákveða, hvar skuli vera sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og

sendiráðsskrifstofur. Áður náði ákvæðið einnig til kjörræðisskrifstofa. Fellt er niður ákvæði 7. gr. varðandi nafnbætur ræðismanna. Orðalagsbreytingar eru nokkrar. Orðið ambassador var numið í burtu og skipting ambassadoranna í tvo flokka, A-flokk og B-flokk, er einnig felld niður. Í stað orðsins ambassador er nú notað orðið sendiherra. Hvað snertir flokkana fimm, sem starfsmönnum utanríkisþjónustunnar var skipað í í 8. gr., er ekki gert ráð fyrir, að skipun, forsetaskipun eða ráðherraskipun, og lausn þurfi, þó að menn séu fluttir milli staða eða starfa innan sama flokks. Þar sem rætt er um ráðningu viðskiptafulltrúa og annarra sérfulltrúa um tiltekinn tíma, er fellt niður ákvæðið varðandi sérfyrirkomulag á launagreiðslum, eins og það var í upphaflega frv., en hins vegar er gert ráð fyrir því í aths. við gr., að aðilar, sem standa að ráðningu slíkra fulltrúa, geti tekið þátt í launagreiðslum til þeirra. Í sjötta lagi er ekki fastbundið, að skjalavörður utanrrn. skuli annast vörzlu bókasafns og skráningu og útgáfu samninga, heldur tekið fram, að svo skuli vera að jafnaði. Tekið er enn fram í 14. gr., að settar skuli reglur um greiðslu sjúkrakostnaðar starfsmanna utanríkisþjónustunnar erlendis. Þetta er mjög stórt atriði, þar sem sjúkrahúsagreiðslur og greiðslur vegna sjúkdóma eru víða erlendis mjög háar, þannig að það er starfsmönnum utanríkisþjónustunnar stundum ofurefli að standa undir þeim. Þetta er að vísu ekki alls staðar jafnerfitt, en þó nokkuð víða, og hefur komið fyrir, að það hefur orðið að gera sérstakar ráðstafanir til þess að inna þessar greiðslur af hendi.

Þá held ég, að sé upp talið mest af þessum breytingum. Nokkrar orðalagsbreytingar hafa verið gerðar, sem ég hef ekki minnzt á, en eins og ég segi, ég tel ekki ástæðu til að rekja efni frv. á ný. Það var gert rækilega í fyrra, þegar frv. kom hér fyrst fram. En ég hef aðeins getið þeirra breytinga, sem gerðar hafa verið á því frv., sem þá var lagt fram og sem felast í þessu frv.

Ég held, að ég þurfi ekki að hafa um þetta fleiri orð, herra forseti, en vildi leyfa mér að leggja til, að málinu verði, að lokinni umr., vísað til hv. allshn. og ég vildi mælast til, að málið yrði afgreitt svo tímanlega, að því gæti lokið á þessu þingi.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Þar sem ég átti á sínum tíma þátt í þeirri þáltill., sem varð tilefni til endurskoðunar á lögum um utanríkisþjónustuna, og átti einnig hlut að þeirri endurskoðun, sem fram hefur farið á l., þykir mér rétt við þetta tækifæri að segja aðeins fáein orð. Og það því fremur, að þetta er í fyrsta skipti, sem málið kemur hér til meðferðar, því að ef mig misminnir ekki var málið í fyrra lagt fyrir hv. Nd., þannig að það hefur ekki gefizt tími til þess að fjalla um þetta mál hér áður. En tilefni til þess að endurskoðun á l. þessum fór fram var það, að það var samþykkt á Alþingi 1968 þáltill. um það að láta fara fram endurskoðun á l. um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis og var jafnframt tekið fram, að stefnt skyldi að því með endurskoðuninni að gera utanríkisþjónustuna hagkvæmari og ódýrari en nú er. Og enn fremur var tekið fram, að þessi endurskoðun skyldi gerð í samráði við þingflokkana, og það hefur nú verið gert og er það nokkuð rakið í grg. með þessu frv., hvernig að þessari endurskoðun var staðið, og skal ég ekki fjölyrða um það, en árangurinn liggur nú fyrir með þessu frv. Og það verður að segjast eins og er, að með þessu frv. hefur nú ekki tekizt að ná því markmiði, sem var sett svona sem annað atriði í þeirri þáltill., sem ég minntist á, að gera utanríkisþjónustuna ódýrari. Ég býst ekki við, að það sé hægt að benda á nein ákvæði í þessu frv., sem út af fyrir sig stuðli beint að því að gera utanríkisþjónustuna ódýrari en hún er nú. Og það má kannske segja, að við, sem um þetta höfum þá fjallað í n., höfum rekið okkur á það, að það mundi út af fyrir sig ekki vera svo auðvelt að koma við þar miklum sparnaði. Þó er það nú svo, að þar er margs að gæta. Auðvitað er það álitamál, hvenær utanríkisþjónusta sé dýr og hvenær hún sé ódýr og við hvað á að miða í því sambandi. Auðvitað er okkar utanríkisþjónusta ákaflega ódýr, ef við ætlum að bera hana saman við önnur lönd. Það er stundum talað um það, að starfsmenn utanríkisþjónustunnar muni vera vel launaðir. Það eru þeir kannske, þegar allt kemur til alls, miðað við aðra íslenzka embættismenn. En aftur á móti alls ekki, þegar miðað er við sams konar embættismenn hjá öðrum þjóðum, þ. e. a. s. diplómatíska sendimenn, því að þá er það vafalaust staðreynd, að íslenzkir, útsendir sendiherrar eru t.d. líklega ⅓ lægri í launum heldur en Norðmenn yfirleitt, en Norðmenn munu vera þeir af Norðurlandaþjóðunum, þar sem sendimennirnir eru lægst launaðir. Það getur auðvitað verið álitamál, hvað á að verja miklum hluta af ríkisútgjöldum til utanríkisþarfa. Ég hygg, að það sé nú líklega um 1% eða kannske ekki langt frá því, ég er ekki alveg viss um það, en það má segja, að það sé kannske ekki óeðlilega mikið í sjálfu sér. En aðalatriðið er, að utanríkisþjónustan sé hagkvæm og hún geri það gagn, sem til er ætlazt, og það var annað atriðið í þessari þáltill., sem var sett fram sem mark fyrir þeirri endurskoðun. Og ég býst satt að segja við því, að það sé nú ekki hægt heldur að segja, að það séu í þessu frv. neinar stórfelldar breytingar í þá átt að gera utanríkisþjónustuna hagkvæmari heldur en hún hefur verið. Og sannast að segja er það svo, að í þessu frv. er ekki um að ræða neinar stórfelldar breytingar frá fyrri lögum og þeim starfsháttum, sem fylgt hefur verið, ekki stórfelldar. En þrátt fyrir það tel ég þetta frv. á ýmsan hátt til bóta.

Lögin um utanrrn. og fulltrúa þess erlendis eru ófullkomin á ýmsan hátt eins og eðlilegt er, þegar þess er gætt, hvernig til þeirra var stofnað. Þau voru sett í skyndi, í upphafi sem brbl., og í raun og veru litlu bætt þar við og þau hafa staðið óbreytt síðan. Og það er víst, að í þessu frv. eru fyllri ákvæði um ýmis þessi atriði og það tel ég til bóta. Hitt er svo

annað mál og það vil ég taka skýrt fram, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, er niðurstaða nokkurrar málamiðlunar, því að einstakir nm. höfðu skiptar skoðanir um ýmis atriði, sem hér komu til álita, og lögðu meira að segja fram till. þar um. En niðurstaðan varð nú sú, að afgreiða frv. þannig, að allir nm. gætu að því staðið, en þó með fyrirvara þannig, að þeir áskildu sér rétt til þess að fylgja eða flytja brtt. En þau ágreiningsatriði má segja, sem upp komu í starfi n., voru svona meira lögð til hliðar. Og ég vil segja það, að það eru viss atriði þarna í þessum efnum, sem ég hefði kosið á annan veg og ég hef nokkuð sérstakar skoðanir á. Og þá er það fyrst í sambandi við 1. gr. Ég hefði talið það heppilegra, að það væri nokkuð kveðið fastara að orði um hlutverk utanríkisþjónustunnar og utanrrn. Og þá er það sérstaklega eitt meginatriði, sem skiptar eru skoðanir um, og ég hef áður látið í ljós við annað tækifæri mína skoðun á því efni. Það var þegar hér voru til meðferðar l. um Stjórnarráð Íslands. Ég er þeirrar skoðunar, að auk þeirra hefðbundnu hlutverka, sem hver utanríkisþjónusta hefur eðlilega með höndum, eins og stjórnmálasamskipti, menningarsamskipti, upplýsingaþjónustu, vernd íslenzkra manna erlendis o.s.frv. o.s.frv., þá eigi höfuðhlutverk íslenzkrar utanríkisþjónustu að vera viðskiptamál, markaðsmál og markaðskönnunarmál. Og það er í samræmi við þessa skoðun, að ég tel, að viðskiptamálin eigi að vera í höndum utanrrn. Ég tel þann klofning, sem hér á sér stað í utanrrn. annars vegar og viðskmrn. hins vegar, alveg óeðlilegan og óheppilegan. Ég tel, að viðskmrn. þyrfti ekkert sérstakt að vera. Ég tel, að höfuðþættir þeirra mála, sem nú falla undir viðskmrn., eigi heima í utanrrn. og þeir málaþættir eigi að vera eitt aðalhlutverk utanrrn. Það eigi bæði að fjalla um þá að því er varðar samningagerð, að því er varðar alþjóðastofnanir o.s.frv. Það eigi að fjalla um öll þau mál og alveg sérstaklega um markaðsmálin og viðskiptamálin yfirleitt. En aðrir þættir, sem viðskmrn. fer með, gætu vel lotið undir önnur rn. Annars læt ég það út af fyrir sig mér í léttu rúmi liggja, hvort viðskmrn. stendur eða ekki, en ég held bara, að viðskiptamálin, utanríkisverzlunin eigi heima í utanrrn. Ég held nú reyndar, að það hafi verið nokkuð lengi þannig, að það hafi verið starfandi sérstök viðskiptadeild utanrrn. eða eitthvað þvílíkt, ef ég man rétt. En þetta virðist hafa nokkuð breytzt og þó svo, að þetta virðist ekki einu sinni vera alveg ljóst, hvað fellur undir utanrrn. og hvað undir viðskmrn. Þetta sjónarmið kom að sjálfsögðu fram í þeirri n., sem frv. samdi, og ég held, að það sé óhætt að segja, að það hafi verið talsvert ríkur skilningur þar á þessu sjónarmiði. Samt sem áður náði það nú ekki fram að ganga og frv. er þannig úr garði gert, eins og það er. Að vísu segir þarna í 2. lið upptalningarinnar í 1. gr., að utanríkisviðskipti falli undir utanrrn., en ég geri ráð fyrir því, að það verði nú að telja, að það sé aftur takmarkað af því, sem seinna kemur, þar sem gert er ráð fyrir því, að það kunni að vera undantekning þar frá gerð í lögum eða með forsetaúrskurðum og það er sjálfsagt þannig í utanrrn. Þetta tel ég eitt meginatriði í sambandi við utanríkisþjónustuna, hvaða hlutverk henni er ætlað. Og þetta er í rauninni undirstaða undir þessari lagasetningu, hvaða línu maður tekur í þessu efni. En eins og ég sagði, þá er þetta sjónarmið ekki ofan á í n. Það er að sjálfsögðu til athugunar hér, hvort menn vilja gera tilraun til þess að fá þessu breytt. Ég hef ekki mikla von um, að það sé þingmeirihluti fyrir því að breyta þessu, en þetta er nú mín skoðun.

Þá vil ég geta um það í sambandi við 3. gr., að þar segir, að yfirstjórn utanríkismálanna er hjá utanrrn. Ég hefði kosið, að þetta hefði verið orðað nokkuð á annan veg, og hreyfði ég því sjónarmiði. Og þarna hefði ég viljað undirstrika það, sem ég álít, að eigi að vera höfuðþáttur í utanríkismálum, að það er Alþingi, sem á að hafa veruleg ítök í meðferð utanríkismálanna og á að láta þau sig verulega skipta. Og Alþ. hefur að vísu sett upp sérstaka n. líka til þess að sinna þeim málum, utanrmn. Þess vegna hefði ég kosið, að þetta hefði verið orðað svo, að yfirstjórn utanríkismála er í höndum utanrrh. og utanrmn. Ég hefði talið það heppilegast að tvinna þetta saman. Það kemur að vísu svo fram í öðrum ákvæðum þessa frv., að utanrmn. eru ætluð viss hlutverk í þessu sambandi, en ég hefði talið það heppilegra, að það hefði komið þarna fram sem höfuðstefna í þessu ákvæði og það undirstrikað á þennan hátt, sem ég nefndi, að utanrmn. er sem fulltrúa Alþ. virkilega ætlað að hafa hönd í bagga með meðferð utanríkismálanna. Og þetta er þeim mun nauðsynlegra að hafa þennan hátt á, af því að utanríkismálin eru nú einu sinni í eðli sínu þannig, að það er ekki alltaf heppilegt að ræða þau opinskátt á Alþ. beint eins og önnur innanlandsmál, en þar af leiðir að því nánara samstarf þarf að hafa við utanrmn. um þessi efni.

Ég tel til bóta, að það skuli hafa verið ákveðið eins og stendur í 4. gr., að það skuli ákveða með forsetaúrskurði, hvar sendiráð skuli vera og fastanefndir. En eins og nú er er það ríkisstj., sem ákveður þetta, — ríkisstjórnarúrskurður, ef ég man rétt. Það er að vísu sums staðar svo, að það er beinlínis ákveðið með lögum, hvar sendiráð skulu vera, og hefði vissulega mátt hugsa sér að taka það skipulag upp hér. En það var nú ekki horfið að því, heldur látið við þetta sitja og það er til bóta, eins og ég sagði. Það er einnig tekið fram þarna í 4. gr., að það skuli haft samráð við utanrmn. um ákvarðanir samkv. þessari gr. Ég fyrir mitt leyti gæti vel hugsað mér, að þarna væri kveðið fastara að orði, það væri fengið samþykki utanrmn. til þess, áður en nýtt sendiráð væri sett á stofn. Ég get búizt við því, að framkvæmdin verði sú og framkvæmdin ætti a.m.k. að verða sú, að utanrrh. ber þetta auðvitað undir utanrmn. áður en endanleg ákvörðun er tekin um þetta efni. En líklegt má að vísu telja, að hann hagi sínum gerðum í samræmi við þann meirihlutavilja, sem þar kemur fram. En ég hefði talið

það allt eins heppilegt, að þarna hefði verið tekið alveg af skarið og kveðið fast að orði.

Það hafa verið gerðar nokkrar breytingar á þessu frv. frá því í fyrra, og það er nú eins og hæstv. ráðh. vék að, að það eru mestmegnis orðalagsbreytingar, sem að vísu geta verið álitamál margar hverjar, eins og t.d. þetta að breyta ræðismannsskrifstofunni í ræðisskrifstofu. Um það ræði ég ekki. Það er nánast smekksatriði. Það er kannske líka sú breyting, sem gerð hefur verið á 10. gr., sem getur verið spurning um, en skiptir nú ekki miklu máli í reynd. En það er aftur á móti breyting sú, sem gerð hefur verið á 11. gr., sem ég held, að þurfi athugunar við hjá þeirri n., sem fær þetta til meðferðar. Því er að vísu haldið, sem í n. var lögð mikil áherzla á, að það væru möguleikar til þess, að það væru sérstakir viðskiptafulltrúar í sendiráðum erlendis, en jafnframt gert ráð fyrir því, að það væru útflutningsfyrirtæki, sem stæðu að þeim á einhvern veg og stæðu undir kostnaði af þeim. Þetta hefur nú verið fellt niður, þannig að nú er aðeins gert ráð fyrir því, að viðskiptafulltrúar geti verið skipaðir þarna í sendiráðin og hvert þeirra hlutverk skuli vera. Það má vel vera, að þetta sé opnara og heppilegra að hafa þetta svona. Það eru engin ákvæði um það. Það má segja, að eftir sem áður geti rn. samið við þessa aðila um að standa að einhverju leyti undir kostnaði við þetta, en mín hugsun a.m.k. í þessu sambandi var sú, að þetta væru menn, sem væru ekki skipaðir með sama hætti og aðrir starfsmenn í utanríkisþjónustunni ævilangt eða svo til, heldur væru þetta menn, sem væru ráðnir til ákveðins og stundum til skamms tíma. Það væru menn, sem hefðu sérstakan áhuga á þessum málefnum, hefðu sérstakra hagsmuna að gæta í sambandi við þetta. Ég held, að — það má að vísu hreyfa vissum aths. gegn því, það má segja, að það komi til kannske tortryggni hjá öðrum útflutningsfyrirtækjum o.s.frv., — þetta mundi nú gefast einna bezt að hafa slíka fulltrúa beinlínis úr útflutningnum og atvinnugreinunum, sem störfuðu um skeið að þessum málum í sendiráðum.

Það er nýmæli í þessu frv., að tekið er upp ákvæði í 13. gr. um eftirlitsmann sendiráða. Og það er sagt: „Heimilt er að fela embættismanni utanrrn. að vera sérstakur eftirlitsmaður sendiráða og ræðisskrifstofa.“ Það er sagt, að það hafi nú tíðkazt, þó að þetta hafi nú ekki verið í l., að ráðuneytisstjóri hafi a.m.k. farið öðru hverju til þessara skrifstofa og heimsótt þær. Það, sem ég hef haft í huga með þessum eftirlitsmanni, og þetta er nú ekki ný hugmynd hér, því að þetta er tekið að verulegu leyti eftir dönskum lögum um þetta efni, það er það, að þetta sé nokkuð sjálfstæður maður, sjálfstæður starfsmaður, ekki endilega ráðuneytisstjóri, því að ég álít, að hann geti einmitt verið á ýmsan hátt viðriðinn þau málefni, sem þarna þurfa að koma til skoðunar, hann sé ekki eða þurfi ekki alltaf að vera heppilegasti maðurinn til þess að vera eftirlitsmaður. Ég álít, að þetta þurfi að vera maður, sem hefur nokkuð sérstakan og sjálfstæðan „status“, hvort sem hann tilheyrir nú utanrrn. eða stendur að einhverju leyti utan við það, sem hefði það hlutverk að heimsækja sendiráðin, athuga starfsháttu þar, athuga, hvernig á væri haldið með greiðslur og fleira í því sambandi, væri sem sagt eins konar „krítískur“ endurskoðandi á þá starfsemi, sem þar fer fram. En það er auðvitað, að þó að allt séu þetta aðgætnir menn, sem í þessari þjónustu eru, þá eru þeir fjarri okkur og ekki undir neinu daglegu aðhaldi, en þurfa auðvitað eins og aðrir menn á einhverju aðhaldi einhvers staðar að halda. Ég held þess vegna, að það væri athugandi, hvort það ætti ekki að skerpa þetta ákvæði að einhverju leyti, ef á því þarf að halda.

Þá vil ég nefna það, að viðvíkjandi því, sem segir í 14. gr. um staðaruppbótanefndina, þá kom fram sú hugmynd um staðaruppbætur, og í samræmi líka við það, sem tíðkast sums staðar, að það væri sett upp sérstök nefnd, sem ákvæði staðaruppbætur, og ég hafði hugsað mér, að það gæti verið sú samsetning á henni, að í henni ætti sæti einn maður frá utanrrn. og einn maður frá fjmrn. og þrír menn frá fjvn. Alþ. Ég held, að það gæti líka að því er þessa hlið málanna varðar verið heppilegt fyrir alla aðila, að fjárveitingavaldið væri tengt þessu og hefði nánari kynni af þessu heldur en það hefur nú og gæti kynnt sér þetta nánar. En á þetta sjónarmið var nú ekki fallizt. En það gæti einmitt verið rétt, að n. sú, sem þetta frv. kannar nú nánar hér í d., taki þetta til athugunar. Og eins og ég nefndi, þá eru sem sagt í þessari síðustu endurskoðun viss atriði, sem hefur verið breytt lítils háttar, eins og t.d. hefur verið felld niður sú heimild, sem er þarna í þessu frv., eins og það kom nú frá n. upphaflega, að þessir sendimenn höfðu heimild til að gefa saman hjón. Það er náttúrlega atriði, sem ekki skiptir neinu höfuðmáli, en heimild til þess arna eða réttara sagt, það er gert ráð fyrir því í l. um stofnun og slit hjúskapar, að þessir menn hafi slíka heimild, það skuli ákveðið með forsetaúrskurði — eða konunglegri tilskipun er það nú víst, hvenær það komi til framkvæmda og það er að mínum dómi ekkert óeðlilegt, að það verði samræmi á milli þessara laga og laga um stofnun og slit hjúskapar. En það er, eins og ég sagði, náttúrlega algert aukaatriði.

Það er eðlilegt, að við höfum vakandi auga á utanríkisþjónustunni. Fyrst og fremst þarf að gera sér grein fyrir því, hvaða hlutverki hún á að gegna, og það er höfuðatriðið að reyna að gera hana þannig úr garði, að hún geti sinnt því höfuðhlutverki. Svo þarf auðvitað smáþjóð eins og við að fylgjast vel með því, að það sé gætt ýtrustu sparsemi í sambandi við þetta, og það er, eins og ég sagði, kannske ekki svo gott að benda ákveðið á það, að þar sé hægt að spara. Auðvitað er þess að geta, að það eru uppi hugmyndir og hafa verið uppi hugmyndir um það, að það mætti skipa þessum málum að nokkru leyti á annan veg en gert hefur verið. Það hefur t.d. verið mjög haft á orði að undanförnu, að það væri nokkur óþarfi að hafa sendiráð á Norðurlöndunum þremur. Það mætti jafnvel láta sér

nægja að hafa eitt sendiráð fyrir Norðurlöndin öll. Af þessu mundi kannske verða nokkur sparnaður. Þetta hefur m.a. verið rökstutt með því, að eftir því sem starfsemi Norðurlandaráðs færðist í aukana og settar væru á stofn eiginlega fastar stofnanir á þess vegum, þ. á m. ráðherranefnd, þá væri möguleiki á því að spara eitthvað utanríkisþjónustuna á milli þessara landa. En það hefur nú ekki orðið að ráði enn þá og ég geri ráð fyrir því, að það sé ekki hægt fyrir okkur að skera okkur úr í því efni, nema um það gæti orðið samkomulag á milli þessara landa að skipa þessu á annan hátt en verið hefur. En vissulega kemur það til athugunar. Og vissulega er það svo, að eðli utanríkisþjónustunnar hefur breytzt á síðustu árum, eins og allir þekkja. Hlutverk sendiherra, útsendra manna, er náttúrlega nú talsvert annað heldur en áður var, þegar ekki var hægt að hafa samband við þá nema endrum og eins og þeir urðu sjálfstætt stundum að taka ákvarðanir, sem haft gátu stóra pólitíska þýðingu. Nú er þetta á annan veg. Eins og kunnugt er, er hægt að hafa daglegt samband við þá, þeim gefin fyrirmæli og þeir fara eftir þeim. Samskiptin eru líka orðin á allt annan veg en áður, þannig að það eru settar upp alþjóðastofnanir á æ fleiri sviðum, við tökum þátt í þeim og þá gæti maður látið sér detta það í hug, að þær gætu leyst af hólmi a.m.k. vissa þætti, sem þessi sendiráð hafa annazt. Þess vegna er það vissulega ekkert óeðlilegt, þó að menn séu að íhuga þessi mál og þau hafi verið íhuguð einmitt nú að undanförnu hjá ýmsum þjóðum, hvort það sé ekki hægt að gera ýmsar endurbætur í þessum efnum og skipa þessum málum á annan veg en gert hefur verið. Ég held t.d., að það hafi verið starfandi og séu kannske starfandi enn nefndir í þessum málum, t.d. í Kanada og Svíþjóð, sem hafa átt að rannsaka það, hvort það væri ekki hægt að koma utanríkisþjónustunni fyrir að einhverju leyti á annan veg en gert hefur verið. Ég veit nú ekki um árangur af starfi þessara nefnda eða annarra, sem kannske annars staðar hafa verið starfandi, en það væri fróðlegt fyrir n., sem fær þetta frv. til meðferðar, að fá um það upplýsingar í gegnum utanrrn., hvernig starfi þessara n. hefur miðað áfram og hver árangur liggur fyrir af því. Ég held, að þó að það séu ekki neinar stórfelldar breytingar eða endurbætur í þessu frv., þá sé það þó spor í rétta átt og þess vegna er ég, eins og reyndar kemur nú fram í því, sem í þessu frv. greinir, í meginatriðum sammála því, að þetta frv. sé samþykkt og afgreitt, enda þótt það séu ýmis atriði í því, sem ég hefði kosið, að hagað hefði verið á annan hátt. En það er áreiðanlegt, að þetta er nokkur endurbót frá þeim lögum, sem farið er eftir nú, en að sjálfsögðu þarf alltaf að huga að þessum málum og ekki binda sig of fast við það, sem verið hefur og tíðkazt hefur, en það er náttúrlega í þessum efnum eins og öðrum, að þeim mönnum, sem að þessum málum vinna og mynda svona eins konar embættismannasveit, hættir nú til þess að verða í sumum greinum nokkuð íhaldssamir og vilja halda í það skipulag, sem þeir hafa vanizt við og alizt upp í, og þetta kemur náttúrlega fram í þeim alþjóðasamþykktum, sem gerðar hafa verið um þessi efni, og nú síðast í þeirri, sem lögð hefur víst verið fyrir Alþ., þ.e.a.s. samþykktinni, Vínarsamþykktinni frá 1961 um þessi réttindi sendimanna, að þar er nú kannske sitthvað upp tekið, sem maður hefði getað haldið, að fallið hefði fyrir tímans tönn, en samt er haldið í. Þess vegna þurfa leikmenn, ef ég svo má segja, að fylgjast með í þessum efnum líka og huga að því, hvernig þessum málum verði bezt fyrir komið. En eitt vil ég leggja áherzlu á, að það er nauðsynlegt, að menn átti sig á því, að utanríkisþjónustan er mikilvæg fyrir okkur Íslendinga og við megum ekki vanmeta hana á neinn hátt. En það er einmitt vegna þess, hvernig sagan hefur verið, því að það má segja, að það sé tiltölulega skammur tími síðan við fórum að fást við utanríkismálin, þar sem önnur þjóð fór með þau lengi, að það hefur e.t.v. skort nokkuð á skilning hér á þýðingu þessarar greinar og á þýðingu og mikilvægi utanríkisþjónustunnar. En það á nú vafalaust fyrir sér að breytast.

Herra forseti. Ég skal nú ekki hafa þessi orð fleiri. Ég vildi aðeins setja fram þessar hugleiðingar við 1. umr. hér, þannig að n. gæti leitt hugann að þeim sjónarmiðum, sem ég hef hér drepið á, en þar með er ekki sagt, að ég ætli að fara að gera þau að sérstöku ágreiningsefni hér eða halda þeim til streitu.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég vildi nú aðeins fyrst mega þakka hv. 1. þm. Norðurl. v. fyrir, hvernig hann hefur tekið undir frv. Hann telur, að í því sé ýmislegt, sem til bóta stefni, þó að sitthvað kunni að vera, sem gæti orkað tvímælis. Ég skal strax minnast á 1. gr. í þessu sambandi, þar sem segir — eða 2. gr. er það nú — að utanríkisþjónustan fari með utanríkismál og gæti hvarvetna hagsmuna Íslands um stjórnmál, öryggismál, utanríkisviðskipti og menningu. Þar er þetta stóra atriði, sem menn hefur greint á um. Það er um, á hvern hátt viðskiptamálunum sé komið fyrir, bæði í utanrrn. og í viðskmrn. Núna er sá háttur hafður á, að utanrrn. gerir alla viðskiptasamninga, sem gerðir eru við erlend ríki, en viðskmrn. sér um framkvæmdina. Þetta eru höfuðlínurnar, sem farið er eftir. Það orkar nú ekki beinlínis tvímælis, eins og hv. þm. vildi halda fram, að mörkin væru óljós á milli starfseminnar á milli þessara tveggja rn. Svo hefur utanrrn. meiri afskipti af viðskiptamálum. Við höfum t.d. í mörgum sendiráðum sendifulltrúa, sem um leið eru nokkurs konar viðskiptafulltrúar. Ég get nefnt ýmis sendiráð, sem hafa menn, sem ræða við erlend verzlunarfyrirtæki, ræða um sölu á íslenzkum afurðum og kaup á erlendum. Og þessir menn hafa á þeim stöðum, þar sem þeir hafa verið starfandi, gert, ég vil segja, mikið gagn. En svo er aftur um það, hver eigi að kosta þessa menn, hvort það eigi að vera einhver viðskiptasamtök eða firmu jafnvel, sem kosti þá, þá hefur það ekki náð fram að ganga. Það hefur verið gerð tilraun með

það. Ég minnist sérstaklega eins tilfellis, þar sem við buðum upp á, að við skyldum skaffa þessum aðilum, sem sjá sér hag í því að halda þessum fulltrúum uppi, við skyldum útvega þeim húsnæði, símaþjónustu, skrifstofustúlku og annað, sem þeir þyrftu til starfseminnar, en þessi fyrirtæki, sem að þeim áttu að standa, þyrftu bara að borga laun viðkomandi manns. Þetta tókst ekki. Við reyndum æ ofan í æ að fá þessa menn til þess að kosta þessa sendifulltrúa, sem svona væru tilkomnir, sem raunverulega voru ekki sendifulltrúar, því að þeir voru ekki hugsaðir á vegum utanrrn., heldur á vegum þeirra samtaka eða viðskiptafyrirtækja, sem kostuðu þá að launum til. Sendiráðið skyldi bara sjá þeim fyrir starfsaðstöðu, svo að þeir gætu innt starfið af hendi þess vegna. Það eru til bæði viðskiptafulltrúar með því nafni og líka aðrir, sem ekki hafa nafnið. Þeir eru nokkurs konar sendifulltrúar, sem vinna sín störf af áhuga, eins og hér var líka bent á, að þyrfti að vera og ekki gagn í öðrum mönnum en þeim, sem hafa verulegan áhuga fyrir því starfi, en ég held, að það sé nú hægt samkv. ákvæðum 11. gr. að ráða menn til þessara starfa, ef áhugi hjá viðskiptafyrirtækjum er fyrir hendi, og það er líka hægt fyrir rn., ef það telur nauðsyn bera til þess, að kosta þessa menn til sérstakra starfa, — náttúrlega má alltaf deila um það hvernig beri að skipta á milli rn. og þeirra, sem þeir vinna fyrir. En eins og ég sagði áðan, eru höfuðreglurnar fyrir skiptingu þessar, að utanrrn. annast samningagerðina, viðskmrn. framkvæmdina og hún hefur verið hjá þeim í ýmsum greinum núna mjög langan tíma.

Við önnur atriði, sem hv. þm. ræddi nú vítt og breitt um — utanríkisþjónustuna yfirleitt — hef ég síður en svo neitt að athuga. Ég vil gjarnan að menn geri grein fyrir sínum skoðunum á þessum málum og láti sitt álit í ljós. Ég held, að það sé ágætt, að þau séu rædd hér. Hann minnti á, hv. þm., að í þáltill., sem samþykkt var 1968 um endurskoðun á utanríkismálum, hefði verið sagt, að grundvallarlínan í þessari endurskoðun hefði átt að vera sú, að þessi þjónusta ætti að verða betri, fullkomnari og ódýrari. Það er náttúrlega ekki alveg gott að samræma þetta allt, en þó ekki ómögulegt mundi ég segja. Og við verðum að gæta þess, að við Íslendingar höfum stjórnmálasamband við yfir 40 ríki og til þess að stunda þetta samband á milli Íslands og þessara 42 ríkja eru aðeins 11 útlend sendiráð. Eitt sendiráð er t.d. yfir alla Ameríku, bæði Norður-Ameríku og Suður-Ameríku og mörg ríki í hvorum hlutanum. Og það er náttúrlega ekki von, að þetta sé hægt að gera á svo stóru svæði nema því aðeins, að það kosti einhverja peninga. En kostnaðurinn við þetta hefur verið takmarkaður, mundi ég segja, með því að láta sama manninn vera víðar en á einum stað og meðaltalið er, að hver útsendur sendiherra er í 4 löndum. Sumir sendiherrar eru miklu víðar, aðrir eru kannske á færri stöðum.

Hvað viðvíkur sendiherrunum á Norðurlöndum, þá er það rétt, að það mætti sýnast kannske óþarflega mikill tilkostnaður að hafa sendiherra í hverju landi. En ég vil taka það fram sérstaklega út af því, að allir þessir Norðurlandasendiherrar eru líka sendiherrar í öðrum löndum og sumir í mörgum. Viðskipti okkar við Norðurlöndin, bæði efnahagsleg, viðskiptaleg, menningarleg og á ýmsum fleiri sviðum gera það að verkum, að við þurfum að hafa mann á hverjum stað. Það er ekki hægt að komast hjá því, einhvern mann, þó að hann sé ekki sendiherra, verðum við að hafa, þá verður að vera opin skrifstofa með a.m.k. einum manni, sem getur gegnt þar störfum. Og ég held, að það sé núna eins og er ekkert af Norðurlandasendiráðunum nema í Danmörku, sem hefur meira en einn aðstoðarmann og eina stúlku og minna væri sjálfsagt ekki hægt að komast af með, þó að það væri ekki nema eitt sendiráð fyrir öll Norðurlöndin. Það yrði að vera afgreiðslustaður, sem gerði það mögulegt, að það væri hægt að hafa daglegt samband, bæði heim hingað til Íslands eða til sendiráðsins, hvar sem það væri, þess eina sendiráðs, sem upp yrði þá sett, og svo til manna í landinu, sem þyrftu að ná sambandi við það. En ég held, að þetta tvennt, bæði það, að það verður að vera skrifstofa í öllum löndunum, þó að þar væri kannske ekki nema einn maður og ein stúlka, þá yrði þetta afskaplega lítið ódýrara heldur en að hafa reglulegt sendiráð á hverjum stað. Og svo hitt, að allir þessir menn eru sendiherrar, sumir á tveimur stöðum erlendis í öðru landi og sumir í þremur, þannig að það er ekki gott að takmarka þetta mikið meira heldur en orðið er.

Kostnaðurinn í heild við utanríkisþjónustuna. Hv. þm. tæpti á því og alveg réttilega, að hann væri í kringum 1% af heildarútgjöldum ríkisins, en stundum hefur hann farið niður í 0.8% eða 0.9%, það er svolítið misjafnt eftir árum og hann hefur ekki vaxið, ekki að prósentutölu, þó að sendiráðum hafi fjölgað, og það þýðir, að kostnaðinum hefur verið haldið í skefjum. Og ég held meira að segja að kostnaðurinn hjá því landinu, sem kannske er okkur skyldast af Norðurlöndunum og líkast að ýmsu leyti, heildarkostnaðurinn við utanríkisþjónustuna sé ekki minni heldur meiri en þetta. Að vísu eru sendiráðin fleiri, en heildarprósentan er líka hærri. Og þess vegna er ég ekki trúaður á, að ef þessi þjónusta á að verða að gagni, þá sé unnt að koma kostnaðinum við hana mikið niður fyrir þetta 0.8, 0.9, 1% eða eitthvað þess háttar af heildarútgjöldum ríkisins. Og ég verð að segja það, að ég álít þar vel varið peningum. Ég þekki mörg tilfelli, þar sem sendiherrar okkar erlendis margir hafa getað sparað landinu tugi millj., og ég vil segja hundruð millj. sumir hverjir, með sínu starfi á þessum stöðum. Þeir vissulega vinna fyrir sínum launum og þjóðin er ekki á þeim buxunum nú, getur maður sagt, að hún geti sleppt starfi þessara manna eða fellt það niður.

Hv. þm. minntist á ýmis önnur atriði, sem ég skal ekki fara mikið út í. Hann minntist á utanrmn. og taldi, að hún ætti að hafa meiri áhrif heldur en hún

hefur á afgreiðslu mála. Utanrmn. var, eins og allir hv. alþm. þekkja, á tímabili óvirk og ég tel það hafa verið mjög miður, að hún var það. En því hefur nú verið kippt í lag, þannig að hún hefur náið samband við utanrrn., og það hefur verið upp á síðkastið, held ég, að ég megi segja, gott samband á milli þeirra, þannig að það hefur ekkert farið fram hjá hvorugum aðilanum það, sem hinn hefur haft áhuga fyrir. Ég held þess vegna, að hv. Alþ. geti treyst því, að sambandið við utanrmn. verði í lagi og hún geti stutt fingrinum á þá punkta eða þau atriði, sem hún vill láta athuga sérstaklega, og geti fylgzt með því starfi í einu og öllu eins og hún óskar eftir.

Eftirlitsmenn má náttúrlega setja og það er haft eftirlit með sendiráðum og útgjöldum þeirra. Ég held, að þar skorti ekki á. Að það þyrfti að vera einhver sjálfstæð stofnun eða sjálfstæður maður, sem ekki væri tilheyrandi utanrrn., held ég að sé óþarfi, því að það eftirlit, sem haft hefur verið, hefur verið á þann hátt, að það hefur verið venjulega eitthvað í sambandi við endurbætur á húsnæði, húsgögnum eða ýmsum útgjöldum, sem kannske hafa getað orkað tvímælis, þá hefur venjulega verið sendur maður frá utanrrn. og annar frá húsameistara ríkisins eða einhver, sem hefur vit á þeim hlutum, sem um var að ræða, sérstaklega „teknískt," og þeir hafa í sameiningu gert till. um, hvernig með skuli fara, það sem í því tilfelli hefur valdið ágreiningi.

Ég sagði það í byrjun, að ég hefði ekki hugsað mér að ræða frvgr. hverja fyrir sig, af því að ég taldi, að það hefði verið gert, þegar málið var lagt hér fram í fyrra, þó að það væri ekki í þessari d., en ef umr. um utanríkisþjónustuna eru taldar nauðsynlegar, þá er ég síður en svo nokkuð á móti þeim, og ég mundi meira að segja verða feginn því, að þessar umr. gætu farið fram. Ég hef nú tekið upp þann hátt, eins og hv. þm. vita, að leggja fram skýrslu um utanríkismál og hvernig með þau hefur verið farið á liðnu ári og ég vonast til að geta gert það enn nú innan skamms. Og það er út af fyrir sig líka hlutur, sem gott er að ræða og gera sér ljóst, en það er kannske ekkert síður nauðsynlegt að ræða um þjónustuna sjálfa og hvernig hún hefur verið útfærð, ef svo má segja „tekníska" eða í framkvæmd, því að það getur náttúrlega oltið á ýmsu, hvernig það er gert. En ég held, að óhætt sé að fullyrða það, að við séum það vel settir, að við höfum marga ágæta menn í okkar utanríkisþjónustu, sem leysa sitt starf af hendi vel og ágætlega og sóma sér vel erlendis.

Ég vil svo, herra forseti, aðeins endurtaka það, sem ég lagði til hér áður, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn. og það fái afgreiðslu á þessu þingi, því að mér er talsvert í mun, að málið vefjist ekki á milli þinga ár eftir ár, og svo koma nýir menn á næsta þingi og hafa kannske áhuga á allt öðru. Ég vildi, að þeir menn, sem hafa haft það til meðferðar, gætu lokið við afgreiðslu málsins á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 374, n. 540).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. til l. um utanríkisþjónustu Íslands, sem hér er til umr., er ætlað að leysa af hólmi gildandi l. um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis, sem sett voru á árunum 1940—1941, fyrst sem brbl. og síðan sem almenn l., eftir að Íslendingar þurftu með óvæntum hætti, vegna styrjaldaraðgerða í Evrópu, að taka meðferð utanríkismála í sínar hendur nokkru fyrr en stefnt var að. Það gefur augaleið, að þessi 30 ára gamla löggjöf um utanríkismálefni hentar okkur ekki lengur, svo mjög sem alþjóðleg samskipti hafa aukizt og breytzt á árunum eftir heimsstyrjöldina síðari, enda hefur utanríkisþjónusta okkar nú miklu fleiri verkefnum að sinna heldur en í upphafi.

Breytingarnar, sem í frv. þessu felast miðað við lögin frá 1941, eru einkum þessar: Hlutverk utanríkisþjónustunnar er skilgreint og taldar upp stofnanir, sem undir utanríkisþjónustuna heyra. Settar eru reglur um forstöðumenn fastanefnda hjá alþjóðastofnunum, fastir starfsmenn utanríkisþjónustunnar eru greindir í flokka. Heimilt er að ráða menn í utanríkisþjónustuna til að gegna sérstökum fulltrúastörfum tiltekinn tíma, svo sem blaðafulltrúa og menningarfulltrúa, svo og viðskiptafulltrúa, sem vinna skulu að markaðsleit fyrir íslenzkar afurðir og auknum viðskiptum við aðrar þjóðir.

Þá eru í frv. reglur um sérstakt eftirlit með sendiráðum og ræðisskrifstofum og ákvæði um aðkallandi hlunnindi fyrir starfsmenn utanríkisþjónustunnar. Sum þessara laganýmæla eru í rauninni ekki ný af nálinni, heldur hefur þeim verið beitt í framkvæmd um alllangt skeið, en nú er meiningin að lögfesta þau.

Undanfari þessa frv. er frv. svipað að efni til, er lagt var fyrir Nd. á síðasta þ., en dagaði þá uppi. Fyrir þeim breytingum, er gerðar voru á fyrra frv. og felast í þessu nýja frv., gerði hæstv. utanrrh. grein við 1. umr. málsins. En fulltrúar fjögurra stjórnmálaflokka hafa á undirbúningsstigi fjallað um þetta frv., sem hér liggur fyrir, og haft áhrif á endanlega gerð þess.

Þó þetta frv. verði samþykkt, sem vonir standa til, er ljóst, að áfram standa í gildi önnur lagaákvæði, er varða utanríkismál og utanríkisþjónustu. Þar má einkum til nefna annars vegar ákvæði l. um þingsköp Alþ. um utanrmn., en þar segir, að til utanrmn. skuli vísað utanríkismálum. Segir þar enn fremur, að utanrmn. starfi milli þinga og skal rn. ávallt bera undir hana utanríkismál, sem

fyrir koma milli þinga. Þá má nefna lög um Stjórnarráð Íslands, þar er svo kveðið á, að hvert rn. skuli óskipt lagt til eins og sama ráðh. og gildir það sjálfsagt um utanrrn. eins og önnur rn. Ennfremur segir í l. um Stjórnarráð Íslands, að stjórnarmálefni heyri undir rn. eftir ákvæðum reglugerðar, sem forseti Íslands setur samkvæmt tillögu forsrh. Nú fara utanrrn. og viðskmrn. með nokkuð skylda málaflokka, eins og fram hefur komið, og ber þá að kveða á um það með reglugerðarákvæði, hvað undir hvort rn. heyrir.

Þessu frv. var vísað til allshn. N. kvaddi á sinn fund ráðuneytisstjórann í utanrrn., ræddi ýtarlega við hann um ákvæði frv. og fékk hjá honum ýmiss konar skýringar og upplýsingar. N. lítur svo á, að frv. þetta fjalli fyrst og fremst um stofnanir, hlutverk og skipulag utanríkisþjónustunnar og embættismenn hennar, eða m.ö.o. um framkvæmdahlið utanríkismálanna. Um mörkun stefnu í utanríkismálum fjallar þetta frv. hins vegar ekki, enda verður utanríkismálastefna okkar að öðru jöfnu ekki ákveðin með lagasetningu. Þeir aðilar, sem marka stefnuna, eru að sjálfsögðu Alþ., utanrmn., ríkisstj. og utanrrh. Með þetta í huga þá varð allshn. sammála um það að flytja eina brtt. við frv., og er það breyting við 1. málsgr. 3. gr., en í þeirri málsgr. segir, að yfirstjórn utanríkismálanna sé í höndum utanrrn. Þarna leggur n. til, að í staðinn komi yfirstjórn utanríkisþjónustunnar. N. leit svo á, að orðið „utanríkismál" væri of víðtækt og mætti í raun og veru skilja það í aðra röndina þannig, að það gæti heyrt undir mörkun stefnunnar í utanríkismálum, en að sjálfsögðu koma þar aðrir og fleiri aðilar til heldur en rn., þ.e.a.s. Alþ., utanrmn. og ríkisstj. Nefndin leggur því til, að í stað „utanríkismálanna" komi: utanríkisþjónustunnar og telur nefndin það orðalag vera í öllu betra samræmi við efni og anda frv. eins og það liggur fyrir hv. Alþ.

Um þetta var n. sammála og hún var jafnframt sammála um það að mæla með því, að frv. verði samþ. með þessari tilteknu breytingu, en einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til þess að flytja brtt. við frv. og að styðja aðrar brtt., ef fram kynnu að koma.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 540 samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
4.—20. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 583).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 65. fundi í Nd., 19. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 66. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Lögin um utanríkisþjónustuna eru nú orðin allgömul eða um 30 ára, og voru þar að auki á sínum tíma sett svona tiltölulega undirbúningslítið, þar sem þá voru ýmsar breytingar í heiminum, sem gerðu það að verkum, að nauðsynlegt var, að þau lög væru sett þá þegar. Það hefur því fyrir þó nokkru síðan orðið ljóst, að það er æskilegt að gera nokkrar breytingar á þeim l. og haustið 1969 var lagt fyrir Alþ. stjfrv. um utanríkisþjónustu Íslands. Það var samið af n., sem í voru aðallega fulltrúar í utanrmn., þeir Benedikt Gröndal alþm., Gils Guðmundsson alþm., Ólafur Jóhannesson alþm., Sigurður Bjarnason alþm. og Agnar Kl. Jónsson ráðuneytisstjóri, sem var formaður n. Þetta frv. var svo lagt fyrir Alþ., eins og ég sagði, haustið 1969, og lýsti ég því þá og gerði grein fyrir þeim breytingum, sem með því frv. voru gerðar. Þessu frv. var þá vísað til allshn. þessarar hv. d., og hún sendi það aftur til utanrmn. og óskaði hennar umsagnar. Þessi umsögn var gefin, eftir að utanrmn. hafði falið 5 mönnum að athuga frv. betur, þeim Birgi Kjaran formanni n., Gils Guðmundssyni, Ólafi Jóhannessyni og Benedikt Gröndal, sem allir höfðu verið í n. áður, og Pétri Thorsteinssyni ráðuneytisstjóra utanrrn. Þeir ræddu svo frv. og gerðu sér grein fyrir nokkrum breytingum, sem æskilegt væri að gera á því, og þessar breytingar voru síðan felldar inn í þetta frv., sem borið var fram 1969. Ég skal ekki fara út í að ræða mikið þetta frv., sem þá var borið fram, því að það hefur verið gert og ég sé enga ástæðu til þess. En ég skal fara nokkrum orðum um þær breytingar, sem þessi síðari 5 manna n. gerði á frv. og nú er búið að taka upp í það frv., sem hér liggur fyrir.

Þessar breytingar eru helztar: 1. Nú er ákveðið, að forsetaúrskurð þurfi til að kveða á um, hvar skuli vera sendiráð og fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og sendiræðisskrifstofur. 2. Fellt er niður ákvæði 7. gr. varðandi nafnbætur ræðismanna. 3. Orðið ambassador, sem var notað í fyrra frv., er ekki lengur notað í þessu og skipting ambassadora í a-flokk og b-flokk er felld niður. Í stað orðsins ambassador er notað orðið sendiherra, sem er íslenzkara og nær alveg því, sem felst í hinu orðinu. Hvað snertir flokkana 5, sem starfsmönnum utanríkisþjónustunnar er skipað í í 8. gr., er ekki gert ráð fyrir að skipun, hvorki forsetaskipun né ráðherraskipun þurfi, þó menn séu fluttir til í starfi og á milli staða í sama flokki. Þar sem rætt er um ráðningu viðskiptafulltrúa og annarra sérfulltrúa um tiltekinn tíma í 11. gr., er fellt niður ákvæðið

varðandi sérfyrirkomulag á launagreiðslum. En hins vegar er gert ráð fyrir því í aths. við gr., að aðilar, sem standa að ráðningu slíkra fulltrúa, geti tekið þátt í launagreiðslum þeirra. Í 6. lagi er ekki fastbundið, að skjalavörður utanrrn. annist vörzlu bókasafns og skráningu og útgáfu samninga, heldur er tekið fram, að svo skuli vera að jafnaði. Í 7. lagi er tekið fram, í 14. gr., að settar skuli reglur um greiðslu sjúkrakostnaðar starfsmanna utanríkisþjónustunnar erlendis. Þetta hefur víða reynzt mikið vandamál, þar sem sjúkrahjálp er orðin mjög dýr víða erlendis, og þarf vissulega til að koma einhver trygging fyrir þetta fólk, svo það verði ekki hálfgerðir öreigar, ef það þarf að fara á sjúkrahús erlendis. Þetta er nokkuð misjafnt eftir stöðum, en yfirleitt er þetta mjög dýrt í Bandaríkjunum t.d., en þar hafa ýmsir sendiráðsmenn orðið fyrir barðinu á þessu og orðið að greiða fé, sem var þeim alveg um megn að greiða. Með einhverjum hætti þarf að koma því til leiðar, að þessi sjúkrakostnaður starfsmanna utanríkisþjónustunnar verði greiddur, t.d. með því að taka upp einhvers konar tryggingar fyrir þetta fólk, sem gætu náð til þessara útgjalda. Í orðinu ræðismannsskrifstofa og sams konar orðum öðrum, verði fellt niður orðið „manns“ og notað ræðisskrifstofa og aðalræðisskrifstofa, bara ræðisskrifstofa o.s.frv. Og enn fremur hefur svo aths. við frv. verið breytt í samræmi við þessar breytingar á gr., frá því sem það var borið fram 1969. Ég þarf raunar ekki að taka fleira fram um þetta frv., það skýrir sig alveg sjálft. Hv. Ed. hefur haft það til athugunar og hún hefur samþ. það næstum því að segja óbreytt, bara með einni smávægilegri orðalagsbreytingu við 3. gr. og liggur hún líka alveg ljós fyrir.

Ég vildi leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. allshn.

Haraldur Henrýsson: Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., er miðað við hina hefðbundnu skipan utanríkisþjónustunnar, svo sem hún hefur verið um langa hríð, en hún mótaðist reyndar við allt aðrar aðstæður en nú ríkja. Í frv. þessu virðist ekki gert ráð fyrir neinum stórvægilegum breytingum í starfsháttum og vinnubrögðum utanríkisþjónustunnar, en þó má segja, að rammi þess sé það rúmur, að innan hans mætti koma á ýmsum breytingum á starfsháttum og skipulagi, sé til þess vilji. Ég tek til máls við þessa umr. til þess fyrst og fremst að lýsa þeirri skoðun minni, að endurskoðunar sé þörf á starfsháttum og skipulagi utanríkisþjónustunnar með það fyrir augum, að hún verði færari að sinna hlutverki sínu, og þar sem tekið sé tillit til breyttra aðstæðna.

Það kerfi, sem utanríkisþjónustan byggist nú mjög verulega á, var mótað við allt aðrar aðstæður og allt aðra tækni en nú ríkir, t.d. á sviði samgangna og fjarskiptatækni. Þessi tækni gefur marga möguleika, sem ekki voru fyrir hendi áður, og gerir annað óþarft. Eins og nú er, er höfuðáherzlan lögð á sendiráð. Þau eru höfuðstofnanir utanríkisþjónustunnar, en að mínu áliti er hér einmitt um að ræða stofnanir, sem hin nýja tækni hefur að mörgu leyti gert óþarfar, og þeim er einungis eða a.m.k. að mjög verulegu leyti viðhaldið fyrir hefð eða af tryggð við ákveðnar gamlar hugmyndir um samskipti ríkja. Þetta eru tiltölulega dýrar stofnanir og ég efast stórlega um, að sá kostnaður, sem til þeirra er nú lagður, skili sér. Tel ég a.m.k., að fyllilega komi til álita aðrar leiðir að sama marki. Samskipti ríkja og ríkisstjórna eiga sér nú stað í æ ríkara mæli með ferðalögum og gagnkvæmum heimsóknum ráðamanna og sérfræðinga, sem fjalla um viðkomandi málefni, og er hér oftast um að ræða bein og milliliðalaus samskipti. Á þessu eru engin vandkvæði vegna vaxandi tækni í samskiptum og fjarskiptatækni. Að mínu mati hljótum við í framtíðinni að leggja sífellt meiri áherzlu á hreyfanlega utanríkisþjónustu, sem beini starfskröftum sínum jafnan þangað, sem þörfin er mest á hverjum tíma. Við eigum sífellt að eiga sendimenn og sendinefndir í förum til þeirra landa, sem við teljum nauðsynlegt að gæta hagsmuna okkar í. Við hljótum að leggja aukna áherzlu á þann þátt utanríkisþjónustunnar, sem fjallar um utanríkisviðskipti, og einmitt á því sviði eigum við að koma upp hreyfanlegu kerfi, sem sífellt starfi að markaðskönnun og markaðsleit. Í þessu skyni þurfum við sérmenntaða sendimenn. Ég tel einnig, að við endurskoðun á starfsháttum utanríkisþjónustunnar með aukna hagkvæmni og meiri árangur fyrir augum eigum við að hafa samstarf við aðrar þjóðir, eftir því sem við verður komið, og þó einkum og sér í lagi við Norðurlandaþjóðirnar. Ég tel, að einmitt á þessu sviði sé tækifæri fyrir þessar þjóðir að sýna norræna samvinnu í verki. Ég tel t.d., að þessar þjóðir geti gert tvennt eftirfarandi um sameiginlegar aðgerðir í þessum málum: Í fyrsta lagi gætu þær haft sameiginleg sendiráð í ýmsum ríkjum, tvær eða fleiri saman, þar sem þörf á sendiráðum væri metin vera fyrir hendi. Þetta yrði tvímælalaust til sparnaðar og ætti að stuðla fremur að auknu samstarfi þessara þjóða á sviði utanríkismála. Í öðru lagi tel ég, að Norðurlandaþjóðirnar ættu að leggja sendiráð sín innbyrðis niður og hvert land um sig ætti að sjá borgurum hinna landanna fyrir þeirri þjónustu, sem sendiráðin sjá þeim fyrir nú í dag. Sumir segja e.t.v., að hér sé verið að stíga spor aftur á bak og þvert á norræna samvinnu. Ég álít hins vegar, að með slíku væri verið að undirstrika, hve náið samstarf þjóðanna væri og jafnframt lögð áherzla á, að þessar þjóðir líti á sig sem mjög samstæða heild í samfélagi þjóðanna. Samvinna þeirra á ekki að byggjast á því að viðhalda úreltum og tiltölulega þýðingarlitlum stofnunum, heldur á sameiginlegum aðgerðum, sem þjóna skynsamlegum tilgangi.

Ég vildi að lokum benda á það, að mér hefur fundizt sem afstaða ráðamanna til utanríkisþjónustunnar hingað til hafi vart borið þess merki, að þeir ætluðu henni mikið hlutverk. Þessa ályktun dreg ég m.a. af þeim aðferðum, sem notaðar eru við

ráðningu starfskrafta til utanríkisþjónustunnar. Ég tel, að við þær ríki allt önnur sjónarmið en eðlileg séu og virðist sem helzt sé litið á þessa stofnun sem athvarf fyrir stjórnmálamenn og skjólstæðinga þeirra. Utanríkisþjónustan er undanþegin hinni almennu reglu um auglýsingar starfa og verður vart annað sagt en að það frjálsræði, sem þannig hefur verið veitt henni, hafi verið gróflega misnotað, oft í pólitískum tilgangi að því er bezt verður séð. Ég fæ ekki séð, að þessi undantekning frá hinni almennu reglu um stöðuveitingar eigi sér slíka stoð, að réttlætanleg sé. Á þessu sviði fremur en flestum öðrum er okkur þörf á að fá til starfa hæfa og sérmenntaða menn og þar eiga ekki önnur sjónarmið að komast að. Utanríkisþjónusta okkar hefur haft ýmsum frábærum starfskröftum á að skipa, en það breytir ekki því, að þær aðferðir, sem þar tíðkast við mannaráðningar, eru að því er ég bezt fæ séð ekki heilbrigðar eða sæmandi.

Herra forseti. Ég hef gert hér að umtalsefni nokkur atriði, sem ég tel, að komi til athugunar við þá endurskoðun á starfsháttum utanríkisþjónustunnar, sem ég tel tvímælalaust nauðsynlega. Ég mun væntanlega gera till. í þá átt, annaðhvort í sambandi við afgreiðslu þessa frv. eða í formi þáltill.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hv. 9. þm. Reykv. Og þó sérstaklega út af því atriðinu, sem hann minntist á síðast um stöðuveitingar utanrrn. Hann vildi halda því fram, að undanþága sú, sem utanrrn. hefur frá því að auglýsa í stöður, hafi verið gróflega misnotuð, held ég, að hann hafi sagt eða eitthvað því um líkt, það væri regla, að mér skildist, að láta í sendiherrastöður eða aðra starfsemi utanríkisþjónustunnar ganga fyrir stjórnmálamenn, sem væru hættir störfum á þeim vettvangi, þeir væru látnir taka við störfum í þágu utanríkisþjónustunnar. Ég held, að þetta sé mjög ofmælt hjá hv. þm. Það eru aðeins tveir sendiherrar nú starfandi, sem hafa lagt fyrir sig stjórnmál áður, og þeir eru báðir tveir, að ég ætla, fullkomlega þess megnugir að inna störf af hendi í þágu utanríkismála eins og aðrir. Annars eru allir hinir sendiherrarnir menn, sem eru aldir upp í utanríkisþjónustunni og hafa unnið sig upp í það að vera gerðir að sendiherrum. Starfsmenn aðrir, fulltrúar og aðrir slíkir, hafa yfirleitt aldrei komið nálægt pólitískum störfum. Ég vildi aðeins mótmæla því, að það sé aðalregla, að stjórnmálamenn séu settir í þessi störf, heldur eru það menn, sem aldir hafa verið upp í utanríkisþjónustunni og hafa fengið sína starfsreynslu þar áður heldur en þeir komu til meiri háttar starfa.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 583, n. 716, 621, 626).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. um utanríkisþjónustu Íslands var afgreitt í allshn. og mælir n. einróma með því, að frv. verði samþ., en hins vegar áskilja einstakir nm. sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem fram hafa verið bornar eða fram verða bornar við frv.

Frv. um utanríkisþjónustu Íslands var lagt fyrir síðasta Alþ. og var þá til meðferðar í allshn. Nd., og hún átti þá viðræður við allmarga aðila út af þessu frv. og komu þá í ljós allmiklir annmarkar á því frv. Varð það því að ráði, að frv. var ekki afgreitt úr n. frá síðasta þingi, en það var sent hv. utanrmn. til umsagnar, auk annarra þeirra aðila, sem þá voru boðaðir á fund allshn., en í sumar var frv. endursamið af þm. úr utanrmn. og ráðuneytisstjóra utanrrn. Og eins og þeir sömdu frv., þá liggur það hér fyrir Alþ. Það hefur fengið afgreiðslu í Ed. Þar var gerð sú smávægilega breyting á 3. gr. frv., að „yfirstjórn utanríkismálanna" var breytt í: yfirstjórn utanríkisþjónustunnar. Að öðru leyti var ekki gerð breyting á frv. við meðferð þess í Ed. Hér í Nd. hafa verið fluttar brtt. við frv., sem allshn. sem slík hefur ekki tekið afstöðu til, og hafa nm. óbundnar hendur í sambandi við afstöðu sína til þeirra brtt., sem liggja fyrir á þskj. 621 og 626. En áður en ég lýk máli mínu, þá vil ég taka fram, þar sem ég hef flutt, gerzt meðflutningsmaður að brtt. á þskj. 621, að þar er lagt til, að 13. gr. frv. orðist eins og segir í brtt. eða þannig: „Fjárlaga- og hagsýslustofnunin skal fylgjast með rekstri sendiráða og ræðismannsskrifstofa og sjá um, að þar sé gætt fyllstu hagkvæmni og sparnaðar. Eftirlitsmaður skal öðru hverju heimsækja sendiráð og ræðismannsskrifstofur."

Ég fyrir mitt leyti tel, að samkv. 3. gr. frv. sé auðvitað yfirstjórn utanríkismála eðli málsins samkvæmt hjá utanrrn. og það hefur eftirlit með því, að lögum og reglugerðum um framkvæmd utanríkismálanna sé framfylgt og ráðuneytisstjóri þess rn., hann sér um daglegan rekstur þess ásamt öðrum starfsmönnum, sem til þess eru skipaðir. Hitt finnst mér vera í samræmi við annað með fjárlaga- og hagsýslustofnunina, að hún hafi einnig eftirlit með þessari tilteknu grein ríkisþjónustunnar og ríkisfyrirtækjanna, eins og öðrum í sambandi við gerð fjárlaga og sömuleiðis, að hún sjái um, að þar sé gætt fyllstu hagkvæmni og sparnaðar. Þetta er gert í fjölmörgum öðrum greinum, og ég tel það ekki á nokkurn hátt eiga að mæta andstöðu frá utanrrn., þótt það nái einnig til þeirrar löggjafar, sem nú er sett um utanríkisþjónustu Íslands.

Ég tel því ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri, en ég endurtek það, að allshn. mælir með samþykkt frv., en hefur ekki sem slík tekið afstöðu til þessara brtt., sem fyrir liggja.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég flyt á þskj. 626 brtt. við þetta frv. ásamt hv. þm. Sigurvin

Einarssyni. Brtt. eru tvær og sú fyrri felur það í sér, að í lögin um utanríkisþjónustu Íslands verði tekin upp ákvæði um samskipti utanrrn. og Alþ., að þar verði fyrirmæli um það, að haft verði samráð við utanrmn. Alþ. um allar meiri háttar ákvarðanir í utanríkismálum, að fært sé í lögin aðild þingflokkanna að sendinefnd Íslands á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og að árlega skuli hæstv. utanrrh. gefa Alþ. skýrslu um störf rn.

Ég flutti þessa till. einnig í fyrra, þegar frv. lá hér fyrir í annarri gerð, og þá fékk ég bréf frá einum virtasta starfsmanni utanrrn., Agnari Klemenz Jónssyni, sem nú er sendiherra í Noregi, þar sem hann benti mér á, að hann teldi, að þessi brtt. bryti í bága við kerfi frv., hún ætti frekar heima í þingsköpum, þessi ákvæði ættu frekar við í þingsköpum en í lögum um utanrrn. Nú má vel segja, að þetta sé formlega rétt. Engu að síður tel ég það vera algera nauðsyn, að það verði felld í lögin um utanríkisþjónustu Íslands ákvæði, sem tryggja það, að rn. hafi eðlilegt samráð við Alþingi Íslendinga. Við höfum af því reynslu í mörg ár, að ákvæði þingskapa um tengslin við þetta rn. voru þverbrotin. Og eftir þá reynslu þá finnst mér það vera óhjákvæmileg öryggisráðstöfun, að þetta sé sett í l. um sjálft rn. Við skulum einnig minnast þess, að þetta rn. er í sjálfu sér miklu sjálfráðara um öll sín mál en nokkurt annað rn. á Íslandi. Önnur rn. verða að bera undir Alþ. flest, sem gert er, smátt eða stórt. Hér er jafnvel fjallað um það við sex umr. í báðum deildum Alþ., hvort selja megi eitthvert eyðibýli, sem enginn hefur raunverulega áhuga á. En utanrrn. getur tekið hinar mikilvægustu ákvarðanir, án þess að það sé nokkru sinni borið undir Alþ. Og þessi skipan er algerlega óeðlileg. Alþ. á að fjalla um utanríkismál á sama hátt og önnur mál, og þau ákvæði, sem þarna er gert ráð fyrir, þau mundu tryggja þessi tengsl, að minni hyggju, betur en gert hefur verið, og raunar hefði ég talið, að það mætti gera það með mun fleiri ákvæðum heldur en þarna eru lögð til, en engu að síður tel ég, að þessi ákvæði þarna mundu stuðla að því, að þetta eðlilega samráð yrði milli rn. og Alþ. og að Alþ. tæki raunverulega ákvarðanir um stefnuna í utanríkismálunum, einnig um ýmis framkvæmdaratriði, sem skipta verulegu máli.

Önnur till., sem við erum þarna með, fjallar um það eitt, að ákvarðanir um sendiráð og fastanefndir hjá alþjóðastofnunum skuli teknar að fengnu samþykki Alþ., þegar tekin eru upp sendiráð á nýjum stöðum eða nýjar fastanefndir. Þetta gerist ekki það oft, að þetta mundi taka neinn óeðlilegan tíma, og einnig með þessu móti væri tryggt eðlilegt samráð milli rn. og Alþ.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. allshn. fyrir afgreiðsluna á þessu máli, sem í aðalatriðum er sú, að hún leggur til, að frv. verði samþ., en áskilur að vísu, að nefndarmenn geti haft frjálsar hendur um fylgi eða andmæli gegn till., sem fram kunna að koma.

Málið hefur verið afgreitt í Ed. og kemur þaðan með einni lítilli orðalagsbreytingu, en að öðru leyti var það samþ. óbreytt eins og það lá fyrir. Frv. hefur fengið afgreiðslu í tveim n. þingsins, bæði í allshn. og í utanrmn., enda hefur utanrmn. mótað verulega þær breytingar, sem gerðar hafa verið á frv. á s.l. þingi. Um þær brtt., sem hér liggja fyrir, vildi ég þó fara nokkrum orðum. Fyrsta eða fyrri brtt., frá hv. 6. þm. Reykv. og 1. þm. Vestf., er í tveimur liðum og fyrri liðurinn aftur í 3 undirliðum. Í fyrstu brtt. fyrri liðsins segir, að um allar meiri háttar ákvarðanir í utanríkismálum skal rn. hafa samráð við utanrmn. Alþ., bæði meðan Alþ. er að störfum og milli þinga. Í þingsköpum segir um þetta atriði: „Utanrmn. starfar einnig á milli þinga, og skal rn. ávallt bera undir hana utanríkismál, sem fyrir koma milli þinga.“ Ég tel í þessu vera nægilega tryggingu fyrir því, að mál verði borin undir utanrmn., bæði á meðan þingið situr og eins á milli þinga. Það hefur sjálfsagt komið fyrir, að það hefur ekki verið haft samráð í öllum atriðum við utanrmn. á tímabili, en hins vegar vil ég fullyrða, að þetta hefur verið venjan og þetta á að vera venjan og ég er 100% samþykkur henni, en þó einhvern tíma hafi brugðið út af því, þá getur sjálfsagt brugðið út af því þótt þetta sé lögfest, þó það standi í þingsköpum. Ég sé lítinn eða engan mun á því. En sem sagt, þetta er ákveðið í þingsköpum og ber auðvitað utanrrn. að fara eftir því, og það tel ég mig hafa gert til þessa.

Þá segir í 2. brtt. í fyrri liðnum, að sendinefnd Íslands á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna skal skipuð af ráðh. til eins árs í senn, og skulu þingflokkarnir hafa rétt til að tilnefna einn fulltrúa hver í n. Ég er ekki viss um, að það sé heppilegt að lögfesta þetta. Þetta hefur orðið föst venja hin síðustu ár, það hafa verið tilnefndir fulltrúar bæði til Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðastofnana, sem utanrrn. tilnefnir menn í, að það skuli borið undir þingflokkana, hverjir sendir skuli vera, og það eru nú þeir fimm menn, sem við eigum kost á að senda á fund Sameinuðu þjóðanna án þess að borga fyrir þá fargjöld og annað þess háttar. Þeir eru fimm og flokkarnir eru orðnir 5 hér á þinginu. Ef það skyldi nú bætast einn flokkur við og flokkarnir verða 6, hvernig á þá að fara að? Á að láta þann flokk, sem hér hefur einn eða tvo fulltrúa á þingi, við skulum segja tvo, og svo kemur kannske 6. flokkurinn með 2 fulltrúa, hvað á að gera, á þá endilega að binda sig við, að allir þessir flokkar skuli fá einn fulltrúa, þó við eigum ekki kost á nema 5 fulltrúum með venjulegum hætti? Ég held þess vegna, að það sé alveg óþarfi að samþykkja þessa brtt. Við getum gert þetta, eins og við höfum gert nú, og ef einhver breyting verður á, þá vona ég, að það verði hægt að gera þá breytingu með samkomulagi við þingflokkana og þannig verði það mál leyst.

Þriðji hluti þessarar fyrri brtt. hljóðar svo: „Árlega skal ráðh. gefa Alþ. skýrslu um viðhorf ríkisstj. til utanríkismála og um störf íslenzku sendi-

nefndarinnar á þingi Sameinuðu þjóðanna, ásamt rökstuddri grg. um afstöðu Íslands til einstakra mála á þinginu.“ Þetta hefur verið leitazt við að gera tvö síðustu árin og í þriðja skipti nú. Ég held því, að það sé alveg óþarft að lögfesta, að þetta skuli gert. Þetta hefur verið gert með góðu samkomulagi við alla aðila og ég tel þess vegna, að það sé ekki endilega nauðsynlegt að lögfesta þetta.

Önnur brtt. er við 4. gr., sem lagt er til að verði 5. gr. og orðist þannig: „Hafa skal sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og ræðisskrifstofur á þeim stöðum erlendis, þar sem slíkt er álitið nauðsynlegt til gæzlu á hagsmunum Íslands.“ Þetta er óbreytt frá því, sem er í frv. Og viðbótin er: „Ákveða skal með forsetaúrskurði, að fengnu samþykki Alþ., á hvaða stöðum skuli hafa sendiráð og fastanefndir hjá alþjóðastofnunum.“

Ég held nú, að það dugi þessi ákvæði, sem eru í 4. gr. frv. Þar segir orðrétt, held ég, shlj. eins og fyrri hl. brtt. er, en síðan segir: „Um ákvarðanir samkv. þessari grein skal hafa samráð við utanrmn.“ Forsetaúrskurður skal líka viðhafður, svo að breytingin er eingöngu sú, að í staðinn fyrir utanrmn. kemur Alþ. Og mér finnst nú, að það sé kannske dálítið þungt í vöfunum, að leita alltaf til Alþ., þegar ákveða skal um sendiherra eða fulltrúa hjá alþjóðastofnun, heldur væri fullkomlega nægilegt að leita til utanrmn., sem er að störfum allt árið. Það er ólíkt hægara. Hitt er þyngra í vöfunum að leita til Alþ., sem ekki situr. Við höfðum eða tókum í sumar sem leið ákvörðun um sendiherra í nokkrum löndum og ég tel, að það hefði þá orðið að bíða þangað til nú, ef átt hefði að leita til Alþ. um þessa ákvörðun.

Þá er brtt. frá hv. 6. landsk. þm. og fleirum um breytingu á 13. gr. Í 13. gr. segir, eins og í frv. stendur, að heimilt er að fela embættismanni utanrrn. að vera sérstakur eftirlitsmaður sendiráða og ræðisskrifstofa. Skal eftirlitsmaðurinn fylgjast með rekstri sendiráða og ræðisskrifstofa og sjá um, að þar sé gætt fyllstu hagkvæmni og sparnaðar. Eftirlitsmaðurinn skal öðru hverju heimsækja sendiráðin og ræðisskrifstofur. En brtt. segir, að 13. gr. skuli orðast svo: „Fjárlaga- og hagsýslustofnunin skal fylgjast með rekstri sendiráða og ræðismannsskrifstofa og sjá um, að þar sé gætt fyllstu hagkvæmni og sparnaðar. Eftirlitsmaður skal öðru hverju heimsækja sendiráð og ræðismannsskrifstofur.“ Ég veit ekki, hvort það er nauðsynlegt eða eðlilegt að gera þessa breytingu. Það eru fjöldamargar ríkisstofnanir, sem reka starfsemi, víðtækari jafnvel heldur en utanrrn. hefur með að gera, án þess að nokkur eftirlitsmaður sérstakur frá fjárlaga- og hagsýslustofnuninni komi þar til eftirlits. Mér finnst eins og með þessu sé utanrrn. að nokkru leyti sett undir eftirlit stofnunarinnar. Stofnunin getur hvenær sem er krafizt upplýsinga og litið eftir fjárreiðum utanrrn., en eðlilegast er, að manni úr utanrrn., sem þekkir til þeirra starfa, sem sendiráðunum eru ætluð, sé falið að líta eftir, og þannig mun það vera í þeim löndum, þar sem ég þekki til a.m.k., að það er sendimaður eða eftirlitsmaður frá utanrrn., sem framkvæmir það eftirlit, sem með höndum er haft. Hinu er ég á engan hátt á móti, að fjárlaga- og hagsýslustofnunin komi líka og skoði þá hliðina á starfseminni, sem snertir fjárútlát og meðferð fjár hins opinbera. Það er eðlilegt og sjálfsagt, en til þess þarf engin lög, hún getur gert það án þess. Mín niðurstaða er sú, að ég tel, að þessar breytingar allar séu í fyrsta lagi óþarfar og að sumu leyti kannske ekki heppilegar, og ég legg þess vegna til, að þær verði felldar.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Hæstv. utanrrh. gerði að umtalsefni brtt. þá, sem ég flyt ásamt hv. þm. Sigurvin Einarssyni. Og hæstv. ráðh. var í sjálfu sér ekki efnislega andvígur þessum till. Hann taldi hins vegar óþarfa að lögfesta þær, vegna þess að framkvæmdin væri þessi núna. Ef við færum nú að taka upp þann hátt við lagasmíð á Íslandi að fella út það, sem óþarfi væri að lögfesta, vegna þess að það væri verið að gera það í verki um sömu mundir og lögin eru gerð, þá mundi nú lagasmíði okkar geta orðið miklu einfaldari en hún er. Við leggjum oft í það vinnu að lögfesta atriði, sem allir eru sammála um og sem eru þannig í framkvæmd, þannig að í sjálfu sér eru þetta engin rök fyrir því. Ég get talið upp margar greinar í frv. sjálfu, sem eru þess eðlis líka, að það má segja, að það sé óþarfi að setja þær í lög. Það eru fjölmargar greinar í þessu frv., sem eru þannig. En tilgangurinn með flutningi þess arna var, eins og ég sagði áðan, að styrkja tengslin milli Alþ. og utanrrn., og á þessu tel ég vera mjög mikla þörf. Ég held, að það sé mikil nauðsyn, að Alþ. taki það sem miklu alvarlegra verkefni en það hefur gert að fjalla um utanríkismál og taka þátt í ákvörðunum um þau efni.

Ég get fallizt á eina aths. hæstv. ráðh. við till. okkar, það atriði, þegar hann benti á, að þarna stendur, að þingflokkarnir skuli hafa rétt til að tilnefna einn fulltrúa hver í n. Þetta gæti hugsanlega komið einkennilega út. Ef hér skyldi nú fjölga smáflokkum, þá gæti þetta orðið býsna mikill fjöldi. Ég er alveg sammála hæstv. ráðh. um þetta, og ef þar fengist samstaða um að taka einhverja slíka breytingu inn, þá mundi ég mjög gjarnan vilja breyta þessu þannig t.d., að það væru þingflokkar þeir, sem sæti eiga í utanrmn. eða eitthvað svoleiðis, þannig að tryggt væri, að þarna væri um að ræða flokka, sem hefðu einhvern umtalsverðan styrk á Alþ. Íslendinga. Og ég mundi vilja taka þátt í því að breyta þessu orðalagi, ef Alþ. féllist á að taka ákvæði um þessi atriði inn í frv.

Um síðari till., sem hæstv. ráðh. gerði að umtalsefni, sagði hann, að þarna væri aðeins um það að ræða, að við legðum til, að þetta væri borið undir Alþ. í staðinn fyrir, að í lögunum er gert ráð fyrir samráði við utanrmn. Samráð við þm. er auðvitað allt annað en ákvörðun, sem tekin er á þingi. Við leggjum til, að Alþ. sjálft taki ákvörðun um þessi atriði, og eins og ég sagði áðan þá gerist þetta ekki

það oft, að þetta þurfi að vera neitt óhagræði fyrir rn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 80., 82., 83. og 85. fundi í Nd., 1., 2. og 3. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 87. fundi í Nd., 5. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 626,1 felld með 19:15 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 626,2 felld með 21:14 atkv.
4. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
5.—12. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 621 felld með 17:17 atkv.
13. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
14.—20. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 583, 877).

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 877 þá brtt. við þetta frv., að 13. gr. falli niður og greinatalan breytist samkvæmt því.

Í 13. gr. er svo fyrir mælt, að heimilt sé að fela embættismanni rn. að vera sérstakur eftirlitsmaður sendiráða og ræðisskrifstofa. Skal eftirlitsmaðurinn fylgjast með rekstri sendiráða og ræðisskrifstofa og sjá um, að þar sé gætt fyllstu hagkvæmni og sparnaðar. Eftirlitsmaðurinn skal öðru hverju heimsækja sendiráð og ræðisskrifstofur. Við 2. umr. þessa máls var lögð hér fram brtt. frá nokkrum fjvn.-mönnum um, að í stað þessarar gr. kæmi ákvæði um, að hagsýslustjóri eða fjárlaga- og hagsýslustofnunin skyldi fylgjast með þessu rn. líkt og öðrum ríkisstofnunum, varðandi hagkvæmni og sparnað í rekstri. Sú till. féll með jöfnum atkv. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé óeðlilegt að ákveða sérstakan eftirlitsmann hjá einu rn., það geti orðið til þess að skapa fordæmi um það, að slík embætti verði sett á laggirnar víðar og það sé þá verið að koma upp nýju eftirliti við hliðina á fjárlaga- og hagsýslustofnuninni. Mér finnst, að það sé eðlilegt, að um þetta rn. gildi sams konar eftirlit og um önnur rn. og ríkisstofnanir og legg þess vegna til, að þessi gr. verði látin falla niður. En það mundi hins vegar þýða það, að eftirlit yrði með rn. eftir sem áður, en það er í höndum sömu aðila og annast eftirlit með öðrum rn.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. flm. þessarar till., hv. 4. þm. Reykv., hefur bæði lýst því, sem í gr. felst eins og hún er í frv., og sinni brtt., sem er um það að fella gr. niður. Mér skildist á honum, að það væri hans álit, að með þessu væri hægt að stofna nýtt embætti til þess að líta eftir sendiráðunum. Ég tel, að svo sé ekki, því að í gr. stendur mjög greinilega, að það sé heimilt að fela einhverjum embættismanni utanrrn. að líta eftir sendiráðunum. Þetta hefur verið þannig og það verður þannig, hvort sem þessi gr. verður samþ. eða ekki.

ATKVGR.

Brtt. 877 samþ. með 18:13 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 94. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 883).

Á 97. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 896).

---

62. Heimild fyrir hreppsnefndina í Kirkjubæjarhreppi til að selja jörðina Þykkvabæ I í Landbroti.

Á 6. fundi í Sþ., 28. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 12. maí 1969, um heimild fyrir hreppsnefndina í Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu til að selja jörðina Þykkvabæ I í Landbroti [70. mál] (þmfrv., A. 72).

Á 10. fundi í Ed., 2. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Það mun hafa verið í ársbyrjun 1969, að flutt var frv. um heimild fyrir hreppsnefndina í Kirkjubæjarhreppi í V.-Skaftafellssýslu til að selja jörðina Þykkvabæ I í Landbroti. Beiðni var komin um það frá hreppsnefndinni og á það bent í ýtarlegri grg., sem frv. fylgdi þá, að allmiklum erfiðleikum væri bundið fyrir hreppsnefndina að halda þessari ákveðnu jörð í byggð með þeim ákvæðum, sem gjafabréfi því fylgdu, þegar jörðin var afhent Kirkjubæjarhreppi. Menn höfðu trú á því, að sú lagabreyting, sem þá var gerð, yrði þess valdandi, að þessum vanda yrði úr vegi rutt. Nú hefur það komið í ljós, að svo var ekki, og á síðasta þingi flutti landbn. frv. um breytingu á þessum l. að beiðni landbrn., en tilmæli höfðu komið um það til rn., bæði frá hreppsnefnd Kirkjubæjarhrepps og eins þeim ábúanda, sem á jörðinni var, að þeim l. yrði

breytt á þann veg, að ekki væri skylt að gera jörðina að ættaróðali, þó að af sölu yrði. Það frv. til l., sem flutt var á síðasta þingi, hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu, því það kom í ljós, að ættingjar gefendanna vildu athuga það betur, hvort um aðra tilhögun gæti orðið að ræða um byggingu jarðarinnar. Nú hefur að nýju borizt beiðni frá landbrn. um það, að landbn. endurflytti það frv., sem flutt var í fyrra um breyt. á l., þar sem gert er ráð fyrir að fella niður skylduna til þess að gera jörðina að ættaróðali, og þeirri beiðni fylgdu upplýsingar um það, að ættmenn gefendanna mundu ekki beita sér gegn ráðstöfun jarðarinnar með þeim hætti, sem lagt er til að gera að þessu sinni. Landbn. hefur orðið við þeirri beiðni að flytja þetta frv. Hins vegar hafa einstakir nefndarmenn óbundnar hendur um afstöðu til málsins hér í hv. deild.

Ég hygg, að hv. dm. sé þetta mál það kunnugt, að þess gerist ekki þörf að hafa ýtarlegri framsögu um það nú. Ég vil, herra forseti, leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Ed., 9. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., 11. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 16. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 19. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Á 29. og 30. fundi í Nd., 11. og 14. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 31. fundi í Nd., 15. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 72, n. 217).

Frsm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Landbn. þessarar hv. d. hefur athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþ. eins og það kom frá hv. Ed. Hinn 12. maí 1969 voru afgreidd hér frá hv. Alþ. lög um heimild fyrir hreppsnefndina í Kirkjubæjarhreppi til að selja jörðina Þykkvabæ I í Landbroti. Þau skilyrði voru sett fyrir sölu, að jörðin skyldi gerð að ættaróðali. Í ljós hefur komið, að þessi skilmáli torveldar sölu jarðarinnar og er þetta frv. flutt til þess að fella þetta skilyrði niður úr l. Aðilar málsins, sem eru allmargir, hafa ýmist mælt með þessari skipan eða látið í ljós, að þeir muni láta hana hlutlausa.

Að svo mæltu leyfi ég mér að endurtaka það, að n. mælir með samþykkt frv. óbreytts.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 264).

---

63. Fiskimálasjóður.

Á 26. fundi í Nd., 2. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 89 5. júní 1947, um fiskimálasjóð [159. mál] (þmfrv., A. 201).

Á 28., 29., 30., 31. og 36. fundi í Nd., 7., 11., 14., 15. og 18. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 37. fundi í Nd., 18. des., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Sverrir Júlíusson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 1. þm. Vestf., 2. þm. Vestf., 5. þm. Vestf. og hv. 4. þm. Austf. að flytja frv. til l. um breyt. á l. nr. 89 5. júní 1947, um fiskimálasjóð, eins og það liggur fyrir á þskj. 201. Frv. er ekki stórt í sniðum og þarf ekki mikilla skýringa við. Það er um það að veita stjórn fiskimálasjóðs heimild til að veita hámarkslán upp í 600 þús., en hámarkið hefur verið 400 þús. frá 1962. Þar áður var hámarkið 150 þús. kr. og ef horft er enn lengra til baka var það um 40 þús., eins og það var í framkvæmd. Ég tel ekki

ástæðu til þess að fara að rekja þetta mikið nánar, en taldi þó ástæðu til þess að gefa nokkrar upplýsingar um lánveitingar fiskimálasjóðs, eins og þær voru um síðustu áramót, en fram kemur í fskj. með frv., að þá námu útistandandi lán röskum 85 millj. kr. og þó að ég viti það, að það er orðið stutt til jóla og menn fýsir ekki, að ég fari að lesa upp, hvernig lánveitingar hafa skipzt í það heila tekið, þá hef ég gert mér það ómak, að ég hef sundurliðað það eftir lögsagnarumdæmum, og langar mig til þess að kynna þingheimi, hvernig hlutfallstölurnar eru, eins og lánin stóðu um síðustu áramót.

Það er þá fyrst Gullbringu- og Kjósarsýsla með 12.15%, Keflavík 4.41%, Hafnarfjörður 5.95%, Kópavogur 0.86%, Reykjavík 8.62%, Akranes 2.63%, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla 7.05%, Barðastrandarsýsla 3.81%, Ísafjarðarsýsla 3.60%, Ísafjörður 2.26%, Strandasýsla 0.39%, Húnavatnssýslur 0.33%, Sauðárkrókur 0.43%, Siglufjörður 1.05%, Ólafsfjörður 2.33%, Akureyri 3.68%, Eyjafjarðarsýsla 0.98%, Norður- og Suður-Þingeyjarsýsla 7.40%, Norður-Múlasýsla 2.74%, Seyðisfjörður 4.31%, Suður-Múlasýsla 12.27%, Neskaupstaður 3.32%, Skaftafellssýslur 0.94%, Vestmannaeyjar 6.03% og Árnessýsla 2.46%.

Lánveitingar þessar hafa skipzt á milli hinna ýmsu framkvæmda og er það þannig, að til frystihúsa hefur farið 21.1%, til annarra fiskvinnsluhúsa 29.66%, til fiskimjölsverksmiðja 3.40%, til netagerðar 1.80% og til verbúðabygginga 4.68%. Til skipasmíðastöðva 0.96% og til vinnsluverksmiðja 3.96%, en til síldarverkunarstöðva 18.99%, til skreiðargeymslna 3.02% og veiðarfærageymslna 1.26% og til ýmissa annarra framkvæmda 11.17%.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til þess að hafa framsögu þessa lengri. Ég veit, að þetta liggur mjög ljóst fyrir þm., en leyfi mér, herra forseti, að leggja, til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 38. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til sjútvn. með 35 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., 10. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 201, n. 338).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Frv. þetta fjallar eingöngu um heimild fyrir fiskimálasjóð til þess að hækka lán úr sjóðnum úr 400 þús. kr. í 600 þús. kr. hvert lán. Sjútvn. hv. d. hefur fjallað um frv. og mælir öll með því, að það verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 11. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 48. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 49. fundi í Ed., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Ed., 25. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 201, n. 387).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er um það að hækka heimild um lán úr fiskimálasjóði úr 400 þús. kr. í 600 þús. kr. Ég geri ráð fyrir því, — og það ber frv. reyndar með sér, — að staða sjóðsins sé þannig í dag, að það er talið eðlilegt, að þessi breyting eigi sér stað, og n. mælir með því, eins og fram kemur í einróma nál., að þetta frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 418).

---

64. Sala Neðri-Brekku í Saurbæjarhreppi.

Á 30. fundi í Ed., 14. des., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja

Neðri-Brekku í Saurbæjarhreppi í Dalasýslu [174. mál] (þmfrv., A. 241).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Flm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Frv. þetta er flutt að beiðni Eysteins Þórðarsonar, bónda í Bessatungu, Saurbæjarhreppi, Dalasýslu. Og eins og fram kemur í grg., þá hefur hreppsnefnd Saurbæjarhrepps mælt með því, að Eysteini verði seld jörðin Neðri-Brekka. Neðri-Brekka er að fasteignamati frá 1957, þ.e.a.s. landverð, 6000 kr. Jörðin hefur gott ræktunarland og nokkuð af véltæku engjalandi, en ekkert afréttarland. Húsakynni eru þannig á jörðinni, að ef á að búa þar áfram, þarf að reisa þar öll hús frá grunni. Aftur á móti er jörðin Bessatunga með töluverðan afrétt, bæði á Svínadal og Brekkudal, en mjög takmarkað ræktunarland. Og landverð að fasteignamati frá 1957 í Bessatungu er hið sama og á Neðri-Brekku, 6000 kr. Í Bessatungu er búið að byggja öll hús, endurreisa öll hús, og þau eru frá síðustu árum, fullkomnar góðar byggingar, en aftur á móti er öflun heyskapar þar mjög takmörkuð nema til komi meira land heldur en tilheyrir jörðinni sjálfri. Það virðist því vera nokkuð augljóst að sameina þessar jarðir, og bóndinn í Bessatungu hefur um nokkurra ára skeið nytjað Neðri-Brekku eða síðan hún fór í eyði. Fjarlægðir milli þessara tveggja jarða eru innan við km og góður vegur á milli, þannig að það virðist ekki vera neitt fráleitt, hvað samgöngur snertir, að selja bóndanum í Bessatungu þessa jörð. Ég geri ráð fyrir því, að frv. þetta verði sent til umsagnar jarðeignadeild ríkisins og landnámsstjóra og þeir fái að segja sitt álit um sölu jarðarinnar og að alþm. gefist þá kostur á að fylgjast með því, hvort einhverjir annmarkar kunna að vera á sölu þessarar jarðar.

En ég vil leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. látið fara til hv. landbn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 10. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 241, n. 341).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. að selja jörðina Neðri-Brekku í Saurbæjarhreppi í Dalasýslu hefur verið til athugunar í landbn. Eins og fram kemur í nál., leitaði n. umsagnar um málið hjá landnámsstjóra og einnig hjá jarðeignadeild landbrn. Það er álit landnámsstjóra, að rétt sé að athuga nánar, áður en þessi jörð verður seld, hvort ekki sé rétt að skipta jörðinni milli tveggja jarða, sem þarna eiga land að, þ.e. bóndans í Bessatungu, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, og einnig bóndans í annarri nágrannajörð, þ.e. Fremri-Brekkum. Jarðeignadeildin mælir hins vegar með sölu jarðarinnar, eins og í frv. felst, og það sama kemur fram í fskj., sem frv. fylgir frá hreppsnefnd Saurbæjarhrepps. Landbn. mælir einróma með því, að frv. þetta verði samþ. og því verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 11. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 46. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 47. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 241, n. 405).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Landbn. d. hefur athugað þetta frv. og skoðað fskj. Það var lagt fram í Ed. og sent til umsagnar á venjulegan hátt jarðeignadeildinni og Landnámi ríkisins. Jarðeignadeildin mælti eindregið með því, að frv. yrði samþ. Landnámið hafði ekki neitt við það að athuga, að það væri samþ., þó að það mælti hins vegar ekki alveg eins sterkt með samþ. frv. Þess skal getið, að það hafði mistekizt að boða einn hv. nm. á fund, þar sem frv. var afgr., hv. 5. þm. Vesturl., og hef ég kynnt mér það, að hann er einnig meðmæltur því, að frv. verði samþ., svo og aðrir þeir nm., sem á fundi voru. Legg ég því til, að þetta frv. nái afgreiðslu á þinginu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 440).

65. Happdrættislán fyrir Vegasjóð vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi.

Á 6. fundi í Nd., 27. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi [67. mál] (þmfrv., A. 69).

Á 13. og 14. fundi í Nd., 5. og 9. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 16. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Áður en ég vík að aðalefni frv. þess, sem hér liggur fyrir á þskj. 69, þá vil ég rifja ögn upp það, sem gerzt hefur um málefnið, viðfangsefnið, að tengja hringveg um landið með brúargerð á árnar á Skeiðarársandi og tilheyrandi vegagerð. Nokkrar till. hafa verið fluttar á Alþ. hin síðari ár til að vekja athygli á málinu og þrýsta á þann fræðilega undirbúning, rannsóknir, sem hyggilegt er, að svo ævintýraleg framkvæmd byggist á. Síðast var það á þinginu 1967—1968, sem nokkrir þm. úr öllum flokkum fluttu þáltill. um Skeiðarársandinn. Sú þáltill. var á þessa leið, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á samgmrh. að láta gera áætlun um vega- og brúagerðir á Skeiðarársandi, sem tengi hringleið um landið, og á hvern hátt afla megi fjár til að framkvæma verkið. Áætlun þessari skal hraðað eftir föngum, svo að hafa megi hana til afnota við gerð næstu vegáætlunar."

Á þingtímanum, meðan mál þetta lá fyrir, kom m.a. fram frá Pétri heitnum Benediktssyni viðbótartill. eða brtt., sem var á þessa leið, með leyfi forseta: „Í stað orðsins „og" í fyrri mgr. till. komi: svo og um möguleika á því að leysa þetta vandamál með flugferju yfir vatnasvæðið." N. sú, sem hafði till. þessa til athugunar í Sþ., skilaði svo áliti og þá var till. nokkuð breytt og hún var að lokum samþ. þannig, að tillgr. var á þessa leið:

„Alþingi ályktar að skora á samgmrh. að láta gera áætlun um samgöngubætur yfir Skeiðarársand, sem tengi hringleið um landið. Áætlun þessari skal hraðað svo sem unnt er og að því stefnt, að hafa megi afnot hennar við gerð vegáætlunar fyrir árin 1972—1976."

Þegar þessi till. var til umr. hér á hv. Alþ., tóku margir þm. til máls. Ég var einn í hópi flm. og var þá með nokkrar hugleiðingar um þetta mál og hafði hugsað mér að tala. En það kemur stundum fyrir, að síminn ónáðar okkur þm. og það vildi þá þannig til, að ég var kallaður í síma og missti af þessum möguleika, vegna þess að ég gegndi því. En eftir þennan þingfund, er ég kom til híbýla minna, greip ég segulband, sem ég hafði í fórum mínum, og festi þá á bandið ýmislegt, sem mér var hugleiknast um þetta mál, þetta merkilega mál. Og vegna þess að meginefni þess er jafnnýtt í dag eins og það var þá, þá ætla ég að vona, að enginn hv. þm. hneykslist á því, þó að ég taki þann kostinn að flytja þetta mál hér nú eins og ég setti það fram þá. Það hefur hvergi komið út, það hefur hvergi verið prentað, hvergi flutt. En ég kýs fremur að gera það, jafnvel þó að þetta sé óvenjulegt, heldur en reyna að færa það til þannig, að það sé eins og það sé talað núna á stundinni. (Gripið fram í.) Ég ætla að vona, að hv. alþm. væni mig ekki um það, að afflytja mitt eigið mál, en þetta var þannig: Í dag, þann 30. janúar 1968, var til umr. í Sþ. þáltill. allmargra þm. úr öllum flokkum um vega- og brúagerð um Skeiðarársand. En þá vildi svo til, þegar Karl Guðjónsson var að tala í málinu, að ég var kallaður í síma og gegndi því, en hafði þá ætlað mér að segja nokkur orð um till., er Karl lyki máli sínu, eða áður en umr. hætti. En er ég hafði lokið símtalinu, var umr. búin og tækifærið því glatað. En mér datt í hug undir ræðu samgmrh., að honum kynni að vera eitthvað í huga, en samgmrh. talaði að sjálfsögðu við þessa umr., að honum kynni að vera eitthvað í huga málshátturinn, „bráð er barnslundin" um okkur flm. Ekki vegna þess að hann sýndi ekki málinu fullkominn áhuga, heldur fannst mér það koma nokkuð fram hjá honum, að hann vildi vekja athygli okkar á, að málið væri engan veginn einfalt og það mundi mjög hæpið að gera ráð fyrir, að um nokkurn viðhlítandi undirbúning gæti verið að ræða eða rannsókn í málinu, sem mundi geta komið að haldi við undirbúning næstu vegáætlunar. Nú vil ég segja það, fyrir mig a.m.k. og helzt fyrir munn okkar allra flm., að okkur er vel ljóst, að þetta er stórmál, ýmsum tæknilegum vandkvæðum bundið. Það þarf ýtarlegan undirbúning og ýtarlegar rannsóknir. En nú er það misjafnt um það verk, sem þarna á að vinna. Að sögn kunnugra manna eru árnar, sem renna vestan til á sandinum, ekki nálægt því jafnerfiðar viðureignar og kannske ekkert örðugri en margar ár, sem þegar er búið að brúa, t.d. í A-Skaftafellssýslu. Núpsvötnin kunna að vera nokkuð erfið, en aðalvandamálið þarna er Skeiðará. Ég er nú þeirrar skoðunar, að það eigi ekki að draga að leggja út í framkvæmdir þarna, þangað til við stöndum, ef svo mætti segja, öruggum fótum í því efni, hvernig eigi að leysa brúargerðina á Skeiðará. Ég held, að við eigum að hefja verkið fyrr með því að brúa þær ár vestan til á sandinum, sem

eru ekki jafnerfiðar og Skeiðaráin sjálf. En ég vil þá jafnframt segja það, að þó það sé sannarlega æskilegt og nauðsynlegt að undirbúa hvert verk sem bezt, þá hef ég nokkurn hroll í mér nú orðið, af því að mér finnst, að jafnan þegar rætt er um meiri háttar mannvirki, þá sé eins og hálfgerður geigur í mörgum okkar ráðamönnum yfir því, hversu hér er um fjárfrekt og stórt og erfitt viðfangsefni að ræða. Það er ekki rétt að hvetja til óvarkárni, en hinu megum við heldur ekki gleyma, að sú glæsilega framfarasaga, sem við Íslendingar erum svo stoltir af undanfarinn mannsaldur eða kannske rúmlega það, — ég efast um, að hún væri jafn glæsileg og hún er, ef við hefðum aldrei þorað að leggja út í margs konar framkvæmdir og mannvirki nema eftir mjög vandlega og ýtarlega athugun. Við verðum að gá að því, að þessi sjálfsagða varfærni gangi ekki svo langt, að við missum af tækifærum. Og þessi hætta er e.t.v. enn þá meiri nú orðið vegna hinna stórstígu og öru tækniframfara á öllum sviðum. Ég hef mikla tilhneigingu til þess að ætla, að alltaf öðru hverju séu til menn, sem hafa hið skyggna auga, sem sér betur en 30 önnur, og það er kannske vandinn að geta leyft eða skapað þessu skyggna auga hæfilegt svigrúm til þess að njóta sín — sjálfs sín vegna og þó fyrst og fremst þjóðarinnar vegna. Það er nú einhvern veginn þannig, að þeir menn, sem settir eru til þess að kanna fjárhagsgrundvöll í einu og öðru, kanna það, hvort það sé fjárhagslega rétt, hvort það sé fjárhagslega kleift að leggja út í þessa eða hina framkvæmdina, ef þessir menn eru sí og æ bundnir við þessi viðfangsefni, þá felst í því ákaflega mikil hætta, að þetta verði smám saman til þess að lama bjartsýni þeirra og framkvæmdaþrek, vil ég segja. Þess vegna vil ég, um leið og ég skal viðurkenna, að við þurfum að beita allri þeirri þekkingu, sem við höfum yfir að ráða og tæknikunnáttu við undirbúning vegagerðar og brúagerðar um Skeiðarársand, þá megum við ekki heldur vera allt of hræddir við viðfangsefnið. Ég held, að málið horfi þannig við í flestra huga í dag, að þetta verður gert. Það kemur vegur og það koma brýr yfir vatnsföllin á Skeiðarársandi og þess vegna verðum við að byrja svo fljótt sem nokkur kostur er, — að byrja vestan frá. Það getur farið svo, að þegar við stöndum á bökkum Skeiðarár að austan og vestan, þá vefjist nokkuð fyrir, hvernig skuli sigrast á því vatnsfalli. En þá höfum við engu að tapa og engu offrað, þó að við séum búnir að leysa verkefnið á sandinum að vestanverðu. Þá getur vel komið til greina það, sem brtt. Péturs Benediktssonar fjallar um, og ég vil líka hér minna á, að fyrir nokkrum árum beitti ég mér sérstaklega fyrir því, að fenginn yrði svonefndur vatnadreki til þess að reyna á Skeiðarársandi, sem nú er til staðar austur í Öræfum. Vatnadreki, sem að vísu er aðeins eitt tæki, og því ákaflega ótryggt að leggja út í að setja upp einhverjar ákveðnar ferðir á þann veg. Það hefur heldur ekki verið gert, en ég held, að það hefði nú mátt hafa meira gagn af því en orðið hefur, einkum ef tækin hefðu verið eitt eða tvö til viðbótar, sem hefðu þá getað verið til öryggis. Vegamálastjóri hefur einhvern veginn haft mikla andúð á þessu og sú ástæða hefur mátt sín mikils til þess að draga úr því, að það yrði meira framkvæmt í þá átt að hafa gagn af því að greiða fyrir samgöngum yfir þessi erfiðu vatnsföll. En í því er heldur engin framtíðarlausn. En ég vildi aðeins láta þetta koma fram af því, að í mínum huga a.m.k. þá er enginn efi á því, að fyrr en varir verður búið að sigrast á þessu torleiði. Brúa fyrst og fremst árnar vestast á sandinum, ýta veginum austur undir Skeiðará og brúa hana að lokum. En það, sem sérstaklega virðist skjóta mönnum skelk í bringu, eru hlaupin, hin ægilegu vatnsflóð, sem koma sérstaklega í Skeiðará öðru hverju, gjarnan með stórfelldum jakaburði. En þessi hlaup hafa mjög verið að réna hin seinni ár. Hafa ekki verið nálægt eins stórfelld, eins og áður. Hinir gætnu segja: við viljum ekki treysta á þetta, það getur kólnað aftur, jökullinn farið að ganga fram og hlaupin orðið miklu stórfelldari á ný. Út af þessu hef ég verið að hugleiða það, og sérstaklega í sumar sem leið, er ég var staddur í Öræfum og horfði yfir þessa ægivíðáttu, sem Skeiðarársandur er, og þá miklu landstækkun, sem þarna hefur orðið á undanförnum árum og undanförnum öldum. Hvaðan hefur borizt öll þessi óhemja af leir, sandi og möl, sem hefur stækkað Ísland á þessum slóðum? Þetta hefur allt saman borizt fram undan jöklinum frá fljótunum, sem falla undan Vatnajökli Ég fæ ekki skilið, að þetta hafi getað gerzt á annan hátt en þann, að það hafi flutzt fram ógrynni af melum og jörð, sem áður var undir Vatnajökli, og getur ekki einmitt í þessu legið skýringin á því, að það er að draga úr hlaupunum, að landið hafi lækkað undir jöklinum, landið hlýtur að lækka. Á annan hátt getur þetta mikla landssvæði ekki hafa myndazt, sem Skeiðarársandur er. Og ég hef verið að hugsa um það, þegar Öræfingar hafa verið að segja mér frá því, hversu jökullinn hafi verið að lækka á undanförnum árum, t.d. séð frá Skaftafelli, — miðað við fjöll, sem standa vestar í jöklinum, sem áður sáust ekki fyrir Skeiðarárjökli, vegna þess að þá bar hann svo hátt, en nú sér langt niður í fjöllin. Er það víst, að þetta sé allt vegna þess, að jökullinn hafi þynnzt? Getur ekki verið, að ástæðan sé líka sú a.m.k., að það hafi borið í burtu landið, sem var undir jöklinum? Og eins og ég sagði áðan, það hlýtur að hafa gerzt, en um leið og við leiðum hugann að því er, að mér sýnist, rökrétt að álykta, að það hlýtur líka a.m.k. að geta haft stórkostleg áhrif á jökulhlaupin. Fyrirstaða vatnsins hefur lækkað, af því leiðir, að það er minna vatnsmagn, sem getur safnazt fyrir. Ég held þess vegna, að það sé ekki rökrétt svartsýni, ef ég mætti komast svo að orði, að reikna með því, að aftur komi tími hinna stórfelldu jökulhlaupa. Ég hefði gaman af, að mér fróðari menn, sem eitthvað um þessi mál hafa hugsað, veltu þessu máli fyrir sér. Alla vega er örðugt að skýra, hvernig landið hefur stækkað svo sem raun ber vitni á Skeiðarársandi án þess að það hafi um leið lækkað til muna það, sem

er undir jöklinum. En ég vil, að þetta komi fram, af því að það skiptir máli, verulegu máli, um afstöðu til þessa máls, hvort við erum þeirrar skoðunar, að aftur komi tími hinna stórfelldu jökulhlaupa. Ef jökulhlaupin í framtíðinni verða ekki miklu stórfelldari en þau hafa verið nú hin síðustu ár, þá er það hreint ekki óyfirstíganlegt vandamál að brúa Skeiðará. Við verðum fyrir einhverjum áföllum, en ekki meiri en það, að svo mikið hagsmunamál sem hringvegur um landið er, þá er það ekkert áhorfsmál að ráðast í þessar framkvæmdir og það sem fyrst. Allir, sem á þetta mál minntust, allir, sem töluðu við umr., og allir flm., — þeim er öllum ákaflega vel ljós hin geysilega þjóðhagslega þýðing þess að opna hringveg um landið. Og það er dæmi, sem við getum aðeins leikið okkur að, að gera okkur í hugarlund, hverju kunni að nema í tölum, en alltaf verða það ágizkanir. Hitt er óhætt að fullyrða, að það verður naumast metið til fjár.

Ég vil bæta því við þessar hugleiðingar mínar, sem ég setti fram, þegar ég kom heim frá umr. um þáltill. hér 1968, um orsakir minnkandi vatnsmagns í Skeiðarárhlaupum, að lækkun á jöklinum getur auðvitað þýtt þynnri jökul og hefur sennilega gert það, eða þá hvort tveggja lægra land undir og þynnri jökul, en við það að jökullinn þynnist þá léttist fargið, og ef vatnsmagnið þarf að lyfta jökulhettunni til að ná framrás, þá þarf til þess minna vatnsmagn við það að jökulhettan þynnist. Auk þess hækkar hitastig við yfirborð jökuls, því lægri sem hann er. Og allt styður þetta þá skoðun, að hlaupin á Skeiðarársandi verði ekki jafnstórfelld í framtíðinni, sem þau voru um skeið, t.d. á fyrri hluta þessarar aldar. En frá því að þáltill. var afgreidd á Alþ. vorið 1968, þá hafa farið fram rannsóknir á Skeiðarársandi, m.a. verið byggðir garðstubbar frá brekkunni undan Skaftafelli, sem ætlað er að sýna gildi sitt í næsta Skeiðarárhlaupi. En þess er nú brátt að vænta, og þeir Skaftafellsbændur sjá nú merki þess, að ekki sé langt í hlaupið, jökullinn er tekinn að hækka, en þeir hafa mið heiman frá sér til að fylgjast með þessu.

Já, auðvitað koma hlaup, vatnsflóð, skemmdir, áföll og kostnaður, en eins og ég sagði áðan, hér er um svo mikið hagsmunamál að ræða, að ekki er áhorfsmál að ráðast í framkvæmdir og það sem fyrst. Og ég endurtek það, — menn geta leikið sér að því að reikna hagnaðinn og hverju hann nemur í tölum, en hann verður naumast metinn til fjár. Og þess vegna hef ég verið að velta málinu fyrir mér, leitað leiða til fjármögnunar, þar sem almenningsálitið fengi notið sín, — áhugi og skilningur á gildi málsins. Og út frá þessum hugleiðingum er þetta frv. orðið til, sem hér liggur fyrir til 1. umr. sem 67. mál á þskj. 69.

1. gr. frv. er um það, að ríkissjóður gefi út til sölu innanlands happdrættisskuldabréf í 5 flokkum, hvern að fjárhæð 40 millj. á ári í 5 ár eða samtals 200 millj. Ég verð að taka það fram til skýringar á þessari upphæð, að eins og vikið er að í grg. þá liggja ekki fyrir enn þá neinar áætlanir um kostnaðinn af þessum framkvæmdum, en það hafa verið settar fram ágizkanir, 250 jafnvel allt að 300 millj. En það er a.m.k. víst, að 200 millj. mundu, að minni hyggju, ráða úrslitum um það að þessi framkvæmd kæmist á rekspöl, og af þeim sökum kaus ég nú að miða við þessa tölu. En það fylgir þessu að sjálfsögðu nokkur kostnaður í gegnum happdrættisvinningana, sem eru hugsaðir að komi í stað vaxta, þeir eru að upphæð á ári í hverjum flokki 1.4 millj., en það svarar til 7% vaxta af heildarupphæðinni. Þess vegna fer sú upphæð vaxandi fyrstu 5 árin, sem þarf að greiða árlega í vinninga, og á 5.—10. ári, ef öll bréfin seldust, þá yrði þessi upphæð 14 millj. á ári, og ef ætti að taka það af þessu framkvæmdafé, sem með þessu aflaðist, þá mundi það skerða verulega gildi þess til framkvæmdanna, þannig að ég þykist sjá, að það sé a.m.k. æskilegast, að Vegasjóður komi þarna til, þegar verkið er hafið, og taki að sér greiðslu þeirrar upphæðar, sem happdrættisvinningunum nemur. Að þessu er ekki sérstaklega vikið eða nein fyrirmæli um það í frv. og ekki heldur í grg., en mér þótti rétt, að ég segði frá þeirri hugmynd, sem ég hefði um þetta atriði. Mér er vel ljóst, að þarna er um hlut að ræða, sem mundi rýra verulega framkvæmdaféð, ef það væri tekið, — ef vinningarnir væru teknir af þessum upphæðum. Síðan kæmi svo til eftir 10 ár að endurgreiða þessa upphæð alla á næstu 5 árum, og ég er ekki með — ég skal játa það, að ég er ekki með núna á stundinni — hugmyndir um það, hvernig þetta verði gert, og játa það, að ég hugsa líkt og margir gera oft og mörgum sinnum um það, sem fram undan er: þá koma dagar og þá koma ráð. En m.a. vil ég benda á, að ég held, að það komi mjög til greina að taka upp veggjald, þegar þessi leið yrði opnuð, sérstaklega ef það fyndist einhver skynsamleg leið til þess, að það yrði ekki allt of kostnaðarsamt í framkvæmd.

En þetta eru, að ég held, þau helztu atriði, sem ég vildi taka fram til skýringar á frv. sjálfu. Að sjálfsögðu eru ekki þessi fyrirkomulagsatriði þannig, að ef fleiri augu sjá betri lausn, skynsamlegri lausn, þá er auðvitað sjálfsagt að breyta þarna eitthvað til. En hitt vil ég segja, að ég held, að þarna sé um leið að ræða, fjáröflunarleið einmitt í þessa framkvæmd, sem er hyggilegt að reyna, og ég vil aðeins að lokum segja, að nú heiti ég á alla Íslendinga að sameinast um þetta átak. Þetta er mál, sem þjóðin ber á örmum sér. Og ég veit, að hún gerir það, og byggi það á reynslu framfaraáranna á þessari öld, sigurgöngu þjóðarinnar frá fátækt til bjargálna, sem hin skyggnu augu Íslendingsins gerðu að veruleika. Ég vil svo vænta þess, að þetta frv. fái góðar undirtektir hér á hv. Alþ., og leyfi mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til samgmn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Mér finnst hv. 3. þm. Austf. fara dálítið einförum um þessar mundir og það finnst mér skaði, því hann er alls ekki leiðinlegur samferðarmaður. Mér hefði

fundizt, að hann hefði átt, fremur en að flytja þetta frv. einn, að fá til fylgis við sig 10 eða 20 þm. Ég er alveg sannfærður um, að hann hefði getað það, ef hann hefði tekið þá vinnuaðferð. Ég stóð í þeirri meiningu, að við þm. Austf. værum að reyna sameiginlega að finna leiðir til þess að vinna að þessu máli, m.a. fjáröflunarleiðir, og hefði þess vegna talið, að það hefði verið ánægjulegt, að við hefðum staðið allir saman einmitt að flutningi þessa máls. Og marga aðra þm. hefði vafalaust verið hægt að fá til að slást í för með okkur. En um þetta ætla ég í sjálfu sér ekki að sakast, en þó er rétt að minna á, að það er siður hygginna herforingja að leita sér bandamanna og þykir það hyggilega af stað farið, áður en út í baráttu er lagt.

Ég vil lýsa eindregnu fylgi mínu við þetta frv. þm. og ég vona, að honum takist að fá samgmrh. sinn og ríkisstj. sína til þess að fylgja þessu máli og drífa það fram nú á þinginu, þannig að þetta gæti orðið lögfest. Ég er flm. sammála um, að það er í allra hæsta máta tímabært að lögfesta þetta nú, því ég tel, að það eigi að stefna að því að koma þessum stórfelldu mannvirkjum á Skeiðarársandi upp fyrir árið 1974, eins og ég hef þráfaldlega minnzt á. Ég álít, að það væri verðugt verkefni fyrir þjóðina að ljúka því að gera akfært umhverfis landið á þeim merku tímamótum, sem þá verða í sögu hennar. Ég álít, að þetta sé mjög vel hægt og er þm. alveg hjartanlega sammála um, hvernig skynsamlegast er að vinna að þessu. Ég er sammála honum um það, eins og hann veit, að það ætti að byrja á því blátt áfram eins og gert hefur verið um mannvirkjagerð á Íslandi, að taka hér eitt af öðru eins og það liggur fyrir, halda sem sé áfram austur um Núpsvötn og síðan aðrar kvíslar á Skeiðarársandi og þá kemur Skeiðará síðast í röðinni. Mér dettur ekki annað í hug en Skeiðará verði brúuð. Mér skilst tæknimenn vera komnir það langt, að þeir gera því alls ekki skóna lengur, að brú standi ekki á Skeiðarársandi. Það er farið að tala um það sem staðreynd, að það sé vel hægt að byggja þannig brú, að hún standi. Menn telja í raun og veru orðið alveg augljóst mál, að það kemur ekki til greina annað en að byggja brúna, og hvaða höfuðmáli skiptir það þá, þó eitthvað af görðum fari í hlaupunum á 10—20 ára fresti með þeirri tækni, sem nú er orðin í vegalagningu. Það skiptir auðvitað engu aðalmáli samanborið við það, sem hér er annars vegar að vinna. En það, sem hér er að vinna, er hvorki meira né minna en það, sem ég hef líka lagt áherzlu á undanfarin ár, að Ísland verður allt annað land, ef þessu mannvirki er komið í framkvæmd. Það er eins og gáfaður maður sagði við mig í fyrra: „Takist ykkur að koma þessu í framkvæmd, verður maður að læra landafræðina upp á nýtt". Það er nokkuð til í þessu. Þetta hittir nokkuð vel naglann á höfuðið. Það er enginn maður á Íslandi til, sem hefur af þessu annað en ávinning. Hér verður stórfelldur ávinningur fyrir alla landsmenn. Landið verður allt annað land til ferðalaga, allt annað land til þess að búa á og lifa í. Það verður um alla framtíð hægt að vitna til þessarar framkvæmdar sem tímamótaframkvæmdar í lífi þjóðarinnar í landinu. Allt í einu verður svo komið, að menn geta ferðazt á landi í nýtízkutækjum hiklaust umhverfis landið. Og hugsið ykkur þær tölur, sem farið er að tala um í sambandi við þetta, 300 millj. Það kostar nú 30 millj. að byggja 100 tonna fiskibát. Á því sjáum við það m.a., að 300 millj. er ekki mikið fé, þegar annað eins og þetta er í húfi fyrir alla þjóðina.

Hitt er annað mál, að það kann að geta vafizt eitthvað fyrir mönnum að útvega þessa aura, því að það er í mörg horn að líta, og þess vegna tel ég einmitt, að það sé mjög skynsamlegt að leita að sérstökum leiðum í þessu efni eins og við höfum verið að gera. Ég sé að hér situr nálega fyrir framan mig einn hv. þm., Karl Guðjónsson, sem hefur stungið upp á sérstakri leið til fjáröflunar, sem manni fannst vera mjög hyggileg og skynsamleg. Hann stakk upp á því að menn héldu áfram að greiða þetta gjald, sem lagt var á í sambandi við hægri umferðina, og leggja það í þessa framkvæmd. Mér finnst það vera mjög góð hugmynd. Þessi hugmynd, sem hér er verið með í þessu frv., er líka mjög góð. Ég er sannfærður um það, að það mundi verða stórkostleg þátttaka í því að kaupa skuldabréf af þessari tegund til að hrinda þessari mannvirkjagerð áfram. Ég er viss um, að það er hægt að leysa málið eftir þessari leið.

Stundum verður að leysa mál með dálítið sérstökum fjáröflunarleiðum, vegna þess hve menn hafa margt í fanginu af öðru. Ég minnist þess t.d., að við vorum lengi Austfirðingar mjög sárir út af því að hafa ekki brú á Jökulsá á Fjöllum. Það gekk ekki vel að koma henni inn á fjárl. vegna þess að þar voru menn alltaf með svo margt. Var erfitt að fá svo stóra framkvæmd inn á fjárl. Þá datt okkur það í hug að beita okkur fyrir Brúarsjóðnum, sem kallaður var, þ.e.a.s. að verja nokkru af benzínskattinum í Brúarsjóð. Þetta varð til þess, að þessi brú komst upp eftir skamman tíma og hún stytti leiðina til Austurlands um 80—90 km. Þetta varð sem sé bylting. Og ekki nóg með það. Svo var haldið áfram með Brúarsjóðinn og fyrir fé úr þessum sjóði flaug upp hver stórbrúin á fætur annarri, eftir að búið var að finna þessa leið, en þær komust ekki inn á fjárl. Þetta er nú einu sinni svona. Þetta er í alls konar hólfum og þetta er ekki eins einfalt eins og menn skyldu halda. Sumir gætu kannske sagt: Þið gátuð alveg eins sett þetta inn á fjárl. og horfzt í augu við verkefnin þannig. En þetta er nú ekki svo einfalt. Það verður stundum að fara sérstakar leiðir, til þess að gera viss átök. Og um það bil sem Brúarsjóðurinn var lagður niður endanlega með vegalögunum nýju, var búið að byggja tugi stórbrúa, — tugir stórbrúa, sem búið er að byggja fyrir fé úr þessum sjóði. Það hefði aldrei gerzt svo fljótt, ef ekki hefði verið viðhöfð þessi aðferð, — ekki gerzt á svo stuttum tíma. Alveg eins er með þetta mál, sem hér er verið að ræða.

Ég vona, að þetta frv. fái góðan stuðning. Það er ekki eftir neinu að bíða að samþykkja fjáröflunar-

leið í þessu tilliti. Þetta verður gert. Ég vil ekki deila á samgmrh. fyrir það, að hann er ekki búinn að framkvæma alveg þáltill., um undirbúninginn, því ég veit, að það stafar af því, að vegamálastjórnin, sú tæknilega vegamálastjórn, vill ekki gera till. um þessar framkvæmdir fyrr en búið er að sjá næsta hlaup. Satt að segja er maður nú orðinn óþolinmóður að bíða eftir því að þessar till. komi fram, og þar með að bíða eftir þessu hlaupi. Það er sennilega í eina skiptið í sögu landsins, sem menn hafa þráð Skeiðarárhlaup. Það sýnir skemmtilega breytingu á lífi þjóðarinnar í landinu, að nú skuli allir horfa fram til þess með mikilli eftirvæntingu, að Skeiðarárhlaup verði sem fyrst. En það er sannleikurinn, að þannig er ástatt.

Ég álít, að það sé alveg sama hvernig menn velta þessu fyrir sér. Eftir stendur það, ef hyggilega er á málið litið, að það er engin ein viðráðanleg framkvæmd hugsanleg á Íslandi, sem mundi breyta lífi þjóðarinnar jafnmikið til bóta og þessi, og engin arðgæfari fjárfesting, ef skynsamlega er skoðað, — engin. Ég skal ekkert segja um, hvernig þetta dæmi kæmi út á hagfræðistofu, ef farið væri að reyna að reikna út „arðsemisprósentu", eins og það er nú kallað, fyrir þessa framkvæmd. Ég skal ekkert segja um það. Ég held, að það færi eftir því, hve víðsýnir hagfræðingar settu upp dæmið, því að hér í eru ýmis álitamál. En ég er sannfærður um, að allir skynsamir sérfræðingar mundu komast að þeirri niðurstöðu, sem ég sagði áðan. Útkoman gæti ekki orðið nema ein, sem sé sú, að hér er um algerlega einstætt tækifæri að ræða til þess að kippa þjóðinni fram á við með tiltölulega litlum kostnaði, því að það kalla ég hreina smámuni, ef hér væri t.d. um að ræða 300 millj. eða svo, samanborið við það, sem vinnst á hinn bóginn. Og ég vil ekki trúa því, að það yrði látið standa á fjármununum, en ég veit samt, hve erfitt er að útvega peninga t.d. á fjárlögum og úr Vegasjóði, og þess vegna tel ég, að einmitt þetta að finna sérstaka tekjuöflunarleið sé mjög hyggilegt. Ég vil svo enn einu sinni lýsa stuðningi mínum við þetta mál og ég álít, að við eigum að drífa þetta mál áfram og ljúka þessum framkvæmdum fyrir hið mikla hátíðarár, 1974.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki nota mörg orð til þess að taka undir þær skoðanir, sem hafa komið fram hjá þeim hv. þm., sem hér hafa talað um nauðsyn þessarar vegalagningar. Ég held, að það sé hins vegar rétt, að einn þm., sem úr þéttbýli kemur, láti sína skoðun í ljós, og mín skoðun um mörg ár hefur verið sú, að um leið og við reyndum að vinna að því að leggja varanlegt slitlag á fjölförnustu vegina, þá ættum við ekki aðeins að auka og bæta vegakerfið á Austurlandi, heldur ættum við að láta verða af því með stórátaki þjóðarinnar sjálfrar að ná hringvegi um landið. Og það er einmitt það, sem ég vil taka undir með þeim tveim þm., sem hér hafa talað, að við ættum að gera, sérstaklega vil ég taka undir þau orð síðasta ræðumanns, að það væri verðugt verkefni fyrir íslenzku þjóðina að ljúka þessu af fyrir árið 1974, og a.m.k. mun ég reyna að stuðla að því hvað ég get.

Ég hafði hugsað mér að varpa fram nokkrum spurningum í sambandi við þá fjáröflun, sem hv. flm. vill beita sér fyrir með þessum frv.-flutningi sínum, en vegna þess að seinni ræðumaðurinn hefur einnig lýst stuðningi sínum við hann, þá leyfi ég mér að beina þeim spurningum mínum til hv. n., sem málið fær til meðferðar, vegna þess að ég er afskaplega efins í, að þessi tekjuöflunarleið verði til mikils framdráttar þessu máli. Ég minni á það, að þjóðin er þrúguð af happdrættum, ekki aðeins þremur stórum mánaðarlegum happdrættum, heldur t.d. á að draga hér í Reykjavík fyrir jólin í 14 happdrættum, sem þar að auki eru öll að vinna að mannúðar- og velferðarmálum. Þar fyrir utan tel ég, að hv. flm. ætli anzi lítið til þeirra, sem þessa happdrættismiða eða happdrættisskuldabréf eiga að kaupa, þegar hann ætlar aðeins vextina til þeirra til þess að kaupa þessi bréf, hafandi í huga, að ríkissjóður hefur á undanförnum árum oftar en einu sinni gefið út vísitölutryggð skuldabréf til þessara handhafa. Samkvæmt þessu eiga aðeins að koma einfaldir vextir, hafandi í huga jafnframt, að þeir, sem kaupa happdrættismiða í happdrættum, sem eru í gangi, fá allt frá 30 og upp í 70% af innkomnu fé í sinn hlut til skipta, sem fer í vinninga, þannig að ég vil aðeins undirstrika, að ég held, að það sé nokkuð mikil bjartsýni fólgin í því, að þessi fjáröflunarmöguleiki einn eða kannske með þeirri viðbót, sem hefur komið fram í þeim tölum, sem hér hafa komið fram, geti undir þessu staðið. Hins vegar tek ég undir það, sem hefur komið fram hér og upplýst var af hv. 1. þm. Austf. og hv. þm. Karl Guðjónsson mun hafa komið fram með hér á hv. Alþ. fyrr, að einhver sérstakur skattur, — ja, við getum kallað það skatt, sem lofað hefur verið af stjórnvöldum, og þar á ég við þann skatt, sem lagður var á bíleigendur í sambandi við breytinguna frá vinstri til hægri, hann t.d. væri lagður í einhverja slíka sérstaka framkvæmd í sambandi við vegamál, eða einhver önnur tekjuöflunarleið yrði reynd. Ég held, að í sjálfu sér þurfum við kannske ekki að einblína á þessa einu tekjuöflunarleið, ef Alþ. Íslendinga er sammála um það að reyna að vinna að því að ná þessari framkvæmd fram og þá kannske að setja sér það um leið að ná henni fram fyrir þetta ákveðna ár, sem hv. þm. Eysteinn Jónsson minntist á. A.m.k. tel ég, að það væri að mörgu leyti þarfara heldur en að leggja í sum þau hús, sem lagt hefur verið til, að byggð yrðu fyrir þennan ákveðna árdag.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er nú vitanlega sjálfsagt, að sú hv. n., sem fær þetta frv. til athugunar, athugi það vel, og það þarf að ræða það, hvernig þetta mál mundi nú verka, ef það væri lögfest, hvort líklegt væri, að það seldist svo mikið sem hér er gert ráð fyrir í frv. Fljótt á litið sýnist þetta geta verið heppileg fjáröflunarleið til þess að koma þessu þjóðhagslega máli fram. Það er

enginn vafi á því, að þetta mál á orðið mikið fylgi með þjóðinni og það er beðið eftir því, að hringvegur komi um landið. Og þetta hefur einnig mikið gildi í sambandi við það, þegar við erum að byggja hér upp nýjan atvinnuveg, sem eru ferðamálin. Það er þess vegna ljóst mál, að það ber að gera allt, sem unnt er til þess að koma þessu máli í framkvæmd. Það er unnið að miklum rannsóknum núna á Skeiðarársandi og það hefur stundum verið brosað að því, þegar sagt hefur verið, að beðið væri eftir jökulhlaupi. En sannleikurinn er nú sá, að það þykir nú henta að sjá a.m.k. eitt hlaup og draga nokkrar ályktanir af því, hvernig það kemur. Hins vegar hafa verkfræðingar nú í seinni tíð, held ég, alveg fallið frá þeirri till., sem fyrst var uppi, að byggja varanlegar brýr steinsteyptar á sandinum, heldur byggja timburbrýr, sem yrðu þá ekki svo dýrar, ef þeim skolaði burt, og gæti það vitanlega orðið til þess að flýta fyrir því, að þessi samgönguleið yrði fær.

Ég vildi aðeins láta skoðun mína í ljós á þessu máli, sem reyndar var nú kunn fyrr, að ég vil leggja því lið, að því verði hraðað að koma hringveginum á. En það er enginn vafi á því, að umferðin á austurveginum eykst mjög mikið við þetta og álagið á hann verður þeim mun meira. Þess vegna er það einnig aðkallandi að gera þann veg traustan og góðan um leið eða áður en umferðin verður aukin. En ég veit, hvað hv. þm. meinar, hann meinar, að það megi gera þetta samhliða, og ég er því samþykkur, að það megi gerast nokkuð samhliða. Og þetta kemur náttúrlega ekkert af sjálfu sér. Þetta kemur, ef það er höfð fyrirhyggja með það að afla fjárins með heppilegum hætti, og málefni, sem á eins mikið fylgi og þetta, það hlýtur að verða hægt að flytja fram áður en langur tími líður.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins með örfáum orðum undirstrika fylgi mitt við þetta mál. Og jafnframt greina frá því, að það hefur verið baráttumál á austanverðu Norðurlandi um mörg undanfarin ár, að komið yrði upp hringbraut um landið, eins og það hefur verið undirstrikað, að þetta ætti að vera vegur í flokki þjóðbrauta, sem lægi um byggðir landsins. Það er augljóst mál, að þarna er verið að setja alveg grundvallarhlekk í þessa þjóðbraut og þegar þetta er búið, opnast leiðirnar eins og bent hefur verið á, til svo margs konar meiri framfara í þessum málum. Það er hægt að hugsa sér að lýsa þessu þannig, að eftir það, að hringnum er lokað, verður enginn á leiðarenda, þá verður enginn, sem býr fjærst, þannig að hann finni sig á leiðarenda frá höfuðstöðvunum eða höfuðbyggð landsins. Og þessu fylgir ótal margt, sem til framfara horfir á mörgum sviðum, kannske ekki síður sálrænt fyrir byggðirnar en hagrænt. Því hygg ég, að þetta sé baráttumál allra byggða, sem við þessa hringbraut verða. Ég hygg einnig, að þeir, sem hafa ferðazt um Skaftafellssýslur og sunnanverða Austfirði finni ákaflega mikið til þess, hvað þessar byggðir hafa liðið fyrir það að hafa einmitt verið á leiðarenda og jafnvel verið alveg einangraðar. Þeir, sem hafa ferðazt um þessar byggðir, finna einnig, að möguleikarnir til að loka þessum hring eru fyrir hendi. Það hafa sagt mér Skaftfellingar, að svo hafi verið talið með fljótin koll af kolli, að þetta yrði nú aldrei brúað, en svo var ráðizt í brúargerð á því fyrsta og svo kom það næsta. Það er ábyggilega ekki nema mannsverk að loka þessu nú á þeim tíma, sem um hefur verið rætt, fyrir 1974.

Flm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Ég vil þakka fyrir allar þær góðu undirtektir, sem þetta mál hefur fengið, en það var aðeins eitt, sem ég vildi gjarnan taka betur fram, sérstaklega út af ræðu hv. þm. Péturs Sigurðssonar, þar sem hann talaði um tekjuöflunarleið. Ég vil bara benda á það, að í frv. felst í raun og veru ekki tekjuöflunarleið, heldur fjáröflunarleið og það er verulegur munur á þessu og venjulegum happdrættum. Og út af því, sem hann benti á, að það væri kannske 30%, 40% eða meira, sem væri greitt í vinninga af happdrættunum, þá ber að athuga það, að hér er gert ráð fyrir, að höfuðstóllinn sé alltaf endurgreiddur, þannig að það er þó ekki fórnað öðru heldur en vöxtunum og þetta er þess vegna alveg hliðstætt við t.d. sparifé, að öðru leyti en því, að það eru lægri vextir heldur en af tilsvarandi bindingu í sparisjóðum. En ástæðan til þess, að þetta er sett fram á þennan hátt, er augljóslega sú, — og það vil ég undirstrika, — *það er sett fram í trausti á það, að það sé áhuginn* fyrir málefninu, sem raunverulega gerir það að verkum, að mönnum verður ljúft að kaupa þessi bréf, og ég er þeirrar skoðunar, að þessar 40 millj. eða sú upphæð, sem þar er nefnd árlega, sé upphæð, sem er það stillt í hóf, að þessi fjáröflunarleið muni takast. En eins og ég benti á áðan, kemur það auðvitað til frádráttar, ef það þyrfti að taka eitthvað af þessari fjáröflun til þess að greiða vinningana. Það er hugmynd, sem ég skaut fram, að þann þáttinn tæki Vegasjóður að sér smátt og smátt.

Unnar Stefánsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins í örstuttu máli lýsa ánægju minni yfir þeim jákvæðu undirtektum, sem þetta mál hefur fengið hérna í d., og þeim stuðningi, sem þetta virðist eiga. Ég vildi vekja athygli aðeins á einu atriði, sem mér fannst ekki koma nógu vel fram hér. Það var rætt um þetta mál sem samgöngumál nr. 1, vegamál. Ég vil vekja athygli á því, að hér er ekki aðeins um vegamál að ræða, hér er líka um að ræða ferðamál. Það hefur verið ákveðið að koma upp þjóðgarði í Skaftafelli, og Íslendingar hafa hlotið öflugan stuðning Evrópusamtaka á vegum Evrópuráðsins til þess að koma upp þjóðgarði. Fyrir samtökum Evrópuþjóða og þeim stofnunum, sem að slíkum framkvæmdum standa, hlýtur að vaka, að almenningur, bæði á Íslandi og í öðrum löndum, eigi greiðan aðgang að þjóðgarði. Þess vegna hygg ég, að sú framkvæmd að stuðla að því, að þjóðgarður komist í vegasamband við þéttbýli, að auð-

velda íbúum þéttbýlis á Íslandi og í öðrum löndum að komast að þjóðgarði, hljóti að fá góðar undirtektir af stofnunum, sem eru tengdar Evrópuráðinu og hafa yfir digrum sjóðum að ráða, sem einmitt eru á hinum síðustu árum að leggja fram fjárframlög til þeirra landa og héraða í Evrópu, sem hafa orðið aftur úr í sambandi við almennar framfarir á ýmsum sviðum.

Og að lokum er annað, sem ekki kom fram hér. Hér er um að ræða stórvægilegt byggðajafnvægismál. Það vill svo til, að í næsta nágrenni þessa vegstubbs, sem vantar, ef svo má komast að orði, eru einmitt þau héruð, þar sem íbúar landsins búa við lægstar tekjur. Við athugun á tekjum Íslendinga kemur á daginn, að íbúar Vestur- og Austur-Skaftafellssýslu munu einmitt vera tekjulægstu Íslendingarnir. Að opna leiðina þarna á milli greiðir fyrir því, að þessi leið verði fjölfarin ferðamannaleið, og það skapar einmitt grundvöll til fjölbreyttari tekjuöflunar fyrir íbúana á þessum svæðum. Það er verið að byggja heimavistarskóla af miklum myndarbrag í næsta nágrenni við Kirkjubæjarklaustur. Þar er möguleiki úr þessu að reka sumarhótel, sem gæti orðið og sem mundi styrkjast sem gististaður ferðamanna. Þetta mundi stuðla að að efla byggðakjarna á Klaustri einmitt að sumarlagi meðan þarna lægi um mikill ferðamannastraumur. Og einnig held ég, — ég leyfi mér enn fremur að geta þess, þó að ég hafi ekki hugsað það mál djúpt, hvort viðeigandi er að hreyfa því hér, — mér er nær að halda, að hér sé enn fremur um að ræða varnarmál, það að tengja t.d. mikilsverða stöð í varnarkerfi Norður-Atlantshafsins, sem er nú við Hornafjörð, tengja greiðar samgöngur milli Suðvesturlands og Hornafjarðar ætti e.t.v. að vera áhugamál þeirra, sem áhuga hafa á öflugum vörnum á norðanverðu Atlantshafi. Sem sagt, hér er um að ræða miklu fleira en samgöngumál. Hér er um að ræða atvinnumál, hér er um að ræða byggðajafnvægismál, sem ég held, að ættu að skipta mjög miklu máli í sambandi við afgreiðslu þessa máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 69, n. 394).

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft til athugunar frv. til l. um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið, á þskj. 69. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 394, þá mælir n. með því, að frv. verði samþ. N. telur, eins og fram kemur í nál., að enda þótt hér sé um að ræða fjármögnun framkvæmda í sambandi við vega- og brúagerðir með óeðlilegum hætti, þá sé hér um alveg sérstæðar framkvæmdir að ræða, þar sem stefnt er að því að hraða svo sem unnt er mjög kostnaðarsömum lokaáfanga í lagningu hringvegar um landið. Þessi hugsun, þessi hugmynd hefur verið á döfinni á undanförnum árum að freista þess að ljúka sem fyrst þessum framkvæmdum og í þessu frv. er lagt til, að í þessu einstaka tilfelli verði farnar sérstakar fjármögnunarleiðir og telja nm., að undir slíkum kringumstæðum, sem hér um ræðir, sé réttlætanlegt að freista þess að skapa fjármagn í þessar framkvæmdir. N. leggur því til, eins og fram kemur á þskj. 394, að frv. verði samþ. óbreytt.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. n. fyrir einróma afgreiðslu á þessu máli og ég vænti þess, að það muni eiga greiðan gang í gegnum Alþ. úr þessu og ég vil aðeins undirstrika það, að því fyrr sem það er öllum ljóst að þetta verður að lögum, því betra. Því fyrr er hægt að fara að virkja þá miklu krafta, sem ég veit að eru fyrir hendi í þjóðfélaginu til þess að styðja að framgangi þessa verkefnis, sem stefnt er að að leysa með samþykkt þessa frv.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég get ekki stillt mig um að segja fáein orð til þess að láta í ljós fögnuð minn yfir þeim skilningi, sem fram hefur komið á Skeiðarársandsmálinu hjá hv. fjhn., sem ég tel mjög mikils virði. Ég ætlaði einnig að minna á, og nota hvert tækifæri til þess að koma því á framfæri, að það væri auðvitað bezt viðeigandi að koma þessu í framkvæmd fyrir árið 1974. Það er engin ein framkvæmd til í landinu, sem væri jafnverðug þess að vera minnisvarði um 1100 ára byggð þjóðarinnar í landinu og þetta, — að ljúka þessari hringleið. Með því verður bylting í lífi þjóðarinnar í landinu eins og við hljótum að sjá, ef við förum að hugleiða það. Nú hugsum við tæplega um Ísland sem eyland, þegar um landferðalög er að ræða, heldur hugsum við þá um leiðarenda. Byltingin verður gagngер, því við hættum að hugsa um leiðarenda, og við fáum hringleið. Ísland verður í öllu tilliti eyland. Ég skal ekki tefja þetta mál, en ég vildi enn einu sinni minna á þetta sjónarmið. Ég er alveg sannfærður um það, að það á eftir að koma mjög fljótlega í ljós, að framkvæmdin er vel kleif tæknilega, og ég læt í ljós ánægju mína yfir því, að hér verður stigið stórfellt skref í þá átt, að þetta gæti orðið. Þetta á ekki að þurfa að tefja fyrir neinum öðrum góðum verkum, sem við þurfum að koma í framkvæmd fyrir 1974.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það lítur út fyrir, að hv. Alþ. ætli að samþykkja frv. um happdrættislán til þess að koma á vegagerð yfir Skeiðarársand og brúm á vötnin þar. Það er mjög ánægjulegt, og verði þetta frv. að lögum þá þarf að gera ráðstafanir til þess að selja happdrættismiðana, og það er vitanlega undirstaðan til þess að framkvæmdum verði flýtt. Þótt Vegasjóður hafi á þessu ári rúmlega 900 millj. kr. til ráðstöfunar og fái að láni 300 millj., þannig að unnið verði fyrir 1200 millj. á þessu ári og sennilega eins á því næsta, þá er

það vitað mál, að Vegasjóður og það fé, sem hann hefur til ráðstöfunar, hrekkur ekki til þessara sérstöku framkvæmda, sem hér er um að ræða. Og þess vegna er það ánægjulegt, að hv. Alþ. virðist ætla að hafa samstöðu um það að afla fjár í þessu skyni með sérstökum hætti. Það munu allir hv. alþm. vera sammála um það, að flýta beri þessari framkvæmd eins og auðið er, og ég vil taka undir það, sem sagt var hér áðan, að það væri ánægjulegt, ef þessu verki yrði lokið á árinu 1974. Og þá er ekki um annað að ræða heldur en að vinna að því, að svo geti orðið. Ef fást með þessum hætti 200 millj. kr. til framkvæmdanna, þá er ekki ólíklegt, að það sé meginhluti þess fjár, sem þarf í þessu skyni, og enginn vafi er á því, að það er í senn menningarlegt atriði og hagsmunalegt atriði að koma þessu verki fram. Þegar fjárins er aflað, — og við vonum, að þetta frv., ef að lögum verður, nægi til þess, — þá er vitanlega það unnið, sem mest á ríður og það dugar ekki annað en að herða þá róðurinn með athuganir og undirbúning að verkinu og gera það, sem í mannlegu valdi stendur til þess að flýta því sem mest, og fyrir fram verður vitanlega ekki sagt um það, hvort það tekur 3, 4 eða 5 ár, en ég er fylgjandi því, að þessu verki verði flýtt, eftir því sem mögulegt er.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 55. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 56. fundi í Ed., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Jökulárnar í Skaftafellssýslu hafa lengi verið illur þrándur í götu. Meðan öll vötn voru óbrúuð var lífsbarátta þess fólks, sem stundaði atvinnu sína og átti búsetu í þessum byggðarlögum, mjög erfið, og þessir erfiðleikar höfðu vissulega áhrif á lífskjörin. En löngum var það svo og allt fram undir síðustu ár, að það mátti segja um aðstöðu fólksins í þessum byggðarlögum líkt og Matthías kvað um Ísland í upphafi þessarar aldar:

„Um þess kjör og aldarfar
aðrir hægt sér láta."

En á síðari árum hefur þetta breytzt og er það mjög vel farið. Það þarf ekki að líta langt aftur í tímann til þess að gera sér það ljóst, að þróun samgöngubóta á þessu svæði hefur verið tiltölulega ör á undanförnum tveimur áratugum, og hlýtur það vissulega að auka bjartsýni manna á það, að nú eigi það ekki langt í land, að akfær hringvegur um landið verði fullgerður og opnaður til umferðar. Fyrir 20—25 árum var þannig ástatt í þessum málum, að að austanverðu hindraði Fossá í Álftafirði og sérstaklega Jökulsá í Lóni bifreiðasamgöngur þeim megin frá og að vestanverðu Djúpá í Fljótshverfi. Milli þessara vatnsfalla, Fossár í Álftafirði og Djúpár í Fljótshverfi, eru um 250 km og á þeirri leið eru mjög margar jökulár stórar og smáar, sumar ófærar bifreiðum og aðrar lítt færar. Á s.l. 20 árum hefur verið unnið að því samfellt að vinna bug á þessum erfiðleikum, og þar hefur komið til í fyrsta lagi áhrif þess fólks, sem býr í því héraði, sem þarna á sérstaklega hlut að máli, og hins vegar góður skilningur Alþ. á því, að átaka væri þörf í þessum efnum. Og nú er svo komið, að ekki er eftir nema 30 km kafli til þess að tengja saman akveginn sunnan jökla. En það hefur frá upphafi verið ljóst þeim, sem kunnugir eru á þessum slóðum, að það hlaut að verða lokaátakið að koma á mannvirkjagerð á Skeiðarársandi. Það er þó ekki svo, að menn hafi lokað augum fyrir því, að ástæða væri til að bæta um samgöngumöguleika á Skeiðarársandi frá því, sem áður var, og ýmsar till. hafa komið fram á hv. Alþ. að undanförnu um það efni og hlotið fullnaðarafgreiðslu hér á þingi.

Fyrir 15 árum bar ég fram hér á hv. Alþ. till. til þál. um það, að gerð yrði gangskör að því að kaupa og reyna ný samgöngutæki á eyðisöndum Skaftafellssýslu. Þó var ekki talað um brúagerðir, enda var það ekki raunhæft á þeim tíma, þar sem svo mörg önnur verkefni voru þá óleyst á því sviði. Þessi till. fékk einróma meðmæli fjvn. og var samþ. á Alþ. Hins vegar heppnaðist ekki að fá þau samgöngutæki, sem þá var sérstaklega haft í huga, svo að segja má, að minna hafi orðið úr framkvæmdinni heldur en ætlað var. Fyrir 10 árum fluttu allir þm. Austf. till. til þál. um það, að fela samgmrn. að undirbúa brúargerð á Jökulsá á Breiðamerkursandi og stefna að því eða vinna að því, að samgöngubætur yrðu gerðar á Skeiðarársandi. Þessi till. fékk einnig góðar undirtektir hér á hv. Alþ. og var afgreidd sem ályktun Alþingis.

Jökulsá á Breiðamerkursandi hefur þegar verið brúuð svo sem kunnugt er, og ég tel, að upp af þessu hafi sprottið það, að keyptur var hinn svonefndi vatnadreki, sem er hafður við Skeiðará og er mjög mikilvægt öryggistæki við það stórvatn, þó að hann henti ekki til ferða yfir Skeiðarársand. Fyrir 4 árum tóku svo fleiri hv. þm. í sama streng og þm. Austf. höfðu áður gert, því að þá var flutt á Alþ. till., þar sem flm. voru 11 að tölu og úr öllum stjórnmálaflokkum og þm. búsettir í ýmsum kjördæmum landsins, þar sem skorað var á samgmrh. að láta gera áætlun um vega- og brúagerðir á Skeiðarársandi, sem tengi hringleið um landið. Þessi till. var einnig samþ. En við meðferð málsins í n. var fellt

niður það, sem upphaflega stóð í tillgr. af hálfu flm., að jafnframt skyldi gera áætlun um það, á hvern hátt afla megi fjár til framkvæmda við samgöngubætur á Skeiðarársandi. Hv. fjvn., sem fjallaði um þessa till., sá sér ekki fært að hafa þetta ákvæði í ályktuninni, og var það fellt niður, sem að mínum dómi var heldur miður. Hins vegar er þess að minnast, að samkv. vegáætlun hefur verið lagt fram nokkurt fé til þess að gera rannsóknir á Skeiðarársandi til undirbúnings vegaframkvæmdum þar, og ber að minnast þess með þakklæti, að þetta hefur verið framkvæmt og allmiklar rannsóknir verið gerðar til undirbúnings frekari framkvæmdum.

Nú er þetta frv., sem hér liggur fyrir, um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið, hér til 1. umr. í þessari hv. d. Ég tel tvímælalaust, að þetta frv. sé spor í rétta átt og miði að því að flýta fyrir að létta undir með því að tengja akvegina um landið með samgöngubótum á Skeiðarársandi. Þetta, að koma vegasambandinu yfir þá 30 km, sem eftir eru til að tengja akveginn saman, er að mínum dómi mikilvægt þjóðmál og ég tel mig hafa orðið þess varan, að skilningur sé að aukast á því meðal almennings, að svo sé. Það er vissulega hagsmunamál fyrir þjóðarheildina, að þetta átak verði gert. Ísland mun breytast mjög mikið sem ferðamannaland, auk þess sem slík framkvæmd mundi stórlega bæta aðstöðu til atvinnurekstrar og samgangna á Suðaustur- og Austurlandi sérstaklega, og það á að vera metnaðarmál þjóðarinnar, að þetta verði gert fyrr en seinna. Fram hefur verið sett sú hugmynd, að þetta ætti að tengja við 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar, og ég vil fyrir mitt leyti láta í ljós þá skoðun, að ég tel mjög vel farið, að það mark sé sett.

En vissulega er hér um allstórt og erfitt viðfangsefni að ræða. Þetta er tæknilegt vandamál, en ég hef þó lengi haft þá skoðun, að verkfræðingum okkar muni verða auðið að leysa þetta tæknilega vandamál, og bjartsýni mín í þessu efni hefur fremur vaxið, eftir því sem nær dregur vitanlega þessum framkvæmdum, fremur en hið gagnstæða og kemur þar ýmislegt til. Ég hef við að styðjast allmikla reynslu um framkvæmdir við vötnin í Skaftafellssýslu, þar sem ég hef sjálfur verið áhorfandi að, og það eru ekki nema 20 ár síðan það var endanlega ákveðið að brúa Hornafjarðarfljót, eftir að akvegur hafði verið gerður þar og sá dómur felldur, að það væri tæknilega kleift að brúa Hornafjarðarfljót. En það var ekki fyrr en um 1950, að sú ákvörðun var tekin og verkfræðingar eða þáverandi vegamálastjóri féllst á, að svo skyldi gert. En mannvirkin við Hornafjarðarfljót hafa engin áföll beðið síðan sú brú var sett upp, var fullgerð fyrir 10 árum. Vötnin á vestanverðum Skeiðarársandi, þ.e.a.s. Núpsvötn, Súla og Sandgígjukvísl eru að mínu áliti, og tel ég mig hafa nokkurn kunnugleika á því, alls ekki erfiðari viðfangs heldur en sum önnur vötn í Austur-Skaftafellssýslu, sem þegar er búið að brúa. Hitt má svo öllum vera ljóst, að Skeiðará er nokkuð sérstök að þessu leyti og það er mesta tæknilega vandamálið að gera þar mannvirki, sem standast hin stórfelldu jökulhlaup, sem koma við og við í það vatnsfall. Þetta er jafnframt fjárhagslegt vandamál eða nokkuð stórt fjárhagsmál. En þegar litið er til þess, hvað íslenzka þjóðfélagið telur sér fært að gera á ýmsum öðrum sviðum samgöngumála, svo sem við hraðbrautarlagningar, þá tel ég, að okkur eigi ekki að vaxa þetta í augum. Ef við lítum til annarra þátta samgöngumála, svo sem hvað það kostar að kaupa strandferðaskip, gott og vandað strandferðaskip, og ef við höfum það til samanburðar, þá styður það enn þessa skoðun mína, að við eigum ekki að hika við að leggja í þessi mannvirki á Skeiðarársandi um leið og sá dómur fellur af hálfu verkfræðinga, að þetta sé tæknilega viðráðanlegt. Ég vil því endurtaka það, sem ég sagði fyrr, að þetta frv. er að mínum dómi mál, sem stefnir í rétta átt og á fullan rétt á sér. Hér er gert ráð fyrir því að safna með sölu á happdrættisbréfum samtals 200 millj. kr. á 5 árum. Þó að þetta mark sé sett í frv., þá virðist mér, að reynslan ein muni skera úr því, hvort það tekst að afla þessa fjár og svo mikils fjár á þennan hátt. Og ég vil láta það koma skýrt fram sem mína skoðun, og ég vænti, að það sé skoðun annarra hv. þdm., að framkvæmdir á Skeiðarársandi geta vitanlega ekki staðið eða fallið með því, hvort það selst meira eða minna af þessum happdrættisskuldabréfum, sem boðin verða út til sölu. Þar hlýtur að koma til önnur fjáröflun jafnframt, svo að fullnægt verði fjárþörfinni, hvað sem þessu líður. Á þetta vil ég leggja áherzlu frá minni hálfu. Eigi að síður lít ég svo á, að fjáröflun af þessu tagi verði þáttur í þessu stóra fjárhagsmáli og með þessu verði lagður fram skerfur til þeirra mikilvægu framkvæmda, sem stefnt er að, að gerðar verði. Ég vil því ljúka þessum orðum með þeirri ósk og þeirri áskorun til hv. þdm., að þessu frv. verði opnuð greið leið í gegnum þessa hv. þd.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er rétt, sem hér var sagt áðan, að þetta frv. er spor í rétta átt. Það er vitanlega engan veginn hægt að fullyrða neitt um það, hvort happdrættisskuldabréfin seljast. En við höfum nokkra reynslu af því, að þingið hefur gefið út happdrættisskuldabréf og sala þeirra hefur gengið vel. Hér er um mál að ræða, sem almenningur hefur áhuga fyrir, ég vil segja, hvar sem menn eru búsettir á landinu. Þetta mál er þannig vaxið, að það ætti að vera létt verk að hefja nokkurn áróður fyrir sölu bréfanna og afla mikils fjár með þessum hætti. En ég er alveg sammála því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði hér áðan, að þessi framkvæmd má ekki standa eða falla með því, hvort þessi fjáröflunarleið tekst eða ekki. Ef þessi fjáröflunarleið heppnast ekki, þarf vitanlega að finna aðra leið. Við þurfum að brúa þetta bil, þetta skarð, sem er á hringnum. Og tækninni hefur fleygt mikið fram, þannig að nú þykir fært að

gera það, sem ómögulegt var að vinna áður. En Skeiðará er erfið, jökulhlaupin koma öðru hverju og enginn getur með vissu sagt, hvar vatnið tekur sér farveg. Þannig gæti það verið, þótt miklir varnargarðar væru komnir, að það tækist ekki að halda vatninu undir brúnni. Því hefur sú uppástunga komið fram, að réttast væri að byggja trébrýr, sem yrðu þá að fara í versta tilfelli, en ekki yrði þá svo dýrt að endurnýja. Það hafa farið fram umfangsmiklar rannsóknir á svæðinu, hvernig með skuli fara, og ég held, að það sé örugglega dómur verkfræðinga, að tæknilega sé þetta framkvæmanlegt. En hversu mikið það kostar, hefur ekki enn verið fullyrt um, en það hefur verið gizkað á það, að þetta gæti kostað 200—300 millj. kr. Það er að vísu há upphæð, en á þessu ári notum við til vegaframkvæmda um 1250 millj. kr., þannig að ég býst nú við því, að mönnum blöskri ekki svo mjög, jafnvel þótt þetta mundi kosta 200—300 millj. kr., þegar notað er til vegaframkvæmda á einu ári 1250 millj. En þótt svo sé, að Vegasjóður hafi tiltölulega mikið fjármagn, þá liggur það alveg í augum uppi, að það verður að afla fjár með sérstökum hætti í þetta verk. Það verður ekki hægt að nota Vegasjóð eins og hann er nú og taka stórfúlgur úr honum í þetta verk, vegna þess að það eru í öllum kjördæmum landsins og öllum landshlutum svo mörg verkefni, sem bíða og verið er að vinna að og kalla eftir fjármagni.

Ég vildi aðeins við þetta tækifæri segja álit mitt á þessu, og það er ánægjulegt, að hv. Nd. samþykkti þetta frv. með öllum greiddum atkv. Ég held, að allir hv. Nd.-menn hafi verið með þessu máli, og ég vona, að svo verði einnig hér í þessari hv. d. Hvort það tekst nú að ljúka þessu verki fyrir 1974, um það vil ég ekkert segja. En ég tel, að þetta frv. verði til þess að ýta á og ýta undir framkvæmdina, og ég trúi því, að þetta frv., ef að l. verður, geti orðið talsverður þáttur í fjáröflun til verksins og kannske stór þáttur. Og undirbúningi að þessari framkvæmd verður haldið áfram í sumar og er vonazt til, að í sumar liggi fyrir nægilega miklar rannsóknir, þannig að það mætti hefjast handa vorið 1972. Það er rétt, sem hér var sagt áðan, að Núpsvötn, Súla og Sandgígjukvísl eru ekki nema eins og venjulegar ár og ekki nærri eins erfiðar eins og sumar árnar, sem hafa verið brúaðar núna að undanförnu. Það er Skeiðará, sem vandinn er bundinn við, og sem verður hægt að vinna, þegar peningar eru fyrir hendi. Ég er því samþykkur, sem hér var sagt áðan, að það þarf að afla fjár til þessara framkvæmda og hefjast handa eins fljótt og tæknilegur möguleiki leyfir.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það, sem hér hefur verið sagt um það, að þetta frv. er allra góðra gjalda vert og sýnir vissan áhuga fyrir því að koma því þjóðþrifamáli, þeirri þjóðarnauðsyn fram, að um Ísland verði hringvegur, en á það vantar nú, eins og hér hefur líka verið fram tekið, um það bil 30 km langan vegarspotta með tilheyrandi brúm. Það hefur lengi blasað við, að sá hluti landsins, sá hluti af undirlendi landsins, sem ekki hafði neinn þjóðveg, var sífellt að styttast, og það dró að því, að það yrði að taka þá lokaákvörðun að brúa Skeiðará og koma vegi yfir það 30 km svæði, sem hér hefur verið talað um. Ég er líka þeirrar skoðunar, eins og fyrri ræðumenn hér í d., að það megi ekki vera undir því einu komið, hvernig gengur með sölu á þeim happdrættisskuldabréfum, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, hvort í mannvirkið verður ráðizt eða ekki.

Það eru nú liðin allmörg ár, að ég ætla svona fram undir áratugur, síðan ég flutti hér á Alþ. till., sem miðaði í þá átt að skora á ríkisstj. að hefjast handa um það að koma í framkvæmd vegagerð einmitt á þessu svæði, til þess að hringvegur gæti myndazt um Ísland. Ég gerði nú í bjartsýni minni ráð fyrir, að þetta væri hægt að gera á næstu tveimur árum. Ég er reyndar þeirrar skoðunar enn þá, að ef einhver dáð hefði verið í landsstjórninni og einhver framsýni til þess að hún sæi, hvaða þýðingu þetta hefur fyrir landið, þá hefði hún gert þetta. Þá hefði hún gert það með þeim hætti, sem ráðh. minntist hér aðeins á áðan, að það hefðu verið gerðar ódýrar staurabrýr yfir þau fljót, sem þarna er um að ræða, og síðan látið ráðast, hvort Skeiðarárhlaupin tækju slíkar brýr með sér, og gengið þá í að endurbyggja þær, ef þær færu. Nú bregður svo við í seinni tíð, að menn telja mjög nauðsynlegt að rannsaka alla hegðun þessara vatnsfalla, sem landsmenn, sem nálægt þeim búa, hafa þó reyndar virt fyrir sér, ekki í áratugi, heldur í aldir og hafa nú vissar hugmyndir um. Ég ætla, að þær 200 millj., sem ætla má, að brýr af varanlegri gerð mundu kosta, eða vegur yfir þetta svæði, — en ég held, að ég hafi tekið rétt eftir því, að hæstv. ráðh. nefndi þá upphæð, 200—300 millj., sem hugsanlegt kostnaðarverð í að koma þessu í það horf, að hringvegur væri um Ísland, — ég held, að það verð, sem það hefði kostað að gera þessar brýr og gera þennan veg fyrir áratug, muni nú vera langleiðina farið í rannsóknir, sem ég engan veginn vil telja einskis virði, en þær koma ekki að sama gagni eins og hringvegur um Ísland, það er alveg gefið mál. Og nú hafa menn látið það í ljós, að aðaltálminn á því að byggja upp þennan veg og þessar brýr væri skortur á Skeiðarárhlaupi. Menn telja, að þeir verði að fá Skeiðarárhlaup til að mæla það, og svo djúpt geta menn auðvitað sokkið í rannsóknir, að rannsóknarefni af þessu tagi geti vafizt svo fyrir mönnum, að menn geti látið það hindra eðlilega framþróun mála, að slíkar mælingar vanti.

Ég er þeirrar skoðunar, að það sé ekki eins mikils virði eins og ýmsir vilja vera láta að hafa mælingu á Skeiðarárhlaupi. Ég efast um það, að þó að komi Skeiðarárhlaup og verði mælt nákvæmlega í tonnum, hvað þar streymir fram af vatni á hverri klst. eða jafnvel hverri mínútu, þá sé það nokkur veruleg undirstaða undir brúagerð á þessu svæði, því að það gæti svo farið, að það liði svo sem eins og

ein öld þangað til annað sambærilegt hlaup kæmi. Og þá gæti nú vel svo verið, að mælingarnar og það, sem skráð væri um þær, væri nokkuð komið á dreif, þegar til þess ætti að taka í því Skeiðarárhlaupi, sem næst kæmi. Ég vil á engan hátt gera lítið úr rannsóknum og undirbúningi. En þegar um brýn verkefni er að ræða, þá eru takmörk fyrir því, hve réttlætanlegt er að láta það dragast lengi undir yfirskini rannsókna að gera hina nýtustu hluti og nauðsynlegustu.

Hæstv. samgmrh. minnti hér á það, að í vegagerð landsmanna væri gjarnan eytt nú árlega um 1200 millj. úr Vegasjóði. Með samanburði við það getum við tekið tæpar 200 millj. eða jafnvel þótt það væru 300 millj., sem þetta mundi kosta, og spurt þennan sama hæstv. ráðh.: Stendur hann alveg frammi fyrir þessu vandamáli, sem ekki verði við glímt nema komið verði upp sérstöku happdrætti? Ég vil segja, að heldur fyndist mér það ólíkt honum, ef svo væri. En reynslan er nú kannske ólygnari heldur en allar spár hér um. Ég man það að vísu ekki, hvað þessi hæstv. ráðh. lét Alþ. sporðrenna stórri summu í sérstakt benzíngjald til Vegasjóðs einmitt á þessum vetri og einmitt á þessu yfirstandandi verðstöðvunartímabili, en það var ábyggilega upphæð, sem af hefði vel mátt greiða upphæðir eins og hér er um að ræða. Þess vegna verð ég að láta það í ljós, að mér finnst það bera vott um, að annaðhvort sé alveg óvenjulegur hrollur í hæstv. ráðh. frammi fyrir þessari framkvæmd eða hitt, að hann sé ekki alveg líkur sjálfum sér í þeim efnum, að geta hugsað sér, að á verði lagður nýr skattur til þess að koma svona málum í framkvæmd. Hér þarf sérstaka fjáröflun, segir ráðh., og ég skal ekki hafa á móti því. Ég viðurkenni það, sem hann segir, að út um allar byggðir bíða óleyst verkefni í vegamálum. En þetta er málefni allra byggða landsins. Það er auðvitað ekki hægt að mótmæla því, að það snertir allar byggðir landsins, hvort hringvegur er til um landið eða ekki.

Ég vil í þessu sambandi líka minna á það, að ég hafði hér á s. l. vetri uppi till. um sérstaka fjáröflun einmitt í þennan veg. Hún fékk nú ekki áheyrn hér á Alþ. og sumir þeir, sem tala hér um það, að hér þurfi sérstaka fjáröflun, voru ekkert hikandi við það að vera bara á móti þeirri till. Sú till. var þess háttar, að þegar ákveðið var, að hér skyldi breytt um í umferðarmálum þannig, að upp skyldi tekin hægri umferð í staðinn fyrir vinstri umferðina, sem við áður höfðum, þá var lagður á bílaeigendur sérstakur skattur til þess að borga kostnaðinn af þessu. Og kostnaðurinn af þessu var áætlaður af sérfræðingum ríkisstj. slíkur, að hann átti að borgast upp á tveimur árum. Þau tvö ár eru nú þegar liðin, en auðvitað stóðst áætlunin ekki. Ég taldi það, að það væri málefni ríkissjóðs að fást við, hvaða skekkjur sérfræðingar ríkisstj. kynnu að hafa gert í sambandi við kostnaðinn vegna umferðarbreytingarinnar, og það, sem umfram væri það, sem búið væri að leggja á menn sérstaklega, bifreiðaeigendur, það ætti að greiðast úr ríkissjóði. En mín till. innihélt það einnig, að ég gæti vel á það fallizt, að skatturinn héldist áfram og rynni til annarra verkefna, rynni til þess að fullgera hringveginn um Ísland, á meðan hann væri ekki fullgerður. Þessa till. felldu þeir báðir, hv. 3. þm. Austf. og hæstv. samgmrh., sem hér töluðu á undan mér um nauðsynina á því að fá sérstaka fjárveitingu í þennan veg.

Ég vil einnig láta það í ljós, að ég tel það, að þegar upplýst er, að hér sé um að ræða framkvæmd, sem kosti 200—300 millj., þá eru það í eðli sínu slíkir smámunir í samanburði við þá þýðingu, sem slík framkvæmd mundi hafa, að í rauninni er lítið annað en volæði, bara almennt volæði að gera þetta ekki, framkvæma það ekki og framkvæma það ekki strax. Ég veit ekki, hvort sá hæstv. ráðh., sem fer með vegamál á Íslandi, muni vera mér sammála um þetta, en við erum nú æðioft dálítið ósammála, og það verður þá að hafa það. Að mínu mati er það volæði að vera ekki búinn að ráðast í slíka framkvæmd, sem hér er um að ræða, miðað við þá þjóðarþörf, sem á hana kallar.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Það er auðvitað ekkert nema gott um það að segja sjálfsagt, þó að eitt happdrættið enn komist nú á laggirnar og það fyrir opinbera tilstuðlan. Og það er vonandi, að þessi bréf seljist, þó að ég sjái nú ekki verulegar líkur á því, a.m.k. meðan ríkissjóður heldur uppi samkeppni við þessi bréf með verðtryggðum spariskírteinum. Kannske á að stöðva þá sölu í bili til að þetta mál hljóti forgang. En hvað um það, þá er ekkert nema gott um það að segja, þó að þessi leið sé reynd. Ég hef ekkert við það að athuga í sjálfu sér, ekki annað en það, að ég óttast bara, að í reyndinni verði hún til þess að tefja málið, það verði farið að bíða eftir einhverjum happdrættispeningum, sem ekki komi nú. Það þarf að sjá um 14 millj. kr. árlega í vinninga. Ég óttast, að það geti farið þannig, að salan standi kannske rétt undir vinningunum fyrstu árin, og þá væri auðvitað verr farið en heima setið og auðvitað langt frá því, að tilgangi frv., er ég viss um, væri náð og þeim tilgangi, sem hæstv. landb.- og samgmrh. hefur hér lýst. En það var nú ekki endilega þetta, sem ég ætlaði að benda á, heldur hitt, að mér finnst það satt að segja dálítið furðulegt, þegar talað er um það af hæstv. ráðh. sem sjálfsagðan hlut, að það verði að hafa sérstaka fjáröflun í þessu skyni. Hann vill m.ö.o. undanskilja það öllum almennum vegaframkvæmdum í landinu að koma vegi á þessa 30 km, sem þarna eru eftir, og gera þar með hringveg kringum landið, svo sjálfsagt sem það þó virðist. Í mínum augum er einmitt ástæða til þess að fjármagna þessar framkvæmdir úr sameiginlegum sjóði, því að þær snerta allar byggðir landsins, eins og hæstv. ráðh. réttilega gat um. Það er ekki um slíkt ógnarfjármagn hér að tefla, að það eitt út af fyrir sig réttlæti það, að þetta mál fái einhverja sérstöðu og sérstaka meðferð og lakari meðferð heldur en önnur vegalagning í landinu. Við höfum

heyrt þessar tölur, 200—300 millj. kr. Ég held, að vegaframkvæmdirnar á Kópavogshálsi hafi kostað eitthvað um 150 millj. kr., ekkert happdrætti var framkvæmt til þess að koma þeim á. Þó þjóna þær ekki nema tilteknum hluta af landinu. Mig minnir, að brúin yfir Elliðaárnar hafi kostað eitthvað yfir 90—100 millj. kr. Það var borgað af Vegasjóði happdrættislaust. Það þjónar að vísu stórum hluta landsins að komast til höfuðborgarinnar, en kannske ekki alveg öllu. Og mig minnir, að 900 metra vegarspotti, sem Íslenzkir aðalverktakar lögðu fyrir hæstv. samgmrh., hafi kostað um 36 millj. kr. Eftir þeim kostnaði mundi vegurinn yfir Skeiðarársand kosta nálægt 1200 millj. kr., en sem betur fer verður sennilega sparlegar á haldið austur á Skeiðarársandi heldur en fyrir ofan Reykjavík og fæst ódýrari framkvæmd á þessum 30 km, þó erfiðir séu. Ég vil leggja áherzlu á það fyrir mitt leyti, — ég skal ekki vera að lengja þessar umr., það er ástæðulaust mál, sem allir eru sammála um í sjálfu sér, — en ég vil bara leggja áherzlu á það, að að mínum dómi á að líta á hringveg kringum landið, eða 30 km vegalagningu með tilheyrandi brúagerðum yfir Skeiðará, sem hluta af verkefni Vegasjóðs, og ég hef ekkert á móti því sem sagt, að það sé aflað fjár með sérstökum hætti, með þessu happdrættisláni. En ég bara legg áherzlu á það, að það má ekki láta framgang málsins vera undir því kominn, hvort þessir peningar fást með happdrættisláni og á hve löngum tíma, eða ekki. Það verður að taka þetta inn á áætlun Vegasjóðs og framkvæma það eins og hverja aðra framkvæmd, sem gerð er í þágu landsmanna allra.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það, sem sagt er hér, er allt tekið upp orðrétt á þráð og þar geta menn fullvissað sig um, hvað ég sagði hér áðan. Ég tók það sérstaklega fram, að ef happdrættisbréfin ekki seldust, þá yrði að afla fjár með öðrum hætti, og það mætti ekki verða til þess að tefja þessa framkvæmd, þótt bréfin ekki seldust. En það er eins og hv. 6. þm. Sunnl. og hv. 11. þm. Reykv. hafi alls ekki heyrt þetta. Og þess vegna var náttúrlega sumt af því, sem þessir hv. þm. sögðu, út í hött.

Báðum finnst þessum hv. þm. dálítið skrýtið að vera að hugsa sér það að vera að afla fjár með sérstökum hætti í þessa framkvæmd. Það mátti skilja á hv. 6. þm. Sunnl., að bara ætti að taka hluta af þessum 1250 millj., sem yrðu til ráðstöfunar núna í Vegasjóði, taka hluta af þeirri upphæð og það væri hreint volæði bara að gera það ekki strax, 200—300 millj. átti annaðhvort að taka af þessu fé, sem er í Vegasjóði, t.d. á næsta ári, eða þá að slá þetta einhvers staðar, það væri algert volæði að gera það ekki strax. En hv. 6. þm. Sunnl. var einu sinni í fjvn. og meira að segja formaður fjvn. Og þá held ég, að hann hafi uppgötvað það, að ekki var alltaf hægt að taka hundruð millj. í hvað sem menn vildu. Þá varð að takmarka það, sem menn gátu fengið af fé. Og því miður er það nú svo enn, að það er erfiðleikum bundið að atla fjár eins og menn vilja, þótt í seinni tíð hafi fé til framkvæmda, m.a. vegaframkvæmda, verið stórum aukið og það var gert hér með lagasetningu frá hv. Alþ. í vetur. Og langflestir hv. þm. voru þessu samþykkir, vegna þess að það vantaði fé til ýmiss konar vegaframkvæmda úti í héruðunum. En ég er þeirrar skoðunar, að við getum ekki að sinni hækkað benzín eða þungaskatt meira en við höfum gert. Ég tel, að við höfum farið eins hátt við síðustu hækkun og forsvaranlegt er. Og þess vegna er það, að við þurfum að afla fjár með öðrum hætti til vegaframkvæmda, því að þeir tekjustofnar, sem Vegasjóð hafa fjármagnað, eru fullnýttir í bili.

Það hefur verið bent á það að auka fjárframlög úr ríkissjóði til vegaframkvæmda. Það hefur einnig verið gert. M. a. með því, að ríkissjóður borgar talsvert á 2. hundrað millj. kr. til Vegasjóðs, og var sú fjárveiting hækkuð í vetur um 47 millj. kr. En þótt hv. 6. þm. Sunnl. kalli það hreint volæði að gera þetta ekki strax, þá held ég, að hann meini það nú ekki. Hann veit það, að þetta er dýrt verk, og hann veit það, þótt hann treysti núv. ríkisstj. vel, þá þarf talsvert fyrir því að hafa að ná í 200—300 millj. kr. Ég held, að það takist, þó happdrættisfrv. heppnist nú ekki eins og við höfum vonað, þá held ég samt, að það takist að útvega þetta fé. En hv. 6. þm. Sunnl. talaði nú áðan öðruvísi en hann hugsar, að ég vona, þegar hann sagði, að það hefði átt fyrir 8—10 árum að drífa þetta verk af, án þess að nokkrar rannsóknir hefðu áður farið fram. Þó sagðist hann nú ekki gera svo lítið úr rannsóknum. Talsvert lagði hann upp úr þeim, en eftir að hann hafði flutt sína till. fannst honum samt sjálfsagt, að þetta verk væri hafið og það væri drifið af án undangenginna rannsókna. En ríkisstj. og ég ætla flestir hv. þm. hafa nú ætlazt til þess, að rannsóknir væru hafnar og að þeim væri lokið áður en verkið yrði hafið. Og nú standa vonir til, að rannsóknum verði lokið eða þær komnar svo langt á næsta sumri, að á þeim megi byggja og það verði grundvöllur undir framkvæmdunum. Hv. þm. er vitanlega algerlega sammála þessu í sjálfu sér, þó að hann kasti hinu fram, og í sjálfu sér þykir mér nú vænt um það að sjá, hvað hv. þm. er nú hress. Ég held, að það sé ekki nokkur vafi á því, að hann ætlar að bjóða sig fram. En á tímabili hélt ég, að hann væri bara hættur við það. En nú er hv. þm. að hressast, sem betur fer, og menn geta átt von á því, að hann bjóði sig fram við næstu kosningar.

Ég held satt að segja, að það sé ekkert tiltökumál, þótt talað sé um sérstaka fjáröflun í þessu skyni. Og það er ekki hægt að fullyrða, að það sé neitt lakari leið en sú venjulega að afla með sérstökum hætti í Vegasjóð. Vitanlega má segja það, að þetta skipti ekki neinu verulegu máli. Það fé, sem aflast til þessara framkvæmda, mætti renna í Vegasjóð og svo aftur út úr honum til þessara framkvæmda. En það er nú annar hringvegur, sem þarf að leggja og gera fyrir árið 1974. Þjóðhátíðarnefndin hefur skrifað samgmrn. og óskað eftir því, að ráðstafanir

verði gerðar til þess, að hringvegur um Þingvöll niður með Sogi og niður á Suðurlandsveg verði tilbúinn 1974. Ég hef falið vegamálastjóra að gera kostnaðaráætlun á þessum vegi sem allra fyrst og ég tel, að það verði að afla fjár með sérstökum hætti til þessa vegar. Það verður ekki gert með því að hækka benzín eða þungaskatt. Það verður að gera með sérstökum hætti. Það má náttúrlega segja, að það hafi verið aflað fjár með sérstökum hætti til hraðbrautarframkvæmdanna, bæði í Suðurlandsveginn og Vesturlandsveginn, og ég hef aldrei heyrt það fyrr en í dag hjá hv. 11. þm. Reykv., að þetta væri neitt lakari leið eða þetta væri þá eins og einhver annars flokks framkvæmd. (Gripið fram í.) Ég get vel lesið það og hlustað á það, þannig að við vitum alveg, hvað við erum að segja. Svo er eitt, sem hv. 11. þm. Reykv. sagði hér áðan í sambandi við 900 m spottann fyrir innan Elliðaár, sem hann sagði, að hefði kostað 36 millj. Það er nú ekki rétt, hann kostaði 30 millj. og þótti samt dýrt. En hv. þm. sagðist vona það, að það yrði farið sparlegar með féð, þegar farið væri að vinna að framkvæmdum við Skeiðará, heldur en þar. En þá vil ég upplýsa hv. þm. og aðra hv. þm. hér í d. um það, hvernig þetta verk var unnið. Það hafði nokkrum mánuðum áður farið fram útboð á vegagerð í Kópavogi og verkið fyrir innan Elliðaár var byggt á þeim verðeiningum, sem lægsta tilboðið þar sýndi. Og verkið á þessum spotta fyrir innan Elliðaár var ekki dýrara heldur en þetta verk, sem boðið var út í Kópavogi og unnið var eftir lægsta tilboðinu. En það er vitnað í það, að þessi vegur sé dýr. En þá gleyma menn því oft, hvernig aðstaðan var þarna. Það varð að sprengja þarna klöpp til þess að geta haft veginn á þessum stað, og aðstaðan vitanlega sú erfiðasta, sem hefur verið í vegagerð. En það getur vel verið, að hv. 11. þm. Reykv. vildi taka undir með Sverri Runólfssyni, sem talaði um vegamál í sjónvarpinu ásamt vegamálastjóra, og segja eitthvað sem svo, að það hefði bara átt að leggja veginn annars staðar. En hvar annars staðar? Það er það, sem ekki var hægt að svara, og ég býst nú við því, að þegar menn átta sig á þessum málum, þá sannfærist menn um það, að vegurinn liggi akkúrat þar, sem hann varð að vera til þess að þjóna því hlutverki, sem honum er ætlað.

Ég sé ekki ástæðu til að segja fleira í sambandi við það, sem hér hefur fram komið. En ég vil enn endurtaka það, að ég tel þetta frv. spor í rétta átt. Það eigi alls ekki undir neinum kringumstæðum að geta orðið til þess að tefja fyrir framkvæmdum, eins og kom fram hér hjá hv. 11. þm. Reykv., að gæti átt sér stað. Ég tel, að það þurfi ekki að vera. Ég tel, að ef þetta verður að lögum, þá verði strax í sumar að hefjast handa með sölu á bréfunum og hefja áróður fyrir sölu á þeim. Og reynslan verður svo að sýna, hvort undirtektir manna verða eins góðar og ástæða er til að vona. Og að svo miklu leyti sem þessi fjáröflunarleið hrekkur ekki til, þá þarf að afla fjár með öðrum hætti til þess, sem á vantar.

Axel Jónsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég get strax lýst stuðningi mínum við það frv., sem hér er til umr., og tel sjálfsagt að láta reyna á það, hvort landsmenn vilji fjármagna að einhverju eða öllu leyti þessa bráðnauðsynlegu og sérstæðu framkvæmd, sem hér um ræðir. En það, sem orsakaði það, að ég vildi segja hér fyrst og fremst nokkur orð, var það, að hv. 11. þm. Reykv. vitnaði til vegaframkvæmdanna á Kópavogshálsi. Það kann að vera, að þar gæti einhvers misskilnings hjá honum um það, því þær framkvæmdir hafa til þessa ekki tekið neitt fjármagn frá Vegasjóði. Ég hef oft bæði lesið slíkt og heyrt raunar í fjölmiðlum, að það sé verið með alls konar fullyrðingar um það, að það sé óeðlilegt að eyða frá öðrum vegaframkvæmdum jafnmiklum fjárupphæðum og þar er um að ræða til framkvæmda á jafnstuttum vegi eins og hér er líka talað um. En til þess að eyða öllum misskilningi í því efni, þá hafa þessar framkvæmdir til þessa ekki á neinn hátt verið fjármagnaðar af Vegasjóði og ekki dregið úr því, sem hann hefur getað lagt til framkvæmda annars staðar á landinu. Ég vil aðeins, að þetta liggi ljóst fyrir, að með þessum framkvæmdum skuldbinda Kópavogsbúar sig til þess að verja til þeirra verulegu fjármagni. Við teljum þetta nauðsynlega framkvæmd fyrir okkur, fyrst það var dómur allra sérfræðinga, sem um þetta mál fjölluðu, að vegurinn þyrfti að liggja á þessum stað. Ég tek það fram, að það er út af fyrir sig ekki okkar ósk. Þar erum við að leysa sameiginlegt vandamál okkar nágrannasveitarfélaga, sem þar áttu mestra hagsmuna að gæta, að einmitt vegurinn gegnum Kópavog lægi þarna, þó að það væri kannske dýrt. Við féllumst á það Kópavogsbúar að taka á okkar herðar vissan hluta af þessum mikla kostnaði. Að öðru leyti eru þessar framkvæmdir fjármagnaðar á sérstakan hátt, án þess að það dragi nokkuð úr fjárframlögum Vegasjóðs til framkvæmda í vegagerð á landinu.

Ég vildi aðeins, herra forseti, láta þetta koma skýrt fram. Ég endurtek, það má vera, að 11. þm. Reykv. hafi ekki misskilið það, en ég veit, að það hefur oft komið fram hjá ýmsum, að þessi framkvæmd dragi úr framkvæmdagetu Vegasjóðs annars staðar.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég tek nú undir þau þakklætisorð hæstv. samgmrh., guði sé lof, að allt er tekið upp á segulband, svoleiðis að það er þá væntanlega til líka á segulbandsþræði, það sem ég sagði hér, og menn þurfa þá ekki annað en hlusta á það til þess að sannfæra sig um, hvað það var. Ég bar ekki neinar brigður á það, að hæstv. ráðh. hefði talað um, að það þyrfti að framkvæma tiltekið verk, þó að happdrættið gæfi ekki peninginn til þess. Það, sem ég óttast, og geri það enn þrátt fyrir það, að hæstv. ráðh. er nú búinn að herða á þessum ummælum sínum, sem er vel, ég óttast það nokkuð, að það verði farið að bíða dálítið eftir því að sjá, hvort peningarnir komi nú ekki flæðandi þarna inn, áður en farið er að taka þá annars staðar frá.

Hæstv. ráðh. sagði áðan, að það yrði að bjóða út bréfin, auglýsa þau og sjá svo til, hvort peningarnir kæmu ekki. Þetta var það, sem ég bjóst við, að yrði gert. Spurningin er bara, hve lengi á að bíða? Ég fagna því sem sagt, að hæstv. ráðh. ætlar ekki að bíða endalaust a.m.k. En svo minntist hann hér á annan hringveg, og ég veit ekki, hvort það ber að skilja það svo, að hann hafi álitið hann mikilvægari, ég veit það ekki. Ég held, að hæstv. ráðh. hafi nú ekki sagt það. En hann talaði um sérstaka fjármögnun að mig minnir í því skyni að gera betri veg Þingvallahringinn heldur en nú er, og það væru tilmæli þjóðhátíðarnefndar. Það er náttúrlega ekki eins og guð hafi talað, þó að þjóðhátíðarnefnd setji einhverja ósk fram og verður auðvitað að metast af öðrum, hvort það verður gert eða ekki. En þessi uppástunga um sérstaka fjáröflun sýnir þó það, að einhverjir möguleikar eru til. Og ef svo færi, að það yrði metið þýðingarmeira að gera hringveg um landið heldur en hringveg um Þingvallavatn, þá eru þó einhverjir möguleikar til. Það gleður mig að heyra það. Mér dettur t.d. í hug, að sá möguleiki sé fyrir hendi, að Vegasjóður fái meira af þeim tekjum, sem lagt er á farartækin í einni og annarri mynd. Jafnvel hefur mér komið til hugar, að hann gæti fengið það allt. Þá mundi áreiðanlega mikið lagast ástandið í fjármálum Vegasjóðs, því að stór hluti og að ég hygg vaxandi hluti hefur verið tekinn af þessu fjármagni til annarra þarfa, en vegaframkvæmdunum í staðinn vísað á lánsfé, sem hefur svo aftur haft þær afleiðingar, eins og vel var skýrt hér í vetur, að vaxandi hluti tekna Vegasjóðs fer til þess að standa undir vöxtum og afborgunum af eldri lánum, sem búið er að taka og vinna fyrir. Þetta er auðvitað allt saman matsatriði og ég vil ekki, að það sé skilið svo, að ég hafi á móti þeirri vegagerð, sem unnin hefur verið. En önnur leið var vissulega til, sú, að Vegasjóður fengi eins og áður var meira af tekjum þeim, sem af umferðinni komu, ef svo mætti segja. Ég bið hæstv. ráðh. og aðra þm. viðstadda velvirðingar á því, að vegna misminnis fór ég skakkt með tölur um, hvað vegurinn fyrir ofan Elliðaár eða 900 metra spottinn þar kostaði. Ég sagði, að hann hefði kostað 36 millj., það var ekki til þess að halla réttu máli vísvitandi, að ég nefndi þetta og ég man það núna, þegar hæstv. ráðh. bendir mér á það, að upphæðin var víst 30 millj. kr. Þessi vegakafli var unninn eftir reikningi, ef ég má segja svo, þannig að sá samanburður við kostnað á Kópavogshálsi hefur þá væntanlega verið til viðmiðunar, en hann var ekki ákvarðandi um verðið. Ég held, að það geti tæpast verið, vegna þess að ef mig misminnir ekki, þá var hér sem svar við sérstakri fsp. um þennan veg frá varaþm., sem hér var um skeið, upplýst, að þessi vegagerð hefði verið unnin af Íslenzkum aðalverktökum samkv. reikningi og aðalástæðan til þess að þeim var falið verkið var sú, að þeir gátu lánað fjármagnið. Ég hygg, að þetta sé nú rétt með farið. En það má vel vera, að útkoman hafi verið síðan sú, að þetta hafi ekki orðið dýrara heldur en vegagerðin á Kópavogshálsi. Ég skal ekki taka upp neinar deilur við hæstv. ráðh. um það atriði sérstaklega.

Það var alveg rétt, að þessi 900 metra kafli er mjög vandaður og hann var mikið niðursprengdur. Ég hef ekki verkfræðilega þekkingu til þess að segja til um það, að nákvæmlega svona mikið skyldi hann sprengdur niður. Mér skilst, að það hafi verið til þess að minnka Elliðaárbrekkuna. Til þess að hafa hana ekki meiri en hún er nú, hefði annaðhvort orðið að hækka brýrnar eða sprengja niður veginn. Hér er komið inn á tæknilega braut, sem ég hef ekki nokkra möguleika á því að tjá mig um. En eitt er það, að vegurinn var geysilega dýr, og annað hitt, að áframhald vegarins verður ekki gert með þessum hætti. Það verða, eftir því sem mér skilst, farnar aðrar ódýrari leiðir um áframhald Vesturlandsvegarins. Að hluta til kann skýringin að vera sú, að umferðin á þessum kafla er mjög mikil, því að bæði Suðurlandsumferðin og Vesturlandsumferðin fer þennan kafla. En ég held, að hæstv. ráðh. þurfi nú ekkert að óttast það, að ég hafi sérstaklega tilhneigingu til þess að taka Sverri Runólfsson til fyrirmyndar í vegagerðarmálum. Þó gæti ég vel ímyndað mér það, að hæstv. ráðh. mætti nú hlusta á sumt af því, sem Sverrir Runólfsson segir, og ekki bara láta vegamálastjóra taka fram í fyrir honum í útvarpsþætti, svoleiðis að hann komi ekki sínum sjónarmiðum að. Hæstv. ráðh. segist hafa gert það, það er gott.

Svo vildi ég aðeins að síðustu enn á ný undirstrika það, að segulbandið er auðvitað öruggasti vitnisburðurinn. Ég sagði aldrei, að Kópavogsvegurinn hefði verið fjármagnaður af Vegasjóði. Ég sagði einfaldlega aðeins það, að hann hefði kostað 150 millj. kr. og það hefði ekkert happdrætti verið talið nauðsynlegt til þess að ráðast í þá framkvæmd. Það held ég, að ég geti staðið við.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, herra forseti. Ég bara ítreka það að lokum, að mér finnst, að það sé viss þjóðarmetnaður og stolt í því fólgið, að við getum farið að keyra um alla eyjuna okkar, en þurfum ekki að snúa við austur í Öræfum til þess að sjá svona nokkurn veginn landið allt og fara svo aftur vestan að til þess að sjá það, sem eftir kann að verða. Og ég vona nú það, að okkur verði fært, þrátt fyrir mikil útgjöld á öðrum stöðum, ég skal sízt draga úr því, að þau séu mikil, okkur takist nú fyrir 1974 að gera þennan hringveg, jafnvel þó að við verðum að fórna til þess steyptum vegi í kringum Þingvallavatn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 69, n. 461).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft mál þetta til meðferðar og eins og nál. á

þskj. 461 ber með sér leggur n. eða þeir, sem viðstaddir voru á þeim fundi, þegar málið var afgreitt, einróma til, að það verði samþ. Frv. þetta er einfalt í sniðum og ætti í sjálfu sér ekki að þurfa að fylgja þessu nál. úr hlaði, enda urðu nokkrar umr. um málið við 1. umr. En það er eitt atriði, sem rétt væri þó e.t.v. að drepa á og eðlilegt er að komi upp í huga okkar, sem sérstaklega eru tengdir Háskólanum, en það er spurningin um það, hvort samþykkt þessa frv. gæti að einhverju leyti verið brot á einkaréttindum Háskóla Íslands til þess að reka peningahappdrætti. Í því sambandi vildi ég leyfa mér að benda á eða minna á það, að það, að til slíks happdrættisláns hafi verið stofnað eða sé stofnað af hinu opinbera, er ekki nein nýjung, því að fyrir rúmum 20 árum var boðið út happdrættislán af ríkissjóði og var tilhögunin nokkuð svipuð því, sem hér er gert ráð fyrir, að það voru ekki greiddir vextir af þessu láni öðruvísi en sem eins konar vinningar í happdrætti. Þegar það mál var til meðferðar, er mér ekki kunnugt um, að það sjónarmið hafi komið fram, að slíkt væri brot á gildandi lögum, að í því hlyti að felast breyting á gildandi lögum um einkarétt Háskólans til þess að reka happdrætti, og hlýtur þá það sama að eiga við um þetta frv. En þegar happdrættislánið var boðið út árið 1947 eða 1948, þá má segja, að það hafi verið með mikilli viðhöfn, því að ég man, að allir formenn þáverandi stjórnmálaflokka, sem sæti áttu á Alþ., fóru eina kvöldstund í útvarpið til þess að hvetja almenning til þess að taka þátt í þessu láni, en því átti að ráðstafa til þess að afla fjár til hinna svokölluðu nýsköpunarframkvæmda, sem þá voru á döfinni. Vextir voru á þessum tíma mjög lágir, 2—3%, og var gert ráð fyrir svipuðum vöxtum af þessu láni. Það er nú hins vegar önnur hlið á málinu, sem ekki þarf kannske að rekja, að pyngja borgaranna gildnaði ekki við það að hlýða kalli sinna leiðtoga við þetta tækifæri, því að fáum mánuðum eftir að þessi ríkisskuldabréf voru seld voru bankavextir hækkaðir um u.þ.b. helming, sem þýddi það, að þessi skuldabréf, sem voru til 15 ára, hlutu þá að falla í verði um u.þ.b. helming. Það er nú önnur hlið á þessu máli, en í því frv., sem hér liggur fyrir, er auðvitað ekki verið að fara á bak við neinn.

Flestir landsmenn munu sammála um það, að æskilegt sé að því verði hrundið í framkvæmd, að hringvegur komist í kringum landið, þó að enn hafi ekki þótt fært að ráðast í þær framkvæmdir miðað við þau fjárráð, sem Vegasjóður hefur haft yfir að ráða. Nú auðvitað verður það svo, að þeir, sem þessi bréf kaupa, sem vonandi verða sem flestir, mundu nú í ríkari mæli gera það til þess að styrkja góðan málstað heldur en í því skyni að ávaxta peninga sína á sérstaklega arðvænlegan hátt, en þó geta þeir vinningar, sem til falla, gert það að verkum, að fyrir þá einstaklinga, sem þá hljóta, verði þetta góð fjárfesting, þó að það eigi auðvitað ekki við með þorrann, enda er það í því, sem það er fólgið, að möguleikar ættu að vera til þess að afla fjár í einhverjum mæli með þessum hætti og vonandi, að landsmenn taki þessu vel, þegar væntanlegt skuldabréfalán verður boðið út.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja meira um þetta frv., en fjhn. leggur til, að það verði samþ. óbreytt að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 494).

---

66. Eyðing refa og minka (frv. BGuðm o.fl.).

Á 10. fundi í Sþ., 17. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 9 19. marz 1964, um breyt. á l. nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka [128. mál] (þmfrv., A. 150).

Á 20. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Í fljótu bragði virðist það ofrausn nokkur, að hér eru flutt tvö frv. um breyt. á l. um refi og minka — það frv., sem hér var áður talað um, og það frv., sem ég nú ætla að mæla fyrir. Bæði ganga þessi frv. í sömu átt og eru tekin fyrir samtímis. Vil ég því skýra, hvernig á því stendur. Einum eða tveim dögum áður en hv. 1. flm., Gísli Guðmundsson, lagði fram sitt frv. til prentunar lét hann mig vita af því og bauð mér að vera 2. flm., næst á eftir sér. Sagði ég honum þá, að ég væri að undirbúa frv. um þetta sama efni, en væri ekki alveg tilbúinn með það. Við fljótlegan lestur þessa frv. hans komst ég að raun um, að þar er gert ráð fyrir nokkuð öðrum tölum en þeim, sem ég treysti mér til að leggja til, að lögfestar yrðu, að því er snertir verðlaun fyrir að vinna refi og minka. Í öðru lagi er till. hans og þeirra annarra flm. í 3. gr. þannig, að ég get ekki stutt hana, en þar er gert ráð fyrir því, að horfið verði frá þeirri reglu, sem gilt hefur um skiptingu kostnaðar milli ríkis, sýslufélags og sveitarsjóðs, og held ég, að sveitar-

stjórnum sé bezt trúandi til nauðsynlegs aðhalds, ef þær hafa hagsmuna að gæta í þessu efni. Oddvitar þurfa að samþykkja reikninga og sýslunefndir síðan að endurskoða þá reikninga. Hafa þessir aðilar því beinna hagsmuna að gæta í þessu efni og standa eðlilega á verði gegn því, að reikningar verði lagðir fram, sem hæpnir eru eða skakkir, eða sönnunargögn svikin, en dæmi eru til, að svo hefur verið gert, þar sem menn hafa framvísað fölsuðum minkaskottum. Þó að ekki séu mikil brögð að því, þá mun þetta hafa verið til. Og þó að kostnaður sveitarsjóðs og sýslusjóðs sé nokkur í sambandi við framkvæmd þessara laga, þá hef ég ekki orðið var við það, að sveitarstjórnir eða sýslunefndir kvörtuðu svo mjög undan því. En kostnaðarhlutföllin eru þau, að ríkissjóður greiðir 2/3 af kostnaði, sveitarsjóðir 1/6 og sýslusjóðir 1/6, þ. e. báðir þessir aðilar 1/3 af kostnaði á móti ríkinu.

Það, sem hér kom fram áðan í ræðu hv. 1. þm. Norðurl. e. sem rök fyrir því, að eðlilegt væri, að ríkissjóður greiddi allan kostnað af minkaveiðum, var það, að ríkisvaldið hafi haft forgöngu um það að flytja minkinn inn, sem hefur reynzt ein versta ráðstöfun, sem gerð hefur verið hér á landi. Það er satt, að þetta var gert samkvæmt lögum, sem Alþ. setti, en hitt er líka satt, að þau lög voru sett eftir óskum frá fjölda manna úti um allt land, og vil ég því segja, að ábyrgðarhlutinn af þessari ráðstöfun muni dreifast nokkuð víða. En aðalatriðið er það að hafa þá skipan á þessum málum, að sem ósleitilegast sé unnið að því að eyða þessum vargi í landinu og helzt útrýma honum. Það sér að vísu ekki fram á það eins og stendur, að það muni takast að útrýma minknum, en hitt hefur reynslan sýnt, að það er hægt að halda honum mjög í skefjum, svo að hann geri ekki óbætanlegan usla í fugli og fiski. Og ef lögunum, sem nú eru í gildi um veiðar refa og minka, væri nógu vel framfylgt í öllum byggðarlögum landsins, þá hygg ég, að minknum mundi mjög fækka frá því, sem nú er. En það eru alltaf einhver byggðarlög, sem hafa gert þetta miður en önnur og frá þeim flæðir þessi ófögnuður yfir svæðið, sem búið er að hreinsa. Þess vegna er alltaf minkur til um allt land, eða réttara sagt á þeim landsvæðum sem hann hefur náð fótfestu á, en það mun ekki vera enn alveg um allt landið. Eins og ég sagði áðan, þá flutti ég ásamt þremur öðrum hv. þm. nýtt frv. um þetta efni, þegar ég hafði sannfærzt um það, að það bar of mikið á milli, að því er snertir þau atriði, sem ég nú hef nefnt, bæði um tölur og eins að því er snertir 3. gr. þessa frv.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta mál frekar. Ég vísa til grg., sem fylgir frv., og tel sjálfsagt, að bæði þessi frv. fari til landbn., og þar mun n. taka afstöðu til þess, hvað hún telur skynsamlegast að leggja til, að því er snertir þetta mál.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Eins og hv. 11. landsk. þm. gat um í ræðu sinni áðan, þá áttum við tal saman, áður en frv. á þskj. 137 var lagt fram, og á þann hátt, sem hann greindi frá. Ég skal geta þess, að ég ræddi þetta mál einnig tvisvar við veiðistjóra, áður en við flm. frv. á þskj. 137 ákváðum að flytja það. Við erum sammála um það, sem stöndum að þessum frv., að það þurfi að leiðrétta upphæðirnar í gildandi lögum til samræmis við verðlagsbreytingar og þá, að mér sýnist, fyrst og fremst í sambandi við breytingar, sem orðið hafa á kaupgjaldi í landinu, síðan lögin 1957 og 1964 voru samþ. Ég skal játa, að ég hef ekki rannsakað það gaumgæfilega, hverjar þessar breytingar eru, en mér sýndist við fljótlega athugun, að þær mundu vera nálægt því, sem hér er gert ráð fyrir á þskj. 137, en eins og ég sagði áðan, þá viljum við flm. beina því til hv. n., sem málið fær til meðferðar, að hún athugi þetta nánar og geri sínar till. í samræmi við þær breytingar, sem orðið hafa.

Varðandi 3. gr. frv. á þskj. 137 þá lét hv. 11. landsk. þm. þess getið, að hann væri ekki fylgjandi ákvæðum hennar, a.m.k. ekki að svo stöddu, og hann færði það m.a. til síns máls, að hætta gæti verið á því, að skilað yrði röngum skýrslum um það, hversu margir minkar hefðu verið unnir. Ég hefði nú haldið, að skýrslum hlutaðeigandi yfirvalda í sveitarfélögum væri yfirleitt treystandi í þessum efnum, en ef menn vilja fá einhverja traustari tryggingu fyrir því að rétt séu fram taldir unnir minkar, þá ætti nú að vera hægt í reglugerð að ganga frá því, þannig að tryggt megi teljast, og jafnvel setja inn í frv. ákvæði þess efnis. Ég er síður en svo á móti því, að það verði gert. Auðvitað er sjálfsagt að gera allt, sem hægt er, til þess að koma í veg fyrir, að skilað sé röngum skýrslum, sem ég hef nú reyndar álitið, að ekki sé mikil hætta á. Hinu verður ekki andmælt, enda gerði hv. þm. það ekki, að með löggjöfinni um innflutning minka á sínum tíma og minkaeldi gerði Alþ. þessa ráðstöfun, sem hefur reynzt mjög afdrifarík, og mér finnst það rétt, að þjóðfélagið í heild taki afleiðingunum af því að fullu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 22. fundi í Nd., 23. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til landbn. með 32 shlj. atkv.

Á 42., 43. og 44. fundi í Nd., 3., 4. og 8. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Nd., 10. febr., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 150, n. 319 og 330).

Frsm. meiri hl. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Á þskj. 319 er nál. frá meiri hl. landbn. um frv. til breyt. á l. um eyðingu refa og minka. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, en minni hl. hefur nokkrar breytingar fram að bera við frv. og hefur skilað sérstöku áliti.

Þau lög, sem í gildi eru um eyðingu refa og minka, eru frá árinu 1957, nr. 52, 5. júní það ár. Uppistaða þeirra er sú, að sveitarstjórnir eiga að ráða veiðimenn til að vinna að eyðingu beggja þessara meindýra, vargdýra, undir yfirstjórn sýslumanns á hverjum stað og veiðistjóra, sem er einn af starfsmönnum Búnaðarfélags Íslands. Nokkuð er það á valdi sveitarstjórna, með hvaða kjörum þessir menn eru ráðnir. Þó tiltaka lögin, að veita skuli verðlaun fyrir að vinna minka og einnig fyrir að vinna hlauparefi. Einnig er heimilt að semja um verðlaun fyrir grendýr og yrðlinga og þá um leið að öðru leyti fyrir að vinna refagreni. Þegar lögin voru sett 1957, þótti við hæfi, að borgaðar væru fyrir að vinna mink 200 kr. og fyrir að vinna hlauparef 350 kr. Árið 1964 flutti ég brtt. við þessi lög, sem samþykktar voru. Aðalbreytingin var sú, að bannað skyldi að eitra fyrir refi, en eftir lögunum frá 1957 var það skylt. Flestir eða allir munu nú vera sammála um það, að landhreinsun var að því, að þetta var fellt úr gildi að nota strykníneitur við eyðingu refa. Eitrunin var búin að valda miklu tjóni á fuglalífi í landinu og var auk þess að mörgu leyti hættuleg bæði mönnum og skepnum fyrir utan það, að aðferðin er ekki aðgengileg.

Önnur breyting var sú, að verðlaun fyrir vinnslu minka hækkuðu úr 200 kr. í 350 kr. og einnig voru hækkuð verðlaun fyrir að vinna hlauparefi úr 350 kr. upp í 700 kr. Síðan þetta var eru liðin 6 ár, og í þessu frv. er lagt til, að nú verði greiddar 700 kr. fyrir mink og 1100 kr. fyrir hlauparef. Einnig er hlutfallsleg hækkun á verðlaunum fyrir að vinna grendýr og yrðlinga. Mín skoðun er sú og á nokkuð miklum kunnugleika byggð, að 700 kr. séu nú nokkuð við hæfi fyrir að veiða mink. Er það líka í samræmi við álit veiðistjóra í bréfi, sem hann hefur skrifað landbn. um þetta efni. Svipaðar tölur hafa sveitarstjórnarmenn nefnt við mig einnig, sem óskað hafa eftir því, að lögum um þetta efni verði breytt. Hins vegar telur veiðistjóri, að 1100 kr. sé helzt til of lítið fyrir að vinna hlauparefi, ef vinnsla refa á vetrum eigi að haldast í sæmilegu horfi. Ég tel nauðsynlegt, að þessar breytingar, sem fyrir liggja og meiri hl. landbn. hefur mælt með, nái nú fram að ganga á þessu þingi, og bendi á, að það getur stefnt þessu frv. í nokkra tvísýnu að koma með miklar brtt. við það. Annað frv. var flutt hér í vetur um þetta sama efni — raunar mjög samhljóða þessu með þeirri breytingu þó, að þar er gengið nokkru lengra, að því er snertir hækkun á tölum til verðlauna fyrir að vinna minka og refi.

Engum mun blandast hugur um það, að vel verður að vinna að þessum málum, ef halda á minknum í skefjum, svo að hann flæði ekki meira yfir landið en orðið er. Samkv. lögum hvílir ábyrgðin á sveitarstjórnum í því að annast framkvæmd þessara mála, og hefur sú skipan gefizt það vel, að ég álít, að vanda þurfi vel til, ef breytingar á að gera á þeirri skipan. Hér liggur fyrir á öðru þskj. tillaga þess efnis, að kostnaður af minkadrápi verði allur lagður á ríkissjóð hér eftir. Þetta er að sjálfsögðu vel umræðuverð tillaga, en verði sú skipan upp tekin, hlyti af því að leiða, að breyta yrði stjórn minkaveiðanna og aðskilja þær frá refaveiðunum. Ég efast um, að það sé heppilegt. A.m.k. þarf þá að athuga ýmislegt fleira í því sambandi. Fjárhagslegt atriði tel ég þetta ekki neitt að ráði. Aðalatriðið er, að sem beztur árangur náist. Á síðasta ári munu hafa unnizt um 3000 minkar. Setjum svo, að fyrir hvern hefðu verið greidd 700 kr. verðlaun. Þá gerir það um 2.1 millj. kr. alls. Sé reiknað með, að verðlaun séu greidd fyrir 3 þús. minka, þá er það svo lítill hluti, sem kemur í hlut sveitarsjóðanna, að það er varla undan því kvartandi, að mér finnst. Það eru ekki nema um 300 þús. kr., sem kæmu í hlut sveitarfélaganna, en þau greiða samkv. lögum 1/6 af kostnaðinum. Aftur á móti greiðir sýslusjóður annan 1/6, svo að alls gæti þetta þá orðið eitthvað í kringum 0.5 millj. kr., sem spöruðust fyrir sýslusjóðina og sveitarfélögin í því að flytja verðlaunin öll yfir á ríkissjóð. Eins og ég sagði, tel ég þetta ekki neitt aðalatriði. Aðalatriðið er, að vel sé unnið að þessum málum og sem allra skipulegast.

Veiðistjóri hefur hallazt að því í áliti sínu til landbn., að rétt væri að taka upp þá breytingu að færa allan kostnað af minkaveiðunum yfir á ríkissjóð og hugsar sér þá, að sýslunefnd á hverjum stað hefði yfirstjórn þessara mála í byggðarlögunum. Ég held, að það væri ekki ráðlegt að breyta þessu og taka þetta úr höndum sveitarstjórnanna og leggja það í hendur sýslumanna eða sýslumannaembættanna, sem öll hafa meira en nóg fyrir á sinni könnu og mundu naumast ná út yfir það að sinna þessum málum nógu vel eða hafa nægilegan kunnugleika og þekkingu til þess. Hins vegar tel ég, að endurskoðun á lögum um eyðingu refa og minka gæti vel komið til greina, en þar sem þetta frv. lýtur aðeins að því að hækka verðlaun þau, sem verið hafa fyrir að stunda þennan veiðiskap, en ekki því að breyta skipulagi á þessum málum, þá hef ég ekki sannfærzt um, að það væri skynsamlegt að taka upp breytta skipan á því eins og þá, sem hér er lögð til í brtt. á öðru þskj. Annars geri ég ráð fyrir, að það verði skýrt hér á eftir, og út af fyrir sig tel ég það mjög umræðuvert, að vel geti komið til mála að flytja þungann af því að reyna að eyða þessum vargi úr landinu meira en enn hefur verið gert yfir á ríkisvaldið, en þá þarf að vanda vel til þeirrar skipunar, sem upp yrði tekin á þessum málum, sem yrði þá allt önnur en nú er, þar sem sveitarfélögin annast framkvæmd þeirra að öllu leyti

Frsm. minni hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. gat um hér áðan, kom fram á öndverðu þinginu frv. um breyt. á l. um eyðingu refa og minka, sem eru frá 1957, en 1. flm. þess var hv. 1. þm. Norðurl. e., Gísli Guðmundsson, og meðflm. með honum var ég og hv. varaþm. Jónas Jónsson. Skömmu eftir að þetta frv. kom fram hér í hv. d. kom það frv. fram, sem hér er nú til umr. Þessi frv. voru því tekin saman í hv. landbn. og voru send til Sveins Einarssonar veiðistjóra til

umsagnar. Áður en ég kem að brtt., tel ég rétt að lesa upp álitsgerð Sveins Einarssonar út af þessum framkomnu frv., með leyfi forseta:

„Ég vísa til bréfs hv. landbn. Nd. Alþ. og sendi eftirfarandi umsögn mína varðandi tvö lagafrv. um breyt. á l. um eyðingu refa og minka frá 1957.

Þegar umrædd lög tóku gildi 1957, var það álit margra veiðimanna, að nokkurs ósamræmis gætti í verðlaunagreiðslum fyrir unnin dýr, þannig að verðlaun fyrir að vinna ref, kr. 350.00, voru of lág miðað við að vinna mink á, kr. 200.00.

Mitt álit er, að verðlaun fyrir að vinna hin svonefndu hlaupadýr hafi verið of lág í fyrstu, hvað þá nú. Með tilliti til þess og ýtrustu hófsemi í útgjöldum, þá legg ég til, að verðlaun fyrir unna refi verði hækkuð í kr. 1400.00, svo sem gert er ráð fyrir í þskj. 137, og verðlaun fyrir að vinna mink í kr. 700.00, svo sem gert er ráð fyrir í þskj. 150.“ — En það er það frv., sem er hér til umr. — „Þá tel ég nauðsynlegt, að verðlaun fyrir unnin grendýr og yrðlinga verði einnig hækkuð, svo sem gert er ráð fyrir í þskj. 137.

Nái þessar verðlaunahækkanir fram að ganga, mun það vafalaust auka mikið áhuga fyrir dýraveiðunum á ný, en þess hefur gætt undanfarin 2—3 ár, að áhugi fyrir veiðunum hefur minnkað verulega sökum of lágra verðlauna.

Viðvíkjandi 3. gr. í þskj. 137 leyfi ég mér að taka eftirfarandi fram: Eftir að hafa haft náin kynni af þessum málum um langt árabil, er það skoðun mín, að greiðslur fyrir minkavinnslu komi mjög misjafnt og óréttlátlega á sveitarfélög landsins, þar sem sum þeirra telja aðeins örfáa gjaldendur, og má í því sambandi t.d. benda á Þingvallasveit, Skógarströnd, Ögurhrepp og ýmis önnur fámenn hreppsfélög, þar sem villiminkur heldur sig mjög mikið. Mér er vel kunnugt um, að þessi fámennu hreppsfélög eiga í erfiðleikum með að standa í skilum við veiðimenn með tilskilin verðlaun fyrir unnin dýr, sem geta orðið á annað hundrað talsins á einu ári.

Það er ekki síður í þágu þeirra, sem í þéttbýlinu búa, að þessum skaðvaldi, sem villiminkurinn er í náttúrulífi landsins, sé eytt eins og frekast má verða. Það er engin sanngirni í, að þeir, sem búa í strjálbýlinu og þola jafnframt margvíslegt fjárhagslegt tjón af völdum minka, verði einnig að bera meiri kostnað við eyðingu hans en aðrir landsmenn. Það voru ekki bændur, sem fluttu minkinn inn í fyrstu, og ekki eru það þeir, sem hefja minkarækt hér að nýju. Ef litið er á þessi mál með skilningi og sanngirni, þá hlýtur það að vera réttlætiskrafa, að kostnaður við eyðingu villiminka komi þó jafnt niður á alla landsmenn. Það er sannfæring mín, að taki ríkissjóður á sig allar greiðslur vegna eyðingar villiminka, muni það gerbreyta henni til hins betra og útiloka ýmsa erfiðleika, sem nú er við að etja.

Ég lít svo á, að þegar þessi lagabreyting er rædd, sé nauðsynlegt að athuga, hvernig hún yrði í framkvæmd, til að fyrirbyggja hugsanlega misnotkun. Enn fremur álít ég, að ef til þeirrar lagabreytingar kæmi, að ríkissjóður tæki á sig allan kostnað við eyðingu villiminka, þá eigi sýsluskrifstofur að annast allar greiðslur vegna hennar fyrir hönd ríkissjóðs.

Tala unninna dýra á öllu landinu síðustu árin er um 450 fullorðin grendýr, 1200 yrðlingar, 400 utan grenja (hlaupadýr) og nærri 3000 minkar á ári.“

Þetta er umsögn Sveins Einarssonar veiðistjóra. Hv. frsm. meiri hl. gat um það, að það væri verið að stefna þessu frv. í tvísýnu með því að leggja fram þær brtt., sem við höfum leyft okkur að leggja fram, sem erum fulltrúar Framsfl. í hv. landbn., en hann gat þess einnig, að þetta væri þó ekki nein fjárhagsleg byrði fyrir ríkissjóð eða alveg hverfandi. Þess vegna vil ég spyrja hv. þm.: Er það bara af því, að það eru framsóknarmenn, sem koma fram með breytinguna, sem frv. er stefnt í tvísýnu, fyrst það er ekki í raun og veru um neitt fjárhagsatriði að ræða? Þessi spurning vaknar, ekki síst þar sem sá maðurinn, sem hefur mesta þekkingu á þessum málum, hefur lagt það til, að einmitt þessar breytingar verði samþykktar, því að það eina atriði, sem er öðruvísi í frv. okkar hv. þm. Gísla Guðmundssonar, var það, að greiðsla fyrir mink verði 800 kr. Við breyttum því og fórum að öllu leyti eftir umsögn veiðistjóra. Ég skil ekki þessa röksemdafærslu þm. Það hlýtur þá að vera það, að það sé bara vegna þess, að það erum sem sé við, sem komum fram með þessar till.; þess vegna megi ekki eftir hans eigin málflutningi samþykkja þær.

Það kemur fram hjá veiðistjóra, að hann telur, að það verði unnið miklu betur að útrýmingu minkanna, ef þessi breyting verði, sem er lagt til hér í 3. gr. í sambandi við 2. gr. laganna. En hún er þannig, að eftir gildistöku þessara laga endurgreiði ríkissjóður að fullu kostnað við eyðingu minka samkv. lögum. Og ég veit það — ég þekki það í sumum sveitarfélögum a.m.k., þar sem er töluvert mikill minkur — að þessu er ekki sinnt eins og skyldi, og ég hef ekki trú á því, að því verði sinnt öðruvísi en að fá sérstaka veiðimenn til þess. Þetta kann að vera, að þetta sé eitthvað misjafnt eftir landshlutum, en ég er hræddur um, að þetta verði ekki í lagi öðruvísi en þessi mál eiginlega verði undir veiðistjóra komin að miklu leyti, a.m.k. að því er varðar eyðingu minkanna.

Aðrar þær brtt., sem við leggjum til, eru í fyrsta lagi við 1. gr., þ.e. að fyrir 300 kr. komi 400 kr., og við 2. gr., þ.e. að í staðinn fyrir 1100 kr. komi 1400 kr. Ég sé ekki ástæðu til þess að segja meira um þetta að sinni. Ég vil undirstrika það enn og aftur að þessar till. eru að öllu leyti eftir ráðleggingum Sveins Einarssonar, og eins og kom fram í ræðu hv. frsm. meiri hl., þá er þarna ekki um neina verulega fjárhæð að tefla, þó að allar þessar brtt. væru samþykktar, en það er enginn vafi á því, að þetta yrði til stórra bóta, ef samþykkt yrði.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil láta í ljós ánægju með það, að till. þær, sem fram koma á þskj. 137 um breyt. á l. um eyðingu refa og minka, hafa fengið jákvæðar undirtektir og að allir, sem

um málið hafa fjallað, virðast hafa á það fallizt, að greiðslur fyrir að vinna refi og minka, eins og þær eru nú, séu orðnar algerlega úreltar og í engu samræmi við verðlagsbreytingar, sem orðið hafa. Þetta kemur fram í fyrsta lagi í frv. á þskj. 150, sem flutt er af fjórum hv. þm., enda þótt ég telji, að þeir í till. sínum gangi of skammt, og það kemur mjög greinilega fram hjá þeim embættismanni, sem um þessi mál fjallar, sem er veiðistjórinn, sem í raun og veru mælir með frv. á þskj. 137 að öðru leyti en því, að hann vill ekki hækka verðlaunin fyrir minka meira en upp í 700 kr. Mig minnir, að við legðum til, að þau yrðu 800 kr., sem er hlutfallslega jafnmikil hækkun frá því, sem var í lögum 1957, og sú hækkun, sem lagt er til, að verði á verðlaunum fyrir refi.

Nú segja hv. þm., sem flytja frv. á þskj. 150, að sú hækkun, sem þeir þar leggja til, svari hvergi nærri til þeirrar verðlagsbreytingar, sem orðið hefur síðan 1957, og því sé sýnt, að hér sé mjög hóflega í sakirnar farið. Þannig orða þeir þetta í grg. sinni, og ég tek undir þetta. Ég tel, að þeir hafi farið of hóflega í sakirnar. Þeir hefðu átt að fallast á þær upphæðir, sem við höfum lagt til, að greiddar verði. Þar sem ekki er um stórar upphæðir að ræða af hálfu ríkissjóðs við framkvæmd 11—12 milljarða fjárlaga, þá held ég, að við hefðum átt að sameinast um það að hækka þessar fjárhæðir alveg hlutfallslega eins og annað hefur hækkað í landinu og sérstaklega kaupgjald, en aðalkostnaðarliðurinn við þessa útrýmingu er einmitt kaupgjaldið.

Um þetta skal ég ekki hafa fleiri orð, en ég vil aðeins víkja að hinu sérstaka ákvæði, sem er í frv. okkar á þskj. 137 og minni hl. n. hefur tekið upp í sínar till., en það er um það, að eftir gildistöku hinna nýja laga endurgreiði ríkissjóður að fullu kostnað við eyðingu minka samkv. lögum. Hv. frsm. minni hl., hv. 5. þm. Norðurl. e., las upp úr bréfi frá veiðistjóra rökin fyrir þessu, sem við leggjum til, að ríkissjóður greiði kostnaðinn að fullu við eyðingu minkanna, og það er ekki ástæða til þess, að ég sé að endurtaka þau rök, sem þegar hafa verið lesin. En niðurstaða veiðistjóra er þessi orðrétt: „Ef litið er á þessi mál“ — þ.e. eyðingu minka — „með skilningi og sanngirni, þá hlýtur það að vera réttlætiskrafa, að kostnaður við eyðingu villiminka komi þó jafnt niður á alla landsmenn. Það er sannfæring mín,“ segir hann, „að taki ríkissjóður á sig allar greiðslur vegna eyðingar villiminka, muni það gjörbreyta henni til hins betra og útiloka ýmsa erfiðleika, sem nú er við að etja.“

Nú hljóðar ákvæðið í till. okkar um þetta atriði þannig, að ríkissjóður endurgreiði að fullu kostnað við eyðingu minka, en veiðistjóri segir í umsögn sinni eða bréfi, að hann telji eðlilegt, að sýsluskrifstofur annist þá allar greiðslur vegna eyðingarinnar fyrir hönd ríkissjóðs. Þó að þetta fyrirkomulag yrði tekið upp, sem veiðistjóri leggur til, að upp verði tekið um greiðslurnar, þessar ríkisgreiðslur, þ.e. að öll verðlauni fari í gegnum sýsluskrifstofuna, þá breytir það ekki öðrum ákvæðum laganna um framkvæmd þessarar útrýmingar. Þetta lýtur aðeins að fyrirkomulagi greiðslunnar. En ég tek undir það, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði áðan, að ég hygg, að sums staðar, kannske allvíða, sé eyðing minka skipulagslítil og allt of lítil áherzla lögð á það að eyða þessum vargi — því miður, sem víða í landinu fer hraðfjölgandi og er sannarlegur vágestur, eins og glöggt dæmi er um í sambandi við innflutta minkinn, sem slapp úr búri nýlega hér í nágrenni Reykjavíkur og eyðilagði hænsnabú hér í grenndinni. En auk þess tjóns, sem einstaklingar geta orðið fyrir af völdum þessa vargs bæði í sambandi við hænsnabú, í sambandi við æðarvarp og í sambandi við veiði og fleira, þá veldur minkurinn ákaflega miklum spjöllum í hinni villtu náttúru landsins sérstaklega á fuglalífi, og á þeim náttúruverndartímum, sem við lifum á nú, þá sýnist einsætt, að við gefum því máli gaum og reynum það, sem unnt er, til þess að útrýma þessum vargi, sem er aðfluttur hér á landi.

Frsm. meiri hl. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Mér virðist, að hv. frsm. minni hl. hafi ekki skilið alveg rétt það, sem ég sagði hér áðan, þar sem ég talaði um það, að ég væri efins í því, að það væri ráðlegt að breyta um skipan þessara mála í flýti lítið undirbúið. Ég sagði, að þetta væri ekki verulegt fjárhagslegt atriði, en hitt er aftur skipulagsatriði á þessum málum, ef minkaveiðarnar verða aðgreindar frá refaveiðunum, teknar úr höndum sveitarstjórnanna og settar að öllu leyti yfir á ríkið. Ég sagði einnig, að sú skipan gæti vel verið réttlætanleg, en það yrði bara að undirbúa það mál betur en enn hefði verið gert. Það er þannig, að allar sveitarstjórnir eru í vandræðum með að fá menn til þess að vinna að þessum verkefnum og mundu að sjálfsögðu verða lifandi fegnar, ef þær gætu losnað frá þeim — meira fyrir það en það, hvað þetta eru mikil útgjöld fyrir þau. Og ég hef verið að velta þessum málum fyrir mér og lít svo á, að það gæti vel verið skynsamlegt að taka minkamálin alveg sérstaklega fyrir og skipta landinu niður í svæði, setja t.d. einn mann á hvert svæði undir yfirstjórn veiðistjóra með það fyrir augum, að unnið verði betur að þessum málum en hingað til hefur verið gert.

Hins vegar vil ég segja það, að margar sveitarstjórnir hafa unnið mjög vel að þessum málum og lagt sig allar fram til þess að sinna þessu sem allra bezt, en því miður er það ekki alls staðar. Og það eina, sem ég átti við, þegar ég sagði, að það gæti e.t.v. sett afgreiðslu þessa máls í tvísýnu, var það, að farið yrði að samþykkja hér till., sem gengur í þá átt að breyta þessu með eins litlum undirbúningi og enn hefur átt sér stað. Það hefur ekki farið fram undirbúningur á skipulagsbreytingu á þessu, og það frv., sem hér hefur verið kastað fram, er aðeins til þess að færa tölur nokkuð til samræmis við það, sem áður var, þegar lögin voru upphaflega sett. Þau eru orðin um 13 ára gömul og hafa eftir atvikum reynzt heldur vel, og ef á að gera verulegar

breytingar, held ég, að væri réttara að undirbúa þær betur og taka þá kannske minkaveiðarnar algerlega út úr — ekki sízt, ef svo skyldi nú fara, eins og raunar virðist ætla að verða, að vel geti komið fyrir, að minkar sleppi aftur úr haldi, þegar farið er að rækta þá hér í landi. Við höfum þegar eitt dæmi hér heima fyrir, og vel gæti það komið fyrir, að einhver minkabúin hér á Íslandi fykju á haf út, eins og gerðist í Noregi núna fyrir fáum dögum, og heilir hópar af þessum kvikindum slyppu út. Ég hef svo ekki meira um þetta að segja.

Ég geri það ekki að neinu aðalatriði, hvort þær tölur, sem ég og þeir, sem með mér fluttu þetta frv., lögðu til, að lögfestar yrðu, eða hinar tölurnar verða samþ. Það skiptir engu höfuðmáli, að því er kostnað snertir, hvorki fyrir sveitarfélögin né ríkissjóð, og það, sem fyrir mér vakir fyrst og fremst, er það að koma fram breytingum á þessum tölum nú á þessu þingi og láta þetta frv. ekki stranda í meðförum þingsins, áður en því lýkur nú eftir stuttan tíma. Ég legg ekki svo ýkja mikið upp úr því, hvorar tölurnar verða staðfestar. Veiðistjóri hefur hallazt að því, að við hæfi væru þær 700 kr., sem lagt er til að greiða í því frv., sem ég stend að, en ekki 800 kr. eins og í hinu frv. Þetta eru ekki aðalatriðin og skiptir miklu minna máli um það, sem viðkemur hlauparefunum, en umfram allt verðum við að hækka tölur á þessu stigi málsins til þess, að ekki verði brögð að því, að undan dragist að vinna að eyðingu minkanna nú á þessu ári.

Frsm. minni hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Hv. 11. landsk. þm. sagði það, að það frv., sem fyrir lægi, fæli ekki í sér neina skipulagsbreytingu, og það er alveg rétt. En það frv., sem við lögðum fram hér á þinginu, fól í sér þessa skipulagsbreytingu, sem við leggum hér til, að verði tekin inn í þetta frv., og sannleikurinn er sá, að eftir því sem minkurinn hefur færzt meira yfir landið, því meiri plága hefur þetta í raun og veru orðið og minkaveiðum víða ekki verið sinnt — annaðhvort mjög lítið eða jafnvel ekkert. Og ég hef rætt um þetta við Svein Einarsson, sem er allra manna kunnugastur þessum málum, og ég hef líka rætt við suma af hans beztu veiðimönnum, og þeir telja, að það verði aldrei lag á þessum veiðum öðruvísi en með því að taka þær úr höndum sveitarstjórnanna, reynslan hafi sýnt þetta. Það er alveg rétt hjá hv. ræðumanni, að sums staðar er unnið allvel að þessum málum og ekkert út á það að setja. En það er bara víðar — langtum víðar, sem þessu er ekki sinnt að neinu ráði og sums staðar ekki að neinu leyti, og það er þess vegna, sem við leggjum áherzlu á þessa breytingu. Ef þessi till. okkar yrði samþ., þá mundi þessi skipulagsbreyting í raun og veru koma af sjálfu sér.

Við höfum ekki lagt það fram hér að hækka verðlaunin fyrir að veiða minka upp fyrir 700 kr. Ég tók það fram áðan í minni frumræðu, að við hefðum farið að öllu leyti í okkar tillögugerð eftir umsögn veiðistjóra. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að ræða þetta frekar, en vil beina því að hv. alþm., að þeir hugleiði þessi mál. Þeir eru nú, margir af þeim, þm. hinna dreifðu byggða og vita, hvernig þessi mál eru þar, og ég vil ekki trúa öðru en þeir hafi svipaða reynslu af þessum málum og ég, og reynsla veiðistjóra virðist vera hin sama af þessum veiðum varðandi villiminkinn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 46. fundi í Nd., 11. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 330,1 felld með 14:9 atkv.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 330,2 felld með 15:11 atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 330,3 felld með 12:10 atkv.
3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 49. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 50. fundi í Ed., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Á 66. og 68. fundi í Ed., 17. og 18. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Ed., 22. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 150, n. 508, 544).

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til 2. umr., hefur landbn. haft til meðferðar, og mælir hún einróma með samþykkt þess. Eins og nál. á þskj. 508 ber með sér, hafa einstakir nm. áskilið sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma við frv.

Efni þessa frv. er einungis það, að nú eru hækkuð nokkuð skotlaun fyrir hlaupadýr og eins verðlaun fyrir að vinna grendýr. Með lögum 1957 var ákveðið í krónutölu, hversu há þessi verðlaun og skotlaun skyldu vera, og þótti nú orðið tímabært að hækka þau nokkuð. Þetta frv. má segja, að sé árangur af viðræðum, sem orðið hafa milli ríkis-

valds og sveitarfélaganna, en það eru þau, sem bera kostnaðinn af þessum launum að verulegu leyti. Ég hef af því spurnir, að eftir að þetta frv. hefur gengið í gegnum Nd., hafi þess gætt, að menn hafi komið og átt tal við veiðistjóra um það, hvernig stæði með að fá að taka þátt í grenjaleitum og minkavinnslu. Þetta virðist sem sé strax hafa orðið til örvunar, og ég vil vænta þess, að þótt hækkunin hafi ekki orðið meiri en þessi, þá sé hún nægileg til þess að örva til þeirra verka, sem þarna er verið að verðlauna.

Það liggja fyrir brtt. hér til allverulega meiri hækkunar en gert er ráð fyrir með frv. Ég vil ætla, að það sé óþarft að fara eins hátt og hér er gert ráð fyrir, og ég vil mæla með því mjög ákveðið, að það sé farið í það á þann hóflega veg, sem frv. gerir ráð fyrir, og ég tel, að það muni ekki vera þörf á því að svo komnu máli að spenna bogann hærra.

Ég mæli þess vegna með því fyrir hönd meiri hl. landbn., að frv. verði samþ. óbreytt.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Háttv. 2. þm. Austf., Kristján Ingólfsson, flytur hér ásamt mér brtt. á þskj. 544. Brtt. þessar eru til samræmis við það, sem veiðistjóri, Sveinn Einarsson, leggur til í því áliti, sem birt er á þskj. 330, og fram kemur frá landbn. Nd. Ég geri ráð fyrir, að háttv. þm. hafi kynnt sér álit veiðistjóra, en hann segir, að á undanförnum árum hafi áhugi manna minnkað fyrir dýraveiðum sökum þess, hve verðlaun fyrir unnin dýr eru nú lág samanborið við verðlag og kaupgjald, eins og það nú er. En það, sem við leggjum til í okkar brtt., er það, að verðlaun fyrir að vinna refi hækki um helming frá því, sem nú gildir, eins og lagt er til í frv., að því er varðar minka. Upphæðir þær, sem hafa verið borgaðar á hvert unnið dýr, voru ekki háar í fyrstu, og auk þess hefur verðgildi peninga minnkað ört hin síðari ár. Þess vegna tel ég, að það sé ekki freklega af stað farið að tvöfalda verðlaunin frá því, sem verið hefur, þar sem kaup hefur meira en tvöfaldazt frá 1964. En það er staðreynd, að af því, að hætt var að eitra fyrir refi, þá er meiri nauðsyn að borga mönnum vel fyrir grenjavinnslu og einnig fyrir að vinna hlaupadýr og minka. Þá leggjum við til, að eftirleiðis borgi ríkið eitt alla minkavinnslu, þar sem þessar greiðslur koma mjög misjafnlega niður á einstök sveitarfélög og fámennu hrepparnir verða oft að borga mun meira en þeir fjölmennari — sem dæmi um þetta má nefna Ögurhrepp, Skógarstrandarhrepp og Þingvallasveit. Í þessum sveitum hafa útgjöld verið mjög mikil við minkavinnslu og því eðlilegt, að þeim sé jafnað niður á stærri heildir, þar sem þeir, er búa við þessa vágesti, verða auk þessa oftast fyrir miklum skaða. Þá vil ég á það minna, að minkarækt er hafin hér á landi að nýju, og þrátt fyrir gefin fyrirheit um það að búa svo vel um, að engin dýr sleppi úr girðingum eða búrum, þá hefur það brugðizt, og því er óeðlilegt að láta þau sveitarfélög, sem hafa villiminkinn, kosta vinnslu hans, þar sem minkaræktin er yfirleitt ekki tilkomin fyrir óskir þeirra bænda og þeirra sveitarstjórna, sem þarna eiga hlut að máli. Mér finnst, að þetta vandamál standi þjóðarheildinni nær að taka á sínar hendur en fámennum sveitarfélögum, sem jafnan verða fyrir miklum skaða, eins og ég minntist á áðan. Ég vænti þess, að háttv. þm. taki brtt. okkar til greina, sem eru á þskj. 544, og samþykki þær, því að þær eru til samræmis við það verðlag, sem nú gildir í landinu, og í öðru lagi, að ríkið taki á sig þá áhættu, sem fylgir minkaræktinni, sem nú er hafin að nýju í landinu.

ATKVGR.
Brtt. 544,1 felld með 9:5 atkv.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 544,2 felld með 8:5 atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 544,3 felld með 10:5 atkv.
3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 642).

---

67. Aðstoð Íslands við þróunarlöndin.

Á 6. fundi í Sþ., 28. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um aðstoð Íslands við þróunarlöndin [69. mál] (þmfrv., A. 71).

Á 10. fundi í Ed., 2. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 11. fundi í Ed., 4. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Við höfum, fimm þm. í þessari hv. d., leyft okkur að leggja fram á þskj. 71 frv. til laga um aðstoð Íslands við þróunarlöndin og skal því nú fylgt úr hlaði með nokkrum orðum. Till. um aukna aðstoð Íslands við þróunarlöndin hafa allt frá því á þinginu 1964 legið fyrir Alþ. öðru hverju í einni eða annarri mynd. Og af því að ég hef þar nokkuð komið við sögu, þykir mér hlýða í upphafi máls míns að rekja þá sögu í stærstu dráttum.

Ég held, hvort sem það er nú sagt mér til lofs eða lasts, að ég hafi verið fyrstur þm. til þess að bera þetta mál inn í þingið með þáltill., sem ég flutti á þinginu 1964—1965, þar sem skorað var á hæstv. ríkisstj. að gera athugun á því, með hvaða hætti

kæmi til greina að auka aðstoð Íslands við þróunarlöndin. Þáltill. þessi var svo samþ. vorið 1965, og haustið 1965 skipaði hæstv. núv. utanrrh. svo þriggja manna nefnd til þess að vinna að þessari athugun og skila áliti. Í þessari nefnd áttu sæti auk mín, sem skipaður var formaður nefndarinnar, þeir Sigurður Guðmundsson, framkvæmdastjóri Húsnæðismálastofnunar ríkisins, og Ólafur Stephensen, þáv. framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands. Nefndin skilaði bráðabirgðaáliti og till. í frv.-formi haustið 1966. Þær till. náðu þó ekki fram að ganga á því þingi. Ríkisstj. tók aldrei endanlega afstöðu til þess, hvort frv. í þeirri mynd, sem nefndin hafði gengið frá því, yrði lagt fyrir Alþ. Eins og hv. þdm. er kunnugt, skullu svo yfir á seinni hluta ársins 1967 mjög miklir efnahagsörðugleikar, sem hlutu að setja svip sinn mjög á alla fjárlagaafgreiðslu og þá auðvitað um leið á mat á möguleikum á því að leggja fé fram í þessu skyni sem öðru. Þessir efnahagsörðugleikar og það, hvað mjög þrengdi vegna þeirra að öllum fjárveitingum, urðu svo til þess, að hlé varð þá um skeið á störfum n. Þá var sú regla tekin upp varðandi fjárveitingar, sem auðvitað var bein afleiðing af efnahagsörðugleikunum, að yfirleitt var ekki veitt fé til neinna nýrra hluta, en deilt um það, hvað mikið ætti að skera niður það, sem fyrir var. Með tilliti til þessa töldum við, sem sæti áttum í nefndinni, að það væri að berja höfði við steininn að leggja fram endanlegar till. okkar í þessu efni og að líkur væru á, að þeim yrði algerlega stungið undir stól, þangað til betur áraði, en þá var sú hætta á, að þessar till. yrðu orðnar úreltar með öllu, þegar fyrst væri farið að líta á þær. Þetta er nú skýringin á því, að við töldum rétt að draga okkur í hlé í bili og bíða byrjar, hvort sem menn fallast nú á það sjónarmið eða ekki.

Eftir efnahagsráðstafanirnar, sem gerðar voru í árslok 1968, tók að batna í ári, og er ég ekki að taka neina afstöðu til þess út af fyrir sig, hvort það hafi einvörðungu verið efnahagsráðstöfununum að þakka eða utanaðkomandi ástæðum. Þá þótti okkur tímabært að fara á kreik á nýjan leik og hófum þá störf að nýju, og vorið 1969 eða rétt fyrir þinglok var svo lagt fram frv. hér á Alþ. og flutt í Nd., og var þetta frv. byggt á þeim bráðabirgðatill., sem við gerðum haustið 1966. Mátti í rauninni segja, að efnislega væri frv. í meginatriðum þær till. óbreyttar, sem við lögðum þá fram. Flm. þessa frv. voru þeir hv. 7. þm. Reykv., Pétur Sigurðsson, enn fremur hv. 2. þm. Reykn., Jón Skaftason, Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl., og Jónas Árnason, 4. landsk. þm. Þetta frv. var flutt svo seint á þinginu, að það mun aldrei hafa komið fyrir til umr. á því þingi. En þessir sömu flm. endurfluttu svo frv. á síðasta þingi, og var það lagt fram skömmu fyrir áramót. Þá mæltumst við, sem sæti áttum í nefndinni, til þess við flm., að málið yrði ekki tekið fyrir, fyrr en við hefðum átt kost á því að skila okkar endanlega áliti, vegna þess að okkar endanlegu till. yrðu sennilega töluvert frábrugðnar þeim, sem við áður höfðum lagt fram, og urðu flm. góðfúslega við þeirri beiðni okkar. Við skiluðum svo endanlegu áliti okkar og till. í febrúar á þessu ári, og frv. það, sem hér liggur fyrir, er byggt á þeim till. óbreyttum.

Sá grundvallarmunur er á þeim till., sem í frv. því, sem hér liggur fyrir, felast, og eldri till. okkar, að í gamla frv., sem var byggt eins og ég sagði, á eldri till. nefndarinnar, var engin afstaða tekin til þess, hvort sú aðstoð, sem um yrði að ræða af hálfu Íslands við þróunarlöndin, yrði í mynd framlaga til alþjóðlegra stofnana eða hvort um svokallaða tvíhliða hjálp væri að ræða, en í henni felst það, að Íslendingar sjálfir mundu þá skipuleggja og annast framkvæmdir til aðstoðar þróunarlöndunum annaðhvort einir eða eftir atvikum í samvinnu við aðra. Vegna þessara breytinga, sem á urðu, taldi ég, sem gegndi, eins og ég áðan minntist á, formennsku í umræddri, stjórnskipaðri nefnd, að gömlu till. væru ekki lengur heppilegur grundvöllur fyrir umr. um þetta mál á Alþ., og taldi því rétt að hafa forgöngu um það sjálfur að flytja till. um þetta hér á Alþ., og hafði ég áður en þetta frv. var lagt fram tal af bæði hæstv. utanrrh. svo og flm. eldri frv. í Nd., og gáfu þeir allir góðfúslega samþykki sitt til þess, að þessi háttur yrði á hafður.

En eins og ég áðan sagði, þá var sá grundvallarmunur á eldri till. og því frv., sem hér liggur fyrir, að í eldri till. var engin afstaða tekin til þess, hvort aðstoðin væri í mynd framlaga til alþjóðlegra stofnana eða tvíhliða hjálpar. Skal það tekið fram, að ábyrgðin á þeim göllum, sem þannig voru á frv., hvílir auðvitað á nefndinni, en ekki flm. þessa gamla frv. En hér er um mjög þýðingarmikið grundvallaratriði að ræða, því að ef sú leið yrði farin að leggja aðstoðina einvörðungu fram sem framlag til alþjóðlegra stofnana, þá væri að mínu áliti og þeirrar nefndar, sem um málið fjallaði, engin þörf sérstakrar löggjafar um þetta efni. Þá væri nóg, að t.d. starfsmönnum utanrrn. eða fulltrúum Íslands á þingi Sameinuðu þjóðanna væri falið að gera till. um það til fjvn., hversu því fé, sem veitt væri á fjárl. hverju sinni, væri bezt ráðstafað. Það að kjósa nefnd, sérstaka nefnd á Alþ., til þess að gera slíkar till. teldi ég óeðlilegt. Ef aðstoðin er hins vegar veitt í þeirri mynd, að Ísland taki sjálft virkan þátt í skipulagningu þeirra framkvæmda, sem um er að ræða, annaðhvort á eigin spýtur eða með öðrum, þá er nauðsynlegt að koma á fót innlendri stofnun, sem hafi með höndum undirbúning slíkra framkvæmda og eftirlit með þeim. Með samþykkt þessa frv. væri því tekin sú afstaða til þessa máls, að stefnt skuli að því, að aðstoðin verði í þessari mynd.

Hér er auðvitað um mikilvægt atriði að ræða, og skal því farið nokkrum orðum um þær helztu röksemdir, sem bornar hafa verið fram til stuðnings hvoru þessu fyrirkomulagi um sig. Rökin fyrir því, að velja beri þá leið að auka framlög til alþjóðlegra stofnana, eru helzt þau, að með því fáist betri trygging fyrir því, að fé það, sem fram er lagt í þessu skyni, nýtist að fullu án þess, að verulegur hluti þess fari í kostnað við stjórnun á framkvæmdinni, en í

öðru lagi hefur því verið haldið fram, að okkur skorti til þess þekkingu og aðstöðu að taka að okkur verkefni á þessu sviði, sem við ráðum við. Um fyrra atriðið er það að segja, að hjá kostnaði við skipulagningu og stjórnun slíkra framkvæmda verður ekki heldur komizt, þó að um framlög til alþjóðlegra stofnana sé að ræða. Munurinn yrði fyrst og fremst sá, að þá yrði þessi kostnaður greiddur til þeirra erlendu aðila, sem um framkvæmdina sjá. Í öðru lagi þarf það ekki að felast í svokallaðri tvíhliða aðstoð, að við þurfum að framkvæma hana algerlega á eigin spýtur. Í þessu sambandi má á það benda, að annars staðar á Norðurlöndum er höfð náin samvinna á þessu sviði og við gætum gerzt aðilar að því samstarfi, ef við teljum okkur slíkt hagkvæmt.

Hins vegar ber auðvitað að gera sér ljóst, að ekki má hrapa að neinu í þessu efni. Allt slíkt þarf undirbúning, en það mundi einmitt verða hlutverk þeirrar stofnunar, sem lagt er til í frv., að komið verði á fót, að annast þennan undirbúning. Þegar kemur að rökunum fyrir því, að okkur beri að stefna að því að veita tvíhliða aðstoð, má á hinn bóginn ekki missa sjónar af því, að við mundum í þessum efnum fara mikils á mis, ef sú leið væri farin, að framlag okkar yrði einvörðungu til alþjóðlegra stofnana. Það ber að hafa hugfast, að aðstoðin við þróunarlöndin er ekki það sama og alþjóðleg líknarstarfsemi og að mínu áliti óheppilegt að blanda þessu tvennu saman. Ef einvörðungu er litið á þetta sem líknarstarfsemi, þá er það sjónarmið auðvitað mjög skiljanlegt, að þess beri vandlega að gæta, að sem minnst af þeim fjármunum, sem safnað er, fari forgörðum vegna kostnaðar við söfnunina o.s.frv. Ef safnað er fé t.d. vegna nauðstaddra af völdum jarðskjálfta í Tyrklandi eða Júgóslavíu, þá getur auðvitað enginn ágreiningur verið um það, að megináherzlu beri að leggja á það, að þessir fjármunir komi óskiptir þeim til hjálpar, sem hjálparinnar þarfnast. Nei, að mínu áliti má í miklu ríkari mæli líkja aðstoðinni við þróunarlöndin samkvæmt þeirri merkingu, sem venjulega er í það lögð, við eins konar byggðaþróunaráætlun á heimsmælikvarða, þ.e. hjálp til handa þeim þjóðum, sem þessi lönd byggja, til þess að nýta betur þá framleiðslumöguleika, sem lönd þeirra hafa yfir að ráða. Og þegar frá líður, getur slíkt orðið öllum í hag, jafnvel þó að einvörðungu sé á það litið frá efnahagslegu sjónarmiði, þó að það kosti auðvitað fyrst um sinn fórnir fyrir þá, sem aðstoðina veita.

Í þessu sambandi er e.t.v. rétt að upplýsa það, að það er ákaflega lítill hluti af heildaraðstoðinni við þróunarlöndin, sem veittur er á vegum alþjóðlegra stofnana. Samkv. nýjustu upplýsingum, sem ég hef um það efni, eru innan við 10% af aðstoðinni, sem veitt er á vegum alþjóðlegra stofnana, og mér þykir ólíklegt, að sú tala hafi hækkað síðan. Það má í því sambandi t.d. vekja athygli á því, að Bandaríkin, sem veita um 60% heildaraðstoðarinnar, leggja aðeins 4% af þessari aðstoð sinni fram sem framlög til alþjóðlegra stofnana, og Frakkland, sem er það land, sem mest hefur veitt miðað við þjóðartekjur og a.m.k. sum undanfarandi ár jafnvel verið eina landið, sem hefur komizt upp yfir það að veita 1% af þjóðarframleiðslunni, hefur aðeins 3% af aðstoð sinni sem framlög til alþjóðlegra stofnana. Nei, það er einmitt gjarnan þannig með stórveldin, sem leggja auðvitað fram það, sem mest munar um í þessu skyni, að þau eru ófús að veita þessa aðstoð nema að mjög takmörkuðu leyti sem framlög til alþjóðlegra stofnana vegna þess, að þau vilja sjálf ráða því eða geta haft úrslitaáhrif á það a.m.k., til hverra aðstoðin er veitt. En þetta á ekki einvörðungu við um stórveldin, að aðstoðin sé fyrst og fremst á tvíhliða grundvelli. Það sama á a.m.k. samkv. síðustu upplýsingum, sem ég hef frá öðrum norrænum þjóðum, einnig við um þær, að mikill meiri hluti þeirrar aðstoðar, sem þær veita, er á tvíhliða grundvelli, þó að framlög til alþjóðastofnana séu að vísu hærri hundraðshluti hjá þeim en yfirleitt hjá stórveldunum.

Þriðji heimurinn svokallaði er voldugt og vaxandi afl á vettvangi hins alþjóðlega samstarfs. Ef við Íslendingar viljum vera virkir þátttakendur í því, er okkur nauðsynlegt að þekkja þennan heim, komast í snertingu við hann og kynna okkur vandamál hans. Við þurfum að eignast menn, sem sérfróðir eru á þessu sviði, og þeirrar þekkingar verður að mínu áliti bezt aflað með þátttöku í aðstoð við þróunarlöndin. Að vísu hefur því máli verið hreyft, að við ættum að koma á fót einu eða fleiri sendiráðum í þessum löndum, en það kostar sitt, eins og allir gera sér ljóst, og má búast við því, að þess verði langt að bíða, að þeim verði komið á fót, og jafnvel þó að svo yrði, þá hygg ég, að undanfari slíks ætti að vera það, að við tækjum virkari þátt en við nú gerum í aðstoðinni við þróunarlöndin, því að svo lengi sem við ekki gerum það, hygg ég, að erfitt verði að afla okkur vinsælda í þessum löndum. En auðvitað kostar þetta eitthvað — meira eða minna. En jafnvel þótt efnahagslegur mælikvarði sé hér einvörðungu lagður á, þá getur slíkt að mínu áliti borgað sig, þegar frá líður. Og í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er einmitt tekið upp það nýmæli miðað við fyrri till., sem fyrir hv. Alþ. hafa legið í þessu efni, að eitt af verkefnum þeirrar stofnunar, sem hér er lagt til, að komið verði á fót, verði eins og segir í 2. gr. þessa frv., c-lið, með leyfi hæstv. forseta:

„Að kanna möguleika á auknum viðskiptatengslum við þróunarlöndin, eftir atvikum í samvinnu við aðra opinbera aðila og einkaaðila, er áhuga kynnu að hafa á slíku.“

Eins og kunnugt er, eru þróunarlöndin yfirleitt hitabeltislönd, og þess vegna eru náttúruskilyrði og framleiðsluskilyrði mjög ólík því, sem hér gerist. Einmitt þessi ólíku náttúru- og framleiðsluskilyrði skapa sérstaka möguleika fyrir viðskipti, sem báðum aðilum gæti verið í hag, þó að fjarlægð til þessara landa, skortur á kaupgetu í þeim og möguleikar til að veita viðtöku þeim varningi, sem við

höfum að bjóða, hafi fram að þessu hindrað slík viðskipti svo, að þau hafi ekki verið nema óveruleg. En hér gæti auðvitað orðið veruleg breyting á, þegar tímar líða fram og e.t.v. fyrr en varir.

Að öðru leyti vil ég upplýsa það almennt um þetta frv., að það er sniðið eftir svipaðri löggjöf, sem sett hefur verið annars staðar á Norðurlöndum, einkum dönsku löggjöfinni um þetta efni. Og varðandi einstakar gr. frv., held ég, að ekki sé ástæða til þess að skýra þær frekar en gert er í grg. fyrir frv. bæði almennt og einstakar gr. þess. Um einstök fyrirkomulagsatriði má auðvitað deila í þessu sambandi, t.d. hvernig skipa skuli stjórn þessarar stofnunar o.s.frv., og í því sambandi tel ég rétt og skylt, að það komi fram, að ég lít a.m.k. ekki svo á, að meðflm. mínir, sem ekki hafa átt þess jafngóðan kost og ég að kynna sér þessi mál, séu bundnir við þetta frv. í einstökum atriðum, þó að tekin sé auðvitað afstaða á þann veg, að tímabært sé að setja löggjöf hér á hv. Alþ. um þetta efni og sé sú löggjöf byggð á þeim grundvallarsjónarmiðum, sem í frv. felast. En að öðru leyti mundi ég líta svo á, að þeir hafi óbundnar hendur í einstökum atriðum varðandi afstöðu til brtt., sem fram kunna að koma við frv., og m.a.s. um sjálfan mig get ég sagt það, að ég er opinn fyrir öllum ábendingum, sem fram koma í þessu efni um það, sem betur mætti fara í slíkri löggjöf. Ég held því ekki fram, að till. þessarar stjórnskipuðu nefndar sé neinn Salómonsdómur í þessu efni.

Að síðustu vil ég í fyrsta lagi taka það fram, að þó að þetta frv. fjalli fyrst og fremst um þá stofnun, sem ætlað er að hafa eftirlit með og framkvæma tvíhliða aðstoð, sem við kynnum að veita, þá útilokar það auðvitað engan veginn, að við veitum aukna aðstoð í þeirri mynd að leggja fram meira til alþjóðlegra stofnana en við gerum nú. Það mundi vera utan verkahrings þessarar stofnunar að gera till. í því efni, og má einmitt í sambandi við þetta geta þess, að í till. nefndarinnar var mælt með því, að Ísland gerðist fyrsta flokks aðili að IDA eða þeirri lána- og hjálparstofnun, sem veitir þróunaraðstoð á vegum Alþjóðabankans. Það hefur glatt mig, að hæstv. fjmrh. hefur á opinberum vettvangi lýst fylgi sínu við þá hugmynd, og af því að mér er vel ljóst, að það, þ.e. að undirbúa tvíhliða aðstoð, tekur sinn tíma, mundi ég eftir atvikum, þó að ekki sé að vísu um meiri háttar fjárframlag að ræða, þó að Ísland gerist fyrsta flokks aðili að IDA — það mun vera eitthvað um 10 millj. kr. á ári — telja það viðunandi lausn t.d. næsta ár, að slíkt framlag yrði lagt fram. Ég vil þó, a.m.k. fyrir mitt leyti, leggja á það áherzlu, að þetta frv. verði afgreitt á því þingi, sem nú situr, því að ef af því á að verða, að við af alvöru viljum snúa okkur að því að veita tvíhliða aðstoð, þá þarf auðvitað undirbúningur undir það mál og athugun á því að geta hafizt sem allra fyrst.

Ég vil einnig, áður en ég lýk máli mínu, vekja athygli á hugleiðingum frá stjórnskipuðu nefndinni, sem hér eru prentaðar í lok þskj. 71. Að vissu leyti má segja, að það hafi verið vangá, að þetta kom með, því það snerti í sjálfu sér ekki frv., en sú vangá gerir að mínu áliti ekki neinn skaða, því að um þetta hefur mjög verið talað á þeim vettvangi, sem málið hefur verið til umr., hvort lögbinda ætti það á einn eða annan hátt og hver yrðu fjárframlög Íslands í þessu skyni. Ég mundi ekki telja það heppilegt fyrir málið, þó að allir hafi auðvitað óbundnar hendur um að flytja brtt. varðandi það atriði, en ég mundi ekki telja það heppilegt, að farið yrði inn á þá braut í þessum lögum að lögbinda slíkar fjárveitingar. Ég tel, að fyrst í stað hljóti það að vera háð fjárlagaheimild. Hitt er svo annað mál, að ef það væru tilteknar framkvæmdir, sem við hefðum tekið að okkur, þá mundi felast í því binding.

Fyrir allmörgum árum var gerð um það samþykkt á þingi Sameinuðu þjóðanna að skora á þau lönd, sem aðstoð veita til þróunarlandanna, að stefna að því, að þessi aðstoð skuli minnst nema 1% af þjóðarframleiðslu eða þjóðartekjum. Þess ber þó að gæta, að þrátt fyrir þessa samþykkt á þingi Sameinuðu þjóðanna munu það vera mjög fá lönd, sem náð hafa þessari tölu, og jafnvel Bandaríki Norður-Ameríku, sem veita, eins og ég áðan sagði, um 60% af heildaraðstoðinni, eru enn innan við þetta 1%. Landið, sem lengst hefur verið einna hæst á blaði í þessu efni, er Frakkland. Um allmörg undanfarin ár hefur framlag þess numið rúmlega 1% af þjóðartekjunum, en þess ber nú að gæta, þegar talað er um aðstoð við þróunarlöndin, hvað felst í því og hvort tekið er tillit til allra fjárframlaga í þessu skyni óháð því, hvort um lán er að ræða eða gjafafé. En Frakkar leggja mikið í fjárfestingu í sínum gömlu nýlendum í Afríku, og það er talið þarna með. Norrænar þjóðir aðrar en Íslendingar eru eftir því, sem ég bezt veit, enn þá alllangt fyrir neðan þetta mark. Þess má auðvitað einnig geta, að 1% af okkar þjóðarframleiðslu mundi vera um 400 millj. kr. eða allveruleg fjárhæð, þannig að minna mætti gagn gera a.m.k. fyrst í stað en slík fjárhæð. Þó að ég víki ekki frá því, sem hér kemur fram í nál., sem ég skrifaði undir ásamt öðrum nm., var talið eðlilegt, að Íslendingar stefni að því á sama hátt og aðrar þjóðir, sem slíka aðstoð veita, að 1% af þjóðartekjunum renni til aðstoðarinnar við þróunarlöndin.

Herra forseti. Að lokum vildi ég aðeins segja þetta, að löggjöf, sem kynni að verða sett um þetta efni, er aðeins rammi, sem vissulega er nauðsynlegur liður í því að auka aðstoðina, en árangurinn hins vegar verður kominn undir fjárveitingavaldinu og þeim mönnum, sem framkvæmd löggjafarinnar hafa með höndum hverju sinni. Löggjöfin ein tryggir auðvitað engan árangur í þessu efni, þó að hana sé nauðsynlegt að setja að áliti okkar, sem að flutningi þessa frv. stöndum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 26. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 71, n. 181).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft þetta mál til meðferðar, og eins og nál. á þskj. 181 ber með sér, leggur n. til, að frv. verði samþ., en einn nm., hv. 11. þm. Reykv., skrifaði þó undir nál. með fyrirvara, og annar nm., hv. 7. landsk. þm., hafði fjarvistarleyfi sökum veikinda þann dag, sem n. afgreiddi frv., en við hinir höfum lagt til, að það yrði samþ. óbreytt. Það er ekki ástæða til þess, að ég fylgi þessu frv. úr hlaði með mörgum orðum, þar sem ég taldi mig hafa gert ýtarlega grein fyrir frv., þegar ég flutti framsöguræðu mína við 1. umr. málsins fyrir hönd okkar flm. fimm. Þetta mál hefur þó nokkuð verið rætt, síðan 1. umr. fór fram, og með tilliti til þess, sem í þeim umr. hefur komið fram, þá vildi ég þó bæta fáeinum orðum við það, sem ég sagði hér við 1. umr. málsins. Þá vildi ég fyrst geta þess, að um fyrstu helgina í þessum mánuði var haldin ráðstefna á vegum Félags Sameinuðu þjóðanna og Herferðar gegn hungri, en sú ráðstefna fjallaði einmitt um aðstoð Íslands við þróunarlöndin. Á þeirri ráðstefnu voru saman komnir, að því er ég bezt veit, allir forystumenn þeirra félagasamtaka, sem látið hafa þessi mál til sín taka, og enn fremur nokkrir embættismenn, sem telja má sérfróða um þessi málefni. Ráðstefnan gerði ályktun um málið á þann veg, að hún teldi sig í meginatriðum samþykka því frv., sem lagt hefði verið fram um málið á Alþ., og skoraði á Alþ. að samþykkja frv. Þetta tel ég nú raunar það merkasta, sem fram hefur komið í þessu máli, síðan það seinast var til meðferðar hér í hv. d.

En ég vildi minnast á það að gefnu tilefni, vegna þess að það sjónarmið hefur komið fram einnig í umr. um þetta mál á opinberum vettvangi, að vegna þess að Íslendingar skulda talsvert erlendis, þá sé ekki rétt, að þeir gerist fjármagnsútflytjendur á þann hátt að veita aðstoð til þróunarlandanna. Nú er það út af fyrir sig rétt, sem okkur öllum er kunnugt, að Ísland skuldar töluvert í langtímalánum á erlendum lánamarkaði. Fyrir tveimur árum síðan, þegar erfið efnahagskreppa gekk yfir landið, þá voru þau mál töluvert til umr. hér á hv. Alþ. og talað var um, að greiðslubyrði okkar vegna skulda erlendis væri orðin ískyggilega há. Mig minnir, að hún næmi þá eitthvað um 15—16% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar, sem greiða þurfti í vexti og afborganir af erlendum lánum. Nú hafa útflutningstekjurnar aukizt verulega, þannig að þó að ég hafi ekki handbærar neinar tölur í þessu efni, þá má þó telja víst, að greiðslubyrðin hafi lækkað mjög verulega frá því, sem þá var — jafnvel um allt að helmingi. Ég hef ekki nákvæma tölu um það, enda er það kannske ekki aðalatriði í þessu sambandi, heldur hitt, sem ég vildi benda á, að án þess að ég sé kunnugur persónulegum fjárhagsástæðum einstakra þm. hér í þessari hv. d. og hafi síður en svo löngun til þess að hnýsast í það, þá býst ég við, að það eigi við um okkur öll, að við skuldum eitthvað, veðlán í húsum og veðlán í íbúðarhúsum okkar og sjálfsagt margir eitthvað meira. En þætti okkur það ekki dálítið vafasamur boðskapur, ef sagt yrði við okkur, að svo lengi sem við ekki gætum greitt upp öll okkar lán í lánastofnunum og annars staðar, mættum við hvorki lána né gefa neinum neitt? Ég býst við, að við mundum ekki vilja kyngja slíku, og ég held, að það sama, sem ég dreg ekki í efa, að við séum sammála um, að eigi við um einstaklinga, eigi einnig við um hinar einstöku þjóðir, enda er það vitað mál, að margar þeirra þjóða, sem veita verulegar fjárhæðir til aðstoðar við þróunarlöndin, eru skuldunautar ekki síður en við.

Þriðja atriðið, sem ég tel rétt að minnast á, er sá misskilningur, sem ég hef orðið var við, að gætir, þegar þessi mál eru rædd á opinberum vettvangi, að ef Ísland gerist aðili að aðstoð við þróunarlöndin, þá höfum við þar með skuldbundið okkur til þess að framfylgja samþykkt Sameinuðu þjóðanna um það að leggja fram í þessu skyni ekki minna en 1% af þjóðartekjum. Eins og ég tók ábyggilega fram í framsöguræðu minni við 1. umr. málsins, þá eru það mjög fáar þjóðir, sem enn þá hafa náð þessu marki og gefur auðvitað auga leið, að þar sem þá mundi verða um einar 400—500 millj. kr. að ræða, gæti minna gert gagn í þessu efni.

Í grg. þeirri, sem fylgir frv., er þess getið, að nefnd sú, sem um þetta mál fjallaði á vegum utanrrn., hafi lagt til, að að því yrði stefnt, eins og það er orðað í áliti nefndarinnar, að Íslendingar legðu fram 1% af þjóðartekjunum, en ekkert tekið fram um það, á hvað löngum tíma það eigi að vera. Ég átti sæti í þessari nefnd og skoðun mín er óbreytt á því, að að þessu beri að stefna. En þetta var aðeins álit þeirrar nefndar, þannig að meðflm. mínir að þessu frv. eru auðvitað algerlega óbundnir af því, og aðalatriðið er það, að þó að þetta frv. verði samþ., þá eru engin ákvæði um þetta efni í frv., svo að hér er í rauninni um mál að ræða, sem eru óskyld hvort öðru.

Að endingu vil ég aðeins ítreka það, sem ég sagði í framsöguræðu minni fyrir málinu við 1. umr., að með samþykkt þessa frv. mundi aðeins vera ákvarðaður rammi fyrir framkvæmd þessara mála. Samþykkt frv. tryggir auðvitað ekki, að átak verði í þessum málum gert. Hvað svo gerist, verður auðvitað komið undir ákvörðunum fjárveitingavaldsins á hverjum tíma og sömuleiðis dugnaði þeirra manna, sem valdir verða til þess að fjalla um þessi mál. En ég og hv. meðflm. mínir að þessu frv. teljum þó, að eftir atvikum sé sú umgerð, sem hér er um að ræða, viðunandi, þannig að samþykkt frv. ætti undir öllum kringumstæðum að stuðla að því að koma þessu máli á rekspöl, sem að mínu áliti er meira en tímabært.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég skrifaði undir þetta nál., sem hér er til umr., með fyrirvara, og ég vil leyfa mér að gera hér örstutta grein fyrir þeim vangaveltum, sem verið hafa að brjótast í mér út af

þessu máli. Út af fyrir sig þá eru sjálfsagt allir sammála um það, að Íslendingar skuli styðja eftir mætti þá, sem eru minni máttar. Það er göfug hugsjón og í anda guðskristninnar og kærleikans, og samkvæmt aldagamalli hefð treystist auðvitað enginn til þess að hafa á móti því, og þá ég ekki heldur. Þess vegna snýr fyrirvari minn út af fyrir sig ekki að því, að Íslendingar skuli ekki reyna að taka sig fram um það að aðstoða þá, sem verr eru settir, sem margir munu vera. En það, sem mér finnst skipta mestu máli, er það, að þessi aðstoð, sem verður náttúrlega aldrei mikil á heimsmælikvarða, komi þó viðtakendunum að sem beztum notum. Og það er áreiðanlega vandaverk að haga þessari aðstoð þannig, að hún komi að sem fyllstum notum. Það er vandaverk, sem ýmsir aðilar í hinum stóra heimi hafa glímt við lengi og munu lengi glíma við. Og það má lesa um það í heimspressunni, að menn eru ósammála um það, hvernig þessari aðstoð skuli varið; það eru ýmsar kenningar uppi um það.

Það er almennt álitið, að sérfræðiþekkingu þurfi til þess að koma þessari aðstoð fyrir og það sé mjög auðvelt að gera jafnvel meira ógagn en gagn og það þurfi að búa vel um hnútana til þess að tryggja, að viðtakendur — sú þjóð, sem þiggur aðstoðina — noti hana rétt fólkinu til hagsbóta, en ekki þannig, að einstakir aðilar í viðtökulöndunum mati krókinn á slíkri aðstoð, eins og dæmi eru til um og dæmi væri hægt að nefna um. Og það, sem ég dreg í efa í þessu sambandi, er það, að Íslendingar geti aflað sér þessarar sérþekkingar á málefnum þróunarlandanna á þann hátt, að það kosti ekki of mikinn hluta af þeirri takmörkuðu aðstoð, sem Íslendingar geta í té látið. Því að vitanlega er það ekki neinum til góðs og áreiðanlega ekki tilætlun flm., að þetta tillag fari kannske að verulegu leyti í kostnað heima fyrir og til þess að ala upp sérfræðinga, en þetta er vafalaust hægt. Íslendingar eru viðurkenndir allgáfuð þjóð, sem vafalaust hefur á að skipa einstaklingum, sem geta gerzt sérfræðingar í þessum málum, en það lærist ekki fyrirhafnarlaust og ekki nema á löngum tíma og með mikilli athugun. Og mín spurning er þess vegna sú, hvort ekki eigi að hafa nánara samband við alþjóðasamtök og þá fyrst og fremst samband við þær alþjóðastofnanir, sem ráða yfir þessari sérþekkingu. Um þetta segir í aths. við 1. gr., með leyfi forseta:

„Það verður auðvitað álitamál, hvort nauðsyn beri til þess, að komið sé á fót sérstakri stofnun, er annist framkvæmd aðstoðar við þróunarlöndin. Afstaða til slíks hlýtur að markast af því, hvort aðstoðin á að vera í þeirri mynd, að lagt sé fram fé til alþjóðlegra stofnana, sem slíka aðstoð veita, eða hvort Íslendingar eigi sjálfir að taka virkan þátt í framkvæmd hennar. Í fyrra tilvikinu yrði ekki þörf fyrir slíka stofnun og tæplega þörf fyrir það, að nokkur löggjöf yrði sett í þessu efni. Í síðara tilvikinu er hins vegar óhjákvæmilegt, að til sé opinber aðili, sem hafi stjórn þessara mála með höndum."

Nefndin, sem þetta lagafrv. hefur samið, er greinilega þeirrar skoðunar, að síðari leiðina beri að fara, þ.e. að Íslendingar taki sjálfir virkan þátt í framkvæmd aðstoðarinnar, og þess vegna er þá frv. fram komið. Það er líka augljóst mál, að það er þessi síðari leið, sem valin hefur verið, þegar saga frv. eða málsins er athuguð. Það var á þingi 1969, sem einnig var flutt frv. til laga um sjóð til aðstoðar við þróunarríkin. Þetta frv. var byggt á áliti nefndar, sem að þessum málum starfaði á vegum utanrrn., en nefndin óskaði, að þetta frv. yrði ekki tekið fyrir, fyrr en gefizt hefði kostur á að skila endanlegu áliti, og urðu flm. við þeirri ósk, eins og hér stendur. Og svo kemur það, sem skiptir mestu máli, finnst mér, þar sem hinar nýju till. nefndarinnar byggja á öðrum gundvelli en hinar eldri, að rétt sé, að till. komi nú fram fyrir Alþ. í þeirri mynd, sem það frv., sem hér um ræðir, gerir ráð fyrir. Það er þess vegna ekki um það að villast þrátt fyrir það, að mörg ákvæði frv. eru hin sömu, að hér er stefnubreyting, eða ég skil það svo. Og stefnubreytingin er í því fólgin, að Íslendingar ætla sjálfir að koma upp þeirri stofnun, sem á ein og án samráðs við alþjóðastofnanir að ráða fram úr því, hvert aðstoð Íslands eigi að beinast. Ef þetta er ekki tilgangurinn, þá skil ég ekki, hvert er nýmælið í þessu frv.

Það segir í aths. með 2. gr., að hún sé sniðin eftir samsvarandi stofnunum í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, einkum þeirri dönsku, eins og hér stendur. Það er auðvitað venja okkar, og ég vil segja góður siður, að við höfum hliðsjón af löggjöf þessara landa, þegar bryddað er upp á nýmælum. Ég amast ekki við því, og í þessum löndum eru slíkar stofnanir til. En ég vil halda því fram, að hér gegni nokkuð öðru máli en þar, og hef ég þá í huga þá sérfræðingaaðstoð, sem ég vék að hér í upphafi máls míns — nefnilega það, að takmark Sameinuðu þjóðanna er, eins og hv. 10. þm. Reykv. gerði grein fyrir, að þessi aðstoð komi til með að nema 1% þjóðartekna. Ég held — ég verð þá leiðréttur, ef það er ekki — að 1% af þjóðartekjum í Danmörku sé 1500 millj. danskra króna. Þetta hef ég lesið. Ég get auðvitað ekki ábyrgzt heimildina, en ég hef þetta sem sé fyrir satt. 1500 millj. danskra króna, telst mér til, að séu 18000 millj. ísl. króna. Ég geri ráð fyrir því, að þjóðartekjurnar í Noregi séu svipaðar og þær eru í Danmörku — kannske eitthvað aðeins lægri, en í Svíþjóð miklu hærri. Og mér finnst það leiða af eðli málsins, að það sé mjög svo eðlilegt, að af slíkri fjárhæð sé tekinn nokkur slurkur til þess að koma á fót sams konar stofnunum og hér er verið að gera ráð fyrir, en takmark okkar, fjarlægt takmark, eftir því sem hér kom fram í framsöguræðu áðan, er 400 millj. króna. Og ég bara spyr — ég er ekki að hafa á móti þessu máli, en sú spurning er að vefjast fyrir mér: Er það ekki of í lagt hjá okkur að ætla okkur að koma upp sjálfstæðu kerfi til þess að úthluta þeim 400 millj. kr., sem við kunnum að láta í þetta með tíð og tíma? Við erum aðilar að Sameinuðu þjóðunum, og við störfum á

þeirra vettvangi. Hvers vegna eigum við ekki að nota þær leiðir, sem þar koma til greina?

Hér starfar Rauði krossinn, deild úr Alþjóða rauða krossinum. Er ekki hægt að notast við hann? Hann hefur 10 ára reynslu í þróunarhjálp. Þar eru 4 þús. áhugamannnameðlimir og gætu sjálfsagt verið miklu fleiri, ef verulegur skriður kæmist t.d. á slíka aðstoð, sem hér er um að tefla. Rauði kross Íslands hefur lagt fjármagn til rekstrar glerverksmiðju fyrir flóttamenn frá Tíbet. Um þá málsmeðferð hefur hann haft samráð við Hollendinga og gefist vel. Hann hefur selt hér flóttamannaplötu, sem selst vel, og hefur gefið í tekjum um 1 millj. kr. á þessu ári. Því fjármagni hefur hann varið til sjúkraþjónustu við flóttamenn í Senegal í samráði við flóttamannaaðstoð hjá öðrum þjóðum. Í fyrsta skipti í sögu Rauða krossins er nú ráðgerð söfnun alls staðar á Norðurlöndum til að leysa flóttamannavandamálið í Súdan. Þetta er gert án þess, að nokkur ríkisstofnun hér á Íslandi starfi að þessu máli. Þetta eru smámál, ég viðurkenni það, í þessu sambandi, en það sýnir engu að síður, hvað hægt er að gera með þeim stofnunum og þeim félögum, sem eru til. Utanrrn. hefur oftlega á liðnum árum veitt hjálp í ýmsum tilvikum. Það er bæði Pakistan og Rúmenía, sem hafa notið þaðan aðstoðar vegna náttúruhamfara. Nígería og fleiri Afríkuríki hafa fengið viðvarandi aðstoð héðan, svo að ég nefni eitthvað, og þessi hjálp hefur öll verið send í gegnum þær leiðir, sem eru fyrir hendi. Það er hægt að auka það alveg ótakmarkað og nota sér þá sérfræðiaðstoð, sem fyrir hendi er hjá þeim stofnunum og félagssamtökum, sem til eru í nálægum löndum til þess að sjá um þetta atriði. Auðvitað er ég hlynntur því, að t.d. einn maður í utanrrn. hafi umsjón þessara mála með höndum og samræmingu. Enda er það, að því er virðist, sú hugmynd, sem fyrra frv. byggir á. Þar er talað um, að stjórn sjóðsins sé heimilt að ráða starfsmann, er hefur sérþekkingu á málefnum þróunarlanda og alþjóðlegum stofnunum, er starfa að málefnum þeirra. Það er eðlilegt, og ég er sízt að mæla gegn því, að hið opinbera fylgist með, en ég bara óttast það, að ef við eigum að velja þá leið sem hér er kölluð „virkur þáttur", í aðstoðinni við þróunarlöndin, þá verði það bæði kostnaðarsamt og hreinlega of erfitt. Ég dreg það í efa, að við eigum nægilega kunnuga menn, sem geti lagt á ráðin um þessi vandasömu mál. Það má, eins og ég sagði áðan, vafalaust koma þeim upp. Ég bara kem ekki almennilega auga á nauðsyn þess.

Svo finnst mér það vera nokkurt atriði í þessu sambandi, sem ég a.m.k. fyrir mitt leyti hef fyrir satt, að þróunarlöndin sjálf vilji miklu fremur þiggja aðstoð gegnum alþjóðastofnanir en frá einstökum, tilteknum ríkjum. Þau kæra sig a.m.k. ekki um það mörg hver, að hjálp stóru landanna leiði til of náinna samskipta. Þau óttast það, að slíkt geti leitt til óæskilegrar íhlutunar um innanríkismál. Ég held, að þessu megi mjög auðveldlega finna stað og það með nýlegum dæmum. Það grunar auðvitað enginn Íslendinga um slíkt. Við erum svo blessunarlega litlir, að það óttast okkur ekki nokkur maður í veröldinni. En spurningin er bara: Eigum við að leggja okkar skerf til þess að taka þátt í þessari stefnu, að þau séu ríkin, hin einstöku ríki, sem aðstoðina veiti, en ekki alþjóðastofnanirnar, eða eigum við að freista þess að hamla gegn því, að sú leið verði farin og fara heldur hina leiðina, að þessari aðstoð verði safnað saman í nokkrar alþjóðlegar stofnanir og veitt þaðan eftir beztu manna yfirsýn og með hliðsjón af þeim upplýsingum, sem þar liggja fyrir? Það grunar okkur enginn um það, að við ætlum okkur að ná yfirráðum í nokkru ríki með þessari aðstoð. En ég tek þó eftir því og vek athygli á því, að í þessu nýja frv. er það sérstaklega nýmæli að kanna eigi möguleika á auknum viðskiptatengslum við þróunarlöndin eftir atvikum í samvinnu við aðra opinbera aðila og einkaaðila, er áhuga kynnu að hafa á slíku, þannig að það svona örlar á því, að það væri nú ekkert á móti því, að við hefðum eitthvað upp í þetta á móti. Ég hef svo sem ekkert við það að athuga, þó að þetta ákvæði sé þarna. Ég bendi aðeins á, að það kunni að vera í stærri mæli sú hugsun á bak við aðstoð annarra, sem meira mega sín og meira láta, og það er tilfellið, að viðtakendurnir eru í mörgum tilfellum hræddir einmitt við það.

Ég hefði viljað fá að athuga þetta mál betur, en það var ekki tími til þess í hv. allshn. Það má kannske segja, að tilgangslítið hefði verið að senda það til umsagnar ýmissa aðila, sem þessum málum eru kunnugastir í þjóðfélaginu, þar sem þeir hafa nýverið komið saman á ráðstefnu og tjáð sig um málið eftir því, sem hv. 10. þm. Reykv. segir. Ég var nú ekki á þeirri ráðstefnu, en ég tek hans orð vitanlega trúanleg um það. En hv. 4. þm. Sunnl., sem er í allshn. eins og ég, hreyfði því, að þetta frv. yrði sent öðrum aðilum til umsagnar, en til þess vannst sem sé ekki tími, og ég er ekkert að deila út af því. Mér dettur ekki í hug, að ég hafi nokkur tök á því — ég hef kannske ekki einu sinni vilja til þess og a.m.k. ekki nokkur tök á því að hamla gegn frv., sem flutt er af mönnum úr fjórum flokkum og einum utan flokka að auki. Það hlýtur að eiga hér greiðan gang í gegnum d., og þessi fyrirvari minn hnígur heldur ekki að því að tefja framgang málsins.

Ég vildi láta það koma hér fram, að mér finnst, að það komi, svo að ekki sé meira sagt, fyllilega til greina aðrar leiðir í þessu máli en þetta frv. leggur til. Það eru allir sammála um það, að við eigum að taka þátt í alþjóðahjálparstarfsemi á þessum vettvangi. Ég er algerlega sammála því, sem hv. 10. þm. Reykv. sagði, að við hefðum vel efni á því að leggja eitthvað af mörkum í þessu skyni, þó að margt sé ógert hjá okkur og við séum hér daglega nánast að finna að því, að vandamál okkar sjálfra séu óleyst eða illa leyst, en ég vil gjarnan taka þátt í því með þessum ágætu flm. að hugsa svolítið út fyrir þennan þrönga sjóndeildarhring okkar, og má enginn skilja orð mín svo, að ég sé þessari stefnu mótfallinn. Hv.

10. þm. Reykv. sagði, að það væri aðeins stefnumark eða viðmiðun, að aðstoðin gæti farið í 1% af þjóðartekjunum, og enginn flm. væri því bundinn og minna gæti gert gagn. Þessu er ég algerlega sammála, en bendi þó á, að því síðar og að því minna leyti, sem stefnan kemur til framkvæmda, því minni ástæðu sé ég til þess að setja á fót stofnun, eins og hér er ráðgert, því að hér er ráðgerð stofnun. Ég skal ekki segja, hve stór hún á að vera, en greinilega meira en einn maður, því að því er breytt frá því, sem lagt var til í frv., þ.e. það segir sína sögu, svo að ekki verður um villzt, að hér verður um þó nokkra starfsemi að ræða.

Ég skal svo ekki eyða tíma hv. d. í að ræða þessi mál frekar, en vildi láta þennan fyrirvara koma fram, áður en til atkv. er gengið.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Það eru aðeins fáein orð í tilefni af ræðu hv. 11. þm. Reykv. Nú er það að vísu ekki svo, að það sé ekki margt í hans ræðu, sem ég get fyllilega tekið undir.

Í fyrsta lagi er ég því alveg sammála, sem hann sagði í upphafi ræðu sinnar, að hér er um mjög vandasamt mál að ræða og því miður eru vissir þættir sögunnar sorglegur sannleikur, vil ég segja, þó að sú aðstoð, sem veitt hefur verið þróunarlöndunum, hafi að mínu áliti gert mjög verulegt gagn. Sem dæmi um það má nefna að hagvöxtur í mörgum þessara þróunarlanda er nú meiri en í háþróuðu löndunum, og má telja mjög vafasamt, að þeim árangri hefði verið náð, ef þessi aðstoð hefði ekki komið til. En hins vegar er það því miður svo, að margvísleg mistök hafa átt sér stað, hvað þessa aðstoð snertir. Hún hefur ekki verið undirbúin af nægilegri þekkingu á högum og þjóðfélagsskipan þeirra þjóða, sem hér eiga hlut að máli, og árangurinn því ekki alltaf sá, sem til hafði verið ætlazt. Þetta ber að gera sér ljóst, og það get ég fyllilega tekið undir.

Í öðru lagi vil ég gjarnan taka það fram, að skilningur hv. þm. á þeim eðlismun, sem er á þessu frv. og fyrri till., sem bornar hafa verið fram um þetta mál og raunar legið fyrir tveimur undanförnum þingum, er alveg réttur. Frv., sem lagt var fram á þinginu 1968—1969 og aftur á s.l. þingi, byggðist á bráðabirgðaáliti, sem sú nefnd sem skipuð var af utanrrn. í málið og áður hefur verið getið um, skilaði fyrir einum fjórum árum. En í því frv. var engin afstaða til þess tekin, hvort sú aðstoð, sem veitt yrði, yrði aðeins framlög til alþjóðlegra stofnana eða þá í mynd hinnar svokölluðu tvíhliða hjálpar, sem mundi þýða það, að við Íslendingar stæðum þá sjálfir eftir atvikum í samvinnu við einhverja aðra að framkvæmd aðstoðarinnar. En til þess að um þetta verði samin löggjöf, verður að taka afstöðu til þessa máls, því að ef við værum þeirrar skoðunar, að hjálpina beri einvörðungu að leggja fram sem framlög til alþjóðlegra stofnana, þá mundi ég telja og get út af fyrir sig tekið undir það með hv. 11. þm. Reykv., að þá væri í sjálfu sér engrar sérstakrar löggjafar þörf. Starfsmenn utanrrn. gætu þá eftir atvikum í samráði við fulltrúa Íslands á þingi Sameinuðu þjóðanna gert till. í því efni til fjvn. Að koma á fót sérstakri stofnun væri þá í sjálfu sér óþarft.

En þó að ég viki nú að þessu í framsöguræðu minni við 1. umr. málsins, skal ég í sem allra stytztu máli þó benda á þau rök, sem ég tel hníga að því, að við eigum að stefna að því, svo sem er tilgangur þessa frv., að veita tvíhliða aðstoð, sem við tökum virkan þátt í að framkvæma. Og það, sem ég vil benda á í því efni, er í fyrsta lagi þetta, að að talsverðu leyti er það nú á misskilningi byggt, að við spörum allan stjórnunar- og framkvæmdakostnað með því að leggja aðstoðina fram sem framlög til stofnlána á vegum Sameinuðu þjóðanna. Auðvitað verður eftir sem áður um stjórnunar- og framkvæmdakostnað að ræða aðeins með þeim mun, að þá mundi hann vera greiddur til erlendra aðila, en ekki innlendra. Á ráðstefnunni, sem ég minntist áðan á um þessi mál, var það upplýst, að þegar Herferð gegn hungri safnaði á sínum tíma um 10 millj. kr. á vegum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna til ákveðinna framkvæmda í nokkrum Afríkulöndum, voru 5% af þeirri fjárhæð eða um 1/2 millj. kr. greidd til Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna sem stjórnunar- og framkvæmdakostnaður. Þetta tel ég þó út af fyrir sig meiri aukaatriði, en aðalatriðið er hitt, að förum við einvörðungu þá leið að leggja þetta fram til stofnana á vegum Sameinuðu þjóðanna, mundum við missa af því, sem ég tel mikils virði að kynna okkur þessi mál sjálfir og eignast menn, sem hafa kynnt sér vandamál þróunarlandanna. En slíkt mundi ég telja mjög mikils virði ekki einvörðungu og e.t.v. ekki fyrst og fremst, hvað snertir aðstoðina sjálfa, heldur öllu fremur hvað snertir samvinnu okkar við þessar þjóðir á alþjóðlegum vettvangi og ekki sízt á sviði viðskiptamála. Auðvitað má ekki ganga of langt í því að blanda saman öflun viðskiptatengsla við þessar þjóðir og aðstoðinni við þróunarlöndin. Þó tel ég, að það hafi verið rétt af okkur flm. frv. að taka upp það nýmæli, að slík stofnun gæti einnig sinnt viðskiptamálunum, vegna þess að slík viðskipti geta verið báðum aðilum í hag, og yfirleitt er það þannig með öll frjáls viðskipti þjóða í milli a.m.k., að af þeim verður ekki, nema báðir aðilar telji sér hag í þeim. Slíku má engan veginn blanda saman við hina gömlu nýlendukúgun, sem vissulega á sér ljóta sögu, sem ég tel nú ekki ástæðu til að fara út í í þessu sambandi.

Enn fremur má geta þess, að það er innan við 10% af þeirri heildaraðstoð, sem veitt er þróunarlöndunum, sem gengur í gegnum alþjóðlegar stofnanir, og yfirgnæfandi meiri hluti þessarar aðstoðar er veittur á tvíhliða grundvelli. Þetta þarf ekki að þýða það, sem hv. 11. þm. Reykv. sagði, að slík aðstoð, sem við sjálfir tökum þátt í að framkvæma, sé veitt án samráðs við alþjóðlegar stofnanir. Það er ekkert því til fyrirstöðu, að við þær

sé haft samráð í þessu efni, t.d. um val verkefna eftir atvikum, sérfræðilega aðstoð o.s.frv. Mér hefði þótt eðlilegast, ef og þegar slík aðstoð kemur til framkvæmda, því að ég geri mér ljósa þá erfiðleika, sem á því eru, að við skipuleggjum slíkt algerlega frá grunni, að leitað væri samstarfs við aðrar norrænar þjóðir, sem hafa náið samstarf sín á milli um þá aðstoð, sem þær veita að vísu á tvíhliða grundvelli, og þær hafa náið samráð sín á milli um val verkefna og ýmislegt fleira. Mér fyndist það liggja beint við, ef út á þessa braut væri farið, sem ég tel rétt, að við ættum þess að gerast aðilar að slíku samstarfi, og fyrir fram tel ég ekki ástæðu til að ætla annað en slíkri málaleitan af okkar hálfu yrði vel tekið, þó að um það sé auðvitað ekki hægt að fullyrða, fyrr en til slíks kemur.

Að lokum í sambandi við ræðu hv. 11. þm. Reykv. vildi ég aðeins benda á það, að það má ekki blanda saman alþjóðlegri líknarstarfsemi og aðstoð við þróunarlöndin, og kannske er sérstök ástæða til þess að undirstrika það vegna þess, að af skiljanlegum ástæðum er þessu mjög blandað saman í almennum umræðum um þessi mál. En alþjóðleg líknarstarfsemi hefur auðvitað því hlutverki að gegna að koma til hjálpar, þar sem neyðarástand skapast, senda matvæli, fatnað og annað til nauðstaddra, og slíkt ástand getur auðvitað skapazt í þróunarlöndum og í öðrum löndum. Hin eiginlega aðstoð við þróunarlöndin gegnir hins vegar fyrst og fremst því hlutverki að hjálpa þessum þjóðum til þess að nýta náttúruauðlindir sínar og aðra framleiðslumöguleika. Þess vegna get ég ekki á þetta fallizt, þó að starfsemi þeirra aðila hér á landi, sem taka þátt í alþjóðlegri líknarstarfsemi, sé alls góðs makleg. Þar má nefna Rauða krossinn, sem hv. 11. þm. Reykv. nefndi, kirkjuna og Herferð gegn hungri og fleiri slíka aðila. Starfsemi þeirra getur ekki komið í stað þess, sem hér er um að ræða, þannig að það er ekki hægt að fela þeim þetta verkefni. En að öðru leyti er það síður en svo tilgangur okkar og annarra, sem hafa stutt þetta mál, að dregið verði úr opinberri og annarri aðstoð þessara aðila, þó að ákvæði þessa frv. kæmu til framkvæmda, og sjálfsagt er að hafa samráð við þessa aðila um einstök málefni eftir því, sem ástæður kunna að gera eðlilegt. En á hinu má ekki missa sjónar, að það er í rauninni annað verkefni, sem þessir aðilar vinna að.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta. Það er þó aðeins varðandi það sjónarmið, að þetta frv. hefði átt að senda til umsagnar einhverjum aðilum, sem um þessi mál fjalla. Á nefndarfundi um málið setti ég fram þá skoðun, sem á var fallizt, að til þess væri ekki ástæða, því að eftir því, sem mér er bezt kunnugt, hafa allir þeir aðilar, bæði einkaaðilar og opinberir aðilar, sem beint og óbeint fjalla um þessi mál, haft þetta mál til meðferðar og haft aðstöðu til þess að hafa áhrif á ákvarðanir, sem um það eru teknar, áður en þetta frv. hefur verið lagt fram, því að málið er engan veginn nýtt. Annað frv., sem að vísu var byggt á öðrum grundvelli, hefur, eins og kunnugt er, legið fyrir tveimur síðustu þingum, og þær stofnanir, sem sérstaklega hafa haft þessi mál til meðferðar á alþjóðlegum vettvangi eða fjallað um þá aðstoð, sem við höfum veitt, svo sem Herferð gegn hungri og Rauði krossinn, báðir þessir aðilar, áttu fulltrúa í þeirri nefnd, sem undirbjó þetta frv. Málið hefur einnig verið til meðferðar í utanrrn. s.l. 4—5 ár, eins og ég áður hef upplýst, svo að ég fæ ekki komið auga á sérstaka ástæðu til þess að senda málið frekar til umsagnar.

En að síðustu vildi ég aðeins benda á það, að rétt hefði e.t.v. verið með tilliti til þess, að ekki eru líkur á því, að slíkri stofnun yrði komið á fót fyrir næstu áramót, jafnvel þó að það yrði afgreitt hér á þingi fyrir áramót, sem ég mundi telja æskilegt, að breyta tímanum í gildistöku frv., þ.e. að fresta honum t.d. til 1. apríl til að fyrirbyggja það, að málið þyrfti að fara á milli deilda vegna slíks á sínum tíma. En um það mun ég hafa samráð við meðflm. mína, hvort flutt yrði brtt. um það efnisatriði fyrir 3. umr. málsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 71, 196).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Ég hef hér á þskj. 196 flutt eina litla brtt. við þetta frv., sem ég raunar boðaði við 2. umr. málsins, en brtt. er í því fólgin, að gildistöku laganna verði frestað frá 1. jan. n.k. til 1. apríl. Eins og ég tók fram við 2. umr. málsins, er vafi á því, að takast muni að afgreiða þetta mál fyrir jól úr þinginu, þó að slíkt væri æskilegt, en jafnvel þó að svo yrði, yrði varla hægt að koma þessari stofnun þegar í stað á fót, svo að undir öllum kringumstæðum er engu spillt með því að mínu áliti, þó að gildistökunni sé þannig frestað um þrjá mánuði, ef það gæti orðið til þess að spara, að málið þyrfti síðar að ganga milli deilda. Ég ráðfærði mig um þessa brtt. við þá meðflm. mína, sem ég náði til eftir 2. umr., og tjáðu þeir sig henni samþykka.

ATKVGR.
Brtt. 196 samþ. með 12 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 26. fundi í Nd., 2. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 204).

Á 28. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Á 49., 50., 51., 59., 60. og 61. fundi í Nd., 22. febr., 10., 11. og 15. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Nd., 17. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 204, n. 376, 345).

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Á þinginu haustið 1964 var lögð fram í Sþ. þáltill. um aðstoð við þróunarlöndin, sem hljóðaði á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta fara fram athugun á því, með hverju móti Ísland geti tekið virkari þátt en nú er í því að veita þróunarlöndunum aðstoð til eflingar efnahagslegum framförum þar, og leggja niðurstöður þeirrar athugunar fyrir Alþ. að henni lokinni."

Flm. þessarar till. var hv. þm. Reykv., Ólafur Björnsson prófessor. Till. fékk ágætar undirtektir þm. og fljóta afgreiðslu. Hv. utanrmn. mælti með samþykkt hennar, sem og var gerð með shlj. atkv. í Sþ. þann 31. marz 1965. Í mjög ítarlegri ræðu, sem Ólafur Björnsson prófessor flutti, er hann fylgdi till. sinni úr hlaði, skýrði hann m.a. frá, hvað í hugtakinu þróunarland fælist, frá þeirri aðstoð, er þau fengju, og þætti einstakra ríkja í þeirri aðstoð. Í ræðu sinni benti hann m.a. á framlög Íslendinga, er rynnu til hinna ýmsu stofnana Sameinuðu þjóðanna, en þm. sagði, að samt sem áður hefði gætt meira tómlætis af hálfu okkar Íslendinga í þessu mikilvæga alþjóða- og menningarmáli en æskilegt væri. Þm. kvað enn fremur rétt að benda á, að aðstoð okkar við þróunarlöndin gæti verið á fleiri vegu en sem fjárframlög til ákveðinna framkvæmda, enda af okkar hálfu ekki um að ræða framlög, sem um munaði, og fleira hamlaði efnahagslegum framförum en fjármagnsskortur, fáfræði almennings og skortur á almennri verkkunnáttu ekki síður en sérfræðilegri þekkingu væri meðal mikilvægustu orsaka þess, að þessi lönd hefðu dregizt aftur úr í efnahagslegu tilliti. Hann benti enn fremur á margs konar leiðbeiningastarfsemi á öðrum sviðum, svo sem á sviði heilbrigðismála, kennslu- og uppeldismála, sem kæmi þessum löndum að miklum notum, en þyrfti ekki að kosta það land ýkja mikið, sem hana léti í té. Einar Olgeirsson, sem þá sat á þingi, og hv. þm. Ingvar Gíslason mæltu báðir með till., fluttu ítarlegar ræður um vandamál þessara ríkja og um það, hvað við gætum helzt gert til hjálpar. Tóku þeir báðir undir skoðanir flm. um nauðsyn þessara þjóða á aukinni menntun á öllum sviðum og ekki sízt aukinni verkmenntun, þ.e. að fulltrúar þeirra fengju að kynnast sögu okkar og atvinnulífi og þeirri þjóðfélagsþróun, sem hér hefur átt sér stað á Íslandi og reynslu okkar af breytingunni frá því að vera umkomulítil og vanmegnug nýlenduþjóð og til þess að vera tiltölulega velmegandi bjargálna þjóð, eins og við nú erum.

Haustið 1965 skipaði utanrrh. þriggja manna nefnd til þess að vinna að athugun þeirri, sem í till. fólst, og skila áliti. Í nefndina voru skipaðir Ólafur Björnsson prófessor, sem jafnframt var formaður hennar, Sigurður Guðmundsson, framkvæmdastjóri Húsnæðismálastofnunar ríkisins, og Ólafur Stephensen, þáv. framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands. Nefnd þessi skilaði bráðabirgðaáliti og till. í frv.-formi, en þær komu þó ekki fram á því þingi, enda hafði ríkisstj. ekki tekið afstöðu til þess, hvort frv. í þeirri mynd yrði lagt fyrir Alþ. Þeir efnahagsörðugleikar, sem yfir okkur dundu seinni hluta ársins 1967, og sá nauðsynlegi niðurskurður í öllum fjárveitingum, sem í kjölfarið fylgdi, mótaði að sjálfsögðu þá ákvörðun meiri hl. Alþ. að gera sem minnst í því að taka upp fjárveitingar til nýrra hluta. Ákvað nefndin af þessum orsökum að fresta endanlegri tillögugerð, unz betur áraði.

Vorið 1969 var lagt fram frv. hér í hv. Nd. Alþ., sem byggt var á fyrstu till. mþn. Var það flutt að ósk aðila í Æskulýðssambandi Íslands. Voru flm. þeir Pétur Sigurðsson, hv. þm. Jón Skaftason, 2. þm. Reykn., Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl., og Jónas Árnason, 4. landsk. þm. Þetta frv. kom ekki til umr. á því þingi, en var endurflutt á síðasta þingi seint um haustið 1969, og voru flm. þeir sömu. Mþn. hafði þá aftur tekið til starfa, og mæltist hún til þess, að málið yrði ekki tekið fyrir hér í hv. d., fyrr en þeir hefðu átt kost á að skila endanlegu áliti, því að endanlegar till. yrðu sennilega töluvert frábrugðnar þeim, sem áður höfðu komið fram. Urðum við flm. málsins hér í Nd. að sjálfsögðu við þessari ósk. Endanlegum till. og áliti nefndarinnar var skilað í febrúar á þessu ári, og er það frv., sem hér er til umr., byggt á þeim till. óbreyttum og er komið frá hv. Ed. Töluverður munur er á þessu frv. og því, er hér var flutt í hv. d. á sínum tíma. Meginmunurinn er sá, að í eldra frv. var engin afstaða tekin til þess, hvort sú aðstoð, sem Íslendingar gætu látið þróunarlöndunum í té, yrði í formi framlaga til alþjóðlegra stofnana eða hvort um svokallaða tvíhliða hjálp yrði að ræða. Ef um tvíhliða hjálp væri að ræða, mundu Íslendingar sjálfir skipuleggja og framkvæma aðstoð við þróunarlöndin einir eða í samstarfi við aðra. Þessi háttur er t.d. á hafður annars staðar á Norðurlöndum, og fer mikill meiri hluti þeirrar aðstoðar, sem þau veita, fram á tvíhliða grundvelli, en þau eru einnig með tiltölulega há framlög til alþjóðastofnana. M.a. vegna þessara breytinga og vegna þess, að form. mþn. á sjálfur sæti á Alþ. — sá, sem upphaflega flutti málið hér inn á Alþ. og þekkir það bezt — þótti öllum aðilum þ. á m. okkur hér í Nd., er fyrstir fluttum frv. um málið, eðlilegt, að Ólafur Björnsson gerðist sjálfur flm. að frv. þessu. Varð það úr, og voru aðrir flm. í Ed. þeir hv. þm. Björn Jónsson, Jón Árm. Héðinsson, Karl Guðjónsson og Ólafur Jóhannesson, sem þar eiga sæti.

Eins og ég hef þegar getið um, er mál þetta komið

frá Ed., en þar var það samþ. með shlj. atkv. Ein lítilfjörleg breyting var þó gerð á frv. um gildistöku laganna, þ.e. að þau skuli taka gildi þann 1. apríl 1971 í stað 1. jan. s.l. Var sú breyting einnig að sjálfsögðu samþ. shlj. Frv. þetta hefur verið til athugunar hjá allshn. hv. d. eins og hjá allshn. Ed. Varð sú skoðun ofan á, að óþarft væri að senda málið til umsagnar, því að þeir aðilar, sem helzt hefðu vit þar á, hefðu þegar tjáð sig. Á ég þar við í fyrsta lagi hv. utanrmn., þegar þáltill. var samþ. Í öðru lagi þá ráðstefnu, sem var haldin hér í Reykjavík seint á s.l. hausti á vegum Félags Sameinuðu þjóðanna og Herferðar gegn hungri, en sú ráðstefna fjallaði um aðstoð Íslands við þróunarlöndin. Þar voru saman komnir flestir forustumenn þeirra félagssamtaka, sem afskipti hafa haft af þessum málum, og enn fremur embættismenn, sem þekkja vel til þeirra. Ráðstefnan gerði ályktun um málið, taldi sig í meginatriðum samþykka því frv., sem hér lægi fyrir, og skoraði á Alþ. að samþykkja það. Í þriðja lagi vil ég nefna þær viðræður, sem flm. eldra frv. áttu við áhugamenn um þessi mál úr röðum ýmissa æskulýðssamtaka.

Vissulega hefur komið fram gagnrýni á mál þetta á opinberum vettvangi, en ég held, að þau ítarlegu svör, sem jafnharðan hafa komið fram frá fylgismönnum máls þessa, hafi upplýst og sannfært flesta, sem ekki höfðu myndað sér skoðanir um málið. Allir nm. allshn. þessarar hv. d. undirrita nál. og mæla með samþykkt frv. utan einn hv. þm., Jónas Pétursson, sem var fjarstaddur afgreiðslu málsins. Þegar n. hafði lokið afgreiðslu þessa máls, kom fram brtt. við 2. gr. frv. á þskj. 345 frá þeim hv. landsk. þm., Jónasi Árnasyni, og hv. 6. þm. Reykv., Magnúsi Kjartanssyni, og leggja þeir til í þessari till. sinni, að aftan við 1. tölul. 2. gr. bætist: „Skulu áætlanir við það miðaðar, að aðstoð Íslendinga við þróunarlöndin aukist í áföngum og nemi 1% af þjóðartekjum þeirra eftir 10 ár.“ Enginn nm. hefur fengizt til að mæla með till. þessari. Þó lýsti hv. þm. Steingrímur Pálsson, hv. 8. landsk. þm., því yfir, að hann mælti með henni, ef hún væri stefnumótandi, en ekki skilyrðislaust. Engin brtt. í þá átt hefur komið fram, og leggur því n. til, að brtt. á þskj. 345 verði felld.

Til að gefa hv. þd. nokkra hugmynd um peningalegt gildi þessarar till. má benda á, að ef hún hefði t.d. tekið gildi eða komið til framkvæmda með fullum styrkleika sínum nú um síðustu áramót, mætti gera ráð fyrir, að útgjöld vegna þessa mundu nema á yfirstandandi ári nær 500 millj. kr. Jöfnuður þeirra á næstu 10 ár mundi þýða, að ætla yrði á næstu fjárlögum nær 50 millj. kr. til þessarar starfsemi. Mþn. mun í áliti sínu hafa lagt til, að stefnt yrði að því, að Íslendingar legðu fram 1% af þjóðartekjum sínum, en hins vegar ekki tekið fram, á hve löngum tíma það ætti að vera. Eins og frv. er nú, er það fjárveitingavaldsins hverju sinni að ákveða, hve stórt átak verður gert á þessu sviði, og einnig er það komið undir dugnaði þeirra, sem að þessum málum vinna og fórnfýsi almennings.

Ég þykist ekki þurfa að hafa fleiri orð um þetta mál. Eins og fram hefur komið í máli mínu, er það einróma álit hv. allshn. þessarar d. að mæla með samþykkt þessa frv. óbreytts.

Jónas Árnason: Herra forseti. Eins og frsm. hv. allshn. gat um hér áðan, þá flytjum við hv. 6. þm. Reykv. brtt. við þetta frv. þess efnis, að aftan við 1. tölul. 2. gr. bætist: „Skulu áætlanir“ — þ.e. áætlanir um aðstoð við þróunarlöndin — „við það miðaðar, að aðstoð Íslendinga við þróunarlöndin aukist í áföngum og nemi 1% af þjóðartekjum þeirra eftir 10 ár.“ Þessi till. er, eins og hv. alþm. mun kunnugt, í samræmi við samþykktir, sem gerðar hafa verið æ ofan í æ á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Árið 1960 var í fyrsta sinn samþykkt ályktun þess efnis, að hinar betur megandi þjóðir heims stefndu að því að láta 1% af þjóðartekjum sínum renna til aðstoðar við þróunarlöndin. Ég hygg, að við munum allir sammála um, að við hljótum að teljast til hinna betur megandi þjóða heims. Því er ekki að neita, að það hafa aðeins fáar þjóðir framfylgt þessari samþykkt. Árið 1968 munu þær aðeins hafa verið fjórar, Frakkland, Belgía, Holland og Bretland. En eins og ég sagði, hefur þessi samþykkt verið gerð aftur og aftur, og það er vitað, að sendinefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum hefur verið í hópi þeirra sendinefnda, sem goldið hafa jáyrði við samþykkt þessarar ályktunar, en mun þó hafa gert fyrirvara varðandi 1% markið. Það sýnist því eðlilegt, að aðstoð Íslands sé byggð á grundvelli þessarar ályktunar, og þó að ýmsum hafi virzt, þegar frv. þetta kom fyrst fram eða það frv., sem efnislega var shlj. þessu frv., að það hart hafi verið á dalnum, að þetta mundi verða nokkrum erfiðleikum bundið hjá okkur, þá hafi þó nú svo skánað horfur hjá okkur, að þetta ætti ekki að vera nein ofætlun. Eins og hv. frsm. tók fram, mundi 1% nema um 500 millj. kr., en eins og kemur fram í till., er ætlazt til, að þessu marki verið náð á 10 árum, þannig að í fyrsta áfanga yrði aðeins um 50 millj. kr. að ræða. Ég veit ekki, hvaða dóm menn leggja á það, hvað sé okkur sæmandi í þessum efnum. En ég hygg, að 50 millj. kr. til aðstoðar þróunarlöndunum yrði að teljast algert lágmark, þar sem um er að ræða þjóð, sem hefur þó úr eins miklu að spila og við og fer ekki alltaf með sína fjármuni af mikilli fyrirhyggju.

Nefnd sú, sem útbjó þetta frv., eins og það liggur nú fyrir, játar þetta í aths., sem hún gerir við ýmsar gr. frv., þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er þó skoðun nefndarinnar, að eðlilegt sé, að Íslendingar stefni að því marki, á sama hátt og aðrar þjóðir, sem slíka aðstoð veita, sem samþykkt hefur verið á þingi Sameinuðu þjóðanna, að 1% þjóðartekna skuli renna til aðstoðarinnar.“ Og síðan er tekið fram, með leyfi hæstv. forseta: „Í sambandi við þessa tölu, sem sumum kann að þykja nokkuð há, . . . — ég vil þó taka það fram persónulega, að mér þykir hún ekkert sérlega há —

„. . . að þá er talin öll aðstoð, sem veitt er, bæði lán og gjafafé, og bæði aðstoð veitt af opinberum aðilum og einkaaðilum, þannig að framlög ríkisins þurfa ekki að vera nema hluti af þessu.“ Þannig að það er ekki hægt að segja, að við séum að ætlast til allt of mikils af okkar ríkissjóði í þessu efni.

Ég hygg, að hv. frsm. hafi látið þess getið hér, að till. okkar 6. þm. Reykv. hafi komið fram, eftir að n. mun hafa afgr. málið, en þó var ekki búið að skila hér inn í d. nál., og formaðurinn varð góðfúslega við þeirri beiðni minni, að till. yrði tekin til athugunar aftur í n. Ég átti von á satt að segja, að hún yrði þar samþ., því að mér sýnist það, að það megi segja um þetta frv., að góður vilji enga gerir stoð. Við verðum að sanna í verki, að við viljum eitthvað aðstoða þessar þjóðir, og það gætum við gert. Tækifærið til þess gefst núna með því að samþykkja að ná þessu 1% marki í áföngum á 10 ára tímabili. Ég hélt satt að segja, að þegar við legðum fram till., þætti flestum nóg um, hvað fresturinn væri langur, og menn mundu jafnvel rísa hér upp til þess að hvetja til þess, að við styttum áfangann og næðum þessu marki kannske á 5 árum. En því miður, viðbrögð n. hafa verið eins og hv. frsm. gat hér um áðan. Ég verð að harma það. Mér finnst þetta ekki stórmannleg viðbrögð, og ég vænti þess, að hv. þd. sýni meiri stórmennsku í þessu máli en n. hefur sýnt.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Það er vissulega allrar athygli vert í hvert sinn, sem hv. þm. stendur hér upp, tekur til máls og lýsir því yfir m.a., að við teljumst til hinna betur megandi þjóða og að við séum þjóð, sem hefur úr svo miklu að spila, eins og hann getur um. En út af því, sem hann sagði um till. sína, þá vil ég aðeins taka fram, að annars vegar er till. hans eða þeirra hv. þm. skilyrðislaus, og hins vegar vil ég leyfa mér að benda á það, að samþykktir Sameinuðu þjóðanna hafa verið fólgnar í því að skora á aðildarþjóðirnar að stefna að þessu marki. Þetta liggur að sjálfsögðu í hlutarins eðli. Þær hafa ekki löggjafarvald á þingum viðkomandi þjóða. Þær skora á þær að stefna að þessu marki. Þannig held ég líka, að slíkar samþykktir hafi verið samþykktar á löggjafarþingum okkar nágrannaþjóða. Ég held, að það hafi ekki verið skilyrðislaus ákvæði um, að þetta 1% ætti að taka gildi hvorki á því ári, sem þau lög voru samþ., né á einhverju árabili ákveðnu. Hins vegar ætti að stefna að þessu.

Hv. þm. minntist á nokkur lönd í sambandi við þetta 1% og gat réttilega um það, sem kemur fram í grg. flytjanda, að sú aðstoð, sem er veitt, er ekki aðeins lán og gjafafé og aðstoð frá ríkinu, heldur koma þarna inn í einkaaðilar, og ég vil líka benda á það til skýringar fyrir þessa hv. þm., að í þessu fé eru einmitt fjármunir, sem Frakkland, Stóra-Bretland og aðrir slíkir hafa lagt fram og lánað til þessara þróunarlanda m.a. til þess að tryggja sína viðskiptahagsmuni. Þetta telst til þess fjár, sem fellur undir þetta 1%, sem við erum hér að ræða. Líklega er það ríki, sem hæst hefur komizt á þessu sviði, Frakkland. Það má segja, að á undanförnum árum hafi þeirra framlag numið rúmlega 1% af þjóðartekjum, en það verður að taka tillit til allra fjárframlaga, eins og ég hef þegar getið um. Og það er alveg sama, eins og ég hef líka sagt, hvort um lán er að ræða eða gjafafé. En þessi þjóð, eins og ég geri ráð fyrir, að hinar geri líka, leggur mikið í fjárfestingu í sínum gömlu nýlendum, og það er talið með þessu fé.

Ég fæ ekki séð, að við þurfum að elta þetta uppi hjá viðkomandi þjóðum, og mér þykir gott, ef Alþingi Íslendinga stendur við till., sem ég veit, að hv. 1. flm. till. mun flytja við afgreiðslu fjárl. í haust, að við tökum tíunda partinn af því, sem þeir óska eftir, og samþykkjum það sem fjárframlag til aðstoðar þessum löndum. Það eru 50 millj. kr. Það er svona um það bil einn góður framhaldsskóli í dreifbýlinu eða eitthvað annað, sem við þörfnumst. Ég hins vegar hef haft þá skoðun á þessu máli, að við gætum margt gert af okkar fátækt annað en það að leggja fram beina fjármuni, m.a. það, sem ég tók fram, að þeir ágætu þm., núv. og fyrrv., hefðu bent á í sambandi við menningu okkar og atvinnuvegi, verkkunnáttu, skóla og annað þess háttar, sem við gætum frekar miðlað þeim af en veitt þeim bein fjárframlög, og vegna okkar fátæktar munu þau fjárframlög segja afskaplega lítið. Að vísu kemur inn í þetta kostnaður hér innanlands, en ég held samt sem áður, að sá kostnaður þurfi ekki að koma fram í beinum fjárframlögum, heldur geti hann komið undir aðra liði.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Hv. þm. Pétur Sigurðsson hefur mælt gegn þeirri till., að upp verði tekin í þetta frv. ákvæði um, að Íslendingar stefni að framlagi til vanþróaðra ríkja, sem komist upp í 1% af þjóðartekjum á næsta áratug. Og það, sem hann ber fyrir sig í því sambandi, er það, að þarna sé um að ræða afarháa fjárhæð, miðað við þjóðartekjurnar í ár megi reikna með allt að 500 millj. kr. og því þurfi að taka frá æðimikið á hverju ári, ef ná eigi þessu marki. Vissulega má segja, að þetta sé nokkuð há fjárhæð. En ég er hræddur um, að þessi upphæð sé engu að síður ákaflega lítil í samanburði við þá þörf, sem allir vita um í þessum löndum. Og þegar þessi hugmynd kom fram á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, þá var hún ekki við það miðuð, að hinar betur stæðu þjóðir færu að taka eitthvað af þeim tekjum, sem þær höfðu þá. Staðreyndin er sú, að það er stöðugur hagvöxtur einmitt hjá hinum betur þróuðu ríkjum. Þau auka þjóðartekjur sínar á hverju ári. Það er nokkuð föst regla. Og ætlunin var einvörðungu sú, að hluti af þessari aukningu yrði tekinn frá og notaður til þess að reyna að aðstoða vanþróuð ríki. Það átti ekki að taka neitt af mönnum. Það átti aðeins að taka hluta af þeim vexti, sem bætist við ár frá ári. Og með sæmilegu stjórnarfari á Íslandi á það að geta orðið nokkuð öruggt, að einnig við höldum áfram að auka þjóðartekjur okkar, eins og við höfum gert, með ýmsum minni háttar skakka-

föllum nú um langt skeið. Á næsta áratug munu þjóðartekjur okkar örugglega aukast mjög verulega, — það verulega, að þó að væri búið að taka 1% af þjóðartekjunum eftir 10 ár, þá mundum við samt standa miklu betur en við gerum nú í dag. Þarna er einvörðungu um það að ræða, hvort við viljum leggja fram hluta af aukningu, sem bíður okkar í framtíðinni.

Það hefur verið á það bent hér, að þessi stefna hefur verið samþ. á vettvangi Sameinuðu þjóðanna með áskorun um, að þetta væri framkvæmt. Og fjölmargar þjóðir stefna nú að þessu marki. Þær eru komnar misjafnlega langt. En ég hygg, að allar þjóðir, sem búa við svipaðan efnahag og við, svipaðar þjóðartekjur á mann og við, standi okkur miklu framar í aðstoð við vanþróuð ríki. Ég held, að hlutdeild okkar í þeirri aðstoð sé okkur til fullkominnar minnkunar. Hv. þm. sagði, að till. okkar væri alveg skilyrðislaus, við hefðum talað um 10 ár og ekkert annað. Í þessu fólst alls ekki það, að við værum að binda okkur við neitt tiltekið árabil. Við vorum aðeins að leggja til, að Alþ. setti sér eitthvert tiltekið mark. Við erum fúsir til að ræða eitthvert annað mat, ef menn hafa áhuga á því. Ef hv. þm. og aðrir vilja hafa áhuga á því að ná samkomulagi um eitthvert annað mat, sem gæti þó engu að síður leitt til þess, að Alþ. markaði þessa stefnu í raun og veru, þá mundum við taka því fegins hendi.

En verði þessi till. ekki samþykkt, þá geri ég mér ákaflega litlar vonir um þá stofnun, sem verið er að setja á laggirnar með þessu frv. Það kemur að vísu fram góður vilji í ákvæðum frv., en ég er hræddur um, að það hrökkvi ákaflega skammt. Ef ekki verður gengið frá einhverjum fjármunum handa stofnuninni, þá er ég anzi hræddur um, að hún geti þróazt yfir í það að verða algerlega hégómleg og gagnslaus skriffinnskustofnun og geti jafnvel aðeins leitt til þess að gefa einhverjum ágætum mönnum kost á ferðalögum til þess að horfa á ástandið í vanþróuðum ríkjum, en ekki til þess, að við leggjum þarna neitt umtalsvert af mörkum. Og verði þessi leið farin, þ.e. að koma á laggirnar slíkri stofnun án þess, að við setjum okkur nokkur raunveruleg markmið, þá finnst mér það vera ákvörðun, sem skipti ákaflega litlu máli og sé nánast ósæmandi fyrir Alþingi Íslendinga.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég held, að ég hafi tekið rétt eftir, að hv. 7. þm. Reykv. hafi í ræðu sinni hér áðan gefið fyrirheit um það, að hann væri því fylgjandi, að leiðin að þeim áfanga, sem till. okkar 6. þm. Reykv. stefnir að, að Íslendingar leggi fram 1% af þjóðartekjum sínum í aðstoð við þróunarlöndin eftir 10 ár, hefjist strax við afgreiðslu fjárl. næsta haust og hann mundi því fylgjandi að samþykkja þann skerf þá, 0.1%, sem þetta mundi nema þá á fjárl. Ég held, að hann hafi beint því til mín, ef ég skyldi flytja brtt. um þetta við fjárl., nema ákvæði um þetta væri þá komið inn í frv. áður. Ég er feginn að heyra þetta. En ég verð að segja, að það er ekki alveg víst, að við verðum þá hérna báðir, því miður, til þess að standa að þessari till. Þá vænti ég þess, að hv. þm. Pétur Sigurðsson sjái um að koma þessu máli fram.

Ég ætla ekki að bæta miklu við það, sem ég sagði hér áðan, aðeins minna á það, að sá aðili, sem helzt hefur knúið á um afgreiðslu þessa máls, þ.e. fulltrúar Æskulýðssambands Íslands, sem áttu viðræður við okkur flm. í fyrra eða hittifyrra, lögðu áherzlu á það, að þetta væri mjög þýðingarmikið atriði, að inn í frv. kæmi ákvæði um þetta 1%. Ýmsir einstaklingar á vegum Æskulýðssambandsins hafa einmitt sýnt það, að þeir láta sig miklu varða þessi mál, málefni þróunarlandanna. Þeir hafa stofnað til samskota og ýmiss konar hjálpar á eigin spýtur. Þessir aðilar eiga það sannarlega skilið, að tekið sé tillit til þeirra skoðana í málinu.

Ég held, að ég hafi þetta svo ekki meira að sinni, en ég tek undir það, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði hér áðan, að mér virðist það alls ekki sæmandi fyrir hv. Alþ. að taka ekki inn í frv. nú þegar ákvæði, sem felst í brtt. okkar, þess efnis, að stefnt verði að því, að þessu marki verði náð, að 1% af þjóðartekjum Íslendinga verði varið til aðstoðar við þessar þjökuðu þjóðir.

Jón Skaftason: Herra forseti. Það málefni, sem hér er verið að fjalla um, er eitt af þeim stærri málum, sem rætt er um í heiminum. Það er æðilangt, síðan hinar betur megandi þjóðir, svokölluðu iðnvæddu þjóðir, hafa lýst því yfir, að þeim bæri siðferðileg skylda til þess að reyna að stuðla að því í verki að hjálpa þeim þjóðum, sem nefndar hafa verið þróunarlöndin, til þess að komast eitthvað áfram á þeirri braut að iðnvæðast og bæta lífskjör fólksins, sem í þessum löndum býr. Og þessu hefur verið fylgt eftir að nokkru leyti með því, eins og hér hefur verið getið um, að á þingum Sameinuðu þjóðanna eða undirstofnana Sameinuðu þjóðanna hafa verið samþykktar stefnuyfirlýsingar um þetta atriði m.a. um það, að skorað hefur verið á aðildarlönd Sameinuðu þjóðanna að veita aðstoð til þróunarlanda, er mundi ná 1% af þjóðartekjum. Nú þegar eru mörg lönd komin nokkuð vel áleiðis að ná þessu setta og yfirlýsta marki. Ég minnist þess ekki, að íslenzka ríkið hafi veitt fé úr ríkissjóði í þessu skyni. Hins vegar munu hafa verið hér á landi nokkrum sinnum fjársafnanir, sem einstaklingar og félög hafa beitt sér fyrir til þess að vinna að þessu verkefni, en að ríkið sjálft hafi lagt til fjármagn til þeirra, er mér ókunnugt um.

Þrátt fyrir þessa aðstoð til þróunarlandanna hefur sú þróun þó verið í gangi, að bilið í milli lífskjara fólksins, sem í þeim löndum býr og í iðnvæddu löndunum, hefur stöðugt verið að breikka. Og þetta hefur verið að gerast fyrst og fremst á þann hátt, að verðlagið á aðalútflutningsvörum þróunarlandanna, sem eru hráefni, hafa sífellt verið að lækka hlutfallslega miðað við verðlagið á iðnaðarvörunum, sem iðnvæddu löndin hafa verið að framleiða og þróunarlöndin verða að kaupa til

þess að reyna að byggja upp hjá sér iðnað í eigin löndum til þess að bæta lífskjör fólksins þar. Þannig má segja, og það er ekkert leyndarmál, þó að það sé sagt, að hinar sterku iðnvæddu þjóðir hafa notað sitt mikla vald til þess að halda verðlagi á hráefnisframleiðslu þróunarlandanna niðri. Og þó að iðnvæddar þjóðir hafi veitt nokkurt fé á undanförnum árum til þess að aðstoða þróunarlöndin, þá hefur það ekki í reyndinni verið nema lítill hluti þess fjármagns, sem náð hefur verið frá þróunarlöndunum með þeirri verðlagsþróun á hráefnisvörum og iðnaðarvörum, sem ég var hér lítillega að lýsa. Við Íslendingar eða fulltrúar okkar á þingum Sameinuðu þjóðanna eða þeirra nefnda, sem rætt hafa þessi mál, hafa a.m.k. ekki mótmælt því, að Ísland mundi vilja vera með í því starfi að aðstoða þróunarlöndin með fjárframlögum. Ég veit ekki, hvort þeir hafa beint greitt slíkum till. atkv., en hvergi hef ég séð það eða heyrt um það getið, að þeir hafi mælt á móti því. En samt er það svo, að við Íslendingar munum vera ein af þeim örfáu þjóðum á vesturhveli jarðar, sem ekki erum orðnir í reynd þátttakendur í þessari þróunaraðstoð.

Það frv., sem hér liggur fyrir, er ekki mjög margbrotið, og það kemur e.t.v. úr nokkuð skrítinni átt, þegar ég segi, að það sé, eins og það er núna, harla lítils virði. Ég segi, að það komi úr einkennilegri átt, að ég skuli segja þetta, því að ég hef verið tvívegis á undanförnum árum flm. að frv., sem mjög líkist því frv., sem hér er flutt. En ef við meinum eitthvað Íslendingar með því, að við viljum gera eitthvað í þessum efnum, þá skulum við gera okkur það alveg fyllilega ljóst, að það að sjálfsögðu mun kosta okkur einhverja fjármuni. Við komumst ekki hjá því að verja til þess einhverju fé og það fremur fyrr en síðar, því að við erum orðnir mjög aftarlega í röð þátttökuríkja í þessari þróunarhjálp.

Hv. þm., 7. þm. Reykv., hefur lýst andstöðu við þá brtt., sem er framlögð á þskj. 345. Mér dettur í hug, hvort það er hugsanlegt — og ég vil beina þeirri fsp. til 7. þm. Reykv., sem ég vona, að hann gefi ótvírætt svar við og með hliðsjón af því, að flm. þessarar brtt. hafa lýst því báðir yfir, að þeir séu til viðtals um breytingar á 10 ára tímabilinu — að hann mundi geta staðið að flutningi brtt., sem yrði shlj. þeirri brtt., sem er á þskj. 345, að öðru leyti en því, að niður félli úr till. „eftir 10 ár" og í stað þess kæmi „svo fljótt, er verða má". Sumum kann að virðast, að þetta segi ekki svo mjög mikið, en það segir þó það, sem aldrei hefur komið fram á Alþingi Íslendinga. Ef slík till. yrði samþ., lýsti Alþingi yfir þeirri stefnu sinni, að það vilji taka þátt í að aðstoða þróunarlöndin og vilji vinna að því, að sú hjálp komist eins fljótt og aðstæður frekast leyfa í okkar þjóðfélagi upp í það 1% mark, sem Sameinuðu þjóðirnar hafa gert samþykkt um, að stefna bæri að. Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég fagna þessu frv., sem markar spor í rétta átt, að Ísland taki vaxandi þátt í samstarfi hinna Sameinuðu þjóða og málefnum þróunarlandanna. Þó að hér sé kannske ekki lagt mikið af mörkum, þá er þetta þó skref í áttina að réttu marki. En um þá brtt., sem hér liggur fyrir á þskj. 345, vil ég aðeins segja það, að ég fagna hinum vaxandi áhuga hv. flm. á málefnum Sameinuðu þjóðanna og aðstoð við þróunarlöndin. Öðruvísi mér áður brá. Ég fagna líka spá hv. 6. þm. Reykv. um vaxandi hagvöxt á Íslandi á komandi árum.

Hitt er svo allt annað mál, hvort við eigum að fara að lögbinda það, að ákveðin prósent af þjóðartekjum okkar skuli renna í þetta og hitt. Við eigum í mörg horn að líta. Við gætum nefnt fjöldamörg atriði, fjöldamörg áhugamál og velferðarmál, sem við vildum óska, að til rynni 1% af þjóðartekjum. Við þurfum að græða upp eigið land, og við þurfum að stefna að fjöldamörgum öðrum velferðar- og hagsmunamálum í þágu lands og þjóðar. Þess vegna tel ég ekki rétt að binda okkur þennan bagga með því að samþykkja þessa brtt. Í grg. með frv. er tekið fram, að stefnt skuli að þessu marki. Hitt er svo annað mál, hvort það er sett inn í lögin og gert ófrávíkjanlegt eða látið vera frá ári til árs háð fjárhagsafkomu þjóðarbúsins og ríkissjóðs eins og segir í grg. Ég tel því nægjanlegt að lýsa þessu yfir í grg. og miða að þessu marki, um leið og þetta skref er stigið, en ekki binda það á neinn hátt í löggjöf hvorki sem ákveðna fjárhæð né prósentutölu af þjóðartekjum.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil taka undir þau orð hv. síðasta ræðumanns, og fagna því, að við skulum hafa hér tvo ræðumenn úr stjórnarandstöðunni, sem hafa staðið upp og lýst yfir, að öll líkindi séu til þess, að okkar hagvöxtur muni aukast á næstu árum og við skulum í sambandi við þann hag, sem hlýtur að byggjast á stjórnarstefnunni, sem er í dag, geta leyft okkur að ákvarða 1% af þjóðartekjum til nauðsynlegrar aðstoðar við vanþróaðar þjóðir. Mig langar nú til þess að spyrja þessa hv. þm., þegar við förum að athuga það mál betur: Hvað verðum við lengi að komast upp í 100 slík atriði eða 99 önnur, þannig að við verðum búin að ráðstafa þjóðartekjunum? Hvað verður þá eftir handa Ingólfi? Hvað verður eftir handa Magnúsi — ekki hv. þm. Magnúsi Kjartanssyni, heldur hinum? En þetta var nú meira til gamans.

Ég skal nú taka undir þau orð, sem hv. 6. þm. Reykv. lét hér falla, að vissulega ber okkur að hjálpa þessum þjóðum, og m.a. er þetta frv. fram komið til þess. Við erum að stíga þetta skref í tvíhliða hjálp, og það er auðvitað reginmisskilningur, sem komið hefur fram hjá hv. 2. þm. Reykn., Jóni Skaftasyni, að við höfum ekki neitt gert á þessum sviðum á undanförnum árum. Ef hann fylgdist með afgreiðslu fjárlaga, sem ég veit, að stundum brestur nokkuð á, þá ætti hann að vita það, að það er stórfé, sem fer til alþjóðastofnana úr okkar íslenzka ríkissjóði einmitt til þess að koma móti því, sem að er

stefnt í þessu tilliti. Hins vegar er reginmunur á því og frv. Annars vegar er einhliða hjálp í gegnum þessa sjóði, hins vegar er í þessu frv. rætt um tvíhliða hjálp. Hv. landsk. þm. Jónas Árnason lét að því liggja, að ég hefði gefið fyrirheit um það að fylgja till. hans eða annarra um ákveðið fjárframlag í þessu skyni á næsta hausti. Þetta hef ég aldrei sagt. Hins vegar sagði ég, að ég auðvitað mundi búast við, að flm. þessarar till. — annar hvor eða báðir eftir því, hvort þeir eiga hingað afturkvæmt eða ekki, sem ég persónulega vænti nú, að ekki verði, — muni flytja slíka till. í samræmi við það, sem þeir hafa hér látið sér um munn fara í sambandi við þessa brtt. Það er líka misskilningur hjá hv. 2. þm. Reykn., að við höfum aldrei tekið þátt í aðstoð, sem fellur undir það að heita tvíhliða hjálp, eins og það er skýrt í þessu frv. Það höfum við t.d. gert með okkar framlögum í sambandi við „Herferð gegn hungri", sem er mjög gott dæmi um það, sem einmitt slík stofnun eða stjórnun á að geta komið til leiðar í samráði og samstarfi við þá aðila, sem að slíkum störfum vilja vinna. Eins og ég tók fram í minni framsöguræðu, þá sagði ég, að það er ekki allt komið undir því, hvort ríkissjóður verður aflögufær í þessum málum á næstu árum. Það verður komið undir fórnfýsi almennings. Það verður komið undir því, hverju þeir, sem valdir verða til þessarar stjórnmálastarfsemi, vilja fórna í sinni vinnu til þess að ná þessu markmiði.

Þá skal ég svara þeirri spurningu, sem hann beindi til mín að síðustu í sambandi við brtt. Hann sagði, að ég hefði lýst andstöðu minni við þessa brtt. Þetta er hárrétt, en það voru fleiri, sem lýstu andstöðu sinni við brtt., þ. á m. tveir flokksbræður þessa hv. þm. Ég legg til, að áður en hann spyr mig, spyrji hann þá, hvað ætla þeir að gera, ef slík till. kemur fram. Og ef slík till. kemur fram, sem er breyting á þeirri till., sem fram hefur verið borin á þskj. 345, sem er skilyrðislaus að því leyti að við eigum eftir 10 ár að vera komnir upp í 1% framlag af okkar þjóðartekjum í þessu skyni, þá segi ég, að hiklaust verði að taka þá till. fyrir aftur í allshn. þessarar hv. d. Og þá vænti ég, að þessi hv. þm. verði búinn að fá samþykki síns þingflokks við stuðning þeirrar till. og væntanlega þurfi fulltrúar þess flokks í n. ekki að biðja um margar frestanir í n. til þess að geta svarað því, hvar þeir standi.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Menn hafa gert að umtalsefni, að ég sagði hér áðan, að við Íslendingar ættum að geta reiknað örugglega með því, að þjóðartekjur okkar haldi áfram að vaxa næsta ört á ókomnum árum. Ég er alveg sannfærður um, að þannig verður þetta. Við höfum allar aðstæður til þess að auka þjóðartekjurnar mjög verulega á næsta áratug. Ég held, að við ættum að geta reiknað nokkuð örugglega með því, að þær geti vaxið um allt að því 5% á ári að meðaltali. Ég bind þetta vissulega einnig við það, að dagar þessarar ríkisstj., sem nú hefur verið við völd í áratug, séu taldir, en þó er það ekkert aðalatriði. Grundvallaratriðið í þessu er, að aðstaða okkar og framleiðslukerfi er slíkt, að við hljótum að geta tryggt hagvöxt af þessu tagi. Og ef þannig fer, þá verður svo komið eftir áratug, að þjóðartekjurnar verða orðnar, við skulum segja, 150% miðað við 100% núna. Þá mundi 1½% af núverandi þjóðartekjum eiga að renna til vanþróaðra ríkja, en við hefðum sjálfir 50% meira en við höfum í dag. Við þurfum ekki að skerða afkomu okkar á neinn hátt. Við erum aðeins að gefa fátækum þjóðum örlitla hlutdeild í hagvexti, sem við getum reiknað nokkuð örugglega með — við og fjölmörg önnur ríki, sem eru sæmilega þróuð efnahagslega. Þannig standa þessi mál. Við erum ekkert að taka af þjóðinni af þeim fjármunum, sem hún hefur nú í dag. Við erum aðeins að setja okkur það mark að tryggja fátækum þjóðum örlitla hlutdeild í þessum vexti, sem við eigum að geta reiknað nokkuð örugglega með.

En það er allt annað mál, ef við höfum hins vegar þá afstöðu eins og hv. þm. Friðjón Þórðarson að koma hingað og segja: Við höfum í mörg horn að líta. Við þurfum að nota þessa peninga. Vissulega höfum við í mörg horn að líta, og því er alltaf hægt að svara, að menn þurfi að nota peninga, en ef við erum þessarar skoðunar, þá eigum við að segja það skýrt og skorinort og lýsa því hreinlega yfir hér, að við viljum ekki aðstoða fátæku þjóðirnar; við viljum nota þessa peninga sjálf. Ef það er meining okkar, þá er það hrein hræsni að koma hér og þykjast vilja setja á fót einhverja stofnun til þess að aðstoða þessar þjóðir án þess að vilja leggja fram nokkra peninga. Það er ekkert annað en hræsni, og ef þetta er skoðun okkar, að við höfum í svo mörg horn að líta, að við eigum ekki að leggja fram fé til fátækra þjóða, þá eiga fulltrúar okkar hjá Sameinuðu þjóðunum einnig að segja þetta þar. Þeir eiga ekki að greiða atkv. með þeirri almennu stefnu, að sæmilega efnaðar þjóðir hjá Sameinuðu þjóðunum leggi fram 1%, en koma svo hingað á Alþ. og snúast gegn því. Slík vinnubrögð eru algerlega ósæmandi. Það er hægt að segja, að þetta sé hreinskilin afstaða í sjálfu sér, en þeir menn, sem hafa hana, eiga þá að vera menn til þess að standa við hana af fullri djörfung án þess að vera með það yfirskin, að þeir vilji vel, en geti ekki neitt.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég bar fram eina ákveðna fsp. áreitnislausa til hv. 7. þm. Reykv. Ég spurði hann að því, hvort hann mundi vilja standa að brtt. við frv., þar sem Alþ. lýsti því yfir, að það vildi að því keppa að styðja þróunarlöndin með 1% framlagi af þjóðartekjum, svo fljótt sem aðstæður okkar leyfðu. Það verður ábyggilega tekið eftir því svari, sem hv. þm. gaf. Hann átti auðsjáanlega dálítið erfitt með að forma það svar. Hann fór í kringum málefnið, eins og köttur í kringum heitan graut, og fann það sér helzt til varnar í þessu máli að skjóta því á mig, að mér bæri að tryggja stuðning flokksbræðra minna í þeirri n., sem mál þetta hefði farið í, og spyrja þá fyrst, áður en ég spyrði hann.

Efnislega var þetta svarið. Út af þessu vil ég segja, að þó að ég virði mína ágætu flokksbræður á allan hátt mikils, þá mundi ég ekki — og það vita þeir — telja mig skuldbundinn til að bera allar till., sem ég vildi styðja eða flytja, undir þá fyrir fram, og ég get heldur ekki ætlazt til þess, að þeir styðji allar till., sem ég flyt. Það er mér alveg fyllilega ljóst, og af því tilefni og vegna þess, að ræða hv. 7. þm. Reykv. gaf beint tilefni til þess, að ég bæri fram þessa fsp., þá var það gert. En ég endurtek það, að það verður tekið eftir því, að þessi hv. þm. vill ekki á þessari stundu a.m.k. gefa yfirlýsingu um, að hann vilji stefna að þessu takmarki eins hratt og aðstæður okkar Íslendinga frekast leyfa. Þó vil ég minna á, að það eru ekki nema þrjú ár, síðan við Íslendingar vorum taldir þriðja tekjuhæsta þjóðin á mann af öllum þeim þjóðum, sem eru í Efnahags- og framfarastofnun Evrópu, og af því var mikið gumað af stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj. í þann tíma og það talið bera öruggt vitni um góða stjórnarstefnu.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Þetta er aðeins örstutt, en vegna orða hv. síðasta ræðumanns þá vil ég undirstrika það, sem ég hélt, að hefði komið fram í minni framsöguræðu sem frsm. allshn. hv. d., en ég tel rétt að benda þá aftur á í sambandi við hans fsp. Nú er hans fsp. bundin við mig persónulega. Ég hef ekki talað hér í dag persónulega þannig séð. Ég er hér frsm. n. og hef túlkað hennar mál, eins og ég get. Auðvitað koma mínar persónulegu skoðanir fram þar líka í umr. (Gripið fram í.) Augnablik. Rétt, og ég ætla að svara því alveg hreinskilnislega, og ég tek undir þá skoðun hv. þm., og það er ekki neitt, sem heitir, að ég vilji á þessari stundu standa að slíkri till. Þar sem þeir eru ekki bundnir, sem fara með stjórnina, en við skulum stefna að því, að slíkt geti orðið — undir það skal ég taka heils hugar, hvenær sem er og hvenær sem slík till. kemur fram hér á Alþ. En ef flokksmenn úr öðrum flokkum og þ. á m. flokksmenn og flokksbræður þessa hv. þm. standa gegn þessu og almennt þm. hér í d., til hvers er þá unnið? En ég persónulega er á sömu skoðun og hann um þetta.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Mér þykir það ákaflega leitt að hafa reitt hv. 6. þm. Reykv. svo til reiði með þessum fáu orðum, sem ég sagði áðan, eins og ræða hans nú síðast bar ljósan vott um, þó að ég minnti hann á, að það virtist vera vaxandi áhugi hans og hans flokksbræðra á málefnum Sameinuðu þjóðanna. Ég man það, að þegar ég var í sendinefnd Íslendinga á allsherjarþingi haustið 1966, birtist mynd af okkur nefndarmönnum á einni síðu Þjóðviljans og var okkur helguð þar heil blaðsíða, þar sem við vorum kallaðir hvítu varðliðarnir á þingi Sameinuðu þjóðanna og farið um okkur ýmsum „viðurkenningarorðum." Hins vegar hefur þessi afstaða gerbreytzt, síðan hv. 6. þm. Reykv. fór að senda eigin flokksmenn á allsherjarþingið. Síðan þm. Alþb. fóru að taka þátt í störfum þessa mikla þings — (**MK:** Fóru að taka þátt?) — hvernig sem hann vill nú orða það, þá hefur afstaða þeirra breytzt mikið. Þá hefur yfirleitt ýmsum málefnum á þeim vettvangi verið sungið lof og dýrð á síðum Þjóðviljans, og ber að fagna því. En það er svo kannske það hlægilegasta, að ég held, að við séum ekki svo mjög ósammála í þessu efni. Það eina, sem hv. flm. brtt. vilja, er, að þessi prósentutala, sem um er að ræða, sé ákveðin í lögunum, en ég tel nægja, að um hana sé rætt og hún sé sett fram skýrt og ákveðið í grg., sem stefnumark. Við það tel ég miklu eðlilegra að miða en hitt, að hún sé tekin upp í frv. sjálft.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 64. fundi í Nd., 18. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 345 felld með 16:12 atkv.
2.—7. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 204, 581, 593).

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja smábrtt. við 4. gr. frv., en hún hljóðar þannig:

„Stjórn stofnunarinnar skal skipuð 5 mönnum, er sameinað Alþingi kýs, en utanrrh. skipar formann úr hópi þeirra."

Það mun hafa fallið niður bæði í meðferð málsins í Ed. og sömuleiðis í n. í Nd. að bæta inn í gr., hvað stjórnarmenn skuli kjörnir til langs tíma, og því flyt ég hér brtt. á þskj. 593 svo hljóðandi: „Á eftir orðunum „Alþingi kýs" bætist: hlutfallskosningu til fjögurra ára í senn."

ATKVGR.
Brtt. 581 samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 593 samþ. með 23 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 36. fundi í Sþ., 23. marz, var frv. útbýtt frá Ed., eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 630).

Á 72. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Þetta mál hefur verið endursent Ed. vegna breytinga, sem á því hafa verið gerðar í Nd., en þar sem ég var 1. flm. málsins hér í hv. d. og auk þess frsm. þeirrar

n., sem um þetta fjallaði, þá tel ég mér skyldast með örfáum orðum að skýra hv. þd. frá þessum breytingum. Það eina, sem efnislega skiptir máli, er, að í fyrsta lagi var gerð sú breyting á, að það var tekið inn í þá upptalningu í 2. gr. frv., þar sem skýrt er frá hlutverki þeirrar stofnunar, sem er aðalefni þessa frv. að koma á fót, að hún skuli vinna að því, að því marki verði sem fyrst náð, að Íslendingar leggi fram 1% af þjóðartekjunum til þessarar aðstoðar. Í sambandi við þetta mál má geta þess, að í hv. Nd. kom fram till. um, að þetta yrði gert á ákveðnu árabili, en þó að ég virði þann stórhug, sem fram kom hjá hv. flm. þeirrar till., þá taldi ég hana nú á misskilningi byggða að því leyti, að þegar talað er um þetta 1%, þá eru í því falin öll framlög í þessu skyni bæði frá einkaaðilum og opinberum aðilum. Einu löndin, sem komast eitthvað nálægt því að ná þessu 1%, eru hin gömlu nýlenduveldi eins og t.d. Frakkland og Holland, en þar er um að ræða mjög veruleg framlög einkaaðila í gróðaskyni beinlínis til þessara landa. Ekkert land mun komast neitt nálægt því, enda er ekki til þess ætlazt í samþykkt Sameinuðu þjóðanna, að ríkið leggi fram 1% af þjóðartekjunum. Þess vegna hefði ég talið það óeðlilegt að samþykkja till. í þá átt.

Hins vegar tel ég það beinlínis til bóta, að þetta skuli hafa verið tekið inn í frv. á þennan hátt. Hér eru ekki sett nein tímatakmörk, en það leiðir af því, sem ég hef þegar sagt, að þetta bindur ekki fjárveitingavaldið á nokkurn hátt, en það skapar þeirri stofnun og þeim, sem kjörnir eru til að stjórna henni visst aðhald, sem kannske er ekki vanþörf á, vegna þess að það sjónarmið hefur komið fram, að e.t.v. gerðu þessir menn lítið að gagni, en sinntu þá helzt því að fara í ferðalög til Afríku og fram eftir þeim götunum, og ég vil gjarnan vitna í það, sem hv. 6. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, sagði í Nd., þegar ég hlustaði á umr. um málið þar, að þess beri að gæta, að þó að þetta 1% vaxi mönnum e.t.v. í augum, þá er ekki um það að ræða, að Íslendingar eigi að leggja þetta af mörkum af því, sem þeir hafa nú — 400 millj. kr. eða hvað það nú er. Það gerir enginn ráð fyrir öðru en þetta komi til framkvæmda á alllöngum tíma, en þá mundi það ekki vera tekið af því, sem við höfum nú, heldur af þeim hagvexti, sem átt hefur sér stað á þeim tíma, sem um er að ræða. Ég fjölyrði ekki meira um þetta.

Hin brtt. er í rauninni fyrst og fremst formsatriði og mun hafa verið borin fram vegna ábendinga skrifstofustjóra Alþ., að það hefði láðst að ákveða tímamörk fyrir kosningu þeirra manna, sem gert er ráð fyrir, að sameinað Alþ. kjósi í stjórn þessarar stofnunar, en nú er það ákveðið.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 646).

68. Girðingalög.

Á 56. fundi í Nd., 4. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um viðauka við girðingalög, nr. 10 25. maí 1965 [233. mál] (þmfrv., A. 439).

Á 58. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta til breytinga á girðingalögum á þskj. 439 er flutt vegna þess, að í girðingalögum eru mjög óljós ákvæði um afréttargirðingar og raunar engin önnur en þessi setning, sem skotið var inn í girðingalögin með breytingu 1967 og er svo hljóðandi: „Um girðingarkostnað milli afréttarlanda gilda sömu reglur og um landamerkjagirðingar sé að ræða.“

Um gagnsemi girðinga um fjöll og firnindi annarra en sauðfjárveikivarnagirðinga, sem eru nokkurs konar neyðargirðingar, eru mjög skiptar skoðanir og að flestra dómi þó á þann veg, að hjá þeim eigi að sneiða í lengstu lög. Viðhald girðinga á heiðum uppi, einkum þar sem snjóalög eru mikil, er bæði kostnaðarsamt og ófullnægjandi. Á stórum svæðum leggjast þær niður undan snjó og koma ekki upp fyrr en komið er langt fram á sumar og þá meira og minna slitnar og staurar brotnir. Því er það mörg sumur, að þær verða svo til að engu gagni sem varzla gegn því, að fénaður, sem búinn er að dreifa sér þá um afréttir, komist yfir línur, sem hindra áttu þó rennsli hans yfir í önnur afréttarsvæði. Illa gerðar girðingar þar sem annars staðar eru hættulegar, og þess finnast allt of mörg dæmi, að sauðfé flæki sig í gaddavírsslitrum og farist á hörmulegan hátt. En þó að afréttargirðingum fylgi þessi galli og fleiri gallar þó, þá er ekki samt fyrir það að synja að þær geti átt fullan rétt á sér undir vissum kringumstæðum, einkum er verja þarf tiltekin landsvæði fyrir ágangi og ofbeit. Hins vegar verður að telja það fráleitt, að um afréttargirðingar geti gilt sömu reglur og um girðingar í heimahögum. Þar er flestu ólíku saman að jafna. En samkvæmt girðingalögum, að því er snertir girðingar í heimahögum, getur einhliða krafa landeiganda knúið þann, sem land á á móti honum, til að taka þátt í merkjagirðingarkostnaði að hálfu. Ef sams konar einhliða kröfur eiga að gilda á fjöllum uppi, getur það leitt til öngþveitis og mikils ranglætis. Þannig má hugsa sér, að upp verði settar girðingar, sem ekki reynast aðeins óþarfar, heldur beinlínis til skaða mikils fyrir aðra aðila en einn og jafnvel fyrir hann líka. Finna má þess dæmi, eins og sýnt er í fskj. með þessu frv., að einhliða ákvarðanir í þessu efni geta gert einstökum sveitarfélögum svo erfitt fyrir, að þau fái ekki undir risið. Jafnvel algerlega að þarflausu.

Brtt. sú, sem hér er á ferð, fjallar einungis um það, að afnuminn verði einhliða ákvörðunarréttur einstaks sveitarfélags til að knýja fram girðingarlagningu á fjöllum uppi gegn vilja og hagsmunum

þess eða þeirra sveitarfélaga, sem lönd eiga á móti því. Er sýslunefnd ætlað að fjalla um málið og meta nauðsyn á slíkum girðingum, og miðar brtt. að því einu í þessu efni, að viðhaft verði skynsamlegt lýðræði og viðhöfð hlutlaus athugun á nauðsyn þess að girða eða girða ekki. Og þannig verði aðilar jafnréttháir. Landbn. hefur kynnt sér efni frv. aðeins lauslega á einum fundi og er, eins og í grg. segir, óbundin um afstöðu til þess. Sem einstaklingur tel ég, að á einhvern hátt þurfi að breyta girðingalögunum. Að því er þetta atriði áhrærir, legg ég svo til, þar sem ég hef ekki athugað málið nánar eða frv., að frv. verði vísað að afstaðinni þessari umr. aftur til landbn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 59. fundi í Nd., 10. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til landbn. með 27 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 439, n. 497).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Af hálfu landbn. mælti ég fyrir nokkrum dögum fyrir því frv., sem hér er nú til 2. umr. Ég gerði þá grein fyrir efni þess og sé ekki ástæðu til að endurtaka það. Því var aftur vísað til n., þó að það væri flutt af henni, vegna þess að n. átti þá eftir að skoða frv. betur og senda það til umsagnar Búnaðarþings. Búnaðarþing mælti einróma með, að frv. yrði samþ., og í n. er ekki ágreiningur heldur um, að svo verði gert. Hins vegar hefur það orðið að ráði, að n. flytti við það brtt., sem lýtur að þeim bráðabirgðaákvæðum, sem í frv. standa. Ég tel rétt að lesa þessi bráðabirgðaákvæði til skýringar, en að öðru leyti tel ég ekki nauðsynlegt að skýra þetta mál, þar sem það hefur áður verið gert og er raunar gert mjög rækilega í grg. og fskj. En þessi bráðabirgðaákvæði, sem ég nefndi og n. leggur til, að niður falli, eru svo hljóðandi:

„Hafi sveitarfélag, eitt eða fleiri, lagt afréttargirðingu á mörkum hreppa eftir 29. apríl 1967, en aðliggjandi hreppar ekki fallizt á kostnaðarþátttöku, skal ríkissjóður teljast kostnaðaraðili í stað þeirra hreppa, er neitað hafa, ef sýslunefnd (sýslunefndir) úrskurðar girðinguna óþarfa og girðingarstæði ónothæft."

Enda þótt það gæti verið sanngirnisatriði að taka upp þessi bráðabirgðaákvæði, þar sem girðingar hafa verið lagðar vegna einhliða ákvörðunar eins sveitarfélags gegn mótmælum annarra, þá tel ég og meiri hl. n., að ekki séu möguleikar á að taka upp slík ákvæði í lög, vegna þess að það mundi vera fordæmi fyrir mörgum kröfum, sem á eftir kæmu, og er óeðlilegt, að orðið verði við.

Að svo mæltu legg ég til, að frv. verði samþ., eins og það er, óbreytt að öðru leyti. Þess skal getið, að þeir, sem á nefndarfundi voru, voru sammála um þessa afgreiðslu, en á fundinn vantaði tvo nm., þá Benedikt Gröndal og Eðvarð Sigurðsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 497 (2. gr. falli niður) samþ. með 21 shlj. atkv.

3. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 64., 66. og 67. fundi í Nd., 18., 22. og 23. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Nd., 24. marz, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 551, 613).

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég ætlaði nú aðeins að leyfa mér að minna á brtt., sem ég flyt ásamt hv. 5. þm. Norðurl. e. um breytingu á þessu frv. Ég vil taka það fram, að ég er alveg fylgjandi meginstefnu þessa frv. Ég held, að það sé til bóta og geri girðingalögin skýrari, en hins vegar hefði ég kosið, að efnislega að mestu yrði það ákvæði til bráðabirgða, sem upphaflega var í frv., en hv. landbn. lagði til, að fellt yrði niður og fellt var niður við 2. umr., tekið upp að nýju efnislega — að sjálfsögðu ekki óbreytt. Ég tel raunar verr farið, að það skyldi ekki vera reynt í n. að breyta þessu ákvæði með einhverjum hætti, og við höfum því leyft okkur hér tveir þm. að flytja þessa brtt. Þar er um nokkra breytingu frá upphaflegu orðalagi að ræða, og leyfi ég mér að leggja það undir atkv. Þetta bráðabirgðaákvæði hefur sitt gildi í sambandi við þetta mál, eins og áður hefur verið rakið hér, og ég vil enn fá úr því skorið, hvort d. mundi ekki vilja fallast á, að þessi brtt. mín yrði samþykkt.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil vekja athygli hv. þd. á því, að þetta bráðabirgðaákvæði, sem hv. 3. þm. Norðurl. e. var hér að tala fyrir, var fellt niður við 2. umr. málsins mótatkvæðalaust, að því er ég hygg. Að vísu hefur verið gerð á því smávægileg orðalagsbreyting, en engin efnisbreyting. Mun því mega segja, að orðalagið sé það miklu þrengra, að það brjóti ekki beint í bága við þingsköp að taka það upp aftur samkv. 32. gr. þingskapa. Í þessu sambandi dettur mér í hug saga af bónda einum, sem var að draga fé sitt í dilka að haustlagi í Hraunsrétt fyrir norðan. Hann var ágætur bóndi og félagsmálafrömuður í héraði sínu, en ekki mjög fjárglöggur, þ.e. honum var ekki sýnt um að þekkja í sundur skepnur hvorki sauðfé, hross né kýr. Í miðri Hraunsrétt hitti hann á, sem hann átti, kollótta eða krímótta í framan, og því var hún mjög auðþekkt, og segir þá furðu lostinn: Jæja, svo að þú ert þá hér Kolla mín. Ég hélt, að ég hefði

lógað þér í fyrra. Nd. Alþ. lógaði þessu bráðabirgðaákvæði 17. þ.m. Nú hittum við það hér aftur bráðlifandi, svo að sýnt er, að það hefur a.m.k. tvö líf. Kötturinn er sagður hafa sjö. Mér fannst ég verða að benda á þetta og skal ekkert um það hlutast, hvort hv. þd. bætir við það þriðja lífinu eða ekki. En ég held, að þetta sé nú þannig vaxið, að eðlilegast hefði verið, að þessi till. hefði verið dregin til baka.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Þegar þetta mál var til umr. í landbn., þá skrifaði ég undir nál. með fyrirvara. En hv. form. n., sem hér var að ljúka sínu máli, taldi, að þetta bráðabirgðaákvæði væri þannig, að það mætti segja, að það væri óvenjulegt að samþykkja svona ákvæði og það hefði ekki skeð áður með svona hliðstætt ákvæði. Ég var því miður ekki staddur hér í d., þegar þetta kom til 2. umr., en ég ræddi þetta mál við lögfróða menn, og þeir töldu, að það væri alls ekkert því til fyrirstöðu að samþykkja svona ákvæði og lagalega séð væri það allt í lagi. Nú kom hv. form. landbn. í sinni ræðu ekkert inn á þetta eða þau rök, sem hann notaði í n. til þess að koma því þar út. En ég held, að ef við samþykktum þetta svona, mundi það leysa vanda, sem er í ákveðnu héraði landsins.

Það hefur komið í ljós, að þessi lög voru samþ. á Alþ. fyrir nokkrum árum án þess, að það væri athugað til hlítar, hvaða afleiðingar sú breyting, sem þá varð, mundi hafa. Nú hefur Búnaðarþing mælt með því, að þetta yrði samþ., og landbn. taldi eðlilegt að breyta þessu aftur. Vegna þess að þetta slys kom fyrir með þessa breytingu fyrir nokkrum árum, þá finnst mér ekki nema eðlilegt, að til þess að leysa vanda, sem er þó ekki stórkostlegt fjárhagslegt atriði, verði þetta samþykkt, og þess vegna er þessi till. aftur fram borin hér.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Það er nú aðeins í tilefni af því, að hv. 11. landsk. þm. fór að andmæla till., að ég stend upp aftur. Ég vil benda honum á það, að þetta er nú ekki Kolla afturgengin eða lifandi, heldur er þetta ný till., sem að vísu fjallar um sama svið að nokkru og það bráðabirgðaákvæði, sem hv. þm. talaði hér fyrir við 1. umr. og lagði hér fyrir d., en brtt. okkar hv. 5. þm. Norðurl. e. gerir ráð fyrir breytingu frá því, sem upphaflega var, enda gerði hv. 11. landsk. þm. sér það ljóst, að þarna var ekki um sömu till. að ræða. Hún fjallar að vísu um svipað efni, en þó á miklu þrengra sviði. Þess vegna er hér um nýja till. að ræða, og ég vil taka undir það, sem síðasti ræðumaður sagði hér, að hér yrði ekki um stórkostleg útgjöld fyrir ríkissjóð að ræða. Hins vegar mundi þetta verða til þess að leysa vandamál fátæks hreppsfélags norður í landi, ef þetta yrði samþykkt. Og upphaflega var þetta ákvæði til bráðabirgða sett inn af n., sem flutti þetta frv. einmitt til þess að reyna að mæta þessum kostnaði. Ég vil því enn biðja hv. dm. að hugleiða þetta, áður en gengið verður til atkv. um frv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 69. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Nd., 26. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 613 felld með 13:9 atkv.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 76. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 78. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 551, n. 747).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Í girðingalögum eru mjög óljós ákvæði um afréttargirðingar, og má segja, að það séu raunverulega hálfhandahófskennd ákvæði, sem þær snerta, enda hefur komið í ljós, að þarna hefur ekki verið staðið að málum, eins og þurfti. Þetta frv. fjallar um það að afnema þann einhliða ákvörðunarrétt einstaks sveitarfélags til að knýja fram girðingalagnir á fjöllum uppi, ef þar eru afréttarmörk, gegn hagsmunum og vilja þeirra sveitarfélaga, sem lönd eiga á móti. Með frv., ef að lögum verður, er stefnt að því, að hlutlaus athugun verði látin fara fram um það, hvort girðingar sé þörf í þessu tilfelli eða ekki. Annað er efni þessa frv. ekki. Landbn. hefur fjallað um þetta frv. á fundi sínum og varð sammála um það, eins og nál. á þskj. 747 ber með sér, að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 802).

69. Þingfararkaup alþingismanna.

Á 36. fundi í Sþ., 23. marz, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 6. marz 1964, um þingfararkaup alþingismanna [292. mál] (þmfrv., A. 627).

Á 68. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 25 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Eins og fram kemur í grg. með þessu frv., þá standa allir þingflokkar Alþ. að flutningi þess, en frv. er samið að tilhlutan forseta Alþ. og þingfararkaupsnefndar, og er breyting á þingfararkaupslögunum nú nauðsynleg vegna breyttra forsendna frá því, að lögin um þingfararkaup voru sett á þinginu 1963 og 1964, en við setningu þeirra laga var höfð hliðsjón af kjaradómi, sem upp var kveðinn á árinu 1963. Það verður því að taka ákvörðun um það, hver laun alþm. eiga að vera og með hvaða hætti þau skulu ákvarðast. Í frv. er lagt til að fara inn á sömu braut og nú hefur rutt sér til rúms annars staðar á Norðurlöndum, þ.e. að miða laun þm. við ákveðinn flokk í launastiga opinberra starfsmanna, og í þessu frv., 1. gr. þess, er lagt til, að laun þm. verði ákvörðuð samkv. launaflokki B 3 í þeim kjarasamningum, sem nýlega hafa verið gerðir, og að hækkanir á launum þm. verði með sama hætti og hjá opinberum starfsmönnum. Verði þessi ákvörðun tekin, 1. gr. frv. þessa samþ., þá hefur nokkur leiðrétting fengist á launum þm., en það mál kallar á ákvörðun um það, með hvaða hætti yrði þá farið með laun þeirra opinberu starfsmanna, sem koma og taka sæti á Alþ. Svo að ég vitni aftur í Norðurlöndin, þá hefur sú aðferð verið tekin upp þar að skerða laun þeirra. Það er að vísu með mismunandi hætti, mismunandi mikið, en samkv. þessu frv. er lagt til, að skerðing launa hjá starfsmönnum ríkisins, sem geta, eins og stendur í 2. gr. frv., mætt daglega til vinnu, skuli vera $^{2}/_{5}$ hlutar, þannig að þeir haldi $^{3}/_{5}$ hlutum af árslaunum, en skerðing á launum þess, sem getur aðeins sinnt störfum sínum á milli þinga, verði $^{7}/_{10}$, þannig að hann haldi $^{3}/_{10}$ hlutum árslauna sinna.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um frv. Það er öllum hv. þdm. kunnugt, eins og áður er sagt, samið að tilhlutan forseta Alþ. og þingfararkaupsnefndar, en flutningur þess á vegum þingflokkanna og flm. tilnefndir af þeim, einn frá hverjum þingflokki. Ég legg svo til, herra forseti, að frv. að lokinni þessari umr. verði vísað til hv. allshn., en til þeirrar n. mun frv. um þingfararkaup alþm. áður hafa verið vísað.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja til, að frv., sem hér liggur fyrir, verði vísað til fjhn., enda er slíkum málum yfirleitt þangað vísað. Að öðru leyti vil ég taka það fram í þessu sambandi, að ég lít svo á, að það fyrirkomulag, sem hér er stungið upp á, ef að lögum verður, sé í raun og veru löggjöf til bráðabirgða og að fyrirkomulagið til frambúðar eigi að vera það, að kjaradómur ákveði laun alþm. Skal ég svo ekki að öðru leyti hafa afskipti af þessu máli.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Við þá till. hv. þm. hef ég ekkert að athuga, að frv. verði vísað til hv. fjhn. Ég á þar sjálfur sæti og get þess vegna fallið frá minni till., ef það þykir réttara, að frv. verði vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjhn. með 29 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Nd., 26. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 627, n. 660).

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls gerði háttv. 1. þm. Reykn., 1. flm. frv., grein fyrir undirbúningi þess og efnisatriðum. Fjhn. hefur haft málið til meðferðar, og leggur hún til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Ég leyfi mér að flytja skrifl. brtt. við frv. þetta. Er þar annars vegar um það að ræða, að flokkurinn B 3 í 1. gr. frv. verði B 1, en hins vegar, að launaskerðing þm., sem embættum gegna úti á landi samkv. 2. gr., verði helmingur í stað $^{3}/_{10}$. Hin skrifl. brtt. er svo hljóðandi: „1. Í stað „B 3" í 1. gr. komi: B 1. 2. Í stað orðanna „fá greidda $^{3}/_{10}$ hluta árslauna" í 2. gr. komi: fá greiddan helming árslauna."

Mér er ljóst, að mikil og víðtæk samstaða er milli þingflokka og þm. um flutning þessa frv. Geri ég mér þess vegna grein fyrir því, að litlar líkur muni vera á því, að brtt. þær, sem ég flyt, verði samþykktar. Vil ég þó láta á það reyna, en einkum koma hér á framfæri þeim rökum, sem liggja að baki tillöguflutningnum, því að ég efast ekki um, að jafnvel þótt frv. verði nú samþykkt óbreytt, þá muni þau rök, sem ég hef fram að flytja fyrir breytingum á því, verða höfð hér uppi um langa tíð, og ég treysti því raunar, að sú stefna, sem ég mun hér nánar víkja að nokkrum orðum, muni sigra, jafnvel þótt svo fari, að frv. þetta verði nú samþykkt óbreytt. En þótt brtt. sú, sem ég flyt, geri ráð fyrir nokkuð lægri launum alþm. en í frv. eru ráðgerð, vil ég taka skýrt fram, að ég tel, að launakjör þm. þurfi að batna stórlega, enda er það í sjálfu sér ekki launaupphæðin eða flokkaskipunin, sem er mér sérstakur þyrnir í augum, heldur sú ákvörðun að skerða beri laun embættismanna utan af landi, sem þingmennsku stunda, um $^{7}/_{10}$ hluta. Í því ákvæði felst sú yfirlýsing af löggjafans hálfu, að líta

beri á þingmannsstarfið sem 8½ mánaðar starf á ári hverju, en þeir, sem önnur störf hafa með höndum, jafnframt þingmennsku, gætu ekki sinnt þeim nema sem svaraði 3½ mánuði árlega, ef ekki er tekið tillit til eðlilegra sumarfría, en ella væri þingmannsstarfið um 8 mánuðir og tími til annarra starfa rúmir 3.

Skoðun mín er sú, að það væri mjög óheillavænleg þróun, ef þingtími yrði verulega lengdur. Þvert á móti teldi ég ástæðu til að leitast við að stytta hann, bæði þann heildartíma, sem þing situr að störfum ár hvert, og eins mætti gjarnan koma við meiri störfum í þinginu á færri dögum vikunnar en nú er, ef skipulega væri að unnið. Hvort tveggja þetta mundi mjög auðvelda þm. að sinna öðrum störfum en þingmennskunni — ekki einungis þeim, sem búa í Reykjavík og nágrenni, heldur einnig þm., sem eiga heima fjær, og mun það þó einkum verða svo í framtíðinni, er samgöngur fara stórlega batnandi.

Launakjör alþm. eru mál út af fyrir sig, enda er tiltölulega lítill munur á launum samkvæmt B-flokki 1, sem ég legg til, að þingfararkaup miðist við, og B-flokki 3, sem í frv. er rætt um. Hins vegar er ljóst, að þeir, sem framgöngu hafa haft um frv. þetta, hafa talið, að þróunin ætti að vera sú, að þm. sinntu aðeins öðrum störfum en þingstörfum rúman ársfjórðung og væru launin við það miðuð og þá talið eðlilegt, að þingfararkaup yrði greitt samkvæmt þriðja flokki. Ég legg hins vegar áherzlu á, að þm. gegni öðrum störfum í þjóðfélaginu sem næst hálft árið, og legg því til, að mánaðarlegar launagreiðslur þeirra verði nokkuð lægri en fyrirhugað er í frv. Engu að síður yrðu þingfararkaupsgreiðslur mun hærri samkvæmt minni tillögu miðað við þann tíma, sem ég tel, að hæfilegur sé til stjórnmálavafsturs, en vera mundi, ef þróunin yrði sú, að alþm. almennt sinntu ekki öðrum störfum en stjórnmálum nema fjórðung hvers árs.

Frv. gerir ráð fyrir því, að alþm., sem embætti hafa í Reykjavík, haldi 60% tekna sinna. Mér finnst ekki réttlátt, að ýkja mikill munur sé á launaskerðingu þeirra, sem hér búa, og hinna, sem þing sækja utan af landi, einfaldlega vegna þess að þm. búsettir í Reykjavík verða á milli þinga að sinna margháttuðum erindum á sviði stjórnmálanna, og hygg ég raunar, að oft og tíðum lendi á þeim meiri þungi en hinum, sem dvelja úti á landi utan þingtímans, vegna þess að mörg erindi þarf að reka hér í höfuðborginni. Á hinn bóginn er svo ljóst, að þm., sem föst störf hafa úti á landi, geta á ýmsan hátt sinnt þeim, meðan á þingi stendur, með margháttuðum erindrekstri í höfuðborginni, símtölum við sína undirmenn og eins með því að hverfa heim til starfa yfir helgar, þegar sæmileg færð er. Geri ég því ekki tillögu um, að launaskerðing þeirra þm., sem störf hafa í Reykjavík, verði minni en getið er í frv.

Hin mikla launahækkun þm. er rökstudd með því, að störf þeirra fari nú stórum vaxandi. Ég hygg, að hitt sé sönnu nær, að kjörin hafi verið allt of rýr og þm. réttilega til þess fundið, að þeir báru ekki úr býtum laun á borð við aðra, sem svipaða vinnu leggja af mörkum og svipuðum hæfileikum eru gæddir, enda útgjöld þm. margvísleg, og mörg dæmi eru þess, að menn hafa ekki treyst sér til að takast stjórnmálastörf á herðar af fjárhagsástæðum. Á þessu er sjálfsagt að ráða bót, en slík ákvörðun má undir engum kringumstæðum leiða til þess, að grundvallarbreyting verði á afstöðu manna til stjórnmálaafskipta, en sem betur fer, hefur það verið svo, að þm., sem ekki gegndu sérstökum trúnaðarstörfum í stjórnmálunum umfram þingmennskuna, hafa allir eða a.m.k. flestir haft með höndum hin margbreytilegustu störf í þjóðfélaginu og ekkert dregið af sér við þau, hvort heldur hefur verið búskapur eða skrifstofustörf. Ég tel, að það hafi verið til mikillar gæfu, að þm. flestir hafa verið í nánum tengslum við atvinnuvegi þjóðarinnar og hin margháttuðu störf í þjóðlífinu. Ég held, að það hafi verið þeim mikill styrkur og þar með löggjafarsamkundunni. Og ég dreg meira að segja í efa, að það hafi íþyngt mönnum eða gert þeim lífið erfiðara að sinna hálft árið öðrum störfum en stjórnmálavafstri. Þvert á móti hygg ég, að sjóndeildarhringur þm. mundi þrengjast, ef þeir ekki eiga að ganga til annarra starfa, og ég held líka, að þeir muni þá þreytast fyrr en ef þeir geta gengið að öðrum störfum en stjórnmálum verulegan hluta ársins.

Mér er ljóst, að ekki eru allir sammála þeirri skoðun minni, að nauðsynlegt sé að reyna að takmarka lengd þingtímans og gera þingmönnum kleift í sem ríkustum mæli að sinna öðrum störfum en stjórnmálum. Hefur þeim rökum jafnvel verið hreyft gegn þeim skoðunum, sem ég hér flyt, að embættismannavald styrkist nú svo, að nauðsyn beri til þess, að þm. hafi aðstöðu til þess mestan hluta ársins að fylgjast með störfum embættismanna og koma í veg fyrir, að þeir, sem ekki hafa verið kjörnir til þess fulltrúar af þjóðinni, ráði ráðum hennar í stöðugt vaxandi mæli. En mér er spurn: Er það líklegast til þess að draga úr embættismannavaldi að bæta við nokkrum tugum embættismanna, þ.e. að allir þm. yrðu einungis embættismenn og sinntu ekki öðrum störfum?

Menn svara því sjálfsagt til, að frv. taki einungis til þeirra, sem hvort eð er gegni embættum annars vegar sem þm. og hins vegar sem embættismenn í öðrum ríkisstofnunum, og ekkert segi þar um það, hvernig fara skuli um launakjör þeirra þm., sem störf hafa hjá einkafyrirtækjum og sveitarfélögum og ekki heldur hjá hálfopinberum stofnunum eða fyrirtækjum. En hætt er við því, að stjórnendur stórra fyrirtækja, sem ógjarnan vildu liggja undir gagnrýni, hneigðust til þess að styðjast við reglur ríkisvaldsins í þessu efni. Og er ekki nokkurn veginn ljóst, að sú stefnuyfirlýsing, að ekki sé gerandi ráð fyrir því, að alþm. geti sinnt öðrum störfum nema svo sem eins og í ársfjórðung, leiði til þess, að þingtíminn lengist jafnt og þétt og menn hverfi frá öðrum störfum — a.m.k. ábyrgðarstörfum. Eða

hví skyldi embættismaður úti á landi vera að halda í embætti sitt, ef hann á ekki nema tveggja kosta völ, annaðhvort að sinna því, eins vel og honum er unnt, samhliða þingmennskunni, þ.e. að nota a.m.k. helming starfskrafta sinna í þágu embættisins og vinna þá helming þess tíma launalaust, eða taka hinn kostinn að gegna embættinu aðeins sem svarar ársfjórðungi og sitja þá í óþökk flestra, því að slík embættisfærsla yrði auðvitað gagnslítil, en auk þess stæði hann í vegi fyrir því, að aðrir fengju viðkomandi embætti.

Mergurinn málsins er að mínu viti sá, að það væri mjög óæskileg þróun — ég vil segja hættuleg þróun, ef eingöngu ættu að sitja á þingi svonefndir atvinnustjórnmálamenn og hver sá, sem til þingmennsku veldist, ætti þegar í stað að hverfa með húð og hári inn í þennan ágæta hóp, sem hér situr, en úr sinni stétt í sveit eða bæ. Nú bið ég hv. þm. að misskilja mig ekki. Ég tel ekki, að alþm. séu verra fólk en gengur og gerist. Þvert á móti er hér mikið mannval, og ég held, að þm. yfirleitt séu miklu betra fólk en almenningur álítur. Engu að síður er það nú svo, að hver dregur dám af sínum sessunaut, og hreinskilnislega sagt finnst mér engin vanþörf á því, að þm. viðri sig hálft árið úti í þjóðlífinu og yfrið nóg, að þeir sitji saman hinn helminginn. Stytting þinghalds mætti t.d. gerast með þeim hætti að hafa langt frí um miðjan vetur, en athafnasamt þing á hausti og vori, svo að ekki líði óhóflega langur tími á milli þess, að þm. hefðu aðstöðu til þess að fylgjast með gjörðum ríkisstj. og embættismannavalds, sem sumir virðast mjög óttast, og skal ég ekki lítið úr því gera, að það eru hinir kjörnu fulltrúar þjóðarinnar, sem eiga að hafa úrslitaráð.

Ljóst er, að starfshætti Alþ. þarf að bæta á margan veg, til þess að unnt verði að stytta þinghald, en gera Alþ. samt mun áhrifameira og athafnasamara samhliða því, að virðing þess færi vaxandi. Mér virðist t.d. einsýnt, að vinda þurfi að því bráðan bug að auka húsrými Alþ., þannig að þm. geti haft afdrep fyrir vinnu sína samhliða því, sem aðstaða þingflokka yrði bætt og þeim fengið starfslið, sem undirbúið gæti mál og aðstoðað þm. á einn veg og annan. Slíkar aðgerðir væru að minni hyggju miklu líklegri til árangurs en lengra þinghald, enda er raunin sú, bæði hér og í þjóðþingum annarra landa, að mál dragast fram á síðustu vikur hvers þings, hvort sem þinghaldið er lengra eða skemmra. Mér er ljóst, að sumir hv. þm. halda því fram, að þetta frv. móti enga stefnu í þessu efni, en þar er ég á öndverðri skoðun. Ef með lögum er ákveðið, að þingmennska sé svo viðamikið starf, að einungis sé hægt að ætlast til þess, að menn geti sinnt öðrum störfum í ársfjórðung, er það yfirlýsing um að þingmennskan nálgist það að vera atvinnugrein og fullt starf, enda yrði næsta skrefið vafalaust að fylgja fram til fulls þeirri stefnu, sem nú yrði mörkuð.

Ég geri mér vonir um, að einhverjir þm. vilji hugleiða þau rök, sem ég hef reynt að setja hér fram, og styðji þessa breytingu. En hvað sem því líður, þá taldi ég ótækt annað en þessi rödd heyrðist hér á hinu háa Alþ., því að ég þykist þess fullviss, að margir þm. muni mér sammála um aðalefni málsins, og áfram hlýtur að verða barizt um þá meginstefnu, sem ég hef gert að umræðuefni, hvað sem verður um samþykkt þessa frv. nú.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 682) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég ætla ekki að deila við hv. þm. um starfstíma Alþ. né heldur um starfshætti Alþ. Um það væri hægt að halda langar og margar ræður, en ekki ástæða til slíkra hluta nú. Ég get þó ekki látið vera að leiðrétta hv. þm. og benda honum á það, að hugsi hann sér að túlka skerðingarákvæði 2. gr. þessa frv. sem hlutfallsmælingu á milli þingstarfs og annars starfs manns, sem á þingi situr, þá verður hann að sjálfsögðu að miða við skerðingu þess embættismanns, sem á þingi situr og daglega getur komið til starfa. Það er gert ráð fyrir því að skerða laun hans um 40% í stað þess, að hv. þm. miðar við embættismann, sem er fjarri embætti sínu nærri ⅔ hluta ársins, en lagt er til í frv. að skerða laun hans um 70%. Um launaákvæði frv. má svo eflaust deila, en ég held, að við séum allir sammála um það, að án ofrausnar eigi laun alþm. að vera með þeim hætti, að karlar og konur úr öllum stéttum þjóðfélagsins, hvaðan af landinu sem er, geti tekið sæti á Alþ. og þurfi ekki að vera fjárhagslega háð öðrum. Stefnir þetta frv. að því markmiði frekar en verið hefur. Mér er svo hins vegar ljóst, að það eru til menn og þeir kannske margir, sem eru reiðubúnir til að taka sæti á Alþ. án nokkurra launa, en ég held, að slíkt sé ekki þjóðfélaginu fyrir beztu. Ég vil svo með skírskotun til ræðu minnar hér við 1. umr. þessa máls — og með tilvísun til flutnings þessa máls þm. — af hálfu allra þingflokka eftir samkomulag, sem þar hefur náðst, mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það er kannske að bera í bakkafullan lækinn, að þriðji ræðumaður, sem komi og ræði þetta mál, sé úr hópi sjálfstæðismanna, að það séu ekki neinir aðrir þm., sem hafi áhuga á þessum málum en þeir. Þar fyrir utan má vera, að það séu þeir, sem endranær séu mestu verkalýðsleiðtogarnir og hugsi um kjör hinna bágstaddari eins og í þessu tilfelli. Ég vil taka undir orð frsm. í sambandi við mál þetta, og ég skammast mín ekkert fyrir það að láta það koma hér fram t.d. í sambandi við sjálfan mig, að 20 ár tók það mig að afla mér stöðu í þjóðfélaginu bæði með skólanámi og vinnu, sem ég varð svo að skilja við, vegna þess að ég var kjörinn til þess að verða alþm. Að vísu má segja og kannske vitna til orða fyrri ræðumanns hér í dag, að það hefðu aðrir getað komið þar til og kannske boðizt til þess fríviljugir að gegna þessu

starfi og koma hér til Alþ. og rétta hér upp hönd sína til atkvgr., en ég held, að það sé ekki vilji okkar þm. eða þjóðarinnar í heild, að svo verði, heldur það, að þjóðin eigi kost á því að velja menn, úr hvaða stétt þjóðfélagsins sem er, til þess að koma hingað og gegna störfum fyrir ekki aðeins einstaka hagsmunahópa, heldur fyrir þjóðina í heild, og þannig tel ég, að það eigi að vera í framtíðinni. Það verður ekki þannig, nema menn eigi kost á því að geta farið úr einni stöðu í þessa og þá með þeim launakjörum, að þeir geti reynt að leita sér að einhverri annarri atvinnu á eftir.

Ég veit, að við eigum hér mikið af góðum lögfræðingum á Alþ., guði sé lof, segi ég. Ég veit það hins vegar með unga lögfræðinga, sem koma til þings, að þeir eru um leið að sitja það af sér að geta farið bæði í embættisstöður eða það, sem kallað er „praxís" þ.e. í það að gegna sínu starfi á sinni lögfræðiskrifstofu, og um leið og þeir sitja hér lengur, verða þeir því miður verr til þess fallnir að koma á þann markað aftur, þar sem nóg er af frambjóðendum, að mér skilst, í þjóðfélaginu. En því miður er fullt af mönnum í þessu þjóðfélagi, sem eiga ekki afturkvæmt í sitt fyrra starf, ef þeir eru kjörnir til þess að gegna þessu starfi. Þar fyrir utan eru þeir menn, sem við kjósum helzt að fá hingað — ekki aðeins blaðamenn, sem geta skroppið frá sínum blöðum, heldur útgerðarmenn, atvinnurekendur og aðrir slíkir, sem þurfa að fara frá einkarekstri utan af landi og annars staðar frá til þess að gegna þessu starfi. Hvernig er að gera það? Þeir verða að fá laun fyrir það. Þeir þurfa eitthvað til þess að koma á móti þeim mikla kostnaði, sem þeir standa undir með því að greiða öðrum mönnum laun fyrir það að gegna sínum störfum heima fyrir. Takið þið bændur. Ég veit ekki til þess, að það séu nokkur ákvæði um það í okkar lögum eða ákvæðunum um þingfararkaup, að þingið greiði mönnum, sem gegna því að sjá um bú bænda, sem hér sitja, laun á meðan þeir sitja hér á þingi. Þeir verða að taka þetta á sig. Við skulum taka þá mörgu menn, sem koma hér frá verkalýðssamtökum. Ég veit það, guði sé lof, að það hefur verið framkvæmt þannig á undanförnum árum, að verkalýðssamtökin hafa reynt að hlaða undir þá menn, sem hafa gegnt þingstörfum, með hinum og þessum hlunnindum, sem verkalýðssamtökin sjálf eiga ráð á og væri betur dreift meðal annarra, einfaldlega til þess, að þessir menn hefðu lifibrauð. Þetta tel ég ekki vera rétt. Þetta væri betur í höndum annarra manna. Ekki það, að ég sé að gagnrýna þá, sem gegna þessu.

Varðandi breytingu á launaflokkum er það auðvitað atriði, sem allir geta gagnrýnt og hefur sjálfsagt verið rætt í hv. fjhn. hvort það eigi að vera B 1, B 2 eða B 3; það í sjálfu sér er ekki meginmálið. Á margan hátt hefði ég viljað koma til móts við till. hv. þm. Gísla Guðmundssonar um það, að hinn sami dómstóll, sem kveður á um laun ráðh., hefði líka kveðið á um þetta, en á hinn bóginn verð ég að viðurkenna það líka, að sjálft löggjafarþingið, sem hefur skapað þennan sama dómstól, sé að framselja þann rétt, sem það hefur, til þess að þeir hinir sömu ákveði það. Á marga, veit ég, að það orkar nokkuð hlálega.

Hv. fyrri ræðumaður hér í umr. minntist nokkuð á það, að með þessu værum við kannske að gera hv. Alþ. þann óleik, að starfandi embættismenn ættu ekki hingað afturkvæmt. Ég efa ekki, að bæði þeir og aðrir, sem vildu koma hingað kauplaust til þess að geta greitt atkvæði, mundu koma hingað, og ef einhver er kallaður og verður útvaldur um leið, þá kemur hann. En ég held, að sú nefnd, sem fjallar um þessi mál hjá okkur, hafi fundið góða reglu í sínum tillögum. Auðvitað má deila um það, hvort hún sé sú eina rétta. Vissulega mætti bæði breyta henni og jafnframt þeim flokki, sem við á að miða, en ég væri sjálfur persónulega til viðtals um það, að það væri kjaradómur sjálfur, sem fjallaði um þetta mál, þannig að það þurfti ekki að koma upp, sem hér hefur orðið og mér finnst í sjálfu sér ósköp leiðinlegt, að Alþ. Íslendinga skuli þurfa að standa í því á síðustu dögum þingsins að ræða um sín eigin launamál, vegna þess að í sjálfu sér erum við kannske sjálfráðir um það, en samt sem áður er Alþ. Íslendinga alls ekki sjálfrátt um það, því að það verður auðvitað að taka til greina, hvað er að ske í þjóðfélaginu, hvað hefur skeð og hvað muni ske, og það má þess vegna vera, að við séum kannske að fara of langt á þessari stundu í sambandi við tillögur þingfararkaupsnefndar. En samt sem áður er ég sannfærður um, að við erum þarna nokkuð á réttri leið, einfaldlega vegna þess, að ég veit, að með þessu fáum við fleiri og betri menn til þess að sækjast eftir því að gegna störfum þm. og það verði því ekki aðeins þeir menn, sem eigi þá aðstöðu í þjóðfélaginu sem embættismenn eða á annan hátt hjá fyrirtækjum eða stofnunum, einkastofnunum eða öðrum, sem geti leyft sér að gera þetta. Með því að borga þessum mönnum nógu vel fyrir það að gegna þessum störfum þann tíma, sem þeir starfa, sem í hvert skipti er fjögur ár í mesta lagi, erum við líka á réttri leið. Við fáum þannig fleiri menn fram til þess að bjóðast til þessara starfa, og m.a. þess vegna mun ég greiða þessu frv. óbreyttu atkvæði mitt.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það er erfitt fyrir okkur að ræða þetta mál mikið, bæði er það óviðkunnanlegt og þar að auki er þetta viðkvæmt mál, eins og gerist með peningamálin. Persónulega kann ég illa við það, að við ákveðum þetta sjálfir. Mér væri kærara, að aðrir aðilar gerðu það t.d. kjaradómur. Það var sama, hvar maður kom, eftir að Morgunblaðið kom út í gær eða fyrradag með fréttirnar um það, hvað kaupið okkar ætti að hækka, og um öll þau fríðindi, sem það taldi upp. Það fyrsta, sem sagt var við mann, var: Ja, þið ætlið að fara að skammta ykkur vel þessir þm. Það var nú miðað við það, sem á að vera að ári, en ekki það, sem verið hefur undanfarin ár, og aldrei hef ég reiknað tvær ferðir á mánuði heim, og ég held ég

hafi aldrei reiknað húsaleigu eins hátt og má. A.m.k. hef ég aldrei fengið 12 þús. kr. fyrir húsaleigu á mánuði, en þetta var allt birt í Morgunblaðinu. Þar var auk þess villa, þ.e. að við fengjum 74 þús. kr. í ferðakostnað á mánuði, en það var yfir árið, og við höfum aldrei fengið það greitt hingað til, en það verður kannske í framtíðinni. En Morgunblaðið var ákaflega fljótt til að birta þetta og dró hreint ekki úr tíðindunum. Það var eðlilegt, að fólk ræki upp stór augu — og svo þessir fæðispeningar, sem við utan af landi áttum að fá. Það væru ekki slæm kjör fyrir þessa þm., sögðu menn. Það má kannske til sanns vegar færa. En sannleikurinn er sá með þingkaupið, að það hefur verið lágt og það hefur enginn orðið auðugur á því að vera þm. Þm. hafa yfirleitt verið fátækir. Hafi þeir eignazt eitthvað, þá er það af öðru en þingmennsku.

Við erum ekki stór þjóð og alþýða manna hefur ekki búið við neina auðlegð, og það er skiljanlegt, að þingkaup sé lægra hér en í stærri löndum, enda er þetta vitanlega á margan hátt minna verkefni hjá lítilli þjóð, og líklega engir þm. í heimi, sem eru á jafn lágum launum. Þetta hefur þeim verið bætt að nokkru, sem hafa komið utan af landsbyggðinni, með því að láta þá hafa ýmis smáfríðindi, eins og með því að taka þátt í kostnaði af húsnæði, fæði og öðru slíku. Ef það hefði ekki verið gert, hefði hver einasti eyrir farið hjá þessum mönnum, þannig að þeir hefðu ekki haft neitt kaup, en vitanlega verða allir, sem koma utan af landi, að kaupa menn í staðinn fyrir sig. En svo eru aftur aðrir, sem ekki hafa neitt fast starf og verða að lifa á þingkaupinu eingöngu. Ég skal játa, að í þessum till. virðist mér það jákvætt að taka tillit til þess, hvort maðurinnn hefur launað starf eða ekki. Ég skal ekki deila um þessi þrep; það má endalaust deila um það, hvort þau eru réttlát eða ekki. En mér finnst það ekki ósanngjarnt, að þeir hafi hærra, sem ekki hafa annað starf. Það gæti líka komið til mála, að við hefðum lægra kaup, sem erum atvinnurekendur. Í mörgum tilfellum eiga þm. erfitt með að fá vinnu þann tíma, sem þing er ekki, ef þeir geta ekki skapað sér starf sjálfir.

Ég ætla ekki að fara að koma með till. hér, vegna þess að það er ákaflega erfitt fyrir okkur að deila um till. og greiða atkv. um þær sjálfir. En mér væri kærast, ef það gæti orðið samkomulag um það, að kjaradómur ákvæði kaupið. Hann hefur ákveðið laun ráðh., og ég sé ekki, að það liggi svo mikið á, því að það á ekki að greiða okkur þm. eftir þessu kaupi fyrr en eftir kosningar. Viðvíkjandi ráðherralaunum vil ég segja það, að þeir eiga að hafa, skilst mér, milli 70—80 þús. kr. í mánaðarlaun og auk þess þingkaupið, þannig að þetta verður yfir árið mikið á aðra millj. kr., svona 1.5 millj. kr. Auk þess hafa þeir bílstjóra og bíl. Ef ég væri ráðh., sem aldrei verður, þá mundi ég óska eftir því að taka ekki við þessu, því að helmingurinn af þessu fer í útgjöld. En þetta vex fólki í augum. Ég held, að þeir ættu a.m.k. að sjá sér sjálfir fyrir bíl, ef þeir fara að fá þetta kaup. Þeir þurfa ekki að hafa sérstakan bílstjóra og sérstakan bíl. Ég hygg, að það úthald hafi kostað eins mikið og ráðh. undanfarið.

Það verður frekar óskemmtilegt, þegar við komum út í byggðirnar. Þá verður aðalumtalsefnið hjá fólkinu: Þið skömmtuðuð ykkur vel, áður en þið slituð þinginu. Þetta mun alls staðar mæta okkur. Ég kann því illa við að eiga sjálfur þátt í að ákveða kaupið. Persónulega hef ég engan áhuga á því, að það hækki verulega frá því, sem er, en hitt er mér líka ljóst, að það er allt of lágt fyrir þá, sem ekki hafa annað starf. Það verður litið þannig á, að við höfum skammtað okkur þetta sjálfir og gert það allríflega, og þar með munu fylgja kröfur annarra um að fá hliðstæð kjör, og margur segir nokkuð með réttu, að hann vinni alveg eins mikið og við. Ég held, að það væri skynsamlegast af okkur að leiða hjá okkur að ákveða þetta sjálfir.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. nema kannske um eina mínútu eða svo. Ég kemst ekki hjá því að benda á, að allir þeir, sem hér hafa talað og hafa vikið að mínu máli, hafa sneitt hjá því, sem var mergurinn málsins í minni ræðu, þ.e. að forðast þá stefnu, að alþm. yrðu gerðir að atvinnustjórnmálamönnum allir upp til hópa, en að því væri stefnt með þessu frv. Ég tók mjög rækilega fram, að ég teldi nauðsyn bera til þess að hækka mjög verulega laun alþm., og samkv. minni till., ef sú þróun yrði, sem ég legg til, að alþm. sætu á þingi eða sinntu stjórnmálastörfum hálft árið, en ekki hinn helminginn, þá eru auðvitað launin hlutfallslega miklu hærri en nokkurn tíma samkv. þeirri till., sem hér er flutt. En ég verð sem sé að vekja á því athygli, að hjá þessu var sneitt. Tilgangur minn með þessum tillöguflutningi var fyrst og fremst sá, að við þessar umr. væri bent á það sjónarmið, sem ég hef sett fram, og menn hefðu það í huga, vegna þess að ég teldi þá þróun mjög óheillavænlega, ef þinghaldið yrði mjög lengt og þm. yrðu e.t.v. að lokum allir eingöngu þm. og stjórnmálamenn, en sinntu ekki öðrum störfum í þjóðfélaginu.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil harðlega mótmæla því, að á það hafi ekki verið bent, að með þessu frv., sem nú liggur hér fyrir í sambandi við launakjör þm., væri verið, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, að gera menn að atvinnustjórnmálamönnum aðeins. Ég benti einmitt á það, að með þessu væri verið að gefa fólki úr öllum stéttum þ. á m. þeim mönnum, sem ekki hafa fram til þessa getað farið úr sínu starfi inn á þing, vegna þess að þeir þoldu það ekki fjárhagslega, tækifæri til þess að taka þátt í stjórnmálabaráttunni, og með því einmitt að greiða nægilega góð laun fyrir þetta starf fáum við fólk úr öllum stéttum þjóðfélagsins til þess að taka þátt í því. Fram að þessu álít ég — og ég segi það hreinskilnislega við síðasta ræðumann — að bæði atvinnurekendur og aðrir hafi ekki talið, að þeir gætu sinnt þessum störfum vegna þess, að þeir

þyrftu að yfirgefa sín fyrirtæki. Ýmsir aðrir menn, þ. á m. opinberir starfsmenn og starfsmenn hjá einkafyrirtækjum, hafa ekki treyst sér til þess að yfirgefa þau störf vegna þess, að þingstörfin hafa verið það illa launuð, að efnahagur þeirra þolir ekki, að þeir fari yfir í þingstörfin, vegna þess að þeir mundu verða fyrir fjárhagslegu tjóni. Ég vil hins vegar meina það, að með því að gera þessi störf eins og önnur störf þjóðfélagsins, sem æskilegt er, að sem flestir sjái um, eftirsóknarverð bæði peningalega og jafnframt fá þeir þessi áhrif, sem þm. á Alþ. Íslendinga hafa, þá hlýtur það að verða eftirsóknarverðara fyrir þá að geta gengið að því vísu að geta séð jafnframt fjölskyldu sinni farborða. (Gripið fram í.) Gott, þá erum við sammála, og þá er líklega hv. þm. sammála mér um það, að við fellum hans brtt., sem fram kom.

ATKVGR.
Brtt. 682 felld með 22:2 atkv.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 76. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 78. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 627, n. 748).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Í ársbyrjun 1964 voru sett ný lög um þingfararkaup alþm. og þar ákveðið að alþm. fengju 132 þús. kr. í árslaun eða 11 þús. kr. á mánuði. Þessi laun skyldi greiða frá og með 1. júlí 1963, en þá gekk í gildi hið nýja launakerfi opinberra starfsmanna. Launaákvörðun þessi var talsvert gagnrýnd af þm. á þessum tíma, þótt ekki kæmu fram brtt. við frv. Töldu ýmsir þm., að 11 þús. kr. mánaðarlaun væru of lág miðað við launakerfi ríkisstarfsmanna. Sanngjarnara væri, að mánaðarkaup þm. væri 15 þús. kr. Aðrir bentu á, að með lagasetningunni væru alþm. í fyrsta skipti tryggð árslaun, en áður hlutu þeir einungis laun yfir þingtímann, í þessu fælist verulegur ávinningur, þó að skattfríðindi væru þá felld niður, og rétt væri að una við þessa kjaraleiðréttingu fyrst um sinn, en aðrar leiðréttingar á launum alþm., sem væru að vísu sanngjarnar, þyrftu að bíða betri tíma. Þetta sjónarmið varð ofan á við setningu laganna 1964, og voru mánaðarlaunin ákveðin 11 þús. kr., eins og áður segir, en það voru sömu laun og gagnfræðaskólakennarar nutu þá skv. launakerfi ríkisstarfsmanna. Þau sjö ár, sem síðan eru liðin, hafa alþm. fylgt gagnfræðaskólakennurum í launakjörum og aldrei fengið þá leiðréttingu, sem ætlað var með lagasetningunni 1964, að biði þeirra á næstu árum.

Þegar litið er til nágrannaþjóða okkar, kemur í ljós, að ísl. alþm. eru mun verr launaðir en þm. þessara þjóða. Við því er ekkert að segja, þar sem ísl. þjóðin er fámenn, á mörg verkefni óleyst og hefur ekki aðhyllzt þær skoðanir um launamismun stétta, sem annars staðar eru ríkjandi. En það kom mér á óvart, þegar ég átti þess kost fyrir ári síðan að kynna mér launakjör lögþingsmanna í Færeyjum, að komast að raun um, að ísl. alþm. voru þá lítið meira en hálfdrættingar stéttarbræðra sinna í Færeyjum í þessum efnum. Nú er hér til umr. frv. til l. um breyt. á l. frá 6. marz 1964 um þingfararkaup alþm., sem flutt var af þm. allra flokka í Nd. og var samþ. þar nær shlj. Skv. frv. eiga alþm. að taka laun skv. launaflokki B 3 í kjarasamningi um laun starfsmanna ríkisins, en það er þriðji hæsti launaflokkurinn. Hv. dm. til fróðleiks skal ég hér greina frá því, hvaða embættismenn það eru, sem skipa þennan launaflokk, B 3, í ríkiskerfinu. Það eru bæjarfógetinn á Akureyri, bæjarfógetinn í Hafnarfirði, flugmálastjóri, forstjóri Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins, forstjóri Innkaupastofnunar ríkisins, framkvæmdastjóri ríkisspítala, orkumálastjóri, prófessorar, sem jafnframt eru yfirlæknar, siglingamálastjóri, skattrannsóknarstjóri, skattstjórinn í Reykjavík, veðurstofustjóri, vita- og hafnamálastjóri og þjóðleikhússtjóri.

Í frv. er tilgreindur launaflokkurinn B 3, en í framtíðinni kann svo að fara, að launaflokkar ríkisstarfsmanna verði auðkenndir með öðrum bókstöfum og öðrum tölum en nú gilda. Launaflokkum kann að fjölga eða fækka. Ég legg því þann skilning í hugtakið launaflokk B 3 í frv., að átt sé við þriðja hæsta launaflokk ríkisstarfsmanna, eins og hann verður á hverjum tíma. Svo hlálegt sem það kann að virðast í fljótu bragði, þá gilda engin fastákveðin laun fram til 1. júlí 1972 í launaflokki B 3. Þeir ríkisstarfsmenn, sem nú taka laun skv. þessum flokki, hafa því aðeins sama kaup þetta tímabil, að þeir hafi einnig verið í sama launaflokki, áður en nýju kjarasamningarnir voru gerðir í des. s.l. Ríkisstarfsmenn, sem voru í mismunandi launaflokkum, en færast við nýju samningana upp í flokk B 3, sem ekki var til áður, hafa nú mismunandi laun

vegna þess, að hækkunin kemur í áföngum eftir föstum prósentureglum og fullt samræmi fæst ekki fyrr en 1. júlí 1972. Af þessu leiðir, að það kann að vera nokkurt álitamál eftir frv., hvaða laun alþm. eiga að taka á tímabilinu frá 1. júlí 1971 til 1. júlí 1972. Þetta verður þingfararkaupsnefnd væntanlega að úrskurða, ef frv. verður samþ.

Að núv. launakerfi alþm. óbreyttu yrði mánaðarkaup þeirra hinn 1. júlí 1972 36.880 kr. í grunnlaun, en verða eftir frv. 56 þús. kr. Hér er því um verulega launahækkun að ræða. Á móti þessu kemur, að laun embættismanna, er sitja á þingi, eru skert, og er þar farið inn á sömu braut og á Norðurlöndum. Hins vegar er ekki í frv. að finna nein ákvæði um það, hvort starfsskyldur slíkra embættismanna skulu minnkaðar að sama skapi, en mér finnst það liggja í hlutarins eðli, að svo verði að öðru jöfnu.

Með þingfararkaupslögunum 1964 var viðurkennt, að þingmennskan er ársstarf, enda jukust mjög starfsskyldur þm. við kjördæmabreytinguna, sem átti sér stað 1959. Með þessu frv. er svo viðurkennt, að starf þingmannsins hljóti einnig að vera aðalstarf, en það er mála sannast, að verkefni alþm. eru nærri óþrjótandi og líf hans útgjaldasamt; því ber að launa honum vel. Launakjör þingmanna þurfa helzt að vera það góð, að hæfir menn hafni því ekki að fara í framboð og taka sæti á Alþ. af fjárhagsástæðum, því að vissulega gæti það verið mikil fjárhagsleg áhætta fyrir ýmsa menn að yfirgefa starf sitt og stöðu til þess að stunda illa launaða þingmennsku. Með samþykkt þessa frv. tel ég, að þm. komist á réttan stað í launakerfi þjóðarinnar. Í þessu sambandi verður að skoða réttarstöðu alþm. og bera hana saman við réttindi embættismanna. Embættismaðurinn á að jafnaði lífstíðarábúð í stöðu sinni. Hins vegar er atvinnuöryggi þm. miklu minna. Hann verður að sæta dómi kjósenda á fjögurra ára fresti um framhald þingsetu og þarf jafnvel áður að standast prófkjörsþolraun til þess að eiga kost á framboði. Í framtíðinni verður að reikna með örari skiptingu og mannabreytingum á Alþ. en tíðkazt hefur síðustu áratugi.

Þær raddir hafa heyrzt, að það sé óviðeigandi af alþm. að ákveða laun sín sjálfir og eðlilegra væri að fela þetta einhverri hlutlausri stofnun eins og t.d. kjaradómi. Þessar raddir hafa vissulega nokkuð til síns máls. Hins vegar hef ég ekki trú á því, að kjaradómur mundi úrskurða alþm. laun, sem væru mjög frábrugðin því, er þeir ákveða væntanlega sjálfir með samþykkt þessa frv. Aðalatriðið tel ég þó vera, að launakjör þm. eru ekki einkamál þeirra sjálfra, heldur málefni, sem snerta alla þjóðina. Ákvarðanir þm. í þessum efnum sem öðrum eru svo háðar dómi þjóðarinnar að lokum. Nú vill einmitt svo til, að kosningar eru fram undan og margir þm. verða ekki í kjöri og munu því hverfa af þingi innan fárra mánaða. Fyrir þennan hóp þm. er samþykkt þessa frv. ekki nein kjarabót nema að því einu leyti, er varðar hugsanlegan eftirlaunarétt. Samt sem áður eru þessir þm. eindregnir stuðningsmenn frv. Reynsla þeirra og þekking á starfi og stöðu þm. segir þeim, að sú réttarbót, sem í þessu frv. felist, sé sanngjörn.

Þessu frv. var við 1. umr. hér í þessari d. vísað til allshn. N. fjallaði um frv. og komst einróma að þeirri niðurstöðu að mæla með samþykkt þess breytingalaust.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég stend hér ekki upp til að gera miklar aths. við ræðu hv. frsm. allshn., en ég tel eftir atvikum eftir þær umr., sem urðu um þetta mál í Nd. Alþ., sérstaklega eftir að samkomulag hafði orðið milli allra flokka um framgang þessa máls, að ég verði að skýra frá minni afstöðu og míns flokks til málsins. Við höfum fallizt á það eftir atvikum að fylgja þessu máli og lagt til meðflm., eins og þskj. vitna, en hitt er svo annað mál, að við höfum talið, að hér hefði átt að fara aðra leið, þ.e. þá, sem hv. frsm. allshn. minntist á, að einhver hlutlaus aðili hefði ákveðið alþm. stöðu þeirra í launakerfinu og hefði talið það af mörgum ástæðum réttara.

Það er auðsætt, að það er alltaf erfið ákvörðun sem því fylgir fyrir hvern, sem er, að taka laun úr sjálfs sín hendi, en þó af almannafé, og mér finnst og mér hefur raunverulega alltaf fundizt sú aðferð vera óeðlileg, óæskileg og óþægileg fyrir þm. að þurfa að ákveða laun sín sjálfir, og ég held, að ýmislegt í launamálum þm. á undanförnum árum hefði farið betur og kjör þeirra ekki verið eins bágborin og þau hafa lengst af verið, ef þessi aðferð hefði verið viðhöfð. Ég hefði ekki talið rétt, að þarna hefði verið um kjaradóm að ræða, heldur hefði verið samþykkt, að Hæstiréttur eða sérstakur dómur, sem hann hefði tilnefnt, hefði ákveðið alþingismannalaun eða stöðu þeirra í launakerfi opinberra starfsmanna. Ég vil líka taka það fram, að ég tel, að það hafi verið óhjákvæmilegt nú að ákveða þm. stöðu í launakerfi opinberra starfsmanna, eins og það liggur nú fyrir, og gildir einu, þó að ég sé á margan hátt því launakerfi andstæður og telji að þar sé um of mikinn launamismun að ræða. Ég vil ekkert um það fullyrða, að hér sé um neinn Salómonsdóm að ræða um þá stöðu, sem þm. er hér ákveðin með þessu frv., en ég hef þó og minn flokkur talið eftir atvikum rétt að fylgja því, þar sem okkar aðaltillaga í málinu náði ekki fram að ganga. En ég vildi miklu frekar skoða þessa ákvörðun núna sem bráðabirgðaúrlausn í máli, sem beint lægi við, að tekið væri upp með öðrum hætti en hér hefur verið gert og þá á þá lund, sem ég hef hér lýst.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 803).

70. Sala hluta úr jörðinni Kollafirði.

Á 61. fundi í Ed., 10. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja hluta úr jörðinni Kollafirði í Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu [243. mál] (þmfrv., A. 466).

Á 62. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Með þessu frv. þarf ekki nema örstutta framsögu. Sams konar frv. var flutt á síðasta Alþ., en varð þá eigi útrætt. Það var svo seint flutt, að það vannst ekki tími til þess að afgreiða það. En málsatvik eru þau, að árið 1959 keypti Sigurjón Guðmundsson, framkvæmdastjóri í Reykjavík, hluta úr jörðinni Kollafirði í Kjalarneshreppi, 3.15 ha., af páv. eiganda jarðarinnar. Hann hóf þegar mikla trjárækt í landi sínu og hefur gert þennan reit einn hinn fegursta í þessum landshluta, eins og allir þeir, sem um Vesturlandsveg eiga leið, geta kynnt sér af eigin raun og hljóta að hafa séð. Sigurjón hefur þegar fullræktað eignarland sitt og hefur hug á því að halda ræktun áfram, en vantar til þess nokkuð aukið landsvæði. Spilda sú, sem hér um ræðir, er aðeins hálfur hektari og hefur — ég held, að sé óhætt að segja það — engin áhrif á notagildi jarðarinnar fyrir núv. eiganda hennar, ríkissjóð, enda er þessi spilda innan girðingar Sigurjóns, þó að hann sé ekki eigandi að henni. Okkur flm. finnst það viðeigandi að veita Sigurjóni nokkra viðurkenningu fyrir frábær störf í þágu gróðurræktar og landgræðslu með því að gefa honum kost á að kaupa það land, sem hann hefur hug á að eignast til áframhaldandi ræktunarstarfa. Meðflm. að þessu frv. eru þrír hv. þm., sem eru kosnir úr kjördæmi Reykn., þar sem Kollafjörður er, og vænti ég og vonast til þess, að þetta litla mál megi fá fljóta og örugga afgreiðslu hér á hv. Alþ.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 466, n. 592).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Landbn. hefur haft þetta frv. til meðferðar og orðið sammála um að mæla með því, að það yrði samþ. óbreytt. Ég þarf ekki að eyða mörgum orðum til að skýra það. 1. flm. þess skýrði fyrir okkur efni þess hér við 1. umr., og ég hef litlu við það að bæta. Ég get aðeins sagt það, að það er talið, að þetta sé um ½ hektari, sem hér er um að ræða, sem kemur til greina að selja Sigurjóni Guðmundssyni til viðbótar því landi, sem hann á þarna fyrir, en allar líkur benda til þess, að þetta sé allmiklu minna land, og það, sem ég vil leggja sérstaka áherzlu á, er það, að þetta land er óræktanlegt og innan girðingar hjá Sigurjóni Guðmundssyni, þannig að það virðist ekki vera gengið neitt á jörðina að því leyti, sem hún er nú notuð af þeim, sem hana sitja.

Ég held, að ég þurfi ekki að hafa frekari orð um þetta frv., en eins og ég sagði áðan, þá mælir n. með, að þetta frv. verði samþ.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég vil aðeins nota þetta tækifæri til þess að þakka hv. landbn. og þá sérstaklega form. hennar, hv. 5. þm. Sunnl., fyrir fljóta afgreiðslu á þessu máli. Það kemur sér vel fyrir þá, sem hlut eiga að máli, vegna þess að frv. var síðbúið hér af ástæðum, sem ég skal ekki rekja, en þeim mun meiri ástæða er til þess að þakka það, að vel hefur verið brugðizt við, og vonandi verður málið afgr. héðan frá d. hið fyrsta. Það er hér um algert smámál að ræða á landsvísu, en allstórt mál fyrir þann mann, sem í hlut á, og ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Ég vildi aðeins láta þessar þakkir mínar koma fram, um leið og málið verður afgr. héðan.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 67. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 75. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Nd., 31. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 466, n. 770).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Þetta mál er komið frá Ed. og var þar samþ. samróma, að því er ég hygg, og þar fékk það venjulega athugun, sem slík mál fá. Landbn. Nd. hefur kannað málið lauslega og verið á einu máli um að samþykkja frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 806).

---

71. Bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Á 46. fundi í Ed., 8. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 10. maí 1969, um breyt. á l. nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu [202. mál] (þmfrv., A. 342).

Á 47. fundi í Ed., 10. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Árnason): Herra forseti. Eins og fram kemur í frv. þessu, var lagt til, að bönnuð verði öll veiði með dragnót og flotvörpu í Faxaflóa. Nánar tiltekið er hér um svæði að ræða, sem er innan við línu, sem dregin er frá punkti réttvísandi í vestur 6 sjómílur frá Garðskaga og þaðan beint í Malarrif. Það má segja, að frv. þetta sé hliðstætt frv., sem á undanförnum árum hafa verið flutt hér á hv. Alþ., þó að þau hafi aðeins náð til dragnótarinnar, enda er svo skammt síðan önnur botnvörpuveiði var leyfð hér í flóanum. En þrátt fyrir það, að frv. hafi ekki náð fram að ganga eða hlotið fullnaðarafgreiðslu, hefur legið ljóst fyrir, að málið hefur átt verulegu fylgi að fagna meðal þm., og í þessari hv. þd. hefur jafnan komið fram eindreginn stuðningur við málið. Þó að frv. þetta nái aðeins til Faxaflóa, er vissulega þörf á því, að hliðstæðar friðunarráðstafanir verði gerðar víðs vegar í flóum og fjörðum við strendur landsins, þar sem vitað er, að um uppeldisstöðvar ungfisks er að ræða.

Eftir að fiskveiðilandhelgin var á sínum tíma færð út í 4 sjómílur frá yztu annesjum og flóar og firðir voru friðaðir fyrir botnvörpu- og dragnótaveiðum, var þess ekki langt að bíða, að fiskmagnið ykist þar, en samfara því kom það einnig til, að hið góða hráefni nýttist á allan hátt betur og var unnið á þann hátt, að verðmæti aflans yrði sem mest. En þessi hagstæða þróun fiskveiðanna í Faxaflóa og reyndar víðar við strendur landsins stóð því miður skamma stund. Það leið ekki á löngu, eftir að dragnótaveiðarnar hófust að nýju í Faxaflóa, þar til þess fór að verða vart, að fiskmagnið fór hraðminnkandi. Er nú svo komið, að heita má, að í sjálfum Faxaflóanum sé fiskilaust á flestum tímum árs. Þeir fiskibátar, sem veiðarnar stunda, verða því að leita á náðir Aflatryggingasjóðs til þess að bæta sér upp sárasta tjónið.

Hér hefur því sama sagan endurtekið sig. Á meðan dragnóta- og botnvörpuveiðarnar nutu ávaxtanna af friðunartímabilinu, gáfu veiðar þessar að vísu allgóða raun, en áhrifin af rányrkjunni komu ótrúlega fljótt í ljós. Eitt dæmi um það, hvað leitt getur af skefjalausri rányrkju, eru síldveiðarnar, sem áttu sér stað við Suður- og Suðvesturlandið á árunum 1965, 1966 og 1967, þegar ausið var upp tugþúsundum tonna af síld, og uppistaðan í þeim veiðum var ung síld og ókynþroska. Árið 1965 voru þannig veidd 114 þús. tonn, og 73% af því magni var síld þriggja ára og yngri eða ókynþroska síld. Árið 1966 er enn haldið áfram með þessa rányrkju, en þá var veiðin alls 45 800 tonn, og 64% af því magni voru ókynþroska síldarseiði. Þannig minnkaði aflinn um meira en helming frá næsta ári á undan. Árið 1967 er aflamagn síldveiðanna 69 þús. tonn, en þá nær rányrkjan hámarki, því að talið er, að um 80% af heildarmagninu hafi verið ókynþroska síld, þriggja ára gömul eða yngri. Við þetta bætist svo, að allur þessi afli, sem væri úrvalshráefni til vinnslu, ef um fullþroska síld væri að ræða, fór í gúanóvinnslu, þar sem hráefnið varð ekki notað til annars. Sem betur fer, hefur nú verið tekið fyrir þessa rányrkju. Að till. fiskifræðinga er nú öll veiði bönnuð á síld, sem er undir 26 sm að stærð eða ókynþroska síld, og auk þess er öll síldveiði við Suðvesturland bönnuð á vissum tímum árs. Er þar höfð hliðsjón af því m. a. að friða síldina, meðan á hrygningu hennar stendur, og einnig eru veiðitakmarkanir, þegar síldin er hvað mögrust t. d. á vorin, þegar mikil áta er í síldinni, sem veldur skemmdum á hráefninu. Í þessum efnum erum við örugglega á réttri leið.

Þegar rætt er um friðun Faxaflóa sem tilraun til að auka fiskisæld í flóanum, má segja, að gegni furðu, þegar á það er litið, hvaða arði veiðarnar

skila nú, að nokkur andstaða skuli vera fyrir hendi í málinu. Eins og ég áður hef vikið að, er svo til um algert fiskileysi að ræða, og því til sönnunar má benda á, að bátum, sem stunda þessar veiðar, hefur farið stöðugt fækkandi. Þá er einnig að geta þess, að það er erfitt að fá upplýsingar um, hver hinn raunverulegi afli snurvoðabátanna er, vegna þess að sumir bátanna skipta um veiðarfæri á vertíðinni og taka þá þess í stað til við t. d. „fiskitroll" eða aðrar veiðar eftir því, hvaða veiðar má helzt búast við, að verði hagstæðar. Þessu til sönnunar má benda á, að einungis þrír bátar stunduðu snurvoðaveiðar frá Reykjavík á s. l. sumri. Þessir bátar voru 15 smálestir að stærð. Úthaldið gekk svo erfiðlega, að þeir skiptu yfir í aðrar veiðar fyrir miðja vertíð, og varð það því minni hluti úthaldsins, sem féll undir snurvoðaveiðarnar. Alls öfluðu þessir þrír bátar aðeins um 90 smálestir af alls konar fiski. Þá voru einnig gerðar út þrjár smátrillur héðan frá Reykjavík á s. l. sumri á þessar veiðar, en þær höfðu einnig mjög lítinn afla, og í Keflavík voru gerðir út fimm bátar á snurvoð á s. l. sumri, en úr öðrum verstöðvum við Faxaflóa voru hins vegar engir bátar gerðir út á þessar veiðar. Í Keflavík gegndi sama máli. Sumir bátanna skiptu yfir í aðrar veiðar á miðri vertíð, en heildarafli allra bátanna á snurvoð nam samtals 863 smálestum. Það er því augljóst mál, að mikið hefur vantað á, að bátar þessir hafi með aflaverðmætinu getað staðið undir útgerðarkostnaði.

Þessara upplýsinga, sem ég hef greint frá í einstökum atriðum, hef ég aflað mér ýmist frá Hafrannsóknastofnuninni, en þar ræddi ég við Jakob Jakobsson fiskifræðing um síldveiðarnar og um síldarstofnana, eða frá Fiskifélagi Íslands, að því er snurvoðina varðar, en um afla báta með „fiskitroll" liggja ekki að fullu fyrir upplýsingar, en eitt er þó víst, að þar er, hvað aflabrögð snertir, svipaða sögu að segja og fram kemur í upplýsingum, sem fyrir liggja varðandi snurvoðina.

Um friðunarráðstafanir almennt, sem gera verður víðs vegar á veiðisvæðum til að sporna við óhóflegri sókn í fiskstofnana og þá sérstaklega með hliðsjón af sístækkandi fiskiskipaflota fjölmargra þjóða, sem nú stefna flota sínum á Íslandsmið, mætti vissulega tala langt mál. En í þessum efnum á sennilega engin ein þjóð meira í húfi en við Íslendingar. Að slíkt á sér stað, kemur að sjálfsögðu til af fleira en einu. Það er ekki aðeins vegna þess, að þrátt fyrir allt er hér enn nokkur fiskivon, heldur einnig það, sem er e. t. v. enn ríkari ástæða, að á meðan okkur tekst að halda hafinu umhverfis landið ómenguðu, verður hér um úrvals sjávarafurðir að ræða, en það getur haft úrslitaþýðingu fyrir tilveru Íslendinga sem fiskveiðiþjóðar.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að orðlengja öllu meira um þetta mál að sinni. Ég vil vísa til þeirrar grg., sem frv. fylgir, og þá sérstaklega vekja athygli á fskj., sem er yfirlit um ýsuafla landróðrabáta frá Akranesi, og nær það yfirlit yfir níu haustvertíðir. Síðan þetta yfirlit var gefið, hefur bætzt ein haustvertíðin enn við hjá Akranesbátum, og útkoman af þeirri vertíð er sú, að aflinn er enn minni en hann var á s. l. ári miðað við róður eða aðeins 700 kg af ýsu í hverjum róðri. Eins og yfirlitið ber með sér, er hér um ískyggilega þróun að ræða, og vilja sjómenn halda því fram, að aðalorsökin stafi af rányrkjunni, sem eigi sér stað með snurvoðaveiðunum, en einnig nú botnvörpuveiðunum, eftir að þær hafa verið leyfðar hér í Faxaflóa. Þessi skýrsla, sem hér um ræðir, talar sínu máli. Hún er óvefengjanleg og því annað ótrúlegt en almenningi sé ljóst, hvert stefnir, og annað ólíklegt en Alþ. geri skyldu sína með því að samþykkja það frv., sem hér um ræðir.

Ég mun því ljúka máli mínu og legg til, að frv. þessu verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Mig langar til að fara nokkrum orðum um þetta frv. — þó eiginlega helzt um grg. þess. Í sjálfu sér er ég alveg sammála fyrsta þættinum, að ég tel skynsamlegt að friða Faxaflóa fyrir dragnót, og mætti taka undir þau orð í grg., að það væri vel athugandi að gera það víðar. Hins vegar er enn einu sinni kveðið afar fast að orði í grg. og þá einhver ónefndur hópur fiskimanna ásakaður um verknað, sem er svo ægilegur, eins og þar segir, að það tjón, sem landsmönnum er búið af þessum veiðum í Faxaflóa, verður ekki með tölum talið. Það er einhver hópur sjómanna, sem er ægilegur, líklega sjómenn úr Reykjavík, nokkrir úr Keflavík, 2—3 úr Kópavogi og 2—3 úr Hafnarfirði, en hins vegar eru sjómennirnir á Akranesi ekki svona hættulegir. Það eru aftur rök og eðlileg sjónarmið, að við þurfum að fiska með gætni og gá að okkur. Það er almennt sjónarmið, sem við tökum allir undir, og það kom skýrt fram í ræðu frummælanda fyrir frv., að ávinningur dragnótabáta er ekki slíkur, að það taki því að vera að stunda þessa veiði, og þess vegna er alveg hægt að leggja það niður.

Ég vil upplýsa það hér, að okkur, sem skipuðum svokallaða landhelgisnefnd á Alþ., hefur verið falið að endurskoða lögin um dragnótina. Við reyndum að athuga það lítils háttar í fyrra, en þá var ekki hljómgrunnur fyrir því að breyta dragnótalögunum. Dragnótalögin eru hálfgerð vandræðasmíð, samþ. á hv. Alþ. 1961, og staðbundin sjónarmið voru látin ráða mjög miklu í sambandi við samningu þeirrar löggjafar, og það væri æskilegt, að heildarfriðunarsjónarmið ætti meiri hljómgrunn í löggjöf, sem næði hér fram að ganga. Undir það vil ég taka. En það stendur í grg. og stendur einnig í 1. gr. frv., að banna eigi veiðar með flotvörpu eða botnvörpu í Faxaflóa. Nú var hér samþ. fyrir einu og hálfu ári lítils háttar hólf um takmarkaðan tíma fyrir botnvörpu. Það fylgir samþykkt á þeim lögum, að það á að ljúka endurskoðun dragnótalaganna fyrir árslok. Sú endurskoðun mun áreiðanlega fara fram vegna þess, að ef hún fer ekki fram og nýtt frv. kemur, þá verður öll dragnóta-

löggjöfin í ólestri, og áreiðanlega kemur Faxaflói þar við sögu eins og aðrir staðir á landinu. Ég get því ekki tekið undir það umsvifalaust, nema betri rök liggi fyrir, að botnvarpan í fyrrnefndu hólfi fylgi hér með.

Hér stendur í grg., að Faxaflói sé fiskilaus á flestum tímum árs a. m. k. miðað við það, sem áður var. Þessi síðasti liður slær nokkurn varnagla við fyrri fullyrðingunni, en sú staðhæfing, að Faxaflói sé með öllu fiskilaus, fær ekki staðizt, og það sannar einmitt umrætt fskj., sem er sent frá Akranesi, og ég ætla að leyfa mér að eyða nokkrum orðum að.

Á árinu 1960, þó að þar sé fyrst og fremst fjallað um ýsuafla, er heildarýsuaflinn 159 tonn, en 1969 er heildarýsuaflinn 206 tonn; hann hefur aukizt um fjórðung. Hins vegar er sóknin mun meiri, og þess vegna kemur minni meðalafli fram, og það er alvarlegt mál. En það fylgir engin grg. — ekki stafkrókur um það, á hvaða fleytum sótt er. Eru það smábátar eða stórir bátar? Þetta er svo einhliða, að ekki er hægt að taka það of alvarlega. En um leið fellur staðhæfing um það, að flóinn sé fiskilaus, því að skýrslan sýnir, að það er meira aflamagn tekið á land. Einnig kemur fram, að 1965 er aflamagnið 510 tonn á móti 159 tonnum 1960. Hins vegar minnkar aflamagnið og er orðið 381 tonn 1966 og fer svo niður í rúm 100 tonn árið 1968, en er aftur rúm 200 tonn 1969. Það eru aflasveiflur bæði hér í Faxaflóa og víða annars staðar. Ég get nefnt einfalt dæmi um, hversu óhemju miklar aflasveiflurnar eru frá ári til árs, og menn geta deilt um það, hverju það er að kenna. T. d. má nefna, að 1969 veiddist hvorki meira né minna en tæp 1000 tonn af ýsu á Skjálfanda, og er það algert met. Ýsuaflinn hafði farið vaxandi þar nokkru áður, en þetta var hámark. Það dettur engum manni í hug, sem til þekkir, að við fáum neitt í líkingu við slíkt aflamagn af ýsu næstu árin á Skjálfanda. Það er næstum óhugsandi. Menn geta sagt, að það sé vegna þess, að dragnót var stunduð. Sjálfsagt getur hún átt þátt í minnkandi afla 1970 og e. t. v. 1971. En það liggja engin óyggjandi rök fyrir slíku. Það er svo margt annað, sem hefur áhrif á þetta.

Ég hefði haft gaman af því, að Akurnesingar, svo vanir sjómenn og góðir sem þeir eru, hefðu minnzt á ein aflamið, sem eru í Faxaflóa ekki langt undan Akranesi og heita Melakriki. Sá Melakriki skipar nokkurn sess í atvinnusögu Akraness, því að á þessum aflamiðum afla nú Akurnesingar sands í iðnaðinn, og sú sandtaka, hvort sem menn vilja trúa því eða ekki, hefur orsakað það, að það fiskast ekkert þar á stóru svæði á þessum góðu aflamiðum, sem voru mjög gjöful í mörg ár áður, og þekktu allir til fiskisældar á þeim slóðum. Nú hins vegar litast sjórinn í alllangan tíma í hvert skipti, sem sandur er tekinn, og það fæst ekki bein úr sjó í námunda við sandtökuna. E. t. v. skiptir þetta ekki miklu máli í heildarmyndinni, en það má þó láta fylgja með, að það eru til ýmsar samverkandi orsakir, sem eru skýringin á þessum mismun á aflamagni frá ári til árs. Við gætum líka á þessum tímum mengunar talað um það, að hugsanleg skýring væri vaxandi mengun frá Stór-Reykjavíkursvæðinu, þar sem allt, sem til félli innst í Faxaflóa rynni hér út með honum að vestanverðu og hefði sín áhrif á fiskigöngur. Það er ekki ólíklegt, en um þetta liggur enginn stafkrókur fyrir.

Hitt er vel skynsamlegt að fara að með gát, og undir það meginsjónarmið vil ég taka mjög rækilega. Hef ég alltaf verið talsmaður þess, að til öryggis friðuðum við viss svæði, þannig að eins vel væri séð fyrir framtíðinni og hægt væri. Og fyrst hv. ræðumaður minntist á síldveiðarnar, ætla ég að leyfa mér að vitna í það, að ég var fyrstur manna, sem skrifaði opinberlega grein í blað um það, löngu áður en hljómgrunnur fékkst hjá mönnum fyrir því, bæði honum og öðrum, að takmarka síldveiðarnar suðvestanlands, og þótti sú grein svo fáránleg á sínum tíma, að mér var æ ofan í æ strítt á henni. En það kom í ljós, að það má of mikið af öllu gera.

Það er spurt hérna í fskj. með margumræddri grg.: „Við viljum spyrja, hver stjórni þessu háttalagi. Er það Hafrannsóknastofnunin eða einhver annar aðili?“ Það er enn gefið í skyn, að það séu einhverjir ótuktarsjómenn, einhverjir ótuktarmenn, svo slæmir, að þeir vilji öllum illt. Undir þetta sjónarmið vil ég ekki taka nema fá það rökstutt eitthvað betur. Ég ætla reykvískum sjómönnum ekki, sem eru togbátamenn eða hafa þessa örfáu báta, sem voru aðeins þrír s. l. ár og kannske eitthvað fleiri undanfarin ár, að þeir séu slíkar ótuktir, að þeir vilji bæði sjálfum sér og öðrum illt. En kannske eru þeir slíkir fávitar eða ekki nógu fróðir um fiskifræðina til að gera þetta þannig óafvitandi. En mér finnst, að það eigi ekki að ásaka þessa menn svo gegndarlaust hér, nema það sé rækilega rökstutt. Ég býst við, að þegar fyrir þeim liggur skýr grg. um það, að þeir hafi hér stuðlað að óskynsamlegum veiðum, þá sjái þeir sinn hag alveg eins og hag annarra í því, að rétt sé að stöðva slíkar veiðar og gerast þannig stuðningsmenn aukinnar friðunar í Faxaflóa. Menn geta áreiðanlega verið í flestum tilfellum sammála um það. En sleggjudómar í því efni eiga ekki að eiga sér stað né órökstuddar ásakanir á ákveðinn hóp manna.

Ég veit, að 1. flm. er ákaflega mikill baráttumaður fyrir friðun flóans, og ég tek undir það sjónarmið enn einu sinni; það er rétt og gott. En ég veit það, að það er hans vandi að fara að öllu með skynsemi og rökstuðningi, og mér finnst, að það hafi hlaupið nokkurt kapp í hann í þessum rökstuðningi og í grg. Það er eiginlega það, sem ég er að gagnrýna hér, því að hann segir hér á bls. 2, að það sé nokkuð langt gengið, þegar hver fiskur hafi verið drepinn á grunnmiðum í Faxaflóa. Það sé of seint upp staðið þá til friðunar, og þetta er auðvitað rétt. En mér sýnist skýrslan, sem hann vitnaði í, frá Akranesi um heildarmagn sanna það, að heildaraflamagnið hefur ekki minnkað, en hins vegar er sóknin mun meiri. En það kemur heldur ekki fram, með hverjum hætti sóknin er, hvort það eru miklu fleiri smábátar, t. d. 50 smábátar, 11 eða 15 tonn,

eða 30 bátar upp á 50 tonn. Þetta eru auðvitað gjörólíkir hlutir saman að jafna. Við getum ekki búizt við neinum slíkum meðaltalstölum nema fá að vita nákvæmlega um samsetningu bátaflotans, sem sækir á þessi mið.

Að öðru leyti skal ég ekki tefja umræður um þetta frv., en ég styð meginhugsunina um friðun fyrir dragnótaveiðum, en vildi aðeins undirstrika það, að mér finnst stór orð standa í grg. og látið liggja að því, að ákveðinn hópur manna hafi hagað sér mjög ótuktarlega hér á svæðinu.

Flm. (Jón Árnason): Herra forseti. Örfá orð til viðbótar við það, sem ég hef áður sagt, beint í tilefni af ræðu hv. 5. landsk. Ég vil fyrst leiðrétta það, sem hann margendurtók og hélt hér fram í ræðu sinni, að ég væri með einhverjar sérstakar ásakanir til ákveðinna sjómanna. Það, sem kemur fram hjá mér og þeim, sem hafa flutt þetta frv., er ádeila um að breyta ekki löggjöfinni. Það er löggjöfin, sem á hér náttúrlega sök á þessu, en ekki einstakir menn, að veiðin er leyfð. Það er náttúrlega ekki hægt að álasa neinum manni fyrir það, þó að hann noti gildandi lög og hagi sér eftir því, sem hann hefur sjálfur trú á í þessum efnum, að hann geti bjargað sér við síldveiðarnar. Þess vegna er hér um meginvillu að ræða hjá hv. þm., þegar hann er að endurtaka það sí og æ, að hér sé verið með ásakanir á einhverja einstaka sjómenn. Það er þvert á móti. Hins vegar tók ég það fram, að það væri skoðun sjómanna t. d. á Akranesi, eins og fram kemur í þessari skýrslu, sem hér liggur fyrir, að þessi þróun, sem átt hefur sér stað, sé fyrst og fremst þessu að kenna. Við teljum, segja þeir, að dragnótin og „hliðartrollið" eigi sök á þessu og þessi veiðarfæri eigi að banna hér í Faxaflóa, enda er viðurkennt, að Faxaflói sé ein mesta uppeldisstöð ýsunnar. Þetta er álit sjómannanna á Akranesi.

Viðvíkjandi því, að það liggi ekki fyrir, hvaða bátastærð sé um að ræða, sem þessi skýrsla nær yfir, þá get ég upplýst það, ef hv. þm. er það ókunnugur á Akranesi og ókunnugur útgerðarháttum þar, að þar eru nær einvörðungu gerðir út þessir landróðrabátar, minnst 60 tonna bátar og þar yfir upp í 200 tonna báta, svo að það eru engir smábátar þarna og heldur ekki um neina óvenjulega útgerð að ræða í þessum skilningi. Hér er einvörðungu um stóra báta að ræða, sem róa á kvöldin í skammdeginu eða fram undir miðnætti og koma að næsta kvöld. Þetta eru langir róðrar, og það er langsótt út í Faxaflóann, ef það á að vera nokkur von nú orðið um að fá nokkurn afla. En hann segir, að það skipti eiginlega ekki neinu máli, hver aflinn sé í róðri, og það kemur mér einkennilega fyrir sjónir hjá útgerðarmanni, ef það skiptir aðalmáli í dag, hvað hægt er að sarga upp mörg tonn í svo og svo mörgum róðrum. Ég hélt nú, að útkoman hjá útgerðarmanni yrði að byggjast á því fyrst og fremst, hver afraksturinn yrði í hverjum fiskiróðri, og það væri því aðeins hægt að búast við ágóða af útgerðinni, að hver einstakur róður skilaði góðum hagnaði. Við vitum allir, hvað kostar í dag að gera út landróðrabát með línu, kaupa síldina og olíu, borga fyrir mannskap og annað, sem til þarf til að standa undir hverjum róðri fyrir sig, og það skiptir nú höfuðmáli álít ég, hvað fæst í hverjum róðri, en ekki hvað heildarmagnið verður hjá öllum flotanum að lokinni vetrarvertíð, þegar það safnast saman og róðrarnir hafa verið svo og svo margir. Það er þess vegna ekki sambærilegt, þegar minnzt er á það, að í 252 sjóferðum 1969 fá bátarnir 206 tonn að vísu eða um 800 kg í hverri sjóferð, en á árinu 1962 fá þeir 246 tonn eða um 40 tonnum meira í aðeins 67 sjóferðum. Þarna sjá allir, hvor útgerðin hefur borgað sig betur, og ég endurtek það, að það skiptir vitanlega höfuðmáli í þessum efnum, hvað útgerðina snertir og rekstrarkostnaðinn, að hver sjóferð, sem farin er, beri sem ríkastan og beztan árangur.

Þá minntist hv. 5. landsk. þm. á þann góða ábata og afla, sem Akurnesingar hafa á undanförnum árum sótt í svokallaðan Melakrika í Faxaflóa. Þar hefur hann sjálfsagt átt við það svæði, sem sanddæluskipið sækir skeljasandinn í fyrir Sementsverksmiðjuna nú. Ekki skal ég segja um það, hvort það er nákvæmlega í Melakrikanum eða á einhverjum öðrum stað þar í nánd, en hitt er ekkert óeðlilegt, að komi fram, að það var viss kvíði hjá mörgum yfir því, þegar þessi sanddæling átti sér stað. En þegar á það er litið, hvað þetta er mjög takmarkað svæði, sem þarna er um að ræða, þá er það talið af fiskifræðingum og þeim, sem hafa kynnt sér þessi mál sérstaklega, að hér getur ekki komið til, að verði um neitt verulegt tjón að ræða í sambandi við fiskmagnið í Faxaflóa. En hitt vil ég upplýsa hv. þm. um, sem hann er sjálfsagt ekki bara nægilega kunnugur, að það merkilega hefur skeð í sambandi við þetta, að þegar það á sér stað, að skipið er að störfum að sumri til að dæla upp sandi, þá sæta trillubátarnir færi til að koma í námunda við sanddælinguna, því að það er hvergi meiri fisk að fá en einmitt þar sem sandurinn þyrlast upp og ætið, sem er á botninum. Það getur hann fengið að vita hjá þeim, sem til þekkja, að hafi nokkurs staðar fengizt fiskur á þessa litlu báta, þá er það þar í kring, og það kann vel að vera eðlileg skýring á því máli, að þegar hreyfing kemur á sjóinn og eitthvert æti er í þessu, þá sækir fiskurinn í það, og það, jafnvel þótt ekki væri um neitt æti að ræða.

Nei, ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu og reyna að leiðrétta það, sem ég tel, að komi ranglega fram í túlkun hv. 5. landsk. þm. varðandi, hvað það skipti miklu máli, að aflabrögðin í hverjum róðri út af fyrir sig séu sem bezt, en það skiptir minna máli, og það er ekki úrslitaatriði, hvað heildarmagnið verður, þegar á það er litið, hvað róðrarnir eru margir.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki blanda mér í þessa vísindalegu deilu hv. 2. þm. Vesturl. og hv. 5. landsk. þm. um aflamagnið og það, hvað komi bezt út í því sambandi. Þeir eru

fullfærir um það. Ég er ekki meðflm. að þessu frv. Ég hefði vafalaust verið það, ef ég hefði átt þess kost, og ég ætla ekki að taka að mér neina framsögu í því efni. Hv. 1. flm. er fullfær um það. En mig langar til þess að láta í ljós skoðun á þessu máli, eins og ég hef löngum gert, þegar þetta frv. hefur komið hér til afgreiðslu vegna þess líka, að ég á ekki sæti í þeirri n., sem fær það til athugunar.

Það er öllum kunnugt, að þessi dragnótaveiði hefur valdið miklum ágreiningi hér við landið og menn hafa skipzt mjög í flokka um nytsemi þess veiðarfæris. Sumir leggja áherzlu á nytsemina, en aðrir meiri áherzlu á hættuna. Í lögum um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, eins og ég held, að lögin heiti, nr. 40 1960, er farin sú leið að láta það vera undir því komið, að óskir og umsagnir tiltekinna aðila berist um það, hvort veiðin skuli leyfð eða ekki. Og einmitt á þessum vettvangi hef ég átt þess kost mörg undanfarin ár að segja álit mitt sem sveitarstjórnarmaður í Reykjavík á því, hvort þetta leyfi skyldi veitt eða ekki. Þetta leyfi hefur ávallt verið veitt af hálfu Reykvíkinga, en ég hef alltaf verið því andvígur.

Það má kannske segja, að það sé ekkert óeðlilegt að heimila dragnótaveiðar á stöðum, þar sem íbúarnir telja þær ráðlegar og hvetja til þeirra og vísindamennirnir vara ekki við þeim. En hér við Faxaflóa og vafalaust víðar er um mjög mörg sveitarfélög að ræða, sem hagsmuna eiga að gæta, og það er ekki hægt eins og í þessu tilfelli að tala hér um neina einingu í þessu máli þeirra sveitarfélaga, sem hlut eiga að máli. Faxaflóasvæðið er viðurkennt ein merkasta uppeldisstöð fyrir ungfisk í kringum allt land, og það eru mörg bæjar- og sveitarfélög, sem lifa að meira eða minna leyti á fiskveiðum. Hjá sumum þeirra og einmitt sumum af þeim, sem mest eiga undir fiskveiðum, hefur verið mjög öflug andstaða alla tíð gegn dragnótinni. En svo innan sama svæðis hafa verið önnur sveitarfélög, sem hafa viljað leyfa þetta — sveitarfélög, sem þó hafa átt minna undir því en hin, hvernig til tækist með þetta, eins og t. d. Reykjavík. Ég álít því, að hvað sem kann að gilda og hvað sem kann að eiga við annars staðar, þá séu sjónarmiðin svo margbreytileg hér við Faxaflóa, að álit sveitarstjórnanna geti ekki orðið grundvöllur neinnar nýtingar þessa svæðis, og þess vegna tel ég, eins og ég hef alltaf gert frá því, að þetta frv. kom fyrst fram, ástæðu til þess að samþykkja það og taka fyrir þessar veiðar. Það þarf ekki lengi að lesa skýrslu Útvegsmannafélagsins, sem er birt í bréfi til Fiskifélags Íslands, til þess að sjá það, að aflanum þarna hefur stórlega hrakað allar götur, síðan lögin voru sett, því að 1960 fást 159 tonn í 64 róðrum, en 1968 fást 116 tonn í 163 róðrum. 1969 er útkoman heldur skárri, þá fást að vísu 206 tonn, en það tekur líka hvorki meira né minna en 252 róðra til þess að urga upp þessum 206 tonnum, svo að það er ekki beysin útkoma á þessu, menn sjá það. Og getur ástæðan önnur verið en ofveiði? Ég hef ekki nóg vit á því til þess að svara því vísindalega, en bara út frá almennu sjónarmiði og almennri skynsemi, hlýt ég að svara því játandi. Þarna er um ofveiði að ræða.

Það er talað um vísindalegt eftirlit. Ég hef oft rætt þetta vísindalega eftirlit hér og m. a. einu sinni ekki alls fyrir löngu greint frá ósamhljóða niðurstöðum sama sérfræðingsins um það, hvað væri óhætt í þessu efni. Og meðan álit þeirra eru ekki meira sjálfum sér samkvæm en mér hefur virzt þau vera og gæti raunar nefnt dæmi um, ef ástæða þætti til, þá bið ég velvirðingar á því, þó að mér finnist það ekki nægileg forsenda til þess að réttlæta þessar veiðar.

Ég held, að það sé út af fyrir sig ástæðulaust að vera að halda hér langar ræður um þetta mál, sérstaklega hér í þessari hv. d., því að hér mun hafa verið nokkuð góð samstaða og einhugur um það að samþykkja lög sama efnis og það frv., sem hér er borið fram. En ég vil vænta þess, að með hliðsjón af reynslu undanfarins áratugs af þessum veiðum verði nú þingmeirihluti fyrir því ekki bara í Ed., heldur einnig í Nd., að þetta mál nái fram að ganga, því að ég endurtek það, að mér finnst það ekki vera fært að láta svo þýðingarmikla ákvörðun velta á úrskurði sveitarstjórna á viðkomandi svæði, sér í lagi þar sem um svona margs konar sjónarmið og marga aðila, sem þar eiga hlut að máli, er að tefla, eins og er á Faxaflóasvæðinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 342, n. 444).

Frsm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Sjútvn. þessarar hv. d. hefur haft frv. það, sem hér um ræðir, til athugunar og sent það til umsagnar stjórnar Fiskifélagsins og Hafrannsóknastofnunarinnar.

Frv. gerir ráð fyrir því, að bönnuð verði öll veiði með dragnót, flotvörpu eða botnvörpu í Faxaflóa innan línu, sem dregin er frá punkti réttvísandi í vestur 6 sjómílur frá Garðskaga og þaðan beint í Malarrif. Fyrsti flm. frv. gat þess í framsöguræðu sinni fyrir málinu við umr. þess, að frv. hliðstæð þessu hefðu verið flutt fyrr á hinu háa Alþ. Hann rakti einnig ítarlega þau rök, sem mæla með samþykkt þess, og ég sé ekki ástæðu til þess að endurtaka þær röksemdir hér, enda er meginefni þeirra í grg. með frv.

Eins og ég gat um í upphafi máls míns, leitaði sjútvn. umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar og stjórnar Fiskifélagsins. Umsagnir bárust frá báðum aðilum, og vil ég kynna efni þeirra fyrir hv. þm., með leyfi hæstv. forseta. Bréfið frá Hafrannsóknastofnuninni er allítarlegt og langt, og vil ég aðeins víkja hér að niðurlagi þess:

„Orsök minnkandi ýsuveiði undanfarin ár virðist

því aðallega vera lélegt klak á árunum 1958—1959 og 1961—1963.

Í rauninni er mjög vafasamt að bera veiðina í dag saman við það, sem hún varð á árunum 1961—1965, þar sem sú veiði byggðist svo til eingöngu á tveimur afburðasterkum árgöngum, sem ekki er hægt að reikna með venjulega.

Samanburður á ýsuveiði okkar í dag við það, sem hún var áður, sýnir eftirfarandi:

Á árunum 1966—1969 sveiflaðist aflinn milli 34—38 þúsund tonna, og var meðalaflinn á því tímabili tæplega sex sinnum meiri en á árunum 1930—1939 . . .

Þessar sveiflur eru innan þeirra marka, er náttúran sjálf ákveður um stærð hinna einstöku árganga.

Sú þróun í veiði Akranesbáta, sem prentuð er sem fskj. með frv., er í samræmi við þá heildarþróun ýsuveiðanna, sem hér hefur verið lýst, þó að vísu sé hér einungis um að ræða 0.5% af ýsuafla Íslendinga á umræddu árabili og 0.3% af heildarýsuaflanum.

Hér virðist því ekki vera um að ræða staðbundið fyrirbrigði, sem hægt er að skýra með notkun ákveðinna veiðarfæra, heldur er hér um að kenna sveiflum í náttúrunni, er við ráðum ekki við.“ Og undir þetta skrifar Jón Jónsson.

Ég leyfi mér að lesa bréf frá stjórn Fiskifélagsins. Það er stutt. „Stjórn Fiskifélags Íslands hefur móttekið bréf nefndarinnar dags. 11. þm. þar sem beiðzt er umsagnar um frv. til laga um breyting á lögum nr. 21 10. maí 1969, um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Félagsstjórnin varð ekki að öllu sammála um afgreiðslu þessa máls. Stjórnarmenn voru samt á eitt sáttir um, að haga skyldi veiðum á einstökum veiðisvæðum á þann hátt, að fiskstofnar þar, og þá einkum þeir, sem eru staðbundnir, verði ekki ofveiddir.

Sumir stjórnarmenn töldu, að slík hætta kynni að vera fyrir hendi í Faxaflóa og styðja af þeim sökum umrætt frumvarp. Vilja þeir mæla með lokun þeirra uppeldissvæða, sem þar um ræðir, a. m. k. um nokkurt skeið, t. d. fimm ár. Yrði mál þetta þá endurskoðað í ljósi þeirrar reynslu, sem þá væri fengin.

Aðrir stjórnarmenn töldu, samkvæmt fyrirliggjandi skýrslum, sókn togbáta og dragnótabáta á umrætt svæði undanfarin ár ekki hafa verið það mikla, að úrslitum gæti ráðið. Mundu aðrar orsakir vera til minnkandi gengdar fisks í Faxaflóa.

Þar sem endurskoða verður heimildir um togveiðar innan fiskveiðilögsögunnar fyrir fyrstu áramót, telja þessir stjórnarmenn rétt að fresta ákvörðun um þetta mál þangað til.

Stjórn Fiskifélagsins leggur til að vandlega verði fylgzt með rækjuveiðum til þess að koma í veg fyrir óhóflegt dráp fiskseiða. Hættan á því er mest á þeim árum, er hrygning hefur heppnazt á hryggningarstöðvum nytjafiska sunnan og vestan lands.

Á síðasta ári var samþykkt á Alþingi tillaga um að koma á leiðbeininga- og eftirlitsþjónustu fyrir rækjuveiðar og vinnslu hér á landi.

Athuga má, hvort ekki er tímabært nú að hrinda máli þessu í framkvæmd.

Virðingarfyllst,
Már Elísson.“

Það er ljóst, að menn greinir nokkuð á í þessu máli. Þá má og benda á, að hagsmunir sjómanna og útgerðarmanna rekast einnig á í þessu atriði a. m. k. í augnablikinu, þó að augljóst sé, að þegar til lengdar lætur, mun það bezt tryggja hagsmuni sjómanna og útgerðarmanna, að tilteknar uppeldisstöðvar fiskstofnanna verði sem mest friðaðar. Almennt mun nú vera ríkur áhugi fyrir því í landinu, að við stefnum að frekari útfærslu okkar fiskveiðilögsögu og tiltekin svæði verði friðuð. Það eru gömul og ný sannindi, að allar slíkar aðgerðir valda í augnablikinu hagsmunaátökum, þó að flestir viðurkenni nauðsynina, þegar frá líður. Ég leyfi mér að líta á þær aðgerðir, sem farið er fram á í frv. þessu, sem hér um ræðir, sem tákn þess, að við sjálfir, Íslendingar, viljum auka af okkar hálfu friðunaraðgerðir innan eigin fiskveiðilögsögu, um leið og við leggjum áherzlu á nauðsyn frekari aðgerða utan núverandi fiskveiðilögsögu. Það er vissulega síður að vænta árangurs á því sviði, ef við sjálfir látum stundarhagsmuni og ágreining koma í veg fyrir, að við gerum, þó að ekki verði nema til reynslu um nokkurra ára bil, ráðstafanir, sem að dómi margra sjómanna og útgerðarmanna við Faxaflóa eru líklegar til góðs í okkar stóra hagsmunamáli — í því að vernda fiskstofna okkar. Eins og fram kemur í nál. á þskj. nr. 444, mælir n. með samþykkt frv., en einstakir nm. áskilja sér þó rétt til að flytja brtt. við frv. eða fylgja till., sem fram kunna að koma.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu og legg til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 58. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 59. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til sjútvn. með 25 shlj. atkv.

Á 80. og 82. fundi í Nd., 1. og 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 83. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 342, n. 707 og 752, 713).

Frsm. meiri hl. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til umr., er komið til þessarar hv. d. frá Ed., en þar mun það hafa verið samþ. með aðeins einu mótatkvæði. Frv. er þess efnis, að það skuli banna alla veiði með dragnót, flotvörpu eða botnvörpu í Faxaflóa. Með því er átt við svæði innan línu, sem er merkt frá punkti réttvísandi í vestur sex sjómílur frá Garðskaga og þaðan beint í Malarrif á Snæfellsnesi. Þetta mál hefur oft verið til meðferðar í hv. d. og hefur jafnan átt þar miklu fylgi að fagna, en nokkrum sinnum dagað uppi í þessari hv. d. Að þessu sinni var afstaða sjútvn. til málsins sú, að allir nm., að einum undanskildum, mæla með samþykkt frv., eins og það liggur fyrir. Meiri hl. n. hefur skilað nál. á þskj. 707, þar sem þessi afstaða kemur fram. Einn nm., hv. 7. þm. Reykv., hefur skilað séráliti á þskj. 752, þar sem hann leggur til, að frv. verði vísað frá með rökst. dagskrá. Ég skal geta þess, að sú málsmeðferð var allítarlega rædd í sjútvn., en niðurstaðan varð sú, er ég hef nú greint frá. Þó er ekki fyrir það að synja, að sumir sjútvnm. hafi fremur viljað stuðla að þeirri málsmeðferð á þeim forsendum, sem hv. 7. þm. Reykv. tilgreinir í sínu nál., sem sé þeim, að til stendur að endurskoða veiðiheimildir þær, sem nú eru í gildi innan landhelgi, mjög bráðlega, og þess vegna hefði e. t. v. verið rétt að láta þetta mál bíða þeirrar endurskoðunar.

Fyrir mitt leyti fylgi ég þessu máli núna fyrst og fremst vegna þess, að ég álít, að það hafi komið mjög skýrt í ljós, eftir að auknar togveiðar voru leyfðar innan landhelginnar, að þær geta verið mjög skaðlegar á hrygningarsvæðum mikilsverðra nytjafiska. Í sambandi við Faxaflóann á ég þá sérstaklega við síldina, en það er vitað, að sums staðar á því svæði, sem um ræðir, eru hrygningarstöðvar síldarinnar. Síldin hrygnir þannig, að hrognin eru í klösum við botninn fyrstu vikurnar, og þess vegna er mjög hættulegt, ef veiðarfæri eru dregin yfir þann botn, þar sem hrognaklasar síldarinnar eru. Það munu á s. l. sumri hafa orðið veruleg brögð að því, að togbátar hafi eyðilagt mjög mikið af síldarhrognum einmitt hér í flóanum á því svæði, sem um er að ræða. Það tel ég vera slíka rányrkju, að ekki megi horfa upp á það aðgerðalaust, og þess vegna fylgi ég þessu frv. Veiði dragnótabátanna álít ég að skipti minna máli, því að hún er sannast að segja orðin mjög lítil. Það eru ákaflega fáir dragnótabátar gerðir út nú orðið á þessu svæði vegna þess, hvað veiðimagnið hefur farið minnkandi á undanförnum árum. Hvort það stafar af ofveiði eða öðrum ástæðum, skal ég ekki um dæma, en það út af fyrir sig, álít ég, að hafi ekki úrslitaþýðingu í þessu máli. Minni afstöðu ræður þetta, sem ég skýrði frá um síldarhrognin og togbátana.

Ég skal geta þess, að sjútvn. sendi þetta mál Útvegsmannafélagi Reykjavíkur til umsagnar fyrir allnokkru síðan eða strax, eftir að það kom til sjútvn., en frá félaginu hefur engin umsögn borizt. N. sendi málið einnig Útvegsmannafélagi Suðurnesja til umsagnar, og frá því félagi barst svar með efnislegri umsögn á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna þessa bréfs yðar var boðað til fundar útvegsmanna, og í dag á almennum fundi Útvegsmannafélags Suðurnesja var eftirfarandi samþykkt: Bönnuð skal öll veiði með dragnót, flotvörpu, botnvörpu og nót í Faxaflóa (með því er átt við svæði innan línu, sem dregin er frá punkti réttvísandi vestur 6 sjómílur frá Garðskaga og þaðan beint í Malarrif).

Virðingarfyllst,
f. h. Útvegsmannafélags Suðurnesja,
Huxley Ólafsson."

Einnig hefur mér borizt svohljóðandi samþykkt frá hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps: „Hreppsnefndin samþykkir að skora á hið háa Alþ. að það samþykki till. þá sem hr. Jón Árnason alþingismaður, flytur um friðun Faxaflóa."

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að fara um þetta mál fleiri orðum. Því miður er sá hv. þm., sem skilar séráliti varðandi málið, fjarstaddur vegna veikinda og getur því ekki gert grein fyrir sinni skoðun í málinu. Ég vil þess vegna vekja athygli hv. alþm. á nál. hans, sem fram er borið á þskj. 752. Það mun hafa komið fram brtt. við frv. frá þm. Norðurl. Hún snertir ekki efnislega friðun Faxaflóa, heldur er hún varðandi það, hversu langan tíma dragnótaveiðar skuli leyfðar á tilteknum svæðum fyrir Norðurlandi. Sjútvn. hefur ekki fjallað um þá till. og tekur ekki afstöðu til hennar, en ef það er rétt skilið hjá mér, að till. sé eingöngu um það að breyta tímanum, sem dragnótin er leyfð, hef ég fyrir mitt leyti ekkert við það að athuga.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. gat um, þá hef ég leyft mér ásamt þrem öðrum þm. að norðan að flytja brtt., sem varðar leyfi til dragnótaveiða fyrir Norðurlandi. Þessi till. er flutt vegna þess, að okkur hafa borizt tilmæli úr ýmsum verstöðvum norðanlands um það, að dragnótaveiði, ef hún á annað borð er leyfð fyrir norðan land, hefjist seinna en lögin gera ráð fyrir og gengi þá lengra fram á haustið eða veturinn. Það er ekki um neina breytingu á lengd tímans að ræða. En þessar óskir eru fram komnar vegna þess, að kolinn gengur seinna á mið fyrir norðan land en annars staðar, og er þetta því eðlilegt, ef á annað borð er leyfð dragnótaveiði. Ég skal ekki fjölyrða um þetta, en vil þakka hv. form. sjútvn. fyrir stuðning hans við þessa till.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 85. fundi í Nd., 3. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Rökst. dagskrá á þskj. 752 felld með 24 shlj. atkv.
Brtt. 713 samþ. með 23:1 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 820).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Þegar þetta mál var tekið til 2. umr. í gær, skýrði ég frá því, að ekki hefði borizt umsögn um það frá Útvegsmannafélagi Reykjavíkur, en sjútvn. d. sendi málið þangað til umsagnar. Nú í morgun barst mér hins vegar í hendur umsögn frá Útvegsmannafélagi Reykjavíkur um málið, og vil ég ekki láta hjá líða að skýra d. frá henni. Umsögnin er á þessa leið:

„Reykjavík 2. apríl 1971.

Vér þökkum heiðrað bréf yðar dags. 16. f. m. sem vér leyfum oss að svara á eftirfarandi hátt: Á fundi í félagi voru 21. febr. s. l. komu fram tvær tillögur, önnur um að mótmæla frv. því, sem þér senduð oss með bréfi yðar og önnur tillaga um að mæla með því.

Til þess að kanna vilja félagsmanna um fylgi þeirra með eða móti frumvarpinu stofnuðum vér til allsherjaratkvæðagreiðslu innan félagsins. Atkvæðagreiðslunni lauk í dag, 2. apríl, og voru atkv. talin kl. 16:30 til 18:00.

Rétt til þátttöku í atkvæðagreiðslunni samkvæmt kjörskrá áttu 51 aðili, sem fóru með 94 atkvæði en í eigu þessara aðila eru 46 bátar.

Atkvæðagreiðslan fór þannig. Þátt tóku aðilar með 89 atkvæði eða 94.7%. Meðmæltir frumvarpinu voru 52 atkvæði eða 58.4%. Á móti frumvarpinu voru 37 atkvæði eða 41.6%.

Þetta tilkynnist yður hér með sem svar við fyrirspurn yðar í ofannefndu bréfi.

Virðingarfyllst,
f. h. Útvegsmannafélags Reykjavíkur,
Andrés Finnbogason."

Það mun hafa verið svo á liðnum árum, að andstaða gegn lokun Faxaflóa hafi jafnan verið mest frá útvegsmönnum hér í Reykjavík, en eins og fram kemur í þessu bréfi, sem ég las upp, þá er nú svo komið, að verulegur meiri hluti félagsmanna þar er meðmæltur lokun Faxaflóa. Þetta vildi ég aðeins að kæmi fram, áður en málið hlýtur endanlega afgreiðslu.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 91. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 831).

---

72. Sala hluta af landi jarðarinnar Dysja og jarðarinnar Háagerðis.

Á 59. fundi í Nd., 10. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Hafnarfjarðarkaupstað hluta af landi jarðarinnar Dysja í Garðahreppi [241. mál] (þmfrv., A. 464).

Á 60. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt þremur öðrum hv. þm. þessarar d. að flytja hér tvö frv., sem bæði eru á dagskrá þessa fundar, 12. mál dagskrárinnar, mál á þskj. 464, svo og mál á þskj. 465, og þar sem bæði þessi frv. eru nátengd, þá leyfi ég mér í þessum fáu orðum að fjalla um þau bæði, ef ekki er gerð aths. þar við. Það, sem í frv. þessum felst, er, að makaskipti geti átt sér stað á milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og Garðahrepps, og kemur það fram á korti því, sem er prentað á bls. 5 í þskj. 465, hvaða svæði það eru, sem um er að ræða, og samkomulag hefur orðið um hjá þessum tveimur sveitarstjórnum að hafa makaskipti á.

Ef þessi makaskipti geta farið fram, þá verður að vera heimild fyrir Hafnarfjarðarkaupstað eða fyrir ríkisstj. til að selja Hafnarfjarðarkaupstað þann hluta úr landi Dysja í Garðahreppi, sem merktur er A á þessu korti, og þegar sú sala hefur farið fram eða heimild til hennar er fyrir hendi, þá breytist um leið lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar samkv. því, og er frv. á þskj. 465 flutt til þess að leiðrétta lögsagnarumdæmið með tilliti til þess, að heimild verði veitt til sölu á þessum hluta úr jörðinni Dysjum í Garðahreppi. Hér er um að ræða samkomulagsmál á milli þessara tveggja sveitarfélaga, og ég vænti þess, að hv. d. sjái sér fært að hraða afgreiðslu þess eftir föngum, því að það er talið

mjög áríðandi, að málin geti fengið afgreiðslu á yfirstandandi þingi.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 464, n. 767, 771).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Frv. þetta er um það að selja Hafnarfjarðarkaupstað land undir nýtt, stórt og myndarlegt hverfi, sem þegar er byrjað að rísa norðanvert við hina gömlu byggð Hafnarfjarðar. Er sjálfsagt að verða við því. Síðasta málsgr. í 1. gr. er á þá leið, að þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Hafnarfjarðarkaupstað var gert að greiða fyrir landið. Þetta orðalag er eins og venja er til í slíkum frv., en landbn. leggur til, að við þetta verði bætt einni setningu á þá leið, að Hafnarfjarðarkaupstað sé ekki heimilt að selja öðrum þetta land, og er fordæmi fyrir því í fyrri lögum, sem samþ. hafa verið undanfarin ár. Að sjálfsögðu er ætlunin sú, að sveitarfélögin geti ekki fengið land frá ríkinu og selt það síðan einstaklingum. Með þessari einföldu og sjálfsögðu breytingu leggur landbn. til, að frv. verði samþ.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Við höfum leyft okkur að bera fram brtt., og þær eru fluttar af öllum þm. Norðurl. e., sem eiga sæti í hv. d. Brtt. eru þannig, með leyfi forseta: „1. Á eftir 1. gr. komi ný gr. svo hljóðandi: Ríkisstj. er heimilt að selja Dalvíkurhreppi jörðina Háagerði í Dalvíkurhreppi. Náist ekki samkomulag um kaupverð, skal það ákveðið að mati dómkvaddra manna. 2. Við fyrirsögn bætist: og Dalvíkurhreppi jörðina Háagerði í Dalvíkurhreppi.“ En ég vil benda hv. alþm. á það, að það hefur fallið út orðið „Dalvíkurhreppi“, þegar þetta var prentað, og bið ég menn að athuga það. Það á að koma þarna: „Við fyrirsögn bætist: og Dalvíkurhreppi jörðina Háagerði í Dalvíkurhreppi.“ Ástæðan fyrir því, að við berum fram þessa brtt., er sú, að það barst ósk frá sveitarstjórn Dalvíkurhrepps mjög seint um, að við flyttum frv. um það, að heimilað verði að selja Háagerði í Dalvíkurhreppi. Við ræddum þetta í hv. landbn., og þetta er flutt í samráði og með samþykki 1. flm. þessa frv. Við skrifuðum Jarðeignadeildinni og landnámsstjóra, og liggur hér fyrir umsögn þeirra, sem ég ætla að leyfa mér að lesa hér upp, með leyfi forseta. Ég les aðeins þann hluta af bréfinu, sem kemur í rauninni málinu við:

„Háagerði liggur norðan Brimnesár næst fjallinu. Þetta er landlítil jörð, sem verið hefur í eyði um langt árabil, en tún og beitiland verið nytjað af Dalvíkingum, lengst af Lárusi Frímannssyni. Í fasteignamati 1939 var jörðin metin á kr. 3900. Háagerði hefur enga möguleika sem bújörð. Ég tel eðlilegt, að Dalvíkurhreppur eignist sem fyrst allt land innan hreppsins og ekki síður, þótt ríkissjóður sé eigandi. Ég mæli því með beiðni hreppsnefndar Dalvíkurhrepps um, að frv. verði flutt, er heimili ríkissjóði að selja jörðina Háagerði.“

Undir þetta skrifar Árni Jónsson landnámsstjóri.

Hér kemur svo bréf undirritað af Sveinbirni Dagfinnssyni. Bréfið er á þessa leið:

„Sem svar við bréfi yðar, hr. alþingismaður, viðvíkjandi erindi sveitarstjórans á Dalvík um sölu á jörðinni Háagerði í Dalvíkurhreppi skal þetta tekið fram:

1. Jörð þessi er mjög landlítil, var hjáleiga frá Ufsum og metin með henni ásamt öðrum hjáleigum í jarðamatinu 1861.

2. Á jörðinni hefur ekki verið búið, síðan bæjarhúsin féllu þar í landskjálftanum 1934. Eftir það var jörðin nytjuð af síðasta ábúanda, Lárusi Frímannssyni, sem andaðist á s. l. ári. Í fasteignamati, sem senn tekur gildi, er Háagerði metið á 39 þús. kr., tún 2 hektarar á 26 þús. kr. og annað land á 13 þús. kr.

3. Það er álit Jarðeignadeildarinnar, að rétt sé að samþykkja heimildarlög til ríkisstj. um sölu þessarar jarðar til Dalvíkurhrepps, ef hreppsnefndin fer fram á það.“

Þar sem þessi svör liggja hér fyrir bæði frá Árna Jónssyni og Sveinbirni Dagfinnssyni, og þeir mæla með sölu þessarar jarðar, vonast ég til, að þessi brtt. okkar verði samþ.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður er djúpvitur og vissi fyrir, hvað ég mundi ætla að segja, áður en ég var hingað kominn. Ég vildi aðeins benda á það, að ef við samþykktum þessa brtt. — og ég hef ekkert á móti því, þar sem um er að ræða sölu til hrepps — þá mundi salan til Dalvíkurhrepps á viðkomandi landi verða án nokkurra skilyrða um endursölu, en slík skilyrði eru um söluna til Hafnarfjarðar og hafa verið um sölu til hreppa undanfarið, þannig að ég tel óhjákvæmilegt, að það verði höfð venjuleg formúla um endursölu með ákvæði eins og því, sem felst í sölunni til Hafnarfjarðar. Ég vildi nú vænta þess, að hv. flm. tækju að sér fyrir næstu umr. að gera þessa breyt., svo að það verði ekki augljóst ósamræmi og Hafnarfjörður þurfi ekki að búa við mun þrengri kost af hálfu Alþ. en sú virðulega sveit Dalvík á Norðurlandi.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Við sáum þetta nú eiginlega á eftir, að við hefðum átt að bæta þessu þarna inn í, en þar sem það liggur fyrir, að hreppurinn vill kaupa þetta og ætlar sér alls ekki að selja land og mun ekki gera það, þá töldum við það óþarfa, en ég vil nú verða við þessari beiðni og óska

eftir að draga till. til baka til 3. umr., og munum við þá gera breytingar eftir ósk þm.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Fyrst menn eru farnir að breyta till., þá vil ég benda hv. flm. á það, að þeir eru með þá tillögu hér, að við fyrirsögn bætist: „og jörðina Háagerði í Dalvíkurhreppi.“ Þá mundu lögin fjalla um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Hafnarfjarðarkaupstað hluta af landi jarðarinnar Dysja í Garðahreppi og jörðina Háagerði í Dalvíkurhreppi, og þetta fær naumast staðizt, þannig að ég held, að það væri rétt að leiðrétta þetta einnig. (**Gripið fram í:** Ég held, að hv. þm. hafi ekki veitt athygli ræðu frsm. með till. — **Forseti:** Frsm. gerði grein fyrir því í sinni ræðu, að fallið hefði niður í prentuninni, svo að í fyrirsögnina bætist: og Dalvíkurhreppi.)

ATKVGR.
Brtt. 767 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 771 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég flutti hér áðan við 2. umr. brtt. við þetta frv., sem er flutt af öllum þm. úr Norðurl. e., sem eiga sæti í þessari d. Að beiðni hv. 5. þm. Vesturl. hef ég samið hér viðbót við þessa till. Hann óskaði eftir því, að það væri sett inn sams konar ákvæði um, að það mætti ekki selja landið aftur og er í þessu frv. í sambandi við sölu á jörðinni Dysjum. Og þá yrði þessi till. þannig, með leyfi forseta: „1. Á eftir 1. gr. komi ný gr., svo hljóðandi: Ríkisstj. er heimilt að selja Dalvíkurhreppi jörðina Háagerði í Dalvíkurhreppi. Náist ekki samkomulag um kaupverð, skal það ákveðið að mati dómkvaddra manna, en óheimilt er Dalvíkurhreppi að selja öðrum land eða lóðir úr umræddu landi. 2. Við fyrirsögnina bætist: og Dalvíkurhreppi jörðina Háagerði í Dalvíkurhreppi. Þar sem þessi till. er skriflega flutt og of seint fram borin, þá verð ég að vænta þess, að leitað verði afbrigða fyrir till.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 809) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 767 samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 809,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 809,2 samþ. án atkvgr.
Brtt. 771, svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Hafnarfjarðarkaupstað hluta af landi jarðarinnar Dysja í Garðahreppi og Dalvíkurhreppi jörðina Háagerði í Dalvíkurhreppi.

Á 89. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 810).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til landbn. með 16 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 810, n. 822).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta frv., sem hér er til umr. Landbn. þessarar hv. d. hefur kynnt sér umsagnir, sem bárust til landbn. Nd. varðandi sölu á hluta af jörðinni Dysjum í Garðahreppi. Var leitað umsagnar Sambands ísl. sveitarfélaga, því að málið varðar fyrst og fremst makaskipti milli tveggja sveitarfélaga, sem sé Hafnarfjarðarkaupstaðar og Garðahrepps, og einnig var leitað umsagnar Jarðeignadeildar ríkisins. Voru báðar umsagnirnar jákvæðar.
Um sölu á jörðinni Háagerði í Dalvíkurhreppi er það að segja, að það er ósk hreppsnefndarinnar þar að fá að kaupa jörðina Háagerði, sem er þar innan hrepps. Um það segir í umsögnum bæði frá Landnámi ríkisins og eins frá Jarðeignadeildinni, að jörð þessi hafi ekki verið í byggð síðan 1934 og sé mjög lítil og þess vegna alls ekki til þess fallin að hefja á henni sjálfstæðan búrekstur á nýjan leik, og er lagt til að verða við ósk hreppsnefndarinnar í þessu efni. Landbn. hefur sem sé einróma lagt það til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 849).

73. Stofnlánadeild landbúnaðarins (frv. PJ o. fl.).

Á 29. fundi í Sþ., 2. marz, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum [222. mál] (þmfrv., A. 408).

Á 55. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., 4. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er flutt, er samið af nefnd, sem hæstv. landbrh. skipaði hinn 14. okt. 1969. Verkefni nefndarinnar var að endurskoða lög um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum o. fl., með hliðsjón af þál., sem samþ. var á Alþ. hinn 17. maí sama ár. Árangur af starfi nefndarinnar birtist með frv. því, sem hér liggur fyrir til umr., og varð að samkomulagi við hæstv. landbrh., að það yrði flutt af þeim nefndarmönnum, sem sæti eiga í þessari hv. d., en það eru auk mín þeir hv. 5. þm. Austf. og hv. 9. landsk. þm. Auk okkar flm. áttu sæti í nefndinni þeir Árni Jónsson landnámsstjóri og Jónas Jónsson ráðunautur.

Gildandi l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum eru frá 27. apríl 1962. Þá voru, sem kunnugt er, felld undir ein l. starfsemi stofnlánasjóða landbúnaðarins, sem þá hétu Ræktunarsjóður Íslands og Byggingarsjóður sveitabæja, og starfssvið Landnáms ríkisins og þar með Teiknistofu landbúnaðarins. Síðan hefur l. verið breytt einum sex sinnum, en þó oftast varðandi ákvæði, sem snerta einstaka fjármagnsliði.

Sá hluti l., sem fjallar um Landnám ríkisins, er miklu eldri og sækir meginstofn sinn í l. um Landnám ríkisins frá 27. júní 1941 og l. um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum frá 29. apríl 1946. Áður höfðu þó verið sett l., sem lutu að skyldum verkefnum og líta má á sem undanfara ýmissa lagaákvæða um Landnám ríkisins, en það eru l. um Byggingar- og landnámssjóð frá 7. maí 1928 og l. um nýbýli og samvinnubyggðir frá 1. febr. 1936. Þó að ýmsar veigamiklar breytingar hafi verið gerðar frá upphafi á þeim ákvæðum l., sem fjalla um Landnám ríkisins, er þó mikið af efni þeirra með sama orðalagi og bundið sömu markmiðum enn þann dag í dag og þegar grundvöllurinn var lagður að þessari lagasetningu fyrir um það bil 30 árum. Á þessu tímabili frá því um 1940 hafa, sem kunnugt er, orðið meiri breytingar — meiri bylting — í búnaðarháttum þjóðarinnar sem og í lífsháttum hennar og lífsskilyrðum á öðrum sviðum en á nokkru tímabili öðru. Framan af þessu tímabili sýndist mörgum, að landrými væri slíkt í sveitum, að þar mætti allt eins hafa tvö til þrjú býli á hverri jörð eins og eitt og hagsæld sveitanna væri undir því komin, að bújörðum fjölgaði stórlega og þar með, að bændurnir væru sem flestir, enda þótt af því hlyti að leiða, að þeir byggju smærra en ella. Á þessu sjónarmiði hefur byggzt sú mikla hvatning, sem frá upphafi hefur verið fólgin í l. til skiptingar jarða og stofnunar nýbýla auk þess, sem Landnámið sjálft hefur gert nokkuð af því að kaupa jarðir og stofna á þeim byggðahverfi þriggja til fimm býla í þyrpingu. Sem betur fer, hefur sums staðar verið það landrými að hafa, að jarðir hafa þolað skiptingu og tvö lífvænleg býli risið, þar sem áður stóð eitt. Á hinn bóginn sjást þess og merki, að of langt hefur verið gengið í þessum efnum og skipting jarðar reynzt hemill á afkomumöguleika viðkomandi bænda, og því orðið til óþurftar í framkvæmd. Í vaxandi tæknibúnaði bænda á síðustu árum er bundið mikið fjármagn. Þessi tæknibúnaður gerir kleift að nýta miklu stærra land en áður var unnt nema þá með slíkum fjölda fólks, sem enginn leggur upp með til búrekstrar í dag. En þessi tæknibúnaður krefst um leið stærri búa, hagkvæmari búrekstrar og meiri arðsemi búpenings og jarðar en áður tíðkaðist, svo að staðið verði undir því fjármagni, sem í hann hefur verið lagt. Þá hefur og hið kólnandi veðurfar síðustu ára haft í för með sér aukna þörf fyrir landrými vegna þess, hve dregið hefur úr grassprettu bæði á ræktuðu og óræktuðu landi.

Ákvæði frv., er að þessum efnum lúta, eru því byggð á þeirri skoðun flm. og nefndarinnar í heild, sem frv. samdi, að fjölgun býla sé ekki lengur það meginatriði, sem stefna beri að, heldur hitt að treysta þá byggð, sem fyrir er, og vinna að sem hagfelldastri þróun hennar í þeim tilgangi að skapa skilyrði fyrir hagkvæmari búrekstur og öruggari afkomu bænda.

Frv. þetta felur í sér mörg nýmæli. Nokkrir kaflar þess eru alger nýsmíði, en flestir aðrir eru að meginhluta endursamdir. II. kafli frv. er þó að mestu leyti óbreyttur, þó að ýmsar minni háttar breytingar séu gerðar frá því, sem nú gildir. Ég mun nú í stuttu máli gera grein fyrir þeim höfuðbreytingum, sem fram koma í einstökum köflum frv. og grípa þó einungis á því helzta, því að eigi er unnt að rekja hverja gr. frv., en þær eru nálægt 80.

Í I. kafla frv. er markaður höfuðtilgangurinn með l. þessum. Þar er að því vikið, að tilgangur þessara l. sé að efla íslenzkan landbúnað og treysta byggð í sveitum landsins, m. a. með því að styðja aukna og fjölþættari ræktun og nýtingu uppskerunnar, byggingar og tæknibúnað í sveitum og hagkvæmt skipulag byggðar. Með þessu er þegar horfið frá því stefnumiði, sem var og er enn eitt höfuðatriðið í gildandi l., sem sé það að skipta jörðum, fjölga býlum og ná fram hagkvæmni í landbúnaði í samræmi við það. Nú er horfið að því, eins og áður segir, að vinna að sem hagfelldastri þróun byggðarinnar. Jafnframt er horfið frá því, sem fram kemur í þessum kafla í gildandi lögum, að sérstaklega sé leitazt við að hafa áhrif á stækkun túna á þeim jörðum, sem skemmst eru á veg komnar með ræktun. Að þessum atriðum sem og öðrum þeim

stefnumiðum, sem fram koma í þessum kafla, er vikið í einstökum köflum frv. hér á eftir og þar nánar skilgreint.

Eins og áður sagði, er II. kafli frv. lítið breyttur efnislega. Hann er mun nýrri en aðrir hlutar l., en þar er þó um nokkrar orðalagsbreytingar að ræða og einnig fáeinar efnisbreytingar. Í 6. gr. frv., þar sem vikið er að þeim verksviðum, sem Stofnlánadeildin lánar til, er bætt við, að lána skuli til vatnsveitna og varmaveitna. Þetta er ekki í l. enn þá, en Stofnlánadeild landbúnaðarins hefur síðustu tvö árin tekið upp lánveitingar til þessara verkefna. Einnig er sagt, að veita skuli lán til grænfóðurverksmiðja. Niður er aftur fellt, að Stofnlánadeildin láni til ullar- og skinnaverksmiðja, sem eðli sínu samkvæmt heyra til iðnaðar og Iðnlánasjóður lánar til. Ég sé ekki ástæðu til þess að víkja frekar að þessum kafla. Eins og ég sagði áðan, er hann mun minna breyttur en aðrir hlutar frv.

III. kafli fjallar um stjórn landnámsmála. Þar eru dregnir saman í einn kafla allir þættir, er varða stjórn Landnáms ríkisins. Þar kemur fram sú breyting m. a., að stjórn landnámsmála, sem til þessa og í gildandi l. nefnist nýbýlastjórn, er í frv. nefnd landnámsstjórn með hliðsjón af því, að stofnun nýbýla er ekki lengur neitt höfuðmarkmið í þessu lagafrv.

Í IV. kafla frv. er vikið að verksviðum Landnáms ríkisins. Þar eru talin upp í töluliðum höfuðverkefni þess. Einnig er þar í 29. gr. vikið að því, að landnámsstjóri skuli eftir því, sem við verður komið, láta gera uppdrætti af sveitum landsins, þar sem fram komi landamerki einstakra jarða og flokkun lands þeirra með tilliti til notagildis til ræktunar og beitar. Þetta er ekki nema að litlu leyti nýmæli, en jafnframt ber eigi að líta svo á, að þetta verk skuli unnið þegar í stað. Hér er um það mikið verkefni að ræða, að það hlýtur að verða að vinnast eftir því, sem föng eru á, og taka nokkurn tíma. Í síðari mgr. sömu gr. er stefnumótandi atriði varðandi það, að þar er Landnámi ríkisins falið að hafa frumkvæði að gerð till. um skipulag byggðar, þar sem enn fremur er þó leitað umsagnar nokkurra aðila, þ. e. viðkomandi sveitarstjórna, landnámsnefnda, sem eru nefndir, sem ætlað er, að séu í hverri sýslu og vera skulu landnámsstjórn til aðstoðar um framkvæmd l., einnig Búnaðarfélags Íslands og Byggingastofnunar landbúnaðarins. Við þá tillögugerð sé leitazt við að hafa að leiðarljósi að meta afkomuöryggi og framtíðarmöguleika þeirra jarða fyrst og fremst, sem fyrir eru í sveitinni, svo og sveitarfélagsins í heild og þá um leið, hvort ætla megi, að náð verði meiri hagkvæmni með samruna jarða, endurbyggingu eyðijarða og stofnun nýbýla eða með því að stuðla að félagsræktun fyrir fleiri eða færri býli, sem í sveitinni eru. Þessi mgr. er algert nýmæli. Þar er, eins og ég þegar hef rakið, vikið að því frumkvæði, sem Landnámi ríkisins er ætlað að hafa í skipulagsmálum byggðar í sveitum, en þar er þó engu slegið föstu um það, að þó að horfið sé frá því meginstefnumiði, sem verið hefur í l., að stofna nýbýli og fjölga jörðum, geti nýbýlastofnanir eigi að síður átt sér stað, ef talið er, að það sé til hagsbóta fyrir byggðina í heild.

Í V. kafla frv. er fjallað um byggðahverfi. Byggðahverfi er, eins og það er skilgreint í frv., minnst þrjú býli, sem reist eru á landi, sem er í eigu hins opinbera. Um eitt skeið var stofnun byggðahverfa eitt af hinum veigameiri verkefnum Landnáms ríkisins. Eftir gildandi l. er Landnáminu skylt að rækta 25 hektara á hverju býli í byggðahverfi og sjá um, að reistar séu byggingar við hæfi þess búrekstrar, sem ætlað er að reka á býlunum. Hér er fallið frá þessu. Í frv. er ekki gert ráð fyrir því, að Landnám ríkisins taki á sig neinn beinan kostnað við framkvæmdir í byggðahverfum, og kemur það heim og saman við þá stefnu frv., að allir bændur hafi jafnan rétt til framlaga og aðstoðar eftir þessum l., hvort sem þeir búa á býlum í byggðahverfi, á nýbýlum eða á öðrum lögbýlisjörðum. Þá er og að því vikið í þessum kafla, að landnámsstjórn skal taka ákvörðun um framtíð býlis í byggðahverfi, ef það losnar úr ábúð. Landnámsstjórn hefur með öðrum orðum heimild til að ákveða, að býli í byggðahverfi skuli lagt niður og sameinað nágrannabýli eða nágrannabýlum, ef það telst styðja þá stefnu, sem mörkuð er í 29. gr. frv. og ég hef þegar lýst, enda sé talið, að það sé til heilla fyrir byggðarlagið í heild og verði til þess að tryggja búsetu og búrekstrarskilyrði þeirra bænda, sem á þeim jörðum eru. Kafli þessi er mikið styttur frá því, sem er í gildandi l., enda var sú skoðun uppi í nefndinni, að ástæðulaust væri að vænta þess, að mikið yrði um stofnanir byggðahverfa í framtíðinni. Þess ber þó og að geta, að þar sem samningar hafa verið gerðir um framkvæmdir Landnáms ríkisins í byggðahverfum, verður þeim að sjálfsögðu lokið svo sem samningar segja fyrir um, hvað sem líður gildistöku þessa lagafrv.

Þá er og í þessum kafla að því vikið, að Landnámi ríkisins sé heimilt að rækta eða láta rækta land, sem það hefur umráð yfir, ef ástæða þykir til að dómi landnámsstjórnar. Landnám ríkisins á nokkurt vélaúthald af þungavinnu- og jarðvinnsluvélum. Þessi vélakostur hefur lítt verið endurnýjaður á hinum síðari árum og hann því frekar dregizt saman en hitt, enda hafa verkefni í byggðahverfum og annars staðar, eins og ég þegar hef drepið á, dregizt nokkuð saman á undanförnum árum. Til umr. var í endurskoðunarnefndinni, að ástæða væri til að fella í lög ákvæði um það, að vélakostur Landnáms ríkisins skyldi sameinaður vélaúthaldi Vélasjóðs ríkisins. Upplýst var, að til umr. er að stofna svo nefnda vélamiðstöð ríkisins, þar sem þungavinnuvélaúthald þessara fyrirtækja og ýmissa annarra ríkisstofnana yrði sameinað undir eina stjórn og í eitt fyrirtæki. Meðan á þeim umr. stendur, þótti ekki rétt að hreyfa því á annan hátt.

Í VI. kafla frv. eru ákvæði um nýbýli utan byggðahverfa. Eins og ég hef þegar tekið fram, þá er þó ekki loku fyrir það skotið í þessu frv., að nýbýli

séu stofnuð, þó að stofnun nýbýla sé ekki lengur slíkt stefnumið í þessu frv. sem í gildandi l. Hins vegar eru sett fram nokkru strangari skilyrði, til þess að þau fáist viðurkennd, en nú er gert. Er þar gert ráð fyrir, að til þess að stofnun nýbýlis fáist viðurkennd, sé ræktanlegt land að jafnaði eigi minna en 100 hektarar, nema í staðinn komi beitilönd eða hlunnindi til lands og sjávar. Þá þarf einnig að taka til athugunar, að stofnun nýbýlis raski ekki búrekstraraðstöðu þeirra jarða, sem liggja þar í nánd. Þetta allt hangir saman við meginstefnu frv., þ. e. að hugsa fyrst og fremst um að tryggja þá byggð, sem fyrir er, og um það, að búrekstraraðstaða og afkomumöguleikar þeirra bænda, sem búa í hverju byggðarlagi, séu sem traustastir.

Í VII. kafla frv. er rætt um ábúð, sameiningu jarða, endurbyggingu eyðijarða og ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að góðar bújarðir fari í eyði. Þar er í fyrsta lagi ákvæði um það, að landnámsstjórn láti árlega gera jarðaskrá fyrir allt landið, og til þess að það verði gert, þarf hún að fylgjast með ábúð jarða í landinu. Þetta er ekki nýmæli. Landnám ríkisins hefur haldið slíka jarðaskrá og gert yfirlitsskýrslu um allar jarðir eigi sjaldnar en á 5 ára fresti, og er gert ráð fyrir, að svo sé enn. Þá er að því vikið, að sé lögbýlisjörð eitt ár eða meira í eyði, þá telst hún eyðijörð samkv. þessum l., enda þótt nágrannar eða aðrir hafi hana til nytja, eigi þeir þar ekki lögheimili. Þá er ákvæði þess efnis, að samþykki landnámsstjórnar þurfi til að eyðijörð, sem endurbyggð er, njóti framlaga og lána eftir l. þessum. Sama máli gegni um jarðir, sem losna úr ábúð og byggjast ekki með eðlilegum hætti. Með þessu er Landnámi ríkisins gefinn kostur á að segja til um það, hvort það fari saman við skipulagstillögur landnámsstjórnar að endurbyggja eyðijörð eða sameina hana nágrannajörð eða nágrannajörðum, og hefur landnámsstjórn ákvörðunarvald um, að lán og framlög eftir lögum þessum séu í samræmi við það. Upplýsingar um, hvert sé álit Landnáms ríkisins í slíkum tilvikum, þarf, hvenær sem er, að geta legið fyrir. Þá er og í þessum kafla heimild fyrir Landnám ríkisins til að veita sérstök framlög til þess að sporna við því, að góðar bújarðir, sem þýðingarmikið telst að halda í byggð og bjóða upp á nægа búrekstrarmöguleika að dómi þess, leggist í auðn. Á það er að líta, að slíkar opnar heimildir til framlaga eru vandmeðfarnar í framkvæmd, því að framlag í einu slíku tilviki kann að draga á eftir sér slóða margra umsókna, sem gætu í mörgum tilvikum orkað tvímælis og ýmsar þeirra alls ekki átt við. En opin heimild um slík framlög er í 53. gr. gildandi l., og hún getur í mörgum tilfellum verið mjög nauðsynleg.

Þá eru í VIII. kafla tekin upp ákvæði um félagsbúskap og félagsræktun. Þar er stefnt að því að færa í lög skilyrði, sem fullnægja þarf til þess að stofnun félagsbúa hljóti viðurkenningu Landnáms ríkisins, og einnig að því að setja ákvæði, sem fullnægja þarf til þess, að félagsræktun fáist viðurkennd og framlög fáist út á hana samkv. því. Það er rétt að geta þess þegar, að eftir þessu frv. er gert ráð fyrir því, að framlög út á alla ræktun séu jöfn án tillits til stærðar ræktunarlands hjá hverjum bónda og eins án tillits til þess, hvort um er að ræða ræktun hjá einstaklingi eða félagssamtökum.

Þá er í IX. kafla ákvæði um endurræktun túna og ræktun einærra fóðurjurta. Ákvæði þessa kafla ber fyrst og fremst að líta á sem viðbrögð við hinu kólnandi veðurfari síðustu ára. Á undangengnum kalárum hafa tún, sem kunnugt er, stórspillzt og gróa sum seint og illa upp aftur. Endurræktun er því í mörgum tilfellum mjög nauðsynleg, og er hér að því vikið, að Landnámið veiti framlög til þess að styðja slíka endurræktun með sama hætti og aðra ræktun á bújörðum þó eigi oftar en með þriggja ára millibili, ef sama land kelur eða eyðist af gróðri hvað eftir annað. Þá er gert ráð fyrir í þessum kafla, að Landnám ríkisins veiti á árunum 1972—1976 tímabundið framlag til einærrar ræktunar eða grænfóðurræktunar eins og til annarrar ræktunar á bújörðum eða allt að 3 þús. kr. á hektara. Á undanförnum kulda- og kalárum er það kunnugt, að uppskera hefur í mörgum tilvikum brugðizt meira og minna á ræktunarlöndum, og það ráð, sem bezt hefur gefizt til þess að mæta þessum vanda, er ræktun grænfóðurs. Verður að telja, að það sé meðal hinna þýðingarmeiri nýmæla í þessu frv. að styðja slíka ræktun miðað við það veðurfar, sem yfir okkar land hefur gengið á undanförnum árum. Ef svo heldur fram um árferði, þá má vænta þess, að bændur geri þennan þátt ræktunar að mun meiri hluta í ræktunarstarfi og fóðuröflun sinni en verið hefur hingað til, og er ástæða til þess að styðja við það. Bregði aftur til hins betra um árferði, þá ætti að draga úr þessari þörf, og því er það, að framlag þetta er haft tímabundið við 5 ár, enda er, þegar sá tími kemur, auðvelt að framlengja eða endurskoða þetta ákvæði l. miðað við þá reynslu, sem fengizt hefur.

Í X. kafla frv. er fjallað um varmaveitur á sveitabýlum, notkun jarðhita til heyþurrkunar, grænfóðurverksmiðjur o. fl. Þar ber að geta þess, að prentvilla er í frv., þ. e. að grænfóðurverksmiðjur eiga að vera þarna í fleirtölu, en eru í frv. í eintölu. Sama prentvilla er í 6. tölul. XI. kafla, og ber að leiðrétta hana.

Í þessum kafla eru tekin upp heimildarákvæði til Landnáms ríkisins um það að veita framlög til notkunar jarðvarma á sveitabæjum bæði til hitaveitna í íbúðarhús og eins til þess að nota jarðvarma til heyþurrkunar, ef tilraunir kynnu að leiða í ljós, að slíkt væri hagkvæmt. Virkjun jarðvarma er oft og tíðum kostnaðarsöm, og er þýðingarmikið að taka hér upp heimildir til þess, að Landnámið veiti þarna stuðning. Slík heimild er þó ekki bundin við ákveðna upphæð, heldur verður landnámsstjórn að meta það hverju sinni eða skapa sér reglur þar um.

Þá er í þessum kafla vikið að grænfóðurverksmiðjum, en grænfóðurverksmiðja er hér látin tákna hvers konar verksmiðjur, sem hraðþurrka

gras eða grænfóður. Framleiðsla grænfóðurverksmiðja, sem í gangi hafa verið hér á landi til þessa, hefur gefið góða raun, og virðist vera rík ástæða til þess að efla þessa starfsemi. Með því er fyrst og fremst stefnt að því að efla fóðurframleiðslu í landinu sjálfu, en framleiðslu grænfóðurverksmiðja eða fyrst og fremst hinna svo kölluðu heyköggla má í mörgum tilvikum nota einvörðungu í staðinn fyrir aðflutt kolvetnafóður, sem keypt hefur verið til landsins fyrir of fjár á síðustu árum. Innflutningur fóðurvara hingað til lands nam á síðasta ári 340 millj. kr., og þó er eigi í þeirri upphæð með talið ómalað korn, sem er inni í lið um aðrar korntegundir. Eigi skal ég um það segja, að hve miklu leyti unnt væri að koma í veg fyrir fóðurinnflutning með framleiðslu grænfóðurverksmiðja. Þó hef ég hitt menn, sem hafa þekkingu á þessum hlutum og líta svo á, að það mætti koma í veg fyrir slíkan innflutning um allt að 85%. Sést þá, að hér er um mjög þýðingarmikið atriði að ræða. Í þessum kafla er að því vikið, að landnámsstjórn skuli með samþykki landbrh. gera áætlun um, hve margar grænfóðurverksmiðjur sé hyggilegt að stofna í landinu, og um staðarval þeirra. Þá er og í þessum kafla að því vikið, að þó að gert sé ráð fyrir því, að grænfóðurverksmiðjur séu yfirleitt fjármagnaðar af Landnámi ríkisins, þá séu einnig heimildir til þess, að Landnámið styrki stofnun grænfóðurverksmiðja, sem reistar eru af félagssamtökum bænda. Verulegur hluti af þessu frv. eða þeir hlutar þess, sem fjalla um stuðning við ræktun almennt og grænfóðurverksmiðjur, miða að því að efla innlenda fóðuröflun. Það eru búvísindi, sem gilt hafa á öllum öldum og hafa ekki brugðizt til þessa, að hver sá bóndi, sem hefur nægilegt heyfóður, hefur allajafna góða afkomu. Á sama hátt eru það búvísindi, sem jafnlengi hafa gilt, að heyleysi er ævinlega undanfari fátæktarinnar. Þess vegna er það ákaflega mikilsvert atriði að stuðla svo að innlendri fóðuröflun með ræktun og með stofnun grænfóðurverksmiðja, að fóðurskorturinn verði rekinn á dyr úr okkar landi og bændur í sveitum landsins þurfi ekki að sjá framan í þann vágest framvegis.

Í XI. kafla frv. er fjallað um framlög Landnáms ríkisins til einstakra framkvæmda. Í 1. lið er þar rætt um framlög Landnáms ríkisins til íbúðarhúsabygginga í sveitum. Samkv. gildandi l. veitir Landnám ríkisins allt að 60 þús. kr. til byggingar íbúðarhúsa og jafnframt allt að 10% til endurbyggingar á íbúðarhúsum í sveitum, þó aldrei yfir 60 þús. kr. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að hækka þetta framlag upp í 120 þús. kr., sem veitist með sömu reglum og fyrr hefur verið gert. Lán til íbúðarhúsa í sveitum er nú frá Stofnlánadeild landbúnaðarins 450 þús. kr. Lán og framlag samkv. þessu frv. væri því 570 þús. kr. Lán frá Húsnæðismálastofnun ríkisins er nú 600 þús. kr. Þarna munar 30 þús. kr. Ætla verður, að Búnaðarbanki Íslands taki lánareglur um lán til íbúðarhúsa í sveitum til endurskoðunar og sjái um, að íbúðarhús hjá bændum njóti eigi minni lánafyrirgreiðslu en gerist annars staðar. En um hámark slíkra lána er ekki fjallað í þessum lögum. Það atriði að veita sérstök framlög til byggingar íbúðarhúsa í sveitum er m. a. hægt að rökstyðja með því, að byggingar í sveitum seljast ekki á frjálsum markaði með sama hætti og álíka mannvirki í þéttbýlinu, þannig að hverju sinni, sem bóndi selur eignir sínar í sveit, þá má vænta þess, að hann verði að sæta lægra verði en hann hefur í þessi mannvirki lagt. Þessu er yfirleitt öfugt farið í þéttbýli, og er ástæða til þess, að þjóðfélagið veiti þarna sérstakt framlag til þess að koma nokkuð til móts við það fjárhagslega tjón, sem bændur mega búast við að þurfa að taka á sig í slíkum tilvikum. Spursmálið er þó ævinlega með slík framlög, hvað þau eigi að vera há, og kemur þar til, að erfitt er að girða fyrir það, að nokkur hætta geti verið á því, að þeir, sem ekki er hægt að segja, að hafi beina þörf fyrir slík framlög, fái þau eigi að síður. Fjárhæð slíkra framlaga er, eins og ég hef þegar sagt, alltaf nokkurt álitamál, en þetta varð niðurstaða nefndarinnar. Hún er sammála um að leggja þetta til, enda þótt einstakir nefndarmenn hefðu kosið eitthvað annað.

Í 2. tölul. þessa kafla er fjallað um heimildir fyrir landnámsstjórn að veita framlög til þess að styðja þá stefnu frv., sem fjallar um hagkvæmni í þróun byggðar, og er ekki ástæða til þess að rekja það frekar hér.

Þá er lagt til að hækka framlög til byggingar gróðurhúsa úr 60 kr. á fm í 120 kr. á fm eða um 100%. Nú er byggingarkostnaður í gróðurhúsum talinn vera um 2400 kr. á fm, svo að þó að hér sé um 100% hækkun að ræða á framlagi, þá dregur það ekki mjög langt í þeim byggingarkostnaði, sem gróðurhúsaeigendur verða að sæta.

Þá er eftir þessu frv. gert ráð fyrir því, að Landnám ríkisins greiði allt að 3 þús. kr. á hektara í ræktun, mishátt að vísu eftir tegund ræktunarlands. Það er mun dýrara að rækta mýri en sanda og hefur verið gerður mismunur á framlagi í samræmi við það. Hins vegar eru ekki í þessu frv. takmarkanir á þessu framlagi miðað við stærð ræktunarlands hjá hverjum bónda, eins og til þessa hefur verið. Eftir gildandi l. veitir Landnámið slíkt framlag, þar til 25 hektara túnstærð er náð á hverju býli, en ekkert, eftir að því marki er náð. Ætlunin var að veita með slíku sérstöku framlagi á hinum smærri býlum sérstakan stuðning við þá, sem dregizt höfðu aftur úr við ræktun, og flýta því, að lífvænlegri búskaparaðstöðu yrði náð. Í þessu hefur vissulega verið veruleg hjálp fólgin fyrir hina smærri bændur og hefur í ýmsum tilvikum borið tilætlaðan árangur, en þetta hefur þó valdið ýmsum erfiðleikum í framkvæmd, og af þessum sökum hefur borið á verulegri tilhneigingu til skiptingar á jörðum, sem í mörgum tilvikum hefur verið óeðlileg. Þetta framlag var í fyrstunni bundið við 10 hektara hámark, síðan var það fært upp í 15 hektara og nú í gildandi l. 25 hektara, eins og áður sagði. Sumir bændur hafa af þessum sökum ævinlega verið rétt á undan þeim stærðarmörkum, sem

þarna er um rætt, og hafa því einskis notið af þessu framlagi. Það er skoðun okkar, sem að þessu frv. stöndum, að hér sé um mikilsvert atriði að ræða að greina ekki þarna á milli bænda eftir stærð ræktunarlanda, og við höfum af þeim sökum, svo að meiri líkur væru til þess, að við næðum því fram, ekki lagt til að hækka þetta framlag á einingu nú. Framlög til ræktunar eru einnig greidd, eins og kunnugt er, eftir jarðræktarlögum, og eru eftir því, sem nú gildir, frá 5700 kr. til 9676 kr. á hektara í túnum undir 25 hektara túnstærð, en frá 2400 kr. til 6377 kr. á þeim túnum, sem eru yfir 25 hektara túnstærð, og kemur þarna fram, að enn er eftir jarðræktarl. gerður mismunur á jarðræktarframlagi eftir túnstærð, og sýnist eigi ástæða til þess að gera það lengur eftir þessum l. Þá eru og, eins og ég hafði þegar vikið stuttlega að, veittar allt að 3 þús. kr. á hektara til endurræktunar túna til grænfóðurræktar og á nýrækt í félagsræktun eða ræktun í sveitum, og er sama, hvaða búskaparform valið er.

Til virkjunar jarðvarma, sem áður er vikið að, er um opna heimildargr. að ræða, og má vænta þess, að landnámsstjórn setji um það reglur, hvað slík framlög megi vera hæst. Þá er og í þessum kafla lagt til að leggja fram fé til stofnunar grænfóðurverksmiðja eigi minna en kr. 7.5 millj. kr. á ári.

Í 63. gr. er vikið að framlagi ríkissjóðs til Landnáms ríkisins miðað við auknar skyldur og breytt verðlag frá þeim tíma, er þessu framlagi var síðast breytt. Þar er gert ráð fyrir því, að landnámsstjórn geri árlega áætlun um fjárþörf Landnámsins og leggi þá áætlun fyrir fjárlaga- og hagsýslustofnunina og fjvn., áður en fjárl. eru afgreidd. Þessi fjárhæð skal þó eigi vera minni en 53.3 millj. kr. í fyrsta sinni árið 1972. Sú fjárhæð er fundin út í samræmi við áætlun, sem Landnám ríkisins gerði fyrir það ár. E. t. v. væri ástæða til þess að víkja að einstökum liðum í þeirri áætlun, en ég mun nú ekki geta nema þeirra stærstu. Til nýræktar er áætlað að verja 13.5 millj. kr., til nýbygginga og endurbygginga íbúðarhúsa 12 millj. kr., til grænfóðurræktar 7.5 millj. kr., til grænfóðurverksmiðja 7.5 millj. kr. og til rekstrarkostnaðar Landnáms ríkisins, sem taka verður af þessu fé, eru áætlaðar 6 millj. kr.

Þá eru í XII. kafla frv. ákvæði um Byggingastofnun landbúnaðarins, sem eftir gildandi l. ber heitið Teiknistofa landbúnaðarins. Lagt er til að breyta nafni Teiknistofunnar, vegna þess að eftir þessu frv. eru störf unnin á teiknistofu ekki lengur talin vera aðalatriði í störfum stofnunarinnar, heldur alhliða störf á sviði byggingamála landbúnaðarins. Í þessum kafla kemur og fram, að aukið er verksvið Byggingastofnunarinnar og dregnir saman í eina gr. höfuðþættir þess. Á verksviði hennar er m. a., svo sem verið hefur, að samþykkja uppdrætti að mannvirkjum, sem lán er veitt til úr Stofnlánadeild. Gert er ráð fyrir, að stofnunin gefi út upplýsingarit með almennum leiðbeiningum um byggingar og fyrirkomulag þeirra. Slík útgáfa upplýsingarita ætti að vera mjög veigamikill þáttur í starfi Byggingastofnunar landbúnaðarins. Slík rit þurfa að innihalda ýmsar tæknilegar upplýsingar um byggingu útihúsa til sveita, einnig upplýsingar um alla þá möguleika, sem þekktir eru í fyrirkomulagi gripahúsa, svo og nákvæmar teikningar af innréttingum, svo sem básum, görðum og fleiru þvílíku. Ekki er ástæða til að eyða fleiri orðum að því, að slík upplýsingarit geta haft verulega þýðingu. Þá er og að sjá bændum fyrir hentugum teikningum af mannvirkjum og húsum til sveita, svo sem verið hefur til þessa. Einnig að fylgjast með innlendum og erlendum nýjungum á sviði húsagerðar og rannsaka þær og gera tilraunir með, hversu þær muni henta við okkar aðstæður. Gæta þarf þess sérstaklega, að slíkar nýjungar, sem fengnar eru erlendis frá, eiga fæstar við okkar staðhætti ómeltar, heldur verður að gera á þeim sérstakar athuganir og laga þær að okkar aðstæðum. Þá er stofnuninni falið að vinna í samráði við Landnám ríkisins sbr. það, er um getur í 29. gr. þessa frv., að tillögugerð um skipulag og þróun byggðar og enn fremur að gera áætlanir og skipulagsuppdrætti fyrir byggingar í sveitum og gefa ráðleggingar um fjárfestingu. Á þessu sviði er brýn nauðsyn, að Byggingastofnunin geti unnið verulegt starf, því að með því að skipuleggja fjárfestingu í byggingum sveitabæja nokkur ár fram í tímann ætti að mega komast hjá því, sem oft hefur borið við, að um ótímabærar og vanhugsaðar byggingaframkvæmdir sé að ræða annars vegar vegna ónógra eða lítilla upplýsinga um, hvað ætla mætti, að hentugast væri, svo og vegna seinnar afgreiðslu lána. Með aðstoð Byggingastofnunar ríkisins mætti ætla, að komið yrði betra skipulagi á þessi mál. Bændur gætu þá einnig gert sér ljósari grein fyrir því, hvaða fjármagn þeir geta bundið í framkvæmdum í náinni framtíð.

Þá er í frv. þessu gert ráð fyrir því, að Byggingastofnunin setji byggingafulltrúum erindisbréf í samráði við sýslunefndir. Byggingafulltrúar til sveita starfa á vegum sýslunefnda og Stofnlánadeildar landbúnaðarins sem umboðsmenn Stofnlánadeildar við úttekt bygginga, en þeir hafa á engan hátt verið tengdir þessum l. Talið er eðlilegt, að þeir aðilar, sem greiða byggingafulltrúum laun, hafi samráð um það að setja þeim erindisbréf og starfsreglur.

Þá er hér í 69. gr. nýmæli, sem fjallar um það, að Byggingastofnun landbúnaðarins sé heimilað að selja þjónustu sína gegn vægu gjaldi og mynda með því sjóð, sem hafi það markmið að veita framlög til framkvæmda á nýjum hugmyndum um gerð og fyrirkomulag gripahúsa eða útihúsa í sveitum. Það hefur valdið Byggingastofnuninni talsverðum erfiðleikum að geta ekki styrkt nýjar hugmyndir, sem koma fram í byggingum gripahúsa, með fjárframlagi. Það er í hæsta máta hægt að telja óeðlilegt, að bændur taki í sífellu á sig áhættuna af nýjum hugmyndum, sem fram koma um byggingar og fyrirkomulag þeirra, án þess að fá einhvern fjárhagsstuðning. Gjald það, sem hér er farið fram á, að heimild fáist til að taka fyrir þessa þjónustu, er

hugsað lágt. Það er á svipuðum grundvelli byggt og gjald Húsnæðismálastofnunarinnar fyrir teikningar sínar. Um starfsemi slíks sjóðs og framkvæmd þessarar gr. þarf að setja reglugerð, ef frv. þetta nær að verða að l. Svo er og um ýmis fleiri ákvæði frv., sem ekki er ástæða til þess að fara út í.

XIII. og XIV. kaflar frv. um viðhaldsskyldu o. fl. og ýmis ákvæði eru efnislega ekki mikið breyttir. Þeir eru styttir og færðir að orðalagi í samræmi við það, sem betur sýnist fara, og ekki ástæða til að víkja mikið að þeim. Þó segir hér í ákvæðum til bráðabirgða, að Landnámi ríkisins sé heimilt að greiða á árinu 1972 framlög samkv. l. þessum, ef afgreiðslu ná, vegna framkvæmda, sem teknar eru út á árinu 1971. Þá er við það miðað, hvenær framkvæmd er tekin út, en ekki, hvenær framkvæmd er hafin eða hvenær henni var lokið.

Ég hef þá lokið við að fara yfir einstaka kafla frv. Í grg., sem frv. fylgir, eru dregin saman helztu nýmæli og helztu breytingar, sem fram koma í frv., og er rétt að rekja þær hér:

1. Horfið er frá því stefnumiði að skipta og fjölga bújörðum í landinu.

2. Landnámi ríkisins falið frumkvæði til áhrifa á hagfellda þróun byggðar í sveitum, m. a. með:

a) Tillögugerð í samráði við aðra aðila um hagkvæmt skipulag byggðar.

b) Heimild til að veita framlag til sameiningar jarða.

c) Heimild til að synja um framlög og lán til endurbyggingar á eyðijörðum, teljist það treysta byggðina betur að ráðstafa þeim á annan hátt, t. d. sameina þær nágrannajörðum.

d) Ráðstöfunarrétti yfir býlum, sem losna úr ábúð í byggðahverfum.

e) Heimild til að veita sérstök framlög til að treysta búsæld á jörðum, sem þýðingarmikið telst að halda í byggð.

3. Landnám ríkisins hættir að rækta ákveðna túnstærð fyrir hvert býli í byggðahverfum og að öðru leyti leggja þar í beinan kostnað við framkvæmdir, utan þess, sem samningar segja fyrir um, við gildistöku þessara laga. Til þessara framkvæmda fór um skeið verulegur hluti af ráðstöfunarfé Landnámsins.

4. Auknar eru mjög þær kröfur, sem gerðar eru um landstærð o. fl., til þess að stofnun nýbýlis fáist viðurkennd. Stofnun nýbýla er ekki lengur einn höfuðþátturinn í tilgangi laganna. Nafni stjórnar Landnáms ríkisins breytt í samræmi við það í landnámsstjórn.

5. Færðar í lög reglur, sem fara þarf að við stofnun félagsbúa og félagsræktunar, svo að viðurkennd verði sem hæf til að njóta framlaga og lána eftir lögum þessum.

6. Tekin upp framlög til endurræktunar kalinna og skemmdra túna, og einnig tímabundið til grænfóðurræktar. Ber að líta á það sem viðbrögð við áhrifum af hinu kólnandi veðurfari síðustu ára.

7. Landnámi ríkisins heimilað að veita framlög til aðstoðar við nýtingu jarðvarma á sveitabæjum.

8. Tekin í lög ákvæði um grænfóðurverksmiðjur. Áætlað að veita eigi minna en 7.5 millj. kr. árlega til stofnunar þeirra á næstu árum. Grænfóðurverksmiðjur í Gunnarsholti og á Hvolsvelli felldar undir þessi ákvæði. Með þessu er m. a. stefnt að aukinni og bættri innlendri fóðuröflun, sem spari innflutning kjarnfóðurs.

9. Greidd verði eftir þessum lögum framlög á alla nýrækt, án tillits til stærðar ræktunarlands hjá hverjum bónda.

10. Hækkuð verði framlög eftir þessum lögum til nýbyggingar og endurbyggingar á íbúðarhúsum og gróðurhúsum.

11. Hækkað verði framlag ríkissjóðs til Landnáms ríkisins í samræmi við breytt verðlag og ný verksvið.

12. Starfssvið Teiknistofu landbúnaðarins verði víkkað og nái m. a. til þess að gera áætlanir og skipulagsuppdrætti fyrir byggingar á sveitabýlum og að vera ráðgefandi aðili á sviði fjárfestingar í sveitum. Nafni Teiknistofunnar breytt í samræmi við það í Byggingastofnun landbúnaðarins.

Frv. þetta er, eins og ég gat um í upphafi, samið af nefnd. Ástæða er til þess að vekja athygli á því og leggja á það áherzlu, að í nefnd þessari náðist samstaða um þær till., sem frv. felur í sér. Einstakir nefndarmenn hefðu þó kosið, að einstök atriði væru á annan veg, en niðurstaða nefndarinnar varð eigi að síður sú, er fram kemur í því frv., sem hér liggur fyrir. Ástæða er þó til þess að vekja sérstaka athygli á því, að alger samstaða var um þau stefnumið, sem þetta frv. felur í sér. Það má þó einnig geta þess, að einstakir nefndarmenn létu uppi skoðanir um nokkru meiri skipulagsbreytingar en hér koma fram á því sviði landbúnaðarlöggjafarinnar, sem þetta frv. snertir og grípur yfir. Má þar nefna, að upp komu raddir um það, að ástæða væri til þess að færa öll ríkisframlög til framkvæmda í sveitum á hendur eins aðila. Sem kunnugt er, eru ríkisframlög greidd út af tveimur stofnunum, Landnámi ríkisins og Búnaðarfélagi Íslands, eftir jarðræktarl. Eigi varð samkomulag innan nefndarinnar um framkvæmd á þessum atriðum. Þá bryddi og á röddum í nefndinni um það, að eðlilegt kynni að verða að fela einni stofnun að hafa yfirstjórn allra jarðeigna ríkisins, en eins og kunnugt er, heyra jarðeignir ríkisins nú undir þrjá aðila, þ. e. Landnám ríkisins, Jarðeignadeild ríkisins og kirkjujarðirnar undir dóms- og kirkjumrn. Eigi varð heldur samkomulag um framkvæmd á þessum atriðum og liggja þau því kyrr. Það kann að vera, að einstökum hv. þm. þætti ástæða til að gera fleiri skipulagsbreytingar í þessum efnum, en telja verður, að það frv., sem hér er lagt fram, feli í sér breytingar, sem auðveldi mjög frekari breytingar á landbúnaðarlöggjöfinni, ef horfið verður að því ráði síðar.

L. þessi hafa frá upphafi haft stórkostlega þýðingu fyrir landbúnaðinn og þar með þjóðina alla, og skal þáttur þess hluta þeirra, sem fjallar um Landnám ríkisins, ekki vanmetinn, hvað þetta snertir. Breytingar eru örar í framrás tímans, og

nýir tímar bjóða upp á ný viðhorf. Því ber að fella það niður úr löggjöf sem þessari, sem misst hefur gildi sitt, en taka annað upp, sem fellur að viðhorfum nútímans, og ætla má, að hafi áhrif á þá framvindu, sem framtíðin ber í skauti sér til hagsbóta fyrir þá, sem við eiga að búa. Það er skoðun okkar flm. og þeirra nefndarmanna allra, sem að þessu frv. standa, að breytingar þær og nýmæli, sem í því eru fólgin, feli þetta í sér. Með frv. þessu er að því stefnt, að l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins o. fl. veiti á komandi árum ekki síður en hingað til öflugan stuðning í þýðingarmiklu uppbyggingarstarfi bændastéttarinnar auk þess mikla gildis, sem þau beint eða óbeint hafa fyrir þjóðarbúið í heild.

Ég leyfi mér svo að láta í ljós þá ósk okkar flm. og nefndarinnar í heild, að hv. Alþ. sjái sér fært að haga svo störfum sínum í sambandi við þetta frv., að það nái afgreiðslu þegar á þessu þingi. Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að æskja þess, að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Eins og kom fram í framsöguræðu þeirri, sem hér var flutt um þetta frv., sem hér liggur fyrir, þá er þetta frv. samið af nefnd, sem var skipuð á s. l. ári. Vonir stóðu til, að þetta frv. kæmi löngu fyrr hér til Alþ. en raun hefur orðið á. Ég verð að segja það, að ég batt töluverðar vonir við, að þetta frv. mundi koma að miklu gagni fyrir landbúnaðinn, en ég verð að segja það, að eftir að hafa farið yfir það að vísu ekki ítarlega finnst mér, að það muni ekki marka mikil tímamót fyrir landbúnaðinn, þó að samþ. verði. Hins vegar verður að játa það, að það eru viss atriði í þessu frv., sem eru nýmæli og mundu verða til bóta, ef þau næðu fram að ganga. En aðalatriðið, sem mér fannst, að þyrfti að koma fram nú, var um langtum meiri aðstoð til þeirra bænda, sem verst eru settir í sambandi við dauðu túnin, en ég varð fyrir miklum vonbrigðum í sambandi við þann þátt frv.

Ég mun ekki ræða mikið um einstakar gr. þessa frv. Ég er í þeirri n., sem mun fá það til meðferðar, en ég vil láta það koma fram hér við þessa umr., að eiginlega átti ég von á því, að langtum meiri skipulagsbreyting yrði gerð á þessum málum en þetta frv. felur í sér. Mér finnst, að það sé lítil hagræðing í því að hafa í raun og veru þarna þrjár stofnanir, sem vinna í sjálfu sér alveg sömu verkin. Það þarf að hafa a. m. k. þrefalda spjaldskrá. Það er lagt til í þessu frv. t. d., að Landnámið fari að kortleggja sveitirnar eins og Búnaðarfélagið og ráðunautarnir eru í raun og veru að gera og hafa gert að þessu leyti; það á sem sé að fara að margvinna sama verkið. Ég hef haft þá skoðun, að í raun og veru væri Landnámið, eins og það hefur verið, búið að vinna að miklu leyti sitt aðalstarf, þ. e. í sambandi við nýbýlin, og í sambandi við endurskoðun þessara l. hlyti það að verða að einhverju leyti sameinað Búnaðarfélaginu eða öðrum deildum, sem fjalla um þessi mál. Og það hlýtur að vera mikill sparnaður í því, vegna þess að ég sé ekki, að það sé neitt sérstakt verkefni, sem Landnámið hefur nema það, sem í raun og veru aðrir hafa, eins og t. d. bæði Teiknistofa landbúnaðarins — ég man nú ekki það nýja orð, sem nú er haft yfir það hér, en það skiptir ekki máli — og svo náttúrlega Búnaðarfélagið.

Margt af því, sem kemur hér fram í þessu frv., er í raun og veru bara að viðurkenna það, sem orðið er. Það er farið að framkvæma sumt af þessu. Það er ekki mikið af nýmælum í þessu frv.; þó eru þau til. Og sumum af þeim fagna ég eins og t. d. nýmælunum um aðstoð í sambandi við hitaveitu og þess háttar. Þó að það náttúrlega komi aldrei til góða nema sárafáum bændum í landinu, þá er þarna spor í rétta átt stigið að mínu viti. Í sambandi við það að leyfa ekki nýbýli, nema þau hafi 100 hektara ræktanlegt land. Ég verð að segja það, að mér finnst þetta mark vera nokkuð hátt. Ég þekki t. d. ákaflega marga bændur í Eyjafirði, sem eru jafnvel beztu bændurnir. Þeir hafa ekki hálfa þessa túnstærð, og ég held, að það sé ákaflega hæpið, ef önnur rök hníga að því að stofna nýbýli, að krefjast þess, að þessi stærðarmörk verði sett í sambandi við nýbýli. Hins vegar er það að vísu nú og hefur verið um sinn og verður sjálfsagt, að það verða ákaflega fáir, sem fara út í það að byggja nýbýli af þeirri einföldu ástæðu, að það er nógu erfitt að fá menn til að sitja þær jarðir, sem nú eru í byggð. En þetta ákvæði samt sem áður finnst mér orka mjög tvímælis eins og að vísu fleira, sem ég ætla ekki að fara inn á hér.

Í sambandi við þann styrk, sem er ætlaður til íbúðarhúsa, er náttúrlega fráhvarf frá því, sem áður hefur verið, þegar hann var ákveðinn bæði 1958, 1960, 1962 og 1964 líklega síðast. Með því að áætla þann styrk núna 120 þús. kr. þá er það miðað við framkvæmdamátt peninganna langtum minna en var í öll þau skipti, sem hann var áður hækkaður. Það hefði þurft að vera um 160 þús. kr. til þess, að framkvæmdamáttur þess fjár væri svipaður og var í hin skiptin. Þetta ber að harma. Hins vegar hef ég oft efazt um það, að þetta sé rétt stefna með þessa styrki. Það hefði verið miklu skynsamlegri leið að hafa þessa vexti af lánunum í Búnaðarbankanum miklu lægri en þeir eru, hafa ekki styrkinn, en hafa lánin langtum hærri.

Hv. 4. þm. Norðurl. v. kom inn á það, að styrkurinn væri 120 þús. kr. og lánin úr Búnaðarbankanum 450 þús. kr. — sem sé samtals 570 þús. kr., og minnti hann á það, sem er rétt, að lán frá Húsnæðismálastofnun ríkisins væri um 600 þús. kr. og miðað við þessar tölur væri ekki mikill munur þarna á. Hann gat um það, að hann vonaðist til þess, að bankastjórn Búnaðarbankans mundi hækka þessi lán. Og ég verð að segja það, að ég held, að það sé fullur skilningur einmitt fyrir því hjá bankastjórn Búnaðarbankans að hækka lánin, ef bara fást peningar til þess, að það sé hægt. En það eru ekki og voru ekki fyrir hendi á síðasta ári nægir

peningar til þess að hækka þessi lán í raun og veru miðað við það, sem þau hefðu þurft að vera, því að sannleikurinn er sá, að það er ekki hægt að bera saman lán út á íbúðarhús í sveitum og lán frá Húsnæðismálastofnun ríkisins vegna þess, að bændurnir þurfa að byggja langtum stærra yfir sig vegna síns rekstrar en t. d. þeir, sem í bæjunum eru. Það þarf ekki að færa rök fyrir þessu. Þetta ættu allir að vita, þannig að í sjálfu sér þyrftu þessi lán að vera miklu hærri en þau eru, ef þau ættu að vera hlutfallslega sama prósenta og íbúðirnar kosta yfirleitt á sveitabæjum eða þurfa að kosta, ef á að byggja, eins og þörf er á. Hv. þm. sagði, að það væru ekki í þessum l. hámarkslán til íbúðarhúsabygginga. Þetta er náttúrlega misskilningur, því að í frv. er það, að það má ekki lána yfir 60% af kostnaðarverði. Það eru hámarkslánin. En ég álít, að hámarkslán núna til þess að ná því marki mætti vera nokkuð hátt, því að ég geri ráð fyrir því, að hús, sem er sómasamlegt nú miðað við þá byggingarvísitölu, sem er, muni vart kosta undir 2 millj. kr. Og þá sjáum við, að þetta er lítill hluti af þeim kostnaði, og ég verð bara að segja það, að eins og þetta er orðið, þá sé ég ekki, hvernig bændur eiga að geta byggt yfir sig miðað við bæði fjáröflunarmöguleika og afkomumöguleika.

Ég vil endurtaka það, að ég harma, að ekki skyldi vera samstaða um það í nefnd að gera meiri skipulagsbreytingar en hún hefur gert. Ég heyrði það á ræðu hv. frsm., að það munu hafa verið skiptar skoðanir um þetta, enda ber grg. það með sér, að sumir hafa viljað ganga miklu lengra í því efni, en ekki er komið inn á það frekar á hvern hátt. Ég mun, þegar þetta kemur til n., beita mér fyrir því að fá ýmsu hér breytt frá því, sem það er, án þess þó að vilja tefja málið, því að það eru hér viss atriði, eins og ég sagði áðan, sem ég tel til bóta.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess á þessu stigi málsins að ræða þetta frekar, en vil endurtaka það, sem ég áður hef sagt, að það er of lítil hagræðing í þessum málum hjá okkur. Það væri áreiðanlega hægt að spara þarna ýmislegt og nota til nauðsynlegri hluta en til þess að hafa þarna þrefalt kerfi, sem á að þjóna alveg sömu málum.

Bjartmar Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. um þetta mál neitt teljandi og tel þess ekki þörf eftir þá ítarlegu ræðu, sem hv. flm. málsins flutti hér áðan. Málið liggur mjög ljóst fyrir þeim, sem á orð hans hlýddu, sem voru að vísu ekki margir hér, en þau verða væntanlega eitthvað túlkuð í blöðum og útvarpi, og um leið og ég segi þetta, þá vil ég fagna því, að þetta frv. er fram komið. Við hefðum sennilega margir óskað eftir því, að það hefði komið fyrr á þessum vetri, en sá tími, sem nefndin hefur haft til að starfa að þessu máli, hefur ekki verið meiri en svo, að það er ekki eðlilegt, að hún væri fyrr búin en þetta. Og ég ætla, að hún hafi unnið sitt verk vel og farið mjög nákvæmlega út í ýmis atriði eða þau atriði, sem hún átti um að fjalla. Hitt er svo annað mál, að menn eru sjálfsagt ekki sammála um öll þau atriði, sem eru í þessu frv. Ég vil fyrir mitt leyti þó lýsa yfir, að ég tel, að það gangi í öllum aðalatriðum í rétta átt, og vil fyrir mitt leyti stuðla að því eftir megni, að þetta frv. nái fram að ganga á þessu þingi, ef mögulegt er. Það eru sérstaklega viss nýmæli í frv., sem ég tel, að sé mjög nauðsynlegt, að geti fengið afgreiðslu sem allra fyrst. Þar á ég við fyrst og fremst stuðning þann, sem frv. gerir ráð fyrir að veita til grænfóðurræktar, sem ég tel, að sé það úrræði, sem helzt sé hægt að grípa til í bili vegna þess harðæris, sem verið hefur og kals og skemmda í túnum. Ég get ekki tekið undir það, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði hér áðan, að það væri lítið um nýmæli í þessu frv. Ég tel það hins vegar talsvert mikið. Í öðru lagi vil ég nefna það nýmæli, að þarna er gert ráð fyrir því, að Landnámið styrki í verulegum mæli stofnun verksmiðja til þess að vinna fóðurmjöl eða köggla úr íslenzku grasi. Þetta er mjög verulegt atriði, og ég er því mjög fylgjandi, að hægt sé að koma slíkum verksmiðjum á víðar en orðið er, en þær eru nú þegar tvær á Suðurlandi.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta frv. fleiri orðum. Mér dettur ekki í hug að fara út í efni þess til viðbótar því, sem hér hefur verið þegar gert. Ég geri ráð fyrir, að það komi til kasta þeirrar n., sem ég er í, að fjalla um frv. En ég vil biðja hæstv. forseta að reyna að haga þannig málum við afgreiðslu þessa frv., að það geti komið sem allra fyrst til n. Hugmynd mín er, að strax og því hefur verið vísað til landbn. haldi n. fund um það og sendi það til umsagnar Búnaðarþingi, sem nú situr að störfum og verður ekki lengi að störfum. Þess vegna tel ég mjög áríðandi, að það geti komizt sem allra fyrst til þeirrar n., sem á að afgreiða það á formlegan hátt.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Það má kannske til sanns vegar færa, sem komið hefur fram hér við 1. umr. þessa máls, að hér sé frekar um það að ræða að samræma eldri l. nýjum aðstæðum en um það, að alveg ný lagasmíð sé hér á ferð. Ég tel, að meginatriðið í þessu frv. sé það að efla Landnám ríkisins og ákvarða því ný verkefni í samræmi við nýjar aðstæður og einnig að marka starfssvið Teiknistofu landbúnaðarins, sem samkv. frv. á að heita Byggingastofnun landbúnaðarins, og færa það nokkuð út á vissum sviðum. Ég tel það mjög mikilsvert að efla þessar stofnanir og fela þeim að hafa forustu um skipulagsmálin og leiðbeiningar- og ráðleggingarstarfsemi á skipulagningarsviðinu.

Höfuðbreytingin varðandi Landnám ríkisins er þó sú stefnubreyting, að það er horfið frá nýbýlastefnunni, býlafjölgunarstefnunni, þ. e. þeirri stefnu, sem leiddi af sér mikil skipti jarða, en aftur horfið að hinu, þ. e. að treysta byggðina með ýmsum hætti bæði skipulagslegum aðgerðum og fjármálalegum aðgerðum.

Rauði þráðurinn í frv. í heild er svo kannske það að vinna að eflingu innlendrar fóðurframleiðslu,

sem að mínum dómi er eitthvert allra stærsta málið, uppistaðan í okkar landbúnaði. Þetta er gert. Það á að stuðla að þessu með ýmsu móti samkv. frv., t. d. með því að styðja félagsræktun og með því að styðja grænfóðurverksmiðjur. Þá er og ætlunin að treysta byggðina með stuðningi við ýmsar hliðargreinar. Það er tekinn upp stuðningur við varmaveitur bæði til hitunar íbúðarhúsa, til heyþurrkunar og til ræktunar í gróðurhúsum. Í sambandi við hugsanlega býlastofnun er gert ráð fyrir hvoru tveggja, þ. e. þeim möguleika að stofna býli, sem fyrst og fremst eru byggð upp með þeim venjulega búskap, sauðfjárrækt og nautgriparækt, og þá með nægilega mikið landrými til þess, að hægt sé að reka slíkan búskap af þeirri stærð, sem nauðsynlegt er til þess, að það geti veitt fjölskyldunni lífsviðurværi, og einnig er gert ráð fyrir því, að til greina geti komið að stofna býli með minni landstærð, ef þau hafa ýmsa aðra möguleika t. d. í sambandi við ræktun í gróðurhúsum, fiskeldi, smærri iðnrekstur í sveitum o. s. frv.

Ég var andvígur á sínum tíma þeirri stefnu, sem kom fram í bráðabirgðasparnaðarl., sem hér voru samþ. fyrir fáum misserum, þar sem gert var ráð fyrir að skerða tekjur og starfssvið Landnáms ríkisins. Ég var alveg andvígur því. Með þessu frv. er alveg horfið frá þeirri stefnu, sem kannske var engin stefna, heldur bráðabirgðaráðstöfun. Hér er alveg horfið frá því og blaðinu snúið við og Landnámi ríkisins og Byggingastofnun landbúnaðarins fengin ný verkefni og væntanlega gert kleift að sinna þeim, því að þetta frv. gerir ráð fyrir mjög auknum fjárframlögum til Landnáms ríkisins til þess, að það geti sinnt þessum nýju verkefnum. Það komu fram ýmis sjónarmið innan mþn. í sambandi við yfirstjórn landbúnaðarmálanna í heild, og má alltaf um það deila. En ég álít, að eins og nú standa sakir, sé það mjög eðlilegt að efla Landnámið til starfa og halda því sem sérstakri framkvæmdastofnun á þeim tilteknu sviðum, sem því er ætlað að vinna að. Það gefur svo auga leið, að þarna, eins og reyndar víða annars staðar, hljóta að verða ýmis landamerkjamál, sem að einhverju leyti grípa inn á svið tveggja eða fleiri stofnana. Ég lít svo á, að upphæð framlaganna hljóti alltaf að verða umdeilanleg og hljóti eðli málsins samkvæmt að verða til meðferðar meira og minna ár eftir ár og einkum á verðbólgutímum. Við samningu þessa frv. var, eins og raunar þegar hefur komið fram, farin samkomulagsleið um þau atriði, eins og auðvitað mörg önnur ákvæði þessa frv.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, herra forseti, en ég vil láta það koma fram, að ég fyrir mitt leyti tel það mjög þýðingarmikið, að hv. d. hraði afgreiðslu þessa máls eftir því, sem fært þykir.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Ég vil fagna framkomu þessa frv., og það dylst engum, sem lítur á það, að unnið hefur verið mikið starf af þeirri nefnd, sem hefur undirbúið þetta mál. Ég er í þeirri n., sem væntanlega fær þetta frv. til meðferðar, og mun þess vegna ekki fara hér ítarlega út í það. En ég kaus þó að segja nokkur orð núna við 1. umr. málsins. Það er ekki laust við, að ég vilji gagnrýna nokkur atriði í frv. Ég vil fyrst vitna í ummæli hv. frsm., 4. þm. Norðurl. v. Hann sagði, að alger samstaða hefði verið um stefnumið frv. En það er kannske einmitt um stefnumið frv., sem ég er svolítið ósammála þessari hv. nefnd, og ég skal segja það strax, hvað ég á við. Mér finnst, að það gæti um of í heild í frv. íhlutunar og stjórnunar — tilhneigingar til stjórnunar. Skipulag er orð, sem er afskaplega mikið notað nú á tímum, afskaplega dáð, en það er farið að orka dálítið tvírætt á mig oft og tíðum. Ég vil t. d. fyrst benda hér á það, sem sagt er um verksvið Landnáms ríkisins í a-liðnum um skipulagningu byggðar í sveitum landsins. Ég var að velta því fyrir mér áðan, hvort við ættum ekki að orða þetta skemmtilegar, og ég setti á blað: Að stuðla að hagkvæmri byggð og búrekstri í sveitum landsins. Ég held, að þetta sé sama markmið, en það er svolítið annar blær yfir því, þegar það er sagt á þennan hátt. Nú munum við taka þetta til athugunar í n.

En annað er það, sem ég vil koma að, og það snertir stofnun grænfóðurverksmiðjanna. Þar er gert ráð fyrir því, að þær séu yfirleitt fyrirtæki Landnámsins. Það er yfirleitt gert ráð fyrir því, þó að engan veginn sé útilokað, að til greina komi stuðningur við einhver félagssamtök, og ég vil þá sérstaklega í þessu sambandi minna á, að það hefur verið mér sérstakt ánægjuefni að heyra sagt frá því í fréttum, að stofnað hafi verið fyrirtæki vestur í Dalasýslu — hlutafélag, að ég held — eða a. m. k. félagsskapur manna þar, til að vinna að framleiðslu fóðurmjöls úr grasi og þangi. Og ég skal segja það hiklaust strax, að þetta er sú leið, sem ég vildi helzt, að við færum í þessu nauðsynjamáli. Því að það er mikið nauðsynjamál að koma upp framleiðslustöðvum, er vinna úr íslenzku grasi, og ég held, að það sé alveg rétt, að það séu einmitt kögglaverksmiðjurnar eða það form framleiðslunnar, grasköggla rnir eða heykögglarnir, sem verði skynsamlegastir og heppilegastir. En það orkar miklu betur á mig, ef hægt væri að koma þessari framleiðslu þannig fyrir — þessum framkvæmdum á næstu árum — að það séu samtök bændanna sjálfra, félagsskapur þeirra, sem gengst fyrir þessum framkvæmdum. Að vísu er sjálfsagt, að Landnámið styðji þær, og það þarf að vera kostur á mjög hagstæðum lánum til þessara framkvæmda.

Ég vil gjalda nokkurn varhug við aukinni íhlutun þess opinbera eða ríkisins á ýmsum sviðum í þjóðfélaginu og hvergi frekar en í landbúnaðinum. Ég var að lesa fyrir stuttu ágæta, skemmtilega grein um Laxárdeiluna eftir Björn Sigfússon, og ég rakst þar á vísuhendingar eða kvæðabrot, sem ég hafði ekki heyrt áður eða a. m. k. kunni ekki og hljóða á þessa leið:

> Í fjallgeimum Íslands reis hönd móti hönd,
> þar er höggfrjálst og olnbogarými.

Nú er það alger rangtúlkun að segja, að það hafi verið einhver einkenni, að í fjallgeimum Íslands hafi risið hönd móti hönd eða þar hafi verið mikið olnbogarými. Ég held, að þetta sé þvert á móti, að það sé kannske hvergi meiri samstarfsvilji og skilningur á milli fólksins en einmitt þar, sem er „höggfrjálst“ og mikið olnbogarými. Og ég vil minna á ágæta frásögn, sem kom í Morgunblaðinu fyrir nokkrum árum um þorrablót í Möðrudal, þar sem Fjallabyggðarbúar, sem eru á strjálbýlasta svæði landsins, komu saman að vetri til til þess að gleðjast! Þar reis ekki hönd móti hönd! Og þetta þurfum við að halda í. Ég er þessi mikli strjálbýlismaður sem ég er, ekki sízt vegna þess, að ég hef séð hina miklu kosti strjálbýlisins í áhrifunum á mótun og gerð þess fólks, sem þar býr. Það er sérstakur sjálfstæðisandi, sem þar ríkir — ekki endilega pólitískur. Ég er ekki að meina, að fólkið sé sérstaklega pólitískt, en andi sjálfstæðis og athafnafrelsis hefur sína miklu kosti, og við megum ekki týna honum úr þjóðlífinu — ekki úr persónuleikanum í þjóðfélaginu, hálftröllum og hálfgerðum útilegumönnum. Þá setur þjóðin ofan. Það er andleg og líkamleg hreysti, sem fylgir frelsi, kyrrð og sjálfstæði. Og ég vil gjarnan segja það hér — enda þótt það sé hreint ekkert strjálbýlt í Fljótsdal, en þar stjórnaði ég búi í 13 ár — að það er bezti tími ævi minnar, og það er kannske fyrst og fremst vegna þess, að ég réð þar ríkjum, enda þótt ég væri undir annarra stjórn, en þeir voru bara í órafjarlægð.

En kannske finnst ykkur ég vera farinn nokkuð afvega í þessu spjalli. En þetta er nú samt þáttur, sem við þurfum að gefa gaum og ekki sízt í löggjafarstarfinu hér, að um leið og við erum að reyna að bæta úr annmörkum strjállar byggðar og fjarlægða, glötum við ekki þeim kostum, sem frjálsræðinu og olnbogarýminu fylgir. Og ég held, að bændastéttin verði sú stétt eða sá hópur manna, sem lengst heldur uppi þessu merki sjálfstæðis og frjálsræðis, og ég álít, að við séum í mikilli hættu með að glata þessu í þéttbýlinu. Þar er fólkið og hefur verið í vaxandi mæli steypt í eitt og sama mót. Þess vegna vil ég nefna hér enn sérstaklega einn kafla í þessum lögum, sem svolítið hefur farið í taugarnar á mér, eins og sagt er, þ. e. orðalagið, og það er kaflinn um félagsbúskap og félagsræktun. Þar stendur: „Tveir eða fleiri bændur geta stofnað til félagsbúskapar á einni eða fleiri jörðum . . .“ Ég hef aldrei haft þá tilfinningu, að það væri nokkur hindrun á því, að sá, sem vildi fara að búa og hefði jörð til umráða, gæti sezt þar að og hagað sínum störfum, eins og hann óskaði eftir. Hitt er annað mál að gera einhverjar kröfur gegn þeim réttindum eða aðstoð, sem látin er í té af Landnámi ríkisins, þ. e. að einhver skilyrði fylgi; það er allt annað mál. En við megum undir engum kringumstæðum koma því inn í löggjöf, að það sé í raun og veru ekkert olnbogarými orðið til þess að haga háttum sínum eftir því, sem menn óska helzt.

Ég þarf ekki að láta fylgja fleiri orð um þetta, en ég viðurkenni það, að það eru mörg atriði hér mjög til bóta, og ég held, að það sé einfalt mál að laga þessa annmarka, sem ég hef hér verið að benda á, t. d. að breyta nokkuð orðalagi á þessum greinum um félagsbúskap og félagsræktun, og sérstaklega vildi ég leggja áherzlu á það, að það lægi mjög opið fyrir í lögunum, að ekki yrði síður gert ráð fyrir því, að heykögglaverksmiðjurnar verði fyrirtæki bænda sjálfra eða félagsskapar, sem þeir reka, en Landnámið sjálft komið þeim á fót og reki þær.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 57. fundi í Nd., 5. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til landbn. með 30 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Nd., 24. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 408, n. 607, 606, 622, 625).

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Landbn. hefur haft þetta mál til meðferðar, rætt það á mörgum fundum og kallað til viðtals landnámsstjóra og fleiri aðila. Einnig sendi n. málið til Búnaðarþings til athugunar. Það fjallaði um málið á venjulegan hátt í nefnd og á þinginu sjálfu, og fylgir umsögn þess með nál., prentuð sem fskj.

Landbn. varð ásátt um að mæla með samþykkt frv. með nokkrum breytingum þó. Stendur n. öll að brtt. á þskj. 606. En eins og segir í nál., þá hafa einstakir nm. áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja öðrum brtt., og einn nm., hv. 5. þm. Norðurl. e., skrifaði undir nál. með fyrirvara. Einn nm., Eðvarð Sigurðsson, var ekki viðstaddur, þegar málið var afgreitt í n. Í samræmi við þetta hefur svo hv. 5. þm. Norðurl. e. flutt brtt. á þskj. 625, sem liggja hér fyrir auk till. frá n. sameinaðri.

Ég skal nú með örfáum orðum gera grein fyrir sameiginlegum till. n. Þær eru nokkuð margar, en sumar nánast orðalagsbreytingar eða leiðréttingar. Um fyrstu till. fjórar má segja í einu lagi, að 1., 2. og 4. till. eru nánast breytingar á orðalagi, en 3. till. er flutt vegna misritunar og er um það, að í staðinn fyrir „10%“ í síðari mgr. 23. gr. komi: 25%. Verður svo að vera til samræmis við nýsett l., þ.e. l. um Lífeyrissjóð bænda.

Þá er 5. brtt. við 43. gr. frv. um, að í staðinn fyrir „eitt ár“ komi: tvö ár. Er þar átt við þann tíma, sem líða skuli frá því, að jörð fer í eyði eða hætt er að búa á jörð og þar til formlega er ákveðið, að hún teljist eyðijörð. Við nánari athugun þótti n., sem það væri of skjótlega að gert að ákveða þetta eftir eitt ár, og leggur til, að fresturinn verði tvö ár.

Sjötta brtt. er nánast umorðun á ákvæðinu um bústærð, þegar menn stofna til félagsbúskapar, en þó er þar einnig efnisbreyting að nokkru leyti til samræmis við ábendingar Búnaðarþings. Í frv. er

lagt til, að þeir, sem vilja stofna til félagsbúskapar, þurfi að hafa a. m. k. 3/4 af vísitölubúi hver um sig. En við nánari athugun þótti n. rétt að fella þetta niður, láta þetta óbundið og leggja í vald landnámsstjóra að meta það hverju sinni, hvað sé við hæfi fyrir félagsbúið.

Sjöunda brtt. er svo umorðun á ákvæðum um framlög til félagsræktunar. Eru ákvæðin með umorðuninni gerð nokkru skýrari en þau eru í frv. að dómi n.

Áttunda brtt. er eiginlega orðalagsbreyting. Felld er niður nánari skilgreining á því, þegar gróður eyðist í túnum. N. taldi ekki ástæðu til að hafa þá nákvæmu skilgreiningu á þessu, sem var í frv.

Um 9. brtt. má segja alveg það sama og um þá áttundu, að þar er aðeins um orðalagsbreytingu að ræða.

Tíunda brtt. er leiðrétting á prentvillu í fyrirsögn X. kafla. Þar stendur grænfóðurverksmiðja, en átti vitanlega að vera í fleirtölu og standa grænfóðurverksmiðjur.

Þá vil ég geta þess hér, af því að með því fylgi ég réttri greinaröð í frv., að landbn. hefur ákveðið að leggja hér fram skrifl. brtt. — ég hygg, að það sé ekki búið að prenta hana — við 56. gr. frv. um, að 2. málsl. síðari mgr. orðist svo: „Hver verksmiðja, sem stofnuð er á vegum Landnáms ríkisins, skal hafa þriggja manna stjórn.“ N. taldi það rétt, að þær verksmiðjur, sem nú hafa verið stofnaðar, geti fallið undir þessi l., t.d. geti þær notið stuðnings við endurbætur eða útfærslu á sínu vinnslukerfi, og í brtt. á þskj. 606, sem ég kem að hér á eftir, þá eru atriði, sem lúta að þessu. Hins vegar taldi n. ekki eðlilegt, að í slíkum tilvikum giltu þau ákvæði um skipun stjórnar, sem 56. gr. frv. annars felur í sér, og mun leggja fram þessa skrifl. brtt. þar um, sem ég lýsti áðan.

Ellefta brtt. á þskj. 606 er við 61. gr. Í 61. gr. frv. segir svo: „Grænfóðurverksmiðjur þær, sem nú þegar hafa verið stofnsettar, í Gunnarsholti og á Hvolsvelli, falla undir lög þessi.“ En n. leggur til, að þessi gr. orðist þannig: „Grænfóðurverksmiðjur þær, sem nú þegar hafa verið stofnsettar, falla undir lög þessi.“ Er þetta í samræmi við það, sem ég sagði áðan um þá skrifl. brtt., sem n. hyggst leggja fram.

Þá er 12. brtt. við 62. gr. Hún er afleiðing af 11. brtt.

Þá er 13. brtt. við 63. gr. um, að síðari málsl. fyrri mgr. orðist svo: „Þar af eigi minna en 7.5 millj. kr. til grænfóðurverksmiðja.“ Þetta er líka aðeins orðalagsbreyting, sem er í samhengi við þær till., sem ég lýsti hér á undan.

Þá er ég kominn að 14. og síðustu prentuðu brtt. frá n., en hún er um það að fella niður 74. gr. frv. Í þeirri grein er ákvæði um það, að ef ábúenda- og eigendaskipti verða á fasteign, sem veðbundin er Stofnlánadeild, þá skuli deildin hafa forkaupsrétt, nema um erfðaskipti sé að ræða, að svo miklu leyti sem það samrýmist l. um kauprétt á jörðum, segir hér. Og hér segir enn fremur: „Ef Stofnlánadeild eða sveitarstjórn kaupir jörð samkvæmt heimildum þessara laga, er þeim skylt að selja eða leigja jörðina gegn veði eða leigukjörum, er samsvara kaupverðinu.“ N. þótti rétt við nánari athugun að fella þessa grein niður. N. lítur svo á, að allur réttur Stofnlánadeildar sé nægilega tryggður án þessara ákvæða. Þessi ákvæði hafa verið í l., en þau hafa aldrei verið notuð, og n. telur þau nánast óeðlileg og þó fyrst og fremst óþörf með öllu.

Þá hef ég lokið að gera grein fyrir brtt. landbn. Um aðrar till., sem fyrir liggja, skal ég vera fáorður, nema ef ástæða gefst til, eftir að flm. hefur gert grein fyrir þeim. Ég vil þó segja það, að auðvitað væri það æskilegt að mínum dómi, að framlög væru ákveðin nokkuð hærri en gert er í frv., og einnig að vísitölubinda framlögin. Þessi atriði voru rædd mikið í mþn. þeirri, sem fjallaði um þetta mál og ég átti sæti í. Það fékkst ekki samstaða um að hafa þessi framlög hærri en þau eru í frv. og heldur ekki um það að taka upp vísitöluákvæði í sambandi við greiðslu þeirra. Ég tel það að vísu galla og hefði talið hitt æskilegra, að framlögin hefðu verið hærri. En hins vegar lít ég svo á, að það sé mikil bót að því að fá nú lögbundin mörg þau ákvæði, sem í þessu frv. felast — þar með að fá uppteknar þær greiðslur, sem þar er um að ræða. Ég mun því fylgja frv., eins og það er, og styðja þær brtt. einar, sem unnt er að ná samstöðu um, því að mér skilst, að með öðru móti sé ekki hægt að tryggja þessu frv. framgang, en það tel ég þýðingarmikið. Ég minni á það, að Búnaðarþing mælir einnig með því, að frv. verði samþ., þó að það hins vegar leggi til, að á því verði gerðar ýmsar breytingar. Ég held, að ég þurfi svo ekki að hafa þessa framsögu lengri, en vil afhenda hæstv. forseta þá skrifl. brtt. frá landbn., sem ég lýsti áðan.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 663) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Björn Pálsson: Herra forseti. Þetta er talsverður lagabálkur og hægt að ræða lengi um frv., en tíminn er orðinn naumur, svo að ég skal reyna að stikla á stóru.

Það eru allmörg ár, síðan l. voru sett um stofnun nýbýla og landnámsstjóri tók til starfa. Ég geri nú ráð fyrir, að þetta hafi frekar verið jákvæð starfsemi, þó að margar yfirsjónir hafi verið gerðar. Ég álít, að það, sem hafi verið mest gagn að, hafi verið að greiða fyrir því, að býli héldust í byggð með því ýmist að taka eldri býli sem nýbýli eða aðstoða með byggingarstyrki. Viðvíkjandi stofnun nýrra býla hefur sú yfirsjón verið gerð, að þau hafa verið of lítil, og með þeirri tækni, sem nú er, reynast þau of lítil, a.m.k. ef á að hafa kvikfjárbúskap, þannig að sumir hafa yfirgefið þau, og þau eru alls ekki öll í byggð, sem reist hafa verið. Í þessu frv. koma fram nokkur önnur sjónarmið. Þó tel ég, að ýmislegt sé í því, sem er dálítið brosleg t, en ég segi ekki, að sé

stórskaðlegt. Þær brtt., sem n. hefur gert, sé ég ekki, að skipti miklu máli. Þær eru ekki til ills, en ekki neitt sérstaklega jákvætt við þær, þannig að ég ætla ekki að gera þær að umtalsefni. Ég get greitt atkvæði með þeim öllum, held ég. En það eru nokkur atriði í frv., sem ég vil minnast á. Ég tel, að það, sem sé flónskulegast við þetta allt saman, sé, að þetta kerfi er allt að verða tvöfalt. Búnaðarsamböndin hafa sína ráðunauta og trúnaðarmenn, sýslunefndirnar hafa byggingafulltrúa, og svo er gert ráð fyrir, að þarna komi eiginlega annað kerfi. Ég álít, að ef mönnum er alveg sama um fjármunina, þá sé þetta allt í lagi út af fyrir sig, en ég hef ekki álitið okkur svo ríka þjóð, að við þyrftum ekki að beita einhverri aðgæzlu, og það er a.m.k. tafsamt að samræma þessi sjónarmið. Ráðunautum hjá búnaðarsamböndunum er alltaf að fjölga. Ég spurði einn af ráðunautunum, hvernig stæði á þessu. Hann sagði: „Þetta verður alltaf meiri og meiri vinna. Það er alltaf að fjölga þessum stofnunum, sem þarf að svara og gefa ýmsar skýrslur."

Annars hefur það verið mín skoðun í lífinu, að ráðunautar kenndu okkur ekki að búa, ef við kunnum það ekki sjálfir, þannig að ég held, að þeir verði fáir vel efnaðir, sem láta ráðunauta segja sér, hvernig þeir eigi að fara að því að búa. Ég hef ekkert við 1. gr. frv. að athuga. Þegar komið er að 8. gr., þá er þar allmikil klausa um lán til bústofnsauka og hljóðar svo:

„Lán til bústofnsauka má veita hreppsfélögum gegn tryggingu í fasteign eða sýsluábyrgð. Skilyrði þess, að hreppsfélag geti fengið slíkt lán, er, að myndaður hafi verið í hreppnum bústofnsleigusjóður. Reglur fyrir bústofnsleigusjóði hreppanna skulu m.a. fela í sér:

1. Hreppsnefndin hefur á hendi stjórn sjóðsins.

2. Höfuðstóll sé lifandi peningur, annaðhvort haustlömb (gimbrar) eða kelfdar kvígur.

3. Búpeningurinn sé leigður frumbýlingum í hreppnum fyrst og fremst, en einnig öðrum bændum, er sérstaka þörf hafa fyrir aukinn bústofn, t.d. er óhöpp hafa hent, er valda skepnumissi.

4. Leigutími búpeningsins skal að jafnaði eigi skemmri en 6—10 ár. Lánið sé endurgreitt í sama formi og það er tekið, þ.e. skilað haustgimbrum eða kelfdum kvígum.

5. Leiga (vextir) af þessum bústofnslánum skal greidd í lifandi peningi og sé hún einn gripur (haustgimbur eða kelfd kvíga) á ári fyrir hverja 30 gripi, sem leigðir eru."

Satt að segja finnst mér þetta dálítið frumlegt. Mér hefði fundizt eðlilegt, að þetta hefði verið svona um aldamótin síðustu. Það er náttúrlega ágætt með vaxtakjörin. Fyrir 30 gripi á að greiða einn grip. (Gripið fram í.) Þetta er í l.; þess vegna er ég að ræða um það. Það er ekkert betra, þótt maður framlengi vitleysuna. Annars er þetta meinlaust í sjálfu sér, en þetta er dálítið broslegt. Þetta er sennilega austfirzk hugmynd. Ég heyrði einhvern tíma talað um, að Gísli í Skógargerði gaf nokkrar gimbrar, og ég veit ekki, hvort kvígur fylgdu og hvort þær voru kelfdar eða hvað, en hann gaf eitthvað, og svo átti að stofna sjóð í hreppnum. Það er náttúrlega allt annar hlutur, ef einhver vill gefa eitthvað, en þetta er dálítið frumlegt. Fyrst þurfa hreppsfélögin að taka lánin, svo þarf sýsluábyrgð, og svo má ekki veita lánið nema í gimbrum og kelfdum kvígum og ekki borga leiguna nema í gimbrum og kelfdum kvígum, og þessir aumingja oddvitar, sem eiga að sýsla við þetta, bæta þessu á sig, en vextirnir verða ekki nema 3%. Þetta var þannig, að menn greiddu í smjöri leigur hér áður fyrr, en nú er tæknin orðin svo mikil, að við leggjum mjólkina inn, og svo erum við farnir að hafa nóg af seðlum, þó að þeir séu ekki verðmiklir.

Mér finnst miklu eðlilegra að hafa þetta bara þannig, að það væri lánað til þess að kaupa bústofn og vextir greiddir af peningunum. Ég hef ekkert á móti því, að vextirnir séu lágir. Þeir mættu vera svipaðir og þetta. Ef ríkisstj. vill nú allt í einu fara að lækka vexti, þá skyldi það gleðja mig að vera með þeirri till., en þetta svarar til svona 3%. Og ég held, að það væri miklu fyrirhafnarminna en að láta veslings oddvitana vera að basla með kelfdar kvígur og gimbrar að haustinu, og svo ef einhver kvíga væri ókelfd, þá gætu orðið málaferli út af því, og það er ekki gott að segja um það að haustinu, hvort kvígur eru kelfdar eða ókelfdar, þegar þær eiga e.t.v. að bera á vorin. Ég held, að í nútímabúskap væri eðlilegra að lána peninga og taka vexti í peningagreiðslu, en ég skal ekkert hafa á móti því, að vextir verði 3%; það er fjarri því. Og svo væri hægt að spara oddvitunum alveg feiknafyrirhöfn, að ég ekki tali nú um þessa veslings menn, sem leigja þetta, að stritast með kvígurnar og gimbrarnar. Og hvernig á að borga, ef maður tekur 10 kvígur eða 15 kvígur með hálfri kvígu á leiguna? Þetta er dálítið frumlegt. Það eru ekki allir, sem hafa að gera með 30 kvígur í einu. (**Gripið fram í:** En verðbólgan fer ekki með þetta.) Nei, hún fer ekki með það; það er alveg rétt. En það væri hægt að lána með vísitölu eða gengistryggingu. Ég kem nú að því seinna. Það er ekki þannig, að ég haldi, að þetta verði neitt stórskaðlegt. Ég held, að bústofnslánadeildin fari tæpast að lána kvígur og gimbrar. Það var víst í gömlu lögunum ákvæði um þetta. Það var margt gott í þeim líka. Þá hefur lítið verið lánað af gripum; ég hef ekki heyrt um það. En ef þetta er nú ekki til neinna nytja frekar en fjárfestingarfélagið hans Eyjólfs míns, þá er bezt bara að fella þetta niður.

Þá komum við að 12. gr. Það er nú ekkert stórt þar; það er þá helzt mállýti. 2. mgr. hljóðar þannig: „Eigi er Stofnlánadeild heimilt að endurlána erlent lánsfé nema með gengisákvæði, enda gangi slíkt lán aðeins til vinnslustöðva og vélakaupa." — Svo kemur 3. mgr.: „Stofnlánadeild er heimilt þrátt fyrir ákvæði 2. málsgr." — þessarar gr., sem ég var að lesa — „og ákvæði 6. gr. að endurlána erlent lánsfé til bygginga, sem reistar eru til sameiginlegra þarfa bændasamtakanna, enda séu skuldabréf fyrir

þeim lánum með gengisákvæði.“ Þarna mætti fella niður: „enda gangi slíkt lán aðeins til vinnslustöðva og vélakaupa“ — og fella svo niður hálfa aðra línu á eftir og segja: — „aðeins til vinnslustöðva, vélakaupa og bygginga, sem reistar eru til sameiginlegra þarfa bændasamtakanna.“ Þetta væri hægt að laga. Þetta er nú orðalagsbreyting aðallega. En í sjálfu sér hef ég ekki neitt annað við gr. að athuga.

Svo er 16. gr. Hún er um bæjarhúsin okkar: „Ef landnámsstjórn telur nauðsynlegt, að bæjarhús séu færð, getur Stofnlánadeild sett að skilyrði fyrir láni til endurbyggingar, að það sé gert.“ Sannleikurinn er sá, að samkv. þessu frv. á landnámsstjóri að vera geysilega voldugur maður. Ég get borið fyrrv. landnámsstjóra ágætt vitni og efast ekki um, að þessi sé ágætur líka. En það getur verið dálítið erfitt að vippa bæjarhúsunum langar leiðir, ef það þarf lítið eitt að gera við þau, til þess að fá 120 þús. kr. lán, af því að krónan er ekki svo mikils virði, þannig að þetta eru anzi ákveðin skilyrði.

Þá er 17. gr., sem hljóðar þannig: „Heimilt er að telja lán eða eftirstöðvar láns úr Stofnlánadeild komnar í gjalddaga án uppsagnar: 1. Þegar áskilið árgjald er ekki greitt á réttum gjalddaga . . . “ Ég held, að það væru anzi mörg lán fallin í gjalddaga, ef þessu ákvæði væri framfylgt. Ég veit vel, að Búnaðarbankinn hefur ekki gert það; hann hefur ekki framfylgt þessu. En satt að segja finnst mér alveg ástæðulaust að hafa svona ákvæði í l., að allt lánið sé fallið í gjalddaga, ef ekki er staðið í skilum með árgjald á réttum tíma. Ég komst einu sinni í það að þurfa að borga af ríkisskuldabréfum; þeir hafa góðan lögfræðing þar. Ég þurfti að borga af þessum ríkisskuldabréfum. Ég var þá í einhverju húsabraski, og hann sagði mér, að allt lánið væri fallið í gjalddaga. Ég hafði ekki kynnzt þessum vinnuaðferðum fyrr, en þetta lagaðist nú. En mér finnst alveg óþarfi að hafa þetta í okkar bústofnslánadeildarlögum; bankastjórar geta verið misjafnir. Annars hefur það verið þannig, að bankana hefur ekkert langað til þess að taka jarðirnar af okkur, svo að þetta hefur ekki fram að þessu komið að sök.

21. gr. hljóðar þannig: „Stjórn Búnaðarbanka Íslands hefur á hendi stjórn Stofnlánadeildar með sama hætti og annarra deilda bankans. Ákveða bankastjórar allar lánveitingar deildarinnar, enda liggi fyrir umsögn landnámsstjórnar og Byggingastofnunar landbúnaðarins hvað byggingar snertir.“ Landnámsstjórn þarf að skipta sér af mörgu. Búnaðarbankinn á ekki að hafa heimild til þess að lána nema með hennar samþykki. Ég sé ekki, að það sé ástæða til þess að vera að auka okkur fyrirhöfn með því að fara bæði í þessa Byggingastofnun landbúnaðarins og svo til stjórnar Landnámsins líka. Það er ekki landnámsstjóri, það er landnámsstjórnin. Og að þeir hafi svo sérstakt vit á því, hvort á að lána þessum eða hinum, því hef ég satt að segja enga trú á. Ég held, að Búnaðarbankinn sé alveg einfær um að sjá um það. Mér finnst bera ofurlítið á því í þessum l., að yfirleitt þurfa landnámsstjóri og landnámsstjórn að koma við sögu í öllum sköpuðum hlutum.

27. gr. hljóðar þannig: „Í hverri sýslu skal vera landnámsnefnd skipuð þrem mönnum. Tveir nefndarmanna skulu kosnir af hlutaðeigandi búnaðarsambandi, að viðhafðri hlutfallskosningu, ef óskað er, en einn skipaður af landnámsstjórn, og er hann formaður. Skipa skal héraðsráðunaut, þar sem því verður við komið. Kjörtímabil landnámsnefndar er 4 ár.

Nefndin skal vera landnámsstjórn og landnámsstjóra til aðstoðar og ráðuneytis innan sýslu um framkvæmd þessara laga.“

Þarna er að koma þetta tvöfalda kerfi. Fyrst eru búnaðarsamböndin með sína ráðunauta og alla sína blessaða trúnaðarmenn, og svo á landnámsstjórn líka að hafa þriggja manna nefnd. Ég sé ekki annað en þarna sé tvöfalt kerfi og væri hægt að spara annað. Og svo held ég, að það sé alveg orðið nóg af þessum blessuðum ráðunautum. Ég sé ekki, að það sé þörf á því, að búnaðarsamböndin hafi þetta tvo, þrjá ráðunauta og stundum fleiri í stærstu sýslunum, og í mörgum tilfellum eiga bændur að þurfa að bera undir báða aðila, hvort þeir megi nú gera þetta eða hitt. Það fer að verða lítið frelsi bóndans.

Þá er það IV. kafli: Um verksvið Landnáms ríkisins, er það kallað. Það er eigi lítið verkefni. Það er skipulag byggðar í sveitum landsins. Það er ekkert aukaatriði. Og að halda jarðaskrár yfir allar jarðir. Þriðji liðurinn er: Að sjá um framkvæmdir í byggðahverfum, og fjórði liðurinn: Að annast eða fylgjast með: 1. Ábúð, sölu og leigu lögbýlisjarða. 2. Félagsræktun. 3. Stofnun nýbýla, endurbyggingu og sameiningu jarða. 4. Stofnun grænfóðurverksmiðja. 5. Úthlutun ríkisframlaga til landbúnaðarins samkvæmt þessum lögum.

Þetta er þó nokkurt verkefni, og að sumu leyti finnst mér eiginlega dálítið óþarft að fela landnámsstjórn þetta allt saman, t.d. skipulag byggðar í sveitum landsins. Þetta er ekkert lítið verk. Sannleikurinn er nú sá, að það er ákaflega takmarkað hægt að skipuleggja úr því, sem komið er, en þetta hefði verið æskilegt, áður en byggt var í sveitunum, en það er bara búið að byggja og búið að leggja rafmagn inn á flest býli. Eitthvað heyrði ég um, að Unnsteinn væri að ráðgera að skipuleggja Suðurlandsundirlendið. Ég hef nú ekki heyrt meira um það, hvað komst í verk á því sviði. En ég held satt að segja, að þetta sé nú dálítið ofvaxið landnámsstjórn að skipuleggja byggðir í öllum sveitum landsins. Viðvíkjandi jarðaskránni held ég, að Búnaðarfélagið hafi líka jarðaskrá og þetta sé tvíverknaður og væri rétt, að annar aðilinn sæi bara um þetta eða Búnaðarfélagið væri sem sé ekki að vafstra við það. Að sjá um framkvæmdir í byggðahverfum er náttúrlega gott, þ.e. að líta eitthvað eftir því, en ég hef trú á, að það sé nú ofvaxið þessum nefndum öllum. Mér finnst, að þeir, sem búa í byggðahverfunum, ættu aðallega að sjá um framkvæmdirnar, en hinir gætu haft eftirlit með þeim.

Það væri rétt að orða það svoleiðis, ef þeir vilja eitthvað vera að skipta sér af því. Svo kemur það, að þeir eiga að annast eða fylgjast með ábúð, sölu og leigu lögbýlisjarða. Mér virðast þessi l. vera þannig, að við séum varla myndugir að því að leigja eða selja jörðina okkar án þess að spyrja landnámsstjórn um það. Satt að segja finnst mér það dálítið ófrelsi og óeðlilegt, að sjálfstæðismenn fari að setja svoleiðis ákvæði í lög.

Nú, það er ekkert nema gott um félagsræktunina að segja; hún hefur alltaf verið leyfileg. Hvað viðvíkur stofnun nýbýla, endurbyggingu og sameiningu jarða, geta afskipti verið réttlætanleg að því leyti til, sem nýbýlastjórn hefur með það að gera, en hún á ekki að fara að skipta sér af því t.d., þó að við vildum fara að breyta um á okkar eigin jörðum, annaðhvort kaupa einhvern landskika eða skipta á milli barna okkar. Það kæmi nýbýlastjórn ekkert við; við þyrftum ekkert til hennar að sækja.

Svo koma grænfóðurverksmiðjurnar og úthlutun á ríkisframlögum. Ég kem að grænfóðurverksmiðjunum seinna. Það er eðlilegt, að þeir vilji sjá um úthlutun á því, sem á að greiða samkvæmt þessum l. En sannleikurinn er sá viðvíkjandi þessum greiðslum — þessum styrkjum út á grænfóðurrækt og annað slíkt, að það er miklu eðlilegra og sjálfsagðara að hafa þetta á einni hendi. Nú hefur það verið þannig undanfarið, að um Búnaðarfélagið hafa verið greiddar eitthvað 1500 eða 1700 kr. út á hektarann í grænfóðurrækt. Hér eiga að koma 3 þús. kr. á hektarann, skilst mér, en náttúrlega er ekkert auðveldara en hafa þetta á einum stað, og það er fjöldamargt í þessum l. þannig, að það væri hægt að spara vinnu með því að sameina það að einhverju leyti. Svo hefur ríkið sérstaka deild til að sjá um jarðeignir ríkisins og yfirstjórn þeirra. Það væri í sjálfu sér ekkert nema eðlilegt, að landnámsstjóri sæi um það; það væri sameinað, en aftur að Búnaðarfélagið tæki einhvern hluta af umsjón með þessum ríkisjörðum, því að það eru engar jarðir meira niðurníddar — og hlutfallslega óvíða fleiri jarðir í eyði — en þessi gömlu prestssetur. Ég veit ekki betur en Steinnes í Þingi sé í eyði — höfuðból. Mér var sagt, að Hof í Vopnafirði væri í eyði — einhver bezta jörð í Vopnafirði. Og ætli það sé ekki víðar þannig. Það veitti ekkert af, að nýbýlastjórnin sæi um þessar jarðeignir ríkisins, og er ekkert nema gott um það að segja. En mér finnst tvíverknaður, að Búnaðarfélagið og landnámsstjórn séu í raun og veru að gera sama hlutinn, þ.e. að greiða upphæðir sitt í hvoru lagi til sömu framkvæmdanna. Það mætti nota meiri hagsýni í þeim hlutum.

Um byggðahverfin er ekki mikið að segja. Þetta er ósköp einfalt, að þrjú býli megi reisa byggðahverfi. Annars er það svolítið spaugilegt að kalla þrjú býli sérstakt byggðahverfi. Sömuleiðis er, að það megi vera félagsbú á tveimur búum. En annars er það svolítið broslegt, að þeir eigi að þinglýsa samningi. Það er nú svo. Ég er nú ekki viss um, að það verði betra samkomulag, þó að menn þinglýsi einhverjum samningi en ef menn gera einhvern samning af frjálsum vilja og reyna að standa við hann.

Í 39. gr. er talað um þessi nýbýli utan byggðahverfa. Og þá er m.a. talað um það hér, að ræktanlegt land sé eigi minna en 100 hektarar. Þó er landnámsstjóra heimilt að víkja frá þessari landstærð, ef í staðinn koma t.d. beitilönd eða hlunnindi til lands eða sjávar. Stofnun býlisins skal og því aðeins heimiluð, að þar með sé ekki raskað búrekstraraðstöðu nálægra jarða. Satt að segja finnst mér þetta hafi ekki neinn sérstakan tilgang með 100 hektara. Ég hef verið að athuga þessar jarðir, sem ég þekki, og það eru tiltölulega örfáar jarðir, sem hafa 100 hektara af ræktanlegu landi, og það er hægt að stofna ágætt býli án þess að hafa slíka túnstærð m.a.s. með nútímatækni. Ég hef t.d. verið að athuga þetta í mínu kjördæmi. Það eru á mjög fáum stöðum 100 hektarar af ræktanlegu landi. Það eru Hólar í Hjaltadal og örfáar jarðir hjá okkur í Húnavatnssýslunni, en þetta er alveg undantekning. Og stærstu túnin í Húnavatnssýslu eru líklega um 50 hektarar. Ef á að stofna nýbýli, eiga að vera 100 hektarar af ræktanlegu landi. Ég veit ekki, úr hvaða jörðum á að skipta þessum 100 hekturum. Og ef meiningin er að veita undanþágu á því, þá held ég, að það sé alveg ástæðulaust að vera að nefna svona háa tölu, það sé alveg nóg að hafa það 50 hektara eða jafnvel 30 hektara. Sannleikurinn er sá, að það er ekki alveg sama, hvernig landið er. Ef þetta er land, sem er gott til ræktunar og liggur lágt, þá er miklu tryggari grasvöxtur og þá þarf alls ekki að vera svona stórt land. Hins vegar getur það verið, að það þurfi nokkuð stórt tún, þegar landið liggur hátt, og það hefur borið á því núna síðustu sumrin, að klaki hefur alls ekki farið úr túni, sem liggur hátt, þannig að það er alls ekki sambærilegt. Nú, þarna á nú að vera undanþága, en það er svolítið broslegt ákvæði að gera kröfur til 100 hektara eða rúmlega 330 dagsláttna af ræktanlegu landi. Það væri þá alveg eins gott að segja, að nýbýli eigi alls ekki að reisa.

Þegar við komum að ábúð, sameiningu jarða, endurbyggingu eyðijarða og ráðstöfunum til að koma í veg fyrir, að góðar bújarðir fari í eyði, þá fer nú að lifna yfir því. Landnámsstjóri lætur árlega gera jarðaskrá yfir allt landið. Það er ekki lítið verk að gera þessar jarðaskrár árlega og fylgjast þannig með ábúð allra lögbýlisjarða. Það er ekki lítið verk að fylgjast með ábúð allra lögbýlisjarða á landinu. Eigendum eða ábúendum jarða, sbr. skilgreiningu ábúðarlaga nr. 36 1961, 1., 2. og 3. gr., ber að láta í té upplýsingar, ef landnámsstjórn óskar eftir, varðandi ábúendur og jörðina sjálfa, svo að unnt sé að gera þær athuganir, sem þurfa þykir, áður en jörð er seld eða breytingar verða á ábúð. Landnámsstjórn setji reglur um öflun gagna, og er ráðunautum og oddvitum og öðrum, sem til er leitað, skylt að gefa upplýsingar. Þetta er ekkert smáræðisverk, sem landnámsstjórn á að vinna. Hún á bara að fylgjast með breytingum á ábúð

allra jarða á landinu. Hingað til hef ég ekki getað fengið upplýst, hvað margar jarðir eru raunverulega í byggð á landinu, en þarna á að vaka yfir þessu og það árlega, og áður en jörð er seld eða breytingar verða á ábúð. Það þarf að láta í té upplýsingar, ef landnámsstjórn óskar eftir, varðandi ábúendur og jörðina sjálfa, svo að unnt sé að gera þær athuganir, sem þurfa þykir, áður en jörð er seld eða breyting verður á ábúð. M.ö.o. mér virðist samkv. þessu, að við megum engar breytingar gera á ábúð eða selja jarðir án þess að gefa landnámsstjórn ítarlega skýrslu um þetta. Ég efast um, að þetta samræmist stjórnarskránni. Ég er t.d. alveg frjáls að selja mína jörð án þess að spyrja landnámsstjóra um það. En það á að gefa árlega skýrslu og fylgjast með öllu. Það má mikið vera, ef landnámsstjórnin getur fylgzt með þessu, allir hlaupa til og gefa henni skýrslu, ef einhverjar breytingar eiga að verða.

Svo er 2. mgr. 44. gr.: „Sveitarstjórnum ber að fullvissa sig um, áður en tekin er afstaða til forkaupsréttar, hvort landnámsstjórn hefur fjallað um málið." Sveitarstjórnirnar mega ekkert gera, nema spyrja landnámsstjórn fyrst, hvort hún sé búin að spjalla um þetta. Hún má vera við, þessi landnámsstjórn. Hún má ekki víkja sér mikið frá. Umsóknir um endurbyggingu eyðijarðar sendist til landnámsstjórnar, svo bezt að eigi að leita til hennar um einhverja fyrirgreiðslu, finnst mér.

45. gr.: „Nú losnar jörð úr ábúð, og skal þá landnámsstjórn í samráði við ráðunauta Búnaðarfélags Íslands og viðkomandi sveitarstjórn meta, hvort hún hafi þau búrekstrarskilyrði, að æskilegt sé, að hún byggist að nýju . . ." Ég skil það svo, ef jörð losnar úr ábúð, að það sé, að maður hætti að búa. Og mér virðist þá, að bæði megi leigja og selja jörðina, hvort hann vill heldur án þess endilega að fara að leita til ráðunauta Búnaðarfélags Íslands og viðkomandi sveitarstjórna til þess að meta það, hvort hún hafi búrekstrarskilyrði. Ég hef ekki trú á því, að þessir menn hafi betra vit á því en bóndinn, sem bjó á jörðinni. Ég hef ekki trú á því, satt að segja. En það er ekki mikið, sem þessir aumingja bændur mega gera, eftir að þessi l. eru komin, án þess að spyrja landnámsstjórn um það. Ég sé ekki, að það megi byggja kamar heima hjá sér fyrir byggingafulltrúum og ráðunautum.

Svo kemur um félagsbú og félagsræktun, þ.e. ef tveimur mönnum sýnist að fara að búa saman. Annars hafa oft tveir menn búið saman á Íslandi og ekki þurft að þinglýsa neinum samningi og komið vel saman. Sérstaklega er það í Þingeyjarsýslunum, að menn kannast við það. En nú eiga þeir að þinglýsa samningi. Aðilar skulu gera með sér samning og láta þinglýsa, eftir að hann hefur verið viðurkenndur af Landnámi ríkisins. Það má ekki gera samninginn, nema Landnámið viðurkenni hann. Þeir mega sem sé ekki gera neinn samning, nema hann sé samþykktur af Landnámi ríkisins. Þeir eru ómyndugir að því. Ja, það er ekki lítið, sem þessi landnámsstjórn á að hugsa um.

Og svo komum við að endurræktun og ræktun einærra fóðurjurta. Það er ekkert óskemmtilegt að lesa það: „Landnám ríkisins veitir framlög til endurræktunar á eldri túnum eða nýræktun, þar sem nytjagrös hafa eyðzt af völdum kals eða af öðrum orsökum og annaðhvort enginn eða nytjalítill gróður komið í staðinn." — Ég held þeir hafi nú strikað þetta út, þessi n., „enginn eða nytjalítill". — „Bændur skulu jafnan hafa samráð við héraðsráðunauta eða Landnám ríkisins, ef vafi getur leikið á um endurræktun. Sérstaklega ber að athuga, hvort framræsla er ófullnægjandi, enda fari þá fram endurræsla landsins, áður en endurvinnsla er gerð." Jú, þeir skulu hafa samráð hér við héraðsráðunaut og Landnám ríkisins, þ.e. báða. Það er ekki nóg að tala við þessa héraðsráðunauta, heldur verður maður að snúa sér líka til Landnámsins og spyrja um, hvað eigi að gera við kalblettinn. Annars hafa þeir mörg afrek unnið, þessir ráðunautar okkar í ræktunarmálunum. Þeir hafa oft lagt skurðina öfugt við það, sem þeir áttu að liggja, þannig að vatnið hefur setið eftir í mýrunum. Ég hef t.d. aldrei látið ráðunauta ráða nokkrum skurðspotta hjá mér, enda hef ég aldrei þurft að breyta framræslunni. Ég hygg, að hv. 4. þm. Norðurl. v., Pálmi Jónsson, gæti séð það á Búrfellskeldunni a.m.k., að skurðir séu svolítið öfugt lagðir og kannske víðar í Húnavatnssýslu. Ráðunautarnir hafa ráðið því. En nú má bóndinn bara ekkert gera, aumingja bóndinn, án þess að tala við bæði Landnám ríkisins og ráðunautana um hvað eigi nú að gera við kalblettinn. Annars er það með þessa endurvinnslu og endurræktun, sem menn eru að tala um. Það hefur komið oft til umræðu hér, en ég tala sjaldan og hef ekki verið að halda ræðu um það, að það þyrfti að endurrækta kalið í túnunum. En þetta er alveg þveröfugt. Þetta er það vitlausasta, sem við gerum, að vera að ýfa kalblettinn upp. Við eigum að láta þá gróa sjálfa, og þetta vita allir reyndir bændur. Nema þurfi að ræsa túnið að nýju, þá verður að bylta því aftur. Ég hef oft talað um þetta við bændur og reynsla þeirra er, að þegar farið er að rífa upp túnin, þá kemur arfinn og þeim gengur hálfu verr að losna við hann. Ef landið er bara nógu þurrt, þá grær það upp og þá kemur sterkasti gróðurinn upp aftur á einu eða tveimur árum. En þarna má ekkert gera, nema Landnám ríkisins komi til, og tiltaki, hvað sé nú gerlegt í þessu flókna máli.

55. gr.: „Heimilt er að veita framlög til sveitabýla til að hagnýta" — hér kemur góð grein — „jarðvarma til heyþurrkunar, hvort sem er úr eigin orkulindum eða samveitum. Landnámsstjórn ákveður í hverju tilviki upphæð framlaga innan þeirra marka, sem l. heimila."

Þarna er Benedikt á Hofteigi kominn. Fyrst á að byggja hús, svo á að leggja pípur í húsin, svo eiga bændur að aka heytuggunni og leggja á þessar pípur og þurrka þetta með heitu vatni. Þeir heyja mikið þann daginn. Annars er það nú þannig með okkur bændurna, að tækninni hefur fleygt fram.

Við sláum með þyrlum og brunum með miklum hraða um túnin, og svo höfum við rakstrarvélar, sem hreinraka. Bændur eru að verða hálfgerðir „lordar“, þannig að við getum tekið saman 300—400 hesta á dag, en við höfum bara alls ekki mannafla til þess, hvorki peninga til að búa út þetta hitakerfi Benedikts né mannafla til þess að pota votu tuggunum inn og svo aftur út, þegar þær eru orðnar þurrar. Við þurfum að þurrka miklu meira en hægt er að þurrka svona. Og þessa endileysu fóru þeir að taka upp í frv. eins og kvígurnar og gimbrarnar. Það eru tveir aðdáanlegir kaflar þarna.

„Landnámsstjórn skal í samráði við Búnaðarfélag Íslands . . .“ — þeir eiga nú að ráðfæra sig hver við annan. Ég held, að það væri betra að hafa bara annan aðilann. — „. . . láta gera áætlun, eins fljótt og við verður komið, um hversu margar grænfóðurverksmiðjur sé eðlilegt að stofna í landinu, og gera tillögur um staðarval.

Áætlun þessi skal lögð fyrir landbúnaðarráðherra, sem tekur endanlega ákvörðun“ — hann hefur líklega bezt vit á því — „um stofnun og staðarval, svo og um skipun stjórnar. Hver verksmiðja skal hafa þriggja manna stjórn.“ — Það verður nokkuð dýr stjórn á hvaða verksmiðjukríli, sem er. — „Tveir skulu vera úr heimabyggð, en landnámsstjóri eða fulltrúi hans þriðji maður og sé hann formaður.“

Það er nú komin dálítil reynsla á þessa kögglaverksmiðju. Menn hafa ekkert nema gott um það að segja. Gallinn er bara þetta, að þeir kostuðu 9.23 kr. hvert kg s.l. sumar, og það er svipað og maísinn. Gallinn er sá, að þetta er þriðjungi næringarminna eða jafnvel helmingi. Það er búið að rannsaka þetta. Fyrir utan það, að náttúrlega er ódýrast af öllu að gefa síldarmjöl. Það þarf ekki nema 50 g á dag á kind og láta hana svo út á gott haglendi, þá helzt hún við. Sannleikurinn er sá, að ég hef verið að athuga áburðarþörfina á dagsláttu. Þið eruð ekki meiri búmenn en ég, og það kostar um þúsund krónur, ef vel er borið á. Ég reikna tíu hesta af dagsláttunni, og þá eru það 100 kr. áburðurinn á hest, og það má heyja vel fyrir 100 kr., því að tæki þarf að hafa, hvort sem við sláum mikið eða lítið, þannig að heyhesturinn þarf ekki að kosta nema um 200 kr., ef allt er í góðu lagi. En með því að kaupa þessa köggla þá kostar það svona 600—700 kr. Sannleikurinn er sá, að þetta kögglabrölt allt saman er fjárhagsleg vitleysa. Við eigum að þurrka heyið með súgþurrkun. Ég vil ekki segja, að það geti ekki átt rétt á sér í svona 2—3 verksmiðjum, en þær hafa bara ekki borið sig; það þarf að styrkja þær. Svo er önnur gr. hérna einhvers staðar, þar sem þær eiga að bera sig. Ég veit ekki, hvernig þeir ætla að láta þær fara að því. Þær hafa ekki gert það, og þeir, sem kaupa þessa köggla á 8 kr. hvert kg, þeir eru seldir á það núna plús flutningur, og það verða 10—11 kr. hvert kg. Það er algjör vitfirring að búa við slíkt. Það kostar lambsverð að kaupa köggla ofan í rolluna í staðinn fyrir, að maður má ekki eyða í fóður, ef maður ætlar að hafa sæmilega afkomu og græða svolítið, þó að ekki sé nema 400 kr. fyrir kindina. Þetta er algjör vitleysa. Það er ekki hægt að búa við það. Það getur borgað sig að kaupa köggla eitt og eitt ár til að þurfa ekki að skerða bústofninn, en að ætla sér að fara að reka búskap eingöngu með heykögglum það nær engri átt.

Hitt er annað mál, að það er mikið vit fyrir bændur að hafa félagsræktun, og þeir hafa haft hana, áður en þessi l. komu, og allt verið í lagi með það og ræktað grasið, þar sem hagkvæmast er að rækta það, og flutt það þangað, sem beitin er meiri, en erfiðara að rækta. Það er viturlegt og gott, en að fara að ætla sér að fóðra búpeninginn aðallega á kögglum; það er ekki nema vitleysa. Alveg eins og maður ætlaði að fara að fóðra að mestu á fóðurbæti. Ekkert er upp úr því að hafa. Við þurfum að afla heyja með hagkvæmasta móti; það er hagkvæmast fyrir þjóðarbúið. Og sannleikurinn er sá, að með súgþurrkuninni er undantekningarlítið hægt að bjarga heyjunum, án þess að þau stórhrekist. Það, sem erfiðast er í votviðrasumrum, er að komast um túnin. Þó að við ætlum að hafa varmahita með einhverjum pípum einhvers staðar, þá þurfa menn að komast um túnið og eins, þó að kögglaverksmiðja sé. Á votlendum túnum þá er þetta erfiðasti hluturinn.

Landnám ríkisins ætlar að taka að sér að byggja gróðurhús á garðyrkjubýlum og styrkja það allt að 120 kr. á fm. Og það er ekkert nema gott um það að segja, ef mönnum sýnist svo. Annars hélt ég, að þessi gróðurhús hefðu nokkurn veginn borið sig og hefði jafnvel verið helzt gróði af þeim og þau þyrftu nú ekki beint á styrk að halda. En ég hef ekki vit á því, að ég skuli dæma það. Ég er ekki inni í þeim hlutum, en mér hefur heyrzt, að þessir menn, sem reka gróðurhúsin, ef það eru dugnaðarmenn, láti allvel af efnahag sínum, og ég veit ekki, hvort það er nokkur sérstök ástæða til að fara að styrkja þá.

Viðvíkjandi 3 þús. kr. styrk á grænfóðri þá er ekkert nema gott um það að segja, en annars er bezt að vera ekki að blekkja menn allt of mikið, svo að þeir fari ekki að rækta eingöngu til að fá þennan styrk. Sannleikurinn er sá, að grænfóður hjá okkur s.l. sumar á Norðurlandi, a.m.k. þar sem ég þekki til, spratt illa. Það er með grænfóður eins og með annað gras, ef sumarið er kalt, sprettur það ekki nægilega, en það er sjálfsagt fyrir menn að hafa eitthvert grænfóður. Það eru vandkvæði á því norðanlands, ef snjór kemur á haustin, en dálítil grænfóðurrækt fyrir bændur, sem hafa kýr, það getur verið vit í því. Það má vera, að það sé skynsamlegt að styrkja það í hófi, og það þarf að hafa magnið í hófi.

Svo kemur nú að byggingunum; það er mjög merkilegur kafli. „Landbrh. skipar ráðgjafanefnd Byggingastofnunar landbúnaðarins. Nefndin skal vera stofnuninni til ráðuneytis um val verkefna.“ Þarna á fyrst að vera byggingaráðsstofnun og svo önnur ráðgjafanefnd. „Í nefndinni skulu vera: Forstöðumaður Byggingastofnunar landbúnaðarins,

sem er formaður, dýralæknir, nautgriparæktarráðunautur, sauðfjárræktarráðunautur og maður með bútæknimenntun.“

Þarna erum við komnir að byggingunum. Það er merkilegur hlutur með byggingarnar. Við höfum haft ótal ráðunauta, og sannleikurinn er sá, að í fjárhúsbyggingum hafa okkur orðið á mistök. Ég hygg, að það séu hvergi í heiminum byggð dýrari fjárhús en á Íslandi. Þessi nýju hús eru með stórum kjallara, og svo eru grindur yfir þessum kjöllurum. Ef á að vera hægt að aka áburðinum út, þarf að steypa allt gólfið, og svo þarf að steypa stórt plan fyrir utan til þess, að traktorinn sökkvi ekki, þegar hann kemur út úr húsinu. Svo er dýrt og vandað hús yfir þessu öllu saman. Yfirleitt byggja menn hvergi í heiminum svona yfir rollurnar. Nú er það þannig, að bændurnir vita sínu viti, og við áttum bónda norður í Húnavatnssýslu, sem fann upp á því að byggja allt öðruvísi og byggði eitt hús og hafði heyið í miðjunni og rollurnar allt í kring. Nú eru þeir teknir upp á þessu hinir, en þetta lærðum við bara ekki af neinni byggingarnefnd hér fyrir sunnan, hvorki af Landnámi ríkisins né öðrum, og þetta eru hús, sem bera af bæði í því, að þau eru helmingi ódýrari, og auk þess er helmingi minni vinna að hirða skepnur í þeim. En þessir arkitektar og lærðu menn byggðu þessi dýru hús, sem eru bæði vinnufrekari og helmingi dýrari. Auk þess er sá galli á grindunum, að þegar lömbin fæðast reka þau lappirnar niður milli rimlanna og fótbrjóta sig, og svo er traðkað á þeim og þau drepast. Menn þurfa að vaka yfir þessu til þess að missa ekki lömbin, og vitur maður eins og Jakob á Varmalæk sagði mér — hann hefur ekki þennan djúpa kjallara — að hann reyndi að láta skítinn vera kominn upp fyrir grindurnar, þannig að lömbin festust eigi. Þannig eru bændur búnir að eyða stórfé í þessar byggingar. Í staðinn fyrir að byggja ódýr og hentug hús, sem lítil vinna og fé fer í.

Ég ætla ekki að fara ítarlega út í þetta, en annars er hægt að halda ljómandi skemmtilega ræðu um öll þessi byggingamál, og ég geri það kannske einhvern tíma seinna, ég veit það ekki — um allt víðsýnið, alla ráðunautana og allar stofnanirnar. Ég byggði og spurði engan um það í sumar, og ég komst í mestu vandræði með að fá lánið. Mér var raunar alveg sama, hvort ég fékk það eða ekki. (**Gripið fram í:** Tókst það að fá lánið?) Já, á endanum. Þeir skrifuðu mér aths. við bygginguna, svo fór ég að ræða um þetta við þá, og þeir féllust þá á, að þetta væri eiginlega allt vitleysa, sem þeir hefðu sagt, nema þetta með bitana, þeir væru ekki nógu sterkir. Og ég sagði þeim að koma að læra af mér, hvernig ætti að byggja. Þetta eru allt góðir drengir, sem eru í þessum stofnunum, og gott að eiga við þá. En það er ekki víst, að svo verði alltaf. Þess vegna vil ég ekki hafa nein ákvæði í þessum l., svo að hægt sé að beita við okkur kúgun og rangindum.

En sannleikurinn er, að þetta frv. er meinleysisbull og hálfgert til skammar að samþykkja það. Ég held, að það ætti að samræma þetta betur, Búnaðarfélagið og Landnámið. Ef þeir vilja hafa eitthvert landnám, þá næmi landnámsstjóri fyrst land á ríkisjörðunum, sem eru komnar í eyði, höfuðbólum eins og Hofi í Vopnafirði og fleiri ágætum jörðum, sem ríkið er búið að koma í eyði. Þar eru nóg verkefni. En allan þennan lagabálk með varmaveitum og allri þessari vitleysu, sem í honum er, þarf að laga. Sannleikurinn er sá, að það er miklu meira vit í súgþurrkun en þessari varmaþurrkun. Það er allt annað, og menn gætu farið norður á Strandir og lært þar af bændunum. Þeir kunna að verka vothey, og þeir kunna að fóðra á votheyi, og það er hlutur, sem getur borgað sig og er nauðsynlegur víða. En það er mikið af svona meinlausum vitleysum í þessu frv. Ég er ekki að segja, að þær séu stórskaðlegar, það er hægt að hafa gaman af þeim.

Umr. frestað.

Á 69. fundi í Nd., 25. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 408, n. 607, 606, 622, 625, 663).

Jónas Pétursson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að tala langt mál við þessa umr., því að ég sagði hér nokkur orð við 1. umr. og lét þá í ljósi það helzta, sem ég vildi koma að um þetta mál, þ.e. að mér þætti að sumu leyti helzt til mikill stjórnunarblær á þessu máli, og nokkur atriði nefndi ég sérstaklega því til sönnunar. En það vildi nú svo til, að hv. 3. þm. Norðurl. v. kom hér í ræðustól í gærkvöldi, og ég kemst tæpast hjá því . . . Jú, Björn Pálsson, 3. þm. Norðurl. v., þetta hefur allt saman breytzt, það stendur hér 3. þm., ég man, að ég mistók mig einhvern tíma á því nr. Jæja, en allir kannast nú við Björn Pálsson, og hann flutti hér langa ræðu og gagnrýndi margt, sem í frv. var.

Ég skal játa það, að að sumu leyti var ég talsvert sammála grunntóninum í hans ræðu, en það eru örfá atriði, sem ég vildi sérstaklega gera að umtalsefni. Hann var að reyna að gera mjög hlægilega eina gr. frv., sem fjallaði um bústofnslán, taldi þessa hugmynd vera ættaða að austan, og það mun vera rétt hjá honum. En það er meginkjarni þeirra ákvæða, að þar er um að ræða lán, sem eru veðtryggð í sjálfu sér. Ég hef oft heyrt þennan sama hv. þm. halda hér langar ræður út af veðbólguvanda, en mér þykir hann ekki jafnskýr og hann er oft, ef hann sér ekki, að einmitt í þessu ákvæði er gengið á snið við þennan veðbólguvanda. Það er einmitt einn af höfuðkostum þessa fyrirkomulags, að það er séð fyrir því, að veðbólguvandi kemur þarna ekki til greina. Honum fannst vextirnir vera lágir. Það er reiknað með 3⅓%. Hann er nú einn af þeim mönnum, sem hvað harðast hefur deilt hér á háa vexti, og það er þó rétt — og ég hélt, að einmitt hann áttaði sig á því — að sú vaxtatala, sem nú er almennt reiknað með í þjóðfélaginu, er ekki nema að sumu leyti vextir. Hún er að öðru leyti hugsuð sem veðtrygging. Þarna þurfti það ekki að koma til

vegna þess, að höfuðstóllinn er verðtryggður vegna þessa fyrirkomulags, sem er á þessum lánum.

Þá kom hann hér nokkuð inn á heykögglaframleiðslu og framleiðslukostnað heys og komst að þeirri niðurstöðu, að hann mundi ekki vera nema 2 kr. á kg eða 200 kr. á heyhest, en hins vegar hefði framleiðslukostnaðurinn reynzt vera milli 8—9 kr. á kg af heykögglum. Ég held, að þetta hafi verið ákaflega snöggsoðinn reikningur, framleiðslukostnaðurinn á heyinu, þegar hann komst að þeirri niðurstöðu, að hann mundi ekki vera nema 2 kr. á kg. Og m.a. tók hann aðeins inn í þann reikning heyskaparkostnaðinn og áburðarkostnaðinn. En mér finnst, að flestum mundi nú finnast ónóg til lengdar, ef þeir fengju ekki annan kostnað uppborinn í heyöfluninni fyrir utan það, sem er svo þar að auki, að vitanlega voru þær upphæðir, sem hann nefndi, um þessa tvo liði mjög fjarstæðar. Það gæti staðizt við einstök og sérstaklega hagstæð skilyrði. En hitt vildi ég taka undir með honum, þegar hann fór að tala um kalið og endurræktunina. Hann sagði, að það vitlausasta, sem gert væri, væri að vera að rífa upp þessar kalskemmdir. Að vissu leyti er ég honum alveg sammála um þetta, að yfirleitt er hyggilegast með það land, sem hefur kalið, að brjóta það ekki að nýju, en láta það gróa upp, eins og hann sagði; það verður sterkasti gróðurinn, sem kemur. Hins vegar er það víst, að stundum verður ekki hjá þessu komizt, vegna þess að kalið veldur oft mjög mikilli ósléttun, þannig að landið þýfist mjög mikið við það að kala, og af þeim sökum verður óhjákvæmilegt að brjóta það.

Það var margt fleira, sem fram kom í ræðu hans, sem ég ætla ekki að dvelja frekar við. En ég gat þess, að ég hefði haft hér að vissu leyti nokkuð að athuga við 1. umr. málsins og sérstaklega það, að ég taldi vera ofstjórnarblæ á þessu frv. í heild. Ég kom á framfæri allmörgum brtt. í landbn., sem þetta frv. lá fyrir. Sumar af þeim brtt. voru teknar til greina, en aðrar ekki, og ég hef nú kosið samt sem áður að hreyfa ekki neinum frekari brtt. en samstaða náðist um í hv. n., af því að ég legg mikið upp úr því — þrátt fyrir að frv. er ekki að öllu leyti eins og ég hefði óskað — og tel það mjög mikilvægt, að það komist í gegn og verði lögfest á þessu þingi. En kaflanum um félagsbúskap og félagsræktun, tel ég, að hafi verið breytt til verulegra bóta, sérstaklega vegna þess að þar er annar blær; það er ekki sami stjórnunarblærinn á þeim kafla núna og var.

Hins vegar var annar kafli, sem ég gerði hér að umtalsefni, um grænfóðurverksmiðjurnar, sem ég vildi fá í nokkuð annað horf, en ekki varð samkomulag um í n., og það, sem ég hefði kosið, var einmitt í þá átt, að það væri aðalstefna þessara l., að þessar heykögglaverksmiðjur yrðu stofnaðar af félagssamtökum bænda eða einstaklingum, færri eða fleiri saman. Það er að vísu rétt, að þetta er ekki útilokað. Það er gert ráð fyrir þessu einnig í frv., en mér hefði þótt fara betur á því, að það hefði verið undirstrikað í l., að það væri aðalstefna þeirra. Og ég get sagt það í stuttu máli, að ég er algerlega á móti því, að opinberar stofnanir fari að heyja fyrir bændur. Það má segja, að það sé ekki beinlínis það, sem hér er um að ræða, og þó er það að vissu leyti það.

Ég hef nú oft komið að því og m.a., er þetta frv. var til 1. umr., að ég hafi litið svo á, að bændastéttin hafi verið sjálfstæðasta stétt þjóðfélagsins og ekki sízt í hugsun. Ég hef einnig sagt það hér úr þessum ræðustóli, að ég teldi mig fyrst og fremst vörð strjálbýlisins. Það er frelsisandi, sjálfstraust, kjarkur og manndómur, sem hefur verið aðalsmerki bændastéttarinnar, og það er undirstaða strjálbýlisins.

Ég heyrði þjóðsögur, sérstaklega þegar ég var yngri, og hafði af þeim mikla ánægju oft og tíðum. Ein þjóðsaga, minnir mig, að bæri yfirskriftina: „Hvíldu þig, hvíld er góð.“ Ég ætla ekki að fara að rekja hér þá sögu, en ég er oft að hugsa um það, að mér finnst þetta vera orðin býsna hávær rödd nútímans — þetta, sem ég vildi kalla feigðarboða strjálbýlisins, ef mikið er hlustað á þessa rödd. En nú heyrist hún úr öllum áttum, úr fjölmiðlum, ja, við skulum segja hér — úr steinköstulum Reykjavíkur. En þá fyrst finnst mér vera vá í lofti, ef hún fer að hvísla upp úr hverjum runna, upp úr gróinni jörð og túnum bændanna.

Ég vildi segja þessi varnaðarorð í sambandi við þetta mál, þó að mönnum finnist kannske þetta vera eins og utan dagskrár. En það er einhvern veginn svona, að á bak við hvert einasta mál er eins og nokkur grunnur, og við þurfum að gefa mjög gætur að því, í hvaða átt er stefnt. Það er þannig ástatt núna, að ég var um s.l. áramót valinn í stjórn þessarar stofnunar og skipaður stjórnarformaður Landnáms ríkisins, og ég vil því segja það hér, að að svo miklu leyti, sem hægt er að hafa áhrif á framkvæmd l., sérstaklega að því er þetta atriði um grænfóðurverksmiðjurnar snertir, þá mun ég beita mér fyrir því af alefli, að þær verði fyrst og fremst fyrirtæki bænda og það verði ekki stofnað til þeirra af Landnámsins hálfu, nema ekki verði annar möguleiki. Það er nauðsyn á því, að þessar framleiðslustöðvar komi upp og það víða í landinu, enda er gert ráð fyrir, að það sé gerð sérstök athugun nú þegar með það, hvað hæfilegt sé, að þær verði margar. En það verði sem sé fyrst og fremst leitazt við, að þær verði fyrirtæki bænda sjálfra. Þetta vildi ég í sem stytztu máli segja við þessa umr. málsins.

Eins og ég sagði áðan, þá hefði ég kosið að koma að fleiri breytingum og lagfæringum, sérstaklega að því er varðar blæ málsins, en af því að ég legg á það mikla áherzlu eins og aðrir nm. og — ég vona — alþm. yfirleitt, að þetta mál verði lögfest, þá mun ég fylgja því, eins og það liggur nú fyrir.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Eins og ég gat um við 1. umr. þessa máls, þá varð ég fyrir miklum vonbrigðum, þegar ég sá þetta frv., og í raun og veru því óánægðari því meira, sem ég hugsa um það. Það er að vísu svo, að margt af því, sem ég er

óánægður með, eru ekki þær breytingar, sem nú hafa verið gerðar á l., heldur þær breytingar, sem voru gerðar á þeim 1962. En ein veigamikil breyting hefur samt sem áður verið gerð nú á l., sem ég er óánægður með og ég tel, að sé varhugaverð, og það er sú breyting að auka vald landnámsstjóra. En þar sem það var komið inn á það hér í gær í ræðu, þá læt ég aðeins það nægja að benda á þetta, en fer ekki út í það frekar hér, enda þjónar það ekki neinum tilgangi.

Ég er í þeirri n., sem þetta mál hafði til meðferðar, landbn. Nd., og ef félagar mínir, sem áttu sæti í þeirri n., sem undirbjó frv., hefðu ekki lagt á það áherzlu að koma málinu fram, þá hefði ég snúizt gegn því. Seinasti ræðumaður sagði hér áðan, að hann legði mikla áherzlu á það, að þetta mál væri samþ. nú á þessu þingi. En hefur hv. þm. athugað það, að það breytir ekkert málinu, hvort það er samþ. núna eða á haustþinginu, vegna þess að það er engin fjárveiting ætluð til þeirra hluta, sem frv. nær til, t.d. til hærri styrkja í sambandi við íbúðabyggingar eða ræktun fyrr en í fjárl. 1972? Af þeirri ástæðu þurfti ekki að hraða framgangi þessa máls.

Ég er mjög óánægður, eins og ég gat um, með þá stefnu að halda þessu svona og láta í raun og veru margar stofnanir vinna sama verkið, og ég sé ekki hagræðinguna við það. Ég var að athuga það, hvað kosta bara laun Landnámsins 1969 — en það eru síðustu tölur, sem ég hef aðgang að — og það voru, að mig minnir, 3.2 millj. kr., og það hlýtur að verða nú mjög mikil hækkun og sérstaklega, ef Landnámið á að inna þau störf af hendi, sem því er ætlað með þessari lagabreytingu, sem hér er verið að gera. Í raun og veru er Búnaðarfélagið landbrn. Og að hafa sama sem mörg landbrn. — í raun og veru fjögur, eins og er með okkar skipan — er ekkert vit. Ég meina Búnaðarfélagið, Landnámið, Jarðeignadeildina og svo þetta rn. sjálft. Það er ekki hagræðing í því, og það er áreiðanlega hægt að verja fénu til þarfari verkefna en láta margar hendur gera eiginlega sama verkið eins og t.d. í sambandi við jarðabótastyrkinn. Hvaða vit er í því að borga sama styrkinn til sömu framkvæmdanna í tvennu lagi?

Ég hef leyft mér að leggja fram hér brtt. við frv. Ég skrifaði undir nál. með fyrirvara. Þessar brtt. eru í samræmi að mestu leyti við ályktanir Búnaðarþings og við það frv., sem ég og fleiri félagar mínir í hv. d. hafa flutt hér áður á þ. Það er ekki mikil lukka með þetta frv., eins og Búnaðarþing afgreiðir það. Í ályktun Búnaðarþings segir, með leyfi forseta, að Búnaðarþing mæli með þessu frv. „eftir atvikum"; takið þið eftir því.

Þessar brtt., sem ég hef leyft mér að flytja og eru á þskj. 625, eru þannig, með leyfi forseta:

„1. Við 39. gr. Fyrir „100 ha." komi: 75 ha." Í þessu nýja frv. er gert ráð fyrir því, að það þurfi að vera 100 hektarar ræktanlegs lands til þess, að Landnámið veiti leyfi til nýbýlamyndunar. Að vísu er svo í gr. síðar, að það er hægt að víkja frá þessu hámarksákvæði, en við vitum það, að þetta er það hámark, sem fáir bændur hafa. Það eru fáir bændur, ef það eru nokkrir bændur, sem eru einir a.m.k. að reka sitt bú, sem eru með svona stórt ræktað land; þeir eru a.m.k. mjög fáir. Það eru helzt félagsbú, skólabú og þess háttar bú. Bezt reknu búin, þar sem ég þekki bezt til, eru ekki einu sinni helmingurinn af þessu landi, sem er ræktað og ræktanlegt. En það eru að vísu ýmsar heimildir til þess að víkja frá þessu í l., en mig grunar, að þetta geti orðið til þess, að bændur, sem hefðu hug á að stofna nýbýli, mundu síður gera það vegna þess, að þessi takmörk eru áætluð svona há í frv.

2. Við 62. gr. legg ég til, að í stað 120 þús. kr. komi: 150 þús. kr., þ.e. þetta er styrkur, sem hefur verið veittur til íbúðarhúsabygginga í sveitum. Þessi styrkur hefur verið 60 þús. kr. frá 1964, og ef framkvæmdamáttur hans hefði átt að vera sá sami nú og oft áður, þá hefði þetta þurft að vera um 160 þús. kr. Búnaðarþing óskaði mjög eftir því, að þessu yrði breytt á þá leið, sem hér er, og ég álít, að hafi verið þörf á því áður að hafa þennan styrk þetta háan, sem ég efast ekkert um, þá sé full þörf á því nú. En ég kem kannske betur að því síðar.

Í b-lið þessarar brtt. legg ég til, að við 1. lið 62. gr. bætist: „Framlag þetta skal greiðast á framkvæmdir, sem gerðar hafa verið eftir 1. janúar 1969. Greiðslur þessar breytast samkvæmt byggingarvísitölu." Aðalhækkunin, sem hefur orðið á byggingarvísitölunni, var eftir gengisfellingarnar 1967—1968, og það er í raun og veru eðlilegt, að þessi styrkur væri veittur til þeirra, sem hafa byggt á þessu tímabili síðan, og þeim væri gerður mikill óréttur, ef þetta væri hækkað svona og skorið sundur t.d. miðað við síðustu áramót. Þess vegna er lagt til, að þessi styrkur nái til þeirra, sem hafa byggt, síðan verðbólguskriðan steyptist fram eftir 1968 eða seinni gengisfellinguna.

Ég legg til í c-lið, að í stað 2. mgr. 4. liðar komi: „Til endurræktunar túna vegna kals eða annarra skemmda, að viðbættu framlagi samkv. jarðræktarlögum, allt að 80% af ræktunar- og girðingarkostnaði, samkv. meðalverði hvers árs. Þó skal ekki veita framlag á sama land með styttra millibili en þremur árum. Sama heimild gildir, þó að annað land sé tekið til ræktunar í stað hins skemmda túns, enda sé það gert í samráði við héraðsráðunaut og landnámsstjóra.

Af framlagi samkv. þessum lið skal greiða 5% til viðkomandi búnaðarsambands."

Breytingin, sem þessi gr. felur í sér, er sú, að í frv., eins og það liggur fyrir, er áætlað, að þessi styrkur verði 3 þús. kr. á hektara. Síðasta mgr. er til þess að verða við tilmælum Búnaðarþings, sem óskaði eindregið eftir því, að það gengju 5% af þessu framlagi til búnaðarsambandanna til að bera uppi þann sameiginlega kostnað bændanna á hverju svæði. Mér fannst og rétt að verða við þessari ósk, og ég geri ráð fyrir því, að hæstv. landbrh. vilji líka verða við þeirri ósk, vegna þess að hann sagði hér á Alþ. í vetur, að hann yrði yfirleitt við óskum Búnaðar-

félagsins og bændasamtakanna í sambandi við beiðni þeirra um landbúnaðarmál, og verð ég því að vonast til þess, að hann stuðli að því, að þetta nái fram að ganga, þar sem allar þessar breytingar eru eftir óskum Búnaðarþings.

3. brtt. við 69. gr. er, að gr. falli niður, en þessi gr. er um það, að Teiknistofa landbúnaðarins, sem heitir eða á að heita nú samkv. þessu frv. Byggingastofnun landbúnaðarins, fari að selja bændum teikningar. Að vísu er það tekið fram, að það sé með vægu verði. Ég tel, að það sé eiginlega óhugsandi, að á meðan bændur borga stofnlánasjóðsgjaldið a.m.k., verði farið að láta þá borga þessa þjónustu, og er þetta alveg nýmæli. Ég tel, að við getum ekki staðið að því að bæta því við, á meðan þeir borga yfir 20 millj. kr. á ári í Stofnlánadeildina beint.

Þá hef ég lýst þeim brtt., sem ég hef hér lagt fram, en í sjálfu sér eru þær hækkanir til landbúnaðarins, sem þetta frv. felur í sér, frá gildandi l. 23.7 millj. kr. En ef menn vilja bæta við því, sem hefur verið skorið af Landnáminu undanfarin ár, þ.e. 7½ millj. kr., þá losar þetta 31 millj. kr.

Ég get ekki látið hjá líða í sambandi við þessa umr. að minnast á fleiri atriði í þessum l., sem eru að vísu gömul, en ég tel rétt, að það sé minnzt á það hér vegna þess, að það er ein af þeim breytingum, sem ég tel, að verði að koma fram á l. og við verðum að beita okkur fyrir, þegar tök eru á.

En í fyrsta lagi eru það vextirnir, sem eru af þessum lánum, sem eru náttúrlega orðnir óhæfilega háir, eins og ég mun sýna fram á hér á eftir, og svo stofnlánasjóðsgjaldið, sem á að vísu að lækka í áföngum á næstu 20 árum miðað við þau l., sem við samþykktum fyrir áramótin, en þessi greiðsla er bændastéttinni að mínu viti alveg ofviða. Í sambandi við vextina vil ég segja það, að ég fór að athuga, hvernig þetta kæmi út og hvað það væri í raun og veru, sem landbúnaðurinn borgaði í vexti núna, og hvað það hefði verið, áður en þessi ríkisstj. kom til valda. Þið vitið það, að þessir vextir voru 3½% af íbúðarhúsabyggingum og af öðrum framkvæmdum 4%. Í l. 1962 var þessu breytt í 6½% af hinum almennu lánum, en í 6% af íbúðarhúsabyggingum. Ég fór að athuga það, hvað hefði verið lánað á þessum árum, hvað mundi vera eftir af þessum lánum og hvað það væri í raun og veru á þessu ári, sem leið, sem bændur hefðu borgað í Stofnlánadeildina í vexti af þessum fjármunum, þá tel ég stofnlánasjóðsgjaldið auðvitað með. En vegna þess, að ég geri ráð fyrir því, að hæstv. landbrh. muni koma hér upp og hafa eitthvað við mína útreikninga að athuga, eins og hann hefur stundum gert, þá ætla ég að segja ráðh. og háttv. öðrum þm., hvernig þessar tölur eru fengnar, þannig að hann viti þá, um hvað hann er að tala. Þær eru fengnar eins og hér segir. Eins og við vitum, þá eru hin almennu lán til 20 ára. Dráttarvéla- og vélalán eru til 6 ára. Lán til íbúðarhúsabygginga eru til 42 ára og til timburhúsa og annarra húsa til 25 ára. Ég athugaði þetta ekki öll árin, en nokkur árin, og ég sá það, að meðallánin mundu vera innan við 20 ár að meðaltali. Ég tel, að lánin, sem hafa verið lánuð til vinnslustöðvanna, eigi að dragast hér frá hvert ár, og það gerði ég. Ég taldi, að það væri hæfilegt — þetta er ekki farið í bækurnar — að reikna með því, að við borguðum niður lánin 5% á ári eða borguðum hvert lán niður að meðaltali í 20 ár. Og ég spurði að því í Búnaðarbankanum, hvort þeir álitu, að ég færi ekki þarna rétt að — sennilega væri þetta á skemmri tíma, það væri óhætt fyrir mig að segja 18—19 ár. Og þeir töldu, að ég væri a.m.k. ekki þarna með of lágar tölur, það væri sem sé á skemmri tíma en 20 árum, sem þessi lán væru borguð niður.

Nú, ég gæti lesið þessar tölur allar fyrir hæstv. ráðh. Ég geri það kannske síðar, ef ástæða er til, en þannig eru þessar tölur fengnar, og niðurstaðan er sú, að frá því 1962 og til 1969 — ég tek náttúrlega ekki útlánin 1970, því að við borgum ekki af þeim fyrr en 1971 — þá hafi skuldin verið 658.3 millj. kr. á þessum árum. En mjög illt er að finna út, hvað meðalrenturnar eru bæði tímabilin, en mér virðist þetta vera um svona 1/5 af lánunum, sem eru með 6% vexti en 4/5 með 6½%, en við skulum bara segja, að lánin hafi yfirleitt verið með 4% áður og 6½% núna. En svo eru það 22 millj. kr. rúmar, sem bændurnir borguðu í Stofnlánadeildina, og ef maður athugar það, hvað það er, 658.3 millj. kr., þá kemur í ljós, að það eru 3%—3.35% eða verður rétt innan við 10% í raun og veru, sem bændurnir borga af þessum lánum, sem þeir hafa fengið síðan 1962.

Mér hnykkti við, þegar ég sá framkvæmdaáætlun ríkisstj. og þegar ég sá það, að á framkvæmdaáætlun ríkisstj. væru aðeins 70 millj. kr., sem Stofnlánadeildin ætti að fá til útlána á þessu ári. En ráðh., hæstv. landbrh., hefur sagt við öll möguleg og raunar ómöguleg tækifæri, að framkvæmdirnar hafi verið miklu meiri á þessu tímabili en áður og lánin, sem bændurnir hefðu fengið frá Stofnlánadeildinni, hafi verið meiri á þessu tímabili en áður, og þá fór ég að athuga sannleiksgildi þessara orða. Því að ég held, að það kannske þýði ekki lengur að nota svipaða aðferð við bændastéttina og bóndinn notaði við kýrnar sínar, þegar hann setti þær út á sinuna og hafði látið þær hafa græn gleraugu. Þeir finna nefnilega, hvernig að þeim er búið, og ég kem að því seinna. En ég athugaði árin 1956 og 1957, þ.e. hvernig þessi ár kæmu út. Árið 1956 lánaði Stofnlánadeildin 45 millj. kr. Þá var byggingarvísitalan 100 stig. Nú er byggingarvísitalan 524 stig. Ef við umreiknum þessar 45 millj. kr. í verðgildi peninganna í dag, þá þyrftu útlánin til þess að vera sambærileg að nema 235.8 millj. kr. Ég athugaði líka 1957. Þá var byggingarvísitalan 116 stig. Þá voru lánaðar 51.5 millj. kr., sem svarar til — miðað við sama framkvæmdamátt í byggingum og nú — 232.6 millj. kr. En hvað er svo ætlað núna til þess að lána úr Stofnlánadeildinni? Það var ekki lánað á þessum árum út á vinnslustöðvar. Það eru yfir 20 millj. kr. á undanförnum árum. Það var ekki út á minkabú.

Þörfin nú fyrir lán út á minkabú er 26 millj. kr. á þessu ári, og var 10 millj. kr. á síðasta ári. Eftir því, sem framkvæmdaáætlun segir, hefur Stofnlánadeildin í allt 156 millj. kr. til að lána á þessu ári. En þá bara gleymist 50 millj. kr. víxill, sem er í Seðlabankanum. Það er ekkert sagt um það, hvernig á að fara með þann víxil, hvort það sé búið að semja um, að hann standi. Ef ekki er búið að semja um greiðsluna, þá er þetta í raun og veru 106 millj. kr. En hvað þyrfti þetta að vera núna til þess, að það væri bara eins og það var 1956 og 1957? Ef við tökum minkabúin með, þá þyrfti það að vera um 256 millj. kr. Það er engin furða, þó að hæstv. ráðh. gumi af frammistöðunni í þessum málum. En nú getum við rætt um þessi mál, það er verið að tala um landbúnaðarmál, en ekki vegamál. Hann óskaði eftir að tala um landbúnaðarmál hér við umr. um vegamál hér á dögunum. Ég gæti komið með margar fleiri tölur hér í þessu sambandi, en ég sé ekki ástæðu til þess nú. Það verður gert fyrir kosningar á öðrum vettvangi.

En hvernig er það svo með veðdeildina? Hvernig verður með hana? Viljið þið lesa framkvæmdaáætlun ríkisstj.? Þar stendur, að þar séu til útlána — það er engin smáræðisupphæð — 3.6 millj. kr., 3.6 millj.! Ég verð að segja það, að það er ekkert um annað að ræða en auglýsa, að það þýði ekkert að sækja um veðdeildarlán í Búnaðarbankanum, því að ríkisstj. hafi ekki ætlað neina peninga í þessa deild. Hvað þyrfti veðdeildin að hafa til þess að inna sitt hlutverk af hendi í raun og veru? Og takið eftir því, hvað var það, sem bankaráð Búnaðarbankans taldi, að þyrfti að fara í veðdeildina annars vegar og til Stofnlánadeildarinnar hins vegar? Stjórn Búnaðarbankans óskaði eftir 200 millj. kr. í Stofnlánadeildina, og hún hefði þurft að biðja um meira, ef það hefði átt að vera það sama og var lánað á árunum 1956 og 1957. Nei, það er alveg þýðingarlaust fyrir hæstv. landbrh. og hæstv. ríkisstj. að halda því fram, að það hafi verið gert betur í þessu efni á þessum árum en áður var.

Ég vil segja hæstv. landbrh. frá því, að ég hitti hér á dögunum mann. Það var ekki eyfirzkur bóndi, það var bóndi úr hans kjördæmi, og það var ekki framsóknarmaður, heldur maður, sem hefur kosið hæstv. ráðh. fram að þessu. Ég þekki manninn aðeins í sjón. Hann vindur sér að mér og segir: „Hvað ætlið þið að gera í landbúnaðarmálum?“ Ég vissi, að þetta var sjálfstæðismaður, og ég var var um mig og segi: „Ég hef ekki tíma til þess að skýra frá því. Lestu blöðin, og þú sérð okkar stefnu í þeim frv., sem þar koma.“ Þá klórar hann sér og segir: „Ja, ég veit bara það, að þetta getur ekki gengið lengur.“ „Nú, hvað er að?“ segi ég. „Hefur þú ekki kosið sjálfstæðismenn á Suðurlandi alla tíð? Og hvað, ertu óánægður? Hefur þú ekki heyrt ræður ráðh.? Heldurðu, að þú farir að segja frá því, að pyngjan sé öðruvísi en ráðh. segir? Hann segir alltaf: Þetta er allt í lagi. Það hefur aldrei verið betra.“ „Ja, ég hef nú ekki skuldað fyrr en fyrir 5—6 árum. Og þegar ég keypti dráttarvélina mína 1957, þá vissi ég bara ekkert af því. Ég gat tekið þetta út úr rekstrinum. Svo fór ég að skulda 1964, og ég var kominn upp í 300 þús. kr. skuld, og ég veit ekkert, hvernig á því stendur. Og þá fór eldri vélin mín, þannig að ég mátti til að endurnýja hana og kaupa aðra vél. Ég varð að taka allt að láni. Ég var kominn yfir ½ millj., áður en ég vissi af. Þetta getur ekki gengið lengur.“ Það þýðir ekkert fyrir hæstv. ráðh. eða aðra að segja bændunum, hvernig hefur verið búið að þeim. Þeir finna það á pyngjunni sinni. Ráðh. hefur bæði skrifað um það og talað um það hér í d., að ég hafi verið ógætinn með tölur. Nú skora ég á ráðh. að endurskoða þann útreikning, sem ég kom með áðan. Og ég skora á hann að gera annað. Ég skora á hann að athuga það, hvaðan ég fékk tölurnar um þær tekjur, sem bændastéttin hefur annars vegar haft og hins vegar aðrar stéttir þjóðfélagsins á undanförnum árum. Ég get sagt honum það, og hann getur þá rætt þetta við þá aðila. Hann sagði, að ég hefði ekki athugað þetta hér á dögunum, þegar var rætt um þessi mál. Ég fékk þetta nefnilega frá bændasamtökunum.

Ég verð að segja það, að það þarf áreiðanlega að stokka upp í þessum málum, ef þannig fer, sem allir hugsandi menn vona, að breyting verði á í næstu kosningum. Og ég hefði talið, að það lægi ekki á að samþykkja þetta frv., fyrr en menn sæju, hvernig útkoman yrði. Og ég hef greint frá því, að það breytir ekki neinu, vegna þess að það er ekkert fjármagn ætlað til þess að borga það, sem frv. felur í sér, fyrr en við afgreiðslu fjárl. næst, þannig að það var nógur tíminn. En ég vil ekki setja fótinn fyrir frv. vegna félaga minna, sem leggja áherzlu á, að það verði samþ., þó að þetta sé lítilfjörlegt í mínum augum. En ég vil endurtaka það, af því að ég veit ekki, hvort ráðh. heyrði það — hann fór frá áðan — að hann sagði hér á dögunum, að hann hefði yfirleitt orðið við óskum Búnaðarþings og bændasamtakanna. Þær brtt., sem ég hef hér flutt, eru eftir óskum þeirra, og þess vegna vonast ég til þess, að ráðh. standi við þær yfirlýsingar sínar að stuðla að því, að þessar brtt. nái fram að ganga, því að ef það væri gert, þá væri annar svipur á þessu frv., þó að í meginatriðum sé ég óánægður með frv., eins og ég hef áður lýst.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég held, að ég verði að gera örfáar aths. við ræður þeirra hv. þm., sem hér hafa talað, síðan ég flutti framsögu fyrir nál. í gær. Ég vil segja það fyrst, að ég er hv. 5. þm. Norðurl. e. þakklátur fyrir að hafa gert það fyrir okkur félaga sína að fylgja þessu frv., því að mér sýnist hann hafa látið þar nokkuð á móti sér af tóninum í ræðu hans að dæma. Hann óttast — og það kom fram hjá fleirum, að þeir óttast — að með þessu frv. sé aukið mikið vald Landnáms ríkisins. Ég held, að þetta sé algjör misskilningur, og skal koma nánar að því síðar.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði, að það lægi ekkert á að afgreiða þetta mál núna; það væri nógur tími til þess í haust. Þetta má nú vera, en um þetta hljóta

þó að vera skiptar skoðanir. Nú eru fjárl. undirbúin að sumrinu í rn. a.m.k., ég tel það miklu tryggara að afgreiða málið nú og tryggja þessar 31 millj. kr., sem hv. þm. sagði, að þarna væri um að tefla, nú þegar, ef auðið verður. Þetta er að vísu ekki stór upphæð, en ef hún er laglega notuð, þá held ég þó, að það megi hafa nokkurt gagn af henni.

Hv. þm. gerði að umtalsefni það, sem hann kallaði tvíverknað og tvöfalt eða margfalt kerfi, og hv. 3. þm. Norðurl. v. kom líka inn á þetta í gær. Nú vil ég ekki neita því, að þetta eigi sér stað, ef frv. verður samþ. og framkvæmt, en þó ekki nema að litlu leyti og í miklum mun minna mæli en þessir hv. alþm. virðast álíta. Ég vil í sambandi við greiðslur á framlögum, en það er nú einkum þar, sem getur verið um tvíverknað að ræða, benda á það, að í 62. gr., sem um þau fjallar, eru greiðslur samkv. 1., 2., 3., 5. og 6. tölul. allar sérstaks eðlis. Þær eru því ekki greiddar annars staðar og þess vegna ekki um tvíverknað að ræða í sambandi við þær greiðslur. Aftur á móti varðandi 4. lið, þar sem ræðir um framlög til ræktunar, má þetta til sanns vegar færa. En ég geri ekki mikið með þetta. Það eru notuð sömu frumgögn til þess að reikna þetta út, skýrslur héraðsráðunautanna eru gerðar í fjölriti og notaðar á báðum stöðum, hjá Búnaðarfélagi Íslands og Landnáminu, svo að ég geri ekki mikið með þetta, en viðurkenni þó, að eðlilegt hefði verið að sameina greiðslurnar. En þó er það svo, eins og háttað hefur verið framkvæmd á greiðslu jarðræktarframlaga, að visst hagræði er í því fólgið fyrir þá, sem njóta þessara framlaga, að halda þessu fyrirkomulagi enn um stund. Og þar sem ekki varð samkomulag um það í mþn. að breyta þessu atriði, þá læt ég þetta gott heita að sinni.

Fyrsta brtt. hv. 5. þm. Norðurl. e. var um það að lækka 100 hektara markið, sem hér er sett sem meginregla um stofnun nýbýla. Og hv. 3. þm. Norðurl. v. kom einnig að þessu atriði. Ég vildi aðeins skýra þetta mál fyrir hv. þdm. með því að rifja upp ákvæði þessarar gr., 39. gr., sem um þetta fjallar. Þar segir svo:

„Ef um er að ræða býli, sem stofna skal til venjulegrar búvörurframleiðslu, skal að jafnaði miða við, að ræktanlegt land sé eigi minna en 100 ha.“ Síðan koma þessi frávik. „Þó er landnámsstjórn heimilt að víkja frá þessari landstærð, ef í staðinn koma t.d. beitilönd eða hlunnindi til lands og sjávar. Stofnun býlisins skal og því aðeins heimiluð, að þar með sé ekki raskað búrekstraraðstöðu nálægra jarða að mati landnámsstjórnar.“ Svo segir hér enn fremur: „Um landstærð við stofnun nýbýla af öðru tagi, sbr. 38. gr.,“ — það er þegar koma inn í hlunnindi eða önnur atriði — „skal fara eftir reglum, er landnámsstjórn setur. Umsóknum skulu fylgja meðmæli viðkomandi sveitarstjórnar og landnámsnefnda.“ Þær eiga nú eins og áður að starfa heima í hverri sýslu. Ég veit, að það má deila um þetta atriði, og ég skal ekki fjölyrða um það frekar, en bendi aðeins á hversu gr. er rúm þrátt fyrir það, að 100 ha. eru meginregla.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. flytur brtt. um hækkun framlaga, um að taka upp vísitölu og um að greiða til búnaðarsambandanna vissa prósentu af ræktunarframlögum. Það er satt, sem hv. þm. segir, að þessar till. eru allar fluttar í samræmi við uppástungur eða till. þær, sem bárust landbn. frá Búnaðarþingi. En um mína afstöðu og væntanlega nm. annarra en hans er það einfaldlega að segja, að þetta atriði var þrautrætt sérstaklega í mþn. og einnig nokkuð rætt í landbn., og þó að ég telji, að það hefði að vísu verið kostur að fá framlögin hærri en hér í frv., þá segi ég, eins og ég hef áður tekið fram, að ég mun fylgja frv., eins og það er, og styðja þær brtt. einar, sem samstaða næst um.

Þá er enn brtt. frá hv. 5. þm. Norðurl. e. um að fella niður gr., sem kveður svo á, að greiða skuli væga borgun fyrir þjónustu Byggingastofnunar landbúnaðarins. Ég tel þetta ekki mikilvægt atriði, og ég fyrir mína parta tel það ekki óeðlilegt, að þeir, sem byggja, greiði lítils háttar þóknun fyrir veitta þjónustu hjá Byggingastofnun landbúnaðarins, og ég hygg, að þannig sé þetta víða. Og það tel ég kost, að þessu fé er ætlað að renna til mjög þýðingarmikilla hluta, sem hafa ekki enn a.m.k. verið ræktir eins og skyldi. Byggingastofnun landbúnaðarins er ætlað að greiða kostnað af rannsóknum byggingarfræðilegs eðlis, en þeim fjármunum, sem koma í gegnum þessar greiðslur, er ætlað að styðja að framkvæmdum á tilteknum nýjungum, sem Byggingastofnunin kynni að mæla með, að reyndar yrðu.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um brtt. hv. 5. þm. Norðurl. e., en vil víkja að ræðu, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. flutti hér í gær. Hann flutti að vísu engar brtt., en eigi að síður vil ég víkja örfáum orðum að hans ræðu.

Ég hygg, að flestir hv. þm. hafi lesið kvæði þau, sem Örn Arnarson gerði á sínum tíma um Odd sterka, og ég held, að ef sá góði listamaður hefði verið uppi nú og hefði tekið sér fyrir hendur að færa í rím ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v., þá hefði það ekki orðið verri ríma en Dómadagsræða Odds sterka. Ef hv. þm. hefði verið nokkur alvara, þá átti hann náttúrlega að gera sínar ábendingar við 1. umr. málsins og flytja síðan brtt. við 2. umr. þess. En ég hygg satt að segja, að það hafi lítil alvara verið á bak við tal hv. þm. í gær, þegar hann flutti sína ræðu. Ég held það.

Hann ræddi margt um II. kafla þessa frv., sem fjallar um Stofnlánadeild landbúnaðarins, en á þeim kafla eru engar breytingar gerðar, og það var ekki í verkahring mþn. samkv. þáltill., sem samþ. var hér í fyrra og hún starfaði eftir, að fjalla um þann kafla l. Það voru því aðeins gerðar leiðréttingar á II. kafla. Ég skal ekki fara frekar út í það.

Hv. þm. talaði mikið um 27. gr. þessa frv., sem er óbreytt frá því, sem verið hefur í l. Út úr þeirri gr. þóttist hv. þm. lesa það, að það ætti að setja upp tvöfalt ráðunautakerfi, þ.e. ráða nýja ráðunauta fyrir Landnám ríkisins. Ég veit ekkert, hvernig hann fer að lesa þetta út úr þessari gr. Það hefur

a.m.k. engum öðrum tekizt enn, þó að þessi gr. sé búin að standa óbreytt efnislega líklega í áratugi, heldur hefur verið farið eftir henni eins og hún er orðuð, þ.e. að í landnámsnefndum, sem nú eru kallaðar, voru kallaðar nýbýlanefndir áður, hafa héraðsráðunautarnir verið skipaðir formenn, eins og segir í þessari gr., að eigi að gera. Engum lifandi manni, sem hefur fjallað um framkvæmd l., hefur dottið annað í hug. En nú kemur hv. 3. þm. Norðurl. v. og les það út úr þessari gr., að það eigi að ráða sérstaka ráðunauta fyrir Landnám ríkisins. Ég held, að það megi hafa um þetta hans eigin orð og segja, að þetta sé tóm vitleysa. En svona var ýmislegt fleira í þessari ræðu. Ég tók eftir, að hann var að tala um 120 þús. kr. lán, og það er nú víst hvergi talað um það í frv., heldur 120 þús. kr. framlag. Og einhvern tíma kallaði hann þetta frv. bústofnslánadeildarlög. Ég veit heldur ekki, hvaðan hann hefur það heiti.

Hann gerði mikið úr 45. gr. frv., þar sem fjallað er um ábúendaskipti. Það var auðheyrt, að hann hafði ekki ómakað sig til þess að lesa aths. við þessa gr., sem fylgja frv. og sem menn yfirleitt kynna sér, ef þeir fara að ræða um mál í einstökum atriðum. Hann hefur ekki ómakað sig til þess, en þar kemur það skýrt í ljós, að það er ekki ætlazt til þess, að landnámsstjóri hafi afskipti af ábúendaskiptum, ef þau fara fram með venjulegum hætti, heldur aðeins ef erfiðlega gengur að byggja jörðina. Nú er þetta eins og fleira ekkert nýmæli, heldur hefur þetta ákvæði verið í gildi árum saman, og mér vitanlega aldrei komið til neinna árekstra í sambandi við það. Það er og hefur verið ætlazt til þess, að Landnámið geti gert ráðstafanir til þess að stuðla að því, að búseta haldist ellegar þá hagkvæm nýting á viðkomandi jörð á annan hátt, ef það þykir henta. Hins vegar er í þessu frv. lítils háttar þrengt að Landnáminu, og því eru ekki gefnar alveg eins frjálsar hendur og áður einmitt varðandi þetta atriði.

Hv. þm. talaði mikið um ægivald Landnáms ríkisins, eins og hv. 5. þm. Norðurl. e. kom líka inn á áðan. En ég segi, að á valdsviði og valdi Landnáms ríkisins er engin afgerandi breyting í þessum l. Það er hins vegar meginbreyting varðandi starfsemi Landnámsins, að það er horfið frá nýbýla- og jarðaskiptastefnunni eins og hún hefur verið rekin, en tekin upp ný viðfangsefni þess í stað, félagsræktun, grasmjölsverksmiðjur o.s.frv. Landnámi ríkisins er falin skipulagsleg forusta að vissu marki, sem það og hafði áður. Á því er engin teljandi breyting. En þetta er í vissum atriðum útfært nokkru nánar nú en var í fyrri l. Og ég vil sérstaklega vekja athygli á því, að þau eru margtengd í þessu frv., eins og áður var í l. um afskipti Landnámsins í ýmsum tilvikum, aðilum heima í héruðum, hreppsnefndum, landnámsnefndum og fleiri aðilum. Og þetta skipulag er ekki alveg ólíkt því, sem hugsað er í frv. okkar framsóknarmanna um Byggðajafnvægisstofnun ríkisins. Það er ekki alveg ólíkt því. Þar er formuð stofnun til þess að hafa yfirumsjón og fylgjast með, en mjög rækilega gengið frá því að tengja hana og hennar athafnir aðilum heima í héruðum.

Ég verð að láta það koma hér fram, að ég kann ákaflega illa við, ef það kemur fyrir — ég er ekki að segja, að það komi oft fyrir, en það kemur fyrir í ræðum hv. 3. þm. Norðurl. v. — að þm. ráðast með sleggjudómum á stéttir manna eða einstaka menn, sem ekki eru í þingsölum og ekki geta svarað fyrir sig. Ég segi þetta í tilefni af þeim ummælum, sem hv. þm. lét sér sæma að taka sér í munn í gærkvöldi í sambandi við héraðsráðunautana. Ég kann slíku mjög illa. Hlutverk þessara manna er vitanlega það, eins og allir eða hér um bil allir vita mætavel, að kynna sér eldri og yngri reynslu og viða að sér sem mestum fróðleik, og síðan er það þeirra starf að miðla þessum fróðleik út til þeirra manna, sem þeir eiga að starfa fyrir. Þetta er allt og sumt. Þetta er mergurinn málsins, og þetta er þörf starfsemi, og hún er viðurkennd af nálega öllum landsmönnum. Ef eitthvert mark væri tekið á fordæmingu hv. þm. um þessa starfsemi — um þessa menn, þá væri óhætt að leggja niður Búnaðarfélag Íslands og starfsemi búnaðarsambandanna, sem er leiðbeiningastarfsemi að mjög miklu leyti. Ég veit, að það er algengt, og ég kannast kannske svolítið við það sjálfur, að við, sem höfum lítið farið í skóla, höfum vissa minnimáttarkennd gagnvart þeim, sem lært hafa töluvert miklu meira en við í skólum, en menn fara þó misjafnlega vel með það.

Ég ætti nú kannske ekki að eyða miklu fleiri orðum að ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v. Það er yfirleitt ekki venja hér á hv. Alþ. að eyða miklum tíma í ræður á borð við þá, sem hann flutti hér í gær, en hún var með sama marki og margar fyrri ræður hans. Ég hef stundum séð, að bókmenntagagnrýnendur taka sig til og telja í verkum skálda viss orð, t.d. hvað oft komi fyrir blátt í þessum og þessum ljóðaflokki eða rautt eða önnur lýsingarorð, og þykjast geta af því markað innri gerð verksins. Ég held, að það gæti verið fróðlegt að telja í ræðum hv. þm., hvað oft koma fyrir orðin vitlaus, vitleysa og brjálæði, og það gæti e.t.v. orðið lærdómsrikt, sem lesa mætti út úr þeirri talningu. En í gær tók þm. einmitt eina svona rispu. Hann t.d. úrskurðaði vitlaust að hafa grindur í fjárhúsum! Þetta er broslegt. Auðvitað er þetta breytilegt eftir veðurfari og fóðrun og öðru, en víða um land er útilokað að hirða féð, svo að nokkur glóra sé í, öðruvísi en að hafa grindur í fjárhúsum. Og svo sló hann því föstu, að það vitlausasta, sem hægt væri að gera, væri að rífa upp kalið land. Þetta er líka alveg staðháttabundið. Það eru ýmis skilyrði, sem þarna koma til greina og einnig hitt, hvað hver bóndi getur beðið lengi eftir því að fá eitthvað upp úr sínu landi. Sumir geta beðið og látið landið gróa upp, en aðrir verða að brjóta landið til grænfóðurræktar og fá uppskeru strax. Þetta er alger sleggjudómur að slá svona fram. Og svo sagði hann, að heyþurrkun með hitun, t.d. með hverahita, væri hrein vitleysa. Auðvitað veit þessi hv. þm. ekki nokkurn skapaðan

hlut um það. Hins vegar er ég svona innst inni nokkuð sammála honum í því, að heyverkun með þurrkun, sérstaklega ef á að kaupa til þess olíu austan úr Kákasus, er ekki skynsamleg. Það er hins vegar margföld reynsla fyrir því, að það er hægt að verka hey beint af jörðinni með góðum árangri, og það álít ég, að sé sú góða og skynsamlegasta lausn. En mér dettur þó hreint ekki í hug að fullyrða, að allt annað sé tóm vitleysa. Svo segir þessi hv. þm., að súgþurrkun sé undantekningarlítið fullnægjandi. Er hann búinn að gleyma sumrinu 1969, þegar flestallar sveitir landsins voru útvaðnar í hröktu heyi. Og svo eru það grasmjölsverksmiðjurnar. Þær væru tóm vitleysa og heykögglar alger vitfirring! Ég skrifaði þetta hjá mér. Og svo bætti hann við, að það væri kannske rétt að hafa örfáar verksmiðjur samt. Hverju þjónar eiginlega svona málflutningur? Nei, ég spyr nú bara, en ég ætla mér ekki að svara því. Seinast sagði hv. þm., að þetta frv. væri „meinleysisbull og hálfgert til skammar að sýna það á þinginu." Ég held, að ég hafi náð því alveg orðrétt.

Nú er náttúrlega ekkert við það að athuga, þó að einstakir þm. hafi svona skoðanir eða ámóta á einstökum frv. Ég get auðvitað ekkert sagt við því. En hitt held ég, að flestir hv. þm. séu sammála um, að þessi einkunn eigi við annað fyrirbæri hérna á Alþ., og þá á ég við ræður þessa hv. þm. Ég held, að hún eigi alveg við þær, og ég held það sé hæpið að hafa þær um hönd hér á hv. Alþ. Og þó, kannske! Nú þykir það góð latína að halda til haga sjaldgæfum eintökum úr ríki náttúrunnar, dauðum og lifandi. Ég veit ekki, hvort þá er athugavert, að Alþ. sýni í verki skilning sinn á þeirri grein náttúruverndar.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið frá því, sem orðið er. Ég hafði kvatt mér hljóðs hér við umr. í gær. Hv. frsm. n., hv. 5. þm. Austf., hefur nú svarað svo rækilega þeim efnisatriðum, sem helzt komu fram í umr. bæði í gær og í dag, að því er snertir gagnrýni á þetta frv., að þess gerist naumast þörf að bæta þar við.

Ég vil þó, úr því að ég er hingað kominn, lýsa yfir því þegar, að þær brtt., sem n. hefur flutt, eru fluttar af henni einróma, og vegna þess að ég var 1. flm. þessa frv., þá taldi ég rétt, að það kæmi einnig skýrt fram frá mér. Tvær eða þrjár af þessum brtt. eru til samræmis við það, sem fram kom í ályktun Búnaðarþings og hefur þegar verið lýst. Ég tel ástæðu til þess að árétta það enn frekar vegna þess, er fram kemur í grg. Búnaðarþings, að þær breytingar, sem n. leggur til, að gerðar verði á kaflanum um grænfóðurverksmiðjur, eru fram komnar til þess að taka af tvímæli um, að þær verksmiðjur, sem þegar hafa verið stofnaðar — ekki einungis þær, sem eru í opinberri eigu, heldur einnig í einkaeign — geti fallið undir þessi l. með tilliti til þess, að verði þessar verksmiðjur endurbyggðar eða þeirra starfsemi aukin, þá geti það einnig orðið til þess, að þær hljóti aðstoð í samræmi við þetta frv., ef að l. verður.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. flutti hér mikla ræðu. Ég skal ekki fara langt út í hans mál. Hann hélt þeim hætti sínum að fara nokkuð út fyrir það efni, sem hér er á dagskrá, og ræddi m.a. um framkvæmdaáætlun ríkisins, sem var til 1. umr. hér í þessari hv. d. í dag. Hann hefði átt að taka eftir því, að hæstv. fjmrh., sem mælti fyrir því máli, gat þess, að málefni Stofnlánadeildar landbúnaðarins og veðdeildar Búnaðarbanka Íslands væru til frekari athugunar hjá hæstv. ríkisstj. Um ýmsa útreikninga, sem hann var hér með, skal ég ekki ræða. Hann gat þess enda í upphafi sjálfur, að ýmsum kynni að finnast þeir athugaverðir.

Eins og ég sagði áðan, skal ég ekki fara langt út í efnisatriði frv., en ástæða er þó til þess, að ég árétti það einnig, að valdsvið Landnáms ríkisins og valdsvið landnámsstjóra, sem komið hefur fram, að mönnum vaxi í augum, að sé aukið eftir þessu frv., er aukið mjög óverulega. Það er nýmæli í frv., að Landnámi ríkisins er falin forusta um tillögugerð í ákveðnum þáttum, sem snerta það að koma við meiri hagkvæmni í uppbyggingu byggðar en verið hefur til þessa. En það er ekki nýmæli, að Landnám ríkisins hafi haft áhrif á þróun byggðar. Það hefur haft það frá upphafi með því að skipta jörðum, stofna nýbýli og með því að reisa byggðahverfi. Nú er hins vegar breytt um stefnu og Landnámi ríkisins falin viss forusta í tillögugerð um aðra skipan á þessum málum. Það er heldur engin nýlunda, svo sem komið hefur hér fram í ræðum manna, að Landnámi ríkisins sé falið að láta gera sérstaka jarðaskrá fyrir allt landið. Landnám ríkisins hefur gert slíka jarðaskrá í fjölda ára, og sú jarðaskrá er raunar sú eina, sem verið hefur fullnægjandi til þessa. Sú skrá, sem verið hefur hjá Búnaðarfélagi Íslands, var gerð eftir úttekt jarðabótaframlaga, en þegar til þess kom að mæla ræktunarlönd hjá einstökum bændum, þá var skráin hjá Búnaðarfélagi Íslands leiðrétt í samræmi við það. Þeir aðilar hér á landi, sem hafa unnið að kortlagningu túna, eru héraðsráðunautarnir, þ.e. búnaðarsamböndin og Landnám ríkisins í samvinnu. Landnám ríkisins hefur kostað þetta verk að hálfu á móti búnaðarsamböndunum. Það er því engin nýlunda, að Landnám ríkisins vinni að þessum málum. Allt tal hv. 3. þm. Norðurl. v. í þessu sambandi og í sambandi við ýmislegt annað, t.d. afskipti Landnáms ríkisins af ábúð, sölu og leigu lögbýlisjarða, er að mestu leyti út í hött, vegna þess að þessi ákvæði hafa verið í l. að undanförnu, og það er nauðsynlegt, að Landnámi ríkisins berist upplýsingar um þessi efni til þess að geta haldið sinni jarðaskrá í góðu lagi.

Ég vil aðeins taka fram í sambandi við það mark, sem sett er vegna stofnunar nýbýla, að gert er ráð fyrir að jafnaði, að krafizt sé 100 hektara ræktunarhæfs lands eða þá að í staðinn komi t.d. beitilönd eða hlunnindi til lands og sjávar. Bæði hv. 3. þm. Norðurl. v. og hv. 5. þm. Norðurl. e., sem hefur flutt um þetta efni brtt., hafa talið þetta mark allt of hátt. Hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði hér í gær, að það

væru mjög fáar jarðir eftir því, sem hann þekkti til, sem hefðu svo mikið ræktunarhæft land. Ég hygg, að nær sanni sé að segja, að í sumum sveitum í okkar héraði séu margar jarðir, sem hafi nær 300 hektara af ræktunarhæfu landi en 100 hektara. Þegar talað er um það mark, sem sett er í þessu tilliti, þá megum við ekki miða um of við túnstærð í dag. Hv. 5. þm. Norðurl. e. segir, að beztu búin séu rekin á þeim jörðum, sem hafi kannske þriðjung af þessu ræktunarlandi eða helming. Þetta má vel vera rétt; ég skal ekki draga það í efa. En við megum ekki horfa einungis til dagsins í dag. Við verðum að horfa einnig til framtíðarinnar, og ef allt land nýbýlis er ræktanlegt land, sem í mörgum tilfellum kann að vera, þá er að mínu viti sannarlega ekki of frekt í sakir farið með því að hafa þetta hámark í 100 hekturum.

Ég lít svo á, að ég bæti ekki um ræðu hv. 5. þm. Austf., frsm. n., með því að tína upp fleiri efnisatriði, sem gagnrýnd hafa verið í þessu frv. Hann gerði það svo rækilega. En út af ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v. í heild, sem minnzt var á hér áðan, vil ég segja í fyrsta lagi það, að þessi hv. þm. sagði, að það væri ekki fyrir sjálfstæðismenn að bera fram svona frv. Hann minntist ekkert á það, að það væri ekki allt í lagi fyrir framsóknarmenn að gera það. Nú er það svo, eins og hv. dm. er kunnugt, að framsóknarmenn hafa einnig unnið að gerð þessa frv., og hv. 5. þm. Austf. er meðal flm. þess. Einhvern veginn er það svo, að þessi hv. þm., 3. þm. Norðurl. v., virðist vera farinn að taka það eitthvað sérstaklega nærri sér, að sjálfstæðismenn flytji frv., sem hann kallar meinleysislegt bull og til hálfgildings skammar fyrir Alþ., að flutt sé. Honum finnst það miklu verra, að það skuli vera sjálfstæðismenn, sem flytja slík frv. en framsóknarmenn. Um það atriði, að frv. þetta sé meinleysislegt bull svo sem minnt var á hér af hv. frsm. n. áðan, þá er það að mínu viti rétt, sem hann sagði, að slíkar ræður sem sú, er hv. 3. þm. Norðurl. v. flutti hér í gær, falla réttilega undir þann dóm, en þó ekki nema að sumu leyti. Slíkar ræður kunna að virðast meinleysislegt bull í eyrum þeirra manna, sem kynnt hafa sér þetta frv. og vanir eru að heyra ræður þessa hv. þm. En þær geta verið skaðsamlegt bull vegna þeirra, sem ekki hafa kynnt sér það efni, sem þær fjalla um, og hafa oft og tíðum orðið til vansæmdar fyrir það fólk, sem valið hefur þennan hv. þm. til setu hér á Alþ.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal ekki fara langt út í umr. í sambandi við þetta frv. Hins vegar kemur mér það á óvart, ef þetta frv. markar ekki frekar stefnu hæstv. landbrh. og meiri hl. á Alþ. en hinna, sem minni hl. skipa, og ég geri ráð fyrir því, að þegar hv. stjórnarsinnar fara að túlka það í þessum málum, sem þeir telja sér í hag, þá verði Framsfl. ekki eignað það eða a.m.k. ber þá nýrra við, og eru þá vinnubrögðin orðin önnur en við höfum vanizt hér á hv. Alþ. sem stjórnarandstæðingar.

Annars er það fleira, sem ber upp á sama dag þessa síðustu daga þingsins en áður hefur verið, og það hefur stundum verið háttur hv. stjórnarsinna að taka sig til og leggja saman till., sem stjórnarandstaðan hefur flutt í sambandi við afgreiðslu fjárl. Hafa þeir þá haft þau vinnubrögð að leggja við till., sem búið er að fella við 2. umr., og bæta henni við flutning till. við 3. umr. En ef einhver tæki sig til og legði saman frv., sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt nú fram á hv. Alþ. og ætlazt er til, að fjárveitingar komi til eftir hennar dag eða eftir árið 1971, þá yrðu þar allháar fjárhæðir. Þegar fjárlagaafgreiðsla fór fram í vetur, þá var ofrausn að láta í Framleiðnisjóð landbúnaðarins 5—10 millj. kr. Nú eru 23 millj. kr. til Landnámsins ekki of mikið, nema síður sé, enda verður það ekki greitt fyrr en eftir áramótin 1971—1972. Út í þessa hluti ætla ég ekki að fara, þótt ég veki aðeins athygli á þeim, vegna þess að þetta er að verða svo áberandi, að frv. á að samþykkja núna, en greiðslurnar eiga allar að koma eftir næstu áramót.

Hins vegar vildi ég við þetta tækifæri lýsa þeirri skoðun minni, sem ég hef reyndar lýst áður, sem er sú, að okkur sé nauðsyn á því, Íslendingum, að sameina stofnanir en fjölga þeim ekki — hafa ekki tvær til þess að vinna það verkefni, sem ein gæti annazt. Ein af þeim stofnunum, sem ég hef látið orð að liggja, að ég teldi, að ætti að hætta starfsemi hér á landi, er Landnám ríkisins, og ég vil við þetta tækifæri undirstrika það. Ég lít svo á, að Búnaðarfélag Íslands sé sú stofnun, sem eigi að efla í þessu sambandi. Það er allt annar svipur á þeirri stofnun frá mínum bæjardyrum séð en á ríkisstofnun, svo sem Landnámið er. Búnaðarfélag Íslands er stofnun, sem stjórnað er af stjórn, sem bændurnir í landinu kjósa á Búnaðarþingi. Það er stofnun, sem stjórnað er af Búnaðarþingi, sem haldið er árlega og markar stefnuna hverju sinni. Þessa stofnun tel ég, að eigi að efla. Það er þessi stofnun og Stéttarsamband bænda, sem á að vera höfuðmálsvari landbúnaðarins og hafa þau verkefni, sem skipta landbúnaðinn máli. Ég tel, að það sé röng stefna, hvort sem það er í sambandi við Landnám ríkisins eða á annan hátt, að vera að láta tvo aðila framkvæma verk, sem einn getur unnið. T.d. á Landnám ríkisins nú að greiða fjárhæð út á hvern hektara ræktaðs lands til viðbótar því, sem Búnaðarfélag Íslands gerir. Hvaða hv. þm. vill halda því fram, að það séu betri greiðslur, sem komi til á tveim ávísunum? Mér dettur ekki í hug, að nokkur haldi slíku fram. Ég held líka, að öllum sé það ljóst, að með þessu kerfi verður það að gerast, að allar skýrslur, sem að þessum málum lúta, verða sendar tveimur stofnunum í stað þess, að þær gætu fallið einni til. Þess vegna vil ég segja það, að ég tel þá stefnu ranga að reyna ekki að sameina stofnanir í landinu frá því, sem nú er. T.d. tek ég eftir því í grg. þessa frv., að það er talað um það, að komið hafi til mála að sameina Vélasjóðinn Landnáminu, en nefndin féll frá því og leggur það ekki til. Út af fyrir sig er mér það ljóst, að þessar stofnanir og þessi starfsemi gat átt rétt á sér á sínum tíma, enda var þá

miðað við önnur verkefni og önnur viðhorf en nú er orðið. Og margt hefur breytzt í tækni nútímans, sem gerir sameininguna nauðsynlega, t.d. skýrsluvélar og annað því um líkt. Það er allt annað að vinna að þessum verkum nú en fyrir 20—30 árum. Skýrsluvélar eru það afkastamiklar, að þær þurfa stór verkefni, til þess að not séu af þeim að ráði. Og þess vegna ber nauðsyn til, að þannig sé á verkefnunum haldið, en þau komi ekki frá mörgum aðilum í smáum einingum.

Ég lít svo á, að starfsemi Vélasjóðs, eins og hún er rekin núna, sé í raun og veru búin að missa tilverurétt sinn, og það hefði verið spor í rétta átt, ef þessi tvö fyrirtæki hefðu verið sameinuð. Ef við komum suður í Fossvog í vélaverkstæði Vélasjóðs, komum við í hús, þar sem eru tvær stofnanir með vélaverkstæði í sama húsi. Það er þil á milli; annars vegar er Landnámið, hins vegar er Vélasjóður. Það þarf ekki orðum að því að eyða hér á hinu hv. Alþ., hversu óhagkvæmt þetta er. Nú vita það allir, þó að ekki hafi neina sérstaka þekkingu á vélaviðgerðum, að þær byggjast að verulegu leyti á góðum verkfærum, dýrum verkfærum. Því minni sem starfsemin er, því óhagkvæmara verður það að nota þessi dýru og góðu verkfæri. Þess vegna er það auðvitað eðlilegt, að þetta sé sameinað, svo að það sé hægt að nota í þessu tilfelli sem öðru tækni nútímans, en ekki hafa þetta músarholusjónarmið, sem þarna ríkir. Reynslan er svo sú, að hallinn á Vélasjóði er orðinn svo mikill, að það væri ódýrara að greiða aukið framlag til skurðgraftar á Vestfjörðum en sem nemur því, sem talið er, að kosti að reka Vélasjóð vegna Vestfjarða. Það væri hentugra að greiða þeim aukið framlag til þessarar starfsemi en reka Vélasjóð með þeim halla, sem nú er á honum orðinn. Mér er það fullkomlega ljóst, og því verður ekki með rökum mótmælt, að það er ekki hægt að koma að nýjum verkefnum í okkar þjóðfélagi, svo að nokkurt lag sé á, ef við ætlum að halda uppi öllu kerfinu, eins og við gerum nú, og mér er það undrunarefni, að stjórn, sem Sjálfstfl. hefur veitt forustu — en hann hefur ekki talið sig vera sérstakan ríkisrekstrarflokk — skuli hafa aukið við og styrkt ríkiskerfið í jafnríkum og verulegum mæli sem þessir valdhafar hafa gert.

Ef hv. þm. vildu kynna sér það, þá yrðu þeir jafnsannfærðir og ég um það, að þjóðfélagið allt er að meira og minna leyti orðið flækt í ríkisrekstrarkerfi Sjálfstfl. og Alþfl. Það er greinilegt á öllum frv. síðari tíma, hversu embættiskerfið í landinu hefur gert sér far um að auka áhrif sín í framkvæmd mála, og mér sýnist án þess að ég skuli fara langt út í þetta, að þetta frv. sé engin undantekning þar um. Það er stefnt þar eins og í öðrum lagafrv. nú á síðari árum að því að auka vald embættiskerfisins.

Þetta frv., ef að l. verður, enda þótt sumt af því hafi verið í l. áður, gefur landnámsstjóra verulega möguleika til þess að móta stefnuna í landbúnaðarmálum. Og það er ekki laganna dyggð, þó að til landnámsstjórastarfsins veljist menn, sem ekki beiti áhrifum sínum á annan veg en æskilegt er. En ég þykist sjá það í IV. kaflanum í 28. gr., að verkefni Landnáms ríkisins séu það mikil, að þar geti orðið um verulega stefnumótun að ræða, og frá mínum bæjardyrum séð legg ég það ekkert að jöfnu, hvort Landnám ríkisins, ríkisstofnun, eða Búnaðarfélag Íslands, sem bændurnir í landinu stjórna, marka stefnuna. Það er ekkert sambærilegt frá mínum bæjardyrum séð. Og þess vegna vildi ég segja það, að þessi stefna, sem í þessu felst, er andstæð því, sem mín hugsun hnígur að. Hins vegar er mér það ljóst, að meðan ekki er breytt um landbúnaðarstefnu eða stefnu í framkvæmd þessara atriða, þá verða auðvitað að vera l. um Landnámið og verkefni þess, fyrst öðrum aðila eru ekki fengin þau. Og ég hjó eftir því í hinni skemmtilegu og vel sömdu ræðu hv. 5. þm. Austf., sem ég hafði gaman af að hlusta á sem ræðu, þó að ég væri honum ekki alls kostar sammála um einstök atriði, að með þessu frv. væri verið að tryggja Landnáminu fjármuni til landbúnaðarmála. Og það, sem ég held, að ráði afstöðu kannske hans og fleiri þeirra, sem að þessu frv. hafa staðið, er einmitt það, að þeir treysta ekki núv. valdhöfum til þess að sinna svo málefnum landbúnaðarins sem skyldi og kjósa því þessa leið til þess að ná til þeirra fjármuna, sem þeir treysta ekki, að hægt sé að ná að öðrum kosti. Þetta út af fyrir sig virði ég og met, en mér er það hins vegar ljóst, að það er ekki hægt fyrir þá, sem ekki ráða ferðinni, að marka stefnuna, og þess vegna veit ég, að sumt af því, sem í þessu frv. er, hefur hv. 5. þm. Austf. orðið að sætta sig við, þó að hann hefði kosið að hafa það á annan veg.

Ég skal svo ekki lengja þessar umr. meira en orðið er, en ég vil endurtaka það, að það, sem skiptir máli í landbúnaði, er ekki þetta frv., það er ekki aukið vald ríkisstofnunar, heldur er það breytt stefna, sem þarf í landbúnaðarmálum — stefna, sem miðar að því, að bændur landsins og það fólk, sem að landbúnaðarframleiðslu vinnur, hafi svipuð kjör og aðrar stéttir í þjóðfélaginu. Það er sú stefna, sem þarf að marka. Sú stefna verður bezt mörkuð með því, að Búnaðarfélag Íslands, bændurnir í landinu og Stéttarsamband bænda fái vald til þess að marka þá stefnu og þeir fái ráðið því fjármagni, sem ríkið veitir til landbúnaðar á Íslandi. Þetta er sú stefna, sem þarf að vinna að hér á hv. Alþ., ef tækist að breyta valdahlutföllum frá því, sem nú er.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það væri full ástæða til þess að halda skemmtilega ræðu og jafnvel langa, en vegna þess að það er orðið áliðið, þá verð ég að neita mér um þá ánægju. Jónas Pétursson gat þess, að hann væri mér sammála um það, að það ætti ekki að rífa upp kalin tún. Hann var víst eitthvað að deila á mig, en m.a. var mér sagt, að hann hefði byrjað á að tala um, að heyhesturinn kostaði meira en 200 kr. Ég reikna áburðinn og vinnuna, en vélarnar á bóndinn, hvort sem er, og jörðina á hann. Ég reiknaði aðeins vinnuna og áburðinn, þegar ég var að tala um 200 kr. Og sannleikurinn er sá, að ef vinnan og áburðurinn

verður mikið meira en þetta, þá verður ágóðinn takmarkaður, af því að það þarf meira að borga, fólkið þarf að lifa og svo eru menn misduglegir, og Jónas veit, að ég hef heyjað allra manna mest og ef til vill hef ég miðað of mikið við sjálfan mig í þessu tilfelli. Þetta er misjafnt að sjálfsögðu.

Ég hef ekki komið með brtt. — það er rétt — við þetta frv., og það er af því, að ég er ekki stefnunni sammála, sem ríkir þar. Það ber lítið á milli hjá mér og hv. 3. þm. Vesturl. Ég álít það rétt, að þarna séu þrjár stofnanir. Það eru Búnaðarfélagið og Landnámið, og svo er þessi Jarðeignadeild ríkisins, sem hefur með þetta að gera. Þegar nýbýlalögin voru samþ., þá var stefnan sú að fjölga býlunum. Þá var tæknin miklu minni. Síðari árin, sem Pálmi Einarsson var við þetta, var mjög lítið gert af því að reisa ný býli. Starfið gekk aðallega út á það að tryggja það, að jarðir héldust í byggð. Ég er ekki að deila á það, því að ég tel, að það hafi verið rétt stefna. Ég álít, að þetta hafi verið rétt stefna, og þannig er viðhorfið nú. Menn reikna ekki með því, að jörðunum verði fjölgað, og fyrsta skrefið er að halda byggilegum jörðum í byggð. Ég álít, að Jarðeignadeildin gæti sameinazt nýbýladeildinni, ef vildi. Aftur ætti Búnaðarfélagið að hafa þessar skýrslugerðir. Þarna eru í raun og veru tvö kerfi, og það var það, sem ég var að skopast að. Annars virðist mér, að hv. 4. þm. Norðurl. v. og hv. 5. þm. Austf. hafi tekið þetta of nærri sér, því að þeir virtust vera eitthvað sárir. En það er nú svo með köttinn, að hann mjálmar, þegar stigið er á rófuna á honum, og þannig getur það verið með mennina, ef þá sviður undan einhverju. Ég tel mér það frekar til tekna, að þeir voru með persónulega áreitni. Annars er ég aldrei með það við menn, því að mér er vel við flesta og deili sjaldan á þá persónulega.

Það, sem ég var að tala um í sambandi við Sjálfstfl., þ.e. að ég væri dálítið hissa á þeim að leggja þetta frv. fram, er það, að þarna er stefnt að ríkisrekstri með þessar kögglaverksmiðjur. Þeir hafa alltaf verið að tala um framtak einstaklingsins og ágæti þess, sem ég hef verið þeim að miklu leyti sammála um. Ég vil nú, að þeir sýni þetta í verki. Það var einhvern tíma, að Lúðvík Jósefsson, páv. 5. þm. Austf., var að tala um sjávarútvegsmál og vildi ekki svona mikinn sósíalisma eins og verið væri að innleiða í vissum atriðum. Hann vildi annaðhvort hafa þetta almennilegan sósíalisma eða þá bara kapítalisma — svona hóflegan, en honum þótti þetta vera of mikill hræringur. Ég er ekkert á móti því, að ríkið reki eina verksmiðju, því að það þarf að halda niðri verði, og ég tel t.d. nauðsynlegt, að kaupfélög séu rekin, en ekki er þar með sagt, að ég telji, að kaupfélög eigi að vera einráð. Það er allt í lagi að lofa kaupmönnunum að verzla líka. Það er allt í lagi, að ríkið reki eina verksmiðju, en við eigum að lofa einstaklingum að gera það líka, af því að ég hef trú á því, að þeir geti gert það fullt eins vel. Það getur t.d. enginn keppt við kaupmann, sem vinnur með fjölskyldu sinni að afhendingu og verzlun. Það getur ekkert kaupfélag drepið hann, ef hann býr við sömu skattaskilyrði. Og ég er sannfærður um það, að ef einstaklingur rekur verksmiðju, leggur hann sig að mörgu leyti betur fram en forstjóri, sem er ráðinn af ríkinu. Ef þetta er gróðavegur, þá kemur þetta af sjálfu sér. Ég var ekki að tala um, að það væri sérstaklega vitlaust að búa til köggla, en ég hef talið það vitlaust að ætla sér að treysta eingöngu á það fóður; það er allt of dýrt. Ég gat um það í gær, að kögglarnir hafa kostað 9.20 kr. hvert kg, og þar að auki er flutningskostnaður. Það eru líklega fullar 11 kr. komið til notenda. Fóðurverðið fyrir rolluna mundi kosta dilksverð, og hver getur rekið þannig bú? Við verðum að framleiða heyið ódýrt til þess, að búskapurinn geti borið sig. Ég taldi eigi viturlegt að treysta eingöngu á heyköggla, þó að það geti verið gerlegt eitt og eitt ár að gefa þá með frekar en að drepa niður bústofn.

Viðvíkjandi ábúð jarða stendur það alveg ákveðið: „Nú losnar jörð úr ábúð, og skal þá landnámsstjórn í samráði við ráðunauta Búnaðarfélags Íslands og viðkomandi sveitarstjórn meta, hvort hún hafi þau búrekstrarskilyrði . . .“ o.s.frv. Það er rétt, að talað er um þetta í grg., en það er allt annað lög eða grg. Grg. týnist, en lögin standa, og þá hefði þurft að orða þetta þannig: „Nú losnar jörð úr ábúð“ — og bæta þá við — „og byggist eigi með eðlilegum hætti.“ Það er bara allt annar hlutur. Það er algerlega tvírætt með ráðunautinn. Það er ekki talað um, að það sé ráðunautur búnaðarsambandsins, og vitanlega hafa þeir ekki vald til þess að skipa hann nema hafa samþykki búnaðarsambandsstjórnar, og þá var hægt að orða það þannig í l., að það væri hægt að semja við héraðsráðunauta búnaðarsambandanna um að gera það. En þarna er gert ráð fyrir tvöföldu kerfi. En hvernig það verður í framkvæmd, það er allt annað. Og það væri hægt að spara töluverða vinnu með því að hafa kerfið einfalt. Ýmislegt, sem hv. 5. þm. Austf. sagði, var slitið úr samhengi eins og það, að vitlaust væri að rífa upp kalið land. Ég hélt því fram, að í flestum tilfellum væri það ekki rétt, nema það þyrfti að ræsa landið fram. Og þetta er reynsla flestra, held ég, og Jónas Pétursson var mér sammála um það. Ég skal ekki segja, hversu mikla reynslu hv. 5. þm. Austf. hefur af kali, en þetta er okkar reynsla, a.m.k. mín. Ég talaði ekkert misjafnt um héraðsráðunauta, það er mesta vitleysa, og veittist ekki persónulega að nokkrum manni. Hitt taldi ég, að þeir hefðu ekki fundið upp hentugasta byggingarfyrirkomulag á fjárhúsum og það hefði viljað til, að skurðir hefðu ekki verið lagðir á réttan hátt. En það var ekki vikið persónulega að ráðunautunum, en þeir eru misvitrir eins og aðrir menn, og ég álít, að bændurnir þurfi engan veginn að sækja alla vizku til þeirra. Þeir séu kunnugir sínu landi og reyndari í búskap en flestir ráðunautar.

Þá var hv. 5. þm. Austf. að finna að því við mig, að ég hefði gert lítið úr heyþurrkun með heitu vatni, en það kom svo fram hjá hv. þm., að hann væri mér sammála um þetta. Ég þarf þess vegna

ekki að deila mikið um það. Ég skýrði þetta í gær og skal ekki endurtaka það. Viðvíkjandi því, sem hv. 4. þm. Norðurl. v. sagði um, að jarðir hefðu 300 hektara af ræktanlegu landi, þá held ég, að það sé ákaflega lítið um það. Hann býr á því svæði, sem er vel fallið til ræktunar og það eru örfáar jarðir þar, sem hafa 300 hektara af ræktanlegu landi, yfirleitt eru þær teljandi a.m.k. í dölunum. Og sum sveitarfélög munu ekki hafa eina einustu jörð með það mikið af ræktanlegu landi. Ég tel t.d., að í Vatnsdalnum sé ekki ein einasta jörð með svo mikið af ræktanlegu landi. Ef við tökum okkar sýslu, þá er meiri hlutinn af hreppunum þannig, að það væri ekki ein einasta jörð með það mikið af ræktanlegu landi.

Þetta var eigi pólitísk ræða hjá mér; þetta var stefnumál. Ég taldi frv. vera í meira lagi spaugilega orðað að ýmsu leyti, m.a. þetta með kvígurnar og gimbrarnar og fleira því um líkt. Ég álít, að það megi koma þessu fyrir á hagkvæmari hátt. Þess vegna hefði verið réttara, að stefnan hefði verið önnur við endurskoðun þessa frv. og miðað við að gera þetta allt einfaldara í staðinn fyrir að halda þessu tvöfalda kerfi eins og nú á að gera. En ég geri ráð fyrir, að þessu verið breytt, áður en mörg ár líða. Það er alltaf verið að breyta hlutunum, og þá verður þetta endurskoðað, hvort það er að einhverju leyti kosningamál. Það skiptir ekki máli í raun og veru. Það eru víst allt hálfgerð kosningamál nú, en fyrir mér var þetta algert stefnumál. Bezt er að taka Jarðeignadeild ríkisins og sameina hana Landnáminu og Búnaðarfélagið taki hluta Landnámsins. Ég álít, að breyting sé orðin á þessu og hafi verið í lengri tíma, þannig að stefnan sé ekki að fjölga býlunum heldur að styrkja þau býli, sem þegar eru í byggð, til þess að þau megi haldast í byggð áfram. Og ef ég kæmi með einhverja brtt., þá væri hún um að hækka styrkinn til að endurbyggja íbúðarhús á jörðum — jafnvel að fara með hann upp í 300 þús. kr., því að það er orðið mjög erfitt fyrir bændur með þeim lánum, sem þeir fá, að endurbyggja íbúðarhús á jörðum sínum. Það væri nær að hækka þann styrk og lækka þá eitthvað annað. Má vel vera, að ég komi með brtt. við 3. umr. viðvíkjandi því atriði.

En ég hef ekki komið með brtt. af því, að ég er ekki sammála stefnunni, sem er ráðandi í þessu frv., en vegna nokkurra atriða, sem mér þóttu dálítið spaugileg, þá stillti ég mig ekki um að minnast á þau í gær, en annars þykir mér leiðinlegt, ef ég hef sært þessa vini mína. Atvikin hafa hagað því þannig, að ég og hv. 5. þm. Austf. höfum ekki verið sammála. Hann hefur orðið að vinna að málum, sem mér finnst miður viturleg, eins og frv. um lífeyrissjóðinn. Hann hefur talað fyrir honum, en ég sé ekki, að menn þurfi að skattyrðast út af því persónulega, þó að þeir séu ekki málefnalega sammála, og ég ætla ekki að gera lítið úr vitsmunum eða drengskap þessa ágæta manns.

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. v. þarf ekkert að vera hræddur um líðan mína. Hún er ágæt. Út af ræðu hv. 3. þm. Vesturl. þá langar mig til þess að segja örfá orð. Hann segir, að það sé sín skoðun, að það eigi að leggja Landnám ríkisins niður og fella starfsemi þess undir Búnaðarfélag Íslands. Nú er þetta sjónarmið út af fyrir sig, og ýmis slík skipulagsatriði voru tekin til umr. í mþn. En það varð ekki samstaða um neinar slíkar stórbreytingar þar. Nú eru það auðvitað ekki nóg rök fyrir því að sameina stofnanir, að það sé yfirleitt æskilegt að gera eina stofnun úr tveimur. Það þurfa vitanlega einnig að vera önnur og efnisleg rök fyrir því. Ég skal ekki fara langt út í þetta, en þetta og önnur stærri skipulagsatriði í landbúnaðarmálunum eru auðvitað mjög skoðunarverð. En ég vil enn segja það, að ég álít það misskilning, að þessar tvær stofnanir vinni nokkuð verulega sömu verkin. Hitt er rétt, að sums staðar liggja saman jaðrar og mörk eru ekki alveg eins skýr og skyldi. Og það er einnig rétt, og ég hef viðurkennt það, að það er tvíverknaður í greiðslu framlaga til jarðræktar. Hv. 3. þm. Vesturl. sagði, að það væri einkennilegt, ef tvær ávísanir væru betri en ein. En það er nú einmitt svona, og ég hefði gaman af, ef hv. 3. þm. Vesturl. vildi taka eftir því, að í þessu tilfelli þá eru tvær ávísanir betri en ein! Og það er af því, eins og málin standa núna, að styrkur samkvæmt jarðræktarl. er aldrei greiddur fyrr en á vorin og jafnvel ekki fyrr en kemur fram á sumar, en framlög samkv. landnámsl. hafa verið greidd fyrir áramót, og þess vegna er í þessu tilviki, eins og þetta hefur verið framkvæmt, betra að fá tvær ávísanir en eina. En þetta er nú eiginlega meira til gamans en þetta komi mikið málinu við, en þó örlítið kannske.

Hv. þm. minntist á Vélasjóð og vélarekstur Landnámsins, og þetta atriði var dálítið rætt í mþn. Nefndinni var ljóst, held ég, að mér sé óhætt að segja, að þarna væri nauðsynlegt og eðlilegt að koma á sameiningu. En með því það kváðu vera í gangi athuganir á því að koma á fót einskonar vélamiðstöð fyrir vélaútgerð ríkisins, þá þótti, á meðan þær athuganir fara fram, ekki ástæða til að grípa inn í með því að gera breytingar á þessu tvennu og var látið hjá líða að gera till. um það. Varðandi það, að Búnaðarfélag Íslands og Landnám ríkisins ynnu sömu verkefni, þá vil ég enn benda á annars vegar 28. gr. frv., þar sem talin eru upp í nokkrum liðum verkefni Landnámsins, og hins vegar vil ég benda á rit, sem ber titilinn „Til Búnaðarþings 1971“ og inniheldur skýrslur ráðunauta og almennt yfirlit um starfsemi Búnaðarfélags Íslands á árinu 1970. Ég hef flett þessu riti m.a. í sambandi við umr. um þetta mál hér í þ., og ég get ekki fundið þar nokkurt atriði, sem er samhljóða verkefnum Landnámsins að undanskildu þessu eina, greiðslum framlaganna.

Ég viðurkenni að vísu, að það er rétt, sem hv. 3. þm. Vesturl. sagði, að það er munur á því, hvernig stjórn Landnáms ríkisins og stjórn Búnaðarfélags Íslands eru til komnar. Önnur er kosin hlutfalls-

kosningu á Alþ., hin er kosin af Búnaðarþingi, samkomu bændanna sjálfra. En vegna þess að báðar þessar stofnanir fá allt sitt starfsfé frá ríkissjóði, þá er eðlismunurinn á þessum tveimur stofnunum minni en ætla mætti. Ég viðurkenni það, að hann er samt nokkur. Það hafa ýmsir þm. látið í ljósi þá skoðun sína, að með þessu frv. sé vald landnámsstjóra og Landnáms ríkisins mikið fært út frá því, sem það er í núgildandi l., og það er auðvitað ekki á mínu færi að breyta skoðun þeirra svona í einu vetfangi. En ég get bara alls ekki fallizt á þetta. Og ég vildi í lokin aðeins rifja upp örfá atriði frv. Í fyrsta lagi minni ég á það, að það er ekki um neina grundvallarbreytingu að ræða á skipulagi. Sömu stofnanir sinna svipuðum eða sömu verkefnum og þær hafa áður haft með höndum. Stofnlánadeildin er óbreytt, hjá Landnámi ríkisins dragast saman nýbýlaframkvæmdir, en stofnunin snýr sér að félagsræktun og grænfóðurverksmiðjum, og Byggingastofnunin starfar á sama sviði, en fær aðeins lítið eitt meira af verkefnum. Hins vegar er stefnubreyting í frv. að því leyti, að það er horfið frá býlafjölgun, frá þeirri stefnu að skipta upp jörðunum, en reynt að móta stefnu í þá átt að treysta byggð með öðrum hætti. Ég vil taka það fram til þess að fyrirbyggja misskilning, að ég er síður en svo á þeirri skoðun, að nýbýlastefnan hafi verið röng frá upphafi. Það felst alls ekki í þessum orðum mínum né í stuðningi mínum við þessa breytingu nú, því að ég álít, að hún fylgi breyttum tímum. Landnám ríkisins bætir við sig félagsræktun og grænfóðurverksmiðjum, forgöngu um stækkun verksmiðja og stuðningi við félagsræktun, en dregur saman starfsemi sína að því leyti, að myndun nýbýla er nú aðeins svipur hjá sjón hjá því, sem hún var. Einnig er á hitt að minna, að samkv. l. á Landnámið að rækta ákveðna landstærð fyrir þá, sem stofna nýbýli eða stofna til byggðar í byggðahverfum. Samkv. frv. hættir Landnámið því; þar er beinlínis um samdrátt að ræða í starfsemi þess. Verkefni Byggingastofnunarinnar eru aukin örlítið, eins og ég sagði áðan, en ég tel, að fyrst þessi stofnun er rekin fyrir landbúnaðinn, þá sé eðlilegt að fela henni þau auknu verkefni, sem um er rætt í viðkomandi frvgr. Mér virðist það mjög eðlilegt. Fyrst ég fór að rekja þannig helztu punktana úr frv., þá vil ég einnig segja þetta! Að öðru leyti eru í frv. ákvæði um ákveðin framlög til endurræktunar túna, til grænfóðurræktar og til nýtingar jarðvarma bæði til heyþurrkunar og til hitaveitu á einstökum bæjum eða í bæjahverfum, og þar er ákvæði um framlög til grænfóðurverksmiðja, framlög og stuðning eða frumkvæði, þar sem það á við og alla vega stuðning við skipulagninguna. Þar er og ákvæði um hækkun á framlögum til íbúðarhúsa, og stærðarmörk í ræktun eru afnumin, en það þýðir raunverulega hækkun frá því, sem ella hefði orðið á framlögum til túnræktar.

Ég held, að það sé alveg rétt, sem hv. 3. þm. Vesturl. sagði, að í þessu frv. felst ekki stefnubreyting almennt í landbúnaðarmálunum og það markar því engin tímamót. En eins og ég hef margtekið fram, þá eru hér allmörg þýðingarmikil atriði, sem ég vil styðja, að nái fram að ganga. Sem sé: Ég mun styðja þetta frv. svo langt, sem það nær.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Umr. um þetta frv. hafa þegar orðið alllangar og ekki ástæða til að bæta miklu við, enda dagur að kvöldi kominn. Frv. virðist vera unnið samvizkusamlega af þeirri n., sem hafði það verkefni með höndum. N. hefur orðið sammála í meginatriðum, og ályktun Búnaðarþings er eftir atvikum ótvírætt því til stuðnings. Það hefur verið drepið á það, að II. kafli frv. sé nokkuð forn að orðalagi og framsetningu. Hann er raunar lítt breyttur frá ákvæðum eldri l., en það vill oft verða, að þegar ákveðið orðalag kemst einu sinni inn í löggjöf, þá helzt það tíðum óbreytt eða lítt breytt lengi. Gildir þar um hið fornkveðna, að „smekkurinn sá, sem kemst í ker, keiminn lengi á eftir ber.“ Það er að sönnu rétt, að það eru sum ákvæði í II. kafla frv. þannig, að e.t.v. mætti færa þau til venjulegra máls. Ég dett hér niður á 18. gr., sem er dálítið óvenjuleg, hvað framsetningu snertir miðað við venjulega löggjöf, en skilst þó vel og ekki ástæða til þess að fara um það fleiri orðum.

Hinir kaflarnir, seinni kaflarnir, fjalla um stjórn landnámsmála, um verksvið Landnáms ríkisins, byggðahverfi, nýbýli utan byggðahverfa o.s.frv. Á þeim hafa verið gerðar meiri breytingar, en þær, hygg ég, að horfi yfirleitt til bóta. Geri ég ekki ráð fyrir því, að þeir, sem hafa talað hér um frv. og fjölyrt nokkuð um einstök ákvæði þess, ætli sér með því að bregða fæti fyrir það, því að tvímælalaust má telja samþykkt þess til bóta. Ég vek athygli á ákvæði 62. gr., sem er nokkuð sérstaks eðlis, um óendurkræft framlag til íbúðarhúsabygginga. Það hefur lengi legið í loftinu, að það framlag, sem verið hefur 60 þús. kr., þyrfti að hækka. Hafa ýmsir minnzt á það. Í frv. er það hækkað um helming — upp í 120 þús. kr. Það er rétt, að gjarnan mætti þetta framlag hækka meira, en ég tel þetta þó svo verulegan ávinning frá því, sem gilt hefur, að það sé ekki áhorfsmál, að það horfi til bóta og því beri að hraða afgreiðslu málsins. Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um einstakar gr. frv., þó að ástæða væri til. Það væri gaman að fjalla um það frekar, en í heild tel ég, að það sé til bóta. Álít ég, að við ættum allir að stuðla að samþykkt þess sem fyrst í þessari hv. d.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, og það var fyrst og fremst vegna þeirra ummæla, sem síðasti hv. þm. viðhafði, að meðmæli með frv. hefðu verið ótvíræð frá Búnaðarþingi. Ég vona, að hv. þm. hafi athugað það, að Búnaðarþing segir einmitt: „eftir atvikum“. Hvað þýðir það frá Búnaðarþingi? Það auðvitað þýðir það, að miðað við það, sem sé og vænta má, þá muni þeir mæla með þessu frv., en það er engin lukka yfir því í augum þeirra fulltrúa, sem sátu á Búnaðarþingi; þá hefði þetta ekki verið þannig orðað.

Annað atriði, sem ég ætla aðeins að víkja að, er

varðandi þessar 120 þús. kr. Ég gat um það í fyrri ræðu minni, að til þess að framkvæmdamátturinn væri líkur og verið hefði, þegar l. var síðast breytt, þyrfti að gera betur. Það er búið að breyta l. fjórum sinnum. Fyrst var þetta sett inn, held ég, 1957, og voru það 25 þús. kr., síðan var l. breytt 1960 og upphæðin færð upp í 40 þús. kr., 1962 upp í 50 þús. kr. og 1964 upp í 60 þús. kr. En til þess að framkvæmdamátturinn væri hinn sami, þá þyrfti þetta að fara upp í 160 þús. kr. Þannig hefur verðbólgan farið með okkar krónur. Þó að það sé kannske hægt að segja, að þetta sé svolítil bót, þá er auðséð, að hverju stefnir. Ég vil undirstrika það, að þessi styrkur er langtum minna virði nú en áður var. Þar sem nú er orðið áliðið, þá ætla ég að láta þetta nægja.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 70. fundi í Nd., 26. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 606,1 samþ. með 28 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 606,2 (ný 5. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 622 samþ. með 27 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
8.—22. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 606,3 samþ. með 28 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
24. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
25.—27. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
28.—29. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
30. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 606,4 samþ. með 29 shlj. atkv.
31. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
32.—37. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
38. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 625,1 felld með 17:9 atkv.
39. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
40.—41. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
42. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 606,5 samþ. með 25 shlj. atkv.
43. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
44.—48. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 606,6 (ný 49. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 606,7 (ný gr. í stað 50. og 51. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 606,8 samþ. með 25 shlj. atkv.
52. gr. (verður 51. gr.), svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 606,9 samþ. með 26 shlj. atkv.
53. gr. (verður 52. gr.), svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 606,10 samþ. án atkvgr.
54.—55. gr. (verða 53.—54. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 663 samþ. með 25 shlj. atkv.
56. gr. (verður 55. gr.), svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
57.—60. gr. (verða 56.—59. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 606,11 (ný 61. gr., verður 60. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 625,2 felld með 20:9 atkv.
Brtt. 606,12 samþ. með 24 shlj. atkv.
62. gr. (verður 61. gr.), svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 606,13 samþ. með 28 shlj. atkv.
63. gr. (verður 62. gr.), svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
64.—68. gr. (verða 63.—67. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 625,3 felld með 19:7 atkv.
69. gr. (verður 68. gr.) samþ. með 25:1 atkv.
70.—71. gr. (verða 69.—70. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
72.—73. gr. (verða 71.—72. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 606,14 (74. gr. falli niður) samþ. með 22 shlj. atkv.
75.—79. gr. (verða 73.—77. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 691).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 78. fundi í Ed., 29. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar, og á sama fundi var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 691, n. 779, 780).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta frv. við þessa

umr. Eins og nál. á þskj. 779 ber með sér, þá varð n. sammála um að mæla með því, að frv. yrði samþ. með tilteknum brtt., sem n. flytur á þskj. 780. Ég get þó ekki látið hjá líða að benda á, að í þessu frv., eins og það liggur hér fyrir, er um nokkur nýmæli að ræða og nokkra stefnubreytingu í þeim málum, sem varða Landnám ríkisins — breytingu, — sem ég tel vera til mikilla bóta. Þar á ég sérstaklega við það, að horfið verði frá því ráði, sem áður þótti vænlegast, að skipta jörðum og fjölga og auka framleiðni í landbúnaði á þann hátt. Nú hefur aftur á móti verið horfið að stefnu, sem nú er almennt viðurkennt, að sé miklu vænlegri, og hún er sú, að jarðir séu nægilega rúmar og það þurfi tiltölulega stærri bú núna til þess að standa undir þeim vélakosti og tæknibúnaði öllum, sem landbúnaði fylgir, en þær jarðareiningar, sem áður voru taldar nægilegar til þessara hluta. Þá vil ég einnig benda á, að í þessu frv. er gert ráð fyrir nokkuð skýrari ákvæðum um félagsbú og stuðning við þau, og tel ég það líka vera til bóta. Þá er einnig stuðningur við grænfóðurverksmiðjur, sem að áliti allra landbúnaðarmanna er mjög mikilvægt að efla svo sem verða má, því að það virðist vera sýnilegt af þeirri skömmu reynslu, sem þar er fengin, að með því megi bæta mjög fóðurframleiðslu á Íslandi og verða óháðari erlendum fóðurkaupum en við erum nú.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta, en aðeins geta þess, að þær brtt., sem landbn. flytur hér á sérstöku þskj., eru fyrst og fremst tæknilegs eðlis og eru fluttar í samráði við landbrn. Við frekari athugun rn. á frv. kom í ljós, að því var áfátt í vissum tilvikum og þá í þessum gr., sem hér koma til. Það er 46. gr., þar sem gert er ráð fyrir því, að samþykki landbrh. komi til, til þess að landnámsstjórn geti keypt jarðir í vissum tilvikum eins og þar segir frekar fyrir um. Þá er umorðuð 62. gr., og er það gert fyrir það, að hún var ekki í samræmi við þær venjur, sem skapazt hafa um gerð fjárl. og fjárveitingar til ríkisfyrirtækja, og er hún umorðuð til þess að vera í samræmi við það, sem er um önnur hliðstæð ríkisfyrirtæki. Og sama er að segja um 3. till., sem er við 75. gr. Þar er gert ráð fyrir, að ríkisendurskoðunin endurskoði reikninga Landnámsins, en þeir hafa fram að þessu verið látnir fylgja reikningum Búnaðarbanka Íslands og verið endurskoðaðir af endurskoðendum hans, en í öllu falli þykir það sjálfsagt, að ríkisstofnanir heyri undir ríkisendurskoðunina að öllu leyti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta frv. að svo komnu máli, nema sérstakt tilefni gefist, en ég vil leggja til, að frv. verði samþ. með þessum tilteknu breytingum, sem ég lýsti hér, á þskj. 780, og því verði vísað til 3. umr.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Það er rétt, sem hv. 5. þm. Sunnl. sagði, að n. er einhuga um till. þær, sem hér eru fluttar. Hins vegar hafa einstakir nm. áskilið sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., ef fram kæmu. En frv. þetta er flutt í Nd. Alþ. af þeim hv. þm., sem sæti áttu í þeirri mþn., sem endurskoðaði vissa kafla í l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám og ræktun í sveitum með meira. Þessi endurskoðun nær einkum til landnámsins. En sá lagabálkur, sem þarna fylgir með, er allstór og viðamikill, þ.e. Stofnlánadeild landbúnaðarins. Hefur ekki farið fram nein endurskoðun á þeim hlut laganna.

Það væri sannarlega ástæða til þess, að ræða þessi mál nokkuð ítarlega, en af ýmsum ástæðum mun ég ekki gera það að þessu sinni og get látið nægja að vísa til þess, sem ég hef áður sagt hér í vetur, er ég talaði fyrir frv. til l. um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán og skuldaskil með meira. Ég get vísað að miklu leyti til þess, að því er varðar kaflann um Stofnlánadeild landbúnaðarins. En ég tel, að ein meginástæðan fyrir lausaskuldum bænda sé það, hversu lítið hefur verið lánað allajafna til byggingar íbúðarhúsa og til vélakaupa. Lánin hafa yfirleitt verið lægri til íbúðarhúsa í sveitum en þau hafa verið samkv. l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins og einnig, ef tekin eru með l. um verkamannabústaði, svo að maður tali ekki um þau lán, sem margir fá og hafa aðgang að úr lífeyrissjóðum, en það eru allmargir, sem betur fer, en ekki allir enn þá. En vonir standa til, að úr því kunni að rætast í framtíðinni hjá bændum með stofnun þess lífeyrissjóðs, sem nýverið hefur verið lögfestur hér á Alþ. En eigi að síður hafa lánin til íbúðarhúsa í sveitum vissa kosti fram yfir þau lán, sem aðrir njóta, og ber að geta þess líka um leið, að þau eru til 42 ára og þau eru óháð vísitölu og skilur þar allmikið á milli þeirra lána, sem veitt eru af húsnæðismálastjórn, og yfirleitt hafa þeir farið miklu verr út úr sínum lánum, er þau hafa fengið, þó að þeir hafi búið við lægri vaxtakjör vegna þess, að vísitalan hefur hækkað ört og dýrtíðin hefur verið svo mikil, að þetta hefur orðið þeim, sem þau lán hafa tekið, óhagstæðara með hverju ári, sem hefur liðið. Ég minni aðeins á þessa hluti vegna þess, að þetta skiptir þá bændur, sem byggja yfir sig, miklu máli að fá sem mest að láni úr Stofnlánadeild, af því að þau lán eru til tiltölulega langs tíma og því viðráðanlegri bændum og betri en víxlar eða skuldir hjá annaðhvort verzlunum eða einhverjum öðrum, sem lána til skamms tíma. Oft eru háir vextir af þeim lánum og því erfiðara við þau að fást en ef um föst langtímalán er að ræða.

En það, sem ég ætla aðallega hér að ræða um, eru þær brtt., sem við flytjum hér, hv. 2. þm. Austf. og ég, en það er ekki búið að útbýta þessum brtt., en þær eru á margan hátt hliðstæðar þeim till., sem lagðar voru fram í Nd. og eru þar á þskj. 625. Breytingarnar eru við 61. gr. frv. Það er í fyrsta lagi, að í stað 120 þús. kr. komi 160 þús. kr., en 160 þús. kr. eru mjög nálægt því, sem framlag þetta var hlutfallslega af byggingarkostnaði, þegar fyrst var upp tekinn sá háttur að veita nokkurt framlag til íbúðarhúsabygginga. Ég vil geta þess, að hér getur ekki orðið um stór, árleg útgjöld að ræða hjá Landnáminu, en hins vegar mun þetta létta þeim byrðarnar, sem standa í íbúðarhúsabyggingum.

Önnur brtt. okkar við sömu lagagr. er sú, að á þessa upphæð, sem ákveðin er, komi árlega til viðbótar sú hækkun, sem verða kann á byggingarvísitölu, og enn fremur, að þessar breytingar verki aftur fyrir sig og nái til þeirra íbúðarhúsabygginga, sem reistar hafa verið frá og með 1969. Enda voru lánin út á íbúðir það ár og þar áður mjög lág og ekki nema 300 þús. kr. þar til í fyrravetur, að þessi lán voru hækkuð, að mig minnir, upp í 450 þús. kr., en framlagið, 60 þús. kr., hefur verið óbreytt um margra ára skeið.

Þriðja brtt. okkar er við 2. mgr. 4. liðar 61. gr. Og með leyfi forseta vil ég lesa hana. Hún hljóðar svo:

„Í stað 2. mgr. 4. liðar komi:

Til endurræktunar túna vegna kals eða annarra skemmda, að viðbættu framlagi samkv. jarðræktarlögum, allt að 80% af ræktunar- og girðingarkostnaði, samkv. meðalverði hvers árs. Þó skal ekki veita framlag á sama land með styttra millibili en þremur árum. Sama heimild gildir, þó að annað land sé tekið til ræktunar í stað hins skemmda túns, enda sé það gert í samráði við héraðsráðunaut og landnámsstjóra . . .“

Hér er um talsverða hækkun að ræða frá því, sem frv. gerir ráð fyrir, þegar bændur þeir, sem hafa orðið hart úti vegna kals og skemmda í túnum, endurrækta þessi tún eins og margir hafa gert og fleiri munu hafa hug á að gera í framtíðinni og eru til neyddir vegna þess, að mikið af þeirra túnum er þannig, að það eru ekki líkur til, að án nokkurrar aðgerðar komi gras á þau á næstu árum. Skaðinn, sem bændur hafa því orðið fyrir á þessu sviði á köldu árunum, er mjög mikill, og því er mjög réttmætt að koma til móts við þá á ríflegan hátt. Annað gæti kannske kostað þjóðarheildina meira, því að léleg hjálp er oft verri en engin hjálp.

Þá er síðasti hluti brtt. okkar um það, að 5% af því, sem Landnámið leggur fram til jarðræktar, renni til hlutaðeigandi búnaðarsambands, og er þetta hliðstætt því, sem hefur lengi gilt og gildir enn um framlög ríkisins samkv. jarðræktarl., því að frá þeim eru dregin 5%, sem renna til hreppabúnaðarfélaga og eru notuð til félagsstarfsemi margs konar og til kaupa á vélum og verkfærum eftir því, sem talið er heppilegt í hverju tilviki hjá þeim ráðandi mönnum.

Fleiri brtt. flytjum við ekki, en vonum, að hv. þm. samþykki till. þessar. Frv. þetta fer, að ég ætla, aftur til hv. Nd., og hér er ekki um að ræða af okkar hálfu þær till., sem geta orðið til þess að kollvarpa neinu í frv. þessu. Búnaðarþing fjallaði um frv. þetta og lagði til, að á því yrðu gerðar nokkrar breytingar. Sumar af þessum till. voru samþykktar í hv. Nd., en hinar eru á meðal þeirra till., sem liggja hér fyrir og ég hef þegar lýst.

Það væri ástæða til að ræða talsvert um þetta mál, en það mun ég ekki gera nú af ýmsum ástæðum. Það er ýmislegt í frv. þessu, sem til bóta horfir frá því, sem áður hefur verið í þessum l., og vil ég þá fyrst nefna, að það er, eins og málin standa nú, heppilegt að draga í land með það að fjölga býlum og getur líka í vissum tilfellum verið til bóta að sameina lögbýli, ef þau losna úr ábúð. Í öðru lagi eru það aukin réttindi í félagsræktun og félagsbúskap. Það finnst mér horfa til bóta, þegar um er að ræða ólögboðinn og frjálsan félagsskap eins og mun þarna verða í flestum tilfellum, því að yfirleitt má segja um bændastéttina, að hún vill sem minnstar lögþvinganir. Því er þessi háttur beztur á í þessum efnum að lögþvinga ekki en veita aukinn stuðning, þegar vilji bændanna sjálfra er fyrir hendi í þessum tilfellum.

Þá vil ég líka nefna það, að þegar um aukinn fóðurforða er að ræða — og við höfum hug á því að koma upp fóðurbirgðum milli ára — þá hef ég trú á því, að grænfóðurræktun og grænfóðurverksmiðjur geti orðið mjög til þess að efla þetta og sömuleiðis til þess að spara gjaldeyri, sem við höfum orðið að eyða á undanförnum árum í fóðurbætisinnflutning. Það er eðlilegt, að við hugleiðum málið út frá þeim sjónarhól, að við getum sem mests fóðurs aflað innan lands og reynum að miða öll framlög af ríkisins hálfu til þeirra hluta við það, að við getum sparað ríkinu gjaldeyri og búið eigi lakara búi eftir en áður. Þá vil ég líka á það minna, að það er mjög mikilsvert, að það eru tekin upp framlög til þess að leita að heitu vatni og nýta það í ríkara mæli en kostur hefur verið á áður. Þarna eru kannske falin í jörðu einhver þau mestu auðæfi, sem við eigum eftir að notfæra okkur í framtíðinni á margvíslegan hátt.

Ég vil þó líka, úr því að ég minnist á aðalkosti við þetta frv., um leið minnast á nokkur atriði, sem ég tel, að síður horfi til bóta, og þá vil ég benda á það, að með þessu frv. er því slegið föstu, að áfram skuli Landnámið greiða viðbótarframlag á jarðrækt eins og verið hefur, en það framlag var áður miðað við hámarkshektarafjölda hjá hverjum og einum og einnig bundið við vissan árafjölda. Mér fannst það á sínum tíma vera eðlilegt, að Landnámið hefði þetta með höndum, þar sem raunverulega var um bráðabirgðaákvæði að ræða og þau féllu út af sjálfu sér síðar meir. En ég fæ ekki betur séð en nú sé þetta lögfest áfram og fylgi starfsemi Landnámsins. En ég hefði talið það vera til mikilla bóta, að þar sem við búum við aðra löggjöf, sem hefur hliðstæð verkefni með höndum, sem eru jarðræktarlög, þá hefði framlag þetta verið sameinað og því þægilegra við að eiga og kostað minni vinnu bæði hjá Landnáminu og Búnaðarfélaginu og í öðru lagi minni vinnu hjá héraðsráðunautum búnaðarsambandanna, búnaðarfélagastjórnum og öðrum aðilum.

Ég legg ekki til, að þessu verði breytt nú, því að ég veit, hvers eðlis mál þetta er; það þarf að hafa rýmri tíma til stefnu til að fjalla um þessi mál en nú er. Það eru líka ýmis önnur ákvæði í þessu frv., sem vafalaust þurfa endurskoðunar við, áður en langir tímar líða, og hef ég þá í huga samskipti Landnáms ríkisins og sveitarstjórna í landinu. Og ýmislegt er fleira, sem ástæða væri til að tala um og endurskoða, áður en langt um líður, og í trausti þess, að það líði ekki langir tímar, þar til sú endurskoðun fer

fram, fylgi ég frv. án víðtækari breytinga en ég hef lagt til. Ég bið hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir till. okkar, þar sem þeim hefur ekki verið útbýtt í hv. þd.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 781) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 89. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr. (A. 691, n. 779, 780, 781).
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 90. fundi í Ed., s. d., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—24. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
25.—29. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
30.—37. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
38.—41. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
42.—45. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 780,1 samþ. með 15 shlj. atkv.
46. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
47.—48. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
49.—50. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
51.—52. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
53.—60. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 781 felld með 10:5 atkv.
61. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 780,2 samþ. með 15 shlj. atkv.
62. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
63.—70. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
71.—72. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
73.—74. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 780,3 samþ. með 14 shlj. atkv.
75. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
76.—77. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 826).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 87. fundi í Nd., 5. apríl, skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 854).

---

74. Lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Á 59. fundi í Nd., 10. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar [242. mál] (þmfrv., A. 465).

Á 60. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Með tilvísun til þess, sem ég sagði við 1. umr. 12. máls á dagskránni, þá legg ég til, herra forseti, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 465, n. 768).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Hér er um að ræða systurfrv. frv. um sölu hluta jarðarinnar Dysja í Garðahreppi til Hafnarfjarðarkaupstaðar undir svokallaðan „Norðurbæ", sem nú er þar í byggingu, og er þetta frv. eðlileg afleiðing af því, að Hafnarfjörður fær það land, sem þar um ræðir, keypt. Nefndin mælir með því, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 88. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 89. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 17 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 465, n. 844).

Frsm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í grg. með frv., er það flutt að beiðni bæjarstjórans í Hafnarfirði og sveitarstjórans í Garðahreppi, og vísa ég til þeirra fskj., sem prentuð eru með frv., en nýverið hefur á hinu háa Alþ. verið gengið frá heimild til að selja Hafnarfjarðarbæ hluta úr jörðinni Dysjum. Þetta frv. er fyrst og fremst afleiðing af þeirri breytingu, sem þar var gerð, og lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar breytist til samræmis við þær breytingar, sem ég gat um í sambandi við umgetna jarðarsölu.

Heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. hefur skilað áliti, þar sem n. mælir einróma með samþykkt frv., en eins og fram kemur á þskj. 844, var einn nm., Jón Árm. Héðinsson, fjarstaddur vegna veikinda.

Herra forseti. Ég legg til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 886).

---

75. Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka.

Á 38. fundi í Sþ., 30. marz, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokka [303. mál] (þmfrv., A. 714).

Á 79. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 31 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Frv. þetta fjallar um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokka og er flutt af einum þm. úr hverjum núv. flokki þingsins. Efni þess er það, að í framtíðinni skuli greiða þingflokki tiltekna lágmarksfjárhæð og að auki ákveðna upphæð fyrir hvern þm. til að kosta sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokkinn og þm. hans við þingstörf. Gert er ráð fyrir því, að utanflokkaþm. fái sömu upphæð og greidd er hverjum þm. þingflokks.

2. gr. kveður svo á, að á fjárl. skuli hverju sinni ákveða, hve miklar upphæðir skuli renna til þingflokkanna í samræmi við þetta frv., ef að l. verður.

Þá er í 3. gr. skilgreint, hvað þingflokkur er, þ.e. samtök tveggja eða fleiri þm., sem eru fulltrúar stjórnmálaflokks, sem hefur komið á fót landssamtökum.

Síðari gr. fjalla um ýmis tæknileg atriði, og vil ég sérstaklega benda á 6. gr., sem hermir, að formenn þingflokka skuli árlega senda forsetum þingsins grg. um ráðstöfun þess fjár, sem þeir veita móttöku skv. l. þessum, eftir nánari reglum, sem forsetar setja.

Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir, að á þessu ári skuli varið 3.4 millj. kr. í þessu skyni, en það mundu verða um 200 þús. kr. til hvers þingflokks og síðan 40 þús. kr. til hvers þm., eins og segir í grg.

Með þessu máli mundi Alþ. fara inn á nýjar brautir, það hæfi fjárhagslega aðstoð til þingflokka. Þess er þó að minnast, þegar mál þetta er íhugað, að hér er Alþ. ekki að brjóta upp á nýjung, ef miðað er við önnur lönd, heldur að taka upp ráðstafanir, sem þegar hafa verið gerðar í mismunandi mæli — og sums staðar allmiklum — í svo til öllum nágrannalöndum okkar.

Ég skal ekki orðlengja um það hér, hvers vegna þjóð eftir þjóð hefur farið inn á þessa leið, en hitt er hverjum manni ljóst, sem hér situr, að pólitísk starfsemi hefur með hverju ári orðið flóknari og erfiðari, svo að tilkostnaður hefur orðið meiri og meiri, og þörfin fyrir sérfræðilega aðstoð hefur farið vaxandi með hverju ári. Ég geri ráð fyrir því, að öllum hv. alþm. sé ljóst, að vandamál geta verið jafnmörg og jafnflókin í litlu þjóðfélagi eins og stóru. Ef þörf er að leita nokkurra frekari röksemda fyrir því, að Alþ. eigi að fara inn á þá braut, sem frv. leggur til, bið ég menn að líta yfir þingstörfin undanfarnar vikur og íhuga, hvernig þau eru í þinglok að þessu sinni. Svo hefur að vísu verið á flestum þingum áður, en reynslan nú er okkur óneitanlega nærtæk.

Ég vil geta þess, að þótt frv. komi seint fram, á það sér langan aðdraganda. Viðræður hafa farið fram, að ég hygg, í nokkur misseri milli stjórnenda þingflokkanna eða fulltrúa þeirra um þetta mál, þ.e. hvort rétt sé að taka það upp og hvernig rétt sé að haga því. Frv. var samið af fulltrúum allra þingflokkanna, og verður því ekki annað sagt, en hæstv. Alþ. hafi þegar gefizt mjög gott tækifæri til þess að íhuga málið og fjalla um frv., áður en það komst á það stig, að samkomulag næðist um að flytja það. Tel ég, að þetta sé allgóður grundvöllur undir því, að óskað er eftir hraðri afgreiðslu, þannig að frv. geti orðið að l. á þeim fáu dögum, sem eftir eru til þingloka.

Herra forseti. Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég mun greiða atkv. með því, að þessu frv. á þskj. 714 um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokka verði vísað til 2. umr. og til fjhn. Hitt vil ég láta koma fram, að mér er efni þess ekki geðfellt og mér er ekki geðfellt að undirstrika flokksmennskuna og flokksræðið á þann hátt, sem gert yrði með þessu frv., ef að l. yrði. Ég viðurkenni það, að þörf geti verið á sérfræðilegri aðstoð fyrir þm., en mín skoðun er sú, að þeirri aðstoð yrði bezt fyrir komið á þann hátt að efla skrifstofu Alþingis, sem starfar í þágu þingsins og þingmanna, og koma þar upp t. d. í tengslum við skrifstofuna sérstakri upplýsingadeild fyrir alþm., þar sem þeir gætu látið afla fræðilegrar vitneskju um þau mál, sem fjallað er um í þinginu hverju sinni. Þetta vil ég láta koma fram, en skal að öðru leyti ekki fjölyrða um þetta mál.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 714, n. 766).

Frsm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft málið til athugunar og mælir með, að frv. verði samþ. óbreytt. Efni frv. er öllum hv. alþm. kunnugt, enda er hér um samkomulagsmál þingflokkanna að ræða, svo að ég sé ekki ástæðu til þess að rekja það frekar, en fjhn. mælir sem sé með, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23:2 atkv.
2.—7. gr. samþ. með 24:1 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 23:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24:1 atkv.

Á 83. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 88. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 89. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 714, n. 848).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft þetta mál til meðferðar, og eins og nál. á þskj. 848 ber með sér, hafa allir þeir nm., sem viðstaddir voru, þegar málið var afgr., orðið sammála um að leggja til, að það verði samþ. óbreytt.

Ég vil aðeins vekja athygli hv. þdm. á því, að með þessu frv. er lagt inn á nýja braut, þar sem um er að ræða framlög til stjórnmálaflokkanna af opinberu fé. Það er að vísu í frv. gert ráð fyrir því, að þessum fjármunum verði varið til þess „að kosta sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokkinn og þm. hans við þingstörf", eins og það er orðað. En sérfræðileg aðstoð er teygjanlegt hugtak. Ég hygg, að varla sé ágreiningur um það, og í því sambandi má t.d. nefna, að áróður og áróðurstækni er sérgrein eins og ég ætti ekki sízt að kannast við sem prófessor í viðskiptafræði, þar sem ákveðin tegund áróðursstarfsemi, sem er sölutækni og auglýsingastarfsemi, er mikilvæg grein, þó að ég fáist ekki við slíkt, þannig að í framkvæmdinni býst ég við, að þetta muni verða þannig, að þessum fjármunum verði varið til almennra þarfa viðkomandi flokka, og er ég í sjálfu sér ekki að gagnrýna það, eins og mun koma í ljós af því, sem ég segi í örfáum orðum hér á eftir.

En það, sem er ástæðan til þess, að ég vek athygli á þessu, er, að þegar farið er inn á þessa braut, sem ég geri ráð fyrir, að verði aðeins fyrsta sporið, er ljóst, að þær fjárhæðir, sem hér er um að ræða og vissulega eru ekki stórar samanborið við veltu ríkissjóðs, muni á næstu árum hækka mjög. En þá finnst mér eðlilegt, að sú spurning vakni, hvort líta eigi svo á, að áróðursstarfsemi, sem rekin er fyrir slíkt fé, sé í samræmi við lýðræðishugsjónina eða henni andstæð. Jafnvel í Bandaríkjum Norður-Ameríku, þar sem meira fé mun lagt í kosningabaráttu en nokkurs staðar annars staðar — og á það jafnvel við um hina innri baráttu innan flokkanna, því að allir vita, að ekki þýðir þar fyrir félausa menn að fara í prófkjör fyrir flokkana — eru þó, eftir því sem ég bezt veit, settar skorður við því, hve miklu fé flokkarnir megi verja til kosningabaráttu. Eins og ég sagði áðan, má ekki skilja það, að ég vek athygli á þessu, þannig, að ég telji eftir þá peninga, sem flokkarnir fá með þessu frv. Þvert á móti tel ég slíkt sanngjarnt með tilliti til þess m.a., að litlir flokkar hljóta alltaf að standa höllum fæti gagnvart stórum, hvað fjármagn snertir. Því má telja það sanngjarnt, að metin séu jöfnuð nokkuð með þessu móti. En þegar ég tala um, að litlir flokkar standi höllum fæti gagnvart þeim stærri, þá á ég við það, að áróður, sem ná á til kjósenda í heild, er auðvitað jafnkostnaðarsamur fyrir litla flokka og stóra, en það eru þá færri, sem verða um það að standa straum af þessum kostnaði.

En mér finnst einmitt í sambandi við þetta full ástæða til þess að vekja athygli á þessu grund-

vallaratriði, um leið og inn á þessa braut er farið, að hve miklu leyti það er talið samrýmast lýðræðishugsjóninni, að fé sé borið í dóm kjósendanna, og á ég þar auðvitað ekki við, að mönnum sé mútað til að greiða atkv. á ákveðinn hátt, heldur hitt, að öll áróðursstarfsemi verður fyrst og fremst spurning um fjármagn. Ég vil aðeins að lokum segja það, að ég veit ekki, hvort þjóðin mundi tapa svo miklu, þó að farin væri í þessu máli „hin leiðin", ef svo mætti segja, þ.e. að takmarka þá fjármuni, sem lagðir eru í áróðursstarfsemi, því að það einkennir einmitt áróðurinn samanborið við hlutlausa upplýsingastarfsemi, að hann skírskotar fyrst og fremst til tilfinninga fólksins, en ekki til skynseminnar, svo að miklu af þeim fjármunum, sem þannig er varið, mætti að mínu áliti ráðstafa á hagnýtari hátt. Að öðru leyti, herra forseti, leggur fjhn. einróma til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 888).

---

76. Byggingarsjóður aldraðs fólks.

Á 40. fundi í Nd., 28. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 20. apríl 1963, um byggingarsjóð aldraðs fólks, og l. nr. 23 19. apríl 1968 [191. mál] (þmfrv., A. 314).

Á 41., 42., 43. og 44. fundi í Nd., 1., 3., 4. og 8. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 45. fundi í Nd., 10. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég flyt hér á þskj. 314 frv. ásamt 7. þm. Reykv. um breyt. á l. um Byggingarsjóð aldraðs fólks, en Byggingarsjóður aldraðs fólks var stofnaður með l. 20. apríl 1963, og var hlutverk sjóðsins samkv. þeim l. að stuðla með lánveitingum að því, að byggðar verði hentugar íbúðir fyrir aldrað fólk. Tekjur þessa sjóðs eru samkv. l. ágóði af Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna samkv. ákvæðum þar um í l. um happdrættið og svo frjáls framlög eða aðrar tekjur, sem til kunna að falla og vaxtatekjur af sjóðseigninni.

Í l. um Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna eru ákvæði um það, að 60% af hagnaði happdrættisins fari til byggingaframkvæmda á vegum Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, en 40% af hagnaði happdrættisins verði lagt til þessa sjóðs, sem ég hef hér minnzt á, Byggingarsjóðs aldraðs fólks. Þann 30. apríl 1970 nam framlag Happdrættis Dvalarheimilis aldraðra sjómanna til Byggingarsjóðsins um 13.2 millj. kr. eða nánar tiltekið frá 1. maí 1963 til 30. apríl 1970, og vextir af þessari eign námu 1558 þús. kr. Lánveitingar úr sjóðnum hafa engar verið fyrr en á árinu 1970, að tvö lán voru veitt, annað til borgarstjórnar Reykjavíkur, 2.2 millj. kr., og hitt til bæjarstjórnar Akureyrar, 2 millj. kr. Við teljum eðlilegt, flm. þessa frv., að eins og stórum hluta teknanna er varið til byggingar dvalarheimila aldraðra á vegum sjómannasamtakanna þá megi einnig gera breytingu á þessum lögum, og við teljum eðlilegt, að þar sé gengið það langt, að 50% af tekjum sjóðsins megi verja sem styrk til byggingar elliheimila eða dvalarheimila úti um landið, en 50% verði áfram heimild til þess að lána í sama skyni. Alveg eins og hægt er að fá jafnmiklar tekjur af happdrættinu til byggingar dvalarheimilis fyrir aldraða sjómenn, sem hefur nú aðallega og eingöngu til þessa verið hér í Reykjavík, þá teljum við eðlilegt, að aðrir staðir komi til með að njóta þess í framtíðinni.

Hins vegar er okkur það alveg ljóst og vafalaust öllum þm., að tekjur þessa sjóðs eru allt of litlar og það þarf að gera gangskör að því að auka mjög verulega tekjur Byggingarsjóðs aldraðs fólks þannig, að hann komi að verulegu gagni fyrir þau áform víða um land að byggja elliheimili, því að á því er brýn þörf. Og það hefur verið hafin söfnun á nokkrum stöðum úti um land til þess að byggja elliheimili, en engin löggjöf er um það, að ríkissjóður eða sjóður á vegum ríkisins styrki þessar byggingar, og fyrsti vísirinn til styrkveitinga úr opinberum sjóði er því þetta frv., sem við flytjum hér um breytingar á Byggingarsjóði aldraðs fólks. Á þessu stigi töldum við ekki rétt og vorum ekki tilbúnir til þess að flytja brtt. við 3. gr. l. um tekjur sjóðsins, en við höfum það mjög í huga — og vafalaust fleiri þm. — að leggja til a.m.k. á næsta Alþ., þ.e. þeir okkar, sem eiga þá hingað afturkvæmt, að efla mjög verulega þennan sjóð.

Ég vænti þess, að hv. þm. þessarar d. taki þessu frv. af skilningi og vona, að það fái góða og fljóta afgreiðslu hér í hv. þd., og legg til, að lokinni þessari umr. verði því vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Í sambandi við frv. það á þskj. 314, sem hér liggur fyrir til 1. umr., vil ég taka undir það með hv. 1. flm., að

nauðsyn ber til, að það opinbera fari að styðja að því að koma upp dvalarheimilum fyrir aldrað fólk í landinu. Það hefur ekki verið gert til þessa, og á þingum hér undanfarið hefur verið lagt fram frv. um breytingu á sjúkrahúslögunum, þar sem gert væri ráð fyrir því, að ríkissjóður styddi þessa starfsemi, en hún hefur ekki náð fram að ganga, og það stóð til, að reynt yrði samkomulag um það á milli flokka að koma með slíkt frv. í vetur, en af því hefur ekki orðið enn þá. Í sambandi við þetta frv. er það að segja, að stefnan er rétt að því leyti, að það er mikil nauðsyn að styðja þessa starfsemi, sem mjög fer í vöxt og fólki hefur reynzt erfitt að koma í framkvæmd, vegna þess að þar hefur ekki verið um að ræða neinn opinberan stuðning og um lánsmöguleika hefur ekki verið að ræða að öðru leyti en því, að erfðafjársjóður hefur lánað til dvalarheimila.

En í sambandi við frv. þetta verð ég að segja það, að mér sýnist, að það, sem á skorti til þess, að þetta sé framkvæmanlegt, sé fjármagn, sem þennan sjóð vantar. Ég held, að þessi sjóður hafi ekki styrkt dvalarheimili eða byggingu dvalarheimila að öðru leyti en því, sem hann kann að hafa gert hér í Reykjavík, a.m.k. hefur það verið svo um það dvalarheimili, sem ég þekki bezt til í Borgarnesi, sem nú er nýtekið til starfa, að ekki hefur fengizt lán úr þessum sjóði til þess. Þess vegna hygg ég, að þó að löggjöf væri sett um það, að þessi sjóður, sem myndaður er með happdrættisfé, ætti að veita styrk til dvalarheimila eða til íbúða fyrir aldrað fólk, þá verði það ekki framkvæmanlegt nema með því að auka fjármagn til sjóðsins. Ég vil því segja það, að stefnan er rétt. Það opinbera þarf að styðja þessa starfsemi, því að hún er hin mesta nauðsyn og er tímabær. Með hverju ári, sem líður, er vaxandi þörf fyrir uppbyggingu vegna aldraðs fólks, en fjármagnið skortir. Ég vil því treysta því og vona, að þetta frv. sé fyrirboði þess, að það náist samstaða hér á hv. Alþ. um að veita fé eða útvega fé til styrktar byggingarstarfsemi fyrir aldrað fólk, og að því mun ég styðja, í hvaða mynd sem er.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 46. fundi í Nd., 11. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Á 63., 64., 66., 67. og 68. fundi í Nd., 17., 18., 22., 23. og 24. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Nd., 25. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 314, n. 509, 366).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft til athugunar frv. það, sem hér liggur fyrir, en efni þess er breyt. á l. nr. 49 frá 20. apríl 1963 um Byggingarsjóð aldraðs fólks.

Breyt. sú, sem hér er lagt til, að gerð verði á þessum l., er að efni til á þann veg, að heimilt verði að veita styrki úr sjóðnum, sem nemi allt að 50% af árlegum tekjum hans, til byggingar á hentugum íbúðum og dvalarheimilum fyrir aldrað fólk. N. varð sammála um að leggja til, að frv. yrði samþ. Einstakir nm. áskildu sér þó rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma. N. tók ekki efnislega afstöðu til þeirrar brtt. við frv., sem er á þskj. 366, en einstakir menn áskildu sér rétt til þess að fylgja eða flytja brtt., eins og ég gat um áðan. Að öðru leyti lagði n. til, að frv. yrði samþ.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 70. fundi í Nd., 26. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25:1 atkv.
Brtt. 366,1 felld með 16:10 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 366,2 felld með 16:11 atkv.
5. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 76. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 78. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 314, n. 846).

Frsm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. hefur tekið frv. það, sem hér um ræðir, fyrir á einum fundi. Segja má, að skammur tími hafi að vísu gefizt til athugunar málsins, en við meðferð málsins í Nd. kom það í ljós, að ekki var ágreiningur um efni frv., þó að einstakir dm. þar létu í ljósi, að fjármagna þyrfti Byggingarsjóðinn frekar en nú er. En meginbreytingin, sem frv. felur í sér, er sú, að lagt er til, að gerð verði breyting á l. nr. 49 20. apríl 1963, um

Byggingarsjóð aldraðs fólks, og l. nr. 23 19. apríl 1968 þess efnis, að heimilt verði að veita styrki úr sjóðnum, er nemi allt að 50% af árlegum tekjum hans, til byggingar á hentugum íbúðum og dvalarheimilum fyrir aldrað fólk. Tekjur þessa sjóðs eru samkv. l. ágóði af Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna samkv. ákvæðum í l. um happdrættið, vaxtatekjur sjóðsins og frjáls framlög eða aðrar tekjur, sem til kunna að falla. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 846, áskilja einstakir nm. sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma, en einn nm., Jón Árm. Héðinsson, var fjarstaddur sökum veikinda.

Hér hefur verið lögð fram brtt. á þskj. 878, sem gengur mjög í sömu átt og brtt., sem fram kom við meðferð málsins í hv. Nd. Ég skal láta liggja milli hluta að ræða hana efnislega, vil þó tjá sem mína skoðun, að eðlilegt sé, að framlög sem þessi, hvort heldur er varðandi Byggingarsjóð aldraðs fólks eða um hliðstæða starfsemi er að ræða, verði ákveðin við afgreiðslu fjárl.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara um frv. fleiri orðum á þessu stigi, en legg til, að það verði samþ. óbreytt.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við þetta frv. ásamt hv. 4. þm. Sunnl. En brtt. okkar er um það, að við 3. gr. l. komi nýr tekjuliður, þ.e. 15 millj. kr. framlag úr ríkissjóði, sem beri að leggja fram á ári hverju — eigi minna en 15 millj. kr.

Frv. þetta felur einkum í sér tvær veigamiklar breytingar frá núgildandi löggjöf. Það er í fyrsta lagi, að heimilt verði að veita 50% af árstekjum sjóðsins sem styrk. Í öðru lagi, að styrkur og lán úr sjóðnum megi nema 40% af byggingarkostnaði dvalarheimilis aldraðra. Þar sem frv. þetta felur í sér auknar skyldur fyrir Byggingarsjóð aldraðra, þyrfti, ef það ætti að koma að einhverju gagni, að sjá svo um, að sjóðurinn fengi auknar tekjur, svo að hann gæti sinnt þessum skyldum. En frá því, að sjóðurinn var stofnaður árið 1963 og til 1. júlí 1970, hefur eign sjóðsins orðið á þessu tímabili 5.4 millj. kr. eða sem næst 2 millj. kr. á ári frá því, að sjóðurinn fór að hafa tekjur. En því miður virðist það erfitt hlutverk að ætla sjóðnum að lána meira en verið hefur og veita auk þess styrki, nema til komi mikið fjármagn umfram þær tekjur, sem hafa verið ákveðnar með l., og ekki gerir þetta frv. ráð fyrir neinum tekjuviðauka. En þar sem við flm. bæði viðurkennum þörfina á auknum lánum og styrkjum í þessu skyni, þá höfum við lagt fram brtt. við frv. þetta, sem gerir ráð fyrir auknum tekjum sjóðsins og gerir honum því kleift að mæta þessum skyldum, og við vonum líka, að hv. þm. samþykki brtt. okkar, sem er á þskj. 878, því að annars er hætt við, að frv. þetta verði svipað og ávísun, sem gefin er út á innstæðulausan reikning, en tæplega hafa hv. flm. þessa frv. hugsað sér, að svo mundi fara. Ég vil svo biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir þessari till., þar sem hún er of seint fram borin.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 878) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 878 felld með 9:7 atkv.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 889).

---

77. Verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf (frv. JÁH).

Á 14. fundi í Ed., 11. nóv., var útbýtt:

Frv. til. l. um breyt. á l. nr. 63 28. maí 1969, um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf [109. mál] (þmfrv., A. 116).

Á 15., 17. og 19. fundi í Ed., 12., 18. og 19. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Ed., 23. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég hef á þskj. nr. 116 leyft mér að flytja frv. um breyt. á l. um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, nr. 63 frá 28. maí 1969. Frv. gerir ráð fyrir því, að bann sé sett við auglýsingu á tóbaki í blöðum, útvarpi, sjónvarpi og utan dyra. Frá því að frv. var lagt fram, hefur mér verið bent á óhemjulegan áróður í kvikmyndahúsunum fyrir vissum vindlingategundum. Svo langt var, síðan ég hafði farið í kvikmyndahús sjálfur, að mér var ekki persónulega kunnugt um þetta. En það er auðvitað sjálfsagt að athuga um brtt. og taka bannið inn varðandi kvikmyndahúsin líka. Það var sannarlega spor fram á við, þegar hv. Ed. samþykkti hér á sínum tíma, að hver vindlingapakki skyldi bera svofellda aðvörun:

Viðvörun. Vindlingareykingar geta valdið krabbameini í lungum og hjartasjúkdómum.

Menn mun reka minni til þess, að bandarískir tóbaksframleiðendur voru hér með nokkurt þóf í vor s. l. og hótanir við einkasöluna vegna þessa atriðis, en það leystist, og ber nú hver pakki þessa áletrun. En framleiðendur hafa sannarlega áhuga á

því að koma með krók á móti bragði, því að vel skipulagðar og vel gerðar auglýsingar um ágæti vindlinga bókstaflega flæða yfir menn varnarlausa. Þetta er ósvinna hin mesta, og verður hv. Alþ. að sjá sóma sinn í því að stöðva þennan ófögnuð. Ég segi ófögnuð. Vegna hvers er svo fast að orði kveðið? Ég mun nú í fáum orðum reyna að rökstyðja það og hef í því sambandi farið í skýrslur, sem viðurkenndir sérfræðingar í læknavísindum hafa látið frá sér fara nú upp á síðkastið um hættuna, sem miklar vindlingareykingar hafa í för með sér. Eftirfarandi var birt í Morgunblaðinu 25. okt. s. l., með leyfi forseta:

„Brezk stjórnarskýrsla", segir í fyrirsögn. „100 þúsund deyja í ár — af völdum sígarettureykinga." „Eitt hundrað þúsund Breta munu deyja í ár vegna sígarettureykinga. Kemur þetta fram í skýrslu, sem brezka ríkisstjórnin gerði heyrinkunna í dag. Er þetta mun hærri tala en búizt hafði verið við. Skýrsluna vann Sir George Gober og snýst hún almennt um heilbrigðisástand í Bretlandi. Í skýrslunni segir Sir George, að sígarettureykingar hafi aukizt stórlega í landinu og dauðsföllum af völdum lungnakrabba, bronkítis og hjartasjúkdóma fjölgað ískyggilega.

Þá hafa brezk blöð það fyrir satt, að hópur brezkra lækna muni á næstunni leggja fram tillögur til úrbóta og þar sem ríkisstjórnin er gagnrýnd fyrir sinnuleysi í þessum málum. Meðal þeirra atriða, sem læknarnir telja nauðsynleg, er að auka fræðslu um skaðsemi sígarettureykinga, sígarettuauglýsingar verði mjög takmarkaðar og lagt verði bann við reykingum á opinberum stöðum, í kvikmyndahúsum, í járnbrautarlestum, áætlunarbílum og e. t. v. á skemmtistöðum."

Hér er um óhugnanlega þróun að ræða, sem við megum sannarlega hugleiða nokkuð betur okkur sjálfum til aðvörunar. Almenningur hefur einnig veitt þessu athygli, og í ágætri grein, sem nýlega birtist í sumum dagblöðunum eftir Hjálmtý Pétursson, tel ég koma fram sjónarmið hins skynsama borgara um þetta atriði, og með leyfi forseta vil ég lesa örfá orð úr þeirri grein:

„Það hefur löngum verið talið, að góð heilsa væri það dýrmætasta, sem nokkrum manni gæti hlotnazt. Auður og völd eru þeim lítils virði, sem liggja fyrir dauðanum, helteknir af ólæknandi sjúkdómi. Sárast er það fyrir þann, sem er í biðstofu dauðans, er hann rennir huganum yfir líf sitt og uppgötvar, að sá ólæknandi sjúkdómur, sem hann þjáist af, er sjálfskaparvíti, krabbi af völdum sígarettureykinga.

Í sjónvarpinu í vor var sýnd ensk kvikmynd um skaðsemi tóbaks og krabbameinssýkingu. Þetta var áhrifamikil mynd og ætti að vera flestum minnisstæð, sem sáu. Sýnt var í prósentum aukin dauðsföll af völdum krabbameins hjá þeim þjóðum þar sem mest er reykt. Enn fremur gáfu línurit og tölur til kynna þær tugmilljónaupphæðir, sem tóbakssalar eyða í auglýsingar, til þess að gylla þetta eitur fyrir mannfólkinu. Í þessari kvikmynd var brugðið upp mynd frá Íslandi, sem átti að sýna hreint loft og heitar laugar, en þrátt fyrir þessi náttúrugæði væri krabbinn og sígarettan að nema hér land." Lýkur svo tilvitnuninni.

Herra Bjarni Bjarnason, læknir hjá Krabbameinsfélagi Íslands, flutti snjallt erindi um krabbamein og áhrif vindlingareykinga í ríkisútvarpinu 9. þ. m. og kom m. a. þetta fram: Að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin helgar árið 1970 krabbameinsvörnum og krabbameinsleit. Stofnunin hefur einnig komizt að þeirri niðurstöðu, að um 33% krabbasjúklinga fær bata, og er þetta næstum ævintýralegur árangur miðað við það, sem áður var, og menn sjá fram á, að allt að því annar hver sjúklingur muni fá bata innan skamms. Hér á Íslandi hafa aðeins 34 sjúklingar með lungnakrabba fundizt á tímabilinu 1931—1954 eða á 24 ára tímabili, en frá 1955—1968, á s. l. 14 árum, 264. Ég endurtek á s. l. 14 árum 264. Orðrétt sagði læknirinn:

„Það þarf ekki að skýra það lengur fyrir fólki, því að allir vita það nú orðið að sígarettureykingar eiga sök á 95—97% allra þessara krabbatilfella. Lungnakrabbinn myndi sem sagt hverfa að mestu," segir læknirinn orðrétt, „ef fólk fengist til að leggja niður sígarettureykingarnar. Svona einfalt er það nú. En þar sem þess virðist enginn kostur, er ekki lengur hægt að standa aðgerðalaus og sjá lungnakrabbann vaða uppi." Læknirinn bendir síðan á þá staðreynd, að þeir, sem hætta að reykja, fá undraverða bót á lungum sínum og eftir 5—10 ár megi varla greina, hvort maðurinn hefur verið stórreykingamaður eða ekki. Þetta er geysiþýðingarmikið atriði, og það þarf að benda mönnum á gildi þess, að björgunin felst í því að hætta nú þegar reykingum. Bezt væri auðvitað að byrja aldrei.

Þeir vösku menn hjá Krabbameinsfélaginu hafa oft áður ýtt við hv. alþm., en fengið daufar undirtektir, og ég vil, með leyfi forseta, lesa úr einu slíku bréfi. Bréfið er sent Háskólabíói, Árna prófessor Vilhjálmssyni, stjórnarformanni. Bréfið er svo hljóðandi dagsett 11. nóv. s. l.:

„Stjórn Krabbameinsfélags Íslands hefur mörgum sinnum sent Alþ. áskorun um að banna með öllu sígarettuauglýsingar hér á landi. Það erindi hefur enn þá ekki fengið neina afgreiðslu. Þess vegna hefur verið ákveðið að snúa sér til einstakra aðila, sem auglýsa sígarettur, í von um, að þeir bregðist betur við og sýni sjónarmiðum félagsins meiri skilning. Heilsutapi og geigvænlegum mannfórnum af völdum sígarettureykinga þarf ekki að lýsa fyrir Íslendingum. Hverjum manni, sem kominn er til vits og ára, hlýtur að vera fullkunnugt um það. Allir, sem láta sig líf og heilsu fólksins einhverju skipta, ættu því að gera sitt til að afstýra þessum voða. Ef bíóin vildu hætta að birta tóbaksauglýsingar, væri það ekki óverulegt spor í rétta átt, því að máttur þeirra auglýsinga, sem þau birta, er meiri en flesta grunar. Framkvæmdastjórn Krabbameinsfélags Íslands beinir því þeim vinsamlegum tilmælum til stjórnar Háskólabíós, að síga-

rettuauglýsingar verði lagðar þar niður, þar sem hún lítur svo á, að slík auglýsingastarfsemi samrýmist ekki því menningarhlutverki, sem Háskólanum er ætlað. M. a. er erfitt að hugsa sér, að Háskólinn, sem elur upp menn til að lækna sjúkdóma og afstýra þeim, geti jafnframt rekið stofnun, sem aðhefst nokkuð það, sem geti orðið til að auka útbreiðslu eins skæðasta sjúkdóms, sem mannkynið á í höggi við. Í von um, að tilmælum þessum verði tekið með vinsemd og skilningi, kveðjum við yður.

Virðingarfyllst,
f. h. framkvæmdastjórnar
Krabbameinsfélags Íslands,
Bjarni Bjarnason læknir, formaður."

Það kemur hér fram, eins og vitað var, að Krabbameinsfélagið vill stuðla að því, að auglýsingar verði bannaðar og það væri auðvitað langæskilegasta leiðin, en því miður þá er peningavaldið það mikið hjá tóbaksframleiðendum, að menn láta undan þeim þunga, þegar stórar upphæðir eru annars vegar. Vissulega mun verða erfitt fyrir okkur að banna það, að auglýsingar sjáist hér á Íslandi, og ætla ég mér ekki þá dul, að það sé framkvæmanlegt. Við hinu má sporna, að auglýsingaáróðurinn sé í fullum gangi á almennum stöðum hjá stofnunum, sem kenna sig við menningu og þar fram eftir götunum, og inn á þá braut vil ég fara, að hömlur séu samt settar við slíkum áróðri. Við fáum hingað frjálsan innflutning erlendra blaða, og við sjáum þar litaðar auglýsingar, en ég tel, að við getum ekki spornað við neinu slíku. Hitt er á að líta, að við eigum að horfa í eigin barm og hamla á móti því, að innlendir aðilar dreifi þessum áróðri hér um landið.

Mjög margt fleira mætti benda á til sönnunar því, að aukning á vindlingareykingum veldur stórtjóni á heilsu manna og hreinlega drepur hér marga á ári hverju. Ég tel, að við getum ekki horft upp á þessa uggvænlegu þróun án þess að stemma stigu við henni, eftir því, sem í valdi hv. Alþ. stendur. Við getum með því að banna í l. komið í veg fyrir snjallan áróður um ágæti og hressileg áhrif vindlingareykinga, og þá sýnist mér það ekki ofgert að leggja það til, að slíkt sé gert og það nú þegar. Það er athyglisvert, að mikill áróður er nú rekinn fyrir ágæti vindlinganna, og dynur þetta yfir fólk með margvíslegum hætti svo sem í dagblöðum, á veggskiltum og síðast en ekki síst nú upp á síðkastið, eins og ég sagði áðan, í vel gerðum áróðursmyndum í bíóunum. Því miður var svo langt, síðan ég hafði farið í kvikmyndahús, að mér var ekki kunnugt um þennan snjalla áróður, en það er í sjálfu sér alger óhæfa, þegar menn koma til þess að njóta góðrar myndar og það í kvikmyndahúsum, sem kenna sig við menningu og fá til þess sérstök lagaákvæði sér til hjálpar. Þetta er mesta ósvinna.

Spyrja má hér: Hvenær er næsta stig? Hefjast ekki t. d. bráðum sinfóníutónleikar með 10 mínútna forleik um tóbak og auglýsingum um ágæti þess? Er það svo, að fólk geti hvergi verið óáreitt fyrir þessum ófögnuði? Hvergi er þess getið, hvað það kostar að reykja eins og flón og renna þannig stórfé út í loftið. Ekki þarf neinn stórreykingamann til þess að eyða nú á einu ári í sígarettur allt að 20 þús. kr. Hvað fer t. d. mikill tími í súginn vegna allra þessara reykinga? Hvergi er getið um það.

Mörgum kann e. t. v. að finnast, að ég sé kominn út í allt of mikla siðgæðisprédikun hér á hv. Alþ. og ætti fremur að standa úti á torgi og hrópa þar. Þó að þar væri þörf á að hrópa til fólks um að gæta heilsu sinnar, þá rýrir það ekki gildi þess að hrópa einnig í þingsölum um hollustuhætti. Það er hrópað hátt á betri sjúkrahús og alla aðstöðu til betri heilbrigðisþjónustu, og er það vel. En er ekki eðlilegt að stemma stigu við því að ungmenni falli í valinn vegna snjallrar áróðurstækni í auglýsingum í dag um ágæti vindlinganna, og hér höfum við hv. alþm. skyldu að sinna. Það er von mín, að þetta litla frv. fái jákvæðar undirtektir í hv. Ed. og skjóta afgreiðslu.

Það væri, herra forseti, hægt að hafa um þetta allt mikið lengra mál, en ég sé ekki ástæðu til þess. Ég hef víða orðið var við góðar undirtektir, og að svo mæltu vil ég leyfa mér að vísa þessu til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Hv. þdm. mættu nú kannske ætla, að ég stæði hér upp til þess að verja þá ágætu stofnun, sem ég ber ábyrgð á og selur þá vöru, sem hv. flm. þessa frv. minntist á hér áðan, en því fer víðs fjarri. Fyrir allmörgum árum síðan — eða nokkru áður en ég tók við mínu embætti — flutti ég hér á Alþ., einmitt í þessari hv. d., frv., sem ég hygg, að hafi verið mjög svipaðs eðlis, ef ekki á sama hátt orðað og frv. það, sem hér er flutt af hv. 5. landsk. þm. A. m. k. var það efnislega samkynja í því að banna auglýsingar á tóbaki. Þetta frv. var samþ. hér í hv. Ed. En í hv. Nd. var málið nánast stöðvað. Það fékk að vísu þá afgreiðslu, að því var vísað til ríkisstj., en vitanlega hafði það enga þýðingu. Það var raunverulega það sama og á mildan hátt að gera út af við málið, vegna þess að ríkisstj. hafði að sjálfsögðu ekki neitt það vald í sínum höndum, er gæti komið í stað löggjafar um þetta efni. Þá var að vísu, að tilhlutan hæstv. menntmrh. rætt við kvikmyndahúsin um það að fá þau með frjálsu samkomulagi til þess að hætta að birta tóbaksauglýsingar, og mun það hafa verið gert einhvern tíma, en síðan hafi bíóin fallið frá þessu og hafið birtingu tóbaksauglýsinga að nýju. Og ég álít, að það sé engum efa bundið, að að frádregnu útvarpi og sjónvarpi, þar sem þessar auglýsingar hafa verið bannaðar, þar sem ríkið hefur yfir þeim fjölmiðlunartækjum að ráða, þá eru það kvikmyndahúsauglýsingarnar, sem eru langhættulegastar og hafa mest áhrif.

Þetta mál og örlög þess hér á hinu háa Alþ. voru alvarlegs eðlis — ekki eingöngu fyrir þá sök, að hér var komið fyrir kattarnef góðu máli, heldur sérstaklega fyrir þá sök, að það er ekkert launungar-

mál, að það voru beinlínis fjárhagslegir hagsmunir blaðanna, sem réðu því, að málið náði ekki fram að ganga. Og það munu á sama hátt vera fjárhagslegir hagsmunir kvikmyndahúsanna, sem ráða því — og þ. á m. Háskólabíós, sem er eign aðalmenningarmiðstöðvar þjóðarinnar — að þessir aðilar ekki sjá sér fært að stöðva tóbaksauglýsingar. Þetta er ekki nýtt hér á landi. Þetta er að vísu í eina skiptið sem ég veit til þess, að fjárhagsleg viðhorf hafi haft áhrif á aðgerðir hins háa Alþ. á þennan hátt, en erlendis er það svo, að jafnvel læknatímarit birta tóbaksauglýsingar og hefur oft verið um það ritað af samtökum, sem berjast gegn bæði krabbameini og hjartasjúkdómum, hversu yfirgengilegt slíkt er, að m. a. s. þessir aðilar hafa vegna fjárhagslegra hagsmuna leiðzt út í að birta slíkar auglýsingar. Þetta sýnir því, hversu erfitt er hér um vik. Ég man eftir því, að þegar frv. það var á sínum tíma til meðferðar hér á Alþ., sem ég minntist á hér áðan, að ég flutti, var hafin stórkostleg herferð hér í dagblöðunum í Reykjavík með birtingu heilsíðuauglýsinga frá umboðsmönnum tóbaksinnflytjenda, þannig að það var engum efa bundið að það var fullkomlega ætlunin að hafa þar áhrif með fjármagni til þess að orka gegn því, að þetta frv. yrði samþ.

Ég ætla ekki að fara að ræða hér um skaðsemi tóbaks umfram það, sem hv. flm. gat um og öllum er vel kunnugt, að hér er um hreinan dauðavald að ræða. Við heyrum mikið nú á dögum talað um margvíslega mengun, en ég hygg, að tóbaksreykingarnar séu hættulegasta mengunin, sem við eigum nú við að stríða. Ég vil þess vegna nota þetta tækifæri vegna forsögu málsins og afskipta minna af því til að mæla mjög eindregið með þessu frv. Og hefði ekki mín staða hér á Alþ. verið því til hindrunar, að ég hefði getað haldið þessu máli áfram og flutt slíkt mál á ný, þá hefði ég gert það, en það skiptir engu máli, hver flytur málið, ef það nær fram að ganga, og ég lýsi því mjög eindregnum stuðningi við þetta frv. og vonast til, að hv. Ed. a. m. k. geri því sömu skil og síðast var gert, þ. e. að samþykkja það. Ég er ekki fjarri því, að það þurfi e. t. v. einhverra breytinga við, en það skiptir ekki meginmáli. Höfuðatriðið er, að það nái tilgangi sínum. Og þó að það sé að vísu svo og á það hafi verið bent af andmælendum frv., að opinberlega hafi ekki verið mikið mælt á móti því á sínum tíma, að erlend blöð væru hér í gangi, þar sem tóbaksauglýsingar væru birtar, þá er það að vísu rétt, en við það fáum við ekki ráðið, og ég held ekki, að þær auglýsingar, sem þar eru birtar, hafi svo ákaflega mikil áhrif a. m. k. ekki gagnvart unglingum, en þar er ég ekki í neinum efa um, að áróðurinn í kvikmyndahúsunum er langalvarlegastur.

Það var getið um það af hv. frsm. og birt hér í grg. þessa frv., að á síðasta ári hafi hér á hinu háa Alþ. verið við höfð nokkur mótvörn gegn reykingum með því að setja sérstaka miða á sígarettupakka og það var vikið að því, að það hefði mætt mikilli andstöðu hjá tóbaksframleiðendum, sem hingað selja sígarettur, að þetta væri gert. Það er rétt, að slík andstaða kom fram. Ég álít ekki, að hún skipti neinu máli, og það var í engu farið eftir þeim, og þessir erlendu aðilar höfðu engin áhrif á afstöðu okkar í þessu máli, en ég vil ekki láta hjá líða að segja það hér, að ég álít, að þessi ráðstöfun hafi verið næsta hæpin og skili sáralitlum eða engum árangri. Þessa áritun hygg ég að fáir eða engir lesi, og þetta hefur í för með sér margvíslegan kostnað, en látum það vera, það er ekki í það að horfa, ef það skilaði einhverjum árangri. En ég efast um, að það beri mikinn árangur að hafa auglýsingar, sem fólk rífur í sundur. Þetta er að vísu á botni pakkanna, svo að það er ekki beint gert, en leiðir þó af sér það, að það er enn þá síður lesið. En ég held, að áletrun sem þessi hafi vægast sagt litla þýðingu, ef þá nokkra og þeim peningum sé algerlega á glæ kastað, sem eru lagðir í að reyna að vinna gegn sígarettureykingum á þennan hátt. Og ég vil segja það hér, að enda þótt ég muni ekki sjálfur beita mér sérstaklega fyrir brtt. um, að þessu verði hætt, þá vil ég samt láta það koma fram við umr. um þetta mál, að ég álít, að því fé, sem er varið til þessara merkinga á sígarettupökkum, væri miklum mun betur varið til annarra auglýsinga gegn tóbaksnotkun, við skulum segja í sjónvarpi, jafnvel í kvikmyndahúsum. Ef Áfengis- og tóbaksverzlunin legði fram eitthvert fé til þess að kosta slíkar auglýsingar, þá er ég ekki í neinum vafa um, að það skilaði miklu meiri árangri, og ég væri fullkomlega til viðræðu um það að nota heldur þá fjármuni, sem í þetta fara, og jafnvel eitthvað meira fé til þess að vinna þannig gegn öðrum áróðursauglýsingum fyrir tóbaki, jafnvel með sjónvarpsauglýsingum eða á einhvern annan hátt, sem heppilegt gæti talizt, af því að ég er þeirrar skoðunar, að þetta hafi sáralitla eða enga þýðingu. Ég efast ekkert um, að það vakti ekkert nema gott eitt fyrir þeim mönnum, sem beittu sér fyrir þessu, og ég beitti mér ekki gegn því, að þetta yrði samþ. En ég álít, að auglýsingar sem eru birtar með þessum hætti á vörunni sjálfri án þess, að það hafi nokkur áhrif á nokkurn mann, séu ákaflega hæpnar, og það er þá í rauninni aðeins auglýsing til þeirra, sem eru farnir að nota vöruna, en ekki til þeirra, sem mætti kannske forða frá reykingum.

Þetta vildi ég nú láta koma fram í sambandi við þetta mál. Ég skal svo ekki eyða fleiri orðum að því, en aðeins lýsa eindregnum stuðningi við það og tel, að það sé í rauninni ekki vansalaust, að við skulum ekki hafa komið því í verk að reyna að spyrna við fótum í þessu auglýsingafargani.

Flm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég sé ástæðu til að þakka hæstv. fjmrh. mjög góðar undirtekir undir frv. jafnframt því, sem ég verð að biðja hann afsökunar á því, að mér var ekki kunnugt um, að hann hafði flutt þetta hér áður í d., ella hefði ég greint frá því.

Það er ljóst, að fjárhagslegir hagsmunir blaða og kvikmyndahúsa koma hér til sögunnar, en þá

verður að leysa á viðunandi hátt fyrir þessa aðila og gera dæmið upp. Við sjáum aðeins aðra hliðina með þessu móti. Við getum á margan hátt fengið meira af dollurum, ef við viljum leggjast svo lágt að taka við þeim, með hvaða hætti sem vera skal. Þá er hægt að benda á margar leiðir til þess; það er ekkert vandamál. En það eru margar leiðir svo illfærar, að það er ekki víst, að allir kæri sig um að standa saman um þær leiðir og fást við þær afleiðingar, sem slík vinnubrögð skapa. Um það deilir enginn maður.

Á s. l. 14 árum hafa fundizt hér 264 tilfelli af lungnakrabba, og læknar fullyrða, að 94% stafi af reykingum. Það er ekki lítill kostnaður, sem heilbrigðisyfirvöldin verða að leggja í til þess að sjá þessum sjúklingum fyrir öryggi og eðlilegum aðgerðum. Ætli það nemi ekki tugum milljóna? Nei, margt annað mætti fjalla um, en Alþ. ber að ráða fram úr þeim fjárhagslega vanda, ef kvikmyndahús og blaðakostur eru svo illa stödd, að eigi sé kostur á öðru til að halda í þeim lífinu en þiggja þessar auglýsingar. Það vandamál verður þá að taka sérstaklega fyrir. Máttur fjármagnsins í svona auglýsingaherferð er auðvitað gífurlegur, og menn falla fyrir gullinu. Það er ekkert nýtt. En þetta mál er þó þannig, að það snertir heilsu manna og heilsu ungmenna. Að hvetja menn til fíknilyfjanotkunar er alvarlegra en svo, að við getum látið það fara fram hjá okkur.

Það er athyglisvert að heyra það, að áletrunin beri ekki tilætlaðan árangur, og það væri gaman að hafa tækifæri til að ræða við forstjóra tóbakseinkasölunnar um þetta mál. Hann lagði sig í líma við það að leysa þetta vandamál, og hann mun áreiðanlega leggja sig fram aftur við að benda okkur á leiðir í staðinn. Ef hæstv. fjmrh. er reiðubúinn til þess að nota þessa fjárupphæð til mótvægis á móti árórðrinum, er það líka verulega athyglisvert spor að nota þá peninga í sjónvarpið. Ég þakka sem sé hæstv. ráðh. fyrir góðar undirtektir.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 12 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Ed., 15. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 116, n. 479).

Frsm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Á þskj. 479 kemur fram, að heilbr.- og félmn. mælir með samþykkt frv. svo breytts. Meginmál 1. gr. orðist svo:

„Tóbaksauglýsingar hvers konar eru bannaðar. Þó er Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins heimilt að auglýsa verð á tóbaksvörum."

Nokkrir fundir voru haldnir um þetta mál, og bárust n. mjög margar umsagnir um frv. og allar á einn veg, sem lögðu til, að þetta skref yrði stigið. Það yrði allt of langt mál að fara að rekja þær, en ég get ekki stillt mig um að segja frá sérstakri umsögn, sem barst, en það var frá 49 aðilum, sem eru allt formenn landssamtaka og er þar efstur á blaði formaður Krabbameinsfélags Íslands, Bjarni Bjarnason, sem hefur haft ötula forgöngu í baráttunni við reykingar og krabbamein. Hefur hann verið manna ötulastur að beita sér fyrir því, að menn drægju úr sígarettureykingum. Með leyfi forseta ætla ég að lesa, hvað stendur á þessu skjali. Það er örstutt:

„Vaxandi þekking á afleiðingum tóbaksreykinga hefur víða um lönd orðið grundvöllur nýrrar baráttu gegn útbreiðslu þeirra. Öllum aðgerðum Alþingis gegn tóbaksneyzlu er fagnað. Lýst er yfir eindregnum stuðningi við frumvarp til laga um bann gegn tóbaksauglýsingum."

Í raun og veru tel ég mig ekki þurfa að hafa fleiri orð um frv. Það fékk, eins og ég sagði áður, mjög víða að stuðning, og athyglisverður stuðningur kom einnig frá iðnnemum Iðnskólans í Reykjavík og kennurum, en nærri 400 manns skrifuðu þar undir skjal og lögðu eindregið til, að frv. næði fram að ganga. Að svo mæltu, herra forseti, legg ég til, að frv. verði vísað til 3. umr.

ATKVGR.
Brtt. 479 samþ. með 12 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 512).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 61. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 63. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 88. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 512, n. 788, 874).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Mál það, sem hér liggur fyrir, um breyt. á l. nr. 63 frá 28. maí 1969, um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, hefur verið til umr. hjá heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. Málið er í sjálfu sér einfalt, en þó virðast um það nokkuð skiptar skoðanir. Það eru að sjálfsögðu ekki skiptar skoðanir um það, að almennt er talið bæði af sérfróðum mönnum og öðrum, að sígarettureykingar séu óhollar, svo að um það þarf ekki að deila og verður ekki deilt. Hitt er annað mál, að menn virðist greina á um það, hvort sú breyting, sem hér er lagt til, að gerð verði á þessum l., nái þeim tilgangi, sem til er ætlazt.

Nefndum deildanna, bæði heilbr.- og félmn. Ed. og einnig heilbr.- og félmn. þessarar hv. deildar, hafa borizt margar og allítarlegar umsagnir, og þar að auki hefur hv. Alþingi borizt áskorun frá fjölda forsvarsmanna ýmissa fyrirtækja, þar sem mjög eindregið er lagt til, að þetta frv. verði samþykkt.

N. hafa að sjálfsögðu eftir því, sem aðstaða hefur verið til, kynnt sér, hvaða háttur er á hafður meðal annarra þjóða í þessu sambandi, og liggur það fyrir, eftir því, sem virðist, að aðeins í einu landi hér í Evrópu sé um hreint bann að ræða við auglýsingum á tóbaki. Annars staðar er þetta takmarkað, en aðeins í einu landi, sem okkur er kunnugt um, Ítalíu, er um hreint bann að ræða. Eftir að málið var komið á lokastig í heilbr.- og félmn. þessarar d., þá barst erindi frá Félagi ísl. stórkaupmanna, sem sögðu, að þeim hefði ekki á sínum tíma verið sent málið til umsagnar, en óskuðu eftir að koma á framfæri upplýsingum við n., sem þeir þá höfðu aflað sér. Það var nú aðallega í sambandi við aðstöðuna á Ítalíu, þar sem þetta bann hefur gilt um nokkurn tíma, og eftir þeim upplýsingum, sem n. voru fengnar, þá er það þeirra niðurstaða, að slíkt bann virðist ekki hafa þar náð þeim tilgangi, sem án efa hefur verið að stefnt, þegar það var lögleitt. En eins og ég sagði í upphafi, þá greinir menn á um þetta, og ég hygg nú, að það verði reynslan hér á landi, sem kemur til með að skera úr um það, hvort sú breyting, sem nú liggur fyrir að gera á þessum l., nái þeim tilgangi, sem til er ætlazt af flm.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa um þetta lengri framsögu, því að málið er, eins og ég sagði í upphafi, mjög einfalt, og menn verða að meta það, hvað þeir telja skynsamlegast í þessu.

Heilbr.- og félmn. þessarar hv. deildar mælir einróma með því á þskj. 788 í sínu nál., að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu, að lögin taki gildi 1. janúar 1972.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Eins og fram hefur komið í ræðu frsm., þá var heilbr.- og félmn. einróma samþykk því, að frv. það á þskj. 116 um breyt. á l. um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf næði fram að ganga eins og það kom frá Ed. Þó áskildi ég mér rétt til að flytja brtt. og fylgja brtt., ef fram kæmu, við þessa umr. eða 3. umr., og það gerði einnig hv. þm. Stefán Valgeirsson.

Mig langar til að rifja ofurlítið upp sögu þessa frv. og einnig frv. til l. á þskj. 235, sem ég leyfði mér að flytja ásamt hv. þm. Guðlaugi Gíslasyni, Hannibal Valdimarssyni, Braga Sigurjónssyni og Jónasi Árnasyni um breyt. á l. nr. 63 frá 28. maí 1969, um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf. En áður en ég vík að því frv., ætla ég að ræða fyrst frv. hv. þm. Jóns Árm. Héðinssonar, sem hann flutti í Ed. fyrir síðustu áramót. Þar segir í 1. gr.: „Á eftir síðustu mgr. 7. gr. l. komi nýr málsl., svo hljóðandi: Allar auglýsingar á tóbaki í blöðum, útvarpi, sjónvarpi og utandyra skulu bannaðar.“ Og 2. gr.: „Lög þessi öðlast þegar gildi.“ Og svo fylgir þessu grg., sem ég sé ekki ástæðu til að lengja umr. með að fara að lesa upp hér nú.

Þegar rætt er um bann við tóbaksauglýsingum, þá hefur maður orðið var við það, að það eru skiptar skoðanir um slíkt bann. Sumir halda því fram, að það sé stjórnarskrárbrot að banna prentun auglýsinga um eitt eða annað. Ég vil ekki taka afstöðu til þeirrar fullyrðingar. Aðrir halda því fram, að tóbaksauglýsingar séu fyrst og fremst kapphlaup milli tóbakstegunda, milli framleiðenda, og kapphlaupið sé um að ná kaupandanum til að kaupa frekar þessa tóbakstegund en hina. Það má vel vera, að svo sé. Og einn hópur er enn, sem heldur því fram, að á meðan seld eru erlend blöð í landinu, sem eru full af tóbaksauglýsingum og hvatningum til lesenda um að neyta tóbaks, þá sé óeðlilegt að setja í l. á Íslandi bann við tóbaksauglýsingum. Allt þetta hefur komið fram í umr. og í viðræðum um þetta mál. Ég var spurður í hljóðvarpinu fyrir nokkru um afstöðu mína til tóbaksauglýsinga, og var það í sambandi við það starf, sem ég gegni. Ég sagði þá og segi það hér, að mér hafa alltaf fundizt ógeðfelldar tóbaksauglýsingar, sem fela í sér áróður. Og ég er þeirrar skoðunar enn og fylgdi henni í n., þegar ég greiddi þar atkv. Hins vegar finnst mér ekki óeðlilegt, að þeir, sem kaupa tóbak, geti haft greiðan aðgang að því í blöðum, hvað þessi og hin tegundin kostar. Og þessi skoðun hefur einnig verið ríkjandi í Ed., því að 1. gr. í frv. var einmitt breytt þannig í samræmi við brtt. á þskj. 512:

„Á eftir síðustu mgr. 7. gr. l. komi ný mgr., svo hljóðandi: Tóbaksauglýsingar hvers konar eru bannaðar. Þó er Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins heimilt að auglýsa verð á tóbaksvörum.“

Það eru með þessu lagaákvæði, ef samþ. verður, settar þær kvaðir á Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, að stofnunin á að standa undir auglýsingum á verði, en framleiðendum eða umboðsmönnum þeirra hér á landi er bannað að gera það. Þess vegna vaknaði nú sú spurning, hvort það hefði ekki verið réttara að segja í þessari setningu bara:

Heimilt er þó að auglýsa verð á tóbaksvörum. En ég kem ekki með brtt. við þá setningu.

Þá vil ég með nokkrum orðum rekja sögu frv. á þskj. 235, sem ég minntist hér á áðan, sem er breyting á l. nr. 63 frá 28. maí 1969, um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf. Í 1. gr. þessa frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„7. gr. l. nr. 63 frá 28. maí 1969, um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, orðist svo: Allar vörur, sem Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins selur, skulu merktar með nafni verzlunarinnar og/eða merki hennar. Einnig er Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins skylt að verja 2‰ af bruttósölu tóbaks til greiðslu auglýsinga í sjónvarpi, hljóðvarpi, blöðum og víðar, þar sem varað er við hættu af tóbaksreykingum. Um framkvæmd þessa skal haft samráð við stjórn Hjartaverndar og stjórn Krabbameinsfélags Íslands."

Og 2. gr. hljóðar svo: „Lög þessi öðlast þegar gildi."

Og ég tel rétt, þar sem alllangt er liðið, síðan þetta þskj. var lagt fram, að lesa grg., og geri það, með leyfi hæstv. forseta d. En hún er svo hljóðandi:

„Á s. l. ári voru samþ. á Alþ. lög um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf. Í 7. gr. þessara l. er kveðið svo á, að umbúðir um vindlinga skuli merktar með eftirfarandi áletrun: „Viðvörun — Vindlingareykingar geta valdið krabbameini í lungum og hjartasjúkdómum." Vindlingapakkar, sem seldir eru hér á landi, hafa nú verið merktir þessari viðvörunaráletrun nokkuð á annað ár.

Í samtölum við vindlingakaupendur hefur upplýstst, að fjöldi þeirra les ekki viðvörunarorðin, rífur merkimiðann án þess, og vel meint ábending kemur ekki að tilætluðum notum. Þá koma þessi orð eigi heldur fyrir sjónir þeirra, sem enn eru ekki byrjaðir að reykja vindlinga, en til þeirra þyrftu þau vissulega að ná.

Lagabreyting sú, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, er þess efnis, að hætt verði að merkja vindlingapakkana svo sem nú er gert, en upphæð, sem nemur 2‰ — tveimur af þúsundi af bruttósölu heildsöluverðs vindlinga, sem Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins selur, verði varið til að greiða viðvörunarauglýsingar í fjölmiðlum og víðar, t. d. í framhaldsskólum landsins, þar sem varað yrði við hættu af tóbaksreykingum. Láta mun nærri, að þessi upphæð mundi á næsta ári nema kr. 1.000.000.00 — einni milljón króna — og yrði hún greidd af Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins. Telja verður eðlilegt, að stofnunin hafi samráð við stjórn Hjartaverndar og stjórn Krabbameinsfélags Íslands um framkvæmd þeirra nýmæla, sem í l. þessum felast."

Eins og fram kemur í frv. og grg., er ætlazt til, að hætt verði að líma á pakkana þessi viðvörunarorð, og það er mín persónulega skoðun, og ég hef látið það í ljós bæði í útvarpi, blöðum og hér í þessum ræðustól, að ég held, að sá kostnaður, sem er varið til að líma þessa miða á, nái ekki tilgangi sínum. Það er mín skoðun, að það eigi að auka að miklum mun kennslu um hættu af vindlingareykingum í skólum og að 1 millj. kr., sem þegar væri handbær 1972, væri hægt að nota til þess að vara unga fólkið við hættunni af vindlingareykingum.

Nú kann einhver að spyrja, sem á mig hlýðir: Hvað varð um þetta frv. á þskj. 235? Jú, það var sent til hv. fjhn., og síðan hefur ekkert af því frétzt. Það er ekki síður að auglýsa hér eftir frv., sem verða úti eða daga uppi, en það hefði verið fyllsta ástæða til þess að gera það. En nú vil ég, að þingið skeri úr því, hvort það vill ráðstafa rúmri 1 millj. kr. í þessum tilgangi að vara við hættu af vindlingareykingum í fjölmiðlum. Þess vegna hef ég á þskj. 874 borið fram brtt. við frv. hv. þm. Jóns Árm. Héðinssonar og þar sem brtt. minni hefur ekki enn verið lýst í d., þá vildi ég leyfa mér að lesa hana upp með leyfi hæstv. forseta:

„1. gr. orðist svo: 7. gr. laga nr. 63 frá 28. maí 1969, um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, orðist svo: Allar vörur, sem Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins selur, skulu merktar með nafni verzlunarinnar og/eða merki hennar. Einnig er Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins skylt að verja 2‰ af bruttósölu tóbaks til greiðslu auglýsinga í sjónvarpi, hljóðvarpi, blöðum, kvikmyndahúsum og víðar, þar sem varað er við hættu af tóbaksreykingum. Um alla framkvæmd þessa skal haft samráð við stjórn Hjartaverndar og stjórn Krabbameinsfélags Íslands."

Þetta er fyrsti liður brtt. minnar og er shlj. till. okkar fimmmenninganna á þskj. 235. Síðan segir í brtt. minni: „Allar auglýsingar á tóbaki í blöðum, útvarpi, sjónvarpi, kvikmyndahúsum og utandyra skulu bannaðar." Það er breytingin eins og hún kom frá Ed., en ég sé hér, að það vantar inn í þetta setninguna: „Þó er Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins heimilt að auglýsa verð á tóbaksvörum." Og áskil ég mér rétt til þess að bæta þeirri setningu við. Síðan kemur 2. gr. „Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1972." Sem sé við næstu áramót, og þar tek ég inn í frv. samhljóða álit heilbr.- og félmn. Ég vona, að þetta tefji ekki málið, en ég tel, að það sé mikill fengur í því að fá þessa till. mína samþykkta. Að vísu eru misjöfn sjónarmið uppi varðandi það að hætta að líma þessa merkimiða á pakkana, sem ég held, að nái ekki tilgangi sínum. Betra er, að varið verði í samráði við Hjartavernd og stjórn Krabbameinsfélagsins á aðra millj. kr. til að auglýsa í sjónvarpi og víðar hættu af tóbaksreykingum. Og þó að sagt sé hér í gr. „skal haft samráð við stjórn Hjartaverndar og stjórn Krabbameinsfélags Íslands . . ." o. s. frv. og þó að það hafi ekki verið rætt við þessi samtök þá er það mín skoðun, að það eigi meira en hafa samráð við þau. Bezt verði, að þau hafi forustu í þessu máli.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég á nú sæti í heilbr.- og félmn. Nd., og ég skrifaði undir nál. með fyrirvara, og mér þykir rétt að gera grein fyrir því, hvers vegna ég skrifaði undir með fyrirvara. Mér finnst að þetta frv. gangi í sjálfu sér allt of skammt.

Það er sagt hér, eins og hefur komið fram, að 1. gr. hljóðar aðeins þannig:

„Allar auglýsingar á tóbaki í blöðum, útvarpi, sjónvarpi og utandyra skulu bannaðar."

Í fyrsta lagi er ekki getið um kvikmyndahúsin í þessari till., og hún nær ekki til þeirra, og fyrir nokkrum dögum ... (**Forseti:** Ég vil vekja athygli þm. á því, að frv. var breytt við 2. umr. í Ed. og hér er þskj.) Forseti hefur nú bent mér á það, að frv. hafi verið breytt í Ed., en ég hafði það þskj. ekki hér við höndina. En það, sem mér fannst þó aðallega skorta á þetta, var það, að hér flæða inn í landið blöð með svona auglýsingum bæði áfengis- og tóbaksauglýsingum. Ég vakti athygli á þessu og sagði, að ég mundi e. t. v. koma fram með brtt. við þessa umr. þess efnis að banna sölu allra blaða með tóbaks- og áfengisauglýsingum. En við mig hefur haft samband ungt fólk, sem hefur óskað eftir því, og talið að með þeirri till. mundi þessu frv. verða stefnt í hættu, þar sem tími þingsins er nú lítill hér á eftir. Þess vegna hef ég ekki borið fram neina brtt. við frv., þó að ég sé óánægður með það og ég telji, að það nái allt of skammt. Ef þetta frv. gefur góða raun, þá tel ég, að það sé ekki síður ástæða til þess að banna sölu á slíkum erlendum blöðum, sem flæða yfir landið, og vil vekja athygli á því í sambandi við afgreiðslu þessa máls, að það er það, sem þarf að gera einnig.

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. v. boðaði hér áðan brtt., sem hann hefur lagt fram við það mál, sem hér er til umr., og gat þess réttilega, að ég hefði verið einn af flm. með honum fyrri partinn í vetur, þegar frv. sama efnis og hann boðaði, að hann mundi nú flytja í brtt.-formi, var hér rætt og sent til hv. fjhn. Hann komst þannig að orði, að hann hefði ekki um þetta meira frétt, og taldi, að þar með væri frv. týnt, en ég verð að segja það, að þegar þessi hv. þm. er búinn að hafa allan veturinn til þess að fylgjast með málinu og kannske reka á eftir því, þá tel ég mjög vafasamt, að hann nú við — (Gripið fram í.) Ég minnist þess ekki, að hv. þm. hafi talað við mig. (Gripið fram í.) Já, ég segi það. En ég sé, að það er ákaflega hæpið nú, þegar við erum með þetta mál, sem var sent til okkar frá Ed., og síðasti klukkutími þingsins, áður en því verður slitið nú að þessu sinni, er að renna upp, að ætla að fara að flytja brtt. við það, sem við vitum ekki, hvort Ed. vill fallast á, ef hún fær málið þannig úr garði gert frá okkur hér í þessari hv. d.

Ég hafði vaðið fyrir neðan mig, þegar ég fékk samþykkta í n. brtt. um aðra gildistöku á l. Ég talaði þá við flm. till. í Ed. og féllst hann á það, að þessi breyting yrði gerð, þannig að það er tryggt, að sú breyting á ekki að þurfa að stoppa málið, ef það fer hér í gegnum þessa d. og til Ed. aftur. En ég mundi ekki þora að segja, hvernig færi, ef ætti að fara að taka þessa till. til viðbótar. Þó að ég sé henni fyllilega samþykkur í alla staði, kemur nú Alþ. saman að hausti aftur, og þá er hægt að taka aftur upp á nýtt það sérstaka mál, sem hv. 5. þm. Norðurl. v. var hér að boða, en ég mundi telja það mjög hæpið, að við gerðum þessa breytingu nú án þess að hafa hugmynd um, hvort Ed. vill á hana fallast, því að af einhverjum ástæðum hefur þetta frv. stoppað hér í þessari hv. d. Það hefur stoppað hjá fjhn., og ég geri ráð fyrir, að það sé vegna ágreinings eða misjafnra skoðana, sem hafi verið á málinu og ekki komið út úr n. Það er það langt, síðan það fór til n., að ef það hefði verið einróma samþykki um það, þá hefði það án efa komið þaðan út og væri komið hér í gegnum þessa d. og sennilega í gegnum þ. sem samþ. En að fara að taka nú upp á allra síðustu stundu ágreiningsmál eða mál, sem maður veit ekki, hvort er ágreiningur um eða ekki, en getur ætlað, að sé ágreiningur um það. Ég er ákaflega hræddur um, að það verði til þess að fella þetta mál líka. Og ef við meinum eitthvað með því, sem við erum að samþykkja og erum nýbúnir að gera í heilbr.- og félmn., þ. e. að standa saman að því að afgreiða málið frá okkur hingað til d. með þeirri einföldu breytingu, sem gerð var og sem fyrir fram var vitað, að flm. a. m. k. mundi lýsa yfir, að hann væri samþykkur, ef það kæmi til d. aftur, þá hygg ég, að það sé hæpið fyrir okkur að ganga lengra en það, ef við ætlum að fá þetta mál í gegn.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég stend hér upp vegna þeirrar brtt., sem hv. 5. þm. Norðurl. v. var að leggja hér fram við það frv., sem hér er nú komið á lokastig. Eins og hann gat um, þá er sú till. samhljóða frv., sem við fluttum snemma í vetur, ég og þessi hv. þm. og fleiri, um það, að þeim fjármunum, sem munu vera 1 eða 1½ millj. kr., sem fer í það að setja viðvörunarmerki á sígarettupakka, verði heldur varið til þess að gera t. d. upplýsingakvikmyndir um skaðsemi tóbaks og kosta aðra slíka upplýsingastarfsemi, sérstaklega að því er varðar ungt fólk — upplýsingastarfsemi til þess að vara það við tóbakinu. Það þarf að sjálfsögðu enginn að efast um það, að ég er honum sammála um það, að þessum fjármunum væri betur varið þannig. Það er satt, sem hann segir, að þetta virðist engin áhrif hafa að setja þessi viðvörunarmerki á pakkana. En þó að ég taki undir það með honum, að vinnubrögð viðkomandi n. eru í hæsta máta furðuleg, þ. e. að það skuli enn ekki vera komið í d. aftur þetta frv. okkar, þá hefði ég nú kosið að láta það ágreiningsatriði bíða, blanda ekki þessu máli saman við það mál, sem hér er, eins og ég segi, komið á lokastig. Ef farið er að blanda í þetta mál nú á þessu stigi ágreiningsatriði eins og þessu, sem ég var nú að nefna, þá er hætta á því, að málið nái ekki fram að ganga.

Ég á sæti í þeirri n., sem fjallaði um þetta mál í þessari hv. d., þ. e. heilbr.- og félmn., og menn voru þar fljótt sammála um það að mæla með samþykkt þess — þó með þeirri breytingu, sem gert er ráð fyrir í till. n., þ. e. að þetta bann taki ekki gildi fyrr en 1. jan. 1972. Við vorum sammála um þetta þar, og það virtist ekkert ætla að torvelda framgang

málsins, en þegar fer að nálgast afgreiðslu í n., þá koma tilmæli um það frá stórkaupmönnum, stjórn Félags ísl. stórkaupmanna, um það, að þeir fái að segja álit sitt. Ég man nú ekki, hvort það eru 3 eða 5 dagar, síðan þetta var. Og þessu var vel tekið, þó að okkur virtist það sumum að sjálfsögðu næsta undarlegt, að þessir aðilar, þ. e. stjórn Félags ísl. stórkaupmanna, skyldi ekki fyrr koma með þessi tilmæli. Málið hafði verið til afgreiðslu í Ed., og það hefði verið eðlilegast, að þeir hefðu komið á framfæri sínum sjónarmiðum hjá heilbr.- og félmn. Ed. Þetta gerðu þeir ekki. Þeir komu ekki með tilmælin fyrr en þetta er allt saman komið á lokastig og fara þá fram á það við okkur, að við frestum afgreiðslu málsins í n., að mig minnir um einn dag, einn sólarhring, og síðan koma tilmæli um það, að bætt sé við einum sólarhring enn þá, og þá loksins afgreiðum við málið án þess þó að fá álit það, sem við biðum eftir frá stjórn Félags ísl. stórkaupmanna, svo að það þarf nú ekki neina sérstaka óvild í garð stórkaupmanna til þess að láta sér detta í hug, að þetta hafi kannske verið einn þátturinn í þeim leik að tefja þetta mál.

Og ég verð að segja í sambandi við þá till., sem hv. 5. þm. Norðurl. v. var að flytja hér, að mér finnst hafa orðið nóg um tafir á afgreiðslu þessa máls. Og ég vil eindregið mælast til þess, að hann dragi þessa till. sína til baka, láti hana bíða afgreiðslu þeirra ágætu manna, sem hér munu eiga sæti á nýju þ. í haust. Ég efast ekki um það, að það verður skilningur á því þá eins og nú, að þessum fjármunum væri betur varið til þess að kosta ýmiss konar upplýsingastarfsemi um skaðsemi tóbaks en vera að eyða þeim í það að klína þessum miðum á pakkana. Ég óttast ekki um afgreiðslu þess máls, þegar þar að kemur, en ég óttast, að þetta mál, sem er að komast á lokastig, þetta mikla nauðsynjamál, tefjist svo við flutning þessarar till., að það nái e. t. v. ekki fram að ganga. Og það má alls ekki ske.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Sunnl. og hv. 4. landsk. þm. hafa talað í þessu máli. Hv. 3. þm. Sunnl. var undrandi yfir því, að ég skyldi koma með brtt. mína og telur, að þessi brtt. mín geti stefnt málinu í tvísýnu. Ég vona, að svo verði ekki. Og hv. form. heilbr.- og félmn. þurfti ekki að vera neitt hissa á því, að það kæmi brtt. fram, því að það var bókað í fundargerð á fundi sem hann stjórnaði. Og í nál., sem fylgir frá heilbr.- og félmn. segir, að SV og JK áskilji sér rétt til að fylgja eða flytja brtt. við frv. Svo bara af þessum ástæðum þarf enginn að vera undrandi yfir því, þó að það komi nú brtt. fram.

Það, sem fyrir mér vakir, er það að fá úr því skorið hér á Alþ., hvort Alþ. vill verja rúmlega milljón krónum til þess að birta í sjónvarpi, hljóðvarpi, blöðum og víðar, þar sem við verður komið, upplýsingar um hættu af tóbaksreykingum. Hvenær átti ég að koma með þessa brtt.? Ég o. fl. þm. flytja frv. fyrir áramót um þessi mál; það hefur ekki verið á dagskrá enn. Þetta er fyrsta tækifærið, sem ég fæ. Og það má vel vera, að einhverjum sýnist svo, að það sé teflt í tvísýnu, en ég vona, að svo verði ekki. Ég vona bara, að hv. alþm. geti staðið frammi fyrir þeim vanda að greiða atkv. með eða á móti þessari brtt. Það er til umr. hér nú breyting á l. um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, og þá finnst mér ósköp eðlilegt, að það sé gengið þannig til verks, að þm. fái að greiða atkv. um þær till., sem liggja fyrir Alþ. um breytingu á þessum l. Mér hefur verið réttilega bent á það, að í brtt. minni sé ekki talað um bann á tóbaksauglýsingum í kvikmyndahúsum, og það er alveg rétt, en það er vegna þess, að ég tók orðrétt upp úr frv. hv. þm. Jóns Árm. Héðinssonar, 5. landsk. þm., en ég mun verða við tilmælum hv. 4. landsk. þm. um að taka þessa breytingu til baka til 3. umr., og við skulum sofa á þessu í nótt. Ég vil ekki stefna málinu í voða, en ég vil heldur ekki láta alþm. komast hjá því að greiða atkv. um, hvort þeir vilja heimila að láta milljón krónur í þessar aðvaranir eða ekki.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég stend hér upp eingöngu til þess að þakka hv. 5. þm. Norðurl. v. fyrir þá yfirlýsingu, sem hann gaf hér í lok ræðu sinnar, um að taka aftur þessa till. sína a. m. k. til 3. umr. Þetta sýnir það, sem ég hef reyndar þótzt finna oft áður, að hann er drengur góður og það, sem fyrir honum vakir, er í raun og veru það sama, sem vakir fyrir okkur öllum þm. Þrátt fyrir stöðu sína þá berst hann af einlægni gegn skaðsemi tóbaksreykinga. Því var skotið að mér af einum hv. þm., framsóknarþm., þegar ég fór í sætið áðan eftir mína ræðu, hvort þetta væri ekki já-já- og nei-nei-stefna hjá mér að tala gegn þeirri till., sem er samhljóða því frv., sem ég átti aðild að að flytja í vetur. Ég verð að játa það, að þetta er að því leyti já-já- og nei-nei- stefna, að ég yrði að vera með þessari till. að sjálfsögðu, ef hún kæmi hér fram. Það er óhjákvæmilegt. Þetta er þess háttar mál. En ég tel hins vegar verr af stað farið en heima setið með þetta mál, eins og þetta er allt saman komið. Og sérstaklega af því að svo vel vill nú til, að þetta nauðsynlega bann við tóbaksauglýsingum er svona langt á veg komið, að það er allt útlit fyrir, að það fáist samþ. hér. Og ég vænti þess að svo verði. Og þá koma dagar og þá koma ráð með að fá fram hitt málið — skynsamlegri ráðstöfun á þeim fjárveitingum, sem núna fara í það að líma viðvörunarmiðana á sígarettupakkana. Ég endurtek þakkir mínar til hv. þm. Jóns Kjartanssonar fyrir yfirlýsingu hans hér áðan.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég skal ekkert verulega lengja þessar umr., en ég vil bara láta í ljósi mína skoðun m. a. á þeirri brtt., sem hér hefur verið lögð fram, þó aldrei nema hún sé tekin aftur til 3. umr. Ég er andvígur þeirri till. af þeirri ástæðu fyrst og fremst, að hún kann að stofna málinu í hættu á því stigi, sem það er núna. Þar að auki er ég andvígur því að fella niður merkingar á

sígarettupökkunum. Hitt er annað mál, að merkingarnar, eins og þær hafa verið framkvæmdar, eru hrein handarbakavinna. Þetta er sett með örsmáu letri neðan á botninn á pökkunum í staðinn fyrir að setja aðvörunina með læsilegu letri á hliðina á þeim, eins og ætlunin var hjá þeim, sem fengu merkingarnar í l. teknar. Og það, sem á að gera í þessu efni að mínum dómi, er að halda merkingunum áfram, en gera þær skýrar, en það á jafnframt að efla og auka á öðrum sviðum áróður og upplýsingastarfsemi um skaðsemi tóbaksins; það á að gera það jafnhliða merkingunum. Þær krónur, sem fara í þessar merkingar, eru ekki það margar, að þær skipti stóru máli hér, ef merkingarnar eru gerðar úr garði eins og til var ætlazt m. ö. o. svo að þær séu sýnilegar. Ég sem sé álít það, að það eigi að halda áfram að merkja pakkana, það eigi að herða og taka upp á nýjum sviðum áróður gegn sígarettureykingum og tóbaksnotkun, og svo í þriðja lagi og það er það raunar, sem hér er um að ræða, að hætta að auglýsa í innlendum fjölmiðlum, hvort sem það eru blöð eða aðrir fjölmiðlar. Hitt er hlutur, sem við ráðum ekki við, innfluttar bækur og rit. Það brýtur í bága við venjuleg samskipti þjóða, ef á að fara að stöðva innflutning á prentuðu máli, og það getum við ekki, og það kemur ekki þessu máli við.

Ég held, að ef nokkurt vit á að vera í hlutunum, þá verðum við að hafa í þessu máli afdráttarlausa stefnu og berjast gegn sígarettureykingunum á öllum sviðum — ekki auglýsa þær á einum stað og hefja andróður gegn þeim á öðrum, heldur eigum við að hafa eina heildarstefnu, berjast á þessum þremur höfuðvígstöðvum: merkja pakkana, herða áróður í fjölmiðlum og hætta að auglýsa í þeim. Þetta er ósköp einfalt mál, ef menn líta á þetta frá heilbrigðu sjónarmiði og hleypidómalaust, vil ég segja. Það er ekki lítið í húfi. Menn draga ekki í efa upplýsingar lækna um skaðsemi sígarettureykinga fyrir heilsufar, og það þarf ekki að sækja það í neinar tölfræðilegar upplýsingar, enda satt að segja liggja ekki fyrir neinar tölur um það, hversu gífurlegur kostnaður er fyrir einstaklinginn og fyrir þjóðfélagið af öllum þeim fjölmörgu sjúkratilfellum, sem menn beint eða óbeint og óvefengjanlega rekja til reykinganna.

Jón Skaftason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af þeim umr., sem hér hafa orðið um þetta mál. Ég er efnislega sammála hv. 5. þm. Norðurl. v. um það að draga í efa gagnsemi þeirra merkinga, sem framkvæmdar hafa verið á undanförnum árum, þ. e. að sérstök viðvörunarmerki séu límd á sígarettupakkana. Ég dreg í efa gagnsemi þeirra. Á hitt vil ég hins vegar fallast, að flutningur brtt. eins og þeirrar, sem hann hefur nú flutt á síðustu stundu í málinu og liggur hér frammi á þskj. 874, getur orðið til þess og verður sennilega til þess, ef henni er haldið áfram, miðað við þær undirtektir, sem hún hefur fengið hér á þessum kvöldfundi, að stöðva framgang frv. til l. á þskj. 116, sem flutt er af Jóni Árm. Héðinssyni. En hv. þm., 5. þm. Norðurl. v., sagði hér áðan, þegar hann talaði fyrir brtt. sinni, að hann vildi gjarnan láta á það reyna hér, hvort stuðningur væri við það hér í d. að hætta þessum merkingum á pakkana og taka upp ákvæði um það í l. um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, að skylt væri að verja 2‰ af brúttósölu tóbaks til greiðslu auglýsinga í sjónvarpi, hljóðvarpi, blöðum og víðar, þar sem varað er við hættu af tóbaksreykingum. Nú sýnist mér, að með dálítið annarri uppsetningu á þessari brtt. sé hægt að fá atkvgr. um það hér í d. án þess að stofna framgangi frv. Jóns Árm. Héðinssonar í nokkurn voða. Og það verður einfaldlega að mínu viti gert með því, að hv. þm. Jón Kjartansson breyti brtt. sinni þannig, að í henni verði einungis svo hljóðandi ákvæði:

„Allar vörur, sem Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins selur, skulu merktar með nafni verzlunarinnar og/eða merki hennar. Einnig er Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins skylt að verja 2‰ af brúttósölu tóbaks til greiðslu auglýsinga í sjónvarpi, hljóðvarpi, blöðum, kvikmyndahúsum og víðar, þar sem varað er við hættu af tóbaksreykingum. Um alla framkvæmd þessa skal haft samráð við stjórn Hjartaverndar og stjórn Krabbameinsfélags Íslands."

Ef hann setur punktinn þarna fyrir aftan, hefur 1. gr. till. ekki lengri og 2. tölul. brtt. verður: „Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972," þá sýnist mér, að það leiði til þess, að frv. Jóns Árm. Héðinssonar verði borið upp sérstaklega eins og það nú hljóðar og gengið er frá því og um það muni ganga sérstök atkvgr. hér í d. Síðan væri hægt á eftir að bera upp till. hv. þm. Norðurl. v., eftir að henni hefði verið breytt á þennan hátt og fá um þann lið sérstaka atkvgr. Það má sem sé ganga þannig frá brtt., að hún þurfi ekki að stofna framgangi frv. Jóns Árm. Héðinssonar í voða. Fleira ætla ég ekki að segja um þetta atriði.

Ég hygg, að ef hv. þm. Jón Kjartansson vildi draga sína till. núna til baka til 3. umr. og endursemja hana í þá veru, sem ég hef hér verið að lesa, þá sé þetta mjög vel samrýmanlegt, að báðar till. geti fengið hér þinglega meðferð og á það verði látið reyna, hvort meirihlutafylgi er hér í d. fyrir till. Jóns Kjartanssonar.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Í sambandi við ræðu hv. 2. þm. Reykn., Jóns Skaftasonar, og þær ábendingar, sem komu fram í hans ræðu, þá vil ég segja, að það er sjálfsagt að athuga ábendingar hans í sambandi við 3. umr. um þetta mál, og ég er fús til allrar samvinnu um það, að þetta mál verði ekki tafið, en endurtek það, sem ég hef áður sagt, að ég vil gjarnan fá úr því skorið, hvort Alþ. vill ekki láta rúmar milljón krónur af ríkisfé til að auglýsa hættuna af vindlingareykingum.

Hv. 5. þm. Austf. ræddi mína brtt., og hann sagðist vera algerlega andvígur því, að það yrði hætt að setja aðvörunarmiðana á vindlingapakkana og gat þess, að verkið væri illa unnið og vitlaust

og það væri allt of smátt letrið á þessum miðum, en ég vil nú upplýsa hv. þm. um það, að þetta letur er sams konar letur og er á svarthöfðadálkum Tímans okkar. Og það er hvorki verra né betra en það. Mér er ekki kunnugt um það, að þessi hv. þm. hafi komið með ábendingu til okkar í blaðstjórn Tímans um það, að það ætti að breyta þeirri leturgerð. Ég held, að það sé ekki það, að letrið sé of smátt á miðunum, heldur er ekki litið á þetta, þegar pakkinn er tekinn upp. Maður má ekki láta tilfinningarnar alltaf ráða orðum sínum og gjörðum. Maður má það ekki. Það er skynsemin, sem segir manni, að maður eigi ekki að henda milljón í þessa vinnu eins og gert er í dag.

Hv. 5. þm. Austf. sagði líka, að önnur vitleysan væri sú í framkvæmdinni, að þetta væri sett á vitlausan stað á pakkann. Það má vel vera, að betur færi á því að hafa aðvörunina á hliðinni, en ekki eins og nú er. Miðinn loðir nú við pakkann, en ef þetta væri framkvæmt eins og hv. þm. vill, þá væri miðanum fleygt, um leið og pakkinn væri opnaður. En það er ekki þessi merking, sem skiptir máli, og þó skiptir hún e. t. v. máli fyrir suma. Þeir segja, að þetta sé til gagns, en það, sem skiptir máli hjá mér, er, að ég vil nota þá upphæð, hvort sem það er milljón eða 1¼ milljón til þess að vara unglingana við hættunni af tóbaksreykingum, áður en þeir byrja. Ég held, að það sé ekki nóg að aðvara þá, þegar þeir koma og kaupa pakkann. Þeir eiga að vera búnir að sjá það heima í stofunni hjá sér í sjónvarpinu að þetta sé hættulegt. En enn þá hefur ekki fengizt fjármagn til að kosta þessar auglýsingar, og þetta er ekkert út í bláinn, að ég legg til að hætta merkingunum. Ég gæti vel hugsað mér að halda þeim áfram, ef fé fengist einnig í hitt. Ég hef ástæðu til þess að segja það hér, að ég hygg vera þingmeirihluta fyrir því að taka þessa rúmu milljón í aðvaranir í sjónvarpi og blöðum gegn því, að merkingum verði hætt. Ég met hv. 5. þm. Austf. mjög mikils, og þetta er afbragðsmaður, en þessum síðasta málflutningi hans get ég ekki annað en mótmælt. Ég held, að það geti hver sem er, sem er læs á annað borð, lesið umrædda aðvörunarmiða.

Hæstv. fjmrh. flutti ræðu hér um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf í Nd., og þar sagði hann m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar frv. um bann við tóbaksauglýsingum var til meðferðar hér í hv. Ed. nú fyrir skömmu, lýsti ég þar þeirri skoðun minni, að ég áliti, að ekki hefði verið ráðleg sú breyting á l. um tóbakseinkasöluna, sem samþykkt var, þess eðlis að merkja sígarettupakka með sérstöku aðvörunarmerki. Það hefði skilað sáralitlum árangri."

Skilað sáralitlum árangri, segir fjmrh. Hann er æðsti maður þessarar stofnunar og er mjög víðsýnn í þessum málum og mikill reglumaður. Hann segir enn fremur:

„Það hefði skilað sáralitlum árangri, og þess vegna væri það vissulega spurning, hvort ekki væri miklu betur varið því fé, sem varið væri til þessara merkinga, með áróðri gegn tóbaksnotkun á annan hátt heldur en að eyða því í merkimiða á sígarettupakka."

Hér er hæstv. fjmrh. alveg sammála mér um það, að þessari upphæð væri betur varið til aðvörunar í sjónvarpi og víðar. Ég tek að sjálfsögðu til athugunar vinsamlegar ábendingar hv. þm. Jónasar Árnasonar um að taka til baka til 3. umr. þá till., sem ég hef hér flutt, og sömuleiðis ábendingu hv. þm. Jóns Skaftasonar, 2. þm. Reykn.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls í þessu máli, enda gerði ég ekki ráð fyrir, að miklar umr. yrðu um það, og ég er svo illa að mér um tóbak, að ég gæti nú lítið um það sagt, því að í því efni hef ég enga reynslu. En vegna þess, sem fram er komið hér í þessu máli, sýnist mér, að það sé úr nokkuð vöndu að ráða, ef framkvæmd málsins á að verða eins og hér virðist vera áhugi á. Ég vil segja það sem mína skoðun, að ég hef langmesta trú á till. þeirri á þskj. 874, sem hv. 5. þm. Norðurl. v., Jón Kjartansson, flytur, til þess að ná árangri í því að draga úr tóbaksreykingum.

Ég hef orðið var við það í vetur, að frásagnir blaða, útvarps og sjónvarps af hópum manna, sem hafa hætt að reykja, hafa haft geysilega mikil áhrif, og ég hef ekki orðið var við ánægjulegri baráttu gegn tóbaksreykingum en einmitt þessar fregnir. Þess vegna er það mín bjargfasta skoðun, að með því að nota fjármagn Áfengis- og tóbaksverzlunarinnar til þess að auglýsa í útvarpi, sjónvarpi og blöðum skaðsemi reykinganna muni það koma að beztum notum. Og þó að ekki náist fram að þessu sinni að koma því máli áfram, þá tel ég, að það sé mál, sem verði að koma á, því að þá náum við beztum árangri í því, sem ég og mínir líkar, sem erum andstæðingar reykinganna, viljum ná. Ég er þeirrar skoðunar, að þessar auglýsingar á sígarettupökkunum hafi nánast engin áhrif. Þegar menn eru búnir að kaupa pakkana, þá held ég, að það verki ekki mikið á þá, nema umr. verði og þeir sjái það á gleggri hátt — eins og þeir gætu t. d. séð í sjónvarpi — hvað þarna er um að vera; það gæti orðið þeim þess vegna til viðvörunar, en ekki það eitt, að þetta stendur á pakkanum og fæstir munu lesa það. Ég held því, að þeim fjármunum, sem á að ráðstafa, sé margfalt betur varið eins og hv. 5. þm. Norðurl. v. vill láta gera til þess að draga úr reykingunum en með því að líma miða á pakkana.

Hins vegar — og það er ástæðan til þess, að ég stóð upp — vil ég segja það, að ég held, að atkvgr. um brtt. hv. 5. þm. Norðurl. v. mundi ekki sýna rétta mynd af hugum eða skoðunum hv. alþm. gagnvart því máli, ef það væri nú látið ganga til atkvgr. í sambandi við breytingu á þessu frv. Ég býst við, að allir hv. alþm., sem fara að hugleiða það, líti á það, að ef sú breyting væri gerð á frv. á þskj. 116, þessi eða önnur breyting, mundi það verða til þess, að málið næði ekki fram að ganga. Nú er orðið það á þinghald liðið og svo þröngt á dagskrá, að það þarf ekki mikið út af að bera til þess, að þetta mál dagi uppi. Þess vegna væri það

mér t. d. óþægilegt að greiða atkv. um mál hv. 5. þm. Norðurl. v., þó að ég sé fylgismaður þess og telji það alveg rétt. En afstaða mín mundi mótast af því, að ég teldi, að báðum málunum væri siglt í strand. Brtt. hv. 5. þm. Norðurl. v., svo ágæt sem hún er, yrði ekki bjargað með því að samþykkja hana og fella hana inn í þetta frv., heldur mundi það geta orðið til þess að stöðva það líka. Þess vegna væri það nú mín ósk, að hv. þm. Jón Kjartansson, 5. þm. Norðurl. v., tæki þessa till. alveg til baka. Hann er búinn að lýsa málinu vel og greinilega, og ég er sannfærður um, að þetta mál nær hér fram að ganga á hv. Alþ., þó að það geti ekki orðið núna, og ég gleðst yfir skilningi hans og þeim rökum, sem hann hefur beitt í þessu máli, því að þau eru alveg rétt, og ég er sannfærður um, að þetta er sterkasta áróðursleiðin til þess að vinna gegn tóbaksreykingum. Hins vegar tel ég, að það sé heppilegast nú, eins og málum er komið, að afgreiða frv. á þskj. 116 án allra breytinga, því að það mun verða eina leiðin til þess, að málið nái fram að ganga. En jafnframt treysti ég því, að á næsta Alþ. verði það margir hv. þm., sem meta og hugsa eins og hv. 5. þm. Norðurl. v. um nauðsyn þess að gera fullkomlega grein fyrir skaðsemi tóbaksreykinga, að málið verði tekið upp á næsta þingi. Það held ég, að yrði bezta lausnin á þessu máli og skipti mestu um meðferð þess, ef svo verður á haldið.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég vil mjög taka undir síðustu orð hv. 3. þm. Vesturl. Enda þótt ég hafi við íhugun þessa máls í vetur komizt að þeirri niðurstöðu, að það sé ekki rétt að hætta merkingum á sígarettupökkum, þá get ég vel ímyndað mér, að það séu margir á annarri skoðun og menn kynnu að eiga erfitt með að greiða atkv. um brtt. út frá efni hennar, vegna þess að þeir óttist, eins og hv. 3. þm. Vesturl. sagði, að með því stöðvuðu þeir málið og það sé þess vegna hætta á, að ekki fengist rétt mynd út úr þeirri atkvgr. Ég held, að það væri mjög æskilegt, að hv. þm. tæki till. til baka málsins vegna. Það er nú þegar nokkuð liðið á þetta ár, og það skiptir ekki öllu máli, hvort slíkt yrði samþ. á þ. nú eða kannske í haust, þegar þ. kæmi saman þá. Ég held, að það hafi verið misskilningur hjá hv. 2. þm. Reykn., þegar hann hélt því fram, að það væri hægt að orða till. hv. 5. þm. Norðurl. v. þannig, að hún stofnaði málinu ekki á neinn hátt í hættu. Það, sem við eigum við með því að stofna málinu í hættu, er það, ef það fer til Ed. með ákvæði, sem yrði deila um þar. Hættan er sú að dengja frv. þannig á milli d., að það dagaði uppi vegna þess, hve liðið er að lokum þings.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. vildi ekki meina, að neitt væri athugavert við merkinguna á pökkunum. Við auðvitað höfum hvor sína skoðun á því. Varðandi leturstærðina, held ég, að vandfundið sé smærra letur a. m. k. hjá Tímanum en það, sem notað var við þessar merkingar. Það er engin tilviljun, að í Stjórnartíðindum, þar sem þau l. eru prentuð, sem sett voru á þ. í fyrra eða hvenær það nú var, þá er líkt og hér í þessu þskj. aðvörunin prentuð með stóru letri. Það er engin tilviljun. Þetta var þannig í þskj., þegar málið var hér í hv. Alþ., og þannig áfram í Stjórnartíðindum, og það var ætlazt til þess, að pakkarnir yrðu merktir greinilega með þessari aðvörun. Hvað sem hv. 5. þm. Norðurl. v. álítur um það, þá álít ég það ólíklegasta staðinn til þess að vekja athygli að merkja botninn á pökkunum. Ég held að enginn maður, sem t. d. væri að auglýsa sína vöru, mundi setja auglýsingu á botninn á umbúðunum. Það held ég, að flestir geti nú orðið sammála um svona í rólegheitum. Það er mesti misskilningur hjá hv. þm., að þetta sé eitthvert sérstakt tilfinningamál hjá mér. Ég er búinn að velta þessu máli töluvert fyrir mér eins og auðvitað aðrir hv. þm., og það hafa ekki farið fram hjá mér þær raddir, sem borizt hafa til þ. frá ýmsum samtökum og frá þeim læknum, sem barizt hafa fyrir þessu máli. Þeir vilja yfirleitt ekki fella merkingarnar niður, og ég treysti mér ekki til þess að ganga gegn vilja þess fólks, sem staðið hefur í eldlínunni í þessu máli að undanförnu — gegn vilja læknanna og annarra, sem þar hafa drengilegast barizt. Ég treysti mér ekki til þess. Hv. þm. vitnaði í ummæli hæstv. fjmrh. um, að þessar merkingar hefðu ekki haft nein áhrif. Áróður og auglýsingar hafa ekki endilega áhrif strax. Það er eðli áróðurs, að hann vinnur á smátt og smátt, og það er það, sem menn hugsa sér með þessu fyrst og fremst, enda drýgra en skyndiárangur, þegar frá líður, svo að ég held, að það sé í raun og veru engin reynsla fengin af þessum merkingum nú þegar. Ég geri ekki mikið úr þeim fjárhæðum., sem til þess fara, 1 millj. kr. Það eru ekki stórar fjárhæðir, þegar eins mikið er í húfi og hér.

Ég vil að lokum bara endurtaka það, sem ég sagði áðan. Ég held, að við verðum bara að hafa í þessu alveg heila stefnu, berjast á öllum vígstöðvum gegn vágestinum, halda áfram að merkja pakkana, hætta að auglýsa í blöðum og útvarpi, herða andróður gegn tóbaksnotkun í fjölmiðlum og tíma að verja til þess fé, þó að það séu ekki teknir í það nákvæmlega þeir aurar, sem notaðir hafa verið í þessa tilraun til merkinga á sígarettupökkum, sem hér hefur verið gerð að umtalsefni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 89. fundi í Nd., 6. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 874 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 24:6 atkv.
Brtt. 788 (ný 2. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24:2 atkv.

Á 90. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 881, 874).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 874 samþ. með 19:6 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 42. fundi í Sþ., s. d., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 885).

Á 97. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég veit, að það er ekki vinsælt á síðasta degi þ. að lengja þingtímann, en mér finnst ég ekki geta látið þetta mál fram hjá mér fara án þess að gera grein fyrir því, hvers vegna ég mun greiða atkv. á móti þessu frv. Ég vil taka það fram í upphafi, að ég er mjög hlynntur hverjum raunhæfum aðgerðum til þess að draga úr reykingum. Ég hef aldrei reykt sjálfur og tel það hinn versta löst að reykja, en hins vegar sýnist mér, að með þessu frv. sé alls ekki stigið raunhæft skref í þessa átt. Mér sýnist með þessu frv. langtum fremur um yfirklór að ræða, sem geti jafnvel staðið í vegi fyrir raunhæfum aðgerðum.

Ég er persónulega þeirrar skoðunar, að það hafi langtum meiri áhrif á reykingar unglinga en auglýsingar í dagblöðum að sýna í sjónvarpi t. d. myndir af hetjum eins og — hvað þeir heita nú — í „Fljúgandi furðuhlutum" o. fl., sem var í gærkvöldi, að því er mig minnir. Slíkar hetjur eru með sígarettu í munninum allan tímann og sífellt kveikjandi í, keðjureykjandi. Ég hefði kosið, að þessar auglýsingar væru takmarkaðar að efni til, þannig að þær mættu ekki hvetja til reykinga, en ég sé ekkert raunverulega skaðlegt við það, þó að þar sé einhver samkeppni á milli framleiðenda þessara eiturlyfja. Ég hefði viljað skattleggja þessar auglýsingar t. d. með 50% eða jafnvel 100% skatti, eins og jafnvel er gert í Bandaríkjunum, og nota þær tekjur til þess að koma á fræðslu m. a. í sjónvarpi, góðri fræðslu um skaðsemi reykinga. Ég tel sömuleiðis, að þessar tekjur, sem dagblöð hafa hlotið erlendis frá af þessum auglýsingum, séu þarfar fyrir dagblöðin og vafasamt að skerða þær.

Ég vil einnig benda á það, að ef þetta frv. á raunverulega að koma til framkvæmda eða ákvæði þess, þá verður að koma í veg fyrir innflutning á erlendum ritum hingað til landsins. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, eru 17 þús. vikurit flutt inn vikulega hingað til landsins og dreift hér um landið allt, og það liggja frammi litmyndir glæsilegar af alls konar hetjum með sígarettu í munninum. Það er vitanlega sjálfsagt, þegar slíkt frv. hefur verið samþ., að næsta skrefið verði að banna innflutning á þessum heimilisritum, og þá má heita, að við séum að komast úr sambandi við umheiminn.

Frsm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Það hefur nú atvikazt þannig í vetur, að það hafa orðið allmiklar umr. um tóbak og áhrif þess bæði í Sþ. og í báðum d. Tilefni þess, að málið er enn einu sinni tekið upp á hv. Alþ., er án efa barátta ýmissa manna sérstaklega úr læknastétt og svo einnig ýmissa áhugamanna fyrir því, að menn átti sig á því almennt, hversu hættuleg notkun á tóbaki er, þegar um vindlingareykingar er að ræða. Það er ómótmælanleg staðreynd, sem berst víða að úr heiminum og rennir stoðum undir það, að ofnotkun á þessu eða viss notkun er stórhættuleg mönnum og sú hætta eykst bæði hér á landi og annars staðar vegna sívaxandi reykinga alls staðar fyrir áhrif frá auglýsingum. Í Bandaríkjunum var bannað um s. l. áramót að auglýsa í sjónvarpi, og það er opinber staðreynd núna, að áhrif þess að hætta að auglýsa vindlinganotkun í sjónvarpi eru þau, að neyzla á sígarettum hefur hraðminnkað. Það má segja, að hér sé aðeins stigið fyrsta skrefið með því að gera þessar aðgerðir hér. Í Englandi, Noregi, Danmörku og Svíþjóð er undirbúningur að miklu, miklu víðtækari auglýsingabönnum en hér er lagt til, og það getur vel farið svo, að þessi tímarit, sem hv. ræðumaður benti á, komi hér innan skamms án nokkurra auglýsinga um glæsileika í sambandi við notkun á tóbaki. Það er miklu fremur heiður að því að vera á undan en á eftir í heilbrigðisráðstöfunum, og mér hefur skilizt að undanförnu á Alþ., að það væri mikill vilji á því, að heilbrigðisþjónusta á Íslandi teldist góð. Ef menn aðeins gætu komið í veg fyrir það, að tveir til þrír unglingar á ári féllu fyrir tóbaksnotkuninni, tel ég tilganginum náð með þessu frv., því að það er staðreynd, ómótmælanleg staðreynd, sem ég vefengi ekki og læknar hafa bent á, að 5—10 menn falla úr lungnakrabba hér árlega, því miður.

Hér er líka stigið merkilegt skref í þá átt að í fyrsta skipti er varið ákveðnum hluta af brúttótekjum Áfengisverzlunar ríkisins til þess að auglýsa skaðsemi tóbaks. Þetta er virkilega athyglisvert skref, og ég vænti þess miðað við það, sem skeð hefur hér í hv. d. og einnig í Sþ., að það spyrjist ekki um hv. Alþ. nú í þinglok, að sú ákvörðun verði tekin þvert ofan í það, sem þegar hefur verið gert, að kaffæra svo merkilegt mál. Það yrði saga til næsta bæjar. Ég tel ekki, að of mikið hafi hér verið gert úr gildi auglýsinga fyrir íslenzku dagblöðin, en aumt er prentfrelsið á Íslandi, ef það stendur og fellur með því að lúta tóbaksauðveldinu eins lágt og það getur. Þá eru það litlir karlar, sem sitja hér á Alþ., að geta ekki treyst okkar prentfrelsi betur, ef þetta er staðreynd. Tekjur eru auðvitað nauðsynlegar, hvaðan sem þær koma til dagblaðanna, en ef dagblöð á Íslandi eiga að standa og falla með því að fá auglýsingatekjur upp á 5—6 millj. kr., þá mættu sumir hér ganga heim og láta ekki sjá sig framar.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Til þess er ætlazt, að Ed. afgreiði hér raunar nýtt frv. við eina umr. um það mál, sem við höfum áður látið vilja

okkar í ljósi um. Hér í þessari breyt., sem gerð hefur verið á frv., er gert ráð fyrir því, að álímingar á sígarettupakka, sem fela í sér viðvörun við reykingum, séu felldar niður. Ég var einn af flm. þess, að þessar álímingar væru teknar upp ásamt hv. þm. Pétri Benediktssyni o. fl. Okkur er sagt, að þessar álímingar hafi ekkert gildi haft, og raunar er framkvæmd þeirra þannig, að ætla má, að þær hafi lítið gildi haft. (**Forseti:** Ég vil aðeins vekja athygli hv. þm. á því, að eigi að verða miklar umr. um þetta mál, þá mun það ekki hljóta afgreiðslu hér í d., þar sem tíminn er mjög naumur.)

Ég tek það svo, að mér sé þá fyrirmunað að halda hér ræðu, og ég skal taka það til greina að nokkru leyti, en ég vek athygli á því, að hér er um nýtt mál að ræða, sem ekki hefur verið rætt hér í Ed. áður. Það er að fella niður þá ákvörðun, sem við tókum fyrir tveimur árum, að líma viðvörun á sígarettupakka. Okkur er sagt, að þessi viðvörun hafi engan árangur borið, en skýrslur sýna, að sígarettusala hefur stórlega minnkað, síðan þetta ákvæði var tekið upp. Og menn geta náttúrlega leikið sér að því að útbúa skýringar á því, hvers vegna þetta sé, en ég leyfi mér að þakka það þessu ákvæði. Nú á að fella það niður, og ég harma það. Ég bendi á, að Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins ber einnig skylda til þess að mismuna tóbaki í verði eftir því, hvaða tegund er um að ræða. Hefur það verið gert? Það var lögfest fyrir tveimur árum, og ég ætlast til þess, að það sé gert. Ég skal svo ekki lengja umr., því að mér er ljóst, að þm. verða að komast heim fyrir páska.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 897).

Önnur mál.

I. Almennar stjórnmálaumræður.

Á 43. fundi í Sþ., 6. apríl, voru teknar á dagskrá: **Almennar stjórnmálaumræður** (útvarpsumr.).

Forseti (BF): Umræðan í kvöld skiptist í þrjár umferðir, 20 mínútur í 1. umferð, 15 mínútur í 2. umferð og loks 10 mínútur í 3. umferð, en auk þess talar einn þm. utan flokka og hefur til umráða 15 mínútur í 1. umferð. Röð flokkanna er þessi: Sjálfstfl., Alþb., Alþfl., Framsfl. og Samtök frjálslyndra og vinstri manna. Utan flokka talar Karl Guðjónsson, og talar hann síðastur í 1. umferð.

Af hálfu Sjálfstfl. tala í 1. umferð Auður Auðuns og Matthías Bjarnason, í 2. umferð Ingólfur Jónsson og í 3. umferð Magnús Jónsson. Af hálfu Alþb. tala í 1. umferð Geir Gunnarsson og Eðvarð Sigurðsson, í 2. umferð Magnús Kjartansson og í 3. umferð Steingrímur Pálsson. Af hálfu Alþfl. talar í 1. umferð Gylfi Þ. Gíslason, í 2. umr. Bragi Sigurjónsson og í 3. umferð Benedikt Gröndal. Af hálfu Framsfl. talar í 1. umferð Einar Ágústsson, í 2. umferð Ingvar Gíslason og Ágúst Þorvaldsson og í 3. umferð Halldór E. Sigurðsson. Af hálfu SF talar í 1. umferð Björn Jónsson og í 2. og 3. umferð Hannibal Valdimarsson. Hefst þá umræðan, og tekur fyrst til máls Auður Auðuns dómsmrh.

Dómsmrh. (Auður Auðuns): Herra forseti. Heiðruðu hlustendur. Þær almennu stjórnmálaumr., sem hér fara fram nú í lok síðasta þings á kjörtímabilinu, munu vafalaust einkennast af því, að alþingiskosningar eru nú fram undan, en sama má reyndar segja um þinghaldið í vetur og þá ekki sízt síðustu vikurnar. Hefur þetta komið hvað ljósast fram í frumvarpaflutningi og yfirboðstill. hv. stjórnarandstæðinga, sem rignt hefur yfir þingheim. Það er síður en svo neitt við það að athuga að þm. flytji frv. um málefni, sem út af fyrir sig geta verið góð og þörf, en þegar það er haft í huga, að velflest frv. og till. stjórnarandstæðinga eru því marki brenndar að þýða aukin útgjöld eða tekjumissi fyrir ríkissjóð, er hætt við, að ljóminn fari af tillögugerðinni og frv.-flutningnum, þegar yfirleitt er ekki með einu orði eða einum stafkrók að því vikið, hvernig afla skuli tekna til að mæta útgjöldunum.

Nærtækt dæmi um slíkan málflutning eru t. d. viðbrögð hv. stjórnarandstæðinga við 2. umr. um stjfrv. um almannatryggingar í Ed. Alþ. nú fyrir helgina, en það frv. var afgr. sem lög frá Alþ. í dag. L. er ætlað að taka gildi frá næstu áramótum og áætlað, að þau muni auka útgjöld lífeyristryggingganna um 500 millj. kr. á ári. En stjórnarandstaðan flutti m. a. um það till. og lagði á það mikla áherzlu, að l. tækju gildi 1. júní þessa árs. Hafa ber einnig í huga, að hv. stjórnarandstæðingar fluttu líka till. um mikla hækkun og aukningu bóta frá ákvæðum frv., hefði slíkt þýtt a. m. k. á 4. hundrað millj. kr. aukin útgjöld fyrir tryggingarnar á þessu ári, án þess að nokkur ábending fylgdi um tekjuöflun til þess að mæta slíkum útgjöldum, sem að verulegu leyti eru borin uppi af ríkissjóði.

Á þessu þingi eins og oftar nær fjöldi mála ekki að hljóta endanlega afgreiðslu. Það er hvort tveggja, að málafjöldi og þá sérstaklega nú er slíkur, að tími endist ekki til, og auk þess eru allmörg stjfrv. lögð fram til að kynna þau með endurflutning á næsta þingi í huga.

En það eru fleiri en ríkisstj., sem leggja fram frv. án þess að ætlast til afgreiðslu á þeim. Í gær var m. a. útbýtt þáltill. frá nokkrum hv. þm. Framsfl. um eflingu Landhelgisgæzlunnar með kaupum á nýju varðskipi og gæzluflugvél. Vegna þess hve landhelgismálin eru nú mjög til umr. hér á hv. Alþ., þykir mér rétt að gefa hér upplýsingar, sem reyndar komu að nokkru fram við umr. í hv. Ed. fyrir skömmu. Endurnýjun og aukning m. a. á flugkosti Landhelgisgæzlunnar hefur verið til athugunar og meðferðar um alllangt skeið. Eins og kunnugt er, er gæzluflugvélin Sif nú orðin gömul og reyndar ekki alls kostar hentug til gæzlustarfa og þarf auk þess bráðlega að fara í dýra skoðun. Í sept. s. l. heimilaði hæstv. þáv. dómsmrh. forstjóra Landhelgisgæzlunnar að leita tilboða í gæzluflugvélina TF-Sif með sölu fyrir augum og undirbúa kaup á annarri flugvél, sem henta þætti til gæzlustarfa. Jafnframt var heimilað að vinna áfram að útvegun tilboða í þyrlu af meðalstórri gerð. Litla þyrlan, TF-Eir, sem Landhelgisgæzlan í samvinnu við Slysavarnafélagið keypti árið 1965, hefur þrátt fyrir smæð

sína, sem eðlilega setur henni mikil takmörk, reynzt afburða vel. Var því þegar árið 1967 leitað tilboða í stærri þyrlu, en vegna fjárhagsörðugleika, sem þá steðjuðu að, var kaupum frestað. Á s. l. ári var aftur farið að huga að kaupum, og niðurstaða þeirra athugana hefur orðið sú, að heppilegast mundi að kaupa meðalstóra þyrlu af gerðinni Sikorski S-62. Má nú telja fullvíst, að slík þyrla í fullri skoðun og með öllum nauðsynlegum varahlutum fáist keypt á hagstæðu verði frá bandarísku strandgæzlunni, sem hefur notað slíkar þyrlur undanfarin ár við almenn gæzlustörf og gefizt mjög vel. Er endanlegt tilboð væntanlegt nú alveg á næstunni. Unnið hefur verið að útvegun á lánsfé til kaupanna, sem er fáanlegt með aðstoð Seðlabankans. Landhelgissjóður hefur nokkurt fé aflögu, og Slysavarnafélagið hefur fyrir hönd Björgunarskútusjóðs Austfjarða boðið framlag til kaupanna. Það má því fastlega gera ráð fyrir, að úr kaupum verði, og gæti þá þyrlan jafnvel komizt í notkun nú í sumar. Rétt er, að það komi fram, að áætlað er að reka áfram litlu þyrluna TF-Eir eins og verið hefur.

Eins og kunnugt er, sinnir Landhelgisgæzlan í verulegum mæli öryggisþjónustu fyrir fiskiskipaflotann. Fyrir þá þjónustu ekki síður en fyrir Landhelgisgæzluna sjálfa er tilkoma slíkrar þyrlu ómetanleg, en hún er m. a. sérstaklega útbúin til björgunarstarfa bæði yfir landi og sjó og er það öflugt tæki, að hún getur boðið veðrum byrginn. Um það blandast mönnum varla hugur, að þegar við Íslendingar nú stefnum að stórútfærslu fiskveiðilögsögunnar, þurfi henni að fylgja efling og endurskipulagning varðgæzlunnar. Þó kemur víst engum til hugar, að unnt verði að spanna svo víðáttumikið hafsvæði með stöðugri gæzlu hvarvetna á svæðinu, heldur verði að leggja áherzlu á sem mestan hreyfanleika og viðbragðsflýti gæzlutækjanna. Mun því flugkostur Landhelgisgæzlunnar vafalaust gegna þar mikilvægu og vaxandi hlutverki í framtíðinni. Efling og endurnýjun á gæzlukosti Landhelgisgæzlunnar með framtíðarhlutverk hennar fyrir augum hefur verið og er til meðferðar í dómsmrn. og hjá Landhelgisgæzlunni, og eru þyrlukaupin, sem ég áðan nefndi, einn liður í þeim efnum.

Góðir hlustendur. Við lifum nú í þjóðfélagi, sem hefur tekið stórkostlegum breytingum á örfáum áratugum. Þetta breytingaskeið hefur fært íslenzku þjóðinni margt gott, en einnig margan vanda. Eitt þeirra vandamála, sem við höfum ekki farið alveg varhluta af, er vaxandi ofbeldishneigð hópa manna í þjóðfélögum víða um heim, þjóðfélögum, sem búið hafa við lýðræði og réttaröryggi. Einn angi þess vandamáls hefur birzt okkur þessa dagana í frásögn fjölmiðla af sprengiefnaþjófnaði nokkurra íslenzkra ungmenna og fyrirætlunum þeirra um notkun þýfisins til hermdarverka. Þó að manni kunni að finnast hugmyndir þessara ungmenna býsna ómótaðar og reyfarakenndar, þá endurspegla þær þó á sinn hátt það hugarfar, að ef aðstæður í þjóðfélaginu séu mönnum ekki að skapi, þá skulu þeir taka rétt sinn sjálfir með valdi í trássi við lög og reglur samfélagsins. Þó að ólíku sé saman að jafna, og það vil ég taka skýrt fram, þá hefur það þó í þessu sambandi jafnvel hvarflað að mér, að ungir ofstækismenn æstir af pólitísku ofstæki kunni meðfram að telja, að þeim sé ekki vandara um að taka rétt sinn sjálfir en bændum í Þingeyjarsýslu, sem jafnvel ýmsir löghlýðnir borgarar telja ekki ámælisverða fyrir að taka það, sem þeir töldu sinn rétt, með valdi. Þótt eins og ég áður sagði, hér sé mikill munur á, þá mættu menn þó í þessu sambandi gjarnan hugleiða það, að varúðar skyldu menn gæta í orðum og athöfnum, þegar annars vegar er réttaröryggið í landinu, ein af máttarstoðum okkar þjóðfélags.

Læt ég svo máli mínu lokið og þakka hlustendum áheyrn.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Í eldhúsdagsumr. er það vani að rifja upp það, sem gerzt hefur í stjórnmálum okkar á liðnu ári eða á lengri tíma. Venjulega hafa þessar umr. snúizt um efnahagsmál og atvinnumál að verulegu leyti, enda alltaf þar af nógu að taka. Að þessu sinni er þó eitt mál, sem ber hærra en öll önnur meðal stjórnmálamanna og þjóðarinnar í heild, en það er landhelgismálið. Um þetta mál var nýlega útvarpsumr. frá Alþ., en þrátt fyrir það vil ég gera það að umtalsefni með nokkrum orðum.

Við, sem höfum alizt upp og starfað í fiskibæjum og fiskikauptúnum landsins, þekkjum sögu og þróun landhelgismálsins. Við þekkjum baráttu fiskimanna okkar við ofsafengna landhelgisbrjóta í marga áratugi. Við höfum ekki gleymt þeim, sem djarfast hafa barizt, og þeim, sem látið hafa lífið í þessum átökum. En saga þessa máls er þó fyrst og fremst sigrar lítillar þjóðar, sem oftast hefur verið sundurþykk, en í þessu máli hefur hún borið til þess gæfu að snúa bökum saman og átt eitt hjarta og eina sál.

Erlend togveiðiskip hikuðu ekki við að toga dögum saman á fjörðum inni um og fyrir síðustu aldamót. Frásögnin um brezka togarann, sem veiddi heila viku á Dýrafirði haustið 1899, er táknrænt dæmi um þá niðurlægingu, sem fiskimenn okkar urðu að þola. Þeirra eina vörn var að kæra til sýslumanns síns, sem brá þegar í stað við og hélt til Dýrafjarðar, fékk áraskip og reri út að togaranum við 6. mann. Landhelgisþjófarnir létu sér hvergi bregða og urðu þess valdandi, að bátnum hvolfdi með þeim afleiðingum, að þrír menn létu lífið, en sýslumaður og tveir manna hans björguðust aðframkomnir. Þessi frásögn og margar aðrar hafa lifað á vörum þjóðarinnar, haldið vöku hennar og hert hana í sókn til frekari aðgerða í þessu brýnasta hagsmunamáli hennar.

Við, sem stöndum að till. ríkisstj. um rétt Íslendinga til landgrunnsins og hagnýtingu auðæfa þess, munum vel okkar fyrri skoðanir og viljum í engu hvika. Hitt er okkur ljóst, að við höfum sjálfir gert till. um, að saman verði kvödd alþjóðaráð-

stefna, sem haldin verður fyrri hluta árs 1973 varðandi réttarreglur á hafinu, og eigum við ásamt 85 öðrum ríkjum sæti í undirbúningsnefnd þeirrar ráðstefnu. Okkur sem þjóð er nauðsyn á því að efla skilning og vináttu sem flestra þjóða á málstað okkar og tilveru sem sjálfstæðrar þjóðar án þess að afsala okkur rétti til einhliða útfærslu, ef annað þrýtur. Fari svo, að einhver þjóð eða þjóðir skipuleggi og framkvæmi stórauknar veiðar á fiskimiðum okkar, þá getur svo farið, að við neyðumst til að færa út fiskveiðilandhelgina fyrr en ráðstefna Sameinuðu þjóðanna verður haldin. Mörg ríki mundu skilja, að það væri gert í ýtrustu neyð. Það geta skapazt þau atvik, að útfærsla landhelginnar þurfi að eiga sér stað með litlum fyrirvara og þá alveg eins fyrr en till. stjórnarandstöðunnar gerir ráð fyrir eins og eftir þann tíma. Það er þess vegna, sem við í ályktun okkar viljum ekki löngu fyrir fram ákveða þann dag, sem útfærsla landhelginnar á að eiga sér stað. Það ber að harma, að stjórnarandstaðan hefur rofið samheldni í landhelgismálinu nú fyrir kosningar, en hitt er þó enn alvarlegra, ef það veikir málstað okkar í samskiptum við önnur ríki. Á þessu kjörtímabili hafa skipzt á skin og skúrir í atvinnu- og efnahagslífi þjóðarinnar. Í byrjun kjörtímabilsins varð mikið verðfall á öllum helztu útflutningsafurðum okkar, sem leiddi af sér samdrátt og nokkurt atvinnuleysi. En með því að bregðast skjótt og skynsamlega við þessum vanda samfara hækkandi verðlagi á flestum útflutningsafurðum okkar tókst fljótlega að snúa málinu við. Frá því að efnahagsaðgerðirnar voru gerðar í nóvember 1968, hefur staða sjávarútvegsins verið mjög hagstæð í flestum greinum hans. Þessi hagstæða þróun sjávarútvegsins hefur mjög aukið trú og bjartsýni á þessum stærsta atvinnuvegi okkar, sem í áratugi hefur verið hornsteinn efnahagslegs sjálfstæðis íslenzku þjóðarinnar.

Fyrir efnahagsaðgerðirnar hafði mjög dregið úr smíði fiskibáta, en um s. l. áramót voru í smíðum 68 fiskibátar innanlands, þar af 18 yfir 100 rúmlestir, 4 50—100 rúml. og 46 undir 50 rúml. Erlendis eru í smíðum 6 togarar, hver yfir 1000 rúmlestir, og eitt fiskiskip annað, 450 rúml. Samningar eru á lokastigi um smíði tveggja rúmlega 1000 rúml. togara innanlands, og unnið er að undirbúningi á smíði fjölmargra annarra fiskiskipa. Þá má einnig geta þess, að fjögur flutningaskip eru í byggingu, þar af eitt innanlands.

Á þessu kjörtímabili hefur Fiskveiðasjóður lánað út á fiskiskip 1646 millj. kr., og nú munu liggja fyrir beiðnir um lánsfé til fiskiskipa að upphæð 600 millj. kr., sem ekki hefur verið tekin afstaða til enn þá. Fiskveiðasjóður er ein sterkasta lánastofnun landsins, og mun láta nærri, að eigið fé hans séu 1400 millj. kr.

Á þessu kjörtímabili hafa verið stofnaðir tveir merkir sjóðir í sjávarútvegi. Annar er Stofnfjársjóður fiskiskipa, sem er deild við Fiskveiðasjóð Íslands, og er meginhlutverk sjóðsins að veita eigendum fiskiskipa aðstoð við að standa straum af stofnfjárkostnaði skipa sinna. Stofnfé sjóðsins er framlag ríkissjóðs, 134 millj. kr., en þau tvö ár, sem sjóðurinn hefur starfað, hafa fiskkaupendur greitt ákveðið gjald af fiskverði til sjóðsins, og hefur það numið þennan tíma um 1010 millj. kr. Hinn sjóðurinn er Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, og er hlutverk hans að draga úr áhrifum verðsveiflna, er verða kunna á útflutningsafurðum fiskiðnaðarins. Á því eina ári, sem gjöld til sjóðsins hafa verið reiknuð, árið 1970, hafa komið í sjóðinn um 400 millj. kr. Fiskimálasjóður, sem hefur það hlutverk að veita fé til rannsókna og nýjunga í þágu sjávarútvegsins, markaðsleitar fyrir sjávarafurðir og viðbótarstofnlána til fyrirtækja í sjávarútvegi, átti um síðustu áramót 138 millj. kr. eigið fé.

Það er eftirtektarvert, að á síðasta ári jókst verðmæti útfluttra sjávarafurða um rúmlega 2.3 milljarða frá árinu á undan eða úr 7763 millj. í 10081 millj. kr., og voru sjávarafurðir 78.2% af öllum útflutningi landsins, og er þá meðtalinn útflutningur álversins í Straumsvík. Þetta sýnir á glöggan hátt þá gífurlegu þýðingu, sem sjávarútvegurinn hefur í þjóðfélaginu og það mikla átak, sem gert hefur verið í fiskiðnaði landsins til þess að auka verðmæti sjávarafla. En þó að byr hafi verið hagstæður nú að undanförnu, þá megum við alltaf búast við áföllum, aflatregðu eða söluerfiðleikum, og megum því ekki eyða öllu jafnharðan, sem aflað er. Þess vegna hefur verið lögð áherzla á að efla stofnlánasjóði sjávarútvegsins og stofna nýjan sjóð til þess að geta mætt áföllum, sem yfir kunna að dynja.

Á þessum fáu mínútum, sem ég hef til umráða, get ég ekki rætt um fleiri atvinnugreinar. En þessi fáu orð um sjávarútveginn sýna annað en hv. stjórnarandstæðingar munu kyrja hér á eftir, því að ólíklegt tel ég, að þeir muni í þessum efnum breyta út af vana sínum. Þeir hafa í samfleytt 12 ár spáð hruni atvinnulífsins og séð algera stöðvun á næsta leiti. Hitt er staðreynd, að víða vantar fólk til starfa, þá alveg sérstaklega sjómenn. Það er enn fremur staðreynd, að kaupgeta almennings hefur verið með allra mesta móti. Lífsþægindi þessarar þjóðar eru ekki einkaeign nokkurra auðugra manna. Sem betur fer er flestum, sem geta unnið og eru heilir heilsu, gert kleift að búa við þau lífsþægindi, sem nútímaþjóðfélag býður þegnum sínum. Hins vegar má ekki ganga fram hjá því, að ellilaun og örorkubætur þyrfti að hækka miklu meira en raun ber vitni. Persónulega er ég þeirrar skoðunar, að fjölskyldubætur með einu barni mætti fella niður og það fé, sem við það sparaðist, ætti að nota til að hækka ellilaun og örorkubætur.

Ekki skal látið staðar numið að ræða um lífsafkomu almennings fyrr en minnzt hefur verið á þann aðstöðumun, sem er enn þá á því að búa í þéttbýli og strjálbýli. Þar hefur verið og er verið að gera mikið, en margt er ógert, sem verður að hraða. Sérstaklega vil ég minna á þær sveitir, sem ekki hafa fengið raforku, og þann aðstöðumun, sem er á menntun ungmenna í strjálbýli og þéttbýli.

Á s. l. ári var varið meira fé til rafvæðingar sveitanna en nokkru sinni fyrr, og á yfirstandandi ári er einnig varið miklu fé til þessara framkvæmda. Á þessum tveimur árum er talið, að 400 sveitabýli muni fá rafmagn frá samveitum. Framlög ríkisins til skólabygginga hafa hækkað gífurlega á fjárlögum þessa árs, og nema þau nú 466 millj. kr., en voru á s. l. ári 305 millj. kr. Framlag til byggingar barna- og gagnfræðaskóla hækkaði á þessu eina ári um 51% og framlag til héraðsskólanna um tæplega 50%, og eru þessi framlög miklu hærri til strjálbýlis en þéttbýlis.

Á þessum vetri hafa verið tilburðir uppi í þá átt að koma á vinstra samstarfi, og lék formaður Alþfl. þar eitt aðalhlutverkið. Það þótti heldur djörf leiksýning að boða á einn fund þm. Alþfl., Samtaka frjálslyndra og vinstri manna og Alþb., þegar ljóst var, að Alþb. eitt var klofið í þrjá hluta, enda urðu endalok þessara viðræðna eftir því, sem til var stofnað. Framsókn gamla fékk hins vegar ekki að taka þátt í þessum viðræðum og þótti súrt í broti, en ekki var hún samt með öllu látin í friði, því að vinstri menn buðu unglingadeild Framsóknar upp á einkaviðræður, sem enduðu með því, að unglingarnir eru nú til fóta hjá gamla manninum í Selárdal. En vinstri menn hefðu viljað vænsta klárinn gefa til að fá Karl Guðjónsson, en hvort hann verður Alþfl. til gæfu eða ekki, verður tíminn að leiða í ljós.

Það hefur aldrei verið stigið gæfuspor í íslenzkum stjórnmálum, þegar vinstri flokkarnir gera alvöru úr að ná saman. Það sanna betur en orð fá lýst klofningarnir í Alþfl. á sínum tíma, Hræðslubandalagið og síðast en ekki sízt vinstri stjórnin. Allir þessir tilburðir hafa endað með skelfingu. Það er staðreynd, sem verður ekki með rökum mótmælt, að Sjálfstfl. er sterkasta aflið í stjórnmálum Íslands, og þegar hann hefur haft forustu þjóðmálanna með höndum, hafa orðið miklar og stórvirkar framfarir í landi okkar. Sjálfstfl. hefur ávallt látið þjóðarhagsmuni sitja í fyrirrúmi, en ekki stundarhagsmuni flokksins, þó að á móti hafi blásið. Sjálfstfl. mun hér eftir sem hingað til halda ótrauður áfram að treysta grundvöll atvinnulífsins, því að traust atvinnulíf er aflgjafi framfara á öllum öðrum sviðum í þjóðlífi okkar. — Góða nótt.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Fyrir ríflega 7 árum, þegar Alþfl. hafði verið í stjórnarsamstarfi við Sjálfstfl. í meira en 4 ár, fengu Alþfl.-menn þessa áminningu frá fyrrverandi foringja sínum, Haraldi Guðmundssyni: „Þó að þið vinnið með íhaldinu, verðið þið vandlega að gæta þess að verða ekki íhaldsmenn sjálfir."

Þessi óttamenguðu orð fyrrverandi foringja flokksins um áhrif íhaldssamstarfsins á hann voru ekki mælt að ófyrirsynju. Alþfl. hafði þá þegar tekið þátt í tveimur gengislækkunum, vaxtahækkun, afnámi verðlagsákvæða á fjölmargar vörutegundir, afnámi vísitölubóta á laun verkafólks, setningu gerðardómslaga á síldarsjómenn og hafði staðið að því að innleiða 3% söluskatt í smásölu á allar neyzluvörur almennings. Fjögurra ára reynsla af samstjórninni með Sjálfstfl. sýndi því vissulega, að orð hins aldna foringja Alþfl. voru ekki mælt að ástæðulausu.

Það er alkunna, að mjög misjafnt er, hversu fljótt breytt umhverfi hefur áhrif á menn. Sumir glata undrafljótt einkennum uppruna síns og draga dám af nýju umhverfi sínu, sem orkar til grundvallarbreytingar á afstöðu þeirra til mála. Til eru jafnvel alkunn dæmi um, að nokkurra vikna dvöl í útlöndum hafi breytt framburði manna á eigin móðurmáli. Er að undra, þótt náið samstarf við sér miklu sterkari andstæðinga í rúman áratug orki til áhrifa á pólitíska afstöðu til þjóðmála í ekki minna mæli?

Þegar Alþfl. var í upphafi stjórnarsamstarfsins við íhaldið að byrja að láta hafa sig til þess að koma fram stefnu Sjálfstfl., t. d. með lögfestingu 3% söluskatts á allar almennar nauðsynjavörur, ól hv. þm. Benedikt Gröndal t. d. enn með sér efasemdir um réttmæti þeirrar tilslökunar gagnvart íhaldinu, og hann sagði hér á hv. Alþ. 17. okt. 1961 með leyfi hæstv. forseta:

„Ekki svo að skilja, að við teljum núverandi skattakerfi vera fullkomið eða til langrar frambúðar. Söluskattarnir leggjast engan veginn eins rétt á landsfólkið og þeir ættu að gera, og þarf á næstu árum að kanna það mál ofan í kjölinn með vaxandi reynslu og gera nauðsynlegar breytingar. Sennilega verður að hafa fastan, lágan söluskatt á flestum eða öllum vörum, en síðan aðra söluskatta, sem leggjast með vaxandi þunga á vörur og þjónustu, eftir því hvað nauðsynlegar þær teljast hverju alþýðuheimili. Þannig á að leggja skatta á þá, sem hafa peninga til að veita sér eitt og annað í þjóðfélaginu, en hafa lítið sem ekkert á nauðþurftum heimilanna."

Þegar Benedikt Gröndal mælti þessi orð var íhaldshreimurinn enn ekki svo mjög áberandi í pólitísku málfari hans. En algjör samstaða með íhaldinu allar götur síðan þessi orð voru mælt, hefur svo sannarlega kallað á aðrar athafnir en þau gáfu fyrirheit um. Í sama mánuði og Haraldur Guðmundsson aðvaraði Alþfl., í jan. 1964, samþykkti Alþfl. hækkun almenns söluskatts úr 3% í 5.5% og í desember á sama ári varð enn hækkun í 7.5%, og í janúar 1970 samþykkti Alþfl. með íhaldinu að hækka þennan neyzluskatt upp í 11%. Á sama tíma hafa tollar á lúxusvarningi verið stórlega lækkaðir, en sú tekjurýrnun ríkissjóðs er borin uppi af söluskattinum, sem nemur 3500 millj. kr. á ári og leggst þyngst á barnafjölskyldur og elli- og örorkulífeyrisþega. Þetta eru efndirnar á þeim orðum Benedikts Gröndals, sem hann lét falla um söluskatt, þegar enn mátti greina leifarnar af hreim jafnaðarstefnunnar í rödd hans.

Samtímis því að Alþfl. hefur undanfarin ár verið önnum kafinn við að aðstoða Sjálfstfl. við að koma fram stefnumálum íhaldsins, svo sem auknum

neyzlusköttum, tilslökun í verðlagsmálum, sérstakri skerðingu á hlut sjómanna, svo að nemur 850 millj. kr. á ári og stórauknu launamisrétti í þjóðfélaginu, hafa varnargarðar þess fólks, sem erfiðast á í lífsbaráttunni, elli- og örorkulífeyrisþega og fátækra barnafjölskyldna, verið að bresta með rýrnun verðgildis tryggingabóta ár frá ári. Í útvarpsumr. fyrir nálega ári sýndi ég fram á það með ákveðnum dæmum, hversu stórlega hafði dregizt saman það magn nauðsynlegustu matvara, sem unnt var að kaupa fyrir mánaðarlegan elli- og örorkulífeyri og fjölskyldubætur. Augu almennings voru mjög greinilega að opnast fyrir því, hversu hrapallega hafði verið að þessum málum staðið, og í hugum margra staðfesti það íhaldsþjónustu Alþfl., að stjórnarflokkarnir fengust ekki til þess að hækka ellilífeyri um meira en 6.20 kr. á dag, þegar söluskattur var hækkaður í fyrra um 47% eða úr 7.5% í 11%. Þótt Alþfl. gripi til þess í kosningahræðslu sinni eftir alla íhaldsþjónkunina að láta Alþýðublaðið gefa út eftirfarandi 5 dálka tilkynningu: „Eggert lætur endurskoða tryggingarnar", þá kom það ekki í veg fyrir stórfelldan kosningaósigur, einkum í Reykjavík.

Í umr. innan Alþfl. að þeim kosningum loknum staðfestu margir flokksmenn, að raunverulega var það komið fram, sem Haraldur Guðmundsson hafði varað við 6 árum áður. Samstarfið við íhaldið í áratug hafði leitt til þess, að þinglið Alþfl. fylgdi nú sjálfviljugt íhaldsstefnunni í smáu og stóru sem eigin stefnu. Þar féllu orðrétt þessir dómar: „Það hlýtur að vera meira en lítið að í sósíaldemókratískum flokki, þegar hann er að því kominn að verða óþekkjanlegur frá sjálfu íhaldinu." „Ein höfuðástæðan er, að launafólkið er hætt að treysta Alþfl." „Stór hluti þjóðarinnar er hættur að gera greinarmun á okkur og Sjálfstfl." Þetta var samkv. upplýsingum Alþýðublaðsins dómur óbreyttra fylgismanna flokksins um störf þingflokks hans s. l. áratug. Varnaðarorð Haralds Guðmundssonar höfðu komið fyrir ekki.

Í framhaldi af þessum dómum var á þingi flokksins í október s. l. samþykkt, að Alþfl. ætti að sjá um, að tryggingabætur hækkuðu frá 1. janúar 1971 um a. m. k. 20%. Efndirnar urðu svo þær, að bæturnar voru aðeins hækkaðar um 8.2%, og Alþfl. réð úrslitum um það, að fellt var að gera á fjárl. ráð fyrir meiri hækkun á þessu ári, enda þótt útgjöld fjárlaga væru í heild hækkuð um 3000 millj. kr. og þar á meðal gert ráð fyrir stórfelldum launahækkunum til þeirra starfsmanna ríkisins, sem mest höfðu launin fyrir. Samkv. því frv. um almannatryggingar, sem nú hefur verið afgreitt, eiga bótaupphæðir svo að vera óbreyttar allt til næstu áramóta. Alþ. það, sem nú situr, lætur aðeins það eftir sér að samþykkja hækkun bóta í orði, en varpar yfir á þá, sem málum stjórna um næstu áramót, að tryggja framkvæmd þeirra hækkana, sem frv. gerir ráð fyrir á næsta ári. Þrátt fyrir 20% hækkun elli- og örorkulífeyris á s. l. sumri eftir kosningaáfall Alþfl. og þar til viðbótar 8.2% hækkun um s. l. áramót og enn til viðbótar væntanlega 20% hækkun um næstu áramót rétt hangir í því, að lífeyririnn hafi þá náð hækkun á tímakaupi verkafólks, frá því er endurskoðun tryggingalaganna lauk árið 1962, og getur þá hver maður séð, hvað hefur verið haft af öldruðu fólki og öryrkjum á þeim áratug, sem á milli liggur.

Þeir, sem engar aðrar tekjur hafa, eiga að fá á næsta ári í viðbót við hinn almenna lífeyri 1120 kr. á mánuði. En þegar metnir eru raunverulegir möguleikar til þess að lifa af lífeyrinum, hvort sem er hinum almenna eða með viðbótinni, þá er ljóst, að hér er bitamunur en ekki fjár og hvort tveggja alls ófullnægjandi. Er þá á það að líta, að 11% af fjárhæðinni fer aftur í ríkissjóð í söluskatt. Hámarkselllífeyririnn á mánuði til þeirra, sem engar aðrar tekjur hafa, á að nema sem svarar 58% af þeirri upphæð, sem greiða má í húsaleigukostnað utanbæjarþm. hér í Reykjavík. Það segir svo sína sögu, að stjórnarflokkarnir hafa verið ófáanlegir til að falla frá þeirri tilhögun, að viðbót við venjulegan ellilífeyri til tekjulausra verði greidd af sveitarsjóði og með því settur sérstakur framfærslustimpill á þessar greiðslur, sem alls ekki mundi vera, ef þær væru greiddar á sama hátt og hinn almenni lífeyrir eins og við Alþb.-menn höfum lagt til.

Þegar svo er spurt, hvers vegna geta þessar síðbúnu bótahækkanir ekki komið nú þegar til framkvæmda, þegar ljóst er, hversu bætur hafa rýrnað jafnt og þétt undanfarin ár, þá er svarið: Það var ekki gert ráð fyrir hækkunum á fjárlögum ríkisins eða á fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna. En hvers vegna var það ekki gert? Vegna þess að stjórnarflokkarnir felldu það sjálfir. Þeir minnast hins vegar ekki á það, að þegar bæturnar voru hækkaðar um 20% eftir kosningaósigur Alþfl. s. l. sumar, hafði ekki fremur verið gert ráð fyrir fjárveitingum til þess á fjárl. eða fjárhagsáætlunum. Á það má líka minna, að 27. nóvember 1961 voru samþ. lög um hækkun tryggingabóta, þannig að sú hækkun kom strax til framkvæmda og gilti nær hálft ár aftur í tímann. Þetta var unnt með þeim hætti að heimila Tryggingastofnuninni að taka bráðabirgðalán, eftir því sem nauðsyn krafði, og síðan var á næstu fjárl. gert ráð fyrir nauðsynlegum framlögum til að greiða lánið. En þá hafði Alþfl. aðeins verið skamman tíma í íhaldsþjónustunni og hafði ekki á eins reiðum höndum og nú rök íhaldsins gegn því, að bótahækkanirnar kæmu strax til framkvæmda.

Flokksþing Alþfl. fól þingflokki sínum ekki aðeins að fá tryggingabætur hækkaðar á s. l. áramótum um a. m. k. 20% með þeim árangri, sem nú er öllum ljós, heldur var einnig samþykkt eftirfarandi með leyfi hæstv. forseta:

„Gildandi reglur um skattgreiðslur einstaklinga verði endurskoðaðar í því skyni að lækka beina skatta á almennum launatekjum, hækka persónufrádrátt og tryggja, að sömu skattar séu lagðir á sömu tekjur og herða baráttu gegn skattsvikum."

Efndirnar varðandi þetta verkefni eru svo með þeim hætti, að þinglið Alþfl. hefur léð Sjálfstfl.

atkv. sín til þess að koma fram margs kyns skattaívilnunum handa fyrirtækjum, en með þeirri einu og sérstæðu breytingu að gera allt að 30 þús. kr. hjá einstaklingi og 60 þús. kr. hjá hjónum skattfrjálsar, ef um er að ræða arð af hlutabréfum. Efndir Alþfl. á þeirri samþykkt að tryggja, að sömu skattar séu lagðir á sömu tekjur, eins og það var orðað, eru sem sagt þær að koma á tvenns konar persónufrádrætti, sérstökum fyrir launamenn vegna tekna, sem unnið er fyrir hörðum höndum, og sérstökum fyrir hlutabréfaeigendur, þar sem gert er ráð fyrir 60 þús. kr. skattfrjálsum tekjum hjá hjónum, ef þær eru arður af hlutabréfum. Við skulum hugsa okkur, að verkamaður í frystihúsi vildi nú með því að lengja vinnutíma sinn reyna að afla sér viðbótartekna, sem næmu, eftir að skattar hefðu verið greiddir af þeim, sömu upphæð og hlutabréfaeigandinn fær skattfrjálsar. Þessar tekjur kæmu ofan á aðrar launatekjur hans og væru því skattlagðar um nálægt 50%. Hann þyrfti þá að vinna sér inn aukalega 120 þús. kr. til þess að halda jafnmiklu eftir og hlutabréfaeigandinn. Hvað mundi það kosta verkamanninn mikla vinnu að afla sér þeirrar upphæðar? Við skulum reikna með eftir- og næturvinnu að jöfnu og meðaltímakaupi 136.60 kr. Hann þyrfti þá að vinna 878 klst. eða 3 klst. og 20 mín. fimm daga vikunnar hverja einustu viku allt árið um kring. Þetta er líklega það, sem Alþfl. kallar í samþykktum sínum að tryggja, að sömu skattar séu lagðir á sömu tekjur.

Eitt er víst, að ekkert fyrirtæki hefur gefið forréttindastéttunum í þjóðfélaginu jafngóðan arð á undanförnum árum og valdasamsteypa Sjálfstfl. og Alþfl. hér á hv. Alþ. Skattinn hefur svo launafólkið mátt borga. — Góða nótt.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Á þessum eldhúsdegi, þegar komið er að lokum kjörtímabils og fólk á þess kost að velja fulltrúa til Alþingis að nýju, tel ég einkar nauðsynlegt að rifja upp afskipti ríkisstj. og Alþ. af kaupgjaldsmálum, sem ég tel, að hafi orðið öllu launafólki og hagsmunum þjóðarinnar í heild til mikillar óþurftar.

Nýlega var sagt frá því í öllum fjölmiðlum hérlendis, að sænskt blað hefði komizt að þeirri niðurstöðu, að Ísland ætti heimsmet í töpuðum vinnustundum vegna verkfalla síðasta áratuginn. Þessar staðhæfingar blaðsins hafa ekki verið hraktar, og verður því að telja, að þær séu nærri sannleikanum. En hver er þá ástæðan fyrir þessu heldur óglæsilega heimsmeti? Ástæðan er einfaldlega sú, að í engu landi, sem við þekkjum til, hefur ríkisvaldið haft jafnmikil og óheillavænleg afskipti af kaupgjaldsmálum og hér. Á öllum valdaferli núv. ríkisstj., sem nær yfir meira en áratug, hefur helzta stjórnunartæki hennar á efnahagsmálunum verið gengisfellingar. Gengisfellingar hafa verið notaðar í þessu skyni, vegna þess að þær eru stórvirk aðferð til að breyta tekjuskiptingunni og hafa áhrif á tilfærslu fjármuna í þjóðfélaginu. Við hverja gengisfellingu hefur það verið fyrsta boðorðið og talið skipta öllu máli, að verðhækkunum af völdum gengisfellinganna væri bótalaust velt yfir á almenning. Gegn þessari meginstefnu ríkisstj. í efnahagsmálunum hefur verkalýðshreyfingin orðið að heyja þrotlausa baráttu, oftast með lengri eða skemmri verkföllum, sem lyft hefur okkur í þann miður virðulega sess að eiga heimsmet í töpuðum vinnustundum vegna verkfalla. En ráðh. geta huggað sig við þá staðreynd, sem einnig er árangur gengisfellinganna, að kaupgjald er nú hér lægra en í nokkru nálægu landi, en það er talinn mikill kostur, þegar verið er að falbjóða erlendum auðhringum starfsaðstöðu hér á landi.

Á því kjörtímabili, sem nú er að renna út, hefur ríkisstj. framkvæmt tvær gengisfellingar, samanlagt þær stórfelldustu í sögunni. Samtímis var ráðizt á kaupsamninga verkalýðsfélaganna og vísitöluákvæði þeirra afnumin. Hlutur sjómanna á fiskiskipum var rýrður stórlega með lögþvingaðri breytingu á samningsbundnum hlutaskiptareglum. Með þessum hætti tókst ríkisstj. og meiri hl. Alþ. að þrýsta svo niður kjörum hins vinnandi manns, að þau komust í lágmark þess, er þau höfðu verið áður á öllum áratugnum. Samkv. heimildum í fréttabréfi kjararannsóknarnefndar frá sept. s. l. var vísitala kaupmáttar meðaltímakaups verkamanna talin vera 131.7 stig á þriðja ársfjórðungi 1967, þ. e. fyrir fyrri gengisfellinguna. En á fyrsta ársfjórðungi 1969 eða eftir síðari gengisfellinguna var þessi vísitala komin í 106.6 stig, og hafði því kaupmátturinn lækkað um 25 stig á tæplega einu og hálfu ári. Til viðbótar þessari stórfelldu kjaraskerðingu kom svo hinn sári tekjumissir verkafólks atvinnuleysisárin 1968 og 1969. Þessi stórkostlega kjararýrnun var öll réttlætt af stjórnarherrunum með erfiðleikum atvinnuveganna á árunum 1967 og 1968. Víst var þá um nokkra erfiðleika að ræða, en hvergi munu slíkir tímabundnir erfiðleikar hafa verið notaðir sem skálkaskjól fyrir jafn heiftarlegum árásum á kjör láglaunafólks og hér var gert. Láta mun nærri, að í þessum efnum eigi íslenzka ríkisstj. sitt heimsmet. Fyrir verkafólk er það sérstakrar athygli vert, að í öllum þessum árásum stóðu ráðh. og þm. Alþfl. dyggilega við hlið foringja Sjálfstfl. og atvinnurekenda, en gegn hagsmunum alþýðunnar.

Með samningum sínum í maí 1969 tókst verkalýðsfélögunum að stöðva kjararýrnunina og bæta kaupmátt launa að nokkru. En það er fyrst með samningunum í júní í fyrra, sem tókst að rétta hlut verkafólksins og ná aftur um það bil sama kaupmætti og var fyrir gengisfellinguna 1967. Til að tryggja kaupmátt launanna var í fyrra samið að nýju um fulla vísitölu á kaupið, en það var mesta átakamál þeirra samninga. Það er táknrænt fyrir afstöðu valdamanna þjóðfélagsins til kaupgjaldsmála verkafólks, að báðir þessir samningar skyldu kosta víðtæka verkfallsbaráttu, samanlagt um hálfs annars mánaðar fjöldaverkföll. Nú voru þó rökin um erfiðleika atvinnuveganna rokin út í veður og

vind. Vísitala útflutningsverðmæta var á fyrri hluta ársins 1970 komin í 208.3 stig á móti 121.8 stigum 1968 og var orðin 12 stigum hærri en hún var toppárið 1966. En þrátt fyrir þessa hagstæðu þróun var streitzt á móti sjálfsögðum og réttlátum kröfum verkalýðsfélaganna.

Segja má, að strax eftir samningana í fyrrasumar hafi atvinnurekendur eins og hægt var verið losaðir undan allri ábyrgð af þeim með því, að kauphækkunin var hömlulaust látin fara út í verðlagið. Það var fyrst eftir að allt verðlag hafði snarhækkað, að ríkisstj. greip til hinnar svo kölluðu verðstöðvunar. Vísitalan var lækkuð með niðurgreiðslum á vöruverði, sem kostar ríkissjóð hundruð millj. kr. Það var enn á ný skrifað upp á kosningavíxil, víxil, sem fellur 1. september n. k. En tilhugsunin um, hvað þá taki við, er hrollvekjan mikla, sem Ólafur Björnsson prófessor nefndi svo. En um leið og verðstöðvunarlögin voru sett, var gerð enn ein árásin á frjálsa samninga verkalýðsfélaganna og kaup launafólks. Sú árás verður að teljast einhver sú lítilmannlegasta og lúalegasta, sem jafnvel þessi ríkisstj. hefur framkvæmt. Með valdboði var ákveðið að raska sjálfum grundvelli vísitölunnar. Ákveðnar verðhækkanir skyldu eftirleiðis engin áhrif hafa á kaupgreiðsluvísitölu og einnig skyldi geyma 2 vísitölustig og þau ekki reiknast í kaupið fyrr en 1. september n. k. Og trúi því hver sem vill, að þau komi sjálfkrafa þá, ef stjórnarflokkarnir halda völdum.

Af völdum þessarar lagasetningar ríkisstj. og meiri hl. Alþ. greiða atvinnurekendur nú 2.6% lægra kaup en samningar þeirra við verkalýðsfélögin segja til um. Þegar þeir voru krafðir um þessa greiðslu, vísuðu þeir á löggjafann og sögðust ekki hafa leyfi til að greiða meira. Samspilið er fullkomið. Þegar þessi kaupránslög voru sett, var vitað, að afkoma þjóðarbúsins stóð með miklum blóma. Helztu útflutningsvörur fiskiðnaðarins höfðu meira en tvöfaldazt í verði frá árunum 1967 og 1968. Nokkur hluti þessarar verðhækkunar er lagður til hliðar og geymdur í Seðlabankanum í verðjöfnunarsjóði, sem var um s. l. áramót um 500 millj. kr. En þrátt fyrir þessar miklu verðhækkanir og sterkan varasjóð skyldi lækka kaup þess láglaunafólks, sem skapar verðmætin í fiskiðnaðinum og aðeins hefur 16 þús. kr. í kaup á mánuði fyrir fulla dagvinnu. Þetta lága kaup varð að lækka sem annað. Og enn vil ég minna fólk á, að það var ráðh. Alþfl., dr. Gylfi Þ. Gíslason, sem í þessu máli gekk fram fyrir skjöldu og reyndi með öllum lærdómi sínum og málafylgju að sanna, að markmið þessarar lagasetningar væri að vernda kaupmátt hinna lægst launuðu, alveg sérstaklega þeirra. Já, það nægir áreiðanlega ekkert minna en sá sé doktor í hagfræði, sem slíkt reynir.

Nokkru eftir setningu síðustu kaupskerðingarlaganna gerði ríkisstj. samninga við opinbera starfsmenn. Einkenni þeirra samninga er, að þeir, sem há laun höfðu fyrir, fá nú mesta hækkun. Hækkunin ein saman nemur í mörgum tilvikum mun meira á mánuði en almennu mánaðarkaupi verkamanna. Ýmsir embættismenn hafa nú föst laun auk annars, sem til fellur, sem eru allt að fjórfalt hærri en kaup verkamanna. Og nú hefur meiri hl. alþm., sem staðið hefur að kauplækkunum láglaunafólks, hækkað sín eigin laun í þreföld laun verkamanna.

Hér er stofnað til mikils misréttis í launamálum, ójafnaðar, sem er beinlínis hættulegur okkar litla þjóðfélagi. Verkalýðshreyfingin hefur einróma mótmælt síðustu kaupránslögunum. Verkalýðsfélögin undirbúa nú nýja kaupgjaldsbaráttu, sem hefur að markmiði verulega kauphækkun og 40 stunda vinnuviku. Það skal enginn ætla, að verkafólkið eða félögin telji sig siðferðilega bundin af samningum, sem jafn blygðunarlaust hefur verið breytt af ríkisvaldinu.

Ég hef rakið hér í stórum dráttum syndaregistur ríkisstj. og meiri hl. Alþ. í kaupgjalds- og kjaramálum. En þar með er ekki öll sagan sögð. Sama stefnan og viðhorfin gagnvart launafólkinu blasa við á öðrum sviðum. Ég nefni skattamálin, þar sem sífellt þyngri byrðar eru lagðar á þurftarlaunin með hjálp rangrar skattvísitölu, og á sama tíma er söluskattur margfaldaður. Nú síðustu dagana hefur verið upplýst, hvaða okjör felast í vísitölubindingu íbúðarlána til launafólks, þar sem um beina okurvexti er að ræða. Ég vil nota þetta tækifæri til að mótmæla staðhæfingum, sem fram hafa komið um, að verkalýðshreyfingin hafi samið um vísitölubindingu íbúðarlána. Það hefur hún aldrei gert. Það er einhliða ákvörðun ríkisvaldsins.

Góðir áheyrendur. Þeirri stjórnarstefnu, sem ég hef hér lýst, verður að hnekkja. Til þess gefst tækifæri í komandi kosningum. Til þess að losa verkalýðshreyfinguna úr þeim vítahring, að hver ávinningur kaupgjaldsbaráttunnar sé aftur tekinn með lagaboði, verður hún að eiga sér sterkan bakhjarl á stjórnmálasviðinu. Slíkur bakhjarl er Alþb. og það eitt. Verkefni allrar alþýðu er því nú að efla Alþb. — Góða nótt.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Í orðum mínum hér á eftir ætla ég að fjalla um íslenzk þjóðmál með nokkuð öðrum hætti en venja er til við slíkar umr. hér á Alþ. Ég ætla ekki að ræða svokölluð dægurmál. Enn síður ætla ég mér að karpa við stjórnarandstöðuflokka um einstök atriði, sem daglega má lesa um í blöðum eða heyra um í þingfréttum. Mig langar hins vegar til þess að taka mið af því, að þjóðin stendur nú um þessar mundir að tvennu leyti á tímamótum. Annars vegar er nýr áratugur nýhafinn. Ekki síður en áramót er upphaf nýs áratugs heilbrigt tilefni til þess að horfa til baka og reyna að læra af reynslunni, ekki hvað sízt þegar haft er í huga, að samstarf núverandi stjórnarflokka hófst einmitt við upphaf liðins áratugs. Enn mikilvægara er þó hitt að horfa fram á við til viðfangsefna 8. áratugsins og reyna að gera sér grein fyrir, hvernig á þeim skuli taka. Hins vegar eru nú einnig tímamót að því leyti,

að kosningar eru fram undan á sumri komanda. Þær kosningar eru mikilvægar. Þær geta ráðið miklu um það, hvers konar stefnu verður fylgt í íslenzkum þjóðmálum á 8. áratugnum.

Enginn vafi getur leikið á því, að liðinn áratugur reyndist mesta framfaraskeið, sem Íslendingar hafa lifað. Þjóðartekjur á mann voru á s. l. ári hærri en nokkru sinni fyrr og höfðu á 10 árum vaxið um 34% eða um 3.6% á ári að meðaltali. Er sá vöxtur meiri en hann varð að meðaltali í nálægum löndum á sama tíma. Jafnframt óx hlutur launþega í þjóðartekjunum, þannig að þeir nutu að fullu góðs af þessum vexti og meira en það. Því til viðbótar kemur, að opinber útgjöld hafa til engra mála aukizt meir en útgjöld til félagsmála, skólamála og heilbrigðismála. Slíkt bætir kjör almennings með óbeinum hætti. Hér á landi hefur augljóslega verið fylgt frjálslyndri umbótastefnu og fyrst og fremst að því keppt, að launþegar og allur almenningur njóti réttmæts arðs af vinnu sinni og síbættrar opinberrar þjónustu.

En því hefur ekki heldur verið gleymt, að slíkt getur ekki orðið til lengdar né frambúðar nema atvinnuvegirnir starfi á heilbrigðum grundvelli. Þess vegna hefur þeim verið tryggt sem víðtækast frelsi og sneitt eins og frekast hefur verið unnt hjá höftum og styrkjum. Reynslan sýnir, að þetta hefur gefizt vel, þegar á heildina er litið.

Þjóðareignin er talin hafa vaxið um 65% á s. l. áratug. Um síðustu áramót er þjóðareignin talin hafa numið um 150 milljörðum kr. Föst erlend lán námu þá um 11 þús. milljörðum kr., en höfðu numið um 6000 milljörðum í árslok 1960 á núverandi gengi. Hlutfall fastra lána af þjóðareign var í árslok 1960 8.6%, en um síðustu áramót hafði þetta hlutfall lækkað niður í 7.3%.

Auðvitað á sú vaxandi velmegun, sem hér hefur ríkt á undanförnum áratug, margar orsakir. Á fyrra hluta áratugsins var hér mesta góðæri, sem sögur fara af, en á síðara hluta áratugsins varð þjóðin einnig fyrir þeim mestu áföllum, sem hún hefur orðið fyrir á síðari tímum. Nú hefur taflið enn snúizt við. Það er vandi að búa við jafnbreytilegt árferði og við Íslendingar höfum átt við að búa s. l. 10 ár og raunar miklu lengur. En einmitt ekki sízt þess vegna er mikilvægt, að heildarstefnan í þjóðmálunum sé skynsamleg. Í því sambandi er tvennt mikilvægast: Að stefnan gagnvart atvinnuvegunum sé þannig, að þeim sé auðveldað að laga sig að breyttum aðstæðum og launþegum sé jafnan tryggð réttlát hlutdeild í þjóðartekjunum, hvort sem þær eru vaxandi eða minnkandi. Það hefur verið megineinkenni þeirrar stefnu, sem fylgt hefur verið, að keppa að þessu hvoru tveggja, og það hefur tekizt að ná þessum markmiðum. Þrátt fyrir óvenjulegar sveiflur í afla og verðlagi eru íslenzkir atvinnuvegir nú öflugri en þeir voru fyrir 10 árum og þrátt fyrir sveiflur í tekjum og atvinnu er hagur launþega nú miklu betri en var fyrir áratug og hlutdeild þeirra í þjóðartekjunum meiri.

En nú er bezt að hætta að horfa til baka. Hitt skiptir miklu meira máli, hvað fram undan er. Í því sambandi er nauðsynlegt að hafa í huga, að á undanförnum áratugum hafa orðið fleiri og róttækari breytingar á högum mannsins en nokkru sinni fyrr. Á þetta við um öll nálæg lönd og einnig um okkur Íslendinga. Jafnframt hefur hraði breytinganna farið vaxandi og svo mun eflaust verða áfram. Áttundi áratugurinn mun því eflaust verða tímabil mestu breytinga, sem orðið hafa.

En hér verður að hafa annað í huga. Við, sem búum í nútímatækniþjóðfélagi, í iðnvæddu velferðarríki, höfum þegar náð því stigi í framleiðslu og dreifingu á hvers konar vöru og þjónustu, við höfum þegar öðlazt þá fullnægingu brýnustu þarfa okkar, að endurmat er nauðsynlegt á því, að hverju skuli keppa, á því, hvað líklegt sé til þess að færa okkur mesta farsæld. Sagt hefur verið, að soltinn þræll biðji ekki um frelsi, heldur brauð, en þegar hann sé mettur, óski hann frelsisins. Tækniþróun 20. aldar hefur fært því fólki, sem hefur hana á valdi sínu, mikla velmegun. Þar sem lýðræðið ríkir, nýtur það frelsis. En er þessi velmegun og er þetta frelsi allt það, sem við keppum að? Erum við komin á einhvern leiðarenda? Er allt orðið fullkomið? Nei, því fer víðs fjarri. En hvað er að? Hver eru hin nýju markmið, sem við eigum að setja okkur og keppa að?

Þetta eru þær spurningar, sem brýnast verður að svara skynsamlega á 8. áratugnum. Fyrst er að setja sér markmiðin. Síðan að finna skynsamlegustu og heppilegustu leiðirnar til þess að ná þeim. Ekki er torvelt að benda á nokkur almenn markmið, sem sjálfsagt virðist að halda áfram að keppa að. Við eigum auðvitað að halda áfram að auka framleiðslu okkar og bæta viðskipti okkar eins mikið og unnt er, því að það er forsenda þess, að hagur okkar geti haldið áfram að batna. Tryggja verður afkomuöryggi allra manna í nútímaþjóðfélagi. Allir vinnufærir menn verða að eiga þess kost að sjá fyrir sér og sínum með atvinnu við sitt hæfi. Samfélagið á að skoða það skyldu sína að sjá öllum fyrir vinnuskilyrðum, þ. á m. þeim, sem af einhverjum ástæðum hafa skerta starfsorku. Þeir, sem standa höllum fæti vegna sjúkleika, örorku, elli eða ómegðar, verða að fá stuðning samfélagsins, og allir verða að eiga þess kost að afla sér menntunar, þeirrar menntunar, sem hugur þeirra og hæfileiki stendur til.

Segja má, að þessi sjónarmið hafi í raun og veru ráðið stefnu frjálslyndra flokka í velferðar- og tækniþjóðfélögum nútímans. Þessi sjónarmið eiga að meira eða minna leyti rót sína að rekja til grundvallarhugsjóna lýðræðisjafnaðarstefnunnar, hvort sem einstakir flokkar, sem aðhyllast þau í reynd, kenna sig til hennar eða ekki. En er þá ekki nóg að halda áfram á þessari braut? Við eigum að halda áfram á þessari braut, en við eigum á næstu árum að gera meira og ekki eingöngu stefna í sömu átt og við höfum gert, heldur einnig að breyta nokkuð um stefnu.

Í lýðræðisríkjum búa menn við frelsi. Við erum

orðin svo vön frelsi, að við metum það eflaust ekki eins mikils og við ættum að gera. Ef við byggjum við svipað stjórnarfar og ríkir í kommúnistaríkjum og öðrum einræðisríkjum, þá skildum við eflaust betur en hætt er við, að við gerum, hvers virði frelsið er. En frelsi er aldrei fullkomið. Það er meðal þeirra lífsgæða, sem ávallt má auka og bæta. Án frelsis er ekki réttlæti. En ranglæti hefur jafnan verið til og verður líklega alltaf til á einu sviði eða öðrum. Nútímamaður í iðnaðarþjóðfélagi á að setja sér það markmið að leita uppi ranglæti, hvar sem það finnst, hvort sem það er á vinnustað, í skóla, í fjölskyldu eða annars staðar, og reyna að bæta úr því. Og jafnrétti verður aldrei algert. Við höfum verið og erum sammála um, að aukið jafnrétti sé göfugt markmið. En samt er mikið um misrétti. Við eigum að setja okkur það markmið, að sérhver einstaklingur hafi aðstöðu til þess að njóta hæfileika sinna og leita þess þroska og þeirrar hamingju, sem hugur hans stendur til. Hann þarf að hafa sem jafnasta möguleika á við alla aðra til þess að öðlast þá aðstöðu í lífinu, sem hann leitar eftir, án tillits til fjölskyldutengsla eða fjárhags, enda eflir það eitt hamingju og hagsæld heildarinnar. Af þessum sökum eigum við á 8. áratugnum að setja okkur það markmið að bæta lýðræði okkar og auka frelsi okkar með því að efla réttlæti og jöfnuð.

Það er eitt af megineinkennum nútíma velferðarþjóðfélags, að vel er séð fyrir almannatryggingum hvers konar, og heilbrigðisþjónusta er víðtæk og að mestu leyti kostuð af opinberu fé. Þessi stefna var mótuð fyrir nokkrum áratugum, þegar öryggisleysi um afkomu og heilsu var alvarlegasta þjóðfélagsbölið, eftir að sigrazt hafði verið á almennri fátækt. Áður hafði sú skoðun rutt sér til rúms, að menn skyldu greiða þeim mun meira til sameiginlegra þarfa þjóðfélagsins, sem tekjur væru hærri.

Nú er almannatryggingakerfi víðast hvar í velferðarþjóðfélögum orðið svo víðtækt, opinber heilbrigðisþjónusta orðin svo umfangsmikil og þær tekjur, sem skattakerfið nær til, orðnar svo jafnar, að þörf er orðin á endurmati á skipulagi og framkvæmd almannatryggingakerfis, heilbrigðisþjónustu og skattakerfis einmitt til þess að tryggja enn betur en nú á sér stað upphaflegt markmið þeirrar velferðarstefnu, sem fylgt hefur verið, aukið öryggi og aukinn jöfnuð, aukna aðstoð til þeirra, sem þurfa á henni að halda, samfara fyllstu hagkvæmni í framkvæmd. Í þessum efnum bíða risavaxin verkefni, ekki aðeins hér hjá okkur Íslendingum, heldur einnig í nálægum löndum, t. d. á Norðurlöndum og Bretlandi, þar sem þau sjónarmið, sem ég hef nefnt hér, ryðja sér æ meira til rúms.

Það hefur verið ein af forsendum iðn- og tækniþróunar, að menntun hefur orðið almenn og farið síbatnandi. Auðvitað þarf sú þróun að halda áfram, en ný viðhorf hafa skapazt og ný verkefni bíða úrlausnar. Eingöngu hæfileikar og námslöngun án tillits til efnahags eiga að ráða úrslitum um menntunarskilyrði. Slíkt markmið gerir enn aukið átak í skólamálum nauðsynlegt. Hitt er ekki síður mikilvægt, að ekki sé lögð of einhliða áherzla á hagnýtt gildi menntunar. Þess verður að gæta vandlega, að skólar í frjálsu þjóðfélagi verði aldrei framleiðendur sérmenntaðs vinnuafls fyrir atvinnuvegi, að ég ekki tali um hitt, að þeir mega auðvitað ekki vera áróðursstofnanir fyrir stjórnmálaskoðanir. Verkefni skóla í frjálsu þjóðfélagi á fyrst og fremst að vera að ala upp frjálsan einstakling, sem öðlast hvort tveggja í senn þroskandi menntun og hagnýta kunnáttu og hefur jákvæða og heilbrigða afstöðu til mannlegs samfélags og meðbræðra sinna. Ef skóli í nútíma þjóðfélagi á að ná þessu mikla og mikilvæga marki, þarf vel til hans að vanda. Það er eitt af mikilvægustu verkefnum 8. áratugsins.

Þetta sjónarmið leiðir hugann að síðasta markmiðinu, sem mig langar til þess að nefna. Það hefur verið eitt helzta keppikefli nútímamannsins í iðnvæddu þjóðfélagi að bæta efnahag sinn og auka afkomuöryggi. Auðvitað á að halda því áfram. En það væri nauðsynlegt í vaxandi mæli, að menn gerðu sér grein fyrir því, að fleira er nauðsynlegt. Aukin velmegun verður að færa manninum meiri þroska, vaxandi hamingju í óspilltu umhverfi. Markmiðið á ekki aðeins að verða auðugra þjóðfélag, ekki aðeins réttlátara þjóðfélag, heldur einnig fegurra þjóðfélag. Þess vegna verður viðleitni til þess að bæta manninn og efla hagsæld hans að móta alla framfaraviðleitni á öllum sviðum, verða grundvöllur hennar og takmark. E. t. v. er þetta stærsta verkefnið, sem bíður á áratugnum, sem nú er nýbyrjaður, ekki aðeins okkar Íslendinga, heldur og allra efnaðra iðnaðarþjóða. Við verðum að gefa náttúrunni meiri gaum en við höfum gert. Við verðum að gera öll menningarverðmæti að almenningseign, bæta aðstöðu sérhvers manns til þess að njóta bæði þjóðlegra og alþjóðlegra menningarverðmæta, efla starfsskilyrði þeirra, sem þessi verðmæti skapa, og auka tengsl þeirra við hina, sem þeirra njóta. Iðnaðarþjóðfélagið verður að verða að menningarþjóðfélagi í stöðugt ríkara mæli.

Þetta eru meginviðfangsefnin, sem að mínum dómi verður við að fást á 8. áratugnum, aðalviðfangsefnin, sem við verður að glíma og vinna verður að skynsamlegri og réttlátri lausn á, ef okkur á að miða vel áfram á næstu 10 árum.

Kosningarnar í sumar geta haft örlagarík áhrif á það, hvort skilningur reynist hjá valdhöfum á þessum viðfangsefnum og hvernig á þeim verður tekið. Á öllum tímum og í öllum þjóðfélögum eru til afturhaldssamir menn, framfarasinnaðir menn og byltingarmenn. Ég held, að þau markmið, sem ég hef verið að lýsa, séu hvorki að skapi afturhaldsmanna né byltingarmanna. Þau eru markmið frjálslyndra framfarasinna. Alþfl. varð fyrstur íslenzkra stjórnmálaflokka til þess að gera þessi sjónarmið að sínum á flokksþingi sínu á s. l. hausti. En jafnaðarmannaflokkar í nálægum löndum ræða þessi mál nú í sívaxandi mæli, og á það raunar ekki

aðeins við jafnaðarmannaflokkana, heldur einnig aðra frjálslynda flokka með nútímasjónarmið.

En er þá kannske hvergi að finna andstöðu við þessi sjónarmið? Það er kunnara en frá þurfi að segja, að fáir viðurkenna, að þeir séu afturhaldsmenn. Slíka menn má ekki kenna á því, að þeir berji sér á brjóst og segi: Ég aðhyllist afturhaldsstefnu, heldur af hinu, hverja stefnu þeir boða, hvað sem þeir kalla hana. Þeir menn, sem á liðnum áratug börðust gegn réttri gengisskráningu til þess að tryggja frjáls utanríkisviðskipti, þeir, sem börðust gegn virkjun fallvatna og iðnvæðingu, þeir, sem börðust gegn aðild Íslands að alþjóðlegu viðskiptasamstarfi, þeir voru og eru afturhaldsmenn, hvað sem þeir kalla sig. Og þeir, sem ýmist lýsa fylgi sínu við einræðisstjórnkerfi kommúnistaríkjanna eða hafa ekki hug til þess að afneita því, eru líka afturhaldsmenn, því að einræði hefur aldrei leitt til varanlegra framfara.

Byltingarmenn hika hins vegar ekki við að lýsa skoðun sinni. Þeir eru andvígir þjóðskipulaginu, kerfinu og vilja það feigt með valdbeitingu, ef svo ber undir. Slíkt fólk er hér til, og það villir yfirleitt ekki á sér heimildir. Það er þessu fólki í sjálfu sér til sóma, þótt skoðanirnar, sem það boðar, séu rangar og hættulegar. Slíkt fólk mun hins vegar aldrei ná neinum ítökum í íslenzkum þjóðmálum nema þá óbeint með þeim hætti, að aðrir séu að sækjast eftir fylgi þess og hafi e. t. v. alls ekki skilning á skaðsemi ofbeldisskoðananna, jafnvel leynda, kannske ósjálfráða samúð með þeim.

Ég lýk þessu máli mínu með því að láta í ljós þá ósk, að í kosningunum í sumar megi gæfa Íslendinga verða slík að fela þeim forsjá mála sinna, sem telja má frjálslynda framfarasinna og trausta stuðningsmenn lýðræðis og frelsis. Alþfl. gengur bjartsýnn til þessara kosninga. Hann hefur reynt að vinna þau verk, sem honum hafa verið falin, af trúmennsku við þjóðina og málstað sinn. Það mun hann halda áfram að gera, hvort sem niðurstaða kosninganna leiðir til þess, að hann verður áfram aðili að ríkisstj. eða hverfur í stjórnarandstöðu. Afstöðu sína mun Alþfl. aldrei láta ráðast af öðru en því, hvað hann telur í mestu samræmi við þær hugsjónir, sem hann hefur barizt fyrir í meira en hálfa öld, af því, hvað hann telur þjóna bezt hagsmunum þess fólks, sem hann ber fyrir brjósti, því, sem hann telur rétt og satt og Íslendingum öllum til mestrar farsældar.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Háttvirtu áheyrendur. Nýlega er lokið hér í Reykjavík ársþingi iðnrekenda. Í ályktun þess um efnahagsmál er lýst áhyggjum vegna þeirrar þróunar verðlags- og kaupgjaldsmála, sem átt hefur sér stað síðustu mánuðina, og þó sérstaklega eins og þar segir um þróun þessara mála, er vænta má á hausti komanda, þegar verðstöðvunarlögin renna út og nýir kjarasamningar verða gerðir. Það er vissulega alltaf ástæða til þess að taka eftir því, þegar samtök vinnuveitenda láta frá sér fara úttekt á stöðu atvinnurekstrarins, því að undir gengi hans er efnaleg velferð landsmanna að stórum hluta komin. Iðnrekendur sjá sérstaka ástæðu til þess að lýsa áhyggjum sínum yfir þróun síðustu mánaða og þeim verðlagshækkunum, sem orðið hafa þann tíma. Skoðun þeirra er, að nú stefni óðfluga í átt til taprekstrar. Þetta vekur athygli vegna þess, að hér á þó að heita verðstöðvun og ríkissjóður ver til þess hundruðum millj. kr. af almannafé að halda launagreiðslum niðri, auk þess sem vísitalan er beinlínis fölsuð og þannig dregnar af launþegum uppbætur, sem þeir eiga skýlausan rétt á samkv. kjarasamningum sínum og með hliðsjón af verðlagshækkunum í landinu. Hvað mættu þá launþegar segja, þegar þessi vitnisburður um verðstöðvunina kemur frá atvinnurekendum, því að óumdeilanlegt er, að hún var gerð vegna þeirra á kostnað fólksins í landinu, sem bæði var rænt launum og bundnir baggar gegnum ríkissjóðsframlag í formi niðurgreiðslna, en aðeins lítils hluta þess fjár aflað með launaskatti. Atvinnurekstrinum var með þessu móti hlíft við útgjöldum, sem námu um 1000 millj. kr. gegn því að greiða um 250 millj. kr. í aukinn launaskatt. Samt lýsa iðnrekendur áhyggjum sínum yfir þróuninni þessa mánuði og sjá fram á taprekstur. Hitt furðar engan, að vinnuveitendur skuli kvíða framhaldinu og því, sem gerist eftir 1. september, þegar svokallaðri verðstöðvun lýkur. Það hljóta allir að gera, sem þessi mál hugsa. Þar hafa menn líka fyrri reynslu við að styðjast. Árið 1967 átti að kjósa til Alþ. eins og núna. Þá var lögfest verðstöðvun nokkrum mánuðum fyrir kosningar, eins og núna. Sú verðstöðvun var að því leyti til vel heppnuð, að út á hana héldu stjórnarflokkarnir velli í kosningunum og hafa farið með völdin síðan. En þetta var líka það eina, sem lánaðist við þessa verðstöðvun. Strax og tímabilinu lauk, hrundi spilaborgin. Hækkanir ráku hver aðra, eins og bylgjurnar við sjávarströndina, og það var ekki fyrr en eftir tvær gengisfellingar, þegar búið var að hækka verð á erlendum gjaldeyri um meira en helming, að nokkurn veginn náðist jafnvægi á ný. Það er því engin furða þótt nokkurn hroll setji að mönnum, þegar þeir hugsa til komandi haustdaga og hugleiða það, sem í vændum er, enda hafa jafnvel dyggustu stuðningsmenn viðreisnarstjórnarinnar lýst áhyggjum sínum út af þessu, eins og hv. þm. Ólafur Björnsson gerði á Alþ. 11. febrúar s. l. og ítrekaði síðast fyrir nokkrum dögum. En um þetta sagði hann eitthvað á þá leið, að það væri hrollvekja að hugsa til þess, sem gerðist eftir 1. september, þótt vafalaust verði reynt að taka upp léttara hjal fram að kosningum. Þetta léttara hjal höfum við glögglega mátt heyra hér í kvöld af þeim ræðum, sem haldnar hafa verið af stjórnarliðum. Þeir munu vafalaust bjóða upp á meira af slíku tagi. Þeir vona greinilega, að sagan eigi eftir að endurtaka sig, og virðast trúa á gömlu blekkingarnar, sem dugðu svo vel síðast. En mikið má vera, ef þeir eiga ekki eftir að vakna upp við vondan

draum að þessu sinni. Er nokkur maður til á Íslandi í dag, sem telur það eðlilegt í árferði eins og við höfum búið við hér undanfarin ár, að grípa þurfi til sérstakra ráðstafana eins og margnefndrar verðstöðvunar til þess að létta undir með útflutningsframleiðslunni? Því trúi ég varla, þegar það er haft í huga, að verðlag á helztu útflutningsafurðum okkar er hærra en nokkru sinni fyrr og aflabrögðin óvenjugóð. Hljóta ekki allir að sjá, að hraukurinn hrynur strax og eitthvað örlítið blæs á móti?

Eins og búið er að leika íslenzkt efnahagskerfi í tíð núverandi stjórnarflokka, er ljóst, að róðurinn verður þungur í haust, hvaða ráða sem reynt verður til að grípa, en hann er vonlaus, ef áfram verður haldið á viðreisnarbrautinni, því að það er sannur vitnisburður, sem Ólafur Björnsson hv. þm. gaf í áðurnefndri hrollvekju, er hann sagði um efnahagsúrræði Sjálfstfl. og Alþfl., að þau hefðu gersamlega gengið sér til húðar. Fyrir þá, sem trúa því, að hægt sé að lifa góðu lífi á Íslandi framtíðarinnar og ætla sér að gera það, eru því engin önnur ráð til en að snúa baki við ráðleysisrangli stjórnarflokkanna og leita annarra leiða; reyna aðra ríkisforystu, af því að þessi er vonlaus, menn eru búnir að fullreyna það. Meira að segja þeir, sem í upphafi mótuðu stefnuna, játa nú, að úrræði hennar hafi gengið sér til húðar.

Framsfl. hefur frá upphafi verið í andstöðu við þessa stjórnarstefnu og talið hana í grundvallaratriðum ranga. Hann hefur varað við afleiðingum hennar og það gerir hann enn. Eins og við framsóknarmenn höfum jafnan tekið fram við sams konar tækifæri og þetta, getum við ekki bent á eitt allsherjar lausnarorð, sem leitt geti þjóðina úr þeim vanda í einu vetfangi, sem viðreisnarstjórnin hefur yfir hana kallað. Á Alþ. því, sem nú er senn að ljúka, höfum við, eins og á undanförnum þingum, bent á þær leiðir, sem við viljum fara til þess að móta íslenzkt framtíðarþjóðfélag. Við viljum hverfa frá ráðleysinu og skipulagsleysinu í atvinnumálum, en koma á fót atvinnumálastofnun, er hafi með höndum áætlanagerð um atvinnuþróun og stjórn fjárfestingarmála. Enda þótt við teljum atvinnurekstrinum að öðru jöfnu bezt borgið í höndum einstaklinga og félaga og þá einkum samvinnufélaga, er okkur ljóst, að uppbyggingin verður að styðjast við þjóðfélagslega heildaryfirsýn, þar sem það er valið, sem forgang skuli hafa hverju sinni, ef svo hagar til sem oft vill verða, að ekki er hægt að gera allt í einu. Við viljum ekki lengur hik og aðgerðarleysi í landhelgismálinu og höfum ásamt öðrum stjórnarandstæðingum á þingi lagt fram till. í þessu lífshagsmunamáli þjóðarinnar, sem markar skýra og afdráttarlausa stefnu um ákveðna útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 50 mílur og 100 mílna mengunarlandhelgi og miðist útfærslan við tiltekna dagsetningu, nánar tiltekið ekki síðar en 1. september 1972, sem má vera fyrr, þótt Matthías Bjarnason væri að reyna að gefa annað í skyn hér áðan. Ríkisstj. hefur einnig lagt fram till. í þessu máli. Sú till. er nánast endurtekning á því, sem Alþ. hefur áður lýst yfir, en lýtur að öðru leyti að athugun á því, hvaða samninga Íslendingar geti fengið hagstæðasta við aðrar þjóðir. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í utanrmn. lögðu í gær til, að báðar þessar till. verði lagðar undir dóm fólksins í landinu með þjóðaratkvgr. Til þess er kjörið tækifæri í sambandi við þær alþingiskosningar, sem hvort eð er eiga að fara fram í vor. Þá kæmi fram hinn sanni þjóðarvilji í landhelgismálinu, óháður þeim pólitísku sjónarmiðum, sem ávallt hafa mikil áhrif á það, á hvern hátt menn verja atkvæði sínu í almennum þingkosningum. Svo undarlega brá við, að stjórnarflokkamenn undir forystu ráðherra sinna felldu þessa till. Bendir það til þess, að þeir trúi því í alvöru, sem þeir halda fram í orði, að þjóðarviljinn sé það, sem þeir vilja í þessu máli?

Við viljum afmá þann aðstöðumun, sem nú veldur því, að það er undir efnahag aðstandenda og búsetu komið, hvort ungmenni fá notið hæfileika sinna. Menntunina verður að gera að raunverulegri almenningseign og skipuleggja framhaldsnámið þannig, að sem flestir geti gengið þá braut, sem bezt er við þeirra hæfi, hvort sem hún liggur að bóklegum eða verklegum viðfangsefnum.

Við viljum koma á algerri stefnubreytingu í fjármálastjórn hins opinbera, hamla gegn útþenslu ríkisbáknsins, draga úr óhóflegum neyzlusköttum, en fara leið niðurfærslu og lækkunar á ýmsum kostnaðarliðum. Nýlegt dæmi sýnir, hver myrkviður hin opinbera yfirstjórn fjármálanna er orðin. Fyrir skömmu voru gerðir kjarasamningar við opinbera starfsmenn, á grundvelli starfsmats í fyrsta skipti. Ýmsum þótti efstu flokkarnir fá ríflegar launahækkanir. Af tilefni samningsgerðarinnar kom hæstv. fjmrh. margoft fram í fjölmiðlum til þess að lýsa ágæti samninganna. M. a. tók hann það fram, að launahækkanirnar til hinna hæst launuðu væru ekki jafnmiklar og þær sýndust á pappírunum vegna þess, að á móti kæmi, að margs konar hlunnindi féllu niður. Fyrir nokkrum dögum hefur hins vegar verið vakin athygli á því í blaðaskrifum, að nokkrir af hinum hæst launuðu, svo að notað sé orðalag hæstv. fjmrh., eiga að halda áfram fríðindum, sem þeir hafa haft og geta samkvæmt upplýsingum fjmrh. numið hvorki meira né minna en yfir 1300 þús. kr. á ári. Enn þá eftirtektarverðara er það, að einn fjórði hluti þessara tekna er skattfrjáls, samkvæmt úrskurði ríkisskattanefndar, sem dagsettur er 12. maí 1964. Eftirtektarverðast er þó, að samkvæmt því, sem fjmrh. upplýsti í bréfi til dagblaðsins Tímans 31. fyrra mánaðar var fjmrn. ekki kunnugt um þennan úrskurð fyrr en nú fyrir nokkrum mánuðum. Hvernig lízt mönnum á þetta? Fjmrh. veit það ekki í rúm 6 ár, að hluti af launum æðstu embættismanna landsins er skattfrjáls og sá hluti af launum þessara embættismanna, sem þeir fá fyrir störf, sem þeir vinna fyrir ráðuneytið sjálft, er skattfrjáls að hluta. Ég fullyrði, að á þeim árum, sem ég vann í fjmrn., 1954 til 1957, hefði slíkt verið með öllu óhugsandi. Þó var starfs-

liðið færra þá en það er nú. Þá var engin hagsýslustofnun til, þá var enginn sérstakur Seðlabanki til, sem nú annast hluta af fyrri verkefnum fjmrn., og þá var engin Efnahagsstofnun til, svo að ég nefni aðeins nokkur atriði af þeim, sem búið er að breyta. En þá var fylgzt með. Ætli það geti ekki víðar verið pottur brotinn í ríkisbákninu fyrst sambandið milli ríkisskattanefndar og ráðuneytis er ekki traustara en þetta?

Við viljum, að markviss barátta verði tekin upp gegn verðbólguófreskjunni, sem aldrei hefur stigið trylltari dans en undanfarin ár. Ríkisstj. Framsfl. tókst hér áður með margvíslegum samverkandi ráðstöfunum að hamla verulega gegn verðbólguvextinum, þótt játa beri, að oft var glíman sú býsna erfið. En síðustu árin hefur slíkt lítið verið reynt. Nú er það tekið sem einhvers konar náttúrulögmál og sjálfsagðir hlutir, að gengisfellingar séu hér eigi sjaldnar en annað til þriðja hvert ár. Það er í senn ömurlegt og grátbroslegt, þegar íslenzkir ráðherrar og þm. eins og Matthías Bjarnason hér áðan eru að hrósa sér af því, eins og einhvers konar stjórnkænsku, að þeir kunni nú heldur en ekki lagið á því að rétta við þjóðarhaginn, þegar á móti blæs. Bara fella gengið, piltar, það er allur galdurinn. Annars staðar á byggðu bóli er það viðurkennt, að gengislækkanir eru böl, sem varast ber í lengstu lög.

Við gerum okkur ljóst, að aukning þjóðarauðsins er háð blómlegum vexti atvinnuveganna og lífvænlegri aðstöðu fólksins um landið allt. Þetta var á mínum yngri árum hér í höfuðstaðnum kallað framsóknarmennska og þeir heldur litlir spámenn, sem þessu héldu fram. Nú er komið allt annað hljóð í strokkinn. Nú er það alls ekki viðurkennt sem sérmál Framsfl., að skynsamlegt sé og raunar nauðsynlegt að byggja landið allt. Nú vildu margir þá Lilju kveðið hafa. Batnandi mönnum er bezt að lifa, og vissulega er ástæða til að fagna því, að nokkurs skilningsauka verður vart hjá öðrum flokkum á þessu mikilsverða hagsmunamáli. En ég ætla, að hér sem á svo mörgum öðrum sviðum hefði hægar gengið og skemmra miðað, ef markviss málflutningur Framsfl. hefði eigi komið þarna til.

Við viljum svipta burtu þeirri þoku pukurs og launungar, sem í allt of ríkum mæli einkennir íslenzka stjórnsýslu. Við leggjum ríka áherzlu á gagngera endurskoðun stjórnkerfisins með einföldun, opnun og meiri skilning að markmiði. Hér úir allt og grúir af alls konar nefndum og ráðum, sem að miklum meginhluta eru skipuð sömu mönnum, er þannig verða ofhlaðnir störfum og þar af leiðandi afkastalitlir flestir hverjir. Sjálfir eru ráðh. að vafstrast í hinum og þessum nefndarstörfum, en eiga svo oft og einatt sjálfir yfir þeim að segja sem æðsta stjórnvald. Fáeinir menn hafa náð tangarhaldi á flestum lykilpóstum þjóðfélagsins og hafa alla þræði í hendi sér í hinum þýðingarmestu málum, en margrómað lýðræði verður nafnið eitt. Kjörnir fulltrúar þjóðarinnar verða verkfæri, en embættismennirnir segja fyrir verkum.

Stefna okkar í tryggingamálum er sú að tryggja þeim, sem komnir eru á efri ár og skapað hafa með vinnu sinni þann þjóðarauð, sem ný kynslóð tekur í arf, mannsæmandi lífskjör, viðunandi vinnuaðstöðu og möguleika til menningarlífs. Sömu kjör þarf að búa þeim, er hafa skerta starfsorku vegna veikinda eða af öðrum ástæðum. Nýsett lög um almannatryggingar væru vissulega spor í þessa átt, ef þeim væri ætlað að koma til framkvæmda strax, þannig að þau hækkuðu launin um 20—40% miðað við framfærslukostnaðinn, eins og hann er í dag. Eins og þau hins vegar eru, eiga þau ekki að koma til framkvæmda fyrr en eftir 9 mánuði. Margt á eftir að gerast þessa 9 mánuði, sem eftir eru til næstu áramóta, m. a. septemberhrollvekjan, þannig að ósköp er hætt við, að lítið verði úr hækkununum, þótt þær líti vel út á pappírunum. Eins og þessi lög eru úr garði gerð, minna þau helzt á leiksýningu, sem í sannleika sagt er ekki sérlega smekklegt að sviðsetja, þegar þess er gætt, hverjir það eru, sem í hlut eiga. Þessi hæstv. ríkisstj. hefur löngum viljað guma af afrekum sínum í tryggingamálum. Þessi ríkisstj. vill líka gjarnan eiga heiðurinn af því að hækka eftirlaunin, eins og hér er gert ráð fyrir, en hún vill bara ekki þurfa að leysa þann vanda, sem því er samfara að standa við loforðin. Það eiga aðrir að gera. Þetta kalla ég sýndarmennsku á hæsta stigi, og ég er sannfærður um, að fólk sér í gegnum þetta. Svo telur hæstv. dómsmrh. sig hafa efni á því að brigzla öðrum um yfirborðsmennsku.

Nú er frá því skýrt, að hafnar séu sýningar á leikriti, þar sem leikendur koma fram naktir í 15 sek. og þykir nokkur frétt. Aðalleikurunum í stóra leikhúsinu við Austurvöll getur þó tæplega fundizt mikið til um þetta, svo oft sem þeir hafa aðeins nýju fötin keisarans til að skýla pólitískri nekt sinni í leiksýningum síðari ára.

Við vekjum athygli á því, að heilsuvernd vinnandi fólks er ekki einungis mannréttindamál, heldur einnig verulegt fjárhagsatriði. Af þessum ástæðum báðum ber að útrýma heilsuspillandi vinnutilhögun og bægja slysahættu frá. Viðhlítandi heilsugæzla og læknisþjónusta má ekki áfram vera sérréttindi einungis sumra þegna þjóðfélagsins. Samræma þarf betur en gert hefur verið uppbyggingu sjúkrahúsa í landinu svo og rekstur þeirra með því að auka samvinnu þeirra aðila, er þessa starfsemi hafa með höndum. Þá ber brýna nauðsyn til þess að bæta kjör og starfsaðstöðu þess fólks, er í sjúkrahúsunum starfar, svo og að auka menntunarskilyrði hjúkrunarkvenna þannig, að tryggt verði, að þangað fáist jafnan nægilega margt starfsfólk með viðkomandi sérþjálfun. Í þessu sambandi leyfi ég mér að geta þess, að Alþ. samþykkti í gær till. frá okkur Sigurvin Einarssyni, þar sem skorað er á ríkisstj. að gera ráðstafanir til að ráða bót á skorti hjúkrunarfólks, og vona ég, að þessi viljayfirlýsing Alþ. komi í veg fyrir það, að viðkomandi ráðh. gleymi öllu þessu vandamáli og því, sem þeir hafa lofað til lausnar þess.

Við ítrekum margyfirlýsta stefnu okkar, að til

vegagerðar skuli varið öllu því fé, sem innheimt er af umferðinni í landinu með einum hætti eða öðrum. Bættar samgöngur eru í fyrsta lagi grundvallarskilyrði fyrir heilbrigðu atvinnulífi. Í öðru lagi auka bættar samgöngur kynni fólksins af landinu og efla á þann hátt þjóðerniskenndina.

Ef peningar eru einskis virði og manneskjur eru einskis virði og allt er einskis virði og ekkert er nokkurs virði, hvað er þá einhvers virði? Þannig er spurt í Ólafssögu Kárasonar Ljósvíkings. Og svarið? Jú, fiskur, hrogn og lifur er mikils virði. Slor og grútur er mikils virði, jafnvel skítur er mikils virði. Það eru bara manneskjur, sem eru einskis virði. Síðan þessi úttekt var gerð á verðmætum og veraldargæðum, hafa menn uppgötvað þann sannleika, að jafnvel loft og vatn getur verið mikils virði og að Ísland er allt í einu orðið ríkt land og eftirsótt. Í heiminum hefur víða komið til nýtt lífsgæðamat. Í vaxandi mæli hafna menn þátttöku í efnahagskapphlaupinu fyrir tækifæri til friðsælla stunda í heilsusamlegu umhverfi. Það er sem sagt aftur að verða nokkurs virði að vera manneskja. Við í Framsóknarflokknum lítum á það sem ein hin þýðingarmestu lífsgæði að fá að lifa í ómenguðu, hreinu og óspilltu umhverfi og teljum hreint loft og ómengað vatn og fjölbreytt og fagurt landslag meðal þýðingarmestu þátta í þjóðarauði okkar. Því viljum við setja náttúruvernd, ráðstafanir gegn mengun, og framkvæmdir, sem miða að því að hafa eðlileg samskipti við landið, í flokk með þeim þáttum, sem mestu máli skipta.

Góðir hlustendur. Ég hef nefnt hér nokkur atriði, sem Framsfl. hefur beitt sér fyrir síðustu mánuðina, en hef tímans vegna orðið að stikla á stóru. Á flokksþingi okkar, sem haldið verður um miðjan þennan mánuð, munu koma saman um 500 kjörnir fulltrúar frá öllum framsóknarfélögunum í landinu, yngri manna sem eldri. Þar verður stefna flokksins á næsta kjörtímabili mótuð. Við vonum, að sú stefna falli kjósendum vel í geð, því að eins og ástatt er í íslenzkum stjórnmálum er Framsfl. eina aflið, sem megnar að snúa undanhaldi viðreisnarstjórnarinnar í öfluga sókn þjóðarinnar í átt til batnandi hags og betri tíma fyrir alla.

Viðreisnargangan undanfarin 12 ár minnir á slóð þess manns, sem villzt hefur í hríðarveðri. Aftur og aftur kemur hann á sama staðinn, áttar sig ef til vill um skeið, en villist samstundis á ný. Launabinding, verðstöðvun og gengisfelling eru vörðurnar, sem gengið er í kringum hring eftir hring. Fyrir þá, sem vilja brjótast út úr þessari villu, er aðeins ein leið til, og hún er sú að efla Framsóknarflokkinn í kosningunum í vor. Hann einn er nægilega sterkur til að varða rétta veginn. Andstæðingum okkar verður tíðrætt um ímyndaða óeiningu í okkar flokki. Allt slíkt hjal mótast af óskhyggju og viðleitni til að leiða athyglina frá eigin heimilisböli. Það er ósköp skiljanlegt, að Morgunblaðið vilji fremur skrifa um ímyndaða erfiðleika í Framsfl. en skýra frá þeim blóðugu bardögum, sem háðir eru í Sjálfstæðisflokknum milli helztu liðsoddanna þar. Það er rétt, að þaðan berast sjaldan fréttir af ágreiningi um stefnuna. Hún er mönnum þar ekki svo föst í hendi, að það taki því að gera sér rellu út af henni. En þeim mun illvígari eru átökin milli einstakra manna, og sendiboðar flokksstjórnarinnar flengjast um landið og leggja nótt við dag til að undirbúa landsfundinn á næsta sérstæðan hátt. Það er líka skiljanlegt, að Alþýðublaðið kjósi fremur að segja ósannar sögur um Framsfl. en að greina t. d. frá sambúðinni í þingflokki þeirra Alþýðuflokksmanna eða atburðum á fulltrúaráðsfundum, þar sem framboðin eru ákveðin t. d. hér í Reykjavík. Ég skil það líka prýðilega vel, að Þjóðviljinn vilji fremur segja hagræddar fréttir af Framsóknarflokknum en taka sér fyrir hendur t. d. að fræða lesendur sína um það, hvers vegna þm. Alþýðubandalagsins hefur fækkað svo mjög að undanförnu, sem raun ber vitni. Ekki má gleyma Katli. Frjáls þjóð er líka stundum að leggja orð í þennan belg. Það er vafalaust heppilegra fyrir nýja flokkinn en að taka sér fyrir hendur að greina frá störfum hans og því, hvernig þeim gengur að bjóða fram í hinum einstöku kjördæmum landsins. Það er staðreynd, sem engum þýðir að mótmæla, að Framsfl. er sá eini af íslenzku stjórnmálaflokkunum, sem hefur framkvæmt skoðanakannanir í öllum kjördæmum landsins og alls staðar farið eftir niðurstöðum þeirra við ákvörðun framboða. Von andstæðinga okkar um óeiningu í röðum Framsóknarflokksins er aðeins tál. Þeir munu komast að raun um það, að í vor eins og í undanförnum kosningum þoka framsóknarmenn sér því þéttar saman sem fastar er að þeim sótt. Ég sendi samherjum mínum um allt land beztu kveðju og heiti á þá, að þeir hefji sóknina nú þegar og haldi henni áfram, þar til sigur hefur unnizt þann 13. júní n. k., og þakka áheyrnina.

Björn Jónsson: Herra forseti. Heiðruðu tilheyrendur. Varla telst það frumlegt, að ég hef mál mitt á fullyrðingum að fordæmi hæstv. viðskrh. hér áðan, um að við Íslendingar stöndum nú á pólitískum vegamótum, en ég geri það samt, vegna þess að ég held, að það sé satt og rétt. Að baki eru viðreisnarárin, lengsta æviskeið samfellds ríkisstjórnarsamstarfs meðal þjóðarinnar og að sögn þeirra, sem þar hafa búið við eina sæng, hið ástríkasta og samhentasta, sem sögur fara af. Æviskeið, sem er orðið það langt, að yngstu árgangarnir, sem ganga að kjörborðinu í vor, voru tæplega byrjaðir að draga til stafs, þegar fyrsti sáttmáli núverandi stjórnarflokka var undirritaður. Enga þeirra undrar því lengur sú mikla furða, að flokkar með svo gerólík markmið, Alþfl., fyrrum brjóstvörn snauðrar alþýðu með fána jafnaðarstefnu við hún, og flokkur stóratvinnurekenda og fjáraflamanna, skuli hafa lifað svo lengi í sátt og samlyndi. En nú er úti það ævintýri, sem fáir hafa skilið nema sem grínsögu frá því undarlega landi, Íslandi. Það er eðlilegt, að afleiðingar þessa samstarfs eins og þær birtast í lífskjörum og lífsbaráttu þjóðarinnar séu nú teknar

til endurmats. Og þetta endurmat er hafið einkanlega vegna þess, að til skjalanna er komið nýtt stjórnmálaafl, sem líklegt er, að ráði um það úrslitum í næstu kosningum, að gerbreytt viðhorf skapist. Þetta er engin tilviljun. Að því hlaut að reka, að þjóðin þyrmdi ekki lengur þeirri óstjórn og vanstjórn, sem með hverju árinu sem leið hefur hvílt æ þyngra á landi og lýð, og nú spyr maður mann: Er ekki orðin breytingar þörf? Hvað hefur viðreisnin fært þjóðinni í bættum lífskjörum, félagslegum og menningarlegum umbótum? Hvert stefnir hún í hinum stóru málum öllum, sem mestu ráða um framtíð hennar? Og enn spyrja menn með kaldar staðreyndir fyrir augum: Hvers vegna þarf íslenzk alþýða að una því að búa við lakari lífskjör en allar grannþjóðir hennar gera, mitt í mesta góðæristímabili, sem yfir Ísland hefur gengið? Hvers vegna þarf hún hér að setja árleg Evrópumet, ef ekki heimsmet, í verðbólgu? Hvers vegna neyðast íslenzkar vinnustéttir til þess að fórna sér í vonlitlu þrátefli um að halda sér á floti við mörk örbirgðar, með Norðurlandamet eða heimsmet í vinnudeilum að baki, sem í bezta falli bera þann árangur, að kjörin standa í stað? Hvers vegna þarf hún að una þessu, meðan þjóðin er meðal tekjuhæstu þjóða heims miðað við mannfjölda? Hvers vegna á hér að taka upp nýja stéttaskiptingu, þar sem vinnu- og framleiðslustéttir eru gerðar að efnalegum utangarðshópum, en þeir, sem arðinn hirða, og þjónar þeirra maka krókinn við elda ævintýralegra góðæra, eins og eitt stjórnarblaðanna lýsir aðstæðum þjóðarbúsins um þessar mundir? Hvers vegna eru menntunar- og skólamálin í slíku öngþveiti, að ástandi þeirra er nú lýst af einum helzta forustumanni stjórnarflokkanna, sem nú á bezta aldri er að hverfa af stjórnmálasviðinu, saddur pólitískra lífdaga, sem markaðstorgi hégómans, þar sem snobb og tildur ræður lögum og lofum? Hvers vegna er Ísland enn hersetið land á friðartímum? Hvers vegna bólar hvergi á sjálfstæðri íslenzkri utanríkisstefnu, sem fær sé um að tryggja íslenzka hagsmuni og skapa þjóðinni virðingu í samfélagi þjóðanna? Hvers vegna er landsbyggðin, þar sem meiri hluti þjóðarauðs skapast og framleiðslan fer fram, hlunnfarin í flestum greinum, sem úrslitum ráða? Því þarf hún að una því að búa við algjört misrétti í samgöngumálum, raforkumálum, skólamálum, una hærra verðlagi en þéttbýlismenn og þyngri álögum? Því þarf hún að búa við atvinnuleysi, skort á læknaþjónustu og fjölmörgu öðru, sem mótar hennar líf og kjör? Því eru íslenzkir bændur troðnir dýpra og dýpra í vonlaust skuldafen með vitminnstu en jafnframt dýrustu landbúnaðarpólitík, sem þekkt er meðal siðaðra manna?

Mál er að linni slíkum spurningum og svara leitað, og fyrsta svar mitt er þetta. Þetta er viðreisnin í verki, viðreisnin, sem núverandi stjórnarflokkar hófu með gullnum loforðum um afrek hennar, þar sem heitið var algerum straumhvörfum í íslenzku stjórnarfari, gagngerðri stefnubreytingu í efnahagsmálum þjóðarinnar, þannig að atvinnuvegunum yrði skapaður traustari, varanlegri og heilbrigðari grundvöllur en áður hafði þekkzt og þannig tryggð stöðvun verðbólgu, aukin þjóðarframleiðsla og síbatnandi lífskjör. Í kjölfarið var síðan lofað að afnema bótakerfi og uppbætur. Hallalausum ríkisbúskap var heitið, stórfelldri eflingu tryggingakerfisins, afnámi tekjuskatts af almennum launatekjum, jafnvægi í peningamálum, stöðvun skuldasöfnunar við útlönd, sem þegar hefði skapað þjóðinni óþolandi greiðslubyrði að þeirra dómi. Ég veit, hlustandi góður, að ég þarf ekki að rekja fyrir þér efndirnar í smáatriðum. Þú býrð við þær í dag og þarft ekki annað en skyggnast í eigin barm og íhuga hag þinn til að svara satt og rétt um þær, enda er svikalistinn orðinn lengri en svo, að mér endist kvöldið í kvöld og komandi nótt til að rekja hann, hvað þá að mér sé slíkt unnt í örstuttri ræðu. Á fátt eitt skal þó drepið og dæmin valin af handahófi.

Ég beini fyrst athygli að launakjörum og hvernig þau hafa breytzt á síðasta áratugnum. Samkvæmt nýjustu rannsóknum kjararannsóknarnefndar hefur kaupmáttur verkamannakauptaxta frá árinu 1959 til ársins 1970 rýrnað um nálægt 9% miðað við verðlag á vöru og þjónustu annars vegar og kaup verkamanna fyrir greidda vinnustund hins vegar. Ef miðað er við vikukaup, er rýrnunin um það bil helmingi meiri. Það er þetta, sem Gylfi Þ. Gíslason, hæstv. viðskrh., er að hugsa um vafalaust, þegar hann segir, að verkamenn hafi haldið sínum hlut af auknum þjóðartekjum. Hið nýjasta í þessum efnum er svo það, að þær kjarabætur, sem verkalýðshreyfingin knúði fram á s. l. ári, hafa á því Alþ., sem nú er að ljúka störfum, verið skertar í grundvallaratriðum gerðra frjálsra samninga, líkt og kjör verkamanna væru lækkuð með lagaboði um a. m. k. 4—5%. Á sama tíma hafa laun opinberra starfsmanna verið hækkuð að meðaltali um 30—40% umfram laun láglaunafólks, en þó með þeim hætti, að hinir hæst launuðu hafa fengið í sinn hlut hækkun, sem nemur allt að tvöföldum verkamannalaunum, en hinir lægstu í embættismannakerfinu litlar sem engar bætur. Undir forustu skattameistarans Magnúsar Jónssonar, hæstv. fjmrh., er vitandi vits og af ráðnum hug stefnt að nýrri stéttaskiptingu í landinu, þar sem þeim, sem vinna hörðum höndum að framleiðsluverðmætum þjóðarinnar, er skipað á neðsta bekk, en lagður grunnur að myndun nýrrar stéttar launaburgeisa. Og yfir þetta leggur flokkur þeirra manna, sem kenna sig enn við jafnaðarstefnu, ljúfa blessun sína. Svo langt er hann leiddur. Um þennan þátt viðreisnarinnar skal það hér eitt sagt, að gegn þessum fáheyrða órétti mun íslenzk verkalýðshreyfing rísa þegar á þessu ári og hrinda af sér þeirri ósvinnu, sem hér er á ferðum. Mörgum finnst að vísu, að forusta verkalýðshreyfingarinnar hafi ekki staðið á verði gagnvart fólskuverkum viðreisnarflokkanna í þessum efnum, og ætla ég ekki að afsaka seinlæti hennar. En hvað sem hennar þætti líður í þessu

máli, veit ég, að hér í okkar litla landi á stefna launajafnaðar yfirgnæfandi fylgi, og trúi, að launamisrétti verði ekki þolað og því hrundið fyrr en síðar. Fyrir því höfum við í Samtökum frjálslyndra og vinstri manna barizt og munum berjast.

Skattamálin eru annar meginþáttur kjaramálanna, þáttur, sem er ákvarðandi fyrir lífskjörin og þau raunlaun, sem almenningur verður að framfleyta sér og sínum á. Lítum á þann þátt kjaramálanna í ljósi þeirra gullnu loforða, sem stjórnarflokkarnir gáfu við valdatöku sína. Árið 1960 námu tekjuskattar ásamt lítilfjörlegum eignasköttum til ríkisins 49 millj. kr. Á síðasta ári voru þeir orðnir 881.6 millj. kr. og höfðu því sem næst nítjánfaldazt. Á sama tíma hafði kaup verkamanna töluvert minna en fjórfaldazt. Þyngd almennra tekjuskatta hefur því sem næst fimmfaldazt á tímabilinu, þegar átti að afnema þá. Á sama tíma hafa sömu skattar á gróðafélögum létzt um meira en helming. Hlutfallstala þeirra hefur lækkað úr 40.6 í 17.9. En þetta eru aðeins tekjuskattarnir. Ótaldar eru þá breytingar á útsvörum og öðrum gjöldum til sveitarfélaga, sem í vor munu hækka a. m. k. um 50%, en reynt er að leyna með því að lögfesta nú á þessu þingi, að skattskrár skuli ekki lagðar fram fyrr en viku eftir kjördag. Og þetta er að ógleymdum skattinum, sem nú hvílir allra þyngst á öllum almenningi, söluskattinum, sem í ár nemur 3—4 milljörðum kr. Og enn er ekki nema hálfsögð sagan. Nú á síðustu dögum þingsins var knúin í gegn gerbreyting á skattakerfi hlutafélaga, sem færir þeim stórkostleg ný skattfríðindi með rýmkun fyrningarreglna, frestun skattgreiðslna í allt að 5 ár, ef þeir græða, og að auki stórfellt skattfrelsi hlutafjáreigenda. Við umr. í Ed. Alþ. lýsti fjmrh. því yfir mjög skilmerkilega, að sér hefði ekki komið til hugar að þrýsta þessu máli gegnum þingið nú, ef ekki hefði verið eindregið til þess mælzt af atvinnurekendum. Á hinn bóginn sagði hann þá einnig aðspurður, að engin ástæða væri til að hafa samráð við launþegasamtökin, þegar að því kæmi að ráða til varanlegra lykta skattheimtumálum þeirra. En fleira fólst enn í þessu pokahorni fjmrh. Svo er um hnúta búið, að hin nýja skattalöggjöf er til þess sniðin að ívilna stórkostlega hinum stóru og sterku atvinnurekendum, þrýsta þeim saman í öflugar og fjársterkar heildir hlutafélaga, en mismuna hins vegar hinum mörgu og tiltölulega smáu framleiðendum, sem leggja öll efni sín, heiður og velferð að veði í verkum sínum. Þeim, sem þann kost velja að standa eða falla með rekstri sínum, á að refsa með stórfellt óhagstæðari skattakjörum. Þannig er í dag komið fyrir flokki heilbrigðs einkaframtaks, flokknum, sem eitt sinn batt fána framtaks og áræðis einstaklinganna að húni, en nú er orðinn vesælt verkfæri stórburgeisanna einna, sem dreymir um, að 20 álverksmiðjur og annar erlendur stórrekstur leysi íslenzkt framtak af hólmi. Því segi ég við útvegsmenn og aðra þá fjölmörgu einstaklinga, sem halda enn uppi meiri hlutanum af framleiðslu þjóðarinnar: Þið eigið ekki lengur neina samleið með flokki fjármála- og peningavaldsins. Ykkar staður er við hlið hins vinnandi fólks til sjávar og sveita í baráttu beggja fyrir velferð íslenzkra framleiðslustétta. Oft var þörf, en nú er nauðsyn, að þessir mikilvægustu hagsmunahópar snúi bökum saman og berjist sem bræður fyrir tilverurétti beggja.

Við vöggu viðreisnarinnar sagði Ólafur Thors eitthvað á þá leið, að allar efnahagsráðstafanir væru unnar fyrir gýg, ef ekki tækist að stöðva verðbólguna. Hvernig skyldi það hafa tekizt? Jú, vísitala vöru og þjónustu hefur hækkað um 380% frá 1959 til 1970 fyrst og fremst fyrir tilverknað fjögurra gengisfellinga og annarra þjóðráða stjórnarflokkanna, þjóðráða, sem færasti hagfræðingur stjórnarliðsins, Ólafur Björnsson prófessor, lagði nýlega þann dóm á, að fyrir löngu hefðu gengið sér til húðar og væru einskis nýt. Þessi sami heiðviði og opinskái stjórnarsinni fram til þessa hikaði heldur ekki við að lýsa þeirri skoðun sinni á viðreisninni, að viðskilnaðinum, sem við blasir 1. september n.k., þegar gerviverðstöðvuninni lýkur og eytt hefur verið upp til agna þeim þremur og hálfum milljarði aukinnar skattheimtu, sem pínd verður af almenningi á þessu ári, yrði með engu orði betur lýst en því óttablandna orði hrollvekja. Og vissulega eru þetta orð að sönnu og lýsa í raun allri ævisögu viðreisnarinnar betur en gert yrði með orðalengingum.

Þær hillingar, sem brugðið var upp við upphaf stjórnarsamstarfsins og stór hluti þjóðarinnar trúði í krafti áróðursvélar Sjálfstfl., eru nú orðnar að hrollvekju, ekki aðeins í huga Ólafs Björnssonar, heldur mikils meiri hluta þjóðarinnar, sem finnur kaldan veruleika allra hinna sviknu fyrirheita brenna á kjörum sínum og vonum um mannsæmandi líf. En þá spyrja menn að vonum hvors tveggja í senn: Hvernig má það ske, að slík stjórn skuli geta tryggt sér þingræðislegan meiri hluta í full 12 ár? Og í annan stað: Hvernig verður hann felldur og hvað á þá við að taka, ef það tekst?

Svarið við þessari spurningu er að mínu viti og að áliti míns flokks í aðalatriðum þetta. Stjórnarandstaðan, sem var þar til fyrir skömmu bundin við Alþb. og Framsfl., hefur brugðizt. Hún hefur verið sjálfri sér sundurþykk og reynzt ófær og óhæf til að móta nokkra þá stefnu eða gera líklegt nokkurt það samstarf innan gamla flokkakerfisins, sem tendrað gæti vonir um, að nokkuð annað tæki við af vanstjórn viðreisnarflokkanna og óstjórn en nýr glundroði engu betri. Stefnuleysi Framsfl. annars vegar og hins vegar sá óhugnaður dekurs Alþb. við afturhaldskreddukenningar alræðissósíalisma, sem forusta hans er brennimerkt með, hafa einnig hindrað, að nokkrar tilhneigingar sköpuðust hjá Alþfl. til að yfirgefa þjónshlutverkið hjá Sjálfstfl. og reyna nýjar leiðir. Þannig hefur niðurstaðan orðið sú, að stjórnarflokkarnir hafa þrátt fyrir allt haldið velli í þremur alþingiskosningum allar götur frá 1959. Og enn er það með öllu vonlaust, að svo fari ekki enn nú í vor, ef það nýja afl, sem nú er komið til

sögunnar, Samtök frjálslyndra og vinstri manna, kemur ekki sem sigurvegari úr komandi kosningahríð. Ég segi við þjóðina, að undirrót þess, að flest hefur snúizt til verri vegar síðasta áratuginn þrátt fyrir hagstæðar ytri aðstæður, er sú, að núverandi flokkakerfi er úrelt, svarar ekki kröfum nýrra tíma og viðhorfa, gefur þjóðinni ekki þá valkosti, sem vandamál hennar krefjast. Því verður að velta þessu flokkakerfi í rústir og byggja upp nýtt, þar sem stærsta og viðamesta uppistaðan verði stór og voldugur flokkur verkalýðs- og framleiðslustéttanna, verði sá stjórnmálalegi bakhjarl stærstu og voldugustu fjöldasamtaka þjóðarinnar, verkalýðshreyfingar og samvinnuhreyfingar, sem til þarf til þess að skapa lýðræðisleg alþýðuvöld á Íslandi að þeirri fyrirmynd helzt, þar sem eru flokkar jafnaðarmanna á Norðurlöndum, sem þeir hafa gert að fremstu velferðarríkjum veraldar.

Við í Samtökum frjálslyndra og vinstri manna erum kallaðir klofningsflokkur og fleiri ófögrum heitum. Við erum sagðir pólitískir hrossakaupmenn og ævintýramenn, vegna þess að við játum, að við erum ekki einfærir um að skapa þann stóra og sterka verkalýðsflokk, sem þjóðin þarfnast, og höfum því lagt kapp á viðræður við öll þau stjórnmálaöfl, sem okkur hafa þótt einhver líkindi til, að kynnu að vilja skilja grundvallarvandamál íslenzkrar flokkaskipunar og íslenzkrar alþýðuhreyfingar í stað þess að belgja okkur upp með þeim flokkshroka, sem allir gömlu flokkarnir eru haldnir, segjandi og hrópandi: Fallið fram og tilbiðjið mig, þá mun ykkur veitast öll heimsins dýrð. En á þennan veg fórust hv. þm. Einari Ágústssyni nú orð áðan eins og svo oft áður.

Víst er það rétt, að við erum klofningsmenn í þeim skilningi, að við trúum því, að það sé þjóðarnauðsyn að reiða öxi að því feyskna og fúna flokkakerfi, sem hér ríkir. En við erum sameiningarmenn í þeim eina rétta skilningi, að við ætlum okkur þann hlut að sameina alla íslenzka jafnaðar- og samvinnumenn í einum flokki, sem gæti bundið endi á það skaðlega og tilgangslausa þrátefli, sem ríkt hefur á milli íslenzkra alþýðustétta og ríkisvalds, sem þeim er andstætt og fjandsamlegt. Og þótt enn sé ekki liðið hálft annað ár frá því, að við hófum baráttu okkar fyrir þessum meginmarkmiðum, liggur mikill og örlagaríkur árangur að baki sameiningarbaráttu okkar. Viðræður okkar við Alþfl. báru að vísu ekki þann árangur, að hann rifi sig úr faðmlögum Sjálfstfl. En þær orkuðu þó því án allra tvímæla, að innan flokksins verða þeir með hverjum degi fleiri, sem sjá og skilja, að forusta hans leiðir hann til pólitískrar glötunar, ef óbreyttri stefnu verður haldið. Skörðin, sem flokkur okkar hjó í fylgi Alþfl. í bæjarstjórnarkosningunum á s. l. ári urðu miklum hluta flokksins slík lexía, að hún gleymist þeim ekki. Og þeir hinir sömu skilja líka, að fornri stefnu flokksins verður nú bezt þjónað með því, að þeir fylki sér í vor í enn ríkara mæli undir sameiningarstefnu samtaka okkar. Af því þarf Alþfl. að læra aðra lexíu hinni fyrri lærdómsríkari, til þess að sameiningarstefnan hljóti þar úrslitavald.

Fyrir tveim vikum lauk fyrsta þætti samstarfsviðræðna flokks okkar við Samband ungra framsóknarmanna, sem þjóðarathygli hefur vakið. Í viðræðulok varð fullt samkomulag um stefnu og markmið íslenzkrar vinstri hreyfingar. Hin sameiginlega yfirlýsing er vafalaust tímamótamarkandi fyrir þróun íslenzkra stjórnmála, því að þar er mörkuð skýrum dráttum stefna þess íslenzka jafnaðar- og samvinnumannaflokks, sem koma hlýtur og koma verður. En það er lærdómsríkt tímanna tákn, að slíkan sáttmála, er Samband ungra framsóknarmanna gerði við flokk okkar, hefur því ekki enn tekizt að gera við sinn eigin flokk, Framsfl. og forustu hans, en hlotið fyrir djörfung sína og tryggð við hugsjónir flokksins harða gagnrýni og beinar og óbeinar árásir. Þessar viðræður sýna og sanna, að ungir framsóknarmenn og fjöldi skoðanabræðra þeirra í Framsfl. og meðal þeirra, sem honum hafa fylgt í kosningum, eiga meira sameiginlegt með flokki okkar en þeirri forustu, sem nú ræður í Framsfl. Sú staðreynd mun vissulega heldur ekki láta sig án vitnisburðar í komandi kosningum.

Ástæðulaust er að láta með öllu ógetið þeirrar ólgu, sem nú ríkir í Sjálfstfl., sem nú minnir mest á stjórnlaust rekald í sjóum stjórnmálanna eftir fráfall hins sterka foringja síns. Einnig þar er fjöldi mætra manna og kvenna, sem skilur nauðsyn hvors tveggja, gerbreyttrar stjórnarstefnu og nýrrar flokkaskipunar og á því alla samleið með flokki okkar og stefnu hans í þeim höfuðmálum, sem nú eru uppi.

Ég sagði í upphafi máls míns, að viðreisnin væri að baki. Sú fullyrðing er þó óhjákvæmilega bundin því skilyrði, að SF komi sem sigurvegari úr kosningunum í vor, því að ella halda stjórnarflokkarnir velli og sínu striki norður og niður. En jafnframt og kannski fyrst og fremst eru kosningarnar prófsteinn á það, hvort þjóðin vill lengur una því flokkakerfi, sem nú hefur staðið óbreytt í fulla þrjá tugi ára, flokkakerfi, sem tryggt hefur Sjálfstfl. nær óslitið forræði fyrir þjóðmálum allt þetta tímabil. Er ekki kominn tími til að breyta hér um og losa um þá hemla, sem nú hafa allt of lengi hindrað eðlilega og æskilega stjórnmálaþróun, og sækja til betra og fullkomnara þjóðfélags? Sért þú, góður tilheyrandi, ánægður með árangurinn af starfi og stefnu gömlu flokkanna, veitir þú þeim að sjálfsögðu brautargengi í kosningunum í vor. En viljir þú breytingu, hlýtur þú að stuðla að því, að SF verði úrslitaafl á Alþingi Íslendinga að kosningum loknum og fái hrundið fram á næstu árum sameiginlegum hugsjónum og áformum jafnaðarmanna og samvinnumanna um að skapa þjóðinni og allri alþýðu nýja forustu voldugs verkalýðsflokks. Hefur þú ekki allt að vinna, en engu að tapa, að þau áform megi takast? Þeirri spurningu ætla ég ekki að svara fyrir þig. Það gerir þín eigin sannfæring og henni er líka bezt treystandi.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Núv. stjórnarflokkar hafa óskorað ráðið landinu síðan 1958. Þetta er orðið langt stjórnartímabil og hefur á ýmsu gengið um hag landsmanna og afkomu þjóðarbúsins. Sveiflur á aflabrögðum og viðskiptakjörum hafa verið miklar. Þær breytingar, sem í hina betri átt miða, hafa verið miklum mun stærri og tímabilið í heild því verið okkur mjög hagstætt. En við höfum líka mætt tímabundnu verðfalli á útflutningi, þrengingum markaða og minnkandi afla. Stjórnvöld landsins hafa því fengið mikil tækifæri til að sýna ráðsnilld sína og búhyggindi, bæði í góðæri og þegar vanda bar að höndum. Og þar frá er skemmst að segja, að þau virðast hafa fundið eitt og sama aðalráðið, sem við á í báðum tilvikunum: Gengisfellingu íslenzkra peninga. Krónan var verðfelld gagnvart erlendri mynt 1960 og aftur 1961. Einnig var gengisfelling 1967 og 1968. Þegar stjórnin settist að völdum fyrir 12 árum, kostaði Bandaríkjadalur 16.50 kr. Nú kostar hann 88 kr. Gagnvart þeirri mynt voru þá 19 aurar svipað verðmæti og krónan er nú.

Fyrri tvær gengisfellingarnar voru gerðar í góðæri. Þær voru hugsjónalegar ráðstafanir fjármálavaldsins. Hinar síðari voru framkvæmdar vegna efnahagslegra erfiðleika. Auðvitað valda svona stórfelldar verðbreytingar peninganna nýjum og geigvænlegum erfiðleikum á ýmsum sviðum, og þeim verður mörgum að mæta með stjórnmálalegum aðgerðum. Alvarlegustu mistök stjórnvaldanna í sambandi við síðustu gengisfellingu voru þau að rýra umsaminn skiptahlut fiskimanna að verðgildi langt umfram það, sem talizt gat vera þeirra hluti í almennu framlagi þjóðarþegnanna, vegna vandans, sem að steðjaði, þegar afli minnkaði og markaðir útflutnings skiluðu lækkandi verði og þrengdust. Þessi mistök hafa nú verið leiðrétt að nokkru, en sú leiðrétting hefur valdið þjóðinni miklu framleiðslutapi, og má í þessu sambandi minna menn á hið langa togaraverkfall fyrr á þessu ári og stórstöðvun bátaflotans eftir áramótin í fyrravetur.

Ég hef verið í stjórnarandstöðu við ríkisstj. allt kjörtímabilið og er enn. Ræður þar úrslitum sú ótvíræða viðleitni stjórnarinnar að gera alltaf hagsmuni þeirra, sem fjármagn eiga í atvinnurekstrinum, að sínum málstað og ganga á móti vinnustéttunum jafnvel með því að skekkja með lagaboðum gerða samninga þessara aðila hinum síðartöldu í óhag. Þetta er auðvitað bein afleiðing af því, að stjórnin er mynduð af tveimur flokkum, öðrum stórum og hinum litlum. Sá stóri er forsvarsaðili fyrir fjármagnið, en hinn minni fyrir vinnuaflið eða svo á hann að vera samkv. stefnuskrá sinni og bókuðum markmiðum, þótt ýmsum þyki slaklega hafa verið þar að unnið um skeið.

Stjórnarandstaðan, sem í flestum atriðum telur sig vera í forsvari fyrir vinnandi fólk, hefur ekki náð árangri í baráttu sinni, svo að teljandi sé. Ekki verður þó talið, að hún hafi svo mjög legið á liði sínu í viðleitninni til að bæta hag vinnustéttanna, a. m. k. hvorki í ræðu né riti. Á pólitíska sviðinu hefur hún verið hávær og í engu sparað fullyrðingar né stóryrði um andstæðingana, en fremur hefur hún látið stjórnast af óþokka á stjórnarathöfnum en raunsæi, er til uppbyggingar horfði. Stappar þar sums staðar nærri, að boðuð hafi verið af þeim, sem róttækastir vilja telja sig, meiri íhaldssemi en sjálft íhaldið mundi vilja láta bendla sig við. Til þess að finna þessum orðum mínum stað vil ég aðeins nefna tvö mál. Annars vegar er innganga Íslands í EFTA. Þar var það útreiknanlegt dæmi, að Íslendingar gátu aldrei haft annað en hag af þátttöku í þessu fríverzlunarbandalagi. Samningurinn um það er uppsegjanlegur með eins árs fyrirvara og gefur engum framandi fyrirtækjum sérstöðu á Íslandi, því að erlendir aðilar hafa hér engin réttindi umfram það, sem Íslendingar sjálfir samþykkja. Engu að síður var stór hluti stjórnarandstöðunnar á þingi ólmur á móti samningunum af einhverjum trúarlegum ástæðum. Þá trú leyfi ég mér að nefna íhaldssemi. EFTA-þátttakan hefur nú þegar eftir hið fyrsta ár létt verulega undir með útvegi og landbúnaði, en einkum þó iðnaði, og það er hún, sem á verulegan þátt í að kveða niður draug atvinnuleysisins, sem orðinn var hér býsna áleitinn, en nú er góðu heilli sá vomur aðeins með litlu lífsmarki. Að hinu leytinu má minna á virkjun Þjórsár, sem nú þegar skilar frá sér mikilli orku og er enn í uppbyggingu. Öll afstaða til þeirra mannvirkja hefur til þessa verið mjög neikvæð hjá hluta stjórnarandstöðunnar, af því að stærsti kaupandi orkunnar, svissneska álfélagið í Straumi, er henni ekki að skapi. Ég er þeirrar skoðunar, að því félagi sé seld raforka á lægra verði en réttlætanlegt er. En að hægt sé að gleðjast af þeim sökum og fyllast fögnuði í hvert skipti, sem fréttist um klakaburð í Þjórsá og erfiðleika við orkuframleiðslu af þeim sökum, eins og eitt dagblaðanna jafnan gerir, það er neikvæðari pólitík en svo, að ég geri mér von um, að hún byggi nokkru sinni upp það stjórnmálaafl, sem komið geti íslenzkum vinnustéttum að liði.

Ekki verður ríkisstj. talið það til tekna, þótt einnig sé augljóst, að illa hefur til tekizt, þar sem stjórnarandstaðan hefur ráðið og beitt valdi sínu, sem sagt í verkalýðshreyfingunni og kaupgjaldsbaráttu hennar. Það vantar ekki, að þar hafa verið settar fram kröfur og hótanir. Sjaldnast hafa hótanirnar þó verið framkvæmdar, en þó hefur svo oft komið til verkfalla, að erlendir aðilar, sem kannað hafa tíðni verkfalla og vinnutruflana af þeim toga, telja, að Íslendingar séu heimsmeistarar í þeirri grein og hafa birt niðurstöður sínar í blöðum. Um árangurinn vita svo allir. Almennu verkalaunin á Íslandi eru svo lág, að af daglaunum eins manns er ekki hægt að framfæra fjölskyldu af meðalstærð. Þrátt fyrir þessar staðreyndir mætir það andspyrnu í forustu verkalýðshreyfingarinnar, að henni sé gefinn kostur á að hafa í sinni þjónustu hagstofnun undir eigin stjórn til að gera sér raunhæfa grein fyrir stöðu í kaupgjalds- og verðlagsmálum. Það þykir hættulegt. Máski gæti það komið kaup-

gjaldsbaráttunni út af því stigi hálfpólitíska upphlaupa, sem hún öðrum þræði hefur verið á um skeið og sumir vilja telja eðli hennar og tilgang og bregðast heldur illa við, þegar aðrir og verkfallsréttarlausir aðilar ná árangri í sinni kjarabaráttu.

Hin pólitíska flokkagreining á Íslandi er um þessar mundir nálægt því hálfrar aldar gömul að stofni til. Þá var atvinnustéttaskipting með allt öðrum hætti í landinu en nú er, bændaþjóðfélag að mestu. Flokkarnir þrír studdust einkum við fjármagnseigendur, bændastétt og verkalýð. Verkalýðsflokkurinn er nú illu heilli skiptur í margar greinar, og þess gjalda vinnustéttirnar í dag. Hann klofnaði fljótlega í tvennt eftir því, hvert menn vildu sækja sínar þjóðfélagsfyrirmyndir. Þá var í sköpun nýtt þjóðfélag eftir byltinguna í Rússlandi austur þar, og bundu margir vonir við það sem fyrirmynd, en aðrir töldu það fremur víti til varnaðar, og leiðir flokksmanna skildust að. Hið rússneska þjóðfélag er líka komið yfir hálfa öld í aldri og hefur slitið öllum barnsskóm. Ekki þarf lengur að líta til þess sem óráðins hlutar í von eða vantrú. Það hefur sýnt bæði styrk sinn og veikleika, og nú munu þeir næsta fáir, Íslendingarnir, sem kysu að búa í íslenzku þjóðfélagi, sem væri af rússnesku gerðinni. Þar með er raunar fallin öll forsenda fyrir því að halda hinni pólitísku sundrungu áfram í þeirri hreyfingu, sem vill standa að baráttu fyrir blómlegum hag íslenzku vinnustéttanna, íslenzkrar alþýðu.

Á þessum vetri barst mínum gamla þingflokki boð um viðræður um framtíð vinstri hreyfingar á Íslandi. Þegar það fékkst ekki rætt á þingflokksfundi, heldur var svarað afgæðingi í nafni alls þingflokksins þrátt fyrir mín mótmæli, fann ég, að ég átti ekki lengur heima í þeim röðum, og skildu þar leiðir. Ég tel mikla nauðsyn til þess bera, að málsvarar íslenzkrar alþýðu láti ekki afgamalt argaþras um ágæti rússnesku byltingarinnar 1917 og þess þjóðfélags, sem upp af henni spratt, halda sér sundruðum, heldur taki að vinna saman, því að verkefnin blasa svo sannarlega við. Sjálfur var ég lengi meðal þeirra, sem töldu rússneska þjóðfélagið til fyrirmyndar. Þau viðhorf hafa verið að breytast á síðari árum. En þótt hinir fyrri félagar mínir á Alþ. hafi gert mér ósætt á sínum bekkjum, hefur það í engu breytt viðhorfum mínum til þjóðmála. Ég hef um hríð starfað sem utanflokkamaður á Alþ. og utan flokka ætla ég að vera, þar til alþýðuhreyfingin á Íslandi nær að sameina eitthvað krafta sína.

Í komandi kosningum hafa alþýðuflokksfélögin á Suðurlandi boðið mér að skipa efsta sæti á framboðslista sínum, þótt ég sé ekki þeirra flokksmaður. Þetta boð hef ég um skeið haft til athugunar og nú ákveðið að taka því. Ég tel boðið órækan vott þess, að vilji er mikill fyrir því hjá alþýðu landsins, að kraftar vinstri manna nái að sameinast til starfa í þjóðmálum á þann hátt, að gamlar kreddur og margfyrndarýfingar verði ekki látnar ráða ferðinni, heldur verði snúið beint að þörfum íslenzkrar alþýðu eins og þær eru í dag, og það er mér vissulega vel að skapi að vinna að því. Ætlar þú þá að gerast stuðningsmaður ríkisstj.? er spurning, sem mér þætti eðlilegt, að til mín væri beint. Þar er því til að svara auk þess, sem ég hef áður sagt í þessari tölu, að núverandi stjórnarsamningur er útrunninn við lok kjörtímabilsins, og eftir kosningar hlýtur því að koma til nýrrar samningsgerðar einhverra manna eða flokka um nýja stjórnarmyndun. Nú er svo ástatt, að allir flokkar telja sig geta gengið til samstarfs við hvern sem er, ef þeir ná því fram í stjórnarsáttmála, sem þeim hverjum um sig finnst mestu máli skipta. Þetta á einnig við um mig. En ég get hins vegar ekki á sama hátt og flokkarnir vitnað til einhverrar prentaðrar langloku með frómum óskum, sem þeir kalla stefnuskrá, og sagt: Þetta tel ég mín mál. Ég get að sjálfsögðu ekki heldur rakið hér viðhorf mín til margra málaflokka, en engu að síður vil ég greina frá því hér og nú, hvað mér er efst í huga um verkefni stjórnvalda á næstu mánuðum.

Starfsmat er nú látið ráða miklu um lífskjör hópa fólks. Ekki verður það talið óeðlilegt, enda þótt þess sé tæpast að vænta, að þess háttar mat verði óumdeilt eða samþykkt af öllum. Ég tel, að framleiðslustörf í íslenzku þjóðfélagi, einkum störf að útflutningsframleiðslunni til sjós og lands, séu vanmetin og vanborguð. Fólkið, sem að þeim vinnur, býr ekki við þau kjör, sem svara til þess, hvað hlutverkið í þjóðfélaginu er mikilvægt. Þessa skekkju í því, sem kalla mætti hið almenna starfsmat, tel ég, að nýjum stjórnvöldum beri að leiðrétta. Það væri hvort tveggja í senn réttlætismál gagnvart vinnandi fólki og hagsmunamál alls þjóðfélagsins. — Góða nótt.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Nú er komið að þinglokum. Þau mál, sem ríkisstj. telur nauðsyn á að ljúka, munu fá fullnaðarafgreiðslu. Kjörtímabilinu er lokið og efnt verður til kosninga 13. júní n. k.

Samkvæmt stjórnarskránni skulu alþingiskosningar fara fram á fjögurra ára fresti. Heimilt er þó að rjúfa þing og kjósa, áður en kjörtímabili lýkur, ef nauðsyn ber til og starfshæfur meiri hluti er ekki fyrir hendi á Alþ. Þannig hætti vinstri stjórnin, sem mynduð var 1956, störfum, þegar kjörtímabilið var hálfnað, af því að hún stóð uppi ráðalaus og sundruð, þegar dýrtíðarflóðið flæddi yfir landið haustið 1958. Það ber vott um festu í stjórnmálum og efnahagsmálum lýðræðisþjóða, þegar kosningar eru ekki tíðari en á fjögurra ára fresti. Þar sem úrræðaleysi og upplausn er ráðandi í atvinnu- og efnahagsmálum, eru kosningar með stuttu millibili og tíð stjórnarskipti.

Núverandi stjórnarflokkar hafa unnið saman þrjú kjörtímabil. Á því tímabili hefur árferði verið mjög misjafnt. Þegar sæmilega áraði, var tækifærið notað til þess að endurnýja og auka atvinnutækin, auk þess sem gjaldeyrisvarasjóður myndaðist. Gjaldeyrisvarasjóðurinn kom í góðar þarfir, þegar harðnaði í ári 1967 og 1968. Í ársbyrjun 1960 var hafizt handa og ráðstafanir gerðar til þess að rétta

við efnahag landsins út á við og tryggja rekstrargrundvöll atvinnuveganna, sem komnir voru í strand eftir stefnuleysið, sem heltók þjóðfélagið á árunum 1957 og 1958. Síðan hefur verið unnið að alhliða uppbyggingu atvinnulífsins. Fiskiskipaflotinn hefur verið aukinn og endurnýjaður, grundvöllur lagður að stóriðnaði, skipasmíðar teknar upp innanlands, og fiskiskipin eru nú smíðuð í íslenzkum skipasmíðastöðvum. Þá hefur mikið verið aukinn hinn smærri iðnaður og fjölbreytni í atvinnulífinu á ýmsan hátt.

Til ræktunar, landgræðslu og gróðurverndar fara fjárveitingar stöðugt hækkandi. Vélvæðing og tækni í landbúnaðinum er með því bezta, sem gerist hjá háþróuðum þjóðum. Lán og framlög til landbúnaðarins hafa aukizt og verið mun hærri mörg síðari ár en áður gerðist, þótt tekið sé tillit til verðbreytinga og raungildis peninga. Í krafti tækninnar og ört vaxandi ræktunar hefur búvöruframleiðslan vaxið þrátt fyrir vont árferði síðustu 5 ár. Bændur munu njóta þess, sem gert hefur verið að undanförnu, þegar árferði verður aftur í meðallagi.

Með setningu laga frá 1964 um ferðamál var undirstaða lögð að þeirri grósku, sem verið hefur í ferðamálum síðustu árin. Ferðamálin eru að verða arðsöm atvinnugrein fyrir þjóðarbúið. Gjaldeyristekjur vegna ferðamála voru árið 1970 rúmlega 900 millj. kr. Með skipulagi ferðamála og lánum úr ferðamálasjóði hefur verið gert mögulegt að veita móttöku ört vaxandi ferðamannastraumi. Árið 1960 komu til landsins 12800 ferðamenn og eyddu í erlendum gjaldeyri 17 millj. kr. á þáv. gengi krónunnar. Árið 1970 var tala ferðamanna 52900, og eru þá ekki taldir með þeir, sem komu til landsins með skemmtiferðaskipum. Á árinu 1980 er áætlað, að erlendir ferðamenn verði um 150 þús. Með komu ferðamannanna, sem nota íslenzk samgöngutæki, eru samgöngur milli landa og innanlands treystar og efldar. Framkvæmdir í samgöngumálum eru nú margfalt meiri en nokkru sinni fyrr. Þá er það mikils virði, að markaður fæst fyrir innlendar framleiðsluvörur og fjöldi manna hefur atvinnu vegna ferðamannanna.

Verzlunin hefur verið gefin frjáls, eins og það er kallað. Höft og vöruskömmtun eru ekki lengur þekkt og mörgum úr minni liðin. Eigi að síður er enn haldið dauðahaldi í ýmislegt frá tímum skömmtunar og vöruskorts, svo sem álagningarreglur á ýmsum vörum. Með verzlunar- og verðlagsfrv., sem lagt var fram í fyrra, en ekki náði fram að ganga, átti að lögfesta heimild til þess að breyta þeim úreltu reglum, sem enn eru í gildi og halda á margan hátt beinlínis uppi vöruverðinu. Ef frv. hefði náð fram að ganga, hefði það með breyttum reglum gert fært að stórlækka verðlagið í mörgum tilfellum. Vonandi verða nauðsynlegar lagfæringar gerðar í verzlunarmálunum, áður en langt um líður, þjóðarbúinu til hagnaðar og neytendum til sparnaðar.

Lög um lax- og silungsveiði og stofnun Fiskræktarsjóðs marka tímamót í fiskirækt hér á landi. Með tilkomu þessara laga ásamt fiskeldisstöð ríkisins í Kollafirði og fleiri fiskeldisstöðvum, sem nú eru að komast í gagnið, mun fiskiræktin þróast ört og verða happasæl og tekjumikil grein í þjóðfélaginu. Með auknum leiðbeiningum og eflingu Veiðimálastofnunarinnar munu stöðugt fleiri ár og stöðuvötn verða tekin til ræktunar.

Þrátt fyrir erfiðu árin 1967 og 1968, kuldann og vont árferði fyrir landbúnaðinn síðan 1966, hefur alhliða uppbyggingu í þjóðfélaginu verið haldið áfram. Síðasti áratugur mun verða skráður á spjöldum sögunnar sem mesta framfaratímabil, sem yfir þjóðina hefur komið til þessa, þrátt fyrir óvenjuleg áföll vegna aflatregðu, stórkostlegs verðfalls á útflutningsvörum landsmanna og kólnandi tíðarfars, sem orsakað hefur kal og sprettuleysi í mörg sumur. Á árunum 1967 og 1968 missti þjóðin um 50% af útflutningstekjum vegna verðfalls og aflatregðu. Var það meira áfall efnahagslega en aðrar þjóðir hafa orðið fyrir nokkurn tíma á friðartímum. Ýmsir hugsandi menn spyrja nú um það, þegar kosningar nálgast, hvernig farið hefði fyrir þjóðinni, þegar áföllin komu, ef ríkisstj. og stjórnarflokkarnir hefðu ekki sýnt festu og gert viðeigandi ráðstafanir, þegar mest reið á. Hvernig væri þjóðarhag nú komið, ef ríkisstj. hefði hlaupið frá vandanum, þegar áföllin komu? Þá hefði illa farið. En með því að gera viðeigandi efnahagsráðstafanir var komizt út úr vandanum. Gjaldeyrisvarasjóðurinn, sem safnaðist á árunum 1961 og 1966 eyddist upp vegna nauðsynlegra vörukaupa og annarra greiðslna erlendis. Á áfallaárunum tveimur var eðlilega bæði greiðslu- og verzlunarhalli, sem hefði orðið afdrifaríkur, ef gjaldeyrisvarasjóðurinn hefði ekki verið fyrir hendi. Á þessum árum var atvinna með minna móti og kaupgjald lægra en æskilegt hefði verið vegna erfiðleika atvinnuveganna, sérstaklega sjávarútvegsins. Á árinu 1969 byrjaði að rofa til. Aflabrögð bötnuðu nokkuð og verðlag hækkaði á útflutningsvörunum. Árið 1970 var talsvert hagstæðara fyrir útflutningsatvinnuvegina, og var almennt viðurkennt, að greiðslugeta þeirra hefði aukizt talsvert. Í kjölfar þess gerðu verkamenn og aðrir launþegar kröfur um hækkað kaup, en launakröfunum hafði verið stillt í hóf á undangengnum tveimur árum. Þótti öllum eðlilegt, að kaupgjald hækkaði sumarið 1970. Um það var deilt, hversu kauphækkunin mætti vera mikil, til þess að atvinnuvegirnir gætu borið hana. Endanlega var samið um 15—20% kauphækkun, sem hækkaði 1. september um rúmlega 4% vegna vísitöluhækkunar. Verðhækkanir voru fram undan og hefðu gert kauphækkunina að engu, ef ekki hefði verið komið í veg fyrir þær að verulegu leyti með vissum aðgerðum.

Ríkisstj. taldi nauðsynlegt að koma í veg fyrir, að kauphækkanirnar rynnu út í sandinn vegna verðhækkana. Þess vegna var rætt um verðstöðvun í þeim tilgangi að tryggja kaupmátt launa, svo að kauphækkunin, sem launþegar fengu, gæti verið raunveruleg kjarabót. Verðstöðvunarlög voru sett s.

l. haust. Stjórnarandstaðan hefur sagt, að verðstöðvun hefði átt að koma með allt öðrum hætti strax í fyrrasumar, eftir að samningar tókust við verkalýðsfélögin. En það var ekki hægt vegna margháttaðs undirbúnings að slíkri löggjöf, eins og allir viðurkenna, sem til þekkja. Þar að auki hefði bændastéttin beðið mikið afhroð, ef afurðaverðið hefði ekki verið hækkað á s. l. hausti vegna verðstöðvunar. Formaður Framsfl. hélt því eigi að síður fram í sjónvarpsviðtali s. l. haust, að verðstöðvun hefði átt að koma strax í fyrrasumar. Verðstöðvunarlögin hafa náð tilgangi sínum með því að kaupmáttur launa hefur aukizt frá 1. júní 1970 til 1. marz 1971 um 15.6%. Búvörurnar, brýnustu nauðsynjar heimilanna, hafa verið greiddar niður og verðið til neytenda því stórlækkað. Ýmsar erlendar vörur hafa hækkað í verði, en við það verður ekki ráðið af skiljanlegum ástæðum. Ef verðstöðvunarlögin hefðu ekki verið sett, væri hagnaðurinn og kjarabætur launþegum til handa horfnar í dýrtíðarflóðið. Þá hefði atvinna dregizt saman, rekstrargrundvöllur fyrir útgerðina ekki verið fyrir hendi og atvinnuástand líkt því, sem það var undir árslok 1958, þegar vinstri stjórnin hrökklaðist frá völdum. Vegna verðstöðvunarlaganna hefur kauphækkunin frá í fyrrasumar orðið kjarabót og kaupmáttur launa aukizt. Þetta er staðreynd, sem ekki verður hrakin. Um hitt þarf ekki að deila, að æskilegt væri, að kaupmáttaraukningin væri enn meiri. Það fer illa í munni þeirra, sem voru á móti verðstöðvunarlögunum og stuðluðu að því, að kauphækkunin rynni út í sandinn, að tala nú um nauðsyn þess að bæta kjör almennings. Það er rétt að minna á þá staðreynd, að stjórnarandstaðan var á móti verðstöðvunarlögunum, þótt hún í orði teldi sig vilja verðstöðvun.

Með raunhæfum ráðstöfunum í atvinnumálum er mögulegt að bæta kjörin. Nú er atvinna mikil í landinu og flestir þeir, sem vilja og geta unnið, hafa nóg að starfa. Hefur það áunnizt með aukinni fjölbreytni í atvinnulífinu, með nýjum atvinnugreinum og eflingu aðalatvinnuveganna.

Almannatryggingar hafa verið efldar í seinni tíð. Með frv., sem nú er til meðferðar í þinglokin og væntanlega verður að lögum, er ellilífeyririnn, fjölskyldubæturnar og barnalífeyririnn hækkaður verulega. Ýmsar fleiri breytingar eru gerðar á tryggingalöggjöfinni bótaþegum til hags.

Þjóðarframleiðsla Íslendinga fer vaxandi vegna fjölbreytni í framleiðslunni og með aukinni afkastagetu atvinnuveganna. Með vaxandi útflutningsverzlun ber brýna nauðsyn til að leggja áherzlu á markaðskönnun og sölu framleiðsluvaranna. Segja má, að mikið hafi áunnizt í seinni tíð á því sviði, en eigi að síður verður að herða róðurinn og gera allt, sem unnt er, til þess að afla góðra markaða og bæta viðskiptakjörin. Það þarf einnig og ekki síður að leggja vinnu í það að ná hagkvæmu innkaupsverði á þeim vörum, sem til landsins eru keyptar. Þar er mikið og verðugt verkefni fyrir duglega kaupsýslumenn.

Mikið hefur verið rætt um landhelgismálið, og mun ég því verða stuttorður um það. Stjórnarandstaðan ætlaði sér að gera þetta mál að kosningamáli, en þar hefur þeim brugðizt bogalistin. Með sérstökum tillöguflutningi hefur stjórnarandstaðan rofið þá þjóðareiningu, sem sjálfsagt er að hafa um svo mikilvægt mál sem landhelgismálið er. Öll þjóðin hefur eitt og sama markmið í þessu máli, þótt nú, af því að kosningar eru í nánd, sé deilt um leiðirnar. Landgrunnið allt fyrir Íslendinga er það eina, sem gildir, en það þýðir um 50—70 mílna landhelgi. Ekkert fær hindrað það, að Íslendingar noti sér þann rétt, sem þeir eiga til landgrunnsins, á réttum tíma, sem gæti orðið fyrir 1. sept. 1972. Hafa ber í huga það, sem ýmsir spá, að sókn útlendinga margfaldist á íslenzk fiskimið á næstu mánuðum. Það er ekki rétt, að ríkisstj. hafi tekið ákvörðun um, að útfærsla landhelginnar bíði, þar til hafréttarráðstefnunni er lokið. Viðhorfin geta breytzt þannig, að nauðsyn beri til aðgerða fljótt. Ríkisstj. hefur markað skýra stefnu í landhelgismálinu og mun fylgja henni fram til fullnaðarsigurs. Þótt unnið sé að stórvirkjunum og fjölbreytni í atvinnulífinu á ýmsum sviðum, verða fiskveiðar um ófyrirsjáanlega framtíð einn af mikilvægustu þáttum í tekjuöflun þjóðarbúsins. Ef Íslendingar einir stunda fiskveiðar á landgrunninu, munu fiskveiðar í kringum landið verða áfram sá nægtabrunnur þjóðinni til handa, sem þær hafa verið frá alda öðli.

Verzlunarkjörin hafa batnað, og gjaldeyrisvarasjóður hefur myndazt á ný. Var hann um síðustu áramót um 3200 millj. kr. og mun nú vera nærri 4000 millj. kr. Eins og málin nú horfa við, er ekki annað hægt að segja en efnahagsmálin séu á góðum batavegi. Vonandi verður svo áfram og afli glæðist á þessari vertíð. Fjárlög voru afgreidd greiðsluhallalaus. Viðskipta- og greiðslujöfnuður við útlönd hefur verið hagstæður. Skuldir erlendis hafa lækkað undanfarið og gjaldeyrisvarasjóðurinn eykst. Atvinnutækin eru nýtt eins og bezt verður á kosið, og atvinna virðist vera fyrir hendi fyrir alla þá, sem heilsu hafa til þess að vinna. Kaupmáttur launa hefur aukizt um 15.6% á fáum mánuðum vegna verðstöðvunarlaganna og niðurgreiðslu brýnustu nauðsynja, svo sem landbúnaðarvara, þótt óhjákvæmileg hækkun hafi komið til á ýmsum innfluttum vörum og nokkrum þjónustustörfum. En áfram ber að stefna í átt til batnandi efnahags fyrir þjóðarheildina og enn betri lífskjara fyrir allan almenning í landinu. Það mun takast bezt með því að fylgja stefnu Sjálfstfl. í atvinnu- og efnahagsmálum.

Verðstöðvunarlögin gilda til 1. sept. n. k. Margir spyrja, hvers vegna lög um verðstöðvun eru ekki til lengri tíma og hvað taki við eftir 1. september í haust. Eðlilegt er, að spurt sé um þetta. Þegar málið er athugað í réttu ljósi, sýnist 1. september vera rétti tíminn til þess að miða við. Ef stjórnarskipti verða að kosningum loknum, má gera ráð fyrir, að ný stjórn verði mynduð í júlímánuði. Núverandi

stjórnarandstaða var á móti verðstöðvunarlögunum og hefur fundið þeim allt til foráttu. Verði stjórnarandstöðuflokkarnir ráðandi eftir næstu kosningar, ber þeim að benda á aðra leið til lausnar efnahagsmálunum. Stjórnarandstaðan hefur fordæmt miklar niðurgreiðslur á búvörum, svo að tæplega munu þeir halda þeim áfram ef þeir mega ráða. En líklegt er, að þeir komi sér ekki saman um neitt frekar en 1958 og að óðaverðbólga flæði hömlulaust yfir landið eins og þá, ef núv. stjórnarandstaða fengi völd að loknum kosningum í vor. Hætt er við, að vinstri flokkarnir, sem kalla sig svo, og vinstri flokksbrot verði úrræðalítil eins og fyrri daginn, þegar á hólminn kæmi. Ef við sjálfstæðismenn verðum við völd áfram, munum við vinna gegn dýrtíðinni með ýmsum ráðstöfunum. Framlengja verður verðstöðvunarlögin í einhverju formi. Sýnt er, að niðurgreiðslur á búvörum verða að halda áfram. Rekstrargrundvöll atvinnuveganna ber að treysta, og atvinnuöryggi fyrir alla þarf að tryggja. Niðurgreiðslurnar eru heppilegt tæki í efnahagsráðstöfunum. Með niðurgreiðslum brýnustu nauðsynja er fjármagn flutt frá þeim, sem betur mega sín, til þeirra, sem mesta hafa þörfina.

Við sjálfstæðismenn viljum efla gott og traust samband við stéttarsamtökin og vinna að auknum skilningi stétta í milli. Samstarfsnefndum á frjálsum grundvelli ber að koma á hjá atvinnufyrirtækjum og efla þannig samstöðu og samstarf stjórnenda og starfsfólks. Þannig mun skapast velvilji og skilningur á atvinnurekstrinum í stað tortryggni og lítils skilnings, sem sums staðar hefur fest rætur og gert mikið tjón. Með því að fara þannig að, eins og nú hefur verið nefnt, væri auðveldara að koma á vinnuhagræðingu, draga úr rekstrarkostnaði, auka framleiðsluna, bæta hag fyrirtækjanna og hækka laun verkamanna og annarra launþega. Með þeim hætti gætu verkföll og illvígar vinnudeilur heyrt fortíðinni til. Kjörorð okkar sjálfstæðismanna er: Stétt með stétt.

Með lögum skal land byggja, var einu sinni sagt. Með lögum og friði milli þeirra, sem fjármagninu ráða, og hinna, sem framleiðslu- og þjónustustörf vinna, skal Ísland nútímans byggja. Með því munu framfarir og uppbygging halda áfram í atvinnulífinu. Þannig verða sættir stétta í milli, og þannig mun þjóðin þroskast og vaxa efnalega og menningarlega. Þannig mun sókn til framfara og bættra lífskjara halda áfram, og þannig mun þjóðin sigrast á þeim erfiðleikum, sem að steðja hverju sinni. — Góða nótt.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Það er rangt, sem hæstv. ráðh. Ingólfur Jónsson sagði, að stjórnarandstaðan hefði verið andvíg verðstöðvun. Alþb. flutti frv. um verðstöðvun þegar í þingbyrjun. En Alþb. vildi raunverulega verðstöðvun, en ekki sýndarverðstöðvun, sem auglýst var af forsrh. með þriggja vikna fyrirvara í sjónvarpi, til þess að þeir, sem vildu hækka, fengju tækifæri til þess.

Hæstv. dómsmrh. Auður Auðuns taldi það til marks um ábyrgðarleysi, að stjórnarandstæðingar skyldu vilja láta smávægilega kauphækkun til aldraðs fólks og öryrkja, tæpar 1000 kr. á mánuði, koma til framkvæmda strax án þess að flytja till. um fjáröflun. Það hefur aldrei staðið á stjórnarandstæðingum að tryggja fjáröflun til þessara þarfa. Hins vegar varð þess ekki vart, að ráðh. teldi nokkurn vanda að útvega fjármagn, þegar kaup æðstu embættismanna var hækkað upp í 60—70 þús. kr. á mánuði eða þegar laun ráðh. voru hækkuð upp í hálfa aðra millj. kr. á ári. Þjóðartekjur á mann á Íslandi eru nú einhverjar þær hæstu í heimi, og það eru ekki sæmandi rök hjá ráðh. að halda því fram, að þetta þjóðfélag hafi ekki efni á að greiða þeim, sem við erfiðust kjör búa, meira en svipaða upphæð á mánuði og ráðh. hefur á dag. Mér þóttu það einnig ákaflega ósæmileg ummæli hjá dómsmrh., þegar Auður Auðuns taldi sprengiefnisþjófnað og óra nokkurra unglinga vera áhrif frá baráttu bænda í Þingeyjarsýslu, sem risið hafa gegn valdníðslu stjórnarvalda. Þessi ummæli Auðar Auðuns eru til marks um það pólitíska ofstæki, sem einkennir því miður marga ráðamenn Sjálfstfl. og ýtir að sjálfsögðu undir ofstæki hjá öðrum.

Þegar ráðh. eru komnir upp í 1.5 millj. í árstekjur, er hætt við, að þeir missi öll eðlileg tengsl við þjóðfélag sitt. Ræða Gylfa Þ. Gíslasonar áðan bar þess merki, að hann er orðinn einangraður frá umhverfi sínu. Hann talaði fjálglega um þann tekjujöfnuð, sem tryggingarnar hefðu haft í för með sér, án þess að leiða hug að því, hvernig menn eiga að fara að því að draga fram lífið á 5 þús. kr. á mánuði. Hann talaði um jafnrétti til menntunar, þótt hann hafi sjálfur á þessu þingi fellt allar till. um aðgerðir til þess að tryggja aukinn jöfnuð á því sviði. Hann talaði meira að segja um það sem merkilegt nýmæli í stefnu Alþfl. að berjast fyrir því að koma í veg fyrir mengun, þótt hann sé nýbúinn að leggja blessun sína yfir einu álbræðsluna í heimi, sem fær að spýja óhreinsuðu eiturlofti yfir umhverfi sitt.

Björn Jónsson taldi áðan, að forusta alþýðusamtakanna hefði ekki haldið á málstað verkafólks af nægilegri djörfung og festu. Undir það munu margir taka. En skyldi það ekki m.a. stafa af því, að á síðasta Alþýðusambandsþingi fengu stjórnarflokkarnir tækifæri til þess að kjósa forseta og varaforseta, sem þeir höfðu velþóknun á. Tilgangur stjórnarflokkanna með því að velja þá Hannibal Valdimarsson og Björn Jónsson til þeirra trúnaðarstarfa var að reyna að sundra alþýðu manna, bæði í kjarabaráttu og stjórnmálabaráttu. Og Björn Jónsson var því hlutverki trúr í ræðu sinni áðan.

Karl Guðjónsson, sem talaði hér áðan sem aukaræðumaður Alþfl., fór mjög hörðum orðum um stjórnarandstöðu Alþb. Karl sat í þingflokki Alþb. í þrjú ár á þessu kjörtímabili. Á þessu tímabili flutti hann ekki eina einustu till. um aðra stefnu en þá, sem Alþb. hefur fylgt, hvorki um EFTA né annað.

Hann gerði ekki ágreining í þingflokknum um eitt einasta málefni. Djörfung hans var ekki meiri en svo, að þegar atkv. voru greidd um EFTA, lét hann sér nægja að hverfa úr þingsalnum án þess að láta uppi hvers vegna. Karl er ekki maður, sem vill breyta starfsaðferðum Alþb. Hann er á flótta frá grundvallarskoðunum Alþb. Fyrst flýði hann á náðir Hannibalista og hefur verið í þeirra röðum í vetur. Nú er hann flúinn til Alþfl. Hafi einhver frekari áhuga á ferli hans, getur hann velt því fyrir sér, hvar hann muni skjóta upp kollinum næst.

En þannig er nú dansað á hinu pólitíska leiksviði. Fram undan er einn þeirra sjaldgæfu daga, þegar landsmenn sjálfir fá að skera úr með atkvæðum sínum. Næstu mánuðina munu stjórnmálaflokkar og stjórnmálamenn stíga í vænginn við kjósendur, reyna að troða skóinn hver niður af öðrum, en reyna að gera sinn hlut sem beztan. Ég vona einnig, að næstu mánuði hugsi kjósendur ráð sitt á sjálfstæðan hátt, vegi og meti áróðurinn sem óháðir einstaklingar. Ég hef einmitt trú á því, að þetta muni gerast í ríkum mæli í kosningunum í sumar, að úrslitin séu óráðnari en þau hafa verið áratugum saman. Kjósendur eru ekki jafnbundnir fyrri afstöðu og þeir hafa verið. Mjög margir eru að skoða hug sinn og hyggja á breytingar. Þetta aukna sjálfstæði landsmanna hefur verið að þróast árum saman. Það birtist á afar eftirminnilegan hátt í síðustu forsetakosningum og hefur síðan einkennt stjórnmálabaráttuna í vaxandi mæli. M. a. hefur verið mikil ókyrrð innan allra stjórnmálaflokka. Við Alþb.-menn fórum sannarlega ekki varhluta af henni, en sveitarstjórnarkosningarnar í fyrra sönnuðu, að flokknum hefur tekizt að yfirstíga þá örðugleika, og hann er nú í öflugri sókn á nýjan leik. Það sama verður ekki sagt um aðra flokka. Innan Sjálfstfl. fer fram mjög illvíg, persónuleg valdabarátta, sem enginn sér fyrir endann á. Sú barátta snýst ekki um stefnumið og hugsjónir, heldur um persónuleg völd og aðstöðu ýmissa sérhagsmunahópa í þjóðfélaginu. Meðan þessi valdabarátta er óútkljáð, er Sjálfstfl. í þeirri aðstöðu, að enginn veit, hvaða einstaklinga og hvaða hagsmunahópa hann er í raun og veru að styrkja með því að kjósa hann.

Innan Framsfl. er meiri óró en verið hefur í 3—4 áratugi. Mikilvægar stofnanir flokksins hafa klofnað opinberlega, og ungir menn í hans röðum hafa lýst yfir því, að tímabært sé að leggja flokkinn niður, enda leyndi sér ekki hin sára viðkvæmni í ræðu Einars Ágústssonar hér áðan.

Eftir sveitarstjórnarkosningarnar í fyrra var uppreisnarástand innan Alþfl. Fjölmennur fundur í Alþýðuflokksfélagi Reykjavíkur krafðist þess, að bundinn yrði endir á stjórnarsamvinnuna, meðal annars til þess, að landsmenn fengju að vita, að það væri einhver munur á sósíaldemókrötum og íhaldi. Gylfi Þ. Gíslason hefur haft þessa afstöðu óbreyttra flokksmanna að engu, og hann kom m.a. í veg fyrir það af ótta við dóm kjósenda, að þjóðin fengi að velja sér nýtt þing í fyrrahaust, svo að hann gæti notið sætleika stjórnarsamvinnunnar fram á síðustu stund. Við heyrðum hann áðan flytja með innantómri mærð lofsöng um viðreisnarstefnuna. En hann getur ekki komið í veg fyrir það, að það verður kosið 13. júní.

Það tekur því naumast að minnast á Hannibalista í þessu sambandi. Þeir hafa síðustu árin verið á stanzlausu uppboði á markaðstorgi hégómans, en tilboðin hafa stöðugt farið lækkandi. Nú er ástandið þannig innan þeirra raða, að meira að segja Karl Guðjónsson er flúinn af hólmi, eins og hann lýsti hér áðan, og það er til marks um afstöðuna innan samtakanna, að hann hleypur beint í viðreisnarliðið á náðir Gylfa Þ. Gíslasonar.

Allt sýnir þetta, að íslenzk stjórnmál eru nú í deiglunni, og reynslan á eftir að sanna, hvað brennur upp og hvað skírist í þeirri deiglu. Þess vegna hefur óró forustumannanna aldrei verið þvílíkur sem nú. Þjóðinni er boðið upp á stanzlausa pólitíska fimleika. Gylfi Þ. Gíslason á í viðræðum um vinstri samvinnu á sama tíma og hann er í stjórn með íhaldinu. Hannibalistar bjóðast í sífellu til að leggja flokk sinn niður og sameinast hverjum þeim, sem vill tryggja þeim þingsæti. Ungir framsóknarmenn bjóðast einnig til að leggja sinn flokk niður og sameinast Alþfl. og Hannibalistum. Allt eiga þetta að vera leiðirnar til þess að styrkja stöðu vinstri hreyfingar á Íslandi, eins og það er orðað. En vinstri hreyfing verður ekki styrkt með neinum pólitískum loddarabrögðum eða endalausu samningamakki svokallaðra forustumanna bak við luktar dyr. Ef við viljum efla félagsleg samtök launamanna og sósíalista, verður ein nauðsyn ekki umflúin: Við verðum að koma upp einum samhentum, öflugum fjöldaflokki, sem heyr þessa baráttu dag hvern. Án slíks flokks verður barátta okkar öll í molum og sérhagsmunamennirnir í Sjálfstfl. halda áfram að deila og drottna. Við vitum þetta af okkar eigin reynslu, og við vitum þetta einnig af reynslu annarra þjóða í nágrenni okkar. Í öllum löndum Vestur-Evrópu eru öflugir verkalýðsflokkar, sem kalla sig mismunandi nöfnum og eru mismunandi dugandi, en eiga það sameiginlegt, að þeir eru vopn launamanna í kjarabaráttu, vopn félagshyggjumanna í jafnréttisbaráttu, sá bakhjarl, sem alþýða manna hefur til að vernda hagsmuni sína. Þeir hafa tryggt sér þau þjóðfélagslegu völd, sem ein skera úr, þegar á reynir. Ef við höfum ekki öflugan, samhentan sósíalískan verkalýðsflokk, geta stjórnmálamennirnir breytt kjarasamningum launafólks í haldlaus pappírsgögn um leið og þeir þurfa á því að halda, eins og dæmin sanna. Sóknarlotur fyrir jafnrétti til mennta, auknu jafnrétti þegnanna, karla og kvenna, fyrir þjóðlegum metnaði og reisn í skiptum við útlendinga verða aðeins skammvinn upphlaup, ef ekki er öflugur stjórnmálaflokkur að bakhjarli. Slíkur flokkur verður ekki búinn til með samningamakki einhverra pólitíkusa. Hann verður aðeins búinn til af fólkinu sjálfu, launamönnum og félagshyggjumönnum.

Alþb. hefur sett sér það mark að vera slíkur flokkur, og Alþb. hefur alla burði til þess að geta

orðið slíkur flokkur. Það á öflugar rætur í verkalýðshreyfingunni og öðrum samtökum launafólks og lítur á það sem meginverkefni sitt að tryggja hagsmuni launamanna. Alþb. er eini flokkurinn, sem býður óhvikula, félagslega stefnu sem valkost gegn sérhagsmunastefnu Sjálfstfl. Alþb. er eini flokkurinn, sem hefur að markmiði jafnan rétt þegnanna, jafnrétti til menntunar, jafnrétti til starfa og launa, hvort sem þeir vinna líkamlega eða andlega vinnu. Jafnan rétt karla og kvenna. Alþb. er nútímalegur og víðsýnn sósíalískur flokkur, óháður gömlum deilum og kreddum innan verkalýðshreyfingarinnar, flokkur, sem tryggir öllum félagshyggjumönnum rúm innan samtaka sinna, hvað sem ágreiningi þeirra kann að líða. Ég segi, að Alþb. sé slíkur flokkur, en ætti raunar heldur að segja, að það vilji vera það. Hvort það tekst, er undir því komið, hvort Alþb. fær það fylgi, þau félagslegu völd, sem það þarf á að halda. Ef fjöldafylgi kemur ekki til, verða hugsjónir flokksins fyrst og fremst frómar óskir, sem ekki breytast í veruleika. Til þess að óskirnar breytist í raunveruleika, þarf að koma til svo mikill þjóðfélagslegur styrkur, að ekki verði undan því komizt að taka tillit til hans. Allt er þetta annað og meira en dagdraumar mínir. Ég veit, að þetta er nú umhugsunarefni þúsunda manna, sem áður hafa kosið aðra flokka eða ganga nú að kjörborðinu í fyrsta skipti. Ég veit, að viðhorf manna til Alþb. er nú opnara en nokkru sinni fyrr, að okkur eru stöðugt að bætast nýir samherjar, að hjá okkur er nú vaxtarbroddurinn í íslenzkum stjórnmálum.

Það geta orðið veruleg umskipti í kosningunum í sumar, tímamót í stjórnmálabaráttunni á Íslandi. Það er komið undir öllum þeim, sem nú eru að hugsa ráð sitt og munu gera upp hug sinn næstu mánuði. Umskipti, segi ég, en þó er mér fjarri að bjóða gull og græna skóga. Við munum næstu mánuði heyra í mönnum, sem bjóða einfaldar lausnir, sem telja sig geta læknað stórfelld þjóðfélagsleg mein með einu pennastriki. En slíkar lausnir eru engar til. Vandamálin verða aðeins leyst með þrautseigu, pólitísku starfi flokks, sem hefur nægilegt fylgi að bakhjarli. Hins vegar brenna þessi vandamál á okkur, og það verður að taka á þeim af fullri festu. Má ég í lokin minna á nokkur þeirra.

Á Íslandi er nú meiri efnahagslegur glundroði en í nokkru öðru þjóðfélagi með hliðstæða afkomu. Á einum áratug hefur gengi krónunnar verið fellt fjórum sinnum. Hér hefur verið einhver mesta óðaverðbólga í víðri veröld, og afleiðingin er sú, að alþjóðlegar skýrslur herma, að hér fari miklu fleiri vinnudagar forgörðum í átökum um kaup og kjör en í nokkru öðru þjóðfélagi. Vegna kosninganna er reynt að fela þessa staðreynd með svokallaðri verðstöðvun, en 1. september í haust lýkur henni, og þá er stefnt að nýrri sprengiþróun.

Efnahagslegur glundroði af þessu tagi er ekki aðeins háskalegur þegnum landsins sem einstaklingum, heldur ógnar hann framtíð þjóðfélagsins, trú manna á það, að við megnum að stjórna landi okkar. Við höfum heyrt og eigum eftir að heyra margar einfaldar lausnir á þessum vanda. En raunveruleg lausn er aðeins ein: Öflugur flokkur launamanna, sem getur verndað árangur kjarabaráttunnar, flokkur, sem verður sú kjölfesta, sem ein getur tryggt festu og öryggi í atvinnumálum og efnahagsmálum.

Óvíða í heiminum er jafnréttistilfinning manna jafnrík og hér. Þrátt fyrir margháttað efnahagslegt og félagslegt misrétti líta flestir Íslendingar réttilega svo á, að þeir séu allir jafningjar og eigi að vera það. En einmitt nú er verið að reyna að breyta þessu viðhorfi með erlendri fyrirmynd. Síðustu árin hefur verið lögð áherzla á að margfalda launamismun hér á landi og koma upp sérstakri láglaunastétt. Ráðh. Alþfl. og Sjálfstfl. hafa eins og ég sagði áðan tryggt sér árslaun, sem nema 1.5 millj. kr. fyrir utan alla bitlinga, og eru þeir þó lítilsmegandi í samanburði við ýmsa fésýslumenn, sem vaða í peningum án þess að borga nokkra umtalsverða skatta. Á sama tíma er almennt verkamannakaup um 16 þús. kr. á mánuði, og aldrað fólk og öryrkjar eiga að lifa á tæpum 5 þús. kr. á mánuði, dagkaupi ráðh. Ef þessi stefna fær að festast í sessi, breytist þjóðfélag okkar í grundvallaratriðum. Eina leiðin til að hnekkja þessari stefnu og brjóta láglaunakenninguna á bak aftur er félagsleg samtök launafólks, öflugur stjórnmálaflokkur, sem hefur að leiðsögn hugsjónir jafnréttis og bræðralags.

Við Íslendingar erum örsmá þjóð, sem reynir að halda velli meðal milljónaríkja. Til þess þurfum við ekki aðeins efnahagslegan styrk, heldur þjóðlega reisn, andlega sjálfsvirðingu. Þennan heilbrigða metnað lítillar þjóðar er nú reynt að brjóta niður á öllum sviðum. Valdhafarnir bugta sig og beygja fyrir hverjum erlendum valdaaðila, hvort sem hann vill nýta land okkar undir herstöðvar, nota orkulindir okkar í sína þágu eða færa sér í nyt það láglaunasvæði, sem verið er að festa í sessi á Íslandi. Svo lítilla sanda og lítilla sæva eru valdhafarnir, að þeir þora ekki að taka ákvörðun um stækkun landhelginnar í a. m. k. 50 mílur og nýja mengunarlögsögu, þótt þeir hljóti að sjá, eins og allir aðrir, að framtíð þjóðfélagsins er undir því komin, að okkur takist að vernda fiskimiðin. Það er auðvelt að setja saman fögur orð eins og Matthías Bjarnason, en í ákvörðuninni skal manninn reyna. Heimóttarskapur stjórnarþm., og þeirra á meðal Matthíasar Bjarnasonar, stafar einvörðungu af því, að þeir vilja ekki styggja voldugar vinaþjóðir, eins og þeir komast að orði. Fái uppgjafarstefna þeirra að ríkja, munum við smátt og smátt renna inn í stóra heild, þar sem aðrir ráða fyrir okkur og setja vaxandi svipmót á þjóðfélag okkar. Óhjákvæmilegt sjálfræði okkar verður aðeins tryggt með sterkum stjórnmálaflokki, sem berst ekki aðeins fyrir jafnrétti þegnanna, heldur og fyrir jafnrétti þjóðarinnar í samskiptum við aðra, flokki, sem lætur félagslega jafnaðarstefnu og þjóðlega sjálfsvirðingu sameinast í einum farvegi.

Þannig er sama, hvar skyggnzt er um í þjóðfélagi

okkar. Hvarvetna blasa við sömu valkostirnir. Annars vegar hin félagslega stefna Alþb., sem hefur að leiðarljósi mannleg sjónarmið, siðferðilegt mat. Hins vegar stefna valdhafanna í Sjálfstfl., sem líta á gróða og sérhagsmuni sem hreyfiaflið í þjóðfélaginu og vilja hafa erlent fjármagn að bakhjarli í stað þjóðlegrar samheldni. Í þessum andstæðum kristallast stjórnmálaátökin á Íslandi. Þetta eru þau meginsjónarmið, sem menn verða að vega og meta og taka afstöðu til. Vilji menn forðast vandann og kjósa einhver óljós og loðin millisjónarmið, já-já og nei-nei, eru þeir aðeins að auðvelda valdhöfunum leikinn. Eftir næstu kosningar mun styrkur Alþb. skera úr um þróunina, hvort sem Alþb. verður innan stjórnar eða utan. Sú ákvörðun er í höndum kjósenda, þeirra þúsunda manna, sem nú eru að endurskoða afstöðu sína eða ganga að kjörborðinu í fyrsta skipti, allra þeirra, sem finna, að nú geta orðið tímamót í íslenzkum stjórnmálum. Nú er hægt að framkvæma breytingar. Þökk fyrir áheyrnina. — Góða nótt.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Já, vaxtarbroddurinn í íslenzkum stjórnmálum er hjá Alþb., sagði Magnús Kjartansson áðan. Ég vil segja, að þessu sé þveröfugt farið. Flokkurinn er dauðkalinn í toppinn. Magnús Kjartansson, 6. þm. Reykv., hefur mikið álit á sjálfum sér. Allt telur hann sig vita bezt. Í öllum málum hefur hann talið sig geta vísað veginn. Svo þreyttir hafa alþm. orðið á þessum sjálfumglaða manni, að næst hv. 1. þm. Norðurl. e. hefur hann í vetur talað yfir tómustum sal. Um hann hefur þessi þingvísa verið kveðin:

Furðuefni er Magnús mér,
metnað þannig svalar:
til að heyra í sjálfum sér
sýknt og heilagt talar.

Góðir hlustendur. Vegir liggja til allra átta, segir í kunnum dægurlagatexta. Við stöndum daglega í þeim sporum að verða að taka ákvarðanir um úrræði og leiðir í ýmsum málum. Oft kannski svo dagsdaglegum, að við finnum varla fyrir ákvörðunum okkar. Við tökum þær samkv. venjubundnum hætti. Stundum eru málin hins vegar svo óvænt, að við hrökkvum við undan ábyrgðinni, sem á okkur er lögð. Við hikum, hugsum okkur um, hvaða úrræði á að velja, hvaða leið á að taka. Hér er það, sem lífsskoðanir okkar og lífsreynsla eru kvödd til ráðuneytis og aðstoðar við töku ákvörðunar, ef við erum hugsandi fólk, en gerumst sporgöngumenn á fjöldans slóð, ef okkur skortir manndóm og þrek til að taka eigin ákvarðanir. Pólitík? Hvaða tík er nú það? sagði karlinn. Stjórnmál, pólitík, hafa mörg hæðiyrði hlotið, og fjöldi manna fullyrðir, að það sé mannskemmandi að koma nærri pólitík. Þó er hún óumdeilanlega eitt þeirra mála, sem menn verða nauðugir viljugir að taka afstöðu til. Hún grípur inn í líf hvers einasta manns í þjóðfélaginu, uppfræðslu hans, félagsleg hlunnindi, atvinnu, efnahag. Hver einasti kjósandi í landinu hefur sín áhrif á hina voðalegu „tík", pólitíkina. Jafnvel það að sitja heima á kjördegi hefur pólitískar afleiðingar. Og pólitíkin krefst þess, að menn taki afstöðu, taki ákvarðanir, stórar og afdrifaríkar ákvarðanir. Það heitir að kjósa, kjósa sér stjórn á uppfræðslu barna sinna, lífsafkomu þeirra og sinni, félagslegum réttindum, atvinnuháttum o. s. frv. Margir hugleiða vel þá ákvörðun sína að kjósa, vega og meta vandlega, hver áhrif þessi flokkur eða hinn hefur haft á líf þeirra og þjóðarheildina. Aðrir kasta höndum til þessa undirstöðuatriðis þess stjórnarfars, sem við köllum lýðræði. Slíkt er mjög miður farið.

Nú er að ljúka einu kjörtímabili enn. Enn standa kjósendur landsins frammi fyrir þeirri örlagaríku ákvörðun að kjósa, kjósa sér stjórn yfir fræðslumál sín, atvinnuhætti, félagsmál, sambúð við aðrar þjóðir. Vegir liggja til allra átta. Að ákveða sig, taka ákvörðun með einum flokki fram yfir annan, er mikill ábyrgðarhluti og ákveðinn trúnaður við þjóðfélag sitt. Ugglaust bognar einhver undir þessari ábyrgð, eins og margur hefur gert fyrr, kýs fremur eftir venju en vandlegri íhugun. Það er léttara að feta slóð fjöldans og vanans en brjóta sér braut. Þó eru það þeir, sem hugsa og hugleiða, sem að lokum bera uppi merkin. Alþfl. hefur alltaf talað fyrst og fremst til slíkra kjósenda, en forðazt lýðskrum og tilfinningaáslátt. Hann vill leysa þjóðfélagsvandamálin eftir leiðum lýðræðissósíalismans, jafnaðarstefnunnar, og freista þess að ná um það sem víðtækastri samstöðu án ofríkis. Alþfl. hefur ekki að boðorði allt eða ekkert. Fæstum gefst að taka framfarabrautina á sjö mílna skóm. Flestir verða að fara hana fetið og verða ekki menn að minni. Þetta gildir jafnt um þjóðir sem einstaklinga.

Nú haldið þið kannski, ágætu hlustendur, að ég muni taka að berja stríðsbumbur, hella úr skálum reiðinnar yfir andstæðinga Alþfl. og finna þeim allt til foráttu. En þeim, sem hungrar í slíkt orðaregn, verð ég að valda vonbrigðum. Ég miða mál mitt við hinn almenna hlustanda, sem veit jafn vel og ég, að allir flokkar hafa til síns ágætis nokkuð og allir sínar veiku hliðar, og í öllum flokkum eru ágætismenn og líka gallagripir. Flokkar eru myndaðir af mönnum og svona er nú einu sinni mannleg náttúra. Menn gera sér ekki flokkamun, svo að miklu nemi. Ég ætla hins vegar að biðja ykkur að líta með mér á nokkur mál, sem Alþfl. hefur haft forustu um í núverandi stjórnarsamstarfi og rifja þannig upp í stórum dráttum, hvernig flokkurinn starfar.

Lítum fyrst á menntamálin. Þar hefur Alþfl. um mörg ár farið með æðstu yfirstjórn. Þar hafa geysilegar umbreytingar átt sér stað, vísast þó hvergi eins og í sveitum landsins. Þegar Alþfl. tók við yfirstjórn skólamálanna, bjuggu margar sveitir enn við farskólastigið, aðrar við mjög lélegan skólahúsnæðiskost. Nú eru víðast risin glæsileg skólahús yfir skyldunámsstigið, vísir kominn að námskostnaðarsjóði til að jafna námsaðstöðu ungmenna og vax-

andi alúð lögð við kennaranám, svo að kennsla megi hvarvetna verða sem bezt. Sams konar þróun hefur orðið í kaupstöðum og kauptúnum og möguleikar til fjölbreyttara náms verið auknir stórlega. Auðvitað veit Alþfl. vel, að hann hefur ekki einn unnið þetta stórvirki í skólamálum landsins. Hann hefur notið ágætrar samvinnu samstarfsflokks til þessa, einnig fjölmargra mætra einstaklinga úr stjórnarandstöðuflokkunum. En Alþfl. hefur óumdeilanlega haft alla forustu um málin, og honum er það stolt og gleði að hafa getað það fyrir tilstyrk kjósenda sinna.

Alþfl. hefur um allmörg ár farið með yfirstjórn húsnæðismálanna hér á landi. Þar hafa þau undur gerzt, að segja má, að meginhluti fullorðinna Íslendinga séu kóngar og drottningar í eigin höllum. Ég veit, að ykkur finnst í fyrstu, að þetta séu gífuryrði. En hugsið ykkur um. Ég veit, að þið skuldið svo og svo mikið í íbúðum ykkar mörg hver, en í sárafáum löndum, ef nokkru, býr jafnstór hluti þjóðarinnar í eigin húsnæði og á Íslandi. Þetta hefur þjóðinni tekizt fyrir einstæða atorku sína og fyrir geysileg fjárframlög á vegum hins opinbera til byggingamála. Engum er ljósara en Alþfl., að hér er enn mikið verk að vinna, og engum er ljósara en honum, að til þess, sem gert hefur verið, hefur hann notið ágætrar aðstoðar samstarfsflokks og fjölmargra einstaklinga í stjórnarandstöðu, sem skilið hafa mikilvægi þeirra mála. En yfirstjórnina hefur Alþfl. haft og í ýmsum úrræðum hefur hann átt algert frumkvæði. Þar hefur félagshyggja og samhjálparhugsjón jafnaðarstefnunnar vísað veginn.

Næst nefni ég stjórn Alþfl. á sjávarútvegsmálum um mörg undanfarin ár. Undir hans yfirstjórn hefur veiðifloti landsmanna verið endurbyggður að meginhluta, fiskleit og ýmiss konar rannsóknir á hafinu umhverfis landið og lífinu þar verið aukið að miklum mun, veiðitækni landsmanna aukin stórlega. Má fullyrða, að hefði ekki verið vakað hér á verðinum, svo sem raun ber vitni, hefðum við hlotið óbætanlegt efnahagslegt áfall, þegar síldveiðarnar brugðust. Auðvitað vann Alþfl. ekki einn þetta björgunar- og sóknarstarf, en hann hafði forustuna um það. Yfirstjórnin var hans.

Loks vil ég svo minnast á almannatryggingar sem dæmi um, hvernig Alþfl. stendur að málum, þótt ég viti, að það sé gagnvart hv. stjórnarandstöðu eins og að strjúka ketti öfugt við hárin. Fyrst skulum við minnast þess, að allar umtalsverðar lagasetningar varðandi almannatryggingar hafa verið settar undir félagsmálastjórn Alþfl. Fyrst 1936 í samvinnu við Framsfl., 1946 í samvinnu við Sjálfstfl. og Sósfl. og síðan allar umtalsverðar breytingar í samvinnu við Sjálfstfl. Alþfl. hefur þokað almannatryggingunum fram til betri vegar í áföngum. Stærstu áfangaárin síðan 1946 eru 1961, 1964 og nú 1971. Engum er ljósara en Alþfl., að langt er í land, unz þessi mál komast í fullnægjandi horf. Áfram þarf þrotlaust að vinna. Næsti áfangi þarf að verða sá, að elli- og örorkulífeyrir almannatrygginga verði svo hár, að hann ásamt öðrum hugsanlegum örorku- og eftirlaunum manna verði nægur til lífsviðurværis. En menn skulu minnast þess, að allt frá upphafi og fram til þessa dags hefur elli- og örorkulífeyrir almannatrygginga aðeins verið hugsaður sem stuðningslífeyrir, aldrei fullnægjandi lífeyrir til að lifa af. Það var draumur margra, að lífeyrir fyrir alla landsmenn, byggður upp eftir nokkuð öðru kerfi en almannatryggingar, skyldi brúa bilið. Því miður hefur sá lífeyrissjóður ekki komizt á, heldur vaxa nú upp ýmiss konar sérlífeyrissjóðir, og kann að verða vandleyst framkvæmdaatriði að koma þeim eftirlaunamálum öllum vel heim og saman.

Eins og landsmenn hafa fylgzt með, hefur Alþ. nú samþykkt talsverðar endurbætur á almannatryggingalögunum. Þessar eru helztar: Bætur hækka almennt, nema fjölskyldubætur, um 20%, barnalífeyrir þó um 40%. Þetta eru grunnbætur, þ. e. verði hækkanir á almennu kaupi verkafólks, hækka almennar tryggingabætur hlutfallslega að auki jafnmikið. Þá er barnalífeyrir greiddur til 17 ára aldurs í stað 16 ára, og menn verða ekki iðgjaldsskyldir til almannatrygginga fyrr en við 17 ára aldur í stað 16 áður. Greiða ber ekklum barnalífeyri, sem var aðeins heimild til áður. Ekkjubótatími lengist úr 3 og 9 mánuðum upp í 6 og 12 mánuði. Ekkjulífeyrisréttur er rýmkaður þannig, að ekkja kemst á fullan ekkjulífeyri við sextugsaldur í stað 65 ára nú. Elli- og örorkulífeyrisþegar, sem fara á sjúkrahús, skulu halda óskertum bótum í 4 mánuði í stað eins áður. Tekjulausum elli- og örorkulífeyrisþegum eru tryggðar vissar lágmarksbætur um 1120 kr. á mánuði auk venjulegs elli- og örorkulífeyris. Þá eru ýmsar heimildarbætur rýmkaðar og sjúkrasamlagsréttindi aukin. Loks verður stofnuð innan Tryggingastofnunarinnar deild, sem annast skal velferðarmál aldraðra. Er enginn vafi á, að í höndum hæfra manna til slíkrar umsjár getur hér orðið um mikið hagsmunamál aldraðs fólks að ræða, og mun Alþfl. vaka vel yfir því.

Þar sem breytingar þær, sem ég nú hef lýst, og bótahækkanir taka ekki gildi fyrr en 1. janúar 1972, hafa andstæðingar Alþfl. kallað þær 9 mánaða kosningavíxil, auk þess sem þeir þykjast hafa viljað margt betur. Alþfl. mun minnast þess við fyrsta tækifæri, að hann á nú vísa hauka í horni um meiri endurbætur, þar sem stjórnarandstaðan er. Þá verður gott að eiga góða að. Hitt þykir skynsamlegt nú að ætla sér af. Alþfl. veit sem sé, þótt öðrum gleymist það í kosningaglímuskjálfta, að allar bótahækkanir þarf að greiða einhvers staðar frá. Ríkið þarf auknar álögur til framlagsins, sveitarfélög þurfa að leggja hærri útsvör á vegna síns framlags, iðgjaldagreiðendur, fólkið á aldrinum 17—67 ára, þurfa að bera hærri iðgjöld. Um þá gjaldendur þarf líka að hugsa. Á þá leggst í ár stórhækkað iðgjald vegna mikilla bótahækkana á s. l. ári sökum kaupgjaldsbreytinga þá. Alls hækkuðu bótagreiðslur um 26% á s. l. ári og 8.2% í ársbyrjun nú. Hér er því alls um umtalsverðar bótahækkanir að ræða, þótt andstæðingar Alþfl. reyni að fela það.

Ég minni á, að þó að grunnkaupshækkanir bótanna taki ekki gildi fyrr en 1. janúar 1972, hefur kaupmáttur bóta ekki dregizt aftur úr kaupmætti almennra launa verkafólks, en það er sá samanburður, sem hafður hefur verið til hliðsjónar. Ég minni á þetta vegna hæðilegra orða forseta Alþýðusambands Íslands við umr. um mál þetta hér í deild, hv. 9. þm. Reykv., Hannibals Valdimarssonar, um vesaldóm Alþfl. í forsvari fyrir bótaþega. Varla hefur þessi ágæti verkalýðsforingi ætlað að hæða forustu sína í leiðinni í kaupgjaldsmálum. Því hefur hann með öllum sínum dugnaði ekki náð nema að halda hlutfallslega í við almannatryggingabæturnar undir stjórn hinna „vesælu" Alþfl.-manna? mætti gjarnan spyrja. Það sannast stundum, að þeir sletta skyrinu, sem sízt mega. Og það er gott að skjóta því að hér vegna ræðu hv. 6. landsk., Geirs Gunnarssonar. Hann var að tala um, hve bætur almannatrygginga væru lágar og auvirðilegar. Sjálfur lét hann sér sæma að vera ekki við við atkvgr., þegar greitt var atkv. um ýmis atriði varðandi almannatryggingalögin.

Stjórnarandstöðunni verður tíðrætt um þá voðalegu kollsteypu, sem hér verði, þegar verðstöðvun lýkur 1. september n. k. Enginn veit í dag, hver hún verður eða hvort hún verður nokkur. Þar ræður aflafengur landsmanna sem og markaðsverð mestu um. En verði umtalsverðar almennar kauphækkanir á tímabilinu 1. september til 31. desember í ár, hefur núv. tryggingamálaráðh., Eggert G. Þorsteinsson, lýst yfir, að ráði Alþfl. þá tryggingamálum, muni almannatryggingabætur hækkaðar þegar í stað hlutfallslega við kauphækkun. Ég leyfi mér að skora á forsvarsmenn hinna flokkanna að gefa sams konar yfirlýsingar. Það verður eftir því tekið, ef þeir gera það ekki.

Herra forseti. Heiðruðu hlustendur. Innan fárra vikna verðið þið, kjósendur góðir, að taka mikilvæga ákvörðun fyrir ykkur sjálf og þjóðina alla og kjósa okkur stjórn yfir land og þjóð um næstu 4 ár. Vegir liggja til allra átta. En það er ekki hollt, að engir ráði för og velji ekki, hvaða veg á að taka. Forustan skiptir sem sé höfuðmáli. Alþfl. hefur sannað ykkur á 50 ára ferli sínum, að honum má treysta til hollra verka fyrir þjóðina. Hann rekur aldrei ævintýrapólitík. Þið vitið alltaf, hvað þið veljið, þegar þið veljið hann. — Góða nótt.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Heiðruðu hlustendur. Ég er sammála síðasta ræðumanni, Braga Sigurjónssyni, um það, að pólitík sé eitt af því, sem ekki verði hjá komizt að sinna í lýðræðisríki. En ég vil minna hann á, að pólitík er margs konar. Það er til góð pólitík, og það er til vond pólitík. Þessum hv. þm. vil ég hins vegar segja það, að undanfarinn áratug hefur verið rekin vond pólitík af þeim, sem mestu hafa ráðið, ekki sízt á þeim sviðum, sem varða félagsleg réttindi og jöfnuð landsmanna.

Ræða Gylfa Þ. Gíslasonar hér í kvöld, m. a. um ágæti stjórnarhátta síðasta áratugar, rifjar upp fyrir mér ummæli gamals baráttumanns Alþfl. frá fyrri árum, fyrrv. alþm. og ritstjóra Alþýðublaðsins, sem kvað upp úr með það í blaðagrein fyrir nokkrum vikum, að það væri nánast guðlast að tala um velferðarríki á Íslandi. Sjálfsagt mun ýmsum hafa þótt fullfast til orða tekið, enda hefur því óspart verið haldið að mönnum, að velferð og framfarir séu umfram allt einkenni nýliðins áratugar, og var það meginuppistaðan í ræðu Gylfa Þ. Gíslasonar og Braga Sigurjónssonar, sem hér var að ljúka máli sínu.

Við skulum athuga þetta nokkru nánar. Ef velferð merkir jöfnuð og jafnrétti, þá er sannarlega ekki af miklu að státa í þeim efnum umfram það, sem áður var. Þvert á móti hefur beinlínis sótt mjög í ójafnaðarátt í íslenzku þjóðfélagi undanfarinn áratug og lítil sem engin viðleitni sýnd til þess að eyða eða draga úr ýmsu misrétti, sem þó blasir við allra augum. Núverandi ríkisstj. er m. a. studd af stjórnmálaflokki, sem á hátíðlegum stundum kallar sig flokk jafnaðarmanna. Slíkt er þó öfugmæli. Alþfl. hefur ekki sýnt það á valdaferli sínum með Sjálfstfl. í 12 ár, að jafnréttismál séu honum öðrum málum hugleiknari, hvað þá að hann sé öðrum flokkum fremri á þessu sviði. Hafi svo einhvern tíma verið, þá heyrir það fortíðinni til. Að vísu hefur lengst af þessum 12 árum verið úr ailmiklu að moða frá efnahagslegu sjónarmiði séð, og fjarri fer því, að þjóðin hafi þolað hungur og klæðleysi. En það breytir ekki þeirri staðreynd, sem ég hef leyft mér að benda á, að hér á landi hefur ekki verið rekin jafnaðar- og jafnréttisstefna síðustu 10—12 ár, heldur andstæða hennar, sú stefna, að hver maður skuli skara eld að sinni köku og hrifsa til sín allt, sem hann fær höndum undir komið. Þess vegna er hvarvetna að finna dæmi um misrétti, um aðstöðumun þrátt fyrir lífsþægindakapphlaup og girnilegt yfirborð sýndarvelmegunar, sem forustumenn Alþfl. eru greinilega blindaðir af.

Misréttið kemur fram í ýmsum myndum. Alls kyns mismunun á sér stað á ótal sviðum þjóðlífsins. Það birtist m. a. sem launamismunun, ranglæti í skattaálagningu, aðstöðumunur til náms eftir búsetu og efnahag, mismunun á sviði samgöngumála og að því er varðar flutninga og flutningsgjöld innanlands og frá útlöndum, mishátt rafmagnsverð, staðnað almannatryggingakerfi og alvarleg mismunun í sambandi við læknisþjónustu og önnur heilbrigðismál. Þannig mætti lengi telja. Ef litið er til launamála og kjaramála almennings yfirleitt, blasir við sú ískyggilega staðreynd, að launamismunur fer vaxandi og ákaflega margt er gert, bæði beinlínis og óbeinlínis, til þess að ýta undir tekjumismun og þá tilhneigingu til stéttaskiptingar, sem hann veldur. Launamismunur getur að vísu átt fullan rétt á sér, en vafasamt er, hvort vaxandi launamismunur hér á landi eigi sér að öllu eðlilegar forsendur. Hætt er við, að hann stafi að nokkru af hneigð til þess að apa eftir erlendar fyrirmyndir, auk þess sem ég leyfi mér að efast um, að mat á störfum í sambandi við kaupgreiðslur í landinu sé rétt. Það hlýtur til að mynda

að vera hverjum hugsandi manni áhyggjuefni, hversu launa- og starfskjör framleiðslustéttanna í þjóðfélaginu eru yfirleitt léleg samanborið við aðstöðu ýmissa þeirra, sem vinna önnur störf. Sjómenn, verkamenn og bændur eru undirstaða þjóðfélagsins. Íslenzkt þjóðfélag er og verður um langa framtíð að meginundirstöðu þjóðfélag fiskimanna og bænda. Þegar við Íslendingar erum að spila okkur eins og við byggjum í einhverju iðnríki á evrópskan mælikvarða, þá erum við að blekkja sjálfa okkur og látast ekki skilja einföldustu staðreyndir. Til þess ber brýna nauðsyn að móta nýja heildarstefnu í launa- og kjaramálum. Sú stefna á að hafa aukinn jöfnuð að aðaltakmarki, en byggjast annars á réttu mati á störfum hinna ýmsu starfshópa, þar sem sérstakt tillit verði tekið til mikilvægis þeirra, sem vinna framleiðslustörfin á sjó og landi. Verði það ekki gert, mun stefna í ófæru. Fleiri og fleiri munu yfirgefa framleiðslustörfin. Það yrði m. a. æ erfiðara að manna fiskiskipin góðum sjómönnum. Þetta er alvörumál, sem ekki verður leyst með öðru en því, að sjómannastéttin sé hátt launuð og að henni búið að öðru leyti í samræmi við eðli þeirra starfa, sem hún innir af hendi, þar sem fullt tillit sé tekið til erfiðis, slysahættu, vosbúðar og langra fjarvista frá heimili og ástvinum.

Almannatryggingar hafa mjög verið í sviðsljósi undanfarna daga vegna frv. ríkisstj. um það efni. Þegar það spurðist út fyrir nokkrum mánuðum, að almannatryggingalögin væru í endurskoðun, mun það hafa vakið vonir hjá ýmsum um, að sú endurskoðun yrði rækileg og næði til grundvallarþátta almannatrygginganna. Það er nú ljóst, að endurskoðunin er næsta ófullkomin, enda ekki gerðar neinar grundvallarbreytingar á almannatryggingakerfinu. Lítil sem engin tilraun er gerð til þess að endurmeta tryggingakerfið og markmið þess í ljósi nýrra viðhorfa, m. a. með tilliti til þess að jafna þann mikla mun, sem er á framfærslutekjum aldraðs fólks eftir því, hvort það er í sérstökum lífeyrissjóði eða verður að láta sér nægja hinn nauma ellilífeyri samkv. almannatryggingum. Framsóknarmenn leggja höfuðáherzlu á, að úr þessu verði bætt og hafa borið fram ýmsar till. og ábendingar, sem mættu verða til úrbóta, en ríkisstj. gerir ýmist að fella þær eða láta sem þær séu ekki til.

Dómsmrh. kallaði till. okkar yfirboð, en flokksbróðir ráðh., Matthías Bjarnason, viðurkenndi hins vegar réttmæti málflutnings okkar með því að segja, að elli- og örorkulaun þyrftu að hækka meira. En hvorki þessi hv. þm. né aðrir félagar hans hafa haft þrek til þess að beita sér fyrir slíku réttlætismáli á þessu þingi. Og þess má minnast, að Alþfl. hefur farið með tryggingamálin allan þann langa tíma, sem núverandi stjórnarsamsteypa hefur setið að völdum. Alþfl. hefur með eindæma frekju reynt að berja það inn í höfuðið á mönnum, að hann einn sé flokkur almannatrygginga. Slíkt er þó fjarri öllu lagi í raun og veru. Alþfl. má nú fremur kalla mesta afturhaldsflokk í tryggingamálum hér á landi. En auðvitað viðurkenna Alþfl.-menn það ekki, enda sagði Gylfi Þ. Gíslason sjálfur hér áðan, að fáir viðurkenni afturhaldssemi sína.

Það skyldu menn einnig muna, að margir aðrir flokkar hafa unnið að tryggingamálum fyrr og síðar, m. a. Framsfl., enda var það með fullum atbeina Framsfl., að stofnað var til almannatrygginga hér á landi á sínum tíma, og þegar Framsfl. fór með tryggingamál í ríkissjórn, beitti þáv. félmrh., Steingrímur Steinþórsson, sér fyrir endurskoðun almannatryggingalaganna miðað við aðstæður og viðhorf þess tíma. Og það var Ólafur Jóhannesson, núv. formaður Framsfl., sem fyrstur bar fram hugmyndina um almennan lífeyrissjóð í landinu.

Framsóknarmenn líta svo á, að eins og s.l. áratugur hefur verið tímabil vaxandi misréttis í launa- og kjaramálum, svo og á ýmsum fleiri sviðum, þá skuli sá áratugur, sem nú er nýhafinn, verða í raun tímabil jafnréttis, þar sem með löggjöf og öðrum landsstjórnaraðferðum verði leitazt við að eyða eða draga úr misrétti og óhæfilegri mismunun á aðstöðu þjóðfélagsþegnanna, hvar sem þeir búa og hverjir sem þeir eru. Sú er stefna Framsfl. Ég þakka áheyrendum áheyrnina. — Góða nótt.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þá er síðasta þingi þessa kjörtímabils að ljúka. Hinn pólitíski dómsdagur verður 13. júní í vor. Þeim degi kvíðir ríkisstj. Þá verða liðin tólf og hálft ár síðan núv. valdasamsteypa hóf ráðsmennsku sína í þjóðarbúinu. Enn mun sú hugsjón gnæfa yfir allt annað í hugum þeirra, sem ráðherrastólana hafa skipað, að þeir muni eiga þar athvarf saman að næstu kosningum loknum, þó að nú sé talið henta að gefa ekki yfirlýsingar um slíkt.

Kosningaundirbúningur valdhafanna er með sama hætti og 1967. Svokölluð verðstöðvun var sett á nú eins og þá; nokkur lög sett nú eins og þá, sem lofa fólkinu ýmsum fríðindum, sem ekki eru þó látin taka gildi fyrr en nokkrum mánuðum eftir kosningar. Þannig komast þeir hjá að fara beint ofan í vasa skattborgaranna nú strax. Gull og grænir skógar verða sýndir almenningi í hillingum, og sagt verður við kjósendur: Allt þetta skal ég gefa yður á árinu 1972. Þess vegna eru ýmis lög, eins og t. d. hin nýju tryggingalög ekki látin taka gildi, hvað auknar bætur snertir, fyrr en sex og hálfum mánuði eftir kosningar. Loforð eru gefin, en efndir geymdar. Þeir vona, að sætur hljómur kosningaloforða og verðstöðvunarhjal lengi setuna í valdastólunum enn um 4 ár.

En sem betur fer gætir þess nú víða, að þjóðin er að vakna af þeim pólitíska dvala, sem viðreisnarsöngur valdhafanna hefur fært hana í. Mörgum er nú að verða ljós hættan af skuldasöfnun stjórnarinnar erlendis, sem aukizt hefur jafnt og þétt á hinum mestu framleiðni- og velgengnisárum, sem yfir land vort hafa komið. Um slíkt bera vitni alþjóðlegar skýrslur, sem sýna, að þjóðarframleiðslan hefur hin síðari ár verið meiri hér að meðaltali á

íbúa en í flestum öðrum löndum heims. Á 10 árum, frá 1960—1969, óx skuldasúpan erlendis um rúmlega helming, og eru þá umreiknaðar til núverandi gengis skuldatölur 1960. Þá voru erlendar skuldir á núverandi gengi 5746 millj. kr., en í árslok 1969 eru erlendar skuldir 11 726 millj. kr. Þær hafa þá aukizt um 100%. Greiðslubyrði þjóðarinnar af þessum erlendu lánum var í hlutfalli við tekjur af vörum og þjónustu 9.9% árið 1960, en 17% árið 1969. Það er um 70% hækkun. Allar þessar tölur er að finna í 2. hefti Fjármálatíðinda 1970. Sú þjóð, sem verður að greiða öðrum þjóðum vegna skulda 17% af öllu, sem hún fær fyrir útflutning sinn, sú þjóð er komin út á hálan ís, ef eitthvað ber út af með framleiðslu, verðlag eða markaði.

Þá vil ég minnast hér á hina miklu aukningu í starfsmannakerfi ríkisins, sem margir þegnar landsins horfa á með vaxandi andúð, sem eðlilegt er. Meginhlutinn af öllum þeim geysilega háu sköttum, sem ríkisvaldið leggur á þegnana, bæði beint og óbeint, fer til þess að borga laun. Embættismannabáknið stækkar með hverju ári. Stundum fjölgar svo að hundruðum skiptir á ári. Á sama tíma fækkar þeim, sem stunda framleiðslustörfin til lands og sjávar. Talið er, að hundruð manna vanti nú til starfa á fiskiflotanum, og leitað hefur verið í útlöndum eftir fólki. Hvað getur slíkur búskapur gengið lengi? Að þeim fækki, sem afla þjóðarteknanna, en hinum fjölgi að sama skapi eða meira, sem þarf að launa við lítt arðbær eða óarðbær störf.

Framleiðslustörfin þarf að auka og hjálpa atvinnuvegunum til að gera þessi störf sem arðbærust fyrir þá, sem þau stunda. Hins vegar þarf að skipuleggja alla opinbera þjónustu ríkis og sveitarfélaga, þannig að stöðvuð verði hin sífellda útþensla, sem þar hefur farið vaxandi á hverju ári síðasta áratug. Ríkisstj. hefur verið á sífelldum flótta undan því verkefni að stöðva þann ofvöxt, enda sýna verkin merkin. Það skal játað, að hér er um verk að ræða, sem bæði krefst áræðis og góðrar samstöðu valdhafa og Alþingis. En í staðinn fyrir að takast á við þennan vanda virðast valdhafarnir hafa verið í kapphlaupi um að hlaða undir gæðinga sína í ríkiskerfinu og fjölga þeim. Slíkri stjórn á þjóðin ekki að una lengur, og hverjir sem valdhafar verða að kosningum loknum, þá á þjóðin að heimta af þeim með harðri hendi, að á þessu sviði verði breytt um starfshætti.

Það, sem landbúnaðinn skortir umfram allt annað nú, er stóraukið lánsfé til langs tíma með vægum vöxtum. Í landinu búa um 5000 bændur, og fólkið í sveitum landsins er nú ekki orðið nema um 10% af þjóðinni. Framleiðsluverðmæti landbúnaðarins er eitthvað yfir 4 milljarða kr. með núgildandi grundvallarverði. Um 90% af þessari framleiðslu er notað af þjóðinni sjálfri. Allir hljóta því að sjá hina miklu þýðingu, sem starf bændastéttarinnar hefur fyrir þjóðarbúskapinn. Þó að ýmislegt hafi verið gert fyrr og síðar bændum og landbúnaði til stuðnings af hálfu hins opinbera með löggjöf, þá þarf nú að taka þau mál nýjum tökum í samræmi við breyttar aðstæður. Hinar miklu gengisfellingar, sem ríkisstj. hefur fjórum sinnum á valdatíma sínum beitt sér fyrir og sí-hækkandi sköttum í alls konar myndum, hefur leitt til gífurlega aukinnar fjármagnsþarfar hjá bændum. Með tilliti til reynslunnar af þessum aðgerðum þarf að taka vandamál landbúnaðarins til nýrrar, gagngerðrar endurskoðunar og búa svo um hnútana, að eðlileg kynslóðaskipti geti farið fram á jörðum og bændastéttin geti átt allgreiðan aðgang að eðlilegri fyrirgreiðslu um rekstrarfé.

Telja má, að skipta þurfi árlega um ábúendur á 200—250 jörðum, ef frumbýlingar eiga hvergi aðgang að lánum til bústofns- og jarðakaupa nema í veðdeild Búnaðarbankans, sem er nær félaus. Hámarkslán þar eru 200 þús. kr. til kaupa á jörð, og ættu allir að sjá, að slíkt hirðuleysi valdhafanna um fyrirgreiðslu við þá, sem vilja og þurfa að kaupa jörð, hlýtur að leiða til þess fyrr en varir, að landbúnaðurinn bíður af því varanlegt tjón og ungu bændaefnin verða að hrökklast úr sveitunum. Þeir, sem vilja kaupa fiskibát, þeir eiga betri fyrirgreiðslu að fagna, þar sem þeim eru tryggð 90% að láni af bátsverði, og ber að fagna svo góðri fyrirgreiðslu. Þeir, sem nú hefja búskap, geta varla byrjað með minna stofnfé en 3—4 millj. kr. Af því er jarðarverð ekki minna en helmingur. 200 þús. kr. til slíkrar fjárfestingar bjargar fáum. Eðlileg lífskjör og traustur landbúnaður geta ekki þróazt í sveitunum nema rösklegar aðgerðir löggjafans komi til á fjármálasviðinu og heilbrigðu fjárfestingar- og rekstrarlánakerfi verði komið á laggirnar. Núverandi valdhafar hafa brugðizt því hlutverki.

Enn munu þessir sömu valdhafar keppa að því marki að geta einir öllu ráðið næstu 4 ár í viðbót við þau 12, sem þeir hafa setið að völdum. Ráðh. hafa gránað á hár og guggnað á svip við allt gengisfellingabröltið, og sýnist nú mörgum, að hvíld í náð væri sú gjöf til þeirra, sem þjóðinni væri bæði sæmd og hagurinn beztur að veita þeim í næstu kosningum.

Það eru ýmsir farnir að tala mjög um, hvort við Íslendingar séum raunverulega lýðræðisþjóð, þegar sömu flokkar eru látnir fara svo lengi með völd óslitið og ekki sízt, þegar tekið er tillit til valdskiptingarinnar. Alþfl., sem ekki hefur á bak við sig nema 9 þm. og 15.7% atkvæðamagnsins, hefur þrjá ráðh. af sjö og ræður öllu til jafns við hinn stjórnarflokkinn, sem hefur þó 23 þm. og 37.5% atkvæða. Þetta er sú útgáfa af lýðræði, sem Íslendingar búa við og verða látnir hafa framvegis, ef þjóðin ekki tekur sig til og minnkar fylgi þessara flokka í vor. Hinir flokkarnir á Alþ., Framsfl. með 18 þm. og 28.1% atkvæðafylgi þjóðarinnar og Alþb., sem fékk 17.6% atkv., eiga ekki einn einasta nefndarformann á Alþ. eða nefndarskrifara, hvað þá þingforseta. Slíkt þingræði og lýðræði er nú orðið ekki þekkt hjá öðrum þjóðum, sem við lýðræði búa. Það verður að leita til Spánar, þar sem Franco ríkir, eða til Portúgal, þar sem Salazar drap lýðræðið með þrá-

setu, til að finna slíkt. Engin rödd hefur opinberlega heyrzt frá stjórnarflokkunum um að breyta þurfi þessu. Hins vegar lét menntmrh., formaður Alþfl., þá fyrirætlan ríkisstj. uppi í vetur, að hún mundi beita sér fyrir því að sameina deildir Alþ. í eina málstofu, en slík breyting á stjórnarskránni hefði það í för með sér, að þá væri hægt að mynda þingmeirihluta með 31 þm. í staðinn fyrir, að nú þarf til þess 32 þm. Ríkisstj. gæti þannig hangið við völd með eins atkvæðis meiri hl. á þingi. Þannig getur valdasýkin leitt menn af lýðræðisbrautinni út á refilstigu, og þannig hafa sumir stjórnmálamenn í öðrum löndum gert lýðræðishugsjónina að tröppu upp í hásæti einræðisins.

Þjóðin hefur þá skyldu við sjálfa sig, land sitt og niðja að koma í veg fyrir áframhaldandi þrásetu núverandi valdhafa. Þetta verður hún að gera með því að fækka þm. stjórnarflokkanna í vor, en fjölga þess í stað þm. Framsfl. Ég heiti á alla, sem unna lýðræði, virða Alþ. og vilja veg þess og gengi sem mest, að hjálpa til við það að efla fylgi Framsfl. Þá geta þeir búizt við, að ný vinnubrögð verði tekin upp á Alþ., þar sem hlutur flokkanna í störfum og stjórn Alþ. verði gerður jafnari, og hér verði tekin upp lýðræðislegri vinnubrögð við stjórn á málum þjóðarinnar en þau, sem nú ríkja. — Góða nótt.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Samvöxnu tvíburarnir frá Síam voru mikið umtalaðir fyrir nokkrum árum, en hér hafa nú verið til umr. í kvöld samvöxnu tvíburarnir í íslenzkum stjórnmálum, Sjálfstfl. og Alþfl., sem nú hafa stjórnað landinu í 12½ ár og búa sig undir að bæta 4 árum við þá samsiglingu, ef kjósendur lofa. Það dregur auðvitað hver dám af sínum sessunaut, hvað þá heldur þegar saman er sængað í einingu andans og bandi friðarins á annan áratug samfleytt eins og í þessu einstæða tilfelli, enda taldi vitur og orðvar Alþfl.-maður fyrir skemmstu, að svo ömurlega væri nú komið, að kjósendur Alþfl. gætu ekki lengur greint hann, þ. e. a. s. Alþfl., verkalýðs- og jafnaðarmannaflokkinn, frá flokki atvinnurekenda og auðmanna, Sjálfstfl. Þetta reyndist rétt vera í seinustu borgarstjórnarkosningum í Reykjavík, og kynni þó svo að fara, að fleirum fataðist aðgreiningin í alþingiskosningunum í vor.

Alþfl. hefur lýst því yfir, að samstarf hans og Sjálfstfl. verði órofið allt fram til kjördags, en úr því verði hann með óbundnar hendur, eins og það er orðað. Já, einmitt það, með óbundnar hendur. Nú hefur Alþfl. þó bundið sig á einn og sama streng með Sjálfstfl. í stærsta framtíðarmáli íslenzku þjóðarinnar, landhelgismálinu. Þau tengsl standa þó a. m. k. eitthvað fram yfir kjördaginn, og einhverjir leyniþræðir kynnu líka að finnast aðrir, ef vel væri leitað.

Í rauninni eru kosningarnar 13. júní þjóðaratkvgr. um landhelgismálið. Kjörtímabil þeirrar ríkisstj., sem myndast upp úr kosningunum, er til 1975, en örlög málsins ráðast á miðju kjörtímabilinu á fyrirhugaðri alþjóðaráðstefnu um landhelgismál 1973. Málið verður því í höndum væntanlegrar ríkisstj. Til hennar þyrfti því vel að vanda.

Alþfl.-ráðherrann Emil Jónsson kallar það siðlausa ævintýrapólitík að segja brezka samningnum upp. Þau orð sanna fullkomlega, að núverandi stjórnarflokkar taka ekki í mál neina uppsögn á þessum helga samningi. En það er augljóst mál, og nú bið ég ykkur, góðir hlustendur, að taka vel eftir, að það verður engum, bókstaflega engum aðgerðum fram komið í landhelgismálinu til stækkunar út fyrir 12 mílur, meðan brezka samningnum hefur ekki verið sagt upp. Um það er tómt mál að tala. Þess vegna er það staðreynd þrátt fyrir alla orðafroðuna í landhelgistillögu stjórnarflokkanna, að hún er ekki um neinar aðgerðir, enda er í henni vandlega forðazt að nefna, hvað skuli gert eða hvenær. Allt er þetta svífandi. Nefnd skal kosin til að semja frv. og unnið skal áfram að málinu o. s. frv. Nákvæmlega sama og sagt hefur verið í s. l. 13 ár allt frá 1958 og leitt hefur til algers aðgerðarleysis í landhelgismáli Íslendinga. En sama væri hversu stór orð væru höfð um stækkun íslenzkrar landhelgi af þeim, sem ekki vilja segja brezka samningnum upp. Þeir, sem þá afstöðu hafa, geta engu um þokað. Þeir geta ekki stækkað íslenzka landhelgi um eina einustu mílu, hvað þá meir. Þeir af vinum landhelgismálsins, sem láta það henda sig að kjósa stjórnarflokkana þann 13. júní, eru því vitandi eða óvitandi að biðja um aðgerðarleysi í landhelgismálinu. Svona ljóst liggur málið fyrir.

Ég vil víkja örlítið nánar að siðleysisbrigzlum Emils Jónssonar utanrrh. í garð okkar stjórnarandstæðinga í landhelgismálinu, ef við leyfum okkur að segja brezka samningnum upp, þótt með rúmum fyrirvara sé. Við höfum sett tímatakmarkið 1. september 1972. Þangað til eru eitthvað um 17 mánuðir. Við getum því ætlað okkur mjög rúman tíma til viðræðna við Breta og Þjóðverja um landhelgismálið og síðan sagt samningunum upp, ef viðræðurnar bera ekki árangur, með hálfs til allt að eins árs fyrirvara. En hvernig hefur þetta gerzt áður, þegar við höfum stækkað landhelgi okkar einhliða? Jú, árið 1950 var reglugerð gefin út 22. apríl, og hún gekk í gildi 1. júní. Fresturinn var maímánuður og 8 dagar af apríl. Var þetta siðleysispólitík hjá Ólafi Thors? Ég leyfi mér að spyrja um það. Hafi svo verið, er það þó víst, að Emil Jónsson var stuðningsmaður og þátttakandi í því siðleysi. Og hvernig gekk það til árið 1952? Jú, þá var reglugerð gefin út 19. marz, og hún tók gildi 15. maí eftir tæpa tvo mánuði. Enn má spyrja: Var þetta siðlaus ævintýrapólitík hjá þeim mætu mönnum Ólafi Thors og Bjarna Benediktssyni? Ég segi nei. En fullvíst er um hitt, að þá var siðferði hæstv. ráðh. Emils Jónssonar ekki á hærra stigi en það og ævintýramennska hans í pólitík slík, að hann tók þátt í þessu af lífi og sál. Kannski er lítil stoð í því að vitna til ársins 1958, þegar við tókum okkur 12 mílna landhelgi, því að þá sátu nú aðrir herrar við stýri. En í það sinn var sami háttur á hafður. Reglugerð var út gefin þann 30. júní, sem

tók gildi 1. september, eða eftir rétta tvo mánuði. Vera má, að það þyki við hæfi að stimpla það sem siðlausa ævintýrapólitík, en þá átti Alþfl. samt utanrrh. og varð ekki annars vart en Emil Jónsson legði fyllilega samþykki sitt á allar þær aðgerðir.

Nei, hæstv. utanrrh. Það duga engin fáryrði um stjórnarandstæðinga til þess að fela blygðun og aumingjaskap ríkisstj. vegna brezka samningsins, því að það er hann, sem nú herðir að og útilokar allar aðgerðir, sé honum ekki sagt upp. Undansláttur í landhelgismálinu er þjóðarvoði, því að reynslan víða um heim hefur sýnt það, að það er hægt að útrýma heilum fiskstofnum með þeirri veiðitækni, sem nú tíðkast. Útgerðarmaðurinn Einar Sigurðsson ríki rakti þetta ágætlega í Morgunblaðinu fyrir nokkrum dögum, um eyðingu fiskstofnanna hvers á fætur öðrum. En svo spurði hann: Hvenær kemur að þorskinum? Já, hvenær skyldi koma að þorskinum? Eigum við kannski að bíða með aðgerðir, skipa nefndir og vinna áfram að málinu, þangað til þorskstofninum á landgrunni Íslands hefur verið eytt af útlendum veiðiflotum rétt við nefið á okkur?

Íslendingar hafa algera sérstöðu meðal allra þjóða heims. Engin þjóð á líf sitt og tilveru undir fiskimiðunum við strendur landsins, eins og við. Allt okkar efnahagslíf byggist á fiskimiðunum kringum landið. Áður en varir gætum við búið við fisklaust haf, ef við höfum ekki mannrænu til að losa okkur af klafa brezka samningsins og helga okkur landgrunnið allt, öll íslenzk fiskimið fyrir Íslendinga eina. Í því efni er, líkt og sjómenn segja stundum, að duga eða drepast. Sannleikurinn er sá, að siðlaus ævintýrapólitík er það eitt í landhelgismálinu að gera ekki neitt.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að tryggingamálunum. Mér tókst í örstuttu sjónvarpsviðtali einhvern tíma í vetur að vekja þjóðina til vitundar um, hvílík smánarkjör öldruðu fólki er ætlað að búa við. Öll íhaldshersingin á Íslandi tók snöggt viðbragð. Morgunblaðið játaði strax í hjartnæmri grein, að það væri skömm að þessu. Vísir tárfelldi dag eftir dag af hjartagæzku og samúð með öldruðum og Alþýðublaðið tilkynnti í snatri, að það væri verið að laga þetta. Mikil ósköp, öll tryggingalöggjöfin væri í endurskoðun. Alþfl. hefði náð samkomulagi við Sjálfstfl. um svo stórfelldar lagfæringar á tryggingunum, að hann mætti vel við una. Og svo leið tíminn nálega fram að þingslitum, en þá sást hin endurskoðaða tryggingalöggjöf. Mikill var fögnuðurinn í Alþýðublaðinu, og stærsta stríðsletur tekið fram: Bylting í tryggingamálum. Og Morgunblaðið og Vísir fögnuðu ákaft, þótt færra væri þar talað um byltingu af skiljanlegum ástæðum.

En hver er þá raunveruleikinn? Jú, margvíslegar breytingar eru að sjálfsögðu í frv. til bóta, en engar grundvallarbreytingar er þar að finna, og fáránlegt er að kenna þessar breytingar við byltingu. Ellilífeyrir og örorkubætur hækka samkv. frv. um tæpar 1000 kr. á mánuði, úr 4900 kr. í eitthvað um 5880 kr. En svo lítil sem þessi tölulega hækkun er, verður þó enn minna úr henni, þegar betur er að gáð. Kannski verður hún engin, því að frv. á ekki að taka gildi fyrr en í byrjun næsta árs. Það er furðulegt gabb að setja lagaákvæði á pappír, en setja svo allt í frystigeymslu mánuðum saman, gera ákvæðin óvirk með ákvæðum um, að lögin skuli ekki taka gildi fyrr en eftir 9 mánuði. Þetta er samt sannleikur. Bætur almannatrygginga, þar á meðal ellilífeyrir og örorkubætur, eiga ekki að hækka um eyri fyrr en 1. janúar 1972.

Annað er í frv. jafnsvívirðilegt og þetta. Allir vita, að miklar kauphækkanir hljóta að verða upp úr 1. september næsta haust, þegar svokallaðri verðstöðvun lýkur. Og nú spyrja menn: Hækka þá ekki allar bætur almannatrygginganna sjálfkrafa frá sama tíma? Nei. Um það er skýrt ákvæði í frv., að slíkar hækkanir fái gamla fólkið og aðrir bótaþegar ekki fyrr en 6 mánuðum, hálfu ári, síðar. Miðað við almennar kauphækkanir 1. október n. k. mundi ellistyrkur þannig ekki hækka fyrr en 1. apríl 1972. Þannig er nú kostulega frá því gengið. En það, sem ég hygg þó, að öldruðu fólki, sem man gömlu fátækralöggjöfina, sviði sárast við þessa endurskoðuðu tryggingalöggjöf, er það, að viðbótargreiðslur við ellilífeyri skuli að hluta koma frá sveitarsjóði og bera því ótvírætt keim af beinum sveitarstyrk. Þá mun flestum finnast fáránlegt, að ríkisstj., sem er að fara frá, því að auðvitað fer hún frá, skuli gefa út slíka ávísun á næstu ríkisstj. og það, sem enn verra er, að það er engin innstæða til fyrir þessari 500 millj. kr. ávísun. Það er því einn liðurinn í hrollvekjunni miklu, sem núv. ríkisstj. horfist í augu við og skilur eftir sig að loknum 12 ára stjórnarferli.

Ömurlegastur vitnisburður er þetta þó um Alþfl., sem svo er orðinn villur vegar, að hann lýsir ánægju sinni yfir þessari úrlausn tryggingamálanna og virðist ætla að rifna af oflæti yfir því, sem hann kallar byltingarkenndar umbætur í tryggingamálum, sem þó eru fals eitt.

En það hefur nú gerzt rétt fyrir skömmu, að Sigurður Ingimundarson, forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins, sem með þessi mál á sérstaklega að fara í framkvæmd og hefur verið í þingflokki Alþfl., hefur nú hætt við að vera í framboði fyrir Alþfl. í þessum kosningum. Sú ákvörðun hygg ég, að segi sína sögu.

Ekki kemst ég hjá því að fara nokkrum orðum um launamálin og afskipti ríkisstj. af þeim. Þann 19. júní s. l. náðu verkamenn eftir langdregið samningaþóf, þriggja vikna fórnfreka verkfallsbaráttu, fram 15—18% kauphækkun. Þessi lagfæring gerði lítið betur en vinna upp þá skerðingu kaupmáttar, sem orðið hafði á erfiðleikaárunum 1967 og 1968. Hún var í algeru lágmarki þess, sem hægt var að sætta sig við. Síðan er kaup verkamanns, sem vinnur fullan vinnudag alla virka daga, rúmar 15 þús. kr. á mánuði. Verksmiðjuverkafólk nær þó tæpast þeirri launahæð, og sama má segja um lægra launað verzlunarfólk. Enginn

hélt því fram, að atvinnuvegunum væri ofboðið með þessum samningum, og sízt hefur sú orðið raunin á seinni part ársins 1970 og það sem af er þessu ári. Aflabrögð hafa verið með eindæmum góð og verðlagsþróunin hagstæðari en nokkur bjartsýnismaður gat þá látið sig dreyma um. Og sízt er útlitið lakara þar, sem séð verður inn í næstu framtíð.

Ekki fer það þó á milli mála, að í okkar þjóðfélagi eiga launamálin að ákvarðast við frjálst samningaborð. Það er austantjaldsfyrirbæri, sem ekki á að þola hér, að ríkisvaldið ákveði kaupið. En samt gerðist það á Íslandi fáum mánuðum eftir samningagerðina, að ríkisstj. lækkaði kaup verkamanna með lagaboði um nokkra hundraðshluta. Að vísu skyldi verulegur hluti þessarar kauplækkunar greiddur niður fyrstu mánuðina til þess að draga úr reiði manna og koma í veg fyrir gagnráðstafanir verkamanna þegar í stað. En frá og með 1. marz s. l. var náðinni lokið og niðurgreiðslum hætt og kauprán þetta komið til fullra framkvæmda. Þannig hefur ríkisstj. nú framkvæmt árásina á þá lægst launuðu í þjóðfélaginu í áföngum og sennilega komið áætlun sinni fram.

Á sama hátt hefur þessi sama ríkisstj. áður ráðizt á kjör sjómanna og breytt hefðbundnum hlutaskiptum þeirra með lagaboði. Hefur þetta ranglætisverk vakið réttláta og almenna reiði sjómannastéttarinnar, enda mun svo komið, að mikið vantar á, að nógu margir menn fáist á sjóinn. Er nú fjöldi báta bundinn við landfestar sökum mannaflaskorts. Má furðulegt heita, að Alþfl. skuli eiga hlut að og raunar gera það mögulegt að koma slíkum fólskuverkum fram gagnvart verkalýðssamtökunum og framleiðslustéttum þjóðarinnar.

Nú kynni einhver að segja: Svona nokkuð er ekki gert nema þegar þjóðin er í nauðum stödd og krefjast verður mikilla fórna af öllum. En í þessum tilfellum var hvorugu til að dreifa. Þegar ríkisstj. skerti laun hinna lægst launuðu með lagaboði, var ekkert neyðarástand ríkjandi, heldur veltiár og árgæzka í bezta lagi. Og þá var nú eitthvað annað en að hlutur allra væri skertur með valdboði. Á sama tíma og kauprán verkamanna átti sér stað, samdi ríkisstj. um meiri launahækkanir við þjónustustéttirnar, embættismannakerfið, en nokkur dæmi eru til um fyrr eða síðar. Þeir, sem lægst voru launaðir í þjónustu ríkisins, fá að vísu að sitja áfram með smánarlaun, en launahækkunin fór stighækkandi með hækkandi launum, þannig að þeir, sem hæst höfðu launin fyrir, fengu þau tvöfölduð og vel það og eru nú með yfir 100 þús. kr. á mánuði sumir hverjir. Í fyrstu töldu menn, að þeir, sem sitja á toppi embættismannakerfisins, hefðu fengið tvöföld verkamannalaun, bara í kauphækkun, en við nánari athugun kemur í ljós, að dæmi finnast um þreföld, þrenn verkamannslaun, 45 þús. kr., þrisvar sinnum 15 þús. á mánuði í launahækkun. Er þetta réttlætisverk? Á þetta svona að vera? Getur slík þróun gefið tryggingu fyrir sterku og réttlátu þjóðfélagi? Hér er vissulega um það að ræða að meta, hvers konar þjóðfélag við viljum stefna að að móta. Þjóðfélag misréttis og mikillar stéttaskiptingar, þjóðfélag fárra ríkra og fjölmennra öreigastétta eða þjóðfélag meiri jafnaðar en tíðkast með öðrum stærri og ríkari þjóðum? Það er spurningin. Hvort viljum við heldur? Hvert er þitt mat, hlustandi góður? Hvor þjóðfélagsmyndin er þér betur að skapi? Því getur þú svarað strax, ef þú vilt, og endanlega og ákveðið gerir þú það a. m. k. þann 13. júní í vor.

Því miður hafa alþýðustéttirnar á Íslandi, fólkið, sem fátækrahlutskiptið hreppir alla jafna, átt allt of ríkan þátt í því að efla til valds og þjóðfélagsáhrifa þá stjórnmálaflokka, sem í reynd virðast eiga sér hugsjón misréttisþjóðfélagsins sem æðsta takmark. Að vísu villa þeir á sér heimildir, koma ísmeygilegum og villandi áróðri sínum í krafti fjármagnsins til svo að segja hvers einasta manns. En verkin sýna þó merkin og blekkingarvefurinn er gagnsær, þegar þú gætir betur að. Eða sér ekki hver heilskyggn maður, hvernig jöfnuði þjóðfélagsins er háttað og þá ekki síður, hvert stefnt er af núverandi valdhöfum, Sjálfstfl. og flokki alþýðunnar? Og því spyr ég enn: Er þetta þín leið, kjósandi, til jafnaðar þjóðfélagsins?

Ekki fer það á milli mála, að ríkisstj. Sjálfstfl. og Alþfl. hefur með launabyltingu sinni gert tvennt í senn, ráðizt á lífskjör framleiðslustéttanna og stigið stórt skref í misréttisátt, áttina til nýrrar og ranglátari stéttaskiptingar. Þetta er að minni hyggju eitt af allra verstu og ódrengilegustu verkum núv. stjórnarflokka, og er þó af ýmsu að taka. Efnahagslegt misrétti í þjóðfélaginu er mjög alvarlegt, þegar til lengdar lætur. En annað enn verra fylgir í kjölfarið. Margvíslegt misrétti teygir sig nú þegar út um allt þjóðfélagið. Menningarlegt misrétti úti um landsbyggðina er þegar staðreynd. Stór svæði landsins eru læknislaus, prestslaus og sum héruð líka kennaralaus. Kostnaðurinn við að koma unglingum alþýðufólks til mennta er slíkur, að fæstum er fær í dreifbýlinu nema einstöku efnamanni. Ég óttast, að stjórnmálamenn bíði eftir, að vandamálið verði óviðráðanlegt, sagði ungur menntamaður nýlega í merkri blaðagrein, og hann bætti við: „Við erum að búa til menntunarlausa stétt, sem er sama og að búa til varanlega lágstétt, eins og fjöldaþjóðfélög nútímans eru byggð upp. Þetta verðum við að forðast, hvað sem það kostar. Það verður dýrara í framtíðinni að bregðast við þeim vandræðum, sem slík stétt skapar, en koma í veg fyrir myndun hennar nú. Það kann að vera, að þetta sé mikilvægasta verkefni okkar í dag, þó að fáir virðist enn skilja, hvílíkt grundvallarmál hér er á ferð."

Við verðum að viðhalda menntun, ekki aðeins skólagöngu, heldur menntun, sem er stöðugur andlegur vöxtur, menntun, sem losar um hleypidóma, menntun, sem gerir okkur fært að skilja okkar stað í gangi lífsins og lifa þar eins og menn, ekki sem yfirstétt eða lágstétt, ríkir eða fátækir, lærðir eða voldugir, heldur eins og góðir menn með jafningjum sínum.

Samtök frjálslyndra og vinstri manna munu vinna að auknum jöfnuði í þjóðfélaginu og þeir hafa valið sér kjörorðin: „menntun, heilbrigði, jöfnuður“. Undir þeim orðum munum við berjast í kosningunum í vor. Vegna þeirra markmiða, sem við höfum sett okkur, vegna sameiningarviðleitni okkar og ótvíræðrar og ákveðinnar afstöðu og krafna til lausnar landhelgismálsins biðjum við ykkur kjósendur um traust og stuðning á kjördegi.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Eftir að hafa hlustað á hina dæmalausu ræðu Einars Ágústssonar hér í kvöld undrar engan, þótt hann lýsti því yfir, að Framsfl. þráði umfram allt ómengað loft. Víst er mengað loft slæmt, en verra er þó að vera haldinn jafnmenguðu hugarfari og birtist í endurtekningum hans á rangfærslum og ósannindum Tímans um vinnubrögð fjmrn., sem birzt hafa í 20 dálka langhundum blaðsins síðustu tvo sunnudaga. Ég hefði ekki að óreyndu trúað Einari Ágústssyni til svo ódrengilegs málflutnings. Það var næsta broslegt að heyra þennan hv. þm. tala um vinnu sína í fjmrn., en vita þó ekki einu sinni jafneinfalt atriði og það, að ríkisskattanefnd er sjálfstæður dómstóll, sem fjmrh. segir ekki fyrir verkum. Í fullu bróðerni segi ég Einari Ágústssyni það, að honum fer ekki vel að stæla málflutning Tómasar Karlssonar Tímaritstjóra.

Ingvar Gíslason hélt fram vaxandi launamisrétti síðustu árin. Það fær ekki staðizt, þegar skoðaðar eru skýrslur um meðallaun hinna ýmsu stétta. Hann ræddi einnig um áhuga Framsfl. á tryggingamálum, en mun hafa gleymt því, að þegar hin stóru átök í tryggingamálum voru gerð á dögum nýsköpunarstjórnarinnar, var það aðeins einn þm. Framsfl., einn einasti, sem studdi þá löggjöf.

Ágúst Þorvaldsson ræddi hið geigvænlega ríkisbákn. Á hverju einasta ári hefur Framsfl. flutt margar till. um aukningu þessa bákns og aldrei neina um sparnað. Við afgreiðslu síðustu fjárl. fluttu stjórnarandstæðingar till. um útgjaldahækkun, er nam 500 millj. kr.

Árásir Hannibals Valdimarssonar einu sinni enn og raunar fleiri hv. þm. hér í þessum umr. á samninga opinberra starfsmanna eru furðulegar, því að launamismunur samkv. þeim samningum er í samræmi við till. forustumanna Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, og raunar var þeim mótmælt af háskólamönnum sem ófullnægjandi. Og nú hafa allir flokkar hér á Alþ., einnig flokkur hv. þm. Hannibals Valdimarssonar, ákveðið kjör alþm. í samræmi við þessa dæmalausu samninga.

Nú að loknu þriðja kjörtímabili viðreisnarstjórnarinnar er þjóðin í hraðri framfarasókn, eigi aðeins á efnahagssviðinu, heldur einnig varðandi menntun og félagslegar umbætur í þágu hinna verr settu. Okkur er að vísu sagt, að þessi sókn upp úr öldudalnum sé að engu leyti stjórnvöldum að þakka. Vissulega má ekki vanmeta hina miklu þýðingu aflabragða og stórhækkaðs verðlags á sjávarafurðum, en þar liggur þó ekki öll skýringin á hinni stórvaxandi velmegun. Án stefnunnar í efnahagsmálum hefði batinn í efnahagslífinu með engu móti getað orðið svo snöggur. Það er ekki heldur aðeins sjávarútvegurinn, sem hefur tekið fjörkipp. Stjórnarandstæðingar töldu íslenzkan iðnað ekki þola aðild að EFTA. Nýlega lýsti formaður Félags ísl. iðnrekenda því, að aldrei hefði verið eins mikil framleiðsluaukning í íslenzkum iðnaði og nú né meiri framfarahugur hjá iðnrekendum. Stjórnarandstæðingar börðust gegn bæði álbræðslunni og kísiliðjunni. Þessi tvö fyrirtæki munu í ár færa þjóðinni yfir einn milljarð í nettógjaldeyristekjur. Vegna gengisbreytinganna varð Ísland eftirsótt sem ferðamannaland. Margvísleg könnun er ýmist hafin eða í undirbúningi til nýtingar orkulinda landsins. Stefnt er markvisst að stækkun landhelginnar, þótt stjórnarandstæðingar hafi því miður fallið í þá freistni að gera þetta stærsta hagsmunamál þjóðarinnar að kosningamáli, svo sem glöggt hefur komið fram hér í kvöld. Það er grár leikur með fjöregg þjóðarinnar.

Atvinnuleysi er úr sögunni, og vandinn er nú að forðast ofþenslu. Við eigum aftur orðið mjög myndarlegan gjaldeyrisvarasjóð. Sparifjármyndun hefur orðið meiri á s. l. ári en nokkurt ár áður, og hallarekstur ríkissjóðs hefur verið stöðvaður. Almenningur hefur þegar í stað fengið fulla hlutdeild í hinni bættu afkomu þjóðarbúsins með stórfelldum launahækkunum á síðasta ári. Kjarabætur, sem rúmast innan gjaldgetu atvinnuveganna hverju sinni, eru ætíð sjálfsagðar. Það viðurkenna allir nú, að of langt var gengið í kröfugerð á uppgangsárum sjávarútvegsins, árin 1965 og 1966, en þá vildu menn ekki fallast á, að hinar miklu verðhækkanir sjávarafurða gætu orðið skammgóður vermir. Nú eru hækkanirnar enn stórkostlegri. Vonandi reynast þær varanlegar. En allir ættu þó að vera það reynslunni ríkari að viðurkenna nauðsyn þess að leggja hluta þeirra til hliðar í þann verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, sem myndaður hefur verið.

Í kjaradeilunni í fyrra benti ríkisstj. á leið til þess að tryggja launþegum verulegar kjarabætur án nýrrar verðbólguhættu. Þeim ráðleggingum var ekki sinnt í hita sveitarstjórnarkosninganna, þar sem foringjar vinstri flokkanna vógu hver að öðrum margklofnir og efndu að ástæðulausu til allsherjarverkfalls, launþegum og þjóðinni allri til stórtjóns. Það er sannarlega eitt af mikilvægustu viðfangsefnum næstu ára að losna við þann vafasama heiður að eiga heimsmet í verkföllum.

Óvefengjanlegt er, að ef ekkert hefði verið aðhafzt, hefðu kjarasamningarnir frá í sumar orsakað nýja verðbólguöldu, sem innan skamms tíma hefði valdið ýmsum atvinnuvegum landsmanna óviðráðanlegum erfiðleikum og teflt í hættu þeim kjarabótum, sem launþegar töldu sig hafa tryggt sér. Æskilegast hefði verið að mæta þessum nýja vanda með kerfisbundnum efnahagsaðgerðum til langs tíma þegar á þessu hausti. Reynslan af við-

ræðum stjórnmálaflokkanna 1968 og frá samningunum s. l. vor í kosningahitanum þá gaf engar vonir um, að samstaða gæti orðið um slíkar aðgerðir nokkrum mánuðum fyrir kosningar. Því var það, að Sjálfstfl. taldi ráðlegast að kjósa þegar s. l. haust, þannig að ríkisstj. gæti markað stefnu með heilt kjörtímabil fram undan. Um það varð ekki samkomulag milli stjórnarflokkanna. Því var gripið til verðstöðvunarinnar til þess að bægja upplausnarhættunni frá, þar til ríkisstj. eftir kosningar hefði gefizt tóm til að gera ráðstafanir til lengri tíma til að forðast nýtt verðbólguflóð. Gripið hefur verið til slíkra verðstöðvana í fleiri löndum einmitt á þessum vetri gegn verðbólgu og til að stuðla að kjarasamningum, sem ekki ógnuðu afkomu atvinnuveganna í þessum löndum.

Ég hygg fáa í alvöru halda því fram, að verðstöðvunin hafi ekki verið rétt spor, svo sem sakir stóðu í haust, enda er verðstöðvuninni oftast fundið það til foráttu af stjórnarandstæðingum, að hún sé kosningabeita. Að vísu hljóta menn þá að spyrja: Af hverju vildi Sjálfstfl. kjósa í haust, úr því að verðstöðvunin var svo ágæt kosningabeita í vor? Nei, sannleikurinn er sá, að þó að verðstöðvunin hafi verið þjóðarnauðsyn og öllum til góðs, þá er hún ekki lausn á meginvandamálinu, enda hefur enginn haldið því fram. Þó að stjórnarandstæðingar hafi í algeru ábyrgðarleysi reynt að espa launþega gegn verðstöðvuninni, þá vita þeir mætavel, að einmitt vegna verðstöðvunarinnar hefur tekizt að tryggja raungildi kauphækkananna á s. l. sumri mun betur en ella hefði orðið, þannig að kaupmáttur er nú meiri en nokkru sinni áður. Og þótt atvinnuvegirnir hafi verið bótalaust látnir taka á sig verulegar launahækkanir, þá hefði hagur þeirra orðið miklum mun verri, ef verðstöðvunin hefði ekki komið til, og hinar miklu niðurgreiðslur á búvörum hafa orðið til verulegra hagsbóta fyrir bændur. Ég hygg því, að ekki hefði betur verið hægt að þræða hinn gullna meðalveg varðandi hagsmuni hinna ýmsu stétta í sambandi við verðstöðvunina en gert var.

Þetta þing er nú á enda og kosningar nálgast. Alþ. hefur í vetur verið með meiri kosningabrag en nokkurt þing, sem ég man eftir, og hugsjónirnar hafa streymt fram í stríðum straumum. Víst er það gott, að stjórnmálamenn leggi sig fram og velferðarmál séu flutt á Alþ., en það þarf að gerast oftar en á kosningaþingum, ef menn ætlast til, að þeir verði teknir alvarlega. Þetta tillögumoldviðri hygg ég raunar að fæstir láti sig miklu skipta við kosningarnar í vor, heldur verði tvö mál efst í hugum flestra: annars vegar efnahagsþróunin og hins vegar landhelgismálið.

Um landhelgismálið voru fyrir nokkrum dögum sérstakar umr., sem útvarpað var, og hv. þm. Matthías Bjarnason ræddi það einnig hér í kvöld. Mun ég því ekki gera það að umtalsefni.

Stjórnarandstæðingar hafa mjög hampað að undanförnu og síðast hér í kvöld þeim ummælum prófessors Ólafs Björnssonar, að það væri hrollvekjandi að hugsa til þess, sem verða kynni að verðstöðvun lokinni næsta haust, og hefur verið reynt að færa þessa umsögn fram sem rök gegn verðstöðvuninni. Hér er um algeran misskilning að ræða. Ólafur Björnsson var einn af ráðunautum ríkisstj. við undirbúning verðstöðvunarlaganna og stóð að samþykkt þeirra með öllum öðrum þm. stjórnarflokkanna. Eftir því sem ég hef skilið orð prófessorsins, er hrollvekjan það, sem yfir efnahagskerfið hlyti að skella í haust, ef engar sérstakar ráðstafanir yrðu gerðar að verðstöðvunartímabili loknu. Það liggur í augum uppi, að yrðu allar niðurgreiðslur felldar niður jafnhliða greiðslu fullra vísitölubóta á laun og jafnvel beinum launahækkunum í sambandi við nýja kjarasamninga, þá mundi holskefla skella yfir allt atvinnulíf þjóðarinnar. Þetta er einmitt nauðsynlegt að allir geri sér ljóst. Þótt í minna mæli væri, voru það sambærilegar hættur, sem vofðu yfir atvinnulífi þeirra Norðurlandaþjóða annarra, sem beitt hafa verðstöðvun í vetur einmitt í því skyni að fá dæmið allt íhugað við gerð nýrra kjarasamninga, sem fram undan voru í þeim löndum. Það er ekki núverandi ríkisstj., sem með verðstöðvunaraðgerðum sínum er völd að þeim vanda, sem horfast verður í augu við í haust, heldur hefur einmitt verðstöðvunin gert vandann viðráðanlegri, — vanda, sem til er orðinn fyrir það, að ekki var hlustað á ráðleggingar ríkisstj. Næsta haust verður auðvitað að kanna til hlítar, hvert sé burðarþol atvinnuveganna og hvernig kaupmáttur launanna verði tryggður á raunhæfan hátt. Þó að ekki verði hægt að halda áfram jafnstórfelldum niðurgreiðslum vöruverðs og nú eru framkvæmdar, er jafnfráleitt, að þær verði að mestu eða öllu leyti felldar niður. Allt þetta stóra dæmi verða samtök vinnumarkaðarins að taka til heildarathugunar ásamt verðandi ríkisstj. á næsta sumri, og til þeirra athugana gefst verulegt svigrúm. Þótt við mikinn vanda sé óneitanlega að fást, þá er efnahagsþróunin það hagstæð, að ég fæ ekki séð, að hér sé við meiri hrollvekju að fást en þjóðin hefur oft staðið andspænis í efnahagsmálum sínum. Það ræður að vísu úrslitum í þessum efnum, að ríkisstj. sé að völdum, sem hefur kjark til að mæta vandanum og beita réttum hagstjórnaraðferðum, og forusta verkalýðshreyfingarinnar ekki sundurtætt af illvígum flokkadráttum. Umfram allt þarf að hafa það að leiðarljósi að hleypa verðbólguskriðunni ekki af stað á nýjan leik, því að met okkar á því sviði eru ekki síður óskemmtileg en verkfallsmetið.

En hvaða forustu á þjóðin að velja sér til að tryggja trausta stjórn og frjálslynda stjórnarstefnu? Núverandi stjórnarflokkar ljúka nú þriðja samstjórnartímabili sínu með fullum friði, en án nokkurra yfirlýsinga um samstjórn að loknum kosningum. Það eru ekki sett á svið nein kosningabrelluágreiningsmál, eins og verið hefur föst venja Framsóknar í samvinnu við aðra flokka. Núverandi stjórnarandstöðuflokkar klofna í æ fleiri einingar. Alþb. þríklofið og ungir framsóknarmenn í óþökk

flokksforustunnar taka upp beinar samstarfsviðræður við svokallaða frjálslynda vinstri menn og lýsa yfir, að þeir styðji aldrei samstarf Framsóknar við Sjálfstfl. Þá hefur Alþfl. í vetur tekið upp þá nýbreytni að efna til vinstri viðræðna. Sú mynd blasir því við augum kjósenda, að annars vegar er *Sjálfstfl. sem máttarstoð hinna frjálslyndu lýð*ræðisafla í landinu, en hins vegar tætingslið vinstri flokkanna, sem gjarnan á sér þann draum að efna til nýrrar vinstri stjórnar, sem yrði hreinn óskapnaður miðað við þau mörgu og innbyrðis fjandsamlegu flokksbrot, sem að þeirri stjórn hlytu að standa. Umr. hafa í kvöld glöggt leitt í ljós ástríkið milli vinstri flokksbrotanna.

Það sýnist því nokkurn veginn augljóst, að allir þeir kjósendur, sem tryggja vilja landinu trausta stjórn og halda áfram þeirri frjálslyndu umbótastefnu, sem fylgt hefur verið síðasta áratug, hljóti að fylkja sér um Sjálfstfl., því að þótt hann megni ekki að stjórna einn, þá mun veruleg fylgisaukning hans staðfesta bezt, hvert þjóðin vill að stefnt sé, og þannig auðvelda Sjálfstfl. að fá til samstarfs þau öfl í öðrum flokkum, sem líkastar skoðanir hafa á æskilegri þjóðfélagsþróun. Þeir fimm árgangar æskufólks, sem nú kýs í fyrsta sinn til þings, geta ráðið örlögum þjóðarinnar við þessar kosningar. — Góða nótt.

Steingrímur Pálsson: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Í síðustu alþingiskosningum tókst Sjálfstfl. og Alþfl. að tryggja sér nauman meiri hluta á Alþingi Íslendinga með því að telja kjósendum trú um, að viðreisnarstefnan væri hin eina rétta og fram undan væri áframhaldandi velgengni. En *strax eftir kosningar fóru stjórnarsinnar* að viðurkenna, að fram undan væru stórkostlegir erfiðleikar í efnahagsmálum þjóðarinnar, og bjargráð þeirra var gengislækkun 1967, og auðvitað kom ný gengislækkun í nóvember 1968, sem orsakaði 54% verðhækkun gagnvart dollar. Eftir þetta hafa þeir lítið talað um viðreisnarstefnuna, því að þeir vita, að hún á engan hljómgrunn lengur hjá þjóðinni. Þrátt fyrir sérstaklega hagstætt árferði, aukið aflamagn og stórbætt viðskiptakjör við útlönd, sem færði okkur Íslendingum aukalega milljarða kr., var stefna ríkisstj. svo haldlítil, að þegar við fengum í rúmlega eitt ár lakara árferði, urðu Íslendingar ekki eingöngu að herða sultarólina, heldur skall hér á gífurlegt atvinnuleysi, og fólksflótti hófst úr landinu, vegna þess að stjórnarstefnan var röng. Einu úrræði eða bjargráð sjálfstæðismanna og Alþfl.-manna hafa verið að boða gengislækkanir og svo auðvitað verðstöðvanir rétt fyrir alþingiskosningar. Þessi viðreisnarstjórn ætlaði sannarlega að vinna bug á verðbólguvandanum, en ekkert er meira öfugmæli. Þessi ríkisstj. á í dag Evrópumet í verðbólguþróun, enda hefur hún verið úrræðalaus, þegar á reyndi.

Þeir hafa mikið gumað af stóriðjuframkvæmdum sínum, því að þeir hafa haft vantrú á okkar grundvallaratvinnuvegum, sjávarútvegi og landbúnaði, en eins og allir vita er það sjávarútvegurinn, sem hefur verið burðarásinn í öflun þjóðartekna, og svo mun verða um ókomna framtíð, því að við eigum eftir að vinna stórt og mikið verk í sjávarútvegsmálum með því að fullvinna okkar sjávarafurðir og þar með skapa þjóðinni betri viðskiptakjör en áður. Þessi ríkisstj. hefur dregið á langinn að endurnýja fiskiskipaflota okkar. Við höfum átt að vera í fararbroddi á þessu sviði með t. d. byggingu skuttogara, en frændur okkar, Færeyingar, standa okkur framar í þessu tilliti. Þessi ríkisstj. réð því, að flestir bátar okkar voru byggðir erlendis, á sama tíma og skipasmíðastöðvar okkar hér höfðu sáralítil verkefni. Og til að bæta gráu ofan á svart var það í desembermánuði 1968, sem þessi ríkisstj. hóf árás á lífskjör sjómanna með því að taka réttmætan hluta tekna af sjómönnum og afhenda útgerðarmönnum. Þetta voru þakkir forustumanna Sjálfstfl. og Alþfl. til íslenzku sjómannastéttarinnar.

Hvernig hefur svo þessi stjórnarstefna komið fram gagnvart dreifbýlinu? Óhætt er að segja, að lítið raunhæft hafi verið gert. Mest hefur borið á svokölluðum landshlutaáætlunum, en öll framkvæmd þeirra rétt sniglast áfram. Allir vita, að á undanförnum árum hefði verið hægt að hraða uppbyggingu atvinnulífsins víðs vegar um landið, en allt situr við það sama, eins og t. d. á Húnaflóasvæðinu. Ekkert átak hefur verið gert til þess að tryggja fólki í sjávarþorpunum örugga lífsafkomu.

Þá hafa bændur landsins víða orðið fyrir alvarlegum áföllum á undanförnum árum vegna kalskemmda í túnum og vegna náttúruhamfara. Þessi ríkisstj. hefði átt að geta gert miklu meira fyrir bændastéttina í landinu til að bjarga mörgum yfir þetta erfiða tímabil.

Öll þjóðin hefur beðið eftir því, að það Alþ., sem nú situr, mótaði ákveðna stefnu í landhelgismálinu. Allir Íslendingar eru sammála um, að það sé þjóðarnauðsyn að færa út fiskveiðilandhelgina úr 12 sjómílum í 50 sjómílur frá grunnlínum allt í kringum landið til að tryggja Íslendingum fullan yfirráðarétt yfir fiskimiðum landgrunnsins. Ástæðurnar fyrir þessu eru augljósar öllum þeim, sem hafa kynnt sér þróun þessara mála á undanförnum árum. Með hverju ári sem líður verða fiskiskipin stærri og betri, allur veiðiútbúnaður verður fullkomnari og fiskileitartækin nákvæmari. Þá er vitað, að erlendur fiskiskipafloti, sem stundar veiðar hér við land, fer hraðvaxandi, og enginn getur spáð fyrir um það, hvað þessi veiðifloti útlendinga verður stór á næstunni. Þessi stóraukna ásókn stórvirkra erlendra veiðiskipa leiðir til ofveiði og rányrkju á fiskimiðum á landgrunnssvæðinu og á hafsvæðinu umhverfis landið. Þar að auki er nú mengun farin að ógna lífinu í hafinu. Af þessum ástæðum verða Íslendingar að vernda lífshagsmuni sína með því að stækka fiskveiðilandhelgina í 50 sjómílur og ákveða jafnframt mengunarlögsögu, sem nái 100 sjómílur frá grunnlínum umhverfis landið.

Þegar haft er í huga, að fiskimiðin umhverfis landið eru auðlindir landsmanna og afkoma okkar mun byggjast að mestu leyti á fiskveiðum og fiskiðnaði um ókomna framtíð, þá er það skylda okkar að berjast fyrir ótvíræðum rétti okkar yfir landgrunninu öllu.

Það er athyglisvert, að þegar litið er á uppdrátt af fiskveiðilandhelgi Íslendinga, þá sést, að meginhluti af landgrunninu fyrir utan Vestfirði og Austfirði liggur fyrir utan 12 mílna landhelgina. Vestfirzkir sjómenn vita manna bezt um hina gífurlegu ásókn erlendra fiskiskipa á grunnmiðin út af Vestfjörðum. Þeir vita einnig, að þessi hömlulausa veiði á grunnmiðum gengur of nærri stofnum helztu nytjafiska, en engar reglur eru til um verndun uppeldisstöðva á þessum grunnmiðum. Þess vegna hefur vestfirzk sjómannastétt öðrum fremur notað hvert tækifæri á fundum og ráðstefnum til að skora mjög eindregið á ríkisstj. og Alþ. og bent á, að það sé lífsnauðsyn fyrir Íslendinga að friða landgrunnið allt út af Vestfjörðum með því að færa út fiskveiðilandhelgina í 50—60 sjómílur nú þegar. Fyrir skömmu sendu sjómenn og útgerðarmenn á Vestfjörðum áskorun til Alþ., sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Á grundvelli þess, að Farmanna- og fiskimannasamband Íslands hefur skorað á Alþingi Íslendinga að stækka fiskveiðilögsögu okkar, viljum við undirritaðir taka undir þá áskorun með því að skora á ríkisstjórn Íslands að ákveða nú þegar stækkun fiskveiðilögsögunnar út í 50—60 sjómílur á Alþ., sem núna er við störf. Allir Íslendingar vita, að þetta er alvarlegt mál, sem þolir ekki bið, og treystum við því, að ríkisstjórnin daufheyrist ekki við áskorunum í svo alvarlegu máli."

Undir þessa áskorun rituðu um 200 karlmenn, flestallir sjómenn og útgerðarmenn.

Fjórðungssamband Vestfirðinga gerði samþykkt 15. marz s. l., en þar segir m. a:

„Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga lýsir yfir stuðningi sínum við áskorun þá, sem sjómenn á Patreksfirði og Tálknafirði hafa sent til Alþingis varðandi útfærslu landhelginnar. Stjórnin telur mjög nauðsynlegt og aðkallandi, að landhelgin úti fyrir Vestfjörðum verði stóraukin, og bendir jafnframt á þá staðreynd, að umræddar aðgerðir þoli enga bið."

Margar aðrar samþykktir hafa borizt, t. d. frá hreppsnefnd Hólshrepps í Bolungarvík, þar sem lýst er yfir stuðningi við áðurnefndar samþykktir.

Engir hafa fundið sárar til þess, hvernig ástandið er á fiskimiðunum, en sjómenn á Vestfjörðum, sem hafa orðið að búa við það að þurfa að berjast við útlendinga um réttinn til að veiða á fiskimiðum sínum skammt undan landi. Þá hefur verið algengt, að sjómenn töpuðu veiðarfærum sínum af völdum erlendra togara og því orðið fyrir stórtjóni af þeirra völdum, bæði veiðarfæratjóni og aflatjóni. Þeir eru í stöðugum ótta um það, hvort þeir megi leggja veiðarfæri sín í sjóinn, þar sem þeir telja helzt afla von, og oft verða þeir að hrekjast af þessum slóðum. Þannig hafa vestfirzkir sjómenn þurft að heyja baráttu við útlendinga um eigin fiskimið. Þeim finnst því bið in vera orðin bæði löng og ströng. Þessir vestfirzku sjómenn virðast ekki líta á þetta mál eins og hæstv. utanrrh., sem hikar við útfærslu, vegna þess að vinaþjóðir okkar í Evrópu munu tapa mestu, ef landhelgi okkar verður færð út í 50 sjómílur. Af þessum ástæðum er afar skiljanlegt, að fyrstu og ákveðnustu samþykktir á þessu máli komi frá vestfirzkum sjómönnum og útgerðarmönnum, því að þeir þekkja þetta vandamál til hlítar. Þeir gera sér ljóst, að lífsnauðsyn er að friða nú þegar landgrunnið út af Vestfjörðum, því að afkoma fólksins byggist á sjósókn og vinnslu sjávarafurða. Ef aflamagnið rýrnar, þá minnkar öll atvinna á þessu svæði, og þá er sú hætta yfirvofandi, að fólkið missi trúna á, að lífvænlegt sé að búa á Vestfjörðum. Slíkt má aldrei verða, því að á Vestfjörðum er dugmikil sjómannastétt, sem sækir á góð en erfið fiskimið, og í landi er þróttmikið fólk, sem vinnur að því að gera sjávaraflann verðmætari. Vestfirðingar hafa alltaf lagt sinn ríflega skerf í þjóðarbú Íslendinga.

Í Alþingiskosningunum, sem fram eiga að fara í sumar, verður tekizt á um stefnuna í efnahagsmálum þjóðarinnar, um það, hvort gamla og úrelta viðreisnarstefnan á enn að vera hér ráðandi eða hvort upp verður tekin ný stefna, sem er í samræmi við hagsmuni alls vinnandi fólks í landinu, stefna, sem gæti komið í veg fyrir sífellda árekstra á vinnumarkaðinum, stefna, sem miðaði að því að styrkja íslenzkt atvinnulíf. Í kosningunum í sumar verður einnig tekizt á um stefnuna í landhelgismálinu. Spurningin mikla er þessi: Verður hið nýja Alþingi skipað þeim mönnum að meiri hl., sem hafa dug og þor til þess að færa út landhelgina, til að tryggja Íslendingum þann yfirráðarétt yfir fiskimiðunum við landið, sem þeim ber og er þeim lífsnauðsynlegur.

Stefna okkar Alþb.-manna er skýr. Við berjumst fyrir ákvörðun um stækkun fiskveiðilandhelginnar í a. m. k. 50 mílur strax. Alþb. er áhrifamesti flokkurinn í íslenzkri verkalýðshreyfingu. Ný stefna í efnahagsmálum þjóðarinnar, sem nýtur stuðnings verkalýðshreyfingarinnar í landinu, er nauðsynleg. Allir þeir, sem vilja vinna að djarflegri sókn Íslendinga í landhelgismálinu og að því, að hér verði tekin upp ný framfarastefna í efnahagsmálum, ættu því í komandi kosningum að vinna að öflugum sigri Alþb. — Góða nótt.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Góðir hlustendur. Hannibal Valdimarsson flutti hér ræðu fyrir nokkurri stundu og var jafnkokhraustur og hressilegur og hann er vanur að vera. En þessi ræða einkenndist af því, að hún var frá byrjun til enda ein samfelld árás á Alþfl., samfelldar lýsingar á því, hversu voðalegur flokkur þetta sé, hvílíkir svikarar við jafnaðarmenn eða Alþfl.-menn séum o. s. frv., o. s. frv. Í þessu sambandi langar mig aðeins til þess að minna hlustendur á það, að það eru ekki mjög

margar vikur liðnar, síðan þessi sami Hannibal gerði opinbert tilboð um það að sameinast þessum voðalega Alþfl. Það er einkennilegt að bjóðast til þess að sameinast algerlega flokki, sem hann nú lýsir á þennan hroðalega hátt.

Það fóru fram ýtarlegar viðræður um þetta og þær voru að mörgu leyti vinsamlegar, en um leið athyglisverðar. Það er bezt, úr því að Hannibal notar tækifærið fyrir framan alþjóð til þess að senda Alþfl. slíkar kveðjur sem hann gerði í kvöld, að segja frá því, að í þessum viðræðum gerði Hannibal engar sérstakar kröfur varðandi málefni. Nei, það voru ekki hans áhugamál. Kröfurnar, sem voru gerðar, voru þær að tryggja Hannibal Valdimarssyni og Birni Jónssyni þingsæti. Það var hugsjónin. Það var aðalatriðið.

Geir Gunnarsson og Magnús Kjartansson hafa talað hér nokkuð um samstarf Alþfl. við Sjálfstfl. og eru jafnhneykslaðir á því og þeir og ýmsir fleiri hafa lengi verið. Þetta er mál, sem oft hefur verið rætt og oft hefur verið skýrt, hvernig þetta samstarf er til komið, á hverju það byggist og hvers vegna það hefur haldið áfram. En ég vil líka minna á það, að einu sinni fengu kommúnistar tækifæri til þess að setjast í stjórn með Sjálfstfl. Þá gerðist það hér í þessum þingsal, að einn af þm. þeirra sagði, að það væri einn merkasti viðburðurinn í íslenzkri stjórnmálasögu — hvorki meira né minna — þegar kommúnistar sjálfir komust í sængina með íhaldinu. Og við vitum það allir, að þeir mundu hoppa upp í þá sæng, hvenær sem þeir fengju tækifæri til, svo að þeir ættu að spara sér stóru orðin í garð okkar Alþfl.-manna.

Magnús Kjartansson sagði, að Karl Guðjónsson væri á flótta úr Alþb. Það skyldi þó ekki vera, að það væru einhverjir fleiri að flýja og af eitthvað svipuðum ástæðum og Karl? Magnús reyndi ekki einu sinni að svara málefnalega ræðu Karls eða því, sem hann hafði að segja, heldur valdi Magnús þann kost að gera heldur ómerkilega pólitíska árás á fyrrverandi félaga sinn. En Alþb. mun ekki sleppa svo auðveldlega. Alþb. verður að skýra nánar og betur fyrir kjósendum sínum, hvers vegna maður eins og Karl Guðjónsson gat ekki verið lengur í þeim flokki, og ég veit, að það eru margir víða um land, sem bíða eftir því að heyra þau svör.

Það þing, sem nú er að ljúka, hefur látið prenta fyrir sig yfir 900 þskj. um yfir 300 þingmál. En á þeim fáu mínútum, sem ég á eftir, mun ég aðeins ræða lauslega um þrjú þessara mála, sem ég tel að hafi hvað mesta jákvæða þýðingu fyrir þjóðina í framtíðinni. Það eru menntamálin, landhelgismálið og tryggingamálin.

Skólamál hafa aldrei í sögu þjóðarinnar verið svo mikið rædd né mikið áhugamál almennings sem nú. Íslendingar byggja á fornum arfi alþýðumenntunar og eiga henni að þakka, að hér er enn í dag sjálfstæð þjóð með sjálfstæða menningu og tungu. En nú er tækniöld, og öllum er ljóst, að því meiri skólagöngu sem unglingur fær, hvort sem um er að ræða bóknám eða verknám, því meiri verða möguleikar hans til þess að velja sér lífsstarf og komast vel áfram. Þess vegna eru allar líkur á, að innan fárra ára muni rúmur þriðjungur alls æskufólks hljóta stúdentsmenntun eða eitthvað annað sambærilegt nám. Hin gamla, fína stúdentstign er í raun og veru úr sögunni. Í staðinn er kominn áfangi á menntabraut þúsunda ungmenna.

Alþfl. hefur farið með stjórn menntamála í hálfan annan áratug. Á þessu tímabili hafa orðið samfelldar breytingar, svo að bylting væri réttara orð, og hvert einasta þrep í öllu skólakerfinu verið endurnýjað og mörgum nýjum bætt við. Menntmrh. hefur ekki aðeins fylgzt með tímanum, heldur er hann að því leyti á undan sinni samtíð hér á landi, að mörgum alþm. þykir eitt síðasta frv., sem við afgreiddum í dag, frv. um Kennaraháskóla Íslands, jafnvel ganga of langt. Tíminn mun leiða í ljós, að svo er ekki. Við erum á réttri braut. Verkefnin fram undan eru mörg og munu halda áfram að birtast, því að skólamál verða í sífelldri þróun hér sem annars staðar á komandi áratugum. Stefna Alþfl. í skólamálum hefur verið og er sú, að Íslendingar eigi lifandi og vaxandi nútímaskólakerfi, sem öll börn og allir unglingar eigi jafnan kost á að notfæra sér eftir hæfileikum og óskum. Þessu takmarki verður e. t. v. seint náð til fullnustu, en við höfum verið á hraðri ferð í rétta átt.

Landhelgismálin voru rædd sérstaklega s. l. fimmtudagskvöld, og er því ekki ástæða til að fjölyrða um þau, þótt þau hafi enn blandazt nokkuð í umr. í kvöld. Það er fyrst af öllu ástæða til að undirstrika, að allir flokkar og allir aðilar virðast sammála um, hvert takmark þjóðarinnar er í landhelgismálum: yfirráð yfir landgrunni miðað við 400 metra dýptarlínu, þó aldrei minna en 50 mílna fiskveiðilögsaga. Þess vegna ber enn að harma, að ekki skyldi takast samkomulag milli forustumanna þingflokkanna um sameiginlega yfirlýsingu, heldur eru nú horfur á, að þetta mál verði gert að ágreiningsmáli í kosningabaráttunni, og því miður fer varla hjá því, að kosningadeilur um landhelgismálið geti skaðað málstað þjóðarinnar út á við. Vorið 1959 gerði Alþ. samþykkt um landhelgismál. Þá voru kosningar fram undan eins og nú. Þá var Emil Jónsson forsrh., en utanrmn. Alþ. sameinaði flokkana og samdi ályktun, stutta, skýra og harða. Í aðeins 9 línum var mörkuð stefna, sem við höfum fylgt síðan. Nú erum við þeir ógæfumenn, að flokkarnir rífast um, hvaða leiðir á að fara að settu marki. Báðir aðilar, stjórn og stjórnarandstaða, flytja sínar eigin till., ríkisstj. með ábyrgð og varfærni, en stjórnarandstaðan með stórvarhugaverðu ábyrgðarleysi. Hannibal Valdimarsson fullyrti í ræðu sinni áðan, að Emil Jónsson hefði kallað það siðlausa ævintýrapólitík að segja upp brezka samningnum. Þetta er alrangt. Emil Jónsson sagði ekkert slíkt um uppsögn brezka samningsins. Hann notaði þessi orð um allt aðra hluti varðandi landhelgispólitík. Emil Jónsson utanrrh. hefur langa reynslu, og enginn hefur vogað sér að halda fram, að hann vinni ekki af heilum hug fyrir íslenzku

þjóðina og engan annan. Undirbúningur málsins hefur í hans höndum undanfarin ár verið mjög mikill, þó að hann væri óhjákvæmilega að mestu leyti á bak við tjöldin, og stefna hans í landhelgismálinu, eins og hún hefur verið eða verður mótuð, mun án efa skila þjóðinni beztum og öruggustum árangri.

Þess má og minnast, að Alþfl. hefur haft forustu utanríkismálanna á hendi í hálfan annan áratug. Á þessu tímabili var fyrsta landhelgisdeilan við Breta leyst, og síðan voru framkvæmdar tvær útfærslur landhelginnar. Fyrir 1952 voru aðeins 24 þús. km² innan landhelgi, en í dag eru þeir 74 þús. Þetta eru verk, sem tala. Ævintýrapólitík Lúðvíks Jósepssonar hefur verið hafnað til þessa í landhelgismálum, og það hefur tekizt að þrefalda landhelgina. Við skulum enn hafna allri ævintýrapólitík, en sækja fram eins og skynsamir, siðaðir menn. Það mun bera árangur nú eins og fyrr.

Það er mikilvægt í landhelgismálinu að misstíga sig ekki. Við verðum að minnast þess, að við erum að tefla örlagaríkt tafl við erlend ríki, mörg þeirra hin voldugustu í heimi, sem nú vilja binda 12 mílna landhelgi, en þ. á m. eru bæði Sovétríkin og Bandaríkin. Við eigum að láta alla vita, hvert við stefnum, en við eigum ekki að binda okkur við ákveðnar dagsetningar fram í tímann. Það eru of margir leikir á borðinu til þess að slíkt sé hyggilegt, enda þótt vel geti farið svo, að útfærslu verði að framkvæma fyrir ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna 1973. Það eru allir aðilar sammála um, að sá möguleiki geti verið fyrir hendi og sé alls ekki útilokaður. Eins vil ég segja það, að það mun að sjálfsögðu verða að taka fyrir samningana við Breta og Þjóðverja og hlut þeirra í þessu máli öllu.

Þriðja og síðasta stórmálið, sem ég nefni í kvöld, eru almannatryggingar. Alþ. hefur í dag samþykkt nýja löggjöf, sem felur í sér margvíslegar og stórfelldar umbætur á tryggingakerfinu og hækkun á launum og bótum almannatrygginga, sem nemur um 500 millj. kr. Því miður geta þessar hækkanir ekki komið til framkvæmda fyrr en um næstu áramót, af því að ókleift hefur reynzt að afla fyrr þeirra peninga, sem til þeirra þarf, enda kemur sú fjáröflun til viðbótar við yfir 30% hækkun á elli- og örorkubótum og öðrum bótum, sem þegar hafa orðið síðan í fyrravor í samræmi við almennar breytingar á launum og verðlagi. Ég vil taka það skýrt fram, að í hinum nýju lögum eru ákvæði um, að bætur skuli hækka með öðrum hækkunum í þjóðfélaginu, og að Eggert G. Þorsteinsson ráðh. hefur lýst því afdráttarlaust yfir, að ef Alþfl. hefur nokkuð með þessi mál að gera 1. sept. n. k. muni hann þá þegar hækka bæturnar, ef þá verða almennar launahækkanir. Bragi Sigurjónsson skoraði á aðra flokka að gefa sams konar yfirlýsingu, en enginn þeirra hefur enn þá haft fyrir því að gera það. Sú hækkun, sem tryggingafrv. gerir ráð fyrir, er því óháð öðrum hækkunum. Þetta er grunnhækkun, sem þeir eiga að fá, sem tryggingarnar njóta.

Tryggingafrv. hefur verið í smíðum í tæplega eitt ár. Það er ekkert leyndarmál hér í sölum Alþingis, að upphaflega var talað um að hækka tryggingabæturnar um 300 millj. kr. En það voru þm. Alþfl., sem neituðu að standa að málinu nema bæturnar hækkuðu ekki um 300, heldur um 500 millj. kr. Og það skal ég segja ráðh. og þm. Sjálfstfl. til hróss, að þeir gengu þegar inn á þessa kröfu Alþfl. Þess vegna varð hækkunin 500 millj., eins og raun ber vitni. Allt þetta gerðist á bak við tjöldin, áður en tryggingafrv. var flutt. En það eru atvik eins og þetta, sem sýna, hverjir standa vörð um almannatryggingarnar og leggja á þær mesta áherzlu. Það er víst þetta, sem Ingvar Gíslason kallar afturhald í tryggingamálum, þegar hann þarf að koma höggi á Alþfl.

Til samanburðar við afgreiðslu á þessu máli og þetta tryggingamál allt, sem núv. ríkisstj. hefur knúið í gegnum þingið, þótt á síðustu vikum þess væri, vil ég rifja það upp, að í tíð vinstri stjórnarinnar gerði Alþfl. kröfu um mikla hækkun almannatrygginga. En þá fengust framsóknarmenn og Alþb.-menn ekki til þess að sinna því máli. Fjmrh. Framsfl. sagði nei og sá öll vandkvæði á því að útvega peninga í tryggingahækkanir. Og hvað gerði Hannibal Valdimarsson þá? Hann var þá einn af ráðh. Það fór ekki mikið fyrir tryggingaáhuga hans þá, þó að hann gráti næstum því fyrir framan gamla fólkið nú. (**HV:** Alþfl. fór með málið.) Alþfl. fór með málið, en hann þurfti stuðning annarra ráðh. (Gripið fram í.) Þann stuðning vantaði, enda hefðu tryggingarnar þá verið hækkaðar, ef sá stuðningur hefði verið fyrir hendi. (Gripið fram í.) Fyrrv. ráðh. Hannibal Valdimarsson virðist vera orðinn allórólegur undir þessum upprifjunum mínum og hefur nú eftir framíköll gengið úr salnum. Ég vona, að honum verði rótt þarna frammi.

Nú er svo komið, að allir flokkar keppast um að sýna áhuga sinn á almannatryggingum og reyna að koma því orði á Alþfl., að hann hafi brugðizt þessu gamla baráttumáli sínu. Dæmið, sem ég nefndi áðan, sannar betur en nokkuð annað, að árásirnar á Alþfl. eru tilefnislausar. Við látum okkur þær því í léttu rúmi liggja. En hinu fögnum við, að almannatryggingar eru nú orðnar svo mikið áhugamál allra flokka, að varla verður fyrirstaða um öra þróun þeirra á næstu árum. Í hinum nýju tryggingalögum, sem samþ. voru í dag, er að ýmsu leyti farið inn á nýjar brautir. Það er trú okkar Alþfl.-manna, að á næstu árum muni tryggingakerfið halda áfram að taka verulegum skipulagsbreytingum, til þess að það mikla fé, sem varið er í þessu skyni, komi að sem beztum notum og tilgangi tryggingahugsjónarinnar verði sem bezt náð.

Ég hef rætt aðallega um þrjú mikil mál. Eitt hefur sérstöðu. Það er sjálfstæðismál, landhelgin. Hin tvö, skólamál og almannatryggingar, fjalla um aðstöðu okkar í lífinu og öryggi. Þau snerta þá hugsjón, að landsmenn skuli allir vera jafnir. Þetta er hugsjón jafnaðarstefnunnar í framkvæmd. Nú

gengur alda um hinn frjálsa heim, og unga fólkið krefst endurmats á lýðræði, á jafnrétti fólksins í lýðræðisríkjum. Þetta teljum við jafnaðarmenn mál næstu framtíðar hér á landi og unga fólkið í röðum okkar setur það ofar öllu. Vinstri hreyfing á Íslandi hefur því miður lengi verið klofin og aldrei klofnari en nú, en Alþfl. hefur reynzt sá vinstri flokkur, sem hefur starfað af mestri ábyrgð og náð mestum árangri. Hann er því sá kjarni, sem allir íslenzkir jafnaðarmenn eiga að safnast um og eiga að styðja í þeim kosningum, sem fram undan eru. Alþfl. er flokkur framtíðarinnar. — Góða nótt.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég held, að hv. 5. þm. Vesturl., Benedikt Gröndal, hafi ekki efni á því að vera að brigzla okkur stjórnarandstæðingum um siðleysi í landhelgismálinu. Það vita allir og það er til hróss þessum hv. þm., að hann er óánægður með afgreiðslu ríkisstj. á málinu, og þess vegna eru svona slagorð fram kölluð af hans hendi. Það er ekki hægt að óska eftir samstöðu í landhelgismálinu upp á þann hátt að gera ekki neitt, eins og hæstv. ríkisstj. gerir till. um. Það veit Benedikt Gröndal, þó að hann segi annað hér. Það, sem er gert í landhelgismálinu, er ekki annað en það, sem hefur verið rökstutt, það eru ábyrgar, ákveðnar till. í málinu, og landhelgismálið sem og önnur mál vinnast ekki nema ákveðnar till. séu í því gerðar.

Út af því, sem Benedikt Gröndal sagði um tryggingarnar, þá vil ég leiðrétta hann með það, að tryggingabæturnar hækki eins og kaupgjald og vísitala í landinu. Þetta er ekki rétt. Það á hins vegar að taka tillit til þess, ef kaupgjald í almennri fiskvinnu hækkar, þá getur tryggingaráðið tekið málið upp, og þá skulu þeir tryggðu njóta bóta að 6 mánuðum liðnum. Þetta er frammistaðan. Framsfl. vildi tengja þetta kaupgjaldsvísitölunni og kaupgjaldinu í landinu, og það var tryggara en yfirlýsing Eggerts G. Þorsteinssonar. Benedikt Gröndal segir: Við björguðum því, Alþfl.-menn, á bak við tjöldin, að það var farið í 20% í staðinn fyrir 10%. — Nú skal ég ekki fara að ræða um það, sem Benedikt Gröndal þykist sjá á bak við tjöldin. En ég spyr: Var ekki þessi endurskoðun unnin undir forsjá tryggingaráðh. Eggerts G. Þorsteinssonar? Var hún ekki framkvæmd af þeim Alþfl.-mönnum, forstjóranum í Tryggingastofnuninni og Björgvin Guðmundssyni? Það hefur verið hjá Alþýðublaðinu sýnd mynd af þremur Alþfl.-mönnum, sem höfðu þar forustu um. Hvar voru þeir á verðinum, þegar þessar till. voru gerðar? Ætli það hafi ekki heldur verið hitt, að þeir hafi séð að sér, að þeir voru komnir í alvarlega hættu með málið, Alþfl.-menn.

Það sannaðist á hæstv. fjmrh., að sannleikanum verður hver sárreiðastur. Það kom greinilega fram, þegar hann vék að hinni skörulegu og skeleggu ræðu Einars Ágústssonar. Hlustendur hafa tekið eftir því, að Magnús Jónsson nefndi ekkert dæmi um það, sem Einar hefði ofsagt eða farið rangt með, heldur vitnaði hann til þess, að hann hefði ekki vald á ríkisskattanefnd, hún væri sjálfstæður dómstóll. Ráðh. mundi þó e. t. v. hafa tækifæri til þess að koma að rökum um það, að breyttar forsendur væru fyrir því, að úrskurður hennar gæti staðizt áfram. Og ef ekkert átti að gera í sambandi við þá launabreytingu, sem varð fyrir jólin, af hverju sagði þá Magnús Jónsson fjmrh. þetta m. a. við Morgunblaðið, þegar hann ræðir um hina nýju kjarasamninga:

„Í öðru lagi falla nú niður margs konar hlunnindi, fríðindi og aukagreiðslur, sem tíðkazt hafa í ríkiskerfinu, ekki sízt hjá hinum hæst launuðu.“ Og síðar: „Í heild er niðurstaðan sú, að launahækkanir til hinna hæst launuðu verða ekki jafnmiklar í reynd og þær kunna að sýnast á pappírnum, vegna þess að á móti kemur, að margs konar hlunnindi falla niður.“ Hvað var það, sem ráðh. átti við, ef það er ekki ádeiluvert, ef þessu er ekki komið í framkvæmd?

Fjmrh. talaði um það, að till. okkar nú við fjárlagaafgreiðslu væru ekki í sparnaðarátt. Mikið var það nú. Við fluttum við 3. umr. fjárl., minni hl. fjvn., till. upp á 13 millj. kr. hækkun í fjárl., sem voru 11500 millj. kr. Það hafði áhrif á ríkiskerfið! En það, sem við höfum hins vegar haldið fram, er það, að það þýðir ekki að bera fram einstakar till. til sparnaðar í ríkiskerfinu. Það verður að taka kerfið sjálft til endurskoðunar, ef það á að hafa nokkur áhrif á niðurstöðutölu fjárl. Þessu höfum við marglýst yfir og reyndar ráðh. viðurkennt, að það yrði að vinna að ríkiskerfinu þannig, að kerfisbundið væri, ef breyta ætti niðurstöðum á fjárl.

Ráðh. sagði, að við hefðum verið á móti verðstöðvuninni. Við höfum ekki verið á móti verðstöðvuninni, en við höfum hins vegar haldið því fram, að verðstöðvun, sem væri sýndarmennska ein, gagnaði ekki nema þann stutta tíma, sem hún væri látin gilda. Þannig hefði farið áður og þannig færi nú, ef núv. valdhafar sætu áfram í stólunum, eins og ég mun víkja að síðar.

Ráðh. sagði, að það væri kosningabragur á þessu þingi, og dómsmrh. vék að því líka, hér flyttu stjórnarandstæðingar margar till. til útgjalda, en ekki væri séð fyrir, hvernig greiða ætti. Ég gerði mér það til dundurs, að ég tók saman á nokkrum frv. ríkisstj., sem komið hafa á borð þm. síðustu dagana, hvað miklar útgjaldahækkanir þar væri um að ræða, sem áttu að koma til framkvæmda, eftir að þetta ár er liðið, og ég var kominn á annan milljarð, þegar ég hætti þeirri samlagningu. Þar var ekki um ábyrgðarleysi að ræða, enda var það flutt af stjórninni, en það var ekki séð fyrir tekjum til þess að koma þessum verkefnum í framkvæmd.

Um ræður þeirra Alþfl.-manna vil ég svo segja það, að það einkennir þá, að það, sem þeir gera, er allt vel unnið og rétt gert. Í því sambandi langar mig að minna á það, að þegar gengisbreytingin 1967 var gerð, hélt Alþfl.-formaðurinn því fram, að hún væri sérstaklega vel hugsuð og undirbúin. Engin gengisbreyting á Íslandi hefði verið svo vel gerð. Hún entist í einn mánuð án nýrra aðgerða.

Yfirlýsingar fram í tímann og stefnufesta er

mikils virði, segja þeir Alþfl.-menn. Þeir hafa gefið út yfirlýsingu. Eina gáfu þeir út 25. ágúst 1967 um ástandið í efnahagsmálum, og þá sagði Gylfi Þ. Gíslason: „En ég fullyrði, að gengislækkun er ekki rétta leiðin.“ En í nóvember var gengislækkun gerð, og þá var hún eina rétta leiðin. Þá sagði Gylfi Þ. Gíslason, eftir að hún hafði verið framkvæmd 21. nóv., nákvæmlega þrem mánuðum síðar: „Þá mun tímabil erfiðleikanna von bráðar á enda og björt framtíð blasa við þjóðinni.“ Gengisbreytingin var þá eina rétta leiðin. Stefnufestu skulum við hafa, segir Alþfl. Hver er stefna Alþfl.? 1953 sagði Alþfl.: Ranglátasti skattur, sem íslenzki löggjafinn hefur lagt á, er söluskattur. — Nú er hann réttlátasti skattur, sem íslenzki löggjafinn hefur lagt á, enda er hann nú stærsti tekjustofn ríkissjóðs í þeirri ríkisstj., sem þeir Alþfl.-menn styðja. Jafnrétti og örugg afkoma allra þegna er okkar höfuðtakmark, sagði Gylfi Þ. Gíslason hér í kvöld. Ellilaunin hafa lækkað frá því 1967 fram til þessa um 9%, þó að þau hafi verið hækkuð í sumar um 20%. Það er mikið afkomuöryggi hjá ellilaunaþega, sem fær 4900 kr. á mánuði nú, og svo verður að vera fram að næstu áramótum. Og það er mikið afkomuöryggi, þó að hann fái 84 þús. á næsta ári, sem er svo gert með þeim hætti, að sveitarfélögin eru látin borga rúm 50% af hækkuninni, og á því er sannkallaður framfærslusvipur. En á sama tíma og Alþfl. kemur þessu réttlæti í framkvæmd stendur hann fyrir því að leggja hér fram frv. að skattamálum, þar sem hluthafar mega taka um 20% arð, því að svo var það í frv., þegar það var lagt fyrir. Skattfrjálst má vera hjá hjónum um 60 þús. kr. og fyrir hvert barn þeirra um 15 þús. kr. Þetta er jafnréttið, sem Alþfl. er að skapa nú til dags. Á sama tíma er svo ekkert gert í skattamálum einstaklinganna. Þetta þótti svo mikil rausn, að atvinnurekendurnir höfðu ekki lyst á þessu og létu breyta frv.

Það er ekki að undra, þótt óbreyttir Alþfl.-menn segi: Það er hryllileg staðreynd, að stór hluti þjóðarinnar er hættur að gera greinarmun á okkur og Sjálfstfl. — Þetta var í Alþýðublaðinu í sumar.

Landbrh., Ingólfur Jónsson, flutti ræðu hér í kvöld og vék m. a. að vegamálum og talaði um, hvað betur væri að þeim staðið nú en áður hefði verið. Minna má ráðh. á það, að þegar hann tók við þeim málum voru vegir landsins skuldlausir og lítt notaðir tekjustofnar, sem hann tók þá við. Nú er það svo, að vegasjóður skuldar um 700—800 millj. kr. og tekjustofnar af umferðinni eru nú að mestu nýttir nema þeir, sem ríkissjóður situr enn að og þarf til veganna að ganga. Það er gott dæmi um samhengið í efnahagsstefnu ríkisstj. og vegamálunum, að skuld á Keflavíkurvegi er nú yfir 400 millj. kr., þó að vegurinn kostaði ekki nema um 270 millj. kr.

Um landbúnaðarmálin, sem Ingólfur Jónsson vék að, vil ég spyrja: Hver er stefna landbrh. í framleiðslu og uppbyggingu landbúnaðarins? Hún hefur engin verið. Hins vegar hefur ráðh. haldið því fram, að það skipti ekki máli, hver framleiðslukostnaðurinn væri, því að hann yrði borinn uppi af verðlaginu, þegar varan væri seld. Þess vegna hefur ráðh. tekið upp þá stefnu að hækka vexti af stofnlánum til landbúnaðarins og stytta lánstímann, og lánakjör þau, sem landbúnaðurinn býr nú við, eru slík, þegar launaskatturinn er tekinn með, sem var yfir 20 millj. á s. l. ári, að það jafngilti því, að það væru 15.5% afföll af lánum þeim, sem landbúnaðurinn fékk til stofnlána, enda hefur þessi stefna orðið til þess að draga verulega úr sölu á landbúnaðarafurðum. Það hefur sýnt sig, þar sem varan hefur selzt meira, eftir að var farið að greiða hana niður, og bændur landsins eru tekjulægsta stétt þjóðfélagsins. Þetta er árangurinn af landbúnaðarstefnu Ingólfs Jónssonar.

Stjórnarflokkarnir gengu til kosninganna árið 1959 undir kjörorðinu: „Stöðvun verðbólgu“. Undir sama kjörorði gengu þeir til kosninganna 1967. Og enn á að ganga til kosninga undir kjörorðinu: „Stöðvun verðbólgu“. Hver er svo árangurinn af þessum fyrirheitum um stöðvun verðbólgunnar? Á áratugnum 1950—1960, þegar Framsfl. sat í ríkisstj., var vöxtur verðbólgunnar 123 stig, en 250 stig á áratugnum 1960—1970, á valdaskeiði núv. ríkisstj. Árangurinn af fyrirheitunum við síðustu kosningar um stöðvun verðbólgu varð þessi: Gengisfelling var gerð í nóvember 1967 og aftur í nóvember árið eftir. Segja má með réttu, að bráðabirgðaráðstafanir hafi verið gerðar svo að segja í hverjum mánuði á milli gengisbreytinganna til að halda atvinnu- og efnahagskerfinu gangandi. Afleiðingarnar af þessum gengisföllum urðu svo þær, að erlendur gjaldeyrir hækkar í verði yfir 100%. Gengistöp ýmissa ríkisstofnana urðu hartnær einn milljarður. Fjárlög hafa hækkað frá 1967 úr 4700 millj. kr. í 11500 millj. kr., eða um 144%. Sparnaður í ríkisrekstrinum hefur reynzt minni en ætlað var. T. d. hefur ekki tekizt að telja launaðar nefndir enn þá, þó að á annað ár sé liðið síðan óskað var eftir grg. um þær. Áður hafði þó verið gefið fyrirheit um sparnað á því sviði.

Greiðsluhalli hefur verið hjá ríkissjóði öll þessi ár kjörtímabilsins nema árið 1970, þrátt fyrir verulegar tekjur umfram fjárlög og háar fjárhæðir í lánum vegna verklegra framkvæmda. Staða erlendra skulda hefur breytzt svo, að á árinu 1966 voru nettóskuldir við útlönd 6353 millj. kr., en 1970 9346 millj. kr. Í árslok 1966 námu nettóskuldir við útlönd 34% af heildarútflutningstekjum af vörum og þjónustu á þessu ári, en í árslok 1970 eru nettóskuldir við útlönd 44% af áætluðum útflutningstekjum af vörum og þjónustu. Atvinnuleysi var verulegt á árunum 1968 og 1969. Launakjör voru lægri en gerzt hefur um langt árabil á árinu 1969 og fram eftir árinu 1970. Þrátt fyrir einstakt góðæri í verðlagi og aflabrögðum s. l. ár er atvinnulífinu haldið gangandi með ríkisaðgerðum, sem felast í niðurgreiðslum á vöruverði, og kostar það þjóðina yfir 1100 millj. kr. Nægir sú fjárhæð þó ekki nema fram yfir kosningarnar. 1. sept. skal þessari sýndarmennsku hætt, enda kosningunum þá lokið.

Ríkisstj. hefur ekki séð önnur úrræði til lausnar í efnahagsvandamálum en síendurteknar gengislækkanir. Við framsóknarmenn höfum oft á það bent, að aðrar leiðir væru til, svo sem markviss stefna í atvinnumálum, stjórn á fjárfestingu, endurskipulagning á ríkisrekstrinum, hagstæðari stofnlán vegna atvinnuveganna og færri sérskattar á þá en nú er. Ekki hefur ríkisstj. viljað eyrun að því leggja, að slík ráð kæmu að notum.

Á þessu þingi hefur einn af þm. Sjálfstfl., Ólafur Björnsson hagfræðiprófessor, sagt álit sitt á gengislækkunarstefnu ríkisstj. og útlitinu í efnahagsmálum. Í þingræðu 10. febr. s. l. segir Ólafur Björnsson svo, með leyfi hæstv. forseta: „Það er vissulega hægt að halda öllu fljótandi um stundarsakir með slíkum einhliða aðgerðum stjórnvalda, þó að gerðar séu í trássi við launþegasamtökin, en ekki heldur nema um stundarsakir, því að fyrr eða síðar kemur að því, að hinar sífelldu gengislækkanir eyðileggja trú fólksins á gildi peninganna, en með því er grundvellinum kippt undan því, að efnahagskerfið sé starfhæft, og öngþveiti óðaverðbólgu heldur innreið sína. Ég tel mig ekki gera mig sekan um neitt trúnaðarbrot, þó að ég segi það hér, að ég hef a. m. k. allt s. l. ár, bæði innan míns flokks og á opinberum vettvangi, ekki dregið neina dul á þá skoðun mína, að þessi heföbundnu úrræði hafa nú gengið sér til húðar og leita verður nýrra.“ Og síðar í sömu ræðu segir Ólafur Björnsson, þegar hann lýsir, hvað við taki 1. sept.: „Það er hrollvekja að hugsa til þeirra vandamála, sem blasa við.“

Þetta er yfirlýsing eins þm. úr stjórnarliðinu á árangrinum af efnahagsstefnu ríkisstj.

Í ræðu minni hér að framan hef ég sýnt fram á það, að allt tal ríkisstj. um verðstöðvun árið 1967 var skrum eitt, gert til að blekkja þjóðina, og það tókst þá. Sama leik á að reyna að leika nú. Ríkisstj. ætlar að fleyta sér á sýndarmennsku í gegnum kosningarnar í vor.

Herra forseti. Taka má undir orð Ólafs Björnssonar, þegar hann segir, að það sé hrollvekja að hugsa til þess, er verðstöðvunartímabilinu lýkur og áhrif af efnahagsstefnu ríkisstj. koma að fullu í ljós. Þjóðin má þó ekki gleyma því, að hún hefur mikla möguleika til góðrar afkomu í efnahagsmálum, ef í stað úrræðaleysis og þröngsýni núverandi valdhafa kemur atorka og dugur nýrra manna. Þjóðin býr nú við sérstaklega hátt verð á sjávarafurðum og örugga sölu þeirra. Hún á aukna sölumöguleika í landbúnaðarframleiðslu sinni. Fiskrækt í ám og vötnum á að geta orðið arðsöm atvinnugrein. Sama er að segja um þjónustu við ferðamenn og samgöngur landa á milli. Iðnaðarframleiðsla á að verða stærri þáttur í atvinnulífi þjóðarinnar en nú er, og svo verður, ef rétt er á haldið. Þessir og aðrir möguleikar eiga að skapa bjartsýni og trú hjá þjóð, sem býr í fögru landi, landi, sem býður tært vatn og hreint loft.

Það er ljóst, að þeir atvinnuvegir, sem skapað hafa tilveru þessarar þjóðar, landbúnaður og fiskveiðar, ráða mestu um framtíð hennar. Fiskveiðar og fiskiðnaður munu verða fyrirferðamest í atvinnulífi þjóðarinnar sem fyrr.

Framsóknarmenn hafa með málflutningi sínum á Alþ. í vetur sannað það, að þeir munu með störfum sínum í framtíðinni leggja höfuðáherzlu á skipulag, þ. e. atvinnuuppbyggingu í landinu. Með frv. um Atvinnumálastofnun ríkisins, iðnþróunaráætlun, ríkis- og bæjarútgerð togara og fjárhagsstuðningi til endurbóta á frystihúsum er mynduð keðja til uppbyggingar fiskiðnaðarins. Þessar ráðstafanir munu tryggja jafnari hráefnaöflun en nú er, lengri árlegan vinnutíma og skapa möguleika á fullvinnslu aflans. Marka þarf ákveðna stefnu í framleiðslu landbúnaðarvara, sem byggð sé á því, að bændur njóti sambærilegra tekna við hliðstæðar stéttir, en gera þó þessa nauðsynlegu matvælaframleiðslu hagkvæma með tilliti til verðs. Beita á fjárhagsstuðningi ríkisins í samráði við forustumenn landbúnaðarins til að vinna að því.

Framsóknarmönnum er ljóst, að grundvöllur þess, að þjóðin lifi farsælu lífi í landi sínu, er verndun fiskimiðanna. Þess vegna hafa þeir haft forustu um að móta till. um útfærslu landhelginnar, eins og kunnugt er. Framsóknarmenn munu beita sér fyrir því, að tekin verði aftur upp sú stefna, sem horfið var frá, þegar þeir áttu þátttöku í ríkisstj., að leita eftir félagslegri samstöðu ríkisvaldsins og fólksins í landinu um lausn efnahagsmála.

Framsóknarmenn gera sér grein fyrir því, að engin töfralyf gagna, hvorki þessari þjóð né öðrum, til lausnar vandamála. Það er með þjóðir sem einstaklinga, að eigin manndómur skapar lífshamingjuna. Framsóknarmenn munu með málflutningi sínum í kosningabaráttunni í vor kynna þjóðinni stefnu sína og framtíðaráform. Þeir munu ekki kvíða samanburði á þeirri stefnu og stefnu ríkisstj. Kjörorð okkar framsóknarmanna í kosningabaráttunni verða: Við treystum á dómgreind almennings. Við trúum á góðan málstað. — Góða nótt.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Ósköp var hann Benedikt Gröndal, þetta prúðmenni hversdagslega, fokreiður hér áðan. Ég verð að segja það, að ég get ekki orða bundizt, þegar Alþfl.-menn iðka þá list að brigzla mér um aðgerðaleysi í tryggingamálum á dögum vinstri stjórnarinnar. Þetta eru vísvitandi ósannindi, sem þeir fara með, því að það var Alþfl. sjálfur, Guðmundur Í. Guðmundsson fyrir hans hönd, sem fór með tryggingarnar á þeim árum, og ber því alla ábyrgð á aðgerðaleysi þeirra ára í tryggingamálum. Benedikt Gröndal sagði, að ég hefði úthúðað Alþfl. En það rétta er, að ég fordæmdi það 12 ára umskiptingshlutverk, sem forusta Alþfl. hefur leikið og leikur enn í sambúðinni við höfuðandstæðing allrar jafnaðarstefnu, þ. e. íhaldið. Þetta fordæmdi ég.

Ég veit ástæðuna til reiðikastsins hjá Benedikt Gröndal. Það var samvizkubitið, sem olli reiði Benedikts Gröndals. Um viðræðurnar við Alþfl. er það sannleikanum samkvæmt, að Samtök frjálslyndra og vinstri manna buðust alls ekki til að

ganga í Alþfl., heldur að við sameinuðumst í nýjum jafnaðarmannaflokki, ef samstaða næðist um málefni. Alþfl. boðaði til þessara viðræðna, en þegar á hólminn kom, fór hann undan í flæmingi, og ekki náðist neinn árangur, og það er hans sök. Hitt eru alger og ruddaleg ósannindi, að rætt hafi verið um þingsæti fyrir okkur Björn Jónsson, og vísa ég þeim orðum til föðurhúsanna.

Hv. þm. Matthías Bjarnason sagði hér í kvöld, að vegna þess að við Íslendingar hefðum átt hlut að till. um, að kvödd yrði saman alþjóðleg ráðstefna um landhelgismál, værum við skuldbundnir til að færa ekki út landhelgina fyrr en að ráðstefnunni lokinni. Út af þessu vil ég segja þetta: Brasilía var einnig í fararbroddi þeirra þjóða, sem frumkvæði áttu að ráðstefnunni, en samkv. nýlegri skýrslu um utanríkismál, sem Emil Jónsson flutti hér á dögunum á Alþ., kemur það fram, að Brasilíumenn sáu þó ekkert því til fyrirstöðu að færa út landhelgi sína í desember s.l., þ. e. a. s. desember 1970, í 200 mílur. Og þegar er kunnugt um fjölmörg önnur ríki, sem vinna nú að undirbúningi útfærslu fiskveiðilögsögu sinnar á þessu ári og því næsta, hvað sem ráðstefnunni líður. Það er þetta, sem hæstv. utanrrh. kallar siðlausa ævintýrapólitík, þegar við Íslendingar eigum sjálfir í hlut.

Það vakti athygli mína í kvöld, að Karl Guðjónsson tilkynnti opinberlega, að hann yrði í kjöri fyrir Alþfl. í Suðurlandskjördæmi eða alþýðuflokksfélögin, eins og hann vildi nú heldur kalla það, í Suðurlandskjördæmi. Þetta kom mér dálítið á óvart, því að ekki er mjög langt síðan þessi hv. þm. tilkynnti mér sem formanni Samtaka frjálslyndra og vinstri manna, að hann kæmi í slaginn með okkur, hvort sem væri sem óbreyttur liðsmaður eða til framboðs. Karl bjóst við að verða spurður að því, hvort hann væri hættur að vera stjórnarandstæðingur og sé orðinn stuðningsmaður stjórnarinnar. Hann segir stjórnarsamninginn útrunninn á kjördegi, og það er rétt. En eftir kjördag verður Karl væntanlega í þingflokki Alþfl., og vil ég þá vona, að hann verði ekki til þess að ráða úrslitum um áframhaldandi stjórnarsamstarf íhalds og Alþfl. og máski til að framlengja það. Það væri ógæfuhlutverk. Ég vildi óska honum betra hlutskiptis og þá sérstaklega vænta þess, að hann leggi sameiningarmálunum lið, þótt Alþfl. væri ekki til viðtals um þau mál nú fyrir kosningar. Einnig vil ég vona, að Karl Guðjónsson styðji áfram stefnu Samtaka frjálslyndra og vinstri manna í landhelgismálinu, sem hann fyrir skemmstu staðfesti með undirskrift sinni, en berjist gegn þokuafstöðu Alþfl. í því þýðingarmikla máli. Það er a. m. k. von mín.

Magnús Kjartansson taldi, að seinleg viðbrögð verkalýðssamtakanna gegn launaárás stjórnarinnar mundu vera afleiðingar af kjöri Hannibals og Björns í forustu Alþýðusamband Íslands. En undarlegt er það, að það hafa þó einmitt verið forustumenn kommúnista í verkalýðshreyfingunni, sem seinast og deigast hafa búizt til viðnáms og gagnsóknar gagnvart launaskerðingu ríkisstj. Þetta þykir máske ótrúleg saga, en sönn er hún engu að síður. Og þetta veit Magnús Kjartansson af sérstökum ástæðum allra manna bezt. Svo hljóðandi hógvær og raunhæf till. Björns Jónssonar varð baráttumáli flokksbræðra Magnúsar Kjartanssonar í stjórn Alþýðusambands Íslands út af þessum málum, með leyfi hæstv. forseta:

„Sameiginlegur fundur miðstjórnar Alþýðusambands Íslands og samninganefndar allra landssambanda innan þess, svæðasambanda og stærstu verkalýðsfélaga, sem ekki eiga aðild að landssamböndum, ályktar að fengnu neikvæðu svari Vinnuveitendasambands Íslands við þeirri kröfu að bæta í kaupi þá skerðingu, sem varð á launum vegna lögþvingaðra breytinga á greiðslu verðlagsbóta, að beina því til allra sambandsfélaga innan ASÍ, að þau leggi algert bann við allri yfirvinnu félaga sinna og standi það bann þar til breyting hefur orðið á framangreindri afstöðu Vinnuveitendasambandsins. Væntir fundurinn þess fastlega, að ekkert sambandsfélag skerist úr leik í þessum óhjákvæmilegu aðgerðum, til þess að samningsbundnu kaupi verði uppi haldið og gerðir samningar virtir."

Tillögumaðurinn var Björn Jónsson. Þessari till. beitti Eðvarð Sigurðsson sér fastlega á móti, og í krafti síns stóra félags, Dagsbrúnar, tókst honum að fá hana fellda. Þetta er sannleikur málsins. Og má svo Magnús Kjartansson halda áfram brigzlum í garð okkar Björns Jónssonar í þessu máli.

Herra forseti. Góðir hlustendur. Það líður nú að lokum þessara umr. Þingslit eru fyrirhuguð á morgun og gengið verður til örlagaríkra kosninga eftir röska tvo mánuði. Og því vil ég segja þetta: Ríkisstj. Sjálfstfl. og Alþfl. hefur stjórnað landinu í 12½ ár. Allir eru orðnir hundleiðir á ráðh., og það sem alvarlegra er, stjórnarstefnan er gjaldþrota fyrirtæki. Úrræði hennar hafa gengið sér til húðar. Rassinn er úr buxum stjórnarinnar, og þannig til fara ganga hæstv. ráðh. nú fram fyrir kjósendur. Höfuðmál kosninganna er að sjálfsögðu það, að stjórnarflokkarnir missi meiri hluta sinn og að stjórnin falli.

Menn hafa verið að brigzla Samtökum frjálslyndra og vinstri manna um aukna sundrungu á vinstri væng stjórnmálanna, og mundi því tilkoma okkar firra stjórnina falli. Þetta er annaðhvort sagt af mikilli fávizku eða a. m. k. að óathuguðu máli, nema hvort tveggja sé, og skal ég nú sýna fram á hið rétta í því máli.

Framsfl. og Alþb. gamla, sem var miklu öflugra en núv. Alþb., reyndu við tvennar kosningar að svipta stjórnarflokkana meiri hl. og reyndust þess ómegnug í bæði skiptin. Enginn getur því látið sér detta í hug, að Framsókn og Alþb. nýja geti fellt stjórnina. Þetta vita raunar allir. Nú má stjórnarliðið ekki við því að missa einn einasta þm. Þá hafa þeir ekki stjórnhæfan meiri hluta. Það er því augljóst mál, að fái frjálslyndir vinstri menn einn þm. kjörinn, fylgja því aldrei færri en þrír uppbótarþm., þ. e. fjögurra manna þingflokkur. Það þýðir aldrei minna en tvo þm. úr liði stjórnarflokkanna, og þar

með væri stjórnin fallin. Takist okkur hins vegar að ná þremur þm. kosnum, mundum við aldrei fá færri en tvo uppbótarþm., eða alls 5 manna þingflokk. Nú heiti ég þess vegna á alla, sem vilja fall stjórnarinnar, að veita Samtökum frjálslyndra traust og stuðning í kosningunum, því að það er einasta leiðin til að létta því stjórnarfari af þjóðinni, sem þjakað hefur hana í 12½ ár. Nú er sannarlega mál, að því linni.

Okkur hefur þegar orðið nokkuð ágengt í sameiningarmálunum. Allir vita, að sameining vinstri aflanna verður aldrei á þann veg, að vinstri menn í öðrum flokkum gangi inn í Framsfl., ekki heldur með því, að menn gangi inn í Alþfl., og því síður með því, að menn leggi leið sína í hinn fjarstýrða kommúnistaflokk, Alþb. Einasta færa leiðin í sameiningarmálum vinstri manna er sú, sem Samtök frjálslyndra beita sér fyrir, nefnilega að knýja vinstri flokkana til að ganga upp í nýja einingu, nýjan jafnaðar- og verkamannaflokk líkrar gerðar og alþýðuflokkarnir á Norðurlöndum og í Bretlandi. Þar með verða hin sundruðu flokksbrot að sjálfsögðu sjálf að hverfa af sviðinu. Þetta er það, sem við erum að gera og er einasta leiðin til þess, að íhaldið geti ekki haldið áfram hér völdum og ráðið lögum og lofum í landi. Þetta er það, sem allir sameiningarmenn, hvar í flokki sem þeir hafa verið og eru, eiga að styðja, þ. e. a. s. Samtök vinstri manna eru leiðandi aflið til að knýja þetta fram. Og til þess eru samtök okkar stofnuð öllu öðru fremur.

Við erum að vísu berhent, erum févana. Við höfum ekkert á að treysta í þessum kosningum nema fólkið sjálft, en á það treysti ég líka, og því hef ég áður treyst, og það hefur aldrei brugðizt mér. Því geng ég og flokkur minn, Samtök frjálslyndra og vinstri manna, ótrauð og örugg til kosninganna. Allt er komið undir frumkvæði, áhuga og ötulu starfi hvers einstaks manns og allra hinna mörgu um landið allt. Víst erum við ekki vel vopnum búin til bardagans nema málefnalega, og það er þó aðalatriðið. Því segjum við örugg og sigurviss: Ef sverð þitt er stutt, þá gakk þú bara feti framar.

Að svo mæltu býð ég góða nótt og segi við samherja mína og stuðningsmenn um allt land: Komið heil hildar til. — Góða nótt.

II. Tilkynning frá ríkisstjórninni.

Á 3. fundi í Sþ., 15. okt., var tekin á dagskrá:
Tilkynning frá ríkisstjórninni.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég lét þess getið við setningu Alþingis, að ég mundi við fyrstu hentugleika gera hv. þingi grein fyrir helztu viðfangsefnum ríkisstj. og þeim málum, sem þegar væri vitað um, að hún mundi leggja fyrir þingið með flutningi frumvarpa eða með öðrum hætti. Ég mun nú um þessi mál fjalla. Enda þótt hér geti ekki verið um tæmandi grg. að ræða, er til ætlazt, að með henni gefist hv. þm. yfirlit viðfangsefna af hálfu ríkisstj. og þá ekki síður hv. stjórnarandstöðuflokkum, sem eðlilega hafa ekki verið hafðir með í ráðum, en engu að síður kemur til kasta þeirra að fjalla um meðferð málanna, eftir að Alþ. hefur starfsemi sína að nýju. Ég er sammála þeim sjónarmiðum, sem fram komu nýlega hjá formanni Framsfl. í sjónvarpsviðtali, að í þingræðislandi eins og Íslandi hefur stjórnarandstaðan sínu mikilvæga og jafnframt ábyrgðarmikla hlutverki að gegna.

Meginstefna ríkisstj. er hin sama og Ólafur Thors lýsti þegar í nóvember 1959 við upphaf samstarfs núverandi stjórnarflokka og Bjarni Benediktsson staðfesti síðar ítrekað fyrir hönd síns rn., að tryggja heilbrigðan grundvöll efnahagslífsins, svo að framleiðsla aukist sem örast, atvinna haldist almenn og örugg lífskjör geti enn farið batnandi. Eftir alvarlegar deilur aðila vinnumarkaðarins á liðnu vori og samningagerðir að lokum eftir löng verkföll mátti ljóst vera, að ný viðhorf sköpuðust þar af leiðandi. Af hálfu ríkisstj. hafði því verið lýst yfir og það er stefna ríkisstj., að launþegum beri rétt hlutdeild í auknum þjóðartekjum, en frá erfiðleikaárunum 1967 og 1968 hafði á öndverðu þessu ári orðið mikill bati í efnahagslífinu. Deilan stóð nú sem fyrr um það, hvað sé rétt hlutdeild, og sýnist sitt hverjum. Ríkisstj. lagði til málanna ábendingu um tilteknar kauphækkanir samfara hækkuðu gengi krónunnar, sem miðað væri við, að jafnvægi gæti haldizt. Eigi var á þá ábendingu fallizt og deilur leystar af samningsaðilum vinnumarkaðarins, fulltrúum launþega og atvinnurekenda. Enginn dómur skal á úrlausn mála lagður, en á það minnt, að ríkisstj. ritaði Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands bréf hinn 1. júlí, sem rétt þykir að tilfæra hér orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Í gær, þriðjudaginn 30. júní 1970, var svo hljóðandi samþykkt gerð á fundi ríkisstj. Íslands:

Þar sem margföld reynsla sýnir í fyrsta lagi, að víxlhækkanir á kaupi og verðlagi hafa mjög orðið til þess að draga úr gildi kauphækkana fyrir launþega jafnframt því, sem þær hafa ofþyngt atvinnuvegunum, svo að gagnráðstafanir hafa orðið óumflýjanlegar, og í öðru lagi, að mjög er áfátt um undirbúning og aðferðir við samningagerð í kaupgjaldsmálum, óskar ríkisstj. samstarfs við Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands um rannsókn þessara vandamála og tillögugerð, er verða megi til varanlegra umbóta í þessum efnum. Svars við þessari málaleitan er vænzt svo fljótt sem við verður komið og reynist þau jákvæð, mun verða haft samráð við aðila um það, hvernig samstarfinu verði bezt háttað."

Báðir aðilar svöruðu þessu bréfi ríkisstj. jákvætt og samkv. því hófust viðræður þessara þriggja aðila þann 20. ágúst. Fram komu óformleg tilmæli frá Stéttarsambandi bænda um aðild að viðræðunum, og var á það fallizt, að fulltrúar þess tækju þátt í þeim að því er varðaði þann þátt mála, er það snerti sérstaklega.

Eins og kunnugt er, hafa þessar viðræður staðið fram til þessa og mun haldið áfram. Að mestu leyti hefur tímanum verið varið til rannsókna vandamálanna. Engu að síður hefur á viðræðufundum verið varpað fram óformlegum hugmyndum að tillögugerð, en í alla staði óbindandi fyrir alla aðila. Aldrei hefur verið til þess ætlazt, að árangur slíkra viðræðna gæti leitt til samningagerðar milli viðkomandi aðila, sem réttilega hafa ekki aðstöðu eða umboð til slíks. Að því hefur fyrst og fremst verið stefnt að ná samstöðu um skilning vandamálanna og með þeim hætti að forðast óþarfar deilur um orðna hluti og líkleg áhrif þeirra á þróun mála. Vissulega hefur ætíð mátt vænta, að úrlausn mála kynni að horfa misjafnlega við, en af hálfu aðila talið mikilvægast, að raungildi kauphækkana, sem um var samið, gæti haldizt í sem ríkustum mæli í skjóli þess efnahagsbata, sem orðinn var og enn hefur haldizt og vonir standa til, að varðveitist. Ljóst er, að án nokkurra aðgerða stefnir að því, að raungildi launa minnki samfara minnkandi getu atvinnuvega til þess að rísa undir vaxandi tilkostnaði. Svara verður, hvort verðstöðvun í einni mynd eða annarri gæti, þegar á reynir, orðið til varðveizlu verðmæta fremur en fórna fyrir nokkurn eða þjóðfélagsþegnana í heild. Ríkisstj. vill leita svars við þessum vanda og telur sig hafa ástæðu til þess að ætla, að svipuð sjónarmið ríki hjá aðilum vinnumarkaðarins og fulltrúum bænda. Á þessu stigi verður ekki frekar fullyrt um árangur viðræðna eða úrlausn mála. Eins og kunnugt er, lagði ríkisstj. fyrir síðasta þing frv. til l. um verðgæzlu og samkeppnishömlur. Ekki er ósennilegt, að framvinda þessa máls samtvinnist tímabundnum verðstöðvunaraðgerðum, en ríkisstj. hafði þegar ákveðið að hefja undirbúning framkvæmda nýs verðgæzlukerfis í samræmi við meginsjónarmið þau, sem verðgæzlufrv. grundvallaðist á.

Frv. til fjárl. fyrir árið 1971 hefur þegar verið útbýtt í þinginu. Afgreiðslu þess verður lokið fyrir áramót. Í sambandi við umr. um fjárlagafrv. mun fjmrh. á næstunni gera grein fyrir ríkisfjármálunum og verður því ekki að þeim vikið nú. Ríkisstj. telur hagsmunagæzlu Íslendinga og réttarvernd á landgrunninu eitt veigamesta viðfangsefnið á næstunni. Leggja ber áherzlu á samstöðu landsmanna á þessum vettvangi, sbr. þáltill. frá 5. maí 1959, þar sem Alþ. lýsir yfir, að það telur Ísland eiga ótvíræðan rétt til 12 mílna fiskveiðilandhelgi og að afla beri viðurkenningar á rétti þess til landgrunnsins alls, svo sem stefnt var að með lögum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948. Enn fremur skal vitnað til laga frá 24. marz 1969, um yfirráð íslenzka ríkisins yfir landgrunninu umhverfis Ísland, þar sem lýst er yfir, að íslenzka ríkið eigi fullan og óskoraðan yfirráðarétt yfir landgrunni Íslands að því er tekur til rannsókna á auðæfum landgrunnsins og vinnslu og nýtingu þeirra. Auka verður vísindarannsóknir og efla landhelgisgæzluna í tengslum við þetta lífshagsmunamál þjóðarinnar. Ríkisstj. hefur unnið að því undanfarin ár að kynna þetta mál og afla því fylgis og mun fylgja því eftir af fremsta megni. Rætt hefur verið um það hjá Sameinuðu þjóðunum að kalla saman þriðju alþjóðaráðstefnuna um lög hafsins, þar sem þetta mál verður eitt aðalmálið. Ákvörðun um þessa ráðstefnu verður væntanlega tekin á yfirstandandi allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, og um verksvið ráðstefnunnar, þegar til kemur. Þar mun þá málið verða flutt af Íslands hálfu með öllum þeim þunga, sem mögulegt er, en stefna ríkisstj. er í aðalatriðum eftirfarandi:

Ríkisstj. Íslands er því samþykk, að kvödd verði saman alþjóðleg ráðstefna varðandi réttarreglur á hafinu, enda verði verksvið hennar nægilega víðtækt til að fjalla um öll atriði varðandi réttindi strandríkis á svæðum, sem liggja að ströndum þess. Það er skoðun ríkisstj., að strandríki eigi rétt á að ákveða takmörk lögsögu sinnar innan sanngjarnra takmarka með hliðsjón af landfræðilegum, jarðfræðilegum, efnahagslegum og öðrum sjónarmiðum, er þýðingu hafa. Að því er Ísland varðar er lögsaga og umráð yfir landgrunni þess og hafinu yfir því sanngjörn og réttlát og verðskuldar viðurkenningu samfélagsþjóðanna.

Ríkisstj. telur tímabært, að haft sé samráð þingflokka um endurskoðun stjórnarskrárinnar með hliðsjón af þróun mála á aldarfjórðungsskeiði lýðveldisins. Endurskoða þarf kjördæmaskipun og kosningalöggjöf, svo að gætt sé meginsjónarmiða lýðræðis um jafnrétti þegnanna. Nauðsyn er að bæta starfsreglur Alþingis og starfsskilyrði þm. og í því sambandi að taka ákvarðanir um það, hvort hentara þætti, að Alþingi starfaði í einni málstofu, en deildaskipting yrði afnumin.

Ríkisstj. mun leggja fyrir þingið frv. til breytinga á skattalögum, en í því sambandi hefur því þegar verið lýst yfir af hálfu ríkisstj., að stefnt væri að því, að skattaleg aðstaða fyrirtækja hér á landi verði svipuð eða ekki lakari en gerist í löndum Fríverzlunarbandalagsins og að aðlögun íslenzkra fyrirtækja að breyttri samkeppnisaðstöðu, svo sem með samruna fyrirtækja eða hliðstæðri stækkun eininga, verði ekki skattalega torvelduð. Frv. um þetta efni, sem lagt var fyrir síðasta þing, hefur verið til athugunar í sumar hjá mþn. skipaðri þm. úr fjhn. Alþ., og embættismannanefnd hefur unnið að viðbótartill., bæði varðandi fyrirtækjaskatta og einnig endurskoðun ýmissa atriða varðandi skattgreiðslur einstaklinga. Vegna nýs fasteignamats er unnið að endurskoðun margvíslegrar löggjafar, þar sem gjöld eru miðuð við fasteignamat. Till. varðandi staðgreiðslukerfi skatta verður lögð fram, og loks er stefnt að því að geta gert þinginu grein fyrir virðisaukaskattkerfinu.

Ríkisstj. telur nauðsyn til bera að leggja aukið kapp á rannsóknir eða undirbúning þess að nýta sem bezt auðlindir landsins, svo sem orku fallvatna og jarðvarma, til aukinnar iðnþróunar og fjölþættara atvinnulífs í tengslum við stóriðju. Fyrir þingið verða lögð frv. til l. um virkjun við Sigöldu og Hrauneyjafoss í Tungnaá og um virkjun Lagarfoss,

og til athugunar eru virkjunarmöguleikar fyrir Norðurl. v. Í undirbúningi er ný rafvæðingaráætlun sveitanna, og að öðru leyti er frekar unnið að undirbúningsrannsóknum frekari virkjana, hagnýtingu bæði fallvatnanna og varmaorkunnar. Endurflutt er á þinginu frv. til l. um olíuhreinsunarstöð á Íslandi, sem ríkisstj. telur tímabært, að öðlist nú lagagildi, en um er að ræða stofnun undirbúningsfélags að byggingu olíuhreinsunarstöðvar, ef hagkvæm reyndist í rekstri og frá þjóðhagslegu sjónarmiði vegna erlendra viðskipta.

Ljóst er, að forða ber frá hvers konar náttúruspjöllum, sem að ófyrirsynju kynnu að stafa af atvinnuþróun til almennrar hagsældar, og hefur ríkisstj. þegar hlutazt til um rannsóknir af slíku tilefni, bæði varðandi fuglalíf við Þjórsárver og fiskirækt á Laxársvæðinu, en lofsvert er, hve orkuverin hafa á margan hátt af eigin frumkvæði stuðlað að fegrun umhverfis og náttúruvernd.

Fyrir þingið er lagt frv. til l. um lífeyrissjóð bænda, en jafnframt er í könnun aðstaða til lífeyrissjóðsstofnana fyrir aðrar stéttir og starfsgreinar, sem eigi njóta enn hlunninda lífeyrissjóða, þannig að lífeyrissjóðir starfi fyrir alla landsmenn. Settar verða reglur um ráðstöfun fjár lífeyrissjóðanna í samráði við fulltrúa sjóðsstjórnanna eða samtaka þeirra. Í tengslum við frv. um lífeyrissjóð bænda hefur verið flutt frv. til l. um breytingu á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins. Á vegum ríkisstj. er starfandi 7 manna n., sem skipuð var í samráði við stjórn Stéttarsambands bænda til þess að athuga og vinna að ýmsum þeim verkefnum, sem miklu skipta landbúnað og þá jafnframt almenna hagsmuni. Þar undir fellur athugun þess, hvort tiltækilegt sé að gera framleiðslu búvöru hagkvæmari og laga betur að þörfum neytenda, m. a. með því að stuðla að sérframleiðslu búvöru á vissum svæðum, enn fremur hvort æskilegra væri að nota það fjármagn, sem varið er til niðurgreiðslu og útflutningsuppbóta, með öðrum hætti en nú er gert, þannig að það komi bændum og þjóðarheildinni að betri notum. Sérstaklega sé athugað, hvort mögulegt sé að lækka framleiðslukostnað á búvörum og gera verðlagningarkerfið einfaldara. Hvort sú endurskoðun, sem að framan greinir, kæmi á einn eða annan hátt til kasta þingsins nú, er ekki ljóst enn þá. Fyrir þingið hefur þegar verið lagt frv. til l. um eflingu Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Flutt verður frv. til l. um breytingu á vegalögum og endurskoðaða vegáætlun fyrir árin 1971 og 1972.

Með bréfi, dags. 28. maí 1970, var skipuð n. til þess að endurskoða gildandi lög um almannatryggingar. Var gert ráð fyrir, að n. skilaði áliti svo tímanlega, að hægt verði að leggja niðurstöður hennar fyrir Alþingi það, sem nú hefur komið saman. Lögð verður áherzla á almenna hækkun tryggingabóta, m. a. til samræmis við verðhækkanir. Mjög er til athugunar breyting á ákvæðum um fjölskyldubætur, svo og á sjúkratryggingakerfinu auk ýmissa annarra lagfæringa á lögunum.

Í heilbrigðismálum verður haldið áfram að bæta þjónustu, m. a. með læknamiðstöðvum, en lög gera ráð fyrir frumkvæði heima í héruðum. Hraðað verði byggingu fæðingar- og kvensjúkdómadeildar, sem nú er hafin á landsspítalalóðinni, sem hefur verið stórum stækkuð með fyrirhuguðu nýju skipulagi, er rúmar bæði kennslustofnanir Háskólans, rannsóknarstofnanir og aðrar sjúkra- og heilbrigðisstofnanir.

Frv. til l. um dómsmálastörf, lögreglustjórn o. fl. var lagt fyrir síðasta þing, en ekki afgreitt. Hefur það verið í sérstakri endurskoðun í dómsmrn. á grundvelli margra umsagna og grg., sem bárust um málið. Það felur í sér breytta skipan lögreglumála og á rannsókn mála. Gert hefur verið ráð fyrir að sameina á einum stað alla starfsemi lögreglunnar í Reykjavík, þegar lögreglustöðin nýja yrði að fullu tekin í notkun, sem verður á næsta ári. Að athugun lokinni yrði málið væntanlega lagt fyrir Alþingi að nýju. Fleiri atriði varðandi endurskoðun á skipan dómsmála og réttarfars eru í athugun. Unnið verður áfram að endurbótum í fangelsismálum á grundvelli þeirrar áætlunar, sem lögð var fram á Alþ. á s. l. ári.

Lögð verða fyrir Alþ. frv. til l. um skólakerfi og fræðsluskyldu og frv. til l. um grunnskóla, og er þeim ætlað að koma í stað gildandi laga um skólakerfi og fræðsluskyldu, laga um fræðslu barna og laga um gagnfræðanám. Enn fremur verður lagt fyrir Alþ. frv. um nýskipan á menntun kennara. Þá hefur verið skipuð n. til þess að semja frv. um réttindi og skyldur kennara á öllum skólastigum, og er til þess ætlazt, að það verði einnig lagt fyrir Alþ. En til athugunar er ítarlegt nál. um endurmenntun kennara. Þá verður jafnframt haldið áfram þeirri gagngeru endurskoðun, sem stendur yfir á námsefni barna- og gagnfræðaskóla, endurskipulagningu menntaskólanámsins á grundvelli hinna nýju menntaskólalaga og fjölgun námsleiða við Háskólann. N. starfar og að endurskoðun tæknináms í landinu. Þá verður endurflutt frv. til útvarpslaga. N. vinnur að endurskoðun laga um þjóðleikhús, og mun frv. um það efni lagt fyrir þingið. Á grundvelli laga frá síðasta þingi um félagsheimilasjóð er verið að endurskipuleggja fjármál hans.

Unnið er að áætlun iðnþróunaráforma og reglum um útflutningsmiðstöð iðnaðarins. Hagnýta ber af kappi þá nýju möguleika, sem skapazt hafa við stofnun norræna iðnþróunarsjóðsins, við aðild Íslands að Fríverzlunarbandalaginu og á grundvelli laga frá síðasta þingi um útflutningslánasjóð og samkeppnislán og tryggingasjóð útflutningslána. Ríkisstj. mun fylgjast náið með hugsanlegum breytingum í efnahagssamstarfi Evrópuríkjanna og hafa í því sambandi samráð við fulltrúa stjórnarandstöðu í EFTA-nefndinni, sem og ríkisstj. Norðurlanda, en slík tengsl eru þegar fyrir hendi. Teknar hafa verið ákvarðanir um endurnýjun togaraflotans með nýtízku skuttogurum, en samhliða er stefnt að því áfram að efla innlendar skipasmíðar, þannig að við getum sjálfir annazt endurnýjun og viðhald fiskiskipaflotans og tekizt á hendur stærri við-

fangsefni, ef henta þykir, á grundvelli fenginnar reynslu. Endurflutt er frv. til l. um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Í utanríkismálum mun ríkisstj. enn sem fyrr taka heils hugar þátt í starfi Sameinuðu þjóðanna, norrænni samvinnu og friðarvörzlu Atlantshafsbandalagsins. Þótt hin minnstu ríki geti ekki skipt sköpum í átökum stórvelda, eru margvísleg áhrif til góðs á alþjóðavettvangi, er frá þeim stafa. Ríkisstj. er hlynnt þeim hugmyndum, sem fram hafa komið um öryggisráðstefnu Evrópu, enda sé ráðstefnan vandlega undirbúin og bæði Kanada og Bandaríkin aðilar ráðstefnunnar.

Herra forseti. Nú sem fyrr mun sitt sýnast hverjum um störf og stefnu ríkisstj. Ég hef ekki dregið dul á, að ég legg á það mikið kapp, að takast megi að ná sem víðtækastri samstöðu um úrlausn þeirra vandamála, sem hvað helzt er við að glíma nú og á næstunni. Á ég þá við aðgerðir til viðnáms þeim vanda, sem víxlhækkanir kaups og verðlags fela í sér með vaxandi verðbólgu. Ríkisstj. er það öðru fremur kappsmál, að ekki renni út í sandinn að ófyrirsynju sá bati, sem undanfarið hefur orðið í efnahagsmálum eftir erfið áföll. Ég vil hins vegar taka af öll tvímæli um það, að ríkisstj. mun ekki hika við að gera þær ráðstafanir í þessum málum, sem hún telur öllum almenningi og atvinnulífi fyrir beztu, enda þótt hún með því stuðningsliði, sem hún nýtur, verði ein um að bera ábyrgð þeirra gerða. Hún mun kappkosta, að hver haldi sínu og á engan sé hallað, en gagnkvæmur skilningur aukist á því, að það er öllum fyrir beztu, að atvinnulíf eflist með hagkvæmum rekstri fyrirtækja, vaxandi framtaki og frelsi í viðskiptum, sem er öruggasta vörnin gegn atvinnuleysi og undirstaða almennrar velmegunar.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það er rétt, sem hæstv. forsrh. sagði hér á þingsetningardag, að hér er raunar ekki um myndun nýrrar ríkisstj. að ræða, heldur er hér um að tefla framhald þess stjórnarsamstarfs, sem hófst með myndun viðreisnarstjórnarinnar á sínum tíma. Að vísu má segja, að að formi til sé um að ræða nýtt rn., en svo er ekki í reyndinni, þetta er í raun og veru sama ríkisstj., sama stefnan, sömu mennirnir með þeirri breytingu þó, sem alkunn er. Þar af leiðir, að það þarf náttúrlega ekki að spyrja um það, hver afstaða Framsfl. sé til þessarar ríkisstj. Hún er að sjálfsögðu hin sama og til fyrri ríkisstj. Framsfl. er í stjórnarandstöðu og mun rækja hlutverk stjórnarandstöðu, veita stjórninni aðhald og halda uppi gagnrýni eftir því, sem þörf krefur og efni standa til.

Við framsóknarmenn berum ekki traust til þessarar ríkisstj., enda þótt ég efist ekki út af fyrir sig um það, að þessir menn, sem sitja í ráðherrastólum, vilji láta gott af sér leiða. En stundum er því miður æðimikið til í því, að „góð meining enga gerir stoð". Við framsóknarmenn höfum ekki trú á því, að þessi ríkisstj. ráði við þau verkefni, sem úrlausnar bíða. En þau viðfangsefni eru vissulega vandasöm. Ég vil ekki á neinn hátt gera lítið úr þeim erfiðleikum, sem eru fyrir hendi eða kunna að verða fyrir hendi. Þó er í því sambandi rétt að hafa í huga, að þetta ár er á margan hátt mjög hagstætt Íslendingum, sérstaklega í sjávarútveginum, bæði vegna ágætra aflabragða og alveg óvenjulega hagstæðs verðlags á útflutningsafurðum. Hins vegar hefur þetta ár líka verið alveg óvenjulega óhagstætt í landbúnaði þessa lands.

Ég er sammála hæstv. forsrh. um það, að sá vandi, sem nú ber hæst, er verðbólguvandinn og fylgifiskar hans, en sá vandi er því miður orðinn í dag miklu stærri og erfiðari viðfangs að mínum dómi, vegna þess að það hefur ekki verið gripið í taumana í tæka tíð. Ferill stjórnarinnar í þessum dýrtíðarmálum lofar ekki góðu að okkar dómi og gefur ekki von um, að stjórnin verði sigursæl í glímunni við verðbólguna.

Þó að ég sé í andstöðu við þessa ríkisstj., þá vil ég nota þetta tækifæri til þess að óska hæstv. forsrh. til hamingju með það, að hann skuli fyrstur forsrh. hafa orðið til þess að leiða konu til sætis í ráðherrastól hér á landi. Og það er rétt, sem hann sagði, að það er vissulega sögulegur atburður. Og um leið vil ég óska hinum nýskipaða dómsmrh. persónulega alls góðs í virðulegu, en vandasömu starfi.

Við höfum nú heyrt boðskap forsrh. Ég hef ekki hugsað mér að hefja miklar deilur við hann á þessu stigi og við þetta tækifæri og mun því ekki svo mjög fjölyrða um þau mörgu mál, sem hann minntist á, og þau mörgu frv., sem hann drap á, enda var ræða hans um þau efni það almenns eðlis, að það er engan veginn auðvelt að taka á þeim nú. En að sjálfsögðu verður tekin afstaða til þeirra, þegar þau verða lögð fram í endanlegu formi og með viðeigandi skýringum, og verður þá að sjálfsögðu fjallað um þau með eðlilegum hætti. Ég skal þó aðeins drepa á örfá atriði, sem hæstv. forsrh. minntist á. Mér virtist, að dýrtíðarmálin væru honum efst í huga og að verðstöðvun væri það úrræði, sem hann hefði helzt í huga, og talaði hann þó engan veginn skýrt um það atriði. Um það vil ég segja það, að verðstöðvun getur verið skynsamleg og réttlætanleg ráðstöfun, sé hún byggð á réttum grundvelli. En við höfum reynslu af verðstöðvun. Það var framkvæmd hér verðstöðvun fyrir síðustu kosningar. Við framsóknarmenn vorum þá með því að reyna verðstöðvun. Já, við vorum, ef ég man rétt, eini flokkurinn, sem mælti með því frv. óbreyttu, sem stjórnin í öndverðu lagði fyrir þingið. En við sögðum þá, að til þess að verðstöðvun kæmi að gagni og til þess að hún bæri árangur, þá þyrftu tilteknar forsendur að vera fyrir hendi og hún þyrfti að vera byggð á réttum grundvelli. En það var sú verðstöðvun, sem þá var framkvæmd, ekki að okkar dómi. Við sögðum, að hún væri byggð á víxlum, sem framtíðin þyrfti að greiða. Það reyndist rétt. Víxlarnir féllu í gjalddaga í nóvember kosningaárið — þá var gerð gengisfelling. Og það hefur reyndar verið gripið til verðstöðvunar fyrr, ef ég man rétt, líka nálægt kosningum. Var það ekki 1959? Það er

annars einkennileg tilviljun, að þessar verðstöðvanir skuli einkum koma til álita, þegar kosningar fara að nálgast, en þær geta verið góðar fyrir því. En það verður að byggja verðstöðvun á réttum grundvelli. Annars er, því miður, hætta á, að vandanum sé bara skotið á frest — að uppistaðan safnist fyrir og hún brjótist fram með enn meiri þunga, þegar verðstöðvuninni lýkur. En þessi orð mín má ekki skilja svo, að ég sé andvígur því, að gerð sé tilraun til verðstöðvunar. Það er þvert á móti, við erum þar sama sinnis eins og fyrr, en vitaskuld verður að athuga allar aðstæður, þegar till. er gerð um verðstöðvun, og hvernig hún þá lítur nánar út. Ég held meira að segja, að það hefði verið mikil ástæða til þess að grípa til verðstöðvunar fyrr. Það hefði verið ástæða til þess að grípa til hennar í sumar í stað þess að láta þá hverja verðhækkunina á fætur annarri dynja yfir. Auðvitað hefði ekki verið hægt að setja á algera verðstöðvun, því að vitaskuld hefðu bændur orðið að fá sína kjarabót, sambærilega kjarabót við aðrar stéttir, og auðvitað hefði ekki verið staðið gegn öllum verðlagshækkunum, til þess að standa undir hækkuðu kaupi hjá þeim, sem við verzlun vinna. Þessu verður vitaskuld að beita með nokkurri skynsemi. En mér virðist nú reynslan sú, að það hafi mjög lítið verið staðið gegn verðhækkunum í sumar. En sem sagt, það er sjálfsagt að athuga þetta mál, verði það síðar lagt fram, og taka þá afstöðu til þess.

Hæstv. forsrh. lýsti því yfir, að stjórnin hefði hug á því að beita sér fyrir endurskoðun stjórnarskrárinnar og hafa um það samráð við þingflokkana. Ég get tekið undir það, að það sé ástæða til þess að endurskoða stjórnarskrána, sú skoðun hefur komið fram hjá mér áður. Og ég tel það mjög skynsamlegt, að það sé leitazt við að hafa sem víðtækast samstarf um endurskoðun stjórnarskrárinnar. En því miður hefur ekki alltaf tekizt á undanförnum árum að ná samkomulagi um það efni.

Ég fagna að sjálfsögðu yfirlýsingu hæstv. forsrh. varðandi landgrunnið, þar sem hann lýsti því yfir, að stjórnin væri ákveðin í því að vinna að því máli á þeim grundvelli, sem lagður hefði verið með þál. frá 1959, og ég er auðvitað sammála því, að það skuli vera stefna Íslands, að strandríki hafi rétt til þess að ákveða sína landhelgi innan vissra marka með tilliti til þeirra atriða, sem hann benti á, og reyndar e. t. v. fleiri. Hins vegar er kannske dálítið umhugsunarefni, hvort það sé stofnað til þessarar fyrirhuguðu ráðstefnu, sem hann minntist á, með því hugarfari, að það sé ástæða fyrir Ísland að standa sérstaklega að henni.

Auðvitað eru allir því sammála, að það eigi að rannsaka auðlindir landsins, og sjálfsagt geta menn verið sammála því að setja ýmis virkjunarlög, sem vikið var að, og að sjálfsögðu ber að fagna því, að í undirbúningi sé að gera rafvæðingaráætlun sveitanna, og kem ég kannske örlítið að því síðar. Og auðvitað er ástæða til þess að fagna því, að staðið verði fast gegn náttúruspjöllum. Og þannig var sitthvað í ræðu hæstv. forsrh., sem auðvelt er og eðlilegt að taka undir og ég geri ekki ráð fyrir, að ágreiningur verði um að stefnu til.

Hinu er ekki að leyna, að það var sitthvað, sem ég saknaði í ræðu hæstv. forsrh. T. d. saknaði ég þess, þegar hann var að tala um togarakaupin og lét þess getið, að ríkisstj. mundi halda áfram að vinna að eflingu togaraflotans, að hann skyldi ekki þá neitt minnast á það, hverja afstöðu ríkisstj. hefði eða ætlaði að taka til málaleitana þeirra staða — minni staða víða um land, — sem eru að berjast við það og hafa verið að berjast við það að kaupa skip eða láta byggja skip, togskip, — hina svokölluðu minni gerð togara. Í sambandi við afgreiðslu togarafrv. á síðasta Alþ. bar þetta mál mjög á góma. Stjórnarandstæðingar fluttu þá till. um það að láta þessar minni gerðir togaranna sæta sömu kjörum eða veita ríkisstj. heimild til þess, að þessar minni gerðir togaranna sættu sömu kjörum eins og hinir stærri togarar, sem ríkisstj. fékk heimild til þess að kaupa. Þessi till. okkar var þá felld, en jafnframt lét hæstv. sjútvrh. þau orð falla í umr. um það mál, að af ríkisstj. hálfu mundi verða litið á málaleitanir þessara staða með mikilli vinsemd. Mér hefði leikið forvitni á því að vita, í hverju sú vinsemd verður fólgin.

Það er svo náttúrlega ekki nóg að hafa áferðarfallegar stefnuyfirlýsingar og gefa falleg fyrirheit. Það skiptir höfuðmáli, hvernig við stefnuyfirlýsingarnar er staðið. Það er framkvæmdin, sem jafnvel skiptir öllu máli. Það hefur svo sannarlega ekki skort á stefnuyfirlýsingar af hálfu viðreisnarstjórnarinnar. En henni hefur vægast sagt gengið heldur erfiðlega að standa við sínar höfuðstefnuyfirlýsingar, og án þess að ég vilji hér fara að byrja neinn eldhúsdag, þá kemst ég ekki hjá því að minna á þessa staðreynd. Það var t. d. fyrsta höfuðstefnumál viðreisnarstjórnarinnar að stöðva dýrtíðina og það var undirstrikað með stórum orðum og sterkum, sem hér skulu ekki rifjuð upp. En það heldur því vitaskuld enginn fram í dag, að það hafi tekizt að stöðva verðbólguna. Þvert á móti hefur verðbólgan vaxið örar á þessum síðasta áratug heldur en nokkru sinni áður, ef styrjaldarárin eru undanskilin. Og ef ég man rétt, þá var birt á s. l. sumri einhver tilkynning eða skýrsla, sem sýndi það, að verðbólguvöxturinn á Íslandi hefði s. l. ár, miðað við marz eða apríl, ef ég man rétt, haft algert Evrópumet, numið 12 stigum, þar sem Noregur komst þó aðeins í næsta sæti með 10 stig. Annað höfuðstefnumál viðreisnarstjórnarinnar var á sínum tíma það, að verðgildi krónunnar skyldi tryggt. Þar um segja fjórar gengisfellingar sína sögu. Ég býst ekki við því, að neinum óbrjáluðum manni detti í hug að halda því fram nú, að verðgildi íslenzku krónunnar hafi verið tryggt eða sé tryggt. Það var þriðja höfuðstefnumálið, að það átti að lækka skuldir við útlönd. Staðreyndirnar tala þar sínu máli. Þær hafa ekki lækkað, heldur hækkað á þessu tímabili. Og fjórða stefnumálið, sem hæstv. forsrh. — ef ég tók rétt eftir — rifjaði upp að nokkru leyti, var það, að það átti að koma atvinnuvegunum á traustan og

heilbrigðan grundvöll. Ég skal fúslega játa, að það er miklu teygjanlegra, hvenær hægt er að segja það, að atvinnuvegunum sé komið á traustari og heilbrigðari grundvöll, heldur en hin atriðin þrjú, sem ég nefndi, þar sem hægt er alveg að miða við ákveðnar staðreyndir. En ég býst nú við því, að það yrði leitun á þeim atvinnurekanda, sem fengist til að standa upp og lýsa því yfir, að íslenzkir atvinnuvegir væru á traustum og heilbrigðum grundvelli í dag. Og svo átti að afnema beina skatta á þurftartekjum. Það held ég að hver og einn launþegi geti sagt til um, hvort framkvæmt hefur verið. Nei, fallegar stefnuyfirlýsingar eru ekki einhlítar. Það er allt komið undir því, hvernig efndirnar verða. Og stjórn, sem á að baki slíkan feril sem hæstv. ríkisstj., bjargar sér ekki með nýjum loforðalista, eða því vil ég a. m. k. ekki trúa.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en í sambandi við þá stefnuræðu, sem hæstv. forsrh. hefur hér flutt, þykir mér rétt að gera nokkra grein fyrir þeim málefnum, sem Framsfl. mun leggja mesta áherzlu á á þessu þingi. Ég held, að það sé út af fyrir sig eins nytsamt og nánari krufning af minni hálfu á einstökum atriðum í ræðu forsrh. Ég vona, að það verði ekki talið óviðeigandi af mér að gera það, svo að okkar hugmyndir geti þá legið á borðinu við hlið stefnuyfirlýsingar stjórnarinnar. Ég held, að með þeim hætti geti það orðið skýrara, hvað skilur á milli stefnu stjórnarinnar annars vegar og stefnu Framsfl. hins vegar. Og það ætti að geta gert það ljósara en ella, hverjir valkostir eru fyrir hendi á þjóðmálasviðinu.

Hjá Framsfl. eru atvinnumálin efst á blaði. Framsóknarmenn vilja láta eflingu atvinnulífsins ganga fyrir öðru. Þeir leggja áherzlu á að treysta grundvöll atvinnuveganna, auka hagræðingu í rekstri þeirra og byggja upp nýjar atvinnugreinar. En jafnframt þarf að skipuleggja fjárfestingu og framkvæmdir með þetta fyrir augum.

Annar málaflokkurinn, sem við leggjum áherzlu á, eru fjármál ríkisins. Það þarf að okkar dómi að taka upp breytta stefnu í fjármálum ríkisins. Það þarf annars vegar að hamla gegn hinni sívaxandi útþenslu ríkisútgjalda, og hins vegar þarf að taka tekjuöflunarleiðir ríkissjóðs til gagngerðrar endurskoðunar, og þá sérstaklega með það hvort tveggja fyrir augum, að álögurnar komi réttlátar niður en nú og skili sér betur.

Þriðji málaflokkurinn, sem við leggjum áherzlu á, eru dýrtíðarmálin. Það þarf að stefna að stöðugri verðlagsþróun og setja skorður við dýrtíðarvextinum. Það þarf að taka þau mál að okkar dómi allt öðrum og betri og árangursríkari tökum en gert hefur verið að undanförnu.

Fjórði málaflokkurinn, sem ég vil nefna, eru skóla- og menningarmál. Þar er þörf á umbótum. Þar þarf að leggja áherzlu á að tryggja öllum sem jafnasta og bezta aðstöðu til menntunar og jafnframt þarf að endurskoða og endurskipuleggja allt skólakerfið með tilliti til breyttra aðstæðna og nýrra tíma og nýrra þarfa.

Fimmti málaflokkurinn, sem við leggjum sérstaka áherzlu á, eru byggðajafnvægismál. Þar teljum við, að hið opinbera eigi að stefna að því ákveðið og markvisst að auka jafnvægi í byggð landsins, ekki aðeins með efnahagslegum aðgerðum, heldur einnig félagslegum, menningarlegum og stjórnsýslulegum ráðstöfunum.

Í sjötta lagi vil ég nefna það, að við leggjum áherzlu á endurskoðun stjórnsýslukerfisins og umbætur í stjórnarfari.

Í sjöunda lagi viljum við framsóknarmenn leggja sérstaka áherzlu á, að ný og undanbragðalaus sókn sé hafin í landgrunnsmálinu og stækkun landhelginnar, og fellur skoðun okkar þar algerlega saman við þá yfirlýsingu, sem hæstv. forsrh. gaf.

Í áttunda lagi vil ég nefna mál eins og heilbrigðismál, vegamál, raforkumál og tryggingamál. En í öllum þeim málaflokkum teljum við þörf stórra átaka og mikilla endurbóta. Ég nefni það t. d., að vegamálin mega heita í algerri sjálfheldu, t. d. viðhald veganna, sem er í hinu mesta ófremdarástandi. Okkar stefna, framsóknarmanna, í þeim efnum hefur verið sú og er sú að verja meiru af tekjum af umferðinni til vegamálanna. Einnig vil ég nefna það, að við höfum flutt og flytjum væntanlega á þessu þingi frv. um lagningu hringbrautar um landið. Það þarf margt að gera í heilbrigðismálum, og það er sjálfsagt að fagna því, sem kom fram hjá hæstv. forsrh. og snýr í rétta átt í þeim efnum, en ég held, að í heilbrigðismálunum sé það ekki hvað sízt læknaskorturinn víðs vegar um landið, sem úr þarf að bæta. Það er satt að segja alls ekki hægt að standa andspænis því fólki kinnroðalaust, sem býr við læknaskortinn úti á landi. Ég segi, að úr því verði að bæta, hvað sem það kostar.

Það mætti margt segja um tryggingamálin, og þar er hæstv. forsrh. með ýmsar till., sem ég get tekið undir, og það var ánægjulegt að heyra hann lýsa því yfir, að það væri í athugun að setja upp lífeyrissjóð fyrir þá aðra, sem ekki nytu hans enn, sem sagt lífeyrissjóð fyrir landsmenn alla. En það eru nú meira en 13 ár frá því, að ég ásamt öðrum framsóknarmönnum flutti hér í fyrsta skipti á Alþ. till. um lífeyrissjóð fyrir landsmenn alla. Það var tekið jákvætt á því máli. Það hafa verið skipaðar nefndir í það mál og þær hafa sumar a. m. k. skilað áliti, já, jákvæðu áliti. En það hefur ekki orðið af framkvæmdum í því máli, og það finnst mér leiðinlegt, vegna þess að sá flokkur, sem hefur haft með þessi mál að gera öll þessi ár, hefur einmitt sérstaklega státað af því og það að vissu leyti með réttu, að hafa tryggingamálin sérstaklega á sinni stefnuskrá. Og um raforkumálin er það að segja, að það þarf ekki aðeins að gera þessa áætlun, sem hæstv. forsrh. minntist á, heldur þarf beinlínis að ljúka rafvæðingunni um sveitirnar og leiða rafmagnið sem allra fyrst inn á þá sveitabæi, sem ekki hafa fengið það enn. Og það þarf líka að aflétta þeim afarkostum, sem æðimargir hafa orðið að gangast undir nú upp á síðkastið í sambandi við raforkumálin, þar sem þeir hafa því aðeins fengið

rafmagn heim á sína bæi, að þeir útveguðu lánsfé og stæðu undir vöxtum af þeim lánum. Um þessa málaflokka skal ég annars ekki fjölyrða hér frekar, en stefna okkar í þeim mun síðar skýrast af frv.-flutningi, sem við munum standa að. En að hinum sjö málaflokkunum, sem ég nefndi fyrst, vil ég til frekari skýringar aðeins víkja ofurlítið nánar.

Sá málaflokkur, sem ég nefndi fyrst, voru atvinnumálin. Ég held, að fyrsta viðfangsefnið sé efling atvinnulífs. Og það verður að mínum dómi að ganga fyrir öllu öðru, vegna þess að blómlegt atvinnulíf er forsenda fyrir bættum lífskjörum og undirstaða framfara á öðrum sviðum þjóðlífsins. Þess vegna verður að leggja höfuðáherzlu á alhliða uppbyggingu atvinnuveganna. En sú uppbygging kemur ekki af sjálfu sér. Það má ekki treysta á nein höpp eða tilviljanir, heldur verður að vinna að slíkri uppbyggingu skipulega og á markvissan hátt. Það má segja, að þetta geti allir sagt, og ég býst við því, að allir vilji þetta í raun og veru. En það, sem öllu máli skiptir, er það, hvernig að þessu er staðið og hvernig að þessu er unnið, og það er þar, sem leiðir skilur. Þar hefur Framsfl. markað ákveðna stefnu, sem sé þá, að þar eigi hið opinbera — ríki og sveitarfélög — að hafa vissa forustu. Sú forusta getur verið með margvíslegu móti. Í sumum tilvikum nægir hvatning, fyrirgreiðsla og stuðningur við einkaaðila, hvort heldur það eru einstaklingar eða félög, en í öðrum tilfellum þarf hið opinbera e. t. v. að skerast í leikinn með beinni þátttöku í atvinnurekstrinum, t. d. með því að stuðla að stofnun nýrra atvinnufyrirtækja, með því að tryggja, að atvinnufyrirtæki, sem fyrir eru, séu fullnýtt o. s. frv. Hér þarf að grípa til þeirra úrræða, sem bezt henta á hverjum stað, alveg án tillits til allra fordóma um rekstrarform. Við framsóknarmenn teljum að vísu atvinnureksturinn almennt bezt kominn í höndum einstaklinga og félaga, en ríki og sveitarfélög verða að koma inn í atvinnureksturinn að okkar dómi, ef á þarf að halda. Uppbygging atvinnuveganna þarf að byggjast á þjóðfélagslegri yfirsýn. Það er auðvitað ekki hægt að gera allt í einu. Það verður að velja það úr, sem fyrir á að ganga og nauðsynlegast er og þjóðarheildinni er fyrir beztu. Þess vegna leggjum við framsóknarmenn áherzlu á nauðsyn ítarlegrar áætlunargerðar um atvinnuþróunina. Þar þarf hið opinbera að hafa forustu, gera áætlanir og sjá um, að þær komist í framkvæmd. Uppbygging og efling atvinnuveganna er að mínum dómi mál málanna. Þess vegna á að einbeita fjárhagslegri getu þjóðarinnar á næstunni að uppbyggingu atvinnulífsins fyrst og fremst. Það þarf að tryggja atvinnuöryggi í öllum byggðarlögum landsins. En til þess að hægt sé að hafa þá stjórn á atvinnumálunum, sem hér hefur verið lítillega minnzt á, þá er óhjákvæmilegt að hafa stjórn á fjárfestingunni. Þessa stefnu í atvinnumálum hafa framsóknarmenn sett fram ekki aðeins í almennum samþykktum, heldur hafa þeir mótað hana hér með flutningi þingmála. Ég nefni t. d. frv. um atvinnumálastofnun ríkisins, sem flutt var á næstsíðasta Alþ. og þá vísað til ríkisstj. En frá henni hefur síðan ekkert heyrzt um það mál. Það nægir ekki að mæta því máli með hrópum um það, að það séu höft, sem þar séu boðuð, og haftastefna, sem upp sé tekin. Það var skýrt tekið fram í grg. og okkar málflutningi með því frv., að það er ekki hið gamla leyfakerfi, sem við ætlumst til að upp sé tekið, heldur að stjórn verði höfð á þessum málum með setningu almennra reglna.

Ég nefni líka frv., sem flutt var á síðasta Alþ. um togaraútgerð ríkisins og um stuðning við útgerð sveitarfélaga eða félög, sem sveitarfélög eiga aðild að. En það var á því byggt, að ríkið keypti og ræki nokkra togara til atvinnujöfnunar og til atvinnumiðlunar. Og hinum þættinum, sem að mínum dómi var ekkert þýðingarminni, má ekki gleyma. Það var gert ráð fyrir því, að ríkið stofnaði sjóð, sem hefði það hlutverk að leggja fram nokkurt fé í sambandi við útgerðarfélög, sem stofnað yrði til með atbeina sveitarfélaga til þess að brúa það bil, sem því miður er víða fyrir hendi, þrátt fyrir góðan vilja og fórnfús framlög frá heimamönnum.

Það má að sjálfsögðu nefna mörg önnur mál, sem við höfum flutt og munum flytja á þessu þingi til áherzlu þessari stefnu okkar. Ég get t. d. nefnt mál varðandi iðnaðinn, eins og t. d. lækkun tolla á hráefnum og vélum til iðnaðar og eins rekstrarlán til iðnfyrirtækja, frv. um nýsmíði fiskiskipa innanlands o. fl., og ég get líka vísað til þeirra atriða, sem ég nefndi í ræðu minni hér í fyrra í sambandi við inngöngu í EFTA, en þar benti ég á ýmis atriði, sem nauðsynlegt væri að framkvæma, ef nokkur von ætti að vera til þess, að EFTA-aðild kæmi okkur að gagni. Sjálfsagt eru ýmis atriði í athugun og e. t. v. búið að framkvæma einhver þeirra, en ég hygg, að obbinn af þeim sé nú eftir. Og þ. á m. er auðvitað að mínum dómi óhjákvæmilegt að setja iðnþróunaráætlun, gera sér þannig grein fyrir því, hvert á að stefna í þeim efnum. En till. um það efni var af okkar hálfu fyrst flutt á Alþ. 1960.

Ég nefndi næst fjármál ríkisins. Ég skal nú ekki fara langt út í það efni, vegna þess að fjárlagaumræður munu fara fram nú á næstunni, en ég vil bara segja það, að það er kunnara en frá þurfi að segja, að útgjöld ríkisins hafa vaxið með ári hverju eða síðustu 5 árin um 1 milljarð á ári að meðaltali. Og nú hafa menn séð fjárlagafrv. og sjá, hvaða upphæð er þar að finna, sem ber því vitni, að gert er ráð fyrir, að fjárlögin hækki um miklu meira en 1 milljarð á þessu ári. Og það er ekki að furða, þótt stjórnarblaðið Vísir léti þau orð falla, að fjárlagafrv. væri leiðinlegt, en sannleikurinn er sá, að það er miklu meira en leiðinlegt; það er uggvænlegt, og jafnvel vil ég hafa enn sterkari orð og segja, að það sé hrollvekjandi. Ég held, að það verði ekki haldið áfram öllu lengur á þessari braut. Auðvitað liggur það í augum uppi, að útgjöld hljóta að vaxa, þegar verðbólga vex, eins og hér hefur átt sér stað, og auðvitað er ekki óeðlilegt, að fjárlög í þjóðfélagi, sem er í örum vexti, vaxi eitthvað, en ég held því fram, að hér hafi allt of langt verið gengið og að hér

verði að spyrna við fótum, það megi ekki alltaf hafa þann háttinn á að leita bara að nýjum tekjupóstum á móti til að jafna metin. Ég held, að það sé óhjákvæmilegt að fara að líta á útgjaldahliðina og athuga það í mikilli alvöru, hvort ekki er hægt að koma einhverjum sparnaði við. Ég held, að það verði að fara að gæta þess mjög, hvort ekki er hægt að gæta meira hófs í beinum rekstrarútgjöldum en nú virðist vera gert. En annað skiptir þó ekki minna máli í sambandi við fjárlögin, og það er að endurskoða tekjuöflunarleiðirnar. Ég fæ ekki betur séð en að því sé stefnt að ná sem mestu af ríkistekjum með almennum neyzlusköttum. Sú stefna sýnir sig í hækkun söluskatts, jöfnun innflutningsgjalda og vanreiknun persónufrádráttar. Það er athyglisvert, að söluskatturinn skuli nú vera orðinn langsamlega hæsti tekjuliðurinn, þessi skattur, sem á sínum tíma var af áhrifamönnum talinn ranglátastur allra skatta hér á landi. Og sannleikurinn er sá, að það er nú svo komið, að skattabyrði almennings er orðin óhæfilega þung. Og það eru vissulega takmörk fyrir því, hvað mikið er hægt að leggja á fólkið í þessu landi. Framsfl. er algerlega andvígur þessari skattastefnu. Hann vill hafa aðflutningsgjöld mjög mismunandi há eftir því, um hvers konar vörur er að tefla, lág á nauðsynjavörum, en há á hinum ónauðsynlegri. Framsfl. vill fella niður söluskatt af brýnustu lífsnauðsynjum. Hann vill, að persónufrádrátturinn breytist í samræmi við framfærslukostnað, þannig að gildi hans haldist óbreytt þrátt fyrir verðbólgu, og sama gildir um skattþrepin. Við viljum einnig bæta skatteftirlitið, svo að komið verði í veg fyrir þau stórfelldu skattsvik, sem virðast eiga sér stað. Þess vegna höfum við flutt tillögur um, að gerður verði útdráttur á svo sem tíunda hverju skattframtali til sérstakrar rannsóknar, og við viljum enn fremur laga skattgreiðslur fyrirtækja, þannig að þau geti afskrifað með eðlilegum hætti og safnað nokkrum varasjóðum. Og að því er það atriði varðar geri ég ráð fyrir, að við getum verið sammála því, sem hæstv. forsrh. sagði í sinni stefnuræðu áðan. En þar er skemmst af að segja, að þessa stefnu okkar í skattamálunum höfum við undirstrikað og munum undirstrika á þessu þingi með tillögu- og frumvarpaflutningi. En um þetta efni skal ég nú ekki ræða nánar, eins og ég sagði, vegna þess að það verður eðlilega gert í sambandi við fjárlagaumræður.

Verðbólguvandamálið og dýrtíðarmálin eru áreiðanlega eitt stærsta vandamálið, eins og sakir standa. Vaxandi verðbólgu vilja margir eingöngu rekja til kauphækkunar þeirrar, sem samið var um s. l. vor. Kjarabætur voru þá óhjákvæmilegar, eins og á stóð. Ísland var orðið láglaunasvæði, og virðast í raun og veru allir hafa verið sammála um það, að kjarabætur yrðu að koma til. Ég held, að þær kjarabætur, sem um var samið, hafi ekki verið úr hófi fram, ef rétt hefði verið á haldið. Ég vil a. m. k. ekki sætta mig við þá tilhugsun. Það er annað slagið verið að segja, að Ísland sé í röð þeirra ríkja, sem hafa hvað mestar þjóðartekjur miðað við einstakling. Það virðist því eitthvað vera bogið eða eitthvað vera að einhvers staðar, ef ekki er þá unnt að greiða það kaup, sem er eitthvað í námunda við það, sem er hjá nágrannaríkjum. Aðalatriðið var auðvitað, að umsamdar kauphækkanir færu ekki strax með fullum þunga út í verðlagið. Það þurfti að gera ráðstafanir til að afstýra því. Það var ekki gert, og þess vegna hefur verðbólguþróunin orðið svo ör á þessum tíma, eins og raun ber vitni, og þess vegna stefnir nú í það óefni, sem fram undan er, ef ekkert verður að gert.

Hvað á að gera? Við framsóknarmenn státum ekki af því, að við eigum neinn töfrasprota til þess að vinna gegn verðbólgu. Ég vil segja það, að ég hef mjög takmarkaða trú á því, að það sé hægt að stöðva verðbólgu algerlega. Hins vegar held ég, að það sé hægt að halda henni í nokkrum skefjum. Þar dugir ekkert eitt ráð, held ég, heldur verður að líta á fleira og fleira að koma til. En ég held, að það sé ástæða til þess að líta á það, hvaða úrræði hafa dugað bezt í baráttu við verðbólguna. Því er um þessar mundir mjög haldið að mönnum, að öllum ríkisstj. hafi gengið jafnilla í baráttunni við verðbólguna. Það er ekki rétt, það má sýna með tölum. Það er t. d. athyglisvert, að á öllu tímabilinu frá 1950 til 1960 hefur vísitala vöru og þjónustu aðeins hækkað um 123%. En á tímabilinu frá 1960 og þangað til í ágúst 1970 er samsvarandi hækkun 250%. Og vitaskuld væri ekki óeðlilegt að taka til athugunar verðlagshækkanir á Norðurlöndum og á Íslandi og bera þær saman, bæði á undan og eftir að núverandi stjórn tók við völdum. Það gæti verið lærdómsríkt. Um það er t. d. upplýsingar að finna í Nordisk statistisk skriftserie nr. 16 á bls. 45, en þetta rit er gefið út af aðilum frá Norðurlöndunum. Þar lítur þetta t. d. þannig út, að á árunum 1954—1958 er meðaltalsverðhækkun á ári sem hér segir: Í Danmörku 4%, í Finnlandi 7%, á Íslandi 6%, Noregi 3% og Svíþjóð 4%. En svo, ef maður tekur tímabilið 1958—1967, en lengra nær ekki þessi skýrsla, þá lítur dæmið hins vegar þannig út, að þá hefur meðaltalshækkun árlega orðið í Danmörku 4%, Finnlandi 4½%, Íslandi 10%, Noregi 3% og Svíþjóð 3½%.

Ég held, eins og ég sagði, að það dugi hér ekkert eitt úrræði, heldur verði að grípa til fleiri úrræða og þar er m. a. eitt, sem við höfum bent á og flutt frv. um á þessu þingi, og það er niðurfelling söluskatts af brýnustu nauðsynjum. Að sjálfsögðu geta niðurgreiðslur komið hér líka til greina og e. t. v. er hægt að nota tryggingakerfið á einhvern hátt í þessu skyni og að sjálfsögðu einnig sterkt verðlagseftirlit, og sjálfsagt getur líka verðstöðvun í einhverri mynd komið til álita. En það verð ég að segja af því, sem hæstv. forsrh. sagði, að ég skildi nú ekki vel þá röksemdafærslu, að það þyrfti að tengja eða væri líklegt, að verðgæzlufrv. tengdist með einhverjum hætti hugsanlegri verðstöðvun. Ég held, að það fari ekki á milli mála, að andinn í verðgæzlufrv. var meira frelsi þeim aðilum til handa, sem við verzlun fást. Þess vegna held ég, að sá andi

samrýmist illa verðstöðvun. Ég held þvert á móti, að samfara verðstöðvun yrði auðvitað að koma til miklu sterkara verðlagseftirlit en ella.

Ég nefndi í fjórða lagi skóla- og menningarmál. Það hefur margt verið gert í skóla- og menningarmálum á undanförnum árum og ég hef enga tilhneigingu til þess að gera lítið úr því. Samt sem áður er það staðreynd, að við höfum dregizt aftur úr í þessum efnum, t. d. borið saman við nágrannaþjóðir okkar, við höfum ekki haldið til jafns við þær. Og það er ákaflega margt ógert í þessum efnum hjá okkur, ekki hvað sízt á barnaskóla- og gagnfræðaskólastiginu, þar sem sums staðar er um hreint ófremdarástand að ræða og ekki mögulegt að fullnægja lögboðinni fræðsluskyldu. Aðstaða ungmenna til náms er ákaflega misjöfn eftir búsetu. Iðnfræðsla er að margra dómi enn á hálfgerðu miðaldastigi. Það skortir mikið á, að rannsóknarstarfsemin sé fullnægjandi. Ég held, að í þessum efnum þurfi að gera stórt átak. Ég get út af fyrir sig fagnað þeim yfirlýsingum, sem hæstv. forsrh. gaf varðandi þessi mál, þar sem hann lýsti því yfir, að það væri stefnt að, ef ég tók rétt eftir, gagngerðri endurskoðun á skólakerfinu og það yrðu lögð fram frv. um skólakerfið, fræðsluskyldu og grunnskóla, og um nýskipan kennaramenntunar og um námsefni og fjölgun námsleiða og endurskoðun tæknimenntunar. Þetta er allt góðra gjalda vert. Ég vil þó segja það, að skólakerfi má ekki að mínum dómi verða nein fabrikkuframleiðsla. Það hefur mikið verið rætt um það á undanförnum árum, t. d. í Norðurlandaráði, að það ætti að samræma skólakerfi í þessum löndum. Ég er engan veginn fylgjandi því. Ég álít, að við höfum sérstöðu um svo margt og að við þurfum að fara okkar eigin götur í þessum efnum að ýmsu leyti. Ég held, að skólastarfsemin þurfi fyrst og fremst við það að miðast að koma hverjum einstaklingi til nokkurs þroska. Framsfl. hefur flutt og mun flytja á þessu þingi mörg frv. varðandi einmitt þessi mál, skóla-, fræðslu- og menningarmálin. Ég nefni t. d. till. um íþróttamál og íþróttastarfsemi, till. um stóraukið fé til rannsóknarstarfsemi íslenzks atvinnulífs, frv. um fiskiðnskóla og till. um endurskoðun á fræðslukerfinu o. fl. Og síðast, en ekki sízt er frv. um námskostnaðarsjóð, sem var flutt á síðasta þingi og er nú endurflutt hér, en þar er mörkuð sú stefna að jafna aðstöðumun barna og ungmenna til að afla sér menntunar. Það er spor í þá átt að viðurkenna, að fjárskortur eigi ekki að standa því í vegi, að hver og einn eigi að geta fengið menntun við sitt hæfi.

Þá minntist ég á endurskoðun stjórnsýslukerfisins. Það er að mínum dómi mjög brýn nauðsyn á því að taka stjórnsýslukerfið sjálft til gagngerðrar endurskoðunar og þá sérstaklega með það fyrir augum að gera það einfaldara, skilvirkara og opnara. Það þarf að opna embættissýsluna þannig, að almenningur og þar með blöðin eigi greiðari aðgang en nú að því að fylgjast með afgreiðslu mála í embættiskerfinu, geti m. a. kynnt sér ýmis gögn mála á stjórnarstigi og fengið upplýsingar um mál, sem almenning varða. Um það hefur nú, að ég bezt veit, verið sett löggjöf á Norðurlöndunum öllum. Ég held, að það sé líka ástæða til að athuga, hvort ekki er þörf á því að setja sérstaka löggjöf um starfsaðferðir á vettvangi stjórnsýslunnar, en sum Norðurlandanna a. m. k. hafa einmitt nýlega sett slíka löggjöf hjá sér. Ég held, að það þurfi líka að taka til gaumgæfilegrar athugunar, hvort það er ekki rétt að setja hér á stofn embætti umboðsmanns Alþingis líkt og gert hefur verið á Norðurlöndunum öllum öðrum en Íslandi, en sá embættismaður hefur einmitt það hlutverk að hafa sérstakt eftirlit með stjórnsýslunni. Ég held, að það sé þörf á slíku aðhaldi. Að mínum dómi þarf að hverfa frá hinni óhóflegu hleðslu á einstaka menn, sem átt hefur sér stað á sviði stjórnsýslunnar að undanförnu. Og það þarf að draga úr nefndafjöldanum. Þar er að mínum dómi komið út í algerar öfgar. Menn minnast þeirra umr., sem fóru fram um það efni á Alþ. s. l. vor. Ég ætla ekki að rifja þær upp hér. Og auðvitað tek ég það fram, að margar nefndir eru að sjálfsögðu nauðsynlegar og margar nefndir vinna sitt starf vel, en ég held, að það verði að halda þessu innan eðlilegra marka, og ég held, að í þessu efni séum við komnir út í ógöngur. Umfram allt þurfum við að mínum dómi að hverfa frá þeim óeðlilegu og óviðeigandi starfsháttum, að ráðherrar sitji í sjóðsstjórnum og úthlutunarnefndum, sem þeir hafa svo yfir að segja sem æðra stjórnvald. Slíkir stjórnarhættir þekkjast ekki lengur í nálægum löndum, t. d. er það bannað í Danmörku með lögum frá 1959, að ráðherra hafi nokkur aukastörf á hendi. En hér munu nú flestir ráðherrarnir eða kannske allir hafa nokkur aukastörf, að vísu misjafnlega mikil. Ég skal ekkert fara að telja þau hér upp. En ég held, að allir réttsýnir menn sjái, að þetta nær ekki nokkurri átt, og ég held, að menn hljóti að sjá og skilja, að svona stjórnarhættir hljóta að draga dilk á eftir sér. Ég flutti á síðasta Alþ. í byrjun desembermánaðar þáltill. á þá lund, að Alþ. lýsti því yfir, að það teldi óviðeigandi, að ráðh. sætu í slíkum stjórnarnefndum og úthlutunarnefndum. Þessi till. var því miður aldrei tekin til umr. og segir það kannske sína sögu. Ég mundi fagna því, ef ég þyrfti ekki að flytja þessa þáltill. aftur á þessu þingi, ef ráðh. fyndu það hjá sjálfum sér, að þeir eiga að hverfa frá þessum starfsháttum.

Þá nefndi ég byggðajafnvægismál. Það þarf að stuðla að auknu jafnvægi í byggð landsins með eflingu þéttbýliskjarna og kaupstaða, sem fyrir eru, það þarf að efla atvinnulíf þar, en jafnframt þarf að hugsa um sveitirnar og fólkið, sem þar býr. Það þarf að búa þannig að þessu fólki, að það hafi svipaða aðstöðu og það fólk, sem býr á hinum stærri þéttbýlissvæðum. Þar er ekki nóg að líta á atvinnumálin. Það þarf líka að jafna hina félagslegu og menningarlegu aðstöðu, t. d. með tilliti til skólamála og heilbrigðismála. Það þarf líka að athuga með dreifingu ríkisstofnana, hvort ekki er hægt að styrkja einstök byggðarlög með því að setja þar niður ríkisstofnanir, sem hingað til hafa verið settar á mestu þéttbýlissvæðin. Það þarf á þessum stöðum

að skapa möguleika fyrir ungt og menntað fólk. Það er staðreynd, að mörg þessi byggðarlög hafa lagt til og leggja til ungt fólk, sem menntar sig, en það fer ekki aftur heim í byggðarlögin. Það er mikil blóðtaka fyrir þessi byggðarlög. Hvers vegna fer ekki þetta fólk heim? Af því að það er ekki aðstaða þar fyrir hendi. Það hefur ekki tækifæri þar. Það þarf umfram allt að vinna að því að skapa möguleika í hinum dreifðu byggðum, kaupstöðum og kauptúnum víðs vegar um landið, til þess að geta tekið á móti þessu fólki, þessu unga, menntaða og efnilega fólki. Það út af fyrir sig mundi auðvitað stórkostlega styrkja þessar byggðir og verða kannske drýgra til þess að efla jafnvægi í byggð landsins heldur en margt annað. Það er áreiðanlegt, að víða um land er almennur áhugi í þessum efnum og sterk tilfinning, og fólkið finnur til á þann hátt, að það sé afskipt, og ég held, að það sé með réttu. Ég var í sumar staddur á fjórðungsþingi Norðlendinga, sem haldið var á Blönduósi. Þar var gerð ályktun um byggðaþróun, sem að stóðu menn frá öllum flokkum, og ég vil leyfa mér að lesa hana upp, af því að ég held, að í henni felist og hún sýni betur, hvað í hug fólksins býr í þessum efnum, heldur en löng ræða frá minni hendi. En þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjórðungsþing Norðlendinga, haldið að Blönduósi 27. og 28. ágúst 1970, vill vekja athygli stjórnvalda, stjórnmálaflokka og alls almennings á hinu uggvænlega ástandi byggðar á Íslandi. Ekkert þróað þjóðfélag býr við svipað ástand og hérlendis, að meira en helmingur þjóðarinnar búi á einu borgarsvæði samtímis því, að ekkert byggðarlag utan þess svæðis sé nægilega öflugt til þess að standa undir þjónustuþörfum nútímafólks. Þótt ýmislegt hafi áunnizt á undanförnum árum, svo sem með tilkomu atvinnujöfnunarsjóðs og gerð byggðaáætlana, fer því enn fjarri, að byggðastefna sé hér eins fast mótuð eða eins ákveðin og meðal ýmissa nágrannaþjóða okkar. Með tilliti til þess, að senn líður að kosningum til Alþingis, beinir þingið því til stjórnmálaflokkanna, að er þeir marka stefnu sína til næstu fjögurra ára, verði byggðamálin tekin til nánari athugunar en áður."

Í þessum byggðamálum höfum við framsóknarmenn vissulega markað okkar stefnu. Það höfum við m. a. gert með frv., sem flutt var á síðasta Alþ., frv. um jafnvægisstofnun ríkisins og sérstakar ráðstafanir til að stuðla að verndun og eflingu landsbyggðar og til að koma í veg fyrir eyðingu lífvænlegra byggðarlaga með rannsóknarstörfum, áætlanagerð og fjárhagslegum stuðningi. Það frv. mun verða flutt á þessu þingi.

Um landhelgismálið ætla ég ekki hér að fara mörgum orðum, af því að hæstv. forsrh. vék að því í sinni inngangsræðu, og mér virtist við fljótlega athugun, að þar mundu skoðanirnar falla saman, og ég get alveg tekið undir það, sem hann sagði, að það er mjög nauðsynlegt að halda þannig á því máli, að sem víðtækust samstaða landsmanna varðveitist um það. En það þarf vitaskuld að halda á því máli með einbeitni og festu, en jafnframt gæta þess þó að rasa þar ekki um ráð fram.

Herra forseti. Ég vil nú ljúka mínu máli með því að undirstrika það og leggja áherzlu á það, að það hefur verið Framsfl. mikið áhugamál að undanförnu og er, að starfshættir Alþingis geti tekið nokkrum breytingum og starfsskilyrði þm. geti batnað, og þess vegna vil ég alveg sérstaklega fagna yfirlýsingu hæstv. forsrh. um það efni og vil vænta þess, að hann beiti sér fyrir samkomulagi allra flokka um viðunandi lausn á þeim málum.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Afstaða okkar Alþb.-manna til ríkisstj. er óbreytt frá því, sem áður var. Við erum í andstöðu við ríkisstj. Sú ríkisstj., sem nú hefur verið mynduð, er í rauninni ekki ný stjórn, heldur sama ríkisstj. og áður, aðeins með nokkrum mannabreytingum. Stefna ríkisstj. er í meginmálum sama stefnan og fyrri ríkisstj. hafði. Grundvöllur stefnunnar er hin svonefnda viðreisnarstefna, eins og skýrt hefur hér komið fram hjá forsrh. hinnar nýju stjórnar. Við Alþb.-menn erum andvígir þeirri stefnu í ýmsum þýðingarmestu málum þjóðarinnar. Þannig erum við andvígir stefnu stjórnarinnar varðandi herinn, sem enn dvelur í landinu. Við erum andvígir þeirri stefnu að tengja Ísland við hernaðarbandalagið NATO, andvígir ýmsum meginatriðum í stefnu stjórnarinnar í efnahags- og atvinnumálum. Við teljum, að afstaða ríkisstj. til launafólks, m. a. til samningsréttar þess og til gerðra kjarasamninga hafi verið hættuleg og stefnan hafi verið röng. Þá teljum við Alþb.-menn, að stefna ríkisstj. í atvinnumálum hafi verið röng í meginatriðum, m. a. afstaða stjórnarinnar til atvinnurekstrar útlendinga í landinu, en á hinn bóginn hafi sinnu- og afskiptaleysi um þróun atvinnuvega landsmanna sjálfra einkennt stefnu stjórnarinnar. Sú ríkisstj., sem nú hefur formlega tekið við völdum, hefur í rauninni borið ábyrgð á stjórnarfarinu undanfarna mánuði. Á þessum mánuðum hefur ríkt algert stjórnleysi á sviði verðlags- og dýrtíðarmála. Hver verðlagshækkunin hefur rekið aðra, og er augljóst, að í mörgum greinum hefur verð á vöru og þjónustu hækkað miklu meira en nokkur frambærileg ástæða var til. Ég gat ekki heyrt það á yfirlýsingu þeirri, sem hæstv. forsrh. gaf hér, að ríkisstj. væri enn búin að móta sér neina viðunandi fasta stefnu í þessu þýðingarmikla máli. Mér fannst megininnihaldið vera það, að enn væri verið að huga að þessum vandamálum, enn væri verið að athuga málin, enn verið að ræða við ýmsa, en stefnan væri enn ekki mótuð. Við Alþb.-menn í Nd. Alþ. höfum nú lagt fram frv. til l. um verðstöðvun, um tímabundna verðstöðvun. Það er skoðun okkar, að eins og nú sé komið í þessum málum, verði ekki undan því vikizt að fyrirskipa verðstöðvun um nokkurn tíma. Við gerum okkur fyllilega grein fyrir því, að verðstöðvun út af fyrir sig leysir ekki eða læknar ekki þær meinsemdir, sem hér eru að verki. Til þess þurfa að koma aðrar aðgerðir. En til þess að

skýra nokkru nánar, hvað fyrir okkur vakir með því að leggja nú til verðstöðvun, þykir mér rétt að lesa hér nokkur atriði upp úr grg. okkar frv. um þetta efni. En þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Það er skoðun okkar, að jafnhliða tímabundinni verðstöðvun þyrfti að hefjast handa um að ná sem víðtækustu samstarfi um eftirtaldar ráðstafanir í dýrtíðar- og verðlagsmálum:

1. Löggjöf um eignakönnun í því skyni að fá réttan grundvöll til þess að skattleggja verðbólgugróða.

2. Lög og framkvæmdareglur til að koma í veg fyrir skattsvik og lækka þannig verðlag.

3. Að fella niður eða lækka verulega söluskatt og tolla á nauðsynjavörum.

4. Að gera núgildandi verðlagseftirlit haldbetra og virkara en það er.

5. Að afnema nefskatta, en afla fjár í þeirra stað með hækkun skatta á stóreignum og gróða.

6. Að rækileg athugun fari fram á núgildandi verðlagi og verðlagningarreglum og verð lækkað, þar sem þess er kostur.

Ýmsar fleiri ráðstafanir til að draga úr dýrtíð kæmu til greina, og er sjálfsagt, að þær verði athugaðar, eftir því sem kostur er á. Með frv. þessu leggjum við til, að þegar verði ákveðin verðstöðvun, sem gildi til 1. sept. 1971. Miklu máli skiptir, að staðið verði að framkvæmdinni undanbragðalaust. Samið er um laun flestra verkalýðsfélaga til 1. okt. á næsta ári og mundu þau laun ekki breytast nema í samræmi við breytt verðlag. Við lítum á verðstöðvun samkv. frv. þessu sem bráðabirgðalausn, en leggjum áherzlu á, að verðstöðvunartímann þarf að nota til að gera varanlegri ráðstafanir í dýrtíðarmálum."

Þetta er afstaða okkar, eins og þessi mál liggja fyrir nú í dag, og ég verð að segja, að ég sakna þess, að þegar hæstv. forsrh. kemur nú fram fyrir Alþ. til þess að tilkynna um viðfangsefni ríkisstj. á þessu þingi, þá skuli hann ekki koma hér fram með skýra og afmarkaða stefnu í þessum þýðingarmiklu málum, en verða að hafa þau orð um stefnuna, sem hann hafði, sem mér þóttu heldur óskýr í þessum efnum.

Ég verð einnig að segja það, að mér fannst margt annað ærið óljóst í stefnuyfirlýsingu hæstv. forsrh., m. a. það atriði, að samhliða einhvers konar verðstöðvun væri rétt að framfylgja þeim reglum, sem markaðar hefðu verið í verðgæzlufrv. svonefnda, sem fellt var á s. l. þingi, sem vitanlega stefndi greinilega að því að gefa álagninguna enn þá meir frjálsa en hún er nú í dag. Í ræðu sinni eða stefnuyfirlýsingu vék hæstv. forsrh. nokkuð að landhelgismálinu og stefnu ríkisstj. í þeim málum. Sú stefna, að ríkisstj. vilji vinna að frekari stækkun landhelginnar eða auknum yfirráðarétti Íslendinga yfir landgrunninu, segir of lítið eins og nú er komið. Það er langt síðan yfirlýsingar um þetta efni voru gefnar hér á Alþ. Og þá stóðu hér allir flokkar að yfirlýsingu, sem fór í þessa átt. En eins og við vitum öll, hefur harla lítið gerzt í þá veru að tryggja okkur aukna réttarstöðu, t. d. á landgrunnssvæðinu fyrir utan núverandi landhelgismörk. En nú er kominn tími til þess, að teknar verði hér nýjar ákvarðanir um það, hvernig við eigum að ná þessum rétti, og það er sú stefna, sem þarf að marka.

Ég skal ekki við þetta tækifæri fara nánar út í það að ræða um þetta mál eða önnur þau, sem hæstv. forsrh. minntist á í stefnuyfirlýsingu sinni, vil þó aðeins víkja að því, að hann drap á það sem vilja ríkisstj., að breytt yrði núgildandi skattalöggjöf í þá átt, að fyrirtæki hér á landi þyrftu ekki að bera hærri skatta en sambærileg fyrirtæki bæru í nálægum löndum. Þessi yfirlýsing er góð svo langt sem hún nær. En mér hefði sýnzt meiri þörf á því að tilgreina það, hver væri stefna ríkisstj. í skattamálum varðandi skatta á almenning í landinu. Því hefur verið lýst yfir hér á Alþingi, að allar athuganir, sem fram hefðu farið, bentu til þess, að atvinnurekstur hér á landi bæri yfirleitt ekki hærri skatta en í nálægum löndum, en í mörgum greinum lægri skatta. En um hitt verður ekki deilt, að einstaklingar hér á landi bera hærri skatta miðað við sambærilegar tekjur en einstaklingar í nálægum löndum gera. Við Alþb.-menn höfum hingað til lagt á það áherzlu og gerum það enn, að það er mikil nauðsyn á því að breyta skattalögunum í þá átt að lækka skatta á almennum launatekjum.

Til einstakra mála, sem ríkisstj. flytur, munum við taka afstöðu, þegar þau koma fram. Við munum styðja þau mál stjórnarinnar, sem við teljum að stefni til góðs, en standa gegn óþurftarmálum og þeim málum, sem fara í bága við yfirlýsta stefnu okkar. Við þetta tækifæri mun ég svo ekki ræða frekar um afstöðu okkar til stjórnarinnar, en nánar verður að sjálfsögðu rætt um ýmis af þeim stóru málum, sem fyrir liggja hér, í almennum umr. um þau á Alþ. og þegar þau koma hér fyrir hvert um sig.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hv. Alþ. hefur nú fengið að heyra grg. um helztu viðfangsefni ríkisstj., svo sem hæstv. forsrh. túlkaði þetta í máli sínu. Ræða hans var tvíþætt. Hún var í fyrsta lagi yfirlýsing um það, að meginstefnan hjá þessu nýskipaða rn. væri hin sama og 1959, við upphaf viðreisnarinnar, eins og hann orðaði það, þ. e. a. s. stefna hins nýja rn. er stefna viðreisnarstjórnarinnar, það er sama stefnan og við höfum búið við nú í rúman áratug. Hann dró saman megininnihald þessarar stefnu í gullfallegum orðum. Hann sagði, að tilgangur þessarar stefnu, sem mörkuð var 1959, hafi verið sá að tryggja heilbrigt efnahagslíf, tryggja örugga atvinnu og að tryggja það, að lífskjör batni. Þetta er ekki ljótt. En því miður er það svo um þessa stefnu, að eftirmæli hennar geta ekki orðið á annan veg en þann, að það má fela þau í setningunni: „Sporin hræða". Það hefur ekki ríkt hér heilbrigt efnahagslíf og það er ekkert heilbrigðara nú heldur en áður á áratugnum. Öruggt atvinnulíf, jú, það er gott ástandið í atvinnulífinu nú í augnablikinu, en það er því miður að óbreyttri stefnu engin trygging fyrir því, að við horfum fram

á öryggi atvinnulífs, jafnvel nú á komanda vetri. Við höfum nefnilega þreifað á því undir þessari stefnu, framkvæmd hennar, að undir eins og eitthvað slaknaði á um góðærið í landi voru, dundi yfir þjóðina ömurlegra ástand atvinnuleysis en við höfum áður kynnzt, og er ekki fullhætt við því, að ef árferði fer eitthvað niður fyrir meðallag, verði það niðurstaðan á ný, að atvinnuleysið haldi innreið sína? Ég tel fulla ástæðu til þess að óttast það. Og um markmiðið, að lífskjör batni, verð ég að segja það, að bati lífskjaranna í landinu er ekki sá, sem vænta hefði mátt í því góðæri, sem land og þjóð hefur búið við á þessu tímabili lengst af. Ég vil ekki fullyrða, að lífskjörin hafi orðið lakari, en þau hafa batnað minna en æskilegt hefði verið og gera mátti sér vonir um, miðað við árferði og aðstöðu.

Ég býst við því, að þjóðin hafi gert sér vonir um, að það kæmi hjá hæstv. forsrh. í stefnuyfirlýsingu hans fyrir hönd hins nýja rn. yfirlýsing um, að nú væri að einhverju verulegu leyti breytt um stefnu. Það væri ekki bara vitnað til gömlu viðreisnarinnar, því að það er ekki uppörvandi að horfast í augu við það, að sú stefna eigi að halda áfram óbreytt. Ég held, að þetta hafi valdið vonbrigðum og muni valda vonbrigðum hjá þjóðinni. A. m. k. varð ég fyrir vonbrigðum, þegar aðeins var sagt: Stefnan er hin sama og mótuð var 1959, og við höfum síðan búið við alls ófullnægjandi niðurstöður í þeim meginatriðum, sem hæstv. ráðh. lagði þó mesta áherzlu á. Ég hef einnig átt þess von, að nú, þegar hið nýja rn. hefur göngu sína og gerir grein fyrir stefnu sinni á næstu mánuðum, þá hefði samstarfsflokkur Sjálfstfl., sem með ríkisstj. stendur, gert grein fyrir því, hvort hann er að öllu leyti enn þá ráðinn í því að framfylgja stefnu viðreisnarinnar frá 1959 og ekkert beri þar á milli við hinn stjórnarflokkinn að því leyti. Ég hefði viljað vænta þess, að það hefði verið gert skýrt af forustumönnum Alþfl., hvort þeir ætluðu að ganga til næstu kosninga í bræðrabandi með Sjálfstfl. eða segja upp þeim félagsskap fyrir kosningar. Það er orðið það nálægt kosningum, að full ástæða væri til að óska þess, að gefin væri vitneskja um það. Ég minnist þess að vísu, að Alþýðublaðið hefur orðað þetta svo, að stjórnarflokkarnir séu ráðnir í því — það var gert í forsíðuleiðara fyrir nokkru síðan, þó aðeins fáum vikum — að stjórnarflokkarnir væru ráðnir í því að ganga með óbundnar hendur, ekki sem bandingjar, með óbundnar hendur til næstu kosninga varðandi framtíðarsamstarf. Þetta þýðir að mínu áliti, ef ég kann að lesa pólitískt mál, þá þýðir það það, að Alþfl. ætlar ekki að segja upp samstarfinu við Sjálfstfl. fyrir kosningar, en neyta meirihlutaaðstöðu með honum eftir kosningar, ef kjósendur svipta þá ekki þeirri aðstöðu.

Það var rétt, sem fram kom í ræðu hæstv. forsrh., að það sköpuðust ný viðhorf með kjarasamningunum, sem gerðir voru í vor. Þar var viðurkennt, að launþegum bæri réttur til hlutdeildar í auknum þjóðartekjum. Menn deildu ekki um það, að þjóðartekjurnar hefðu vaxið, menn töldu, að það væri í raun og veru sjálfsagt, að launþegarnir í landinu fengju aukinn kaupmátt launa, hækkað kaup í krónutölu, svo að um munaði, og voru sannfærðir um það, að atvinnuvegirnir gætu undir því risið. En úr því að þeir voru sannfærðir um það, að atvinnuvegirnir gætu undir þessu risið — og það virtist mér vera yfirgnæfandi álit þjóðarinnar — þá hefðu einmitt ráðamenn þjóðarinnar átt að gera þegar í stað að gerðum þessum samningum ráðstafanir, sérhverjar ráðstafanir, sem tiltækar voru, til þess að hinn umsamdi kaupmáttur héldist óhaggaður og væri ekki af launþegunum tekinn. En því miður, og það harma ég mjög, hæstv. ríkisstj. hefur setið auðum höndum síðan á vordögum og ekkert aðhafzt til þess að fyrirbyggja, að kaupmáttur launanna, sem umsaminn var, væri skertur og rýrður með taumlausum verðhækkunum með nálega degi hverjum síðan. Ég álít, að ríkisstj. hefði átt þá þegar að grípa til mjög strangra aðgerða til að koma í veg fyrir verðhækkanir. Ég tel, að hún hefði átt að banna öllum opinberum stofnunum að hækka verðlag, banna að hækka verðlag á raforku, hitaveitugjöldum, póst- og símagjöldum og farmgjöldum, og hún hefði fyrst og fremst átt að tryggja það með brbl., að hin aukna krónutala launþeganna yrði ekki af þeim tekin með því að láta þá hækka í skattflokki við þessa breytingu, sem raunverulega var ekki kauphækkun í venjulegum skilningi, heldur eingöngu trygging á kaupmætti, sem launþegarnir höfðu áður notið, þegar velgengni ríkti í atvinnulífi okkar eins og nú. En ekkert af þessu var gert. Margt fleira hefði vafalaust mátt gera og átt að gera, en ekkert af þessu var gert.

Það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði svo, að þegar nokkuð var umliðið frá þessari samningagerð, skrifaði ríkisstj. bréf til Alþýðusambandsins og óskaði eftir viðræðum um vandamál dýrtíðar og vísitöluverkana af áhrifum verðlags- og kaupgjaldshækkana og óskaði eftir því, að gengið yrði til rannsókna á orsökum þessara mála og reynt að komast að niðurstöðu um úrræði. En það var nokkuð langt frá samningsgerðinni liðið, þegar þetta gerðist. Þessu var vel tekið af hendi launþeganna, Alþýðusambandsins. Bændasamtökin óskuðu einnig eftir að eiga aðild að þessum viðræðum og hafa fengið þá aðild, og viðræðurnar hófust þann 20. ágúst s. l. Tíminn síðan hefur verið notaður til gagnaöflunar, og menn hafa skipzt á hugmyndum um þau vandamál, sem við blasa, en enn þá hefur ekkert gerzt annað en það, að nú seinustu dagana hefur verið nefnt töfraorð, verðstöðvun, eftir að nágrannaþjóðir okkar höfðu færzt það í fang að ráðast í svipaðar aðgerðir. En innihaldið í þessu orði vita menn nú ógjörla, því að fyrir því hefur engin grein verið gerð af hendi stjórnvalda, og það kom ekkert fram um innihald töfraorðsins í stefnuyfirlýsingu hæstv. forsrh., og ber að harma það. Nú standa þessar viðræður, sem hæstv. forsrh. vék að, viðræðurnar við launþegasamtökin, vinnuveitendasamtökin og Stéttarsam-

band bænda, enn þá yfir, og er í raun og veru komið að því að taka málefnalega afstöðu til þessara viðræðna, ef þær eiga að halda áfram. Það var einmitt það, sem miðstjórn Alþýðusambandsins gerði nú fyrir tæpri viku. Þá voru þessi mál rædd, viðræðurnar við ríkisstj., á tveimur miðstjórnarfundum og síðan gerð þar allítarleg ályktun, sem ekki hefur verið birt enn þá opinberlega og ég tel því rétt í sambandi við þessar umr. að hér verði birt. Þessi ályktun gerir það ljóst, með hvaða hætti miðstjórn Alþýðusambandsins vill standa að viðræðunum, sem staðið hafa síðan í ágúst í sumar, ef þeim verður haldið áfram. Ályktunin er, með leyfi hæstv. forseta, á þessa leið:

„Að fengnum upplýsingum, sem fram hafa komið í viðræðum fulltrúa Alþýðusambands Íslands og ríkisstj. um ástand og horfur í efnahagsmálum og hugmyndum, sem þar hefur verið hreyft af hálfu fulltrúa ríkisstj. ályktar miðstjórn Alþýðusambandsins eftirfarandi:

1. Ekki komi til greina nein skerðing á kjarasamningum verkalýðsfélaganna, og það sé grundvallarskilyrði fyrir hugsanlegu framhaldi viðræðna um efnahagsmál við ríkisstj. og vinnuveitendur, að því sé lýst yfir, að ekki verði beitt lögþvingunum í einu eða neinu formi til að breyta kjarasamningum verkalýðssamtakanna og samtaka vinnuveitenda frá 19. júní s. l. og síðar, hvorki varðandi greiðslur verðlagsbóta á laun né í öðrum atriðum."

Í þessum 1. lið er þrennt tekið fram sem frumskilyrði fyrir framhaldi viðræðna: Í fyrsta lagi, að engin skerðing verði gerð á kjarasamningum verkalýðsfélaga. Þetta hefði nú varla þurft að taka fram, því að miðstjórn Alþýðusambandsins hefur vitanlega og auðskiljanlega engar minnstu heimildir til þess að breyta gerðum kjarasamningum annarra aðila, þ. e. a. s. verkalýðsfélaganna, og hefði því ekki átt eiginlega að þurfa að taka þetta fram. En samt var það nú gert til vonar og vara. Í öðru lagi að fá því yfir lýst, að ekki yrði beitt lögþvingunum í einu eða neinu formi til að breyta gerðum kjarasamningum né heldur á nokkurn hátt skertar vísitöluuppbætur samkv. ákvæðum samninganna. Ég vil líta svo á og treysta þar á drengskap hæstv. ríkisstj., að ekkert af þessu hafi að henni hvarflað, því að nú er verið að leysa gerðardóm, sem staðfestur var með brbl., með verulegri launahækkun til hærra launaðs fólks heldur en þess fólks, sem samið var fyrir í vor. Mér er heldur ekki ugglaust um, að það sé líka unnið að því, að jafnvel upp í hæsta topp embættismannakerfisins sé verið að ganga inn á allverulegar launahækkanir, kannske meiri en til láglaunafólksins s. l. vor. Og að þessu tvennu athuguðu held ég, að það sé með ólíkindum, ef það hefði hvarflað að ríkisstj. að lækka laun hinna lægst launuðu og rifta þannig gerðu samkomulagi aðila vinnumarkaðarins um þær ákvarðanir. Ég held því, að það verði auðgert fyrir hæstv. ríkisstj. að ganga að þessum 1. lið okkar samþykktar, þannig að viðræðurnar geti haldið áfram þess vegna.

En þá kemur 2. liður þessarar ályktunar, og hann er, með leyfi hæstv. forseta, á þessa leið:

„Miðstjórnin er reiðubúin til að standa nú þegar að raunhæfum aðgerðum til verðstöðvunar með eftirgreindum hætti og eftir öðrum leiðum, sem til greina koma og stefna að hemlun verðbólgunnar."

Þetta er skýr og afdráttarlaus yfirlýsing um það, að miðstjórn Alþýðusambandsins sé reiðubúin til þess að standa að raunhæfum aðgerðum til verðstöðvunar, sem allar miði að því að hemla verðbólguna, halda aftur af henni. Í þessu meginefni er ekki um að villast um vilja verkalýðssamtakanna. En það er sannfæring okkar, að það sé ekki nóg að kasta fram lítt undirbúinni löggjöf um verðstöðvun. Það gæti farið svo, að með slíkri löggjöf, ef ekkert annað væri gert, væri bara verðhækkunarvandamálinu safnað í poka, stóran drelli, sem yrði síðan svo þungur meðferðar á skömmum tíma, að innihaldið væri ekki viðráðanlegt, t.d. eftir 3 eða 6 mánuði, og þá væri verr farið en heima setið. (**Gripið fram í:** Það yrði sem sagt eftir kosningar.) Það yrði vafalaust ekki fyrr en eftir kosningar, nei, nei. Það er rétt. Það er byrjað að tala um verðstöðvun nú á þeim tíma, að henni er ætlað að veita hlé fram yfir kjördag, greinilega. En þess vegna er það skylda okkar í stjórnarandstöðunni einmitt að reyna af alefli að tryggja það, að þetta sé ekki bara hókus pókus og töfraformúla, sem einskis verð væri í reynd og þannig verið að koma sér hjá að axla byrðarnar fram að kjördegi.

Ég er sammála því, sem hér var sagt áðan, að það er kannske of djúpt í ár tekið, að kröfurnar séu um það að stöðva verðbólgu. Ég álít, að við þurfum ekki að láta okkur vera neitt órótt, þótt verðbólga hér þróist með svipuðum hraða og hún þróast hjá aðalviðskiptaþjóðum okkar. Nú hefur verið verðbólguþróun hjá þeim, og okkur mundi því nægja að leysa verðbólguvandamálið að svo miklu leyti, að við yrðum samstiga okkar viðskiptaþjóðum í öllum aðalatriðum að því er snertir verðbólgumálin. Strangari en þetta er ég nú ekki í garð ríkisstj. um raunhæfar aðgerðir til stöðvunar verðbólgu og dýrtíðar, en þetta er líka lágmarkskrafan, sem ekki má undan víkjast og allir stjórnarflokkarnir og stjórnarandstöðuflokkarnir ættu að setja sér sem lágmarkstakmark. Við eigum að hemla dýrtíðina með öllum tiltækum ráðstöfunum þegar í stað og staðfesta þær aðgerðir síðan, ef þörf þykir á, með löggjöf. En skilyrðin, sem við teljum að verði að vera fyrir hendi til þess að þessi hemlun verði meira en nafnið tómt, eru eftirfarandi:

1. Að gildandi ákvæði í lögum um vald verðlagsnefndar og verðlagseftirlit verði ekki skert og sameiginlegum meiri hl. fulltrúa launþegasamtakanna og ríkisstj. í verðlagsnefnd verði beitt til strangs aðhalds varðandi þann hluta verðmyndunarkerfisins, sem n. hefur vald á, og til endurskoðunar á fyrri afgreiðslum n., sem mest orka tvímælis og ágreiningur hefur verið um milli fulltrúa launþegasamtakanna og fulltrúa ríkisstj.

Þetta er um álagningarmálin, fyrsta skilyrðið.

Þar hefur verið rýmkað meira en brýnasta nauðsyn hefur verið á fyrir kaupsýslunni í álagningarmálunum. Kaupsýslustéttirnar fengu tvenns konar kjarabót við samningana í vor. Aðra beint í sambandi við samningana í vor, en að öðru leyti vegna þróunar á heimsmarkaði. Það hefur verið verðbólguþróun í okkar nágrannalöndun. Innfluttar vörur hafa hækkað í verði. Við það getur ríkisstj. á hverjum tíma auðvitað alls ekkert ráðið og það er engin ásökun af minni hendi til núv. ríkisstj. varðandi það. En þetta þýðir það, að álagningargrundvöllur kaupsýslunnar hækkaði núna á þessu sumri og álagningin varð þess vegna rýmri hjá þeim í krónutölu að óbreyttum álagningarreglum heldur en áður var, samanborið við það, sem áður var. Það hefur verið sett á reikningsstokk, þetta. Og það er talið, að þetta eitt hefði farið langt til með að bera uppi þær kaupgjaldshækkanir, sem kaupsýslustéttirnar vitanlega urðu fyrir með samningunum í vor, — langt til.

En það er annað, sem gerðist með því stóra stökki krónubreytinga í launum, sem átti sér stað með samningunum í vor. Og það var það, að fyrir samningana höfðu kaupsýslustéttirnar fyrir framan búðarborðin hjá sér kaupgetulítið fólk, en eftir samningana var þetta fólk með allt upp í 17% aukna kaupgetu. Og það er allt annað fyrir kaupsýslustéttirnar að hafa fólk með nokkra kaupgetu fyrir framan búðarborðin hjá sér heldur en hafa fólk, sem ekkert getur keypt. A. m. k. hefði ég, ef ég hefði setið í ráðherrastóli í þessum mikla vanda verðbólguþróunarinnar, haldið því mjög að kaupsýslustéttunum, að þær yrðu að gæta hófs að þessu leyti og taka þetta hvort tveggja til greina um tíma a. m. k., meðan þjóðin gerði allsherjarátak til þess að reyna að stöðva sig á verðbólgubraut og vildi forðast það að lenda út í enn eina gengislækkunina. Nei, í stað þessa hefur verið af fulltrúa ríkisstj. sem oddamanni í verðlagsnefnd fallizt á hækkaða álagningu, og núna að undanförnu hafa staðið átök í þessari nefnd, þýðingarmiklu nefnd, um verðlagninguna á stórri innflutningsgrein, olíunni, og enn talin nauðsyn á að mati hæstv. ríkisstj. að hækka álagninguna þar, þrátt fyrir það, að gögn sýni, að olíufélögin hafa s. l. ár skilað feikilegum arði, gróða. Ég tel, að hvað sem kaupsýslustéttunum líður að þessu leyti, þá megi ekki taka svona lauslega og linlega á álagningarmálunum, ef á að sameina þjóðina um strangar aðgerðir til þess að reyna að fóta sig á stöðvun verðbólgu og dýrtíðar.

Enn annað skilyrði, sem miðstjórnin telur að verði að vera fyrir hendi, er þetta, að sérstakar ráðstafanir verði gerðar til að hindra allar verðhækkanir, sem opinberir aðilar ráða úrslitum um og nokkur raunhæf tök eru á að koma í veg fyrir. Þetta yrði auðvitað að meta í hverju tilfelli, hvar væru raunhæf tök á að gera slíkar ráðstafanir, og láta þar ekkert undan dragast, sem fært þætti til stöðvunar.

Í þriðja lagi, — og þá kem ég að þýðingarmiklu atriði, sem þyrfti talsverðan manndóm til þess að taka á sem skyldi, — að allar lögbundnar launa- og verðviðmiðanir við launataxta verkalýðsfélaga verði afnumdar með nýrri löggjöf, þ. á m. kjör opinberra starfsmanna og verðlag landbúnaðarvara, enda hljóti þá þessar starfsstéttir fullan samningsrétt hliðstæðan þeim, sem verkalýðssamtökunum er tryggður með gildandi löggjöf. Þetta er krafan um það, að horfið sé frá því „átomati“, að þegar laun verkamannsins eru leiðrétt og lagfærð, jafnvel þó að fyllstu rök séu til, þá er allt embættismannakerfið látið fara í gang í hækkuðum launum, ekki sömu krónutölu, heldur þrefalt fleiri krónum hjá þeim, sem hefur þrefalt hærri laun en verkamaðurinn, tvöfalt meiri hækkun í krónutölu hjá þeim embættismönnum, sem hafa tvöfalt hærri laun en verkamaðurinn o. s. frv., svo að þeir fá dýrtíðina bætta því betur sem þeir eru hærra launaðir. En þetta „átomatíska“ kerfi gerir það að verkum, að að því órofnu er lítt mögulegt að taka af viti eða festu á verðbólgu- og dýrtíðarmálunum í landinu. En þegar þetta kerfi væri leyst í sundur, þá er það jafnframt krafa okkar, að opinberir starfsmenn og bændastéttin fengju fullan, óskoraðan samningsrétt um sín launamál, eins og verkalýðurinn hefur, og það yrðu þessar stéttir að fá, ef „átomatíska“ kerfið væri höggvið í sundur.

Þá er það fjórða atriðið, að ítrustu greiðslugetu ríkissjóðs, svo og því fé, sem nú er varið til verðbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir, verði beitt til verðlækkunar á grundvallarnauðsynjum almennings, svo sem lækkun söluskatts á lífsnauðsynjum og til aukningar fjölskyldubóta. Verðlagningarkerfi landbúnaðarins og fyrirkomulag niðurgreiðslna verði hvort tveggja tekið til endurskoðunar í fullu samráði við bændastéttina og með sameiginlega hagsmuni þeirra og neytendanna fyrir augum. Í þessum lið er komið inn á atriði, sem hæstv. ráðh. nefndi í sinni ræðu. Hann sagði, að það væri til athugunar, hvort hægt væri að verja því fé, sem nú færi í verðbætur á útfluttum landbúnaðarafurðum, á annan hátt betur til hagsmuna fyrir bændastéttina, skilst mér, og þá jafnframt ekki síður fyrir launþegana. Og þetta yrði að meta og ákveða í samráði við beztu fulltrúa bændastéttarinnar. Að því er þetta snertir virðist þá vilji manna fara nokkuð í svipaða átt.

Þá er það fimmta atriðið, að skattar og útsvör af almennum launatekjum verði lækkuð og skattaeftirlit hert. Það er álit okkar, að það sé nauðsynlegur liður í aðgerðum til að hefta dýrtíðina, að hinir lægst launuðu, menn með almennar launatekjur, verði ekki rúðir þeirri kjarabót, sem þeir fengu með samningunum, með því að hækka þá í skattflokkum. En það hefur gerzt þegar á þessu ári, af því að engar aðgerðir voru gerðar til að afstýra því.

Í sjötta lagi, að fyllsta aðhalds í rekstri ríkisins og ríkisstofnana verði gætt í því skyni, að unnt verði að beita sem mestu fjármagni og áhrifamestum aðgerðum í framangreindu skyni. Sumir miðstjórnarmanna — og það var einasti ágreiningurinn

um þetta plagg — vildu, að þarna væri kveðið fastar að orði, ekki aðeins til fyllsta aðhalds í rekstri ríkis og ríkisstofnana, heldur og til niðurskurðar í ríkisbákninu. Og þar tek ég undir það, sem hér hefur verið sagt, að það er í raun og veru uggvænlegt, að gjöld ríkisins skuli vera búin að fylla 10 milljarða kr. og komin á annan tug milljarða. Það er uggvænlegt. Þar held ég að verði a. m. k. ekki ofmælt, að fyllsta aðhalds í rekstri ríkis og ríkisstofnana verði að gæta og jafnvel að grípa til niðurskurðarhnífsins, þar sem nokkrir möguleikar eru til að draga saman seglin.

Þessi ályktun er ályktun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands í tilefni af þeim viðræðum, sem farið hafa fram síðan í ágústmánuði. En þar sem formaður og varaformaður Samtaka frjálslyndra og vinstri manna eiga sæti í miðstjórn Alþýðusambandsins og standa að þessari ályktun eins og aðrir miðstjórnarmenn, þá er þetta jafnframt stefnuyfirlýsing Samtaka frjálslyndra og vinstri manna að því er varðar þessa málaflokka, sem þarna er snert við.

Hinn þátturinn í ræðu hæstv. forsrh. var að kynna þingheimi þau mál, sem hæst bæri og hæstv. ríkisstj. hefði þegar ákveðið eða væri ráðin í að flytja á þessu þingi. Ég skal ekki fara að nefna þessi einstöku mál, það yrði of langt mál. Ég vil aðeins drepa þar á tvennt eða þrennt.

Það er landhelgismálið, sem gnæfir hátt yfir öll önnur mál af þeim, sem hæstv. ráðh. nefndi. Hann gerði þar lauslega grein fyrir kröfugerð ríkisstj. á alþjóðavettvangi, og hygg ég, að ekki verði ágreiningur um þá kröfugerð, enda ekki nýtt, eins og bent var á áðan. Og það er ég viss um, að ef staðið verður af einurð og djörfung að fyllsta málstað Íslands á innlendum og erlendum vettvangi, þá er ég alveg sannfærður um, að samstaða þjóðarinnar um þetta lífshagsmunamál hennar er örugg og trygg.

Ég held, að tímans vegna nefni ég ekki fleiri af þeim málum, sem hæstv. ráðh. gerði grein fyrir í sinni stefnuyfirlýsingu. Við munum taka í Samtökum frjálslyndra og vinstri manna, sem á þingi eigum sæti, afstöðu til þeirra, eftir því sem þau verða rædd hér í þinginu.

Að lokum vil ég svo aðeins segja þetta, að ég lýsi því yfir fyrir hönd Samtaka frjálslyndra og vinstri manna, að við, sem skipum þingflokk Samtakanna, erum í stjórnarandstöðu, þ. e. við erum andvígir þeirri stjórnarstefnu, sem fylgt hefur verið rúman seinasta áratuginn og nú hefur verið yfirlýst af hæstv. forsrh., að fylgt verði af stjórn hans. En höfuðeinkenni þessarar stefnu hafa verið æðisgengin verðbólga, dýrtíðarflóð og gengisfellingar með skömmu millibili. Þá hefur stjórnarstefnan strax, þegar eitthvað slaknaði á góðæri, leitt til víðtæks atvinnuleysis, sem er sá versti vágestur, sem borið getur að garði alþýðuheimilanna. Þessi afdráttarlausa yfirlýsing, sem ég nú hef gefið, varðar meginstefnuna og alveg sérstaklega stefnu ríkisstj. eins og hún hefur birzt á undanförnum árum í efnahagsmálunum. Hitt skal svo skýrt fram tekið, að við, sem sæti eigum á Alþingi Íslendinga fyrir Samtök frjálslyndra og vinstri manna, munum styðja hvert það einstakt mál, sem stjórnin flytur, ef við teljum það horfa til framfara eða heilla fyrir land og lýð.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Forustumenn þingflokkanna hafa talað eftir þá ræðu, sem ég flutti hér fyrir hönd ríkisstj. Það hefur ekkert sérstakt komið fram yfirleitt í þeirra máli, sem gæti komið á óvart. Ég get fallizt á það sjónarmið, sem þeir settu fram, að eðlilegt væri, að mál þau, sem ég vitnaði til um afstöðu ríkisstj. og flutt mundu verða á þinginu, yrðu rædd á milli flokkanna, þegar þau verða flutt, og eins önnur mál, sem boðuð hafa verið af stjórnarandstöðu, að umr. um þau hefjist þá. Þess vegna skal ég ekki á þessum vettvangi fara út í neinar frekari deilur um málin.

Menn hafa gert í stórum dráttum grein fyrir afstöðu sinna flokka, eins og má teljast alveg eðlilegt á slíkum vettvangi eins og þessum.

Ég vil aðeins út af ræðu hv. 9. þm. Reykv. segja það, að ég held, að það sé mjög varasamt, að þessi hv. þm. blandi sér of mikið saman sem forseta Alþýðusambands Íslands og sem pólitískum forustumanni Samtaka frjálslyndra og vinstri manna, eins og það heitir nú víst, því að auðvitað er hann ekki forseti Alþýðusambands Íslands sem slíkur. Og viðræður ríkisstj. við Alþýðusambandið eru ekki við frjálslynda vinstri menn, heldur við Alþýðusambandið sem stéttasamtök, samtök alþýðunnar í landinu, launþegasamtökin. Ég hefði heldur óskað að fá tækifæri til þess að ræða ályktun miðstjórnar Alþýðusambandsins sérstaklega við fulltrúa Alþýðusambandsins, sem sæti eiga í viðræðunefndinni við ríkisstj. Mér var kunnugt um, að það mun hafa verið fast eftir því gengið, að þessi ályktun væri birt, og mér var ljóst, að það var auðvitað engin ástæða til og ekki hægt fyrir mig að standa neitt gegn því. Hvort hún er birt hér á þingi eða í blöðum, skiptir heldur ekki máli. Ég tel heldur miður að fara að gera grein fyrir efni hennar og rökræða efni hennar hér í þingsölunum, þar sem menn tala sem pólitískir aðilar. Og án þess að ég skuli hins vegar fara lengra út í þetta, þá vil ég segja það, að ríkisstj. hefur skilið þessa ályktun þannig, að í henni felist þó, að Alþýðusamband Íslands vilji halda áfram viðræðum við ríkisstj. ásamt fulltrúum Vinnuveitendasambands Íslands og bænda um aðgerðir til þess að stöðva eða hemla verðbólguna vegna víxlhækkana kaupgjalds og verðlags, og hefur svarað Alþýðusambandinu bréflega 13. okt. Og í framhaldi af því svari hefur verið boðaður á morgun næsti viðræðufundur þessara aðila kl. 4 síðdegis. En ég vil leyfa mér að lesa svarbréf ríkisstj., sem er stutt og svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég hef móttekið bréf Alþýðusambands Íslands, dags. 11. okt. s. l. ásamt ályktun miðstjórnar sambandsins vegna viðræðna fulltrúa Alþýðusam-

bandsins við ríkisstj. um verðbólguvandamál vegna víxlhækkana á kaupi og verðlagi, sbr. bréf ríkisstj. til yðar, dags. 1. júlí s. l. Ríkisstj. metur mikils, að miðstjórn Alþýðusambandsins er reiðubúin til að standa nú þegar að raunhæfum aðgerðum til verðstöðvunar, eins og segir í ályktuninni, með tilgreindum hætti og eftir öðrum leiðum, sem til greina koma og stefna að hemlun verðbólguþróunar. Benda verður á, að ýmis atriði ályktunarinnar verður að telja liggja utan þeirra marka, sem viðræðunum um verðbólguvandamálið voru settar, og mundu tæpast snerta verðstöðvunarákvarðanir nú. Engu að síður mætti ræða þau mál sérstaklega. Ríkisstj. lítur á ályktun miðstjórnarinnar þannig, að umr. þær, sem stofnað var til milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisstj., geti nú haldið áfram, en skiptast þurfi jafnframt á skoðunum um skilning tiltekinna atriða ályktunarinnar. Forsrh. mun ræða við fulltrúa aðila um hentara form viðræðnanna til jákvæðs árangurs."

Ég hef einmitt hugsað mér það á fundinum á morgun, að við ræddum þar saman um hentara form viðræðnanna, því að það er, að ég hygg, óhjákvæmilegt til jákvæðs árangurs að hafa nokkuð annað form á viðræðunum, bæði fámennari fundi heldur en við höfum haft, sem ég mun ræða við aðila um, og einnig þurfa að fara fram fundir við hina einstöku aðila og ríkisstj. út af fyrir sig, og þar mun ég bera mig saman við fulltrúa þessara aðila á þessum fundi, sem er á morgun. Fleira skal ég svo ekki um þetta segja.

En ég vil aðeins árétta eitt, að hv. 9. þm. Reykv. sagði, að aðeins hefði verið ágreiningur um eitt atriði í ályktun Alþýðusambandsstjórnarinnar, í lok hennar, þar sem talað er um, að fyllsta aðhalds sé gætt í rekstri ríkisins. Sumir hefðu viljað kveða sterkara að orði. Það er sjálfsagt rétt frá skýrt. En ég hygg, að það hafi verið ágreiningur um fleira, því að mér barst bréf, dags. 12. okt., frá einum miðstjórnarmanni, Guðmundi H. Garðarssyni, sem ég tel nauðsynlegt, að fram komi hér í tilefni þessara ummæla, en þar segir svo m. a.

„Að gefnu tilefni vegna samþykktar miðstjórnar Alþýðusambands Íslands, 11. okt. óskar undirritaður, að eftirfarandi komi fram:

Kafli I í ályktun miðstjórnar um kjarasamninga verkalýðssamtakanna var samþykktur í einu hljóði. Um kafla II" — það var um verðlagsmálin m. a. — „varð ekki eindregin samstaða, þar sem undirritaður lagði fram svo hljóðandi brtt.: Þar sem núverandi skipan verðlagsmála leysir ekki þann meginvanda, sem þjóðin stendur frammi fyrir, heldur hefur gagnstæð áhrif til hins verra fyrir neytendur til frambúðar, legg ég til, að 1. tölul. II. kafla falli niður, en í stað þess komi, að komið verði á tímabundinni verðstöðvun.

Brtt. var felld með meginþorra atkv. gegn einu, þ. e. atkv. undirritaðs" — sem er Guðmundur H. Garðarsson.

Að endingu, vegna þess, sem hv. 9. þm. Reykv. sagði um viðræður, sem nú fara fram — ég veit ekki, hversu langt þær eru komnar eða hvort það er komið til ákvörðunar um verðlagningu olíu, — þá held ég, að mér sé alveg óhætt að fullyrða, að það sé verulega á misskilningi byggt, að þar sé verið að tala um hækkaða álagningu á olíu vegna gróða á s. l. ári, það sé þess vegna mjög hæpið að viðhafa slík ummæli hér og gæti valdið misskilningi hjá þeim, sem ekki þekkja betur til málanna. Ég held, að ekki hafi komið fram nein till. um hækkaða álagningu á olíunni og málið að öðru leyti sé allverulega miklu flóknara en hér er gefið í skyn. En ég vil sem sagt ekki, hvorki af tilefni minnar ræðu né annars, efna til umr. nú um þessi mál fram yfir það, sem ég þegar hef sagt vegna ræðu hv. 9. þm. Reykv.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég get ekki annað séð heldur en það hafi legið beint við — enda hefur það verið gert af öllum ræðumönnum hér í dag — að ræða um verðbólgu- og dýrtíðarvandamálið. Hæstv. ráðh. innleiddi sjálfur umr. um viðræðurnar við Alþýðusambandið í sinni frumræðu, bæði í fyrsta kafla hennar og í niðurlagsorðum ræðunnar, og ég hefði talið það algera vanrækslu af minni hendi, ef ég hefði ekki við þetta tækifæri gefið þingheimi vitneskju um það, hvernig þessar viðræður stæðu nú á milli ríkisstj. og Alþýðusambandsins. Og það var eingöngu gert með upplestri ályktunarinnar. Við erum búnir að draga — og það er algerlega óvenjulegt — við erum búnir að draga það síðan s. l. sunnudagskvöld að birta þessa ályktun að ósk hæstv. ráðh. En vitanlega verður svo þýðingarmikil ályktun sem þessi að birtast, og hvort það er gert í dag eða á morgun, held ég, að skipti ekki miklu máli, né heldur hvar hún er birt. Það hefur verið orðið við því að fara ekki í sjónvarp, útvarp og blöðin með þessa ályktun enn þá. En Alþingi Íslendinga átti sannarlega, þegar málið var til umr. að frumkvæði ráðh., rétt á því að fá að vita, hvernig málin stæðu.

Á fundi, sem hæstv. ráðh. segir nú, að boðaður verði á morgun um þessi mál, verður auðvitað rædzt við um tilhögun viðræðnanna og um samstöðu eða ágreining um efnisatriðin. En það er þá í fyrsta sinn, sem komið er að efnislegum umr. um málið. Hingað til hefur þetta verið gagnasöfnun og skipzt á hugleiðingum, en ekki tillögum.

Varðandi það, að ágreiningur hafi verið um þessa ályktun, er það að segja, að á umræðustigi — umr. voru á tveimur fundum — vörpuðu menn fram ýmsum fleiri hugmyndum en Guðmundur H. Garðarsson um það, í hvaða röð ætti að setja upp skilyrðin. Og aðeins var blæmunur um framsetningu efnis. Síðan voru þær till. afgreiddar, en þegar þessi ályktun var borin undir atkv., var ekkert mótatkv., ekki eitt einasta mótatkv. Ályktunin var því afgreidd einróma frá Alþýðusambandi Íslands. Hvað sem menn skrifa svo sínum ráðh. um annað, þá er það ekki rétt. Ályktunin var einróma samþ., ekkert mótatkv., og það er engin rödd á móti, þó að einn maður sitji hjá. Það kann að vera, að þessi miðstjórnarmaður, Guðmundur H. Garðars-

son, hafi setið hjá, en einróma var ályktunin samþykkt.

Ég mótmæli því alveg, að það hafi verið óviðurkvæmilegt að skýra frá því, hvernig þessi mál stæðu, að þau væru komin núna á tímamót, ætti að fara að ræða þau efnislega og hefðu hingað til aðeins verið hugleiðingar og gagnakönnun, og afstaðan hjá launþegasamtökunum væri slík sem kom fram í þessari ítarlegu ályktun. Ég verð meira að segja að segja það, að ég bíð með nokkurri eftirvæntingu eftir því, hvort Alþfl. tekur undir þá stefnu, sem verkalýðsmálaarmur flokksins hefur markað með afstöðu til þessarar ályktunar um efnahags- og launamálin, eða hvort hann verður þar á öndverðum meiði vegna ríkisstjórnarsamstarfsins.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég átel það ekkert út af fyrir sig, að þessi ályktun Alþýðusambandsins sé birt. Það, sem mér mislíkaði, var það, að það var farið að ræða hana hér efnislega og túlka hana af forustumanni Samtaka frjálslyndra og vinstri manna, eins og ég vék að í minni ræðu. Annars skal ég ekki hafa fleiri orð um það.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Hér hefur verið lesin upp ályktun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands, sem gerð var á fundi hennar s. l. sunnudag, og nokkuð verið um það rætt, hvort birting hennar hér á þessum stað væri rétt eða ekki. Ég vil til skýringar á þessu máli aðeins segja það, að á þessum alþýðusambandsstjórnarfundi á sunnudaginn var frá því gengið, að þessi ályktun væri ekki til notkunar opinberlega fyrr en hún hefði verið rædd í þeirri viðræðunefnd, sem hefur setið á fundum fyrir frumkvæði ríkisstj. Ég verð að segja það, að það er orðið í raun og veru allt of langur tími liðinn frá því að þessar viðræður hófust án þess að þjóðinni allri væri gerð grein fyrir þeim nánar en þó hefur verið gert. Hv. 9. þm. Reykv. telur það hafa verið skyldu sína að lýsa fyrir Alþ., hvernig þessi mál stæðu. Í þessum efnum teldi ég mig fyrst og fremst hafa skyldur gagnvart mínum umbjóðendum í verkalýðshreyfingunni. Þeim höfum við ekki enn þá birt þetta plagg, og teldi ég ekki Alþ. þurfa að hafa forgang fram yfir þau félagasamtök. Ég tel hins vegar, að sá háttur eigi að vera á í samskiptum aðila varðandi svona ályktanir, sem miðstjórn Alþýðusambandsins gerði ráð fyrir og ríkt var á lagt við alla meðlimi miðstjórnarinnar, — og forseti sambandsins var þar ekki undanskilinn — að ekki yrði notað á annan hátt en þar var gert. Nú hefur það hins vegar skeð. Ég harma ekki, að þetta plagg er orðið opinbert, síður en svo. En hins vegar teldi ég, að það hefði átt að gerast á þann hátt, sem miðstjórnin hafði þegar ákveðið að það skyldi gerast.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þegar við að kvöldi sunnudagsins s. l. — nú er fimmtudagur — gengum frá þessari ályktun, þá var talið rétt að birta hæstv. ríkisstj. ályktunina með hraði. Það var sent með ályktunina á sunnudagskvöld til hæstv. ráðh. Þar með var ályktunin komin í hendur þess aðila, sem hún var stíluð til. Síðan var það vafalaust hugmynd miðstjórnarmanna, að hún yrði birt, eftir að hæstv. ríkisstj. hefði fengið svigrúm til þess að kynna sér efni hennar, sem gat þá orðið strax á mánudagsmorguninn. Ég hef a. m. k. ekki vanizt þeim vinnubrögðum hjá Alþýðusambandi Íslands að liggja á samþykktum sínum sem leyndarmáli, þýðingarmiklum málum dögum saman. Vitanlega átti þessi ályktun erindi til almennings og ekkert síður inn á Alþ., þegar þetta mál væri til umr., heldur en annars staðar, úr því að ekki var búið að birta hana í fjölmiðlunum áður. Og það er fyrst á morgun, föstudag, sem þessi þýðingarmikla ályktun getur komið til birtingar fyrir þjóðinni, — föstudag, gerð á sunnudagskvöld og send þá þegar á stundinni til hæstv. ráðh. Ég veit sannast að segja ekki, undan hverju hæstv. ráðh. er að kvarta í þessu efni. Það verða engar hömlur með umr., sem hér hafa farið fram, lagðar á það, hvaða skilning menn leggja í ályktunina á morgun, þegar nefndin og ríkisstjórnarfulltrúarnir og vinnuveitendafulltrúarnir ræðast við. Það er þá aðeins það, að efni ályktunarinnar liggur kannske aðeins ljósar fyrir en þegar þeir koma á þann fund, en að engu leyti getur það skaðað nokkurn aðila.

III. Skýrsla um utanríkismál.

Á 38. fundi í Sþ., 30. marz, var tekin á dagskrá:
Skýrsla utanrrh. um utanríkismál.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þegar ég flutti aðra skýrslu mína um utanríkismál fyrir réttu ári, var þess óskað, eins og kom fram í umr., að skýrslan yrði lögð fram nokkru áður en umr. færi fram, þannig að hv. þm. hefðu haft tækifæri til að kynna sér hana fyrir umr. Þetta hefur nú verið gert, og hafa því nú allir hv. þm. fengið ræðuna vélritaða á borð sitt til lesturs. Skýrsluna ber að skoða sem framsöguræðu mína í málinu eins og áður, og þarf ég því litlu eða engu við að bæta. Það þjónar ekki neinum tilgangi að fara að lesa upp þessa skýrslu, því að það mundi taka um það bil 2 klukkutíma, og hv. þm. hafa haft tækifæri til að lesa skýrsluna. Að vísu skal ég leyfa mér að bæta við, að skýrslan er samin í febrúarmánuði s. l., og hefur því ýmislegt gerzt síðan á sviði utanríkismála, sem rétt hefði verið að taka með. En það verður þá gert, eftir því sem ástæða gefst til í umr. Ég hef í þetta skiptið látið fylgja með þrjú fskj.: Í fyrsta lagi þær fjórar afmælisályktanir allsherjarþingsins, sem samþykktar voru nú fyrir áramótin. Í öðru lagi ályktanir þrjár frá allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna varðandi hafið. Og í þriðja lagi íslenzka þýðingu á

c-hluta ályktunar nr. 2750 um undirbúning þriðju hafréttarráðstefnunnar. Fleira sé ég ekki ástæðu til að segja um þetta mál að svo stöddu.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Það er í sjálfu sér skynsamleg aðferð að birta þm. skýrslu hæstv. ráðh. vélritaða, þannig að þeir eigi kost á því að kanna hana, áður en almenn umr. fer fram um utanríkismál. Það var óeðlilegur háttur, fannst mér, að hæstv. ráðh. kæmi hér og flytti skýrslu sína og síðan væri til þess ætlazt, að menn tækju upp almenna umr. þegar á eftir, án þess að hafa átt þess kost að gaumgæfa einstök atriði í skýrslu ráðh. Því tel ég þessi vinnubrögð vera tvímælalaust til bóta. Hins vegar sé ég ástæðu til þess að gagnrýna það, að mér finnst þessi skýrsla koma allt of seint fram. Hún var lögð fram í síðustu viku og er tekin til umr. í dag, þegar aðeins er eftir ein vika af þingtímanum og þegar annir eru svo miklar, að vandséð er, hvernig þm. eiga að fara að því að rækja brýnustu verkefni sín. Slík vinnubrögð gefa til kynna, að hæstv. ráðh. sé fremur að fullnægja formsatriðum með því að leggja þessa skýrslu fram en hann hafi áhuga á því, að hér fari fram ítarleg og gaumgæfileg umr. um utanríkismálin. Ég hygg, að það væri miklu skynsamlegri aðferð að leggja skýrslu um utanríkismál fram snemma á þingtíma hverju sinni og láta henni þá fylgja almenna ályktun um stefnu ríkisstj. í utanríkismálum, en þm. ættu þess kost í sambandi við þann málatilbúnað að leggja fram sínar eigin till. um breytingar á utanríkismálum eða önnur atriði, sem þeir vildu vekja athygli á. Síðan væru þessi plögg lögð í hendur utanrmn. og á síðari hluta þingtímans kæmu þau síðan til formlegrar og þinglegrar afgreiðslu hér á hinu háa Alþ. Á þennan hátt held ég, að umr. um utanríkismál yrði mun málefnalegri og menn tækju þau mál alvarlegar en gert er nú til þessa.

En eins og nú er ástatt á hinu háa Alþ., þá er mjög erfitt að koma fram till. um utanríkismál og fá þær raunverulega teknar til meðferðar og afgreiddar hér á þinginu. Það líður mánuður eftir mánuð, án þess að till., sem hér eru lagðar fram um breytingar á stefnunni í utanríkismálum, fáist teknar til umr., hvað þá að þær fari til n. og fái endanlega afgreiðslu, og mun ég koma nánar að þessu atriði síðar. En í sambandi við skýrslu hæstv. ráðh. um utanríkismál á hverju ári hér á þingi, þá tel ég, að það eigi að vera algerlega óhjákvæmilegur hluti þeirrar skýrslu, að fjallað sé sérstaklega um þau vandamál, sem brenna heitt á okkur Íslendingum hverju sinni. Ég tel t. d., að það sé skylda hæstv. ráðh. að fjalla í hverri skýrslu um hersetu Bandaríkjanna á Íslandi, meta hana í samhengi við þróunina í alþjóðamálum og gera grein fyrir þeim rökum, sem talin eru réttlæta það, að það ástand haldist.

Eftir rúman mánuð eru liðin rétt 20 ár síðan Bandaríkin sendu hingað hernámslið öðru sinni. Og á þeim tíma hefur hin erlenda byggð á Miðnesheiði orðið sífellt varanlegri. Við Íslendingar megum aldrei gleyma því, að þetta ástand skerðir sjálfræði okkar og heilbrigðan þjóðarmetnað, og við megum aldrei líta á þetta sem neitt eðlilegt og varanlegt ástand. Þetta ástand á að lifa í huga okkar eins og sár kvika, ekki sízt í hugum þeirra, sem bera ábyrgð á þessu ástandi. En hæstv. utanrrh. virðist vera einn í hópi þeirra, sem ekki sjá mikið athugavert við þetta ástand og virðast telja, að það megi vel vera varanlegt. Á fyrstu síðunni í skýrslu hans er vikið að þessu í örstuttu máli. Hæstv. ráðh. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Við teljum öryggismálum lands og þjóðar bezt borgið með varnarsamstarfi okkar við Bandaríkin innan ramma Atlantshafsbandalagsins. Engri þjóð hefur verið stoð í varnarlausu hlutleysi, og ekki getum við einir haldið hér uppi hervörnum. Þess vegna höldum við áfram þátttöku í varnarbandalagi vestrænna þjóða."

Í þessu virðist það felast, að hæstv. ráðh. telur eðlilegt, að þetta ástand haldist til frambúðar, að hér á Íslandi verði tvíbýli um ófyrirsjáanlega framtíð, að ekki aðeins við Íslendingar búum hér í landinu, heldur einnig bandaríska stórveldið. Það er ekki gerð nein tilraun til þess að meta aðstæðurnar, engin tilraun til þess að lýsa yfir því, hvað gerast þurfi til þess, að þessi hæstv. ráðh. telji ráðlegt að vísa hinum erlenda her úr landi. Í staðinn koma aðeins þessar almennu og alkunnu röksemdir, að það geti engum verið stoð í varnarlausu hlutleysi. Svona almennar setningar er ósköp auðvelt að koma með. Það er hægt að segja, að það sé engin stoð í óvörðu hlutleysi, en ósköp auðvelt líka að segja, að það sé engin stoð í því að vera í hernaðarbandalagi, og það er hægt að nefna um það mörg hundruð dæma. Svona formúlur segja að sjálfsögðu ekki nokkurn skapaðan hlut. Það, sem til þarf, er raunsætt mat á aðstæðum hverju sinni. Og við skulum aldrei gleyma því, að markmið íslenzkrar utanríkisstefnu á að vera að tryggja það, að Íslendingar geti lifað einir og óháðir í landi sínu. Við höfum ekki náð markmiðum okkar, á meðan svo er ekki ástatt, og þetta eiga þeir menn sérstaklega að muna, sem bera ábyrgð á því, að herinn var kvaddur hingað.

Annað mál, sem eðlilegt er að fjalla um í sambandi við utanríkismál að þessu sinni, er að sjálfsögðu landhelgismálið, og um það er allítarlegur kafli í skýrslu hæstv. ráðh. Það mál verður rætt hér sérstaklega síðar í þessari viku og sé ég því ekki ástæðu til þess að fjalla sérstaklega um það. Þó kemst ég ekki hjá því að gera aths. við ræðu þá, sem hæstv. utanrrh. hélt á þingi Sameinuðu þjóðanna í haust og vikið er að í skýrslu hans. Ég las þá ræðu, þegar hún var flutt, og ég gat ekki annað séð en í henni fælist það tilboð af okkar hálfu, að við værum reiðubúnir til þess að fallast á 12 mílur sem almenna reglu, ef við fengjum undanþágu frá henni. Hæstv. ráðh. segir í þessari gerð, sem birt er í skýrslunni núna: „Í sérstökum tilfellum, þegar þjóð byggir afkomu sína að langmestu leyti á fiskveiðum undan ströndum, eru 12 mílur ekki nóg." Þetta er

aðeins í sérstökum tilfellum og ef þjóð á afkomu sína að langmestu leyti undir fiskveiðum. Það eru ekki margar þjóðir í heiminum, sem þannig er ástatt um. Ætli það séu öllu fleiri sjálfstæð ríki en Ísland, sem þarna er um að ræða? En ef við ætlum að byggja stefnu okkar á því að fara fram á undanþágu fyrir okkur eina frá almennri reglu, þá held ég, að við séum að sigla málum okkar í algert óefni. Þarna verðum við tvímælalaust að styðjast við þær þjóðir, sem beita sér fyrir því, að landhelgismörkin verði sem rúmust, og tengja saman annars vegar fiskveiðilandhelgina og hins vegar landgrunnið. Slíkar þjóðir eru nú 20—30 talsins í heiminum og þær kynna þessa sérstöku stefnu, sem við eigum tvímælalaust að fylgja. Og við eigum ekki að láta okkur nægja að fara fram á einhverja undantekningu fyrir okkur eina. Ég minnist á þetta vegna þess, að ég óttast, að þetta sé hin raunverulega afstaða hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. Að vísu verða höfð uppi fögur orð í kosningabaráttunni núna næstu mánuði. En ef þessi hæstv. ríkisstj. heldur á málunum þar á eftir, þá er ég hræddur um, að þetta sjónarmið komi upp á nýjan leik, að við eigum að fara fram á undanþágur fyrir okkur eina.

Ég sagði áðan, að það væri erfitt að koma á framfæri till. um utanríkismál á hinu háa Alþingi. 2. des. s. l. flutti ég ásamt hv. þm. Sigurvin Einarssyni till. til þál. um breytta stefnu í utanríkismálum. Síðan eru liðnir 4 mánuðir, og þessi till. er ekki enn komin til umr. hér á þingi. Fyrst liðu margar vikur án þess að hennar væri getið í hinni prentuðu dagskrá. Síðan hefur hún oft verið á dagskránni, en hún hefur ekki komið til umr., og nú er útséð um, að það gerir hún ekki í þeirri viku, sem eftir er, enda mundi það lítt stoða, því að utanrmn., sem átti að fjalla um hana, mundi að sjálfsögðu ekki hafa ráðrúm til þess. Vinnubrögð af þessu tagi tel ég algerlega fráleit, og við eigum ekki að una því, alþm., að þannig sé farið með mál okkar. Ég veit, að hæstv. forseti ber því við, að það sé erfitt að koma fram málum í Sþ., vegna þess að við þm. segjum svo margt um fsp. Vissulega er það rétt, að við fjöllum oft og lengi um fsp. En ég veit ekki til þess, að það standi á þm. að koma hér til funda til þess að afgreiða mál, þegar eftir því er leitað. Ef hæstv. forseti hefði haldið fundi til þess að afgreiða þau mál, sem hér hafa verið lögð fram, þá veit ég, að þm. hefðu komið og tekið þátt í þeim störfum, þannig að þessi vinnubrögð hafa strandað einvörðungu á hæstv. forseta Sþ. Og mér finnst, að svona vinnubrögðum eigum við ekki að una öllu lengur.

En fyrst hér er almenn umr. um utanríkismál, þá vildi ég víkja nokkuð að þeim atriðum, sem við hv. þm. Sigurvin Einarsson gerðum till. um, og þá líka vegna þess, að um þau atriði öll er fjallað í vissum köflum í ræðu hæstv. utanrrh.

Fyrsta till., sem við fluttum, var sú, að Alþ. ályktaði að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi, að ríkisstj. í Peking verði falið að fara með umboð Kína hjá Sameinuðu þjóðunum og í öðrum alþjóðasamtökum. Það er alkunna, að þetta hefur verið mikið deilumál á alþjóðavettvangi um langt skeið, og það, sem hæstv. ráðh. sagði um þetta mál, einkenndist því miður af sams konar ruglingi og það, sem hann hefur áður sagt um það á undanförnum þingum. Það, sem ráðh. bar einkum við, var það, að það væri erfitt að fela Pekingstjórninni aðild að Sameinuðu þjóðunum, vegna þess að það jafngilti því, að stjórnarvöld á Formósu yrðu gerð afturreka úr samtökum Sameinuðu þjóðanna, og Íslendingar gætu ekki verið sammála því að víkja nokkurri þjóð úr Sameinuðu þjóðunum. Þetta er meginatriðið í því, sem hæstv. ráðh. segir í skýrslu sinni. En þetta er, eins og ég sagði áðan, byggt á málefnalegum ruglingi. Kína er aðili að Sameinuðu þjóðunum, stofnaðili Sameinuðu þjóðanna, og þar að auki í stórveldahópi, á sjálfkrafa aðild að Öryggisráðinu. Þar er ekki um að ræða aðild neinnar ríkisstj., heldur aðild Kína. Eftir að Kína gerðist aðili að Sameinuðu þjóðunum, varð borgarastyrjöld í landinu. Sú borgarastyrjöld var leidd til lykta 1949, og eftir það hefur stjórnin í Peking farið með öll völd í Kína nema á eynni Formósu. Og að sjálfsögðu bar þá að veita Pekingstjórninni aðild að þessum alþjóðasamtökum. Hvort sem mönnum líkaði það betur eða verr, þá var það staðreynd, að það var ríkisstj. landsins. Nú er alls ekki um það að ræða, að þarna séu tvö ríki, annars vegar meginland Kína, en hins vegar Formósa. Það er sameiginleg afstaða ríkisstj. á báðum stöðunum, að það sé aðeins um að ræða eitt kínverskt ríki og meginlandið og Formósa séu sama ríkið. Það getur ekki verið nema ein sendinefnd fyrir hvert ríki hjá Sameinuðu þjóðunum. Ef Pekingstjórninni er falið að fara með aðild Kína hjá Sameinuðu þjóðunum, þá liggur það í hlutarins eðli, að sendimennirnir frá Formósu, sem telja sig vera fulltrúa alls Kínaveldis einnig, hljóta að víkja. Þetta liggur í hlutarins eðli. Einhvern tíma síðar gæti komið upp það viðhorf, að það yrði stofnað ríki á Formósu. Ef það viðhorf kemur upp, þá verður það að sjálfsögðu vandamál, sem verður að taka afstöðu til. Ríki verða að ákveða, hvort þau vilja viðurkenna það ríki, og síðan verður að ákveða, hvort menn vilja taka það inn í Sameinuðu þjóðirnar. En þannig er ástandið ekki núna, og það þýðir ekki fyrir okkur Íslendinga að fara að búa til eitthvert fræðilegt dæmi, sem alls ekki er á dagskrá. Það, sem um er að ræða, er aðeins þetta: Hverjir eiga að fara með umboð Kína hjá Sameinuðu þjóðunum? Ástæðan fyrir því, að ríkisstj. í Peking hefur verið haldið utan Sameinuðu þjóðanna í meira en tvo áratugi, er einvörðungu pólitísk og tengd stórveldishagsmunum Bandaríkjanna. Bandaríkin hafa á þessu tímabili komið sér upp mjög öflugum herstöðvahring umhverfis Kína og háð þar baráttu, sem hefur beinzt gegn Kínverjum. Þar hafa m. a. verið háðar mjög háskalegar stórstyrjaldir, sem hafa greinilega beinzt gegn Kína. En almennt séð gengur þessi afstaða til aðildar Pekingstjórnarinnar að Sameinuðu þjóðunum í berhögg við hagsmuni friðar og öryggis í heim-

inum. Það er ekki unnt að halda uppi þeirri starfsemi, sem Sameinuðu þjóðirnar eiga að rækja, nema öll helztu ríki hnattarins eigi aðild að þeim samtökum. Með því að halda Pekingstjórninni utan við hafa Sameinuðu þjóðirnar verið að dæma sig úr leik á mjög mikilvægum hluta hnattarins. Þetta er staðreynd, sem æ fleiri ríki hafa verið að viðurkenna á undanförnum árum, einnig flest ríki Atlantshafsbandalagsins. Það er nú svo komið, að mikill meiri hluti af ríkjum Atlantshafsbandalagsins hafa annaðhvort tekið upp stjórnmálasamband við Kína eða undirbúa að gera það, þ. e. a. s. Pekingstjórnina. Og Ísland er að skera sig úr á ákaflega ömurlegan hátt. Á sínum tíma var því lýst sem sameiginlegri afstöðu Norðurlanda, að Norðurlönd mundu styðja aðild Pekingstjórnarinnar að Sameinuðu þjóðunum. En eftir þessa yfirlýsingu skárust Íslendingar úr leik og hafa síðan fylgt Bandaríkjunum innan Sameinuðu þjóðanna. Í þeirri atkvgr., sem fór fram nú í haust, gerðist það í fyrsta skipti, að meiri hluti ríkja innan Sameinuðu þjóðanna greiddi atkv. með því, að Pekingstjórnin fengi aðild að þessum samtökum. En áður var búin að fara fram önnur atkvgr. um till. þess efnis, að það þyrfti ⅔ atkv., og það var hin raunverulega atkvgr. um aðild Kína, vegna þess að það var vitað, að meiri hluti þjóðanna vildi þetta. Og þá var það Ísland, sem greiddi atkv. með þessari bandarísku till. Ég held, að ekkert dæmi sé ljósara en þetta um það, hvað afstaða ríkisstj. Íslands er ósjálfstæð gagnvart hinu bandaríska stórveldi.

Nú bendir margt til þess, að Bandaríkin séu að gefast upp á þessari stefnu sinni, vegna þess að bandamenn þeirra hafa verið að hverfa frá henni einn af öðrum í sívaxandi mæli. Og raunar kom það fram í skýrslu hæstv. ráðh., að einnig hann er að verða hikandi. Á bls. 29 í skýrslunni fann ég þessi fróðlegu ummæli, með leyfi hæstv. forseta:

„Ábyrgir aðilar færa nú rök fyrir því, að tími sé til kominn að viðurkenna Pekingstjórnina og gefa henni kost á sæti Kína í Sameinuðu þjóðunum. Heyrast þessar raddir einnig í auknum mæli í Bandaríkjunum. Í febrúarmánuði í fyrra sagði Nixon forseti í yfirlitsskýrslu um utanríkismál, að stjórn sín væri reiðubúin til að stofna til eðlilegra samskipta við alþýðulýðveldið í reynd."

Ábyrgir aðilar færa nú rök að þessu, segir hæstv. ráðh. En það eru liðin meira en 20 ár síðan þjóðir eins og Bretar og Danir og Norðmenn og Hollendingar viðurkenndu Pekingstjórnina. Telur hæstv. ráðh., að þarna sé ekki um ábyrga aðila að ræða? Síðan 1964 hafa Frakkar haft stjórnmálasamband við ríkisstj. í Peking. Telur hæstv. ráðh., að franska stjórnin sé ekki ábyrg? Er afstaða þessa hæstv. ráðh. svo þröng, að hann sjái hvergi neina ábyrga aðila í alþjóðamálum nema þeir séu bandarískir? En það hik, sem er á ummælum hæstv. ráðh. að þessu sinni í fyrsta skipti, við skulum vona, að það beri það með sér, að Íslendingar muni nú senn taka upp sjálfstæðari afstöðu á þessu sviði en þeir hafa gert að undanförnu.

Önnur till., sem við hv. þm. Sigurvin Einarsson bárum hér fram, var sú, að Alþ. ályktaði að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi, að bæði Þýzku ríkin fái aðild að Sameinuðu þjóðunum og öðrum alþjóðasamtökum og hljóti sömu stöðu að alþjóðalögum og tíðkast í eðlilegum samskiptum ríkja. Hér er vikið að máli, sem hefur verið hættulegasta vandamálið í Evrópu síðan heimsstyrjöldinni lauk. Lengi vel var sú stefna ríkjandi í Vestur-Þýzkalandi, að stjórnarvöld þar kröfðust umboðs fyrir allt Þýzkaland og neituðu að viðurkenna ríkjandi landamæri. Þau gerðu þannig í rauninni landakröfur til Póllands og til Sovétríkjanna. Og þetta voru einu landakröfurnar, sem uppi voru í Evrópu. Þess vegna tel ég, að þær breytingar, sem nú hafa orðið á utanríkisstefnu Vestur-Þýzkalands, séu mjög mikilvægur atburður. Vestur-þýzka stjórnin hefur í samningum við Sovétríkin og við Pólland viðurkennt ríkjandi landamæri í Evrópu, og þó að þeir samningar hafi ekki verið formlega fullgiltir enn þá, þá eru þeir engu að síður endanlegir. Og jafnframt hafa farið fram umr. um bætt samskipti þýzku ríkjanna beggja. Í skýrslu hæstv. utanrrh. var farið viðurkenningarorðum um þessar tilraunir, en kvartað undan því, að hægt gengi, einkanlega að því er varðar samskipti þýzku ríkjanna og framtíð Berlínar. Ég held, að ástæðan fyrir því, hversu hægt gengur, sé sú, að samningar um þetta geta ekki tekizt, nema þeir séu gerðir af tveimur jafnréttháum aðilum. Ég held, að það sé orðið algerlega úrelt sjónarmið að neita að viðurkenna þá staðreynd, að þýzku ríkin eru tvö. Hvort sem mönnum líkar þetta betur eða verr, þá er það staðreynd. Með þessu er ég ekki að halda því fram, að þýzk ríki verði tvö um alla framtíð. Það verður vafalaust ekki. En sameining þeirra getur aðeins farið fram með samningum jafnréttháðra aðila.

Ég held, að það sé ákaflega röng stefna að ríghalda sér við það, að NATO-ríki megi ekki viðurkenna þá óhjákvæmilegu staðreynd, að Austur-Þýzkaland er til, og taka upp eðlileg samskipti við það ríki. Ég held, að það sé forsenda allrar skynsamlegrar stefnu í utanríkismálum og á öðrum sviðum að viðurkenna staðreyndir. Það er alkunna, að vestur-þýzka stjórnin á í miklum erfiðleikum með að framkvæma stefnu sína, vegna þess að hún á í heimalandi sínu í höggi við mjög volduga og hættulega andstæðinga og hún verður að taka tillit til þeirra í athöfnum sínum. Þess vegna held ég, að það mundi hjálpa vestur-þýzku stjórninni mjög mikið, ef önnur nágrannaríki hennar í Evrópu stuðluðu að því að koma á eðlilegum samskiptum við þýzku ríkin bæði og þrýstu á það, að menn viðurkenndu þessa óhjákvæmilegu staðreynd, að þessi ríki eru tvö. Á þessu er nú vaxandi skilningur. M. a. er vaxandi skilningur á þessu hjá svokölluðum flokksbræðrum hæstv. utanrrh. á Norðurlöndum. Bæði fyrir norska þinginu og því danska liggja nú till. fluttar af sósíaldemókrötum um aðgerðir, sem miða að því, að austur-þýzka ríkisstj. verði viðurkennd stig af stigi. Og ég tel, að við Íslendingar

eigum að stuðla að eðlilegri þróun á þessu sviði ásamt öðrum.

Tengd þessu vandamáli er hugmyndin um öryggisráðstefnu Evrópu. Um það fjallaði kafli í skýrslu hæstv. ráðh., en allt fannst mér umtal hans um það efni vera furðulega neikvætt og ámóta neikvætt og þeirra bandarískra stjórnmálamanna, sem nú eru einna íhaldssamastir. Það kom greinilega fram í skýrslu hæstv. ráðh., að forsenda sú, sem hann sér fyrir samkomulagi í Evrópu, er, að haldið verði þeim áhrifasvæðum og þeim valdakerfum, sem nú eru í Evrópu, að haldið sé áfram Atlantshafsbandalaginu og Varsjárbandalaginu. Þau eiga að halda áfram að vera þarna eins og eins konar alþjóðlegt herlið. Um þessi atriði segir hæstv. ráðh. mjög lærdómsríkar setningar. Hann segir á bls. 17 í skýrslu sinni, með leyfi hæstv. forseta:

„Vestur-Evrópuríkin álíta bandarísku hersveitirnar vera tryggingu fyrir haldgóðum vörnum Atlantshafsbandalagsins á meginlandi Evrópu. Ekkert getur komið í stað þessa framlags Norður-Ameríku til sameiginlegra varna Evrópu."

Þannig á Evrópa um langa framtíð að búa við það hlutskipti, að hernámslið sé í ýmsum löndum hennar og þarna sé um að ræða íhlutun stórveldis um mjög veigamikla þætti. En raunverulegar hugmyndir um öryggi og frið í Evrópu eru bundnar þveröfugri þróun, einmitt þeirri þróun, að hernaðarbandalögin leysist upp, að sjálfræði einstakra ríkja aukist, einnig þeirra ríkja, sem smæst eru. En einmitt í þessu viðhorfi hæstv. ráðh. hvað þetta atriði snertir kemur fram heildareinkenni á þessari skýrslu hans. Hún einkennist af því, að þar er ekki um að ræða neinar nýjar og ferskar hugmyndir, engin tilraun til þess að endurmeta nein mál frá breyttum aðstæðum. Þarna er aðeins verið að ítreka viðhorf kalda stríðsins, þær röksemdir, sem gaddfreðnastar eru. Raunar talar hæstv. ráðh. á einum stað í skýrslu sinni um meginreglur í samskiptum þjóða og þar víkur hann að öðru en hervaldi. Hæstv. ráðh. segir á bls. 16, með leyfi hæstv. forseta:

„Á hinn bóginn vilja Vesturlönd tala um meginreglur í samskiptum þjóða. Þessar reglur eru alkunnar, og eftir innrásina í Tékkóslóvakíu hefur oftsinnis verið lögð áherzla á þær í yfirlýsingum utanríkisráðherrafunda Atlantshafsbandalagsins. Friður verður að byggjast á fullveldi, jafnrétti, pólitísku sjálfstæði og landsyfirráðum sérhvers Evrópuríkis, enda verði viðurkenndur réttur allra Evrópuþjóða til að móta eigin framtíð án erlendrar íhlutunar, utanaðkomandi þvingana eða ógnana í þá veru. Íhlutunarréttur í innanríkismálum, hvert svo sem pólitískt stjórnkerfi þjóðarinnar er, verður ekki viðurkenndur. Eins og gefur að skilja, stangast þetta á við Bresnevkenninguna svonefndu, sem notuð hefur verið til að réttlæta innrásina í Tékkóslóvakíu."

Þær reglur, sem hæstv. ráðh. talar hér um, eru í beinni andstöðu við þá valstefnu, sem hann segist þó aðhyllast í öðrum hlutum skýrslu sinnar. Ég er sammála því, að þessar reglur voru þverbrotnar með innrásinni í Tékkóslóvakíu á sama hátt og þær hafa verið þverbrotnar í Grikklandi. En þetta eru ekki aðeins reglur, sem eiga að gilda um Evrópuþjóðir, eins og hæstv. ráðh. segir. Þetta eru reglur, sem eiga að gilda um allan heim. Og þessar reglur hafa hvergi verið þverbrotnar á jafngrimmilegan hátt og með jafnógnarlegum afleiðingum og í Indókína. Um það atriði fjallar 3. till. okkar hv. þm. Sigurvins Einarssonar. Till. okkar um það atriði er á þessa leið:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi, að Bandaríkin hætti styrjaldaraðgerðum sínum í Indókína og kalli heri sína heim, svo að landsmenn fái sjálfir aðstöðu til þess að leysa vandamál sín."

Í skýrslu hæstv. ráðh. er minnzt á styrjöldina í Indókína í mjög stuttu máli. Um það atriði segir hæstv. ráðh. á bls. 19, þar sem hann er að lýsa alvarlegum horfum á ýmsum sviðum heimsmála og segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Er þar fyrst til að taka og það alvarlegasta, að styrjöldin í Víetnam heldur áfram og færist jafnvel út til nágrannalandanna, en ekkert miðar í samkomulagsátt í viðræðum styrjaldaraðilanna í París. Þetta er nokkurn veginn sama ástand og fyrir ári. Þó hafa Bandaríkjamenn dregið lið sitt til baka frá Víetnam og hafið heimflutning þess, en þar eru fréttirnar ískyggilegar, sem borizt hafa upp á síðkastið frá Suðaustur-Asíu."

Þetta er allt og sumt. Þarna er ekki að finna neitt mat, þarna er ekki að finna neina afstöðu. Og þessi hlutlausu orð hæstv. ráðh. brjóta gersamlega í bága við sívaxandi fordæmingu innan Bandaríkjanna og utan og einnig við afstöðu mikils meiri hluta íslenzku þjóðarinnar. Ástæða er til þess að minna á það, að þessi afstaða hæstv. ráðh. gengur einnig í berhögg við þá stefnu, sem svokallaðir flokksbræður hans annars staðar á Norðurlöndum aðhyllast. Ég þarf ekki að minna á afstöðu Svía. En nú nýlega gerðist það, að stofnuð var ný stjórn í Noregi, stjórn Verkamannaflokksins. Eftir fyrsta fund þeirrar stjórnar taldi hún það tímabært að tilkynna, að hún mundi gera það eitt af fyrstu verkum sínum að viðurkenna ríkisstj. í Norður-Víetnam. Þessi viðurkenning er að sjálfsögðu ekki sprottin af einhverjum efnahagslegum áhuga eða verzlunaráhuga. Þarna er um að ræða pólitíska athöfn. Verkmannaflokkurinn norski taldi tímabært, að hann léti það í ljós á eins skýran hátt og hann gæti, að hann er andvígur styrjaldarrekstri Bandaríkjanna í Víetnam. Og fyrir danska þinginu hefur legið hliðstæð till. að undanförnu, flutt að frumkvæði sósíaldemókrata, rökstudd á þingi af Hækkerup, sem naumast verður talinn úr vinstri armi þess flokks. Í hinum hlutlausu orðum hæstv. ráðh. birtist sú afstaða að líta á styrjöldina í Indókína sem óumbreytanlegt ástand, sem eðlilegt ástand, sem menn verði samdauna og hætti að taka eftir. Ég vildi því leyfa mér að nota þetta tækifæri hér til þess að rifja upp í stuttu máli nokkrar stað-

reyndir um þessa styrjöld, hvernig á henni stendur og af hverju hún hefur einkennzt.

Átökin í Víetnam eru upphaflega tilkomin vegna þess, að nýlenduþjóðirnar notuðu tækifærið í síðustu heimsstyrjöld til að tryggja sér frelsi, og þetta er veigamesta afleiðing heimsstyrjaldarinnar síðustu. Nýlenduveldi, sem áður teygðu áhrif sín um jarðarkringluna og voru svo víðlend, að sólin settist aldrei til viðar innan þeirra, hafa molnað í sundur. Þjóðir, sem hafa innan endimarka sinna meiri hluta mannkynsins, hafa náð stjórnarfarslegu sjálfstæði á tiltölulega stuttum tíma. En það ríki, sem átti upptökin að þessum umskiptum var Víetnam. Það lýsti yfir sjálfstæði þegar 2. sept. 1945, fyrst allra fyrri nýlendna. Víetnam hafði þá verið frönsk nýlenda síðan á síðari hluta 19. aldar eða í rúm 80 ár. Hins vegar höfðu Víetnamar aldrei unað þessu hlutskipti, og snemma á styrjaldarárunum stofnuðu þeir þjóðfrelsissamtök, sem fljótlega náðu miklum árangri. Og haustið 1945 tók Þjóðfrelsisfylkingin öll völd í landinu.

Víetnamar treystu því, að sigur Bandamanna, sem heitið höfðu öllum þjóðum frelsi og sjálfstæði í heimsstyrjöldinni, mundi tryggja þeim til frambúðar þann árangur, sem þeir unnu fyrir sjálfir. Sjálfstæðisyfirlýsingu sína sendu þeir Sameinuðu þjóðunum og stjórnum stórveldanna: Bandaríkjanna, Sovétríkjanna, Bretlands, Kína og Frakklands, jafnframt því sem farið var fram á viðurkenningu á fullveldi landsins. En Víetnamar fengu fljótlega að sanna það, að fyrirheitin um fullveldi allra þjóða áttu ekki sjálfkrafa við um fyrri nýlendur. Ekkert svar barst við bréfum og orðsendingum hinnar nýju stjórnar í Hanoi. Ekkert ríki fékkst til að viðurkenna það, að Víetnamar ættu rétt á að stjórna landi sínu sjálfir. Leiðtogar stórveldanna, sem unnið höfðu sigur í heimsstyrjöldinni, voru önnum kafnir við að koma á fastri skipan á hnettinum, og aðferð þeirra var sú gamalkunna að skipta heiminum í áhrifasvæði.

Frakkar voru í hópi sigurvegaranna í heimsstyrjöldinni, og því var talið sjálfsagt, að þeir héldu fyrri landssvæðum sínum, þ. á m. Víetnam. Hins vegar skorti Frakka herafla til þess að taka landið af heimamönnum og því ákváðu Truman, Stalín og Attlee í Potsdam 1945, að kínverskir og brezkir herir skyldu taka Víetnam og afhenda Frökkum síðan landið. Víetnamar brugðust þannig við þessum atburðum, að þeir reyndu að ná samningum við Frakka um heimastjórn, en Frakkar höfðu ekki einu sinni áhuga á því að standa að slíkum samningum af heilindum. Því sá Þjóðfrelsisfylkingin þann kost vænstan að halda baráttu sinni áfram þegar árið 1946. Og þar með hófst sú styrjöld, sem Frakkar nefndu síðar La Guerre salle, stríðið sauruga. Sú styrjöld stóð í 8 ár, allt til miðs árs 1954, en þá höfðu Víetnamar unnið eftirminnilegan sigur á frönskum hersveitum við fjallavirkið Dien Bien Phu og höfðu mikinn meiri hluta landsins á valdi sínu. Þó töldu hersveitir Frakka og erlendra málaliða þeirra 225 þús. manna. Mannfall hafði orðið mikið þau 8 ár, sem styrjöldin hafði geisað. Frakkar sögðust hafa misst nærri 100 þús. fallna og yfir 100 þús. særða. Talið er, að Þjóðfrelsisfylkingin hafi misst 200—300 þús. manna, en ótalin hundruð þúsunda af óbreyttum borgurum höfðu misst lífið í hernaðarátökum eða af hungri.

Um lok þessarar saurugu styrjaldar var samið á ráðstefnu í Genf 1954. Ákveðið var, að vopnahléi skyldi komið þannig á, að landinu skyldi skipt til bráðabirgða um 17. breiddarbaug. Herir Þjóðfrelsisfylkingarinnar skyldu kallaðir til norðurhlutans, en herir Frakka til suðurhlutans. Sérstök áherzla var lögð á það, að hér væri ekki um skiptingu landsins að ræða, heldur einvörðungu bráðabirgðaráðstöfun til þess að auðvelda vopnahléið. Um það voru sérstök ákvæði, að landið skyldi sameinað að loknum almennum kosningum, sem áttu að fara fram í síðasta lagi í júlí 1956. Ástæða er til að leggja sérstaka áherzlu á þessar staðreyndir. Í Víetnam var ekki verið að skipta landi milli tveggja stríðandi aðila, þannig að hvor héldi yfirráðasvæði sínu, eins og oft tíðkast, þegar vopnahlé er samið. Þjóðfrelsisfylkingin hafði ekki síður verið áhrifarík í suðurhlutanum en í norðurhlutanum og Frakkar ekki síður athafnasamir í nyrðra en syðra hlutanum. Skiptingin var aðeins aðferð til þess að stöðva vopnaviðskipti með því að flytja þjóðfrelsisherina norður fyrir markalínuna og frönsku herina suður fyrir hana. Þegar forustumenn Þjóðfrelsisfylkingarinnar og herir þeirra héldu inn í Hanoi í október 1954, voru aðeins sumir þeirra að snúa heim. Um 140 þús. af hermönnum Þjóðfrelsisfylkingarinnar voru að yfirgefa heimili sín í suðurhlutanum. Þessar staðreyndir verða menn sérstaklega að muna, því í almennum áróðri nú um þessar mundir er oft talað um Norður-Víetnam og Suður-Víetnam sem tvö óskyld ríki, jafnvel óskyldar þjóðir. Staðreyndin er hin, að í Genfarsamningunum var ákveðið, að ríkið skyldi verða eitt, enda eru Víetnamar ein þjóð með sameiginlega tungu og menningu.

Stórveldin stóðu að samningum þeim, sem gerðir voru í Genf. En það vakti þegar athygli og ugg, að Bandaríkjastjórn neitaði að lýsa yfir aðild að þessum samningum. Og þetta var þeim mun alvarlegra sem Bandaríkin höfðu árin á undan verið vaxandi aðili að styrjaldaraðgerðum Frakka með því að láta Frökkum í té fjármagn og vopn. Á árunum 1950—1954 lögðu Bandaríkin fram 2.6 milljarða dollara til þess að standa undir kostnaðinum af styrjöld Frakka í Víetnam, en það voru 80% kostnaðarins. Aðstoðin nam 800 millj. dollara á árunum 1950 til 1952, en 1800 millj. á árunum 1953 og 1954. Hér var bæði um að ræða fé og hergögn, þ. á m. benzínhlaup, sem Frakkar höfðu beitt af miklu miskunnarleysi. Ástæðan til þess, að Bandaríkjastjórn neitaði að viðurkenna samningana í Genf var sú, að hún vissi fullvel, hvað gerast mundi í almennum kosningum í Víetnam. Eisenhower Bandaríkjaforseti komst nokkrum árum síðar svo að orði í endurminningum sínum,

Mandate for Change, að hann hefði verið „þess fullviss, að Frakkar gætu ekki unnið sigur í styrjöldinni, vegna þess að stjórnmálaástandið innanlands í Víetnam var þróttlítið og ruglingslegt og lamaði hernaðarstöðu þeirra. Allir þeir kunnáttumenn um málefni Indókína, sem ég ræddi við eða skrifaðist á við, voru sammála um það, að hefðu kosningar verið haldnar meðan barizt var, hefðu trúlega 80% íbúanna frekar greitt atkvæði með kommúnistanum Ho Chi Minh sem leiðtoga sínum heldur en þjóðhöfðingjanum Bao Dai."

Það var þannig ekkert vafamál, hvað Víetnamar vildu sjálfir. Þeir höfðu öðru sinni unnið fyrir ættjörð sinni með blóði, svita og tárum. Þegar þeir lýstu yfir sjálfstæði 1945, urðu þeir forustumenn í alþjóðlegri frelsisbaráttu, sem aðrar nýlendur háðu næstu árin á eftir. Þeir guldu þess þá, að stórveldin voru ekki búin að átta sig á því, að nýlenduskipulagið var komið að falli.

Árið 1954 höfðu hundruð milljóna manna í fyrri nýlendum endurheimt frelsi sitt. Nú hefðu sigurlaun Vietnama loksins átt að liggja á lausu. En svo reyndist ekki vera. Þegar Frakkar gáfust upp á „saurugri styrjöld" sinni, tóku Bandaríkin við hlutverki þeirra undir forustu þess sama Eisenhowers, sem taldi, að Ho Chi Minh hefði haft 4/5 hluta þjóðarinnar á bak við sig í frelsisstríðinu við Frakka. Sjálfsákvörðunarréttur þjóðanna, fagrar kenningar um lýðræði og frelsi og mannréttindi, þetta varð allt saman að víkja fyrir sjónarmiðum, sem mikilvægari voru í augum bandarískra valdamanna. Hinn sami Eisenhower lýsti þeim sjónarmiðum sjálfur á þessa leið í ræðu, sem hann flutti 4. ágúst 1953, um fjárhagsstuðninginn við frönsku nýlenduherina, með leyfi hæstv. forseta:

„Setjum nú svo, að við missum Indókína... Við mundum hætta að fá þaðan tin það og volfram, sem við þurfum svo mjög á að halda... Því er það, að þegar Bandaríkin ákveða að leggja fram 400 millj. dollara til þess að aðstoða við þessa styrjöld, þá erum við ekki að ákveða að gefa neinar gjafir. Við erum að taka ákvörðun um ódýrustu aðferðina, sem við getum fundið til þess að koma í veg fyrir, að atburðir gerist, sem mundu hafa ógnarlegar afleiðingar fyrir Bandaríkin, öryggi okkar, völd okkar og getu okkar til þess að komast yfir nauðsynjar, sem við þurfum á að halda úr auðæfum Indókína og Suðaustur-Asíu."

„Við erum að taka ákvörðun um ódýrustu aðferðina," sagði Eisenhower, þegar hann var að búa sig undir að taka við af Frökkum í Víetnam. En sú ákvörðun átti eftir að verða dýr.

Ég ætla ekki að rifja hér upp gang mála þar fyrst á eftir. Bandaríkin reyndu að efla sérstaka innlenda afturhaldsstjórn í Suður-Víetnam og ætluðust til þess, að hún mundi, með því að fá nægilegt fjármagn, geta haldið þeim völdum, sem Bandaríkin sóttust eftir í landinu. En þetta mistókst gersamlega. Það mistókst svo mjög, að árið 1965 þá var að því komið, að Þjóðfrelsisfylkingin væri að vinna sigur í öllu Víetnam. Hún hafði þá á valdi sínu 4/5 hluta af suðurhluta landsins, og það var talið aðeins spurning um nokkra mánuði, hvenær endalokin yrðu á þessum innri átökum. En þá tóku Bandaríkin nýja ákvörðun, ákvörðun, sem hlýtur að hafa orðið þeim ákaflega erfið. Upphaflega ætluðu Bandaríkin að styrkja svokölluð þjóðleg öfl í Víetnam og eftirláta þeim að heyja styrjöldina. Bandaríkjamenn höfðu haldið því fram, að Frakkar hefðu beðið ósigur vegna þess, að litið hefði verið á þá sem nýlenduveldi, og Bandaríkin ætluðu að forðast að lenda í þessari sömu aðstöðu. En 1965 sáu Bandaríkin ekki annað úrræði en að flytja innrásarheri til Víetnams. Þau höfðu haft svokallaða ráðgjafa þar áður. Þeir voru um 30 þús. árið 1965. En í september það ár gekk 80 þús. manna her á land, betur búinn vopnum en nokkur her, sem áður hafði verið beitt í styrjöld. Og nú átti á svipstundu að ganga á milli bols og höfuðs á skæruliðum. Þegar þær vonir brugðust, þá héldu Bandaríkin áfram að feta þá braut, sem Frakkar höfðu áður gengið. Árið 1966 voru bandarísku innrásarherirnir auknir í 320 þús. manns. Aðeins í Suður-Víetnam hafði bandaríska stórveldið nú mun meira lið en Frakkar höfðu haft mest í landinu öllu. Samt mistókust enn öll áform um endanlegan sigur, og Bandaríkjamenn héldu áfram að auka herstyrk sinn upp í 550 þús. manna. Auk þess voru herir frá nokkrum fylgiríkjum Bandaríkjanna í Asíu, er töldu um 60 þús. manns. Í her stjórnarinnar í Saigon voru taldir vera 600 þús. manns, svo að alls höfðu Bandaríkin á að skipa 1.2 millj. hermanna. Samt hefur verið svo ástatt undanfarin ár, að Bandaríkjamenn og samherjar þeirra hafa aðeins haldið helztu borgum og samgönguleiðum í Suður-Víetnam. Yfirráðasvæði þeirra er svipað og það var, áður en Bandaríkin sendu innrásarheri sína.

Þetta stutta yfirlit um gang styrjaldarinnar í Suður-Víetnam gefur að sjálfsögðu enga hugmynd um það, sem þar hefur verið að gerast í raun og veru, enda hrökkva orð skammt til þess. Í Víetnam hefur verið háð einhver miskunnarlausasta styrjöld, sem sögur fara af. Þar hefur verið beitt grimmd, sem á sér naumast hliðstæður. Bandaríkjamenn hafa hagnýtt vígvélar og vopn, sem aldrei fyrr hefur verið beitt í styrjöldum. Menn hugsa með skelfingu til árásarinnar á Hírósíma en kjarnorkusprengjan þar jafngilti 20 þús. lestum af TNT. Í baráttunni um bandarísku herstöðina Khe Sanh í Suður-Víetnam notuðu Bandaríkjamenn meira en 100 þús. tonn af sprengjum á svæði, sem var aðeins nokkrir ferkílómetrar að stærð — fimm sinnum meira magn en notað var á Hírósíma. Í Víetnam hafa Bandaríkjamenn beitt vopnum, sem eingöngu hafa þann tilgang að granda sem flestu fólki, nálasprengjum, kúlusprengjum, eiturefnum og gasi, að ógleymdu benzínhlaupinu, en af völdum þess hljótast sams konar brunasár og af kjarnorkusprengjum. Bandaríkin hafa einbeitt sér að því að eyðileggja lífsskilyrði fólks, og kunna þær baráttuaðferðir að hafa áhrif um ófyrirsjáanlega framtíð. Suður-Víetnam er hitabeltisland, grænt allt árið.

Nú má sjá þar stór svæði, sem eru rúin öllum gróðri. Þegar miklum frumskógum hefur verið eytt, breytist loftslag og lífsskilyrði, jafnvægi náttúrunnar raskast. En enginn veit, hvað af því kann að hljótast. Mannkynssagan kann að greina frá miklum umskiptum, sem hlotizt hafa af náttúruspjöllum, vegna þess að menn hafa misnotað lönd af vanþekkingu. Nú hefur í fyrsta skipti í mannkynssögunni verið unnið að því vitandi vits og af ráðnum hug að eyða landi. Enginn veit, hversu mörg mannslíf hafa farizt í þessum ógnum. Í skýrslum frá 1966 taldi bandarískur vísindamaður, að 750 þús. börn — aðeins börn — hefðu látið lífið í Suður-Víetnam, en 250 þús. væru örkumla.

Einn þáttur þessarar styrjaldar er enn ónefndur. Bandaríkjamenn reyndu lengi vel að halda því fram, að þeir ættu ekki fyrst og fremst í höggi við þjóðfrelsishreyfingu, heldur innrás frá Norður-Víetnam. Samkvæmt þeirri kenningu voru hafnar loftárásir á Norður-Víetnam haustið 1964. Og frá því snemma árs 1965 héldu þær áfram í samfellu hátt á fjórða ár. Þegar undan eru skildar Hanoi, sem var sprengd upp að einum fimmta hluta, og Haiphong, sem var eytt til helminga, eru allar borgir landsins rústir einar. Þegar ég ferðaðist um sveitir Norður-Víetnams nokkrar vikur vorið 1968, stóð hvergi uppi neitt varanlegt hús. Borgir og samgöngumiðstöðvar, vegir, járnbrautir og brýr hvarvetna voru rústir einar. Enginn staður á hnettinum hefur orðið fyrir jafnstórfelldum loftárásum og Víetnam. Samkvæmt tilkynningum bandarísku herstjórnarinnar sjálfrar er sprengjumagn það, sem kastað hefur verið yfir Víetnam, yfir 4 millj. lesta. Það jafngildir 200 kg sprengju á hvert einasta mannsbarn í landinu. Til samanburðar má geta þess, að í allri Kóreustyrjöldinni notuðu Bandaríkin „aðeins" 635 þús. lestir af sprengjum. Sprengjumagn það, sem Bandaríkin vörpuðu á alla Evrópu og Miðjarðarhafssvæðið í heimsstyrjöldinni síðari, var samtals 1 millj. 555 þús. tonn, en það er ekki helmingur þess magns, sem Víetnam hefur orðið að þola. En einnig eftir að tekizt hafði að sprengja Norður-Víetnam aftur á steinaldarstig, eins og einn af herforingjum Bandaríkjanna komst að orði, hélzt ástandið í Suður-Víetnam óbreytt.

Sú staðreynd hefur lengi blasað við, að Bandaríkin geta ekki unnið hernaðarsigur í Víetnam. Styrjöldin er orðin að ógnarlegri martröð. Einkenni hennar er örvæntingin, eins og frásagnir um hryðjuverkin staðfesta berlega. Innan Bandaríkjanna sjálfra hefur styrjöldin haft sívaxandi áhrif. Herforingjar og jafnvel forsetar hafa hrakizt frá völdum hennar vegna. Þjóðin er sundruð í andstæðar fylkingar, sem takast á af æ meiri beiskju. Samt fást ráðamenn Bandaríkjanna ekki til að horfast í augu við þá einföldu staðreynd, að þessari styrjöld getur ekki lokið nema á einn veg: með því að viðurkennd sé sú óbrotna staðreynd, að Víetnamar eiga sjálfir og einir að fá að ráða landi sínu og örlögum. Ef sú staðreynd hefði verið viðurkennd, þegar Víetnamar voru sjálfir búnir að frelsa land sitt 1945, hefði verið komizt hjá miklum þjáningum.

Vera má, að leiðtogar stórvelda eigi erfiðara með það en aðrir menn að viðurkenna, að þeir hafi gert sig seka um glapræði og glæpi. En til þeirra á einnig að vera hægt að gera þá kröfu, að þeir geti lagt sögulegt mat á athafnir sínar. Franski stjórnmálaleiðtoginn Mendes-France mun lengi lifa í sögunni, vegna þess að hann gafst upp á hinu „sauruga stríði" í Víetnam. De Gaulle mun einnig lifa í sögunni, vegna þess að hann hafði karlmennsku til að gefast upp í styrjöldinni í Alsír og eftirláta Alsírbúum að skipa málum sínum. Mannkynið bíður nú eftir því, að ráðamenn Bandaríkjanna öðlist hliðstæða stjórnvizku. Vissulega hafa menn verið að vona það síðustu árin aftur og aftur, að slík stjórnvizka væri byrjuð að sækja á ráðamenn Bandaríkjanna. Þær vonir glæddust, þegar hætt var við loftárásir á Norður-Víetnam og þegar samningaviðræður við fulltrúa Norður-Víetnama og Þjóðfrelsishreyfingarinnar voru teknar upp í París. Þær vonir glæddust einnig, þegar Nixon Bandaríkjaforseti tilkynnti fækkun í innrásarherjum Bandaríkjamanna og tók að framkvæma brottflutning. En því miður hafa þessar tilkynningar til þessa reynzt ómerkilegt og óheiðarlegt yfirskin. Fækkun í innrásarherjum Bandaríkjanna hefur verið látin haldast í hendur við hina svokölluðu víetnamiseringu, þ. e. a. s. víetnamskir þegnar tækju í vaxandi mæli að sér styrjaldarreksturinn að því er varðar athafnir fótgönguliðs. Þar er þó ekki um að ræða neinar raunverulegar hersveitir hinnar svokölluðu ríkisstjórnar í Saigon, heldur bandarískt málalið. Við skulum muna eftirtaldar staðreyndir: Hermennirnir eru ráðnir til starfa af Bandaríkjamönnum. Þeir eru þjálfaðir til starfa af Bandaríkjamönnum. Bandaríkin greiða hermönnunum klæði og vopn og mála, hermennirnir eru undir stjórn bandarískra herforingja. Hinar svokölluðu hersveitir Suður-Víetnams geta ekkert gert án heimildar bandarískra stjórnarvalda. Bandaríkjamenn sjá um stórskotaliðshernað til stuðnings málaliðinu. Bandaríkjamenn sjá um flugárásir, sprengju- og eiturefnaárásir til stuðnings málaliðinu. Þannig eru umskiptin fyrst og fremst í því fólgin, að málalið Suður-Víetnama á að annast morðverkin í návígi. Það á að framkvæma þá iðju, sem kunn er frá þorpinu My Lai. Bandarísku hermennirnir eiga hins vegar að vera í fjarska frá fórnardýrum sínum, senda tundurskeyti og stórskotalið langar leiðir eða varpa niður tortímingarvopnum úr flugvélum úr mikilli hæð. Það á að hlífa þeim við að sjá árangurinn, en það er fullgott handa málaliðinu.

Hins vegar fer því fjarri, að þessi umskipti hafi dregið úr styrjöldinni í Indókína. Bandaríkin hafa öllu heldur magnað hana stórlega, einmitt eftir þessi umskipti. Síðan hefur verið gerð innrás í Kambódíu, síðan hefur verið gerð innrás í Laos, síðan hafa loftárásir á Norður-Víetnam verið teknar upp í vaxandi mæli. Bandarísk stjórnarvöld

virðast enn sem fyrr halda fast við þann ásetning sinn að reyna að vinna hernaðarsigur í Víetnam. Hins vegar er það nú að verða ljóst, að einnig þessi nýjasti þáttur, þessi svokallaða víetnamísering er að mistakast jafnhrapallega og allar aðrar hernaðaráætlanir Bandaríkjastjórnar í Indókína. Í Kambódíu hefur Þjóðfrelsisfylkingin mikinn meiri hluta landsins á valdi sínu. Í Laos hafa innrásarherirnir farið hinar herfilegustu hrakfarir og leifum þeirra hefur verið bjargað á flótta með bandarískum þyrlum nú síðustu dagana. Samt voru herir þessir mjög fjölmennir og ákaflega vel búnir. En málaliðar eru aldrei traustar hersveitir, allra sízt í Indókína, þar sem mikill meiri hluti þjóðarinnar er enn sem fyrr andvígur innrásarherjunum, einnig það fólk á yfirráðasvæðum Bandaríkjanna, sem neytt er til þess að sýna hlýðni og hollustu á yfirborðinu.

Þannig heldur martröðin áfram, þessi endalausu múgmorð, sem brjóta í bága við siðgæðisvitund hvers heiðarlegs manns. Og með þessar staðreyndir að baksviði, þá hlýtur manni að renna kalt vatn milli skinns og hörunds við að lesa þessi köldu, þurru ummæli hæstv. utanrrh. Íslands. Það er alkunna, að styrjöldin í Víetnam hefur orðið mjög nærgöngul við samvizku mannkynsins. Þetta stríð er hluti af lífi okkar allra, og það er skylda allra manna að reyna að beita áhrifum sínum til þess að binda endi á þessi herfilegu verk. En við Íslendingar berum ekki aðeins þessa almennu, mannlegu ábyrgð. Við berum sérstaka siðferðilega ábyrgð vegna þess, að við erum í bandalagi við árásarstórveldið, vegna þess að við leyfum því afnot af landi okkar. Þetta var gert á sínum tíma með siðgæðisrökum. Og ég held, að það væri tímabært, að hæstv. utanrrh. gerði lágmarkssiðgæðiskröfur til Bandaríkjanna fyrir hönd íslenzku þjóðarinnar. Ég er sannfærður um það, að mikill meiri hluti Íslendinga mundi fagna mjög slíkum umskiptum, þó að ég geri mér að vísu ekki miklar vonir um það, á meðan þessi hæstv. ráðherra situr í stól sínum.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég var nú eiginlega ekki alveg við því búinn að tala strax. Ég sá áðan á listanum hjá hæstv. forseta, að næstur á mælendaskrá var formaður Framsfl., en hann virðist vera fjarstaddur, og þá er röðin komin að öðrum Alþb.-manni. Ég ætla ekki að bæta neinu að ráði við það, sem hér hefur verið sagt um þá skýrslu, sem hér liggur fyrir. Þetta er mikil skýrsla, 38 bls. Hv. 6. þm. Reykv. vék að því hér áðan, hve fáum orðum væri eytt að einu allra alvarlegasta vandamáli mannkynsins í dag, styrjöldinni í Indókína. Áður en ég byrja að ræða þetta mál að öðru leyti, ætla ég að bæta við þeim tölulega fróðleik, að þessi skýrsla mun vera samtals 1408 línur, og af þessum 1408 línum fjalla nákvæmlega 8 línur um stríðið í Indókína.

Eins og ég segi, er það ekki ætlun mín að fara að ræða þessa skýrslu að ráði nánar en hér hefur verið gert. Ég vildi þó aðeins bæta við nokkrum orðum varðandi einmitt þetta ægilega vandamál, stríðið í Indókína.

Við höfum margítrekað afstöðu okkar, Alþb.-menn, til þessa stríðs hér á hinu háa Alþingi. Það var enn einu sinni gert í ræðu hv. 6. þm. Reykv. hér áðan. Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um þessa afstöðu, heldur kannske öllu frekar um afstöðu ýmissa aðila til baráttu okkar Alþb.-manna fyrir því, að Íslendingar leggi opinberlega lið þeim málstað, sem létt gæti hörmungunum af þessu fólki, sem byggir þann skika veraldarinnar, sem nefnist Indókína. Það er ánægjulegt í þessu sambandi, að þótt fáir séu hér í salnum, þá er þó staddur hér annar aðalritstjóri Morgunblaðsins.

Í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins núna nýlega er rætt um ritskoðun í Sovétríkjunum og ofsóknir á hendur rithöfundum þar. Þessa ósvinnu höfum við Alþb.-menn margsinnis fordæmt bæði í ræðu og riti og þá að sjálfsögðu fyrst og fremst í málgagni okkar, Þjóðviljanum. Þó segir höfundur Reykjavíkurbréfsins um þessa ritskoðun og þessar ofsóknir þetta orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Heima fyrir krefjast kommúnistar þess, að rithöfundar reisi þessari stirðnuðu fyrirmynd Þjóðviljaritstjóranna Pótemkintjöld, og sá, sem hlýðir ekki, er kallaður svín eins og Pasternak."

Þegar Morgunblaðið talar um kommúnista, þá á það að sjálfsögðu við okkur Alþb.-menn. Og í beinu framhaldi af þessari athugasemd kemur svo þessi klausa, með leyfi hæstv. forseta:

„Í lýðræðislöndunum tróna svokallaðir menningarpostular kommúnista sem fyrirsvarsmenn lýðræðis og frjálslyndis, þó að þeir ættu eðli málsins vegna sízt af öllu að vera málsvarar annars en skoðanakúgunar, þ. e. þess ástands, sem þeir sjálfir eiga að hugsjón og sækja fyrirmyndir sínar í. Svo hafa þeir eignazt góðan bandamann, stríðið í Víetnam, sem veldur öllu lýðræðissinnuðu fólki sársauka. En kommúnistar mega ekki til þess hugsa, að það verði til lykta leitt. Ó, þetta indæla stríð! hafa þeir kyrjað lengi með krókódílstár í augum, en innrásin í Tékkóslóvakíu mátti ekki af augljósum ástæðum dragast lengi."

Svo mörg eru þau orð. Reykjavíkurbréfið er ásamt ritstjórnargreinum Morgunblaðsins mikilvægasti túlkunarvettvangur fyrir skoðanir og viðhorf Sjálfstæðisflokksins, enda skiptast þeir á um að skrifa það, aðalritstjórarnir. Annar þeirra á, eins og ég sagði áðan, sæti hér á hinu háa Alþ., svo að ekki er hægt að segja, að þær athugasemdir, sem ég geri hér við Morgunblaðið, séu fyrir þá sök óviðurkvæmilegar, að blaðið eigi sér ekki fullgildan málsvara hér á hinu háa Alþ. Hinn aðalritstjórinn hefur getið sér gott orð sem skáld og þá fyrst og fremst sem sálmaskáld. Það stendur ekki skrifað, hvor þeirra hefur skrifað þetta tiltekna Reykjavíkurbréf, en hvað snertir blaðamennskusiðferði þá gætu þeir eins vel báðir verið höfundar að því. En stílbrögð ýmisleg og orðaval gætu hins vegar bent til þess, að höfundur þess að þessu sinni hafi ekki verið alþingismaðurinn, heldur sálmaskáldið.

Þeir, sem að staðaldri lesa Þjóðviljann og fylgjast yfirleitt með málflutningi okkar Alþb.-manna, þar með að sjálfsögðu taldir ritstjórar Morgunblaðsins, vita fullvel, að við höfum hvað eftir annað, að við höfum aftur og aftur fordæmt opinberlega innrás Sovétríkjanna og fylgiríkja þeirra í Tékkóslóvakíu. Strax sama daginn og innrásin var gerð í ágúst 1968 var útifundur til stuðnings málstað Tékkóslóvaka við tékkneska sendiráðið hér í Reykjavík, og það voru Alþb.-menn, sem þar fluttu ræðurnar. Mér veittist sá heiður að vera í hópi þeirra. Og alla tíð síðan hefur málstaður Tékkóslóvaka átt vísan stuðning í Þjóðviljanum, og innrás hins austræna risaveldis verið fordæmd að sama skapi. En jafnlengi hefur líka verið klifað á því í Morgunblaðinu, — og nýjasta dæmið var þessi klausa, sem ég var að lesa áðan, — jafnlengi hefur verið klifað á því, að við Alþb.-menn hefðum ekki einasta látið vera að fordæma innrásina, heldur beinlínis fagnað henni. Og við þessa iðju hefur Morgunblaðið beitt ýmsum ráðum, m. a. útúrsnúningum, sem eru óravegu utan við allt velsæmi, eins og t. a. m. sú fullyrðing Morgunblaðsins, að sá ritstjóri Þjóðviljans, sem á sæti hér á hinu háa Alþ. og var að tala núna rétt áðan, 6. þm. Reykv., hafi fagnað því, að ekkert Morgunblað væri til í Tékkóslóvakíu og með því beinlínis heimtað ritskoðun, ekki aðeins í Tékkóslóvakíu, heldur einnig á Íslandi, þegar hann dáðist að þeim manndómi, sem tékknesk blöð sýndu eftir innrásina með því að láta engan bilbug á sér finna gagnvart hinu austræna stórveldi, um leið og hann leyfði sér að vekja athygli á hinni algeru andstæðu slíks manndóms, sem birtist í undirlægjuhætti Morgunblaðsins gagnvart því vestræna stórveldi, sem hér hefur herstöðvar og gengið hefur jafnvel enn lengra hinum austræna kollega sínum í ofríki og grimmd gagnvart smáþjóðum. Það má vera, að einhver segi, að ekki samrýmist þingvenjum að gera svona að umtalsefni það, sem gerist utan þingsalanna, þ. e. a. s. skrif tiltekins blaðs, en ég ætla af fyrrgreindum ástæðum ekki að biðjast afsökunar á því. Málgagn Sjáflstfl. er voldugur aðili í þessu þjóðfélagi og ábyrgð þess er mikil. Morgunblaðið hefur sennilega hlutfallslega meiri útbreiðslu og þar með meira áhrifavald til skoðanamyndunar með þeirri þjóð, sem það er ætlað, heldur en nokkurt annað blað í öllum heiminum. Og þegar Morgunblaðið misbeitir áhrifavaldi sínu með því að níða andstæðinga sína og rangtúlka skoðanir þeirra, snúa öllu við, eins og það gerir oft, og eins og er reyndar oftast nær þess höfuðiðja, þá er það að níðast á íslenzku lýðræði, og íslenzkt lýðræði er svo sannarlega mál, sem hlýtur að varða Alþingi Íslendinga. Nei, ég ætla ekki að biðjast afsökunar á þessu, og allra síst þar sem svo stendur á, hamingjunni sé lof, að annar af aðalritstjórum blaðsins er staddur hér í salnum. Morgunblaðinu hefur tekizt í krafti útbreiðslu sinnar — með útúrsnúningum, beinum álygum og ýmsum öðrum slíkum vinnubrögðum hefur því tekizt að telja stórum hluta þjóðarinnar trú um það, þrátt fyrir allar staðreyndir, sem sanna hið gagnstæða, að við Alþb.-menn höfum komið fram sem óvinir Tékkóslóvaka, en undirlægjur Sovétríkjanna í sambandi við innrásina í Tékkóslóvakíu í ágúst 1968.

Og nú virðist eiga að hefja svipaða herferð gagnvart okkur í sambandi við stríðið í Indókína, sbr. aths. úr Reykjavíkurbréfi, þar sem hugarfari okkar gagnvart hörmungunum þar austur frá er lýst með þessum orðum: „Ó, þetta indæla stríð! hafa þeir kyrjað lengi með krókódílstár í augum". Ég leyfi mér að segja, að með þessari aths. hefur Morgunblaðið jafnvel yfirgengið sjálft sig í svívirðilegum málflutningi. Um hitt efast ég heldur ekki, að þessi fullyrðing hefur sín áhrif. Hin mikla útbreiðsla Morgunblaðsins sér til þess, og ekki ætti það að draga úr áhrifum þessarar fullyrðingar á frómar sálir, að sá, sem segir þessar fullyrðingar fram, er að öllum líkindum hvorki meira né minna en sálmaskáld. Ég læt svo útrætt um Morgunblaðið, en ég ítreka það, að ég tel, að íslenzku lýðræði — frjálsri skoðanamyndun — stafi það mikil hætta af málflutningi þessa blaðs, að það sé full ástæða til að gera það að umtalsefni hér.

Ég vil að lokum ítreka það, sem ég hef sagt hér margsinnis og enn einu sinni gefst hér tilefni til, að sinnuleysið, sem hv. alþm. hafa sýnt varðandi ýmis vandamál heimsins, þá ekki hvað síst eitt hið allra mesta, þ. e. a. s. stríðið í Indókína, það sinnuleysi, sem m. a. kemur fram í því, hve fámennt hefur verið hér á þessum fundi, það er til harla lítils sóma fyrir þessa virðulegu stofnun. Af hálfu annarra flokka heldur en Alþb. virðist ráða sú regla að leiða alveg hjá sér allar umræður um þetta stríð. Undantekning frá þessari reglu er meðflutningsmaður hv. 6. þm. Reykv. að þeim till., sem hann gerði hér að umtalsefni áðan, hv. þm. Sigurvin Einarsson, undantekning, sem kannske mætti segja að staðfesti regluna. Framsóknarmenn, einkum hinir yngri, sem undir ýmsum kringumstæðum hafa samþ. ályktanir, sem ganga í sömu átt og þessar till., hafa aðeins átt einn einarðan talsmann hér á Alþ., þ. e. þennan hv. þm., aldursforseta þingsins. Hann hefur lengstum einn orðið til að túlka sjónarmið margra óbreyttra framsóknarmanna, og þá ekki hvað síst hinna yngri, — einnig varðandi önnur mál en stríðið í Indókína, mál, sem þó snerta það með ýmsum hætti, eins og t. d. kröfuna um brottför erlends hers, bandaríska hersins, af íslenzkri grund og margt fleira. Og fyrir þetta ber að þakka honum. Og hann má vita það, að hans verður saknað, þegar hann hverfur af þingi í vor, a. m. k. af þeim mönnum, sem þá eiga hér enn sæti sem þm. Alþb. Um Alþfl.-menn, unga menn, sem hafa tekið undir kröfur okkar Alþb.-manna í þessum málum, er það að segja, að þeir virðast bókstaflega ekki einn einasta talsmann eiga hér á hinu háa Alþingi. Allt er þetta, eins og ég segi, heldur ömurlegt til afspurnar fyrir þessa virðulegu stofnun. Og ég vil að lokum vekja athygli á því, að nú í vetur hafa umræður um stríðið í Indókína orðið miklu minni hér á hinu háa

Alþingi heldur en umræður um það stríð, sem staðið hefur út af einni skjóttri hryssu norður í Húnavatnssýslu.

IV. Framkvæmd vegáætlunar 1970.

Á 35. fundi í Sþ., 19. marz, var tekin á dagskrá:
Skýrsla samgrh. um framkvæmd vegaáætlunar 1970 (A. 483).

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Mér þykir rétt, enda þótt skýrsla um framkvæmd vegáætlunar fyrir árið 1970 hafi legið frammi og þm. vitanlega kynnt sér hana, að vekja athygli á nokkrum atriðum, sem í skýrslunni eru, og bæta nokkru við, sem ekki er í skýrslunni. Það má geta þess, að reiknað var með í vegáætlun 1969—1972, að bruttósala á benzíni á tekjuárinu 1970 frá því í nóv. 1969 þangað til í okt. 1970 yrði 73.7 millj. lítra eða 2.4 millj. lítra meiri en á tekjuárinu 1969. Raunveruleg sala samkv. söluskýrslum olíufélaganna hefur hins vegar reynzt 69.7 millj. lítra eða 4% minna en áætlað var. Endurgreiðslur á benzíngjaldi urðu 14.2 millj. kr., og er það 0.6 millj. kr. hærri upphæð en áætlað var. Af þessum sökum urðu bruttótekjur um 22.7 millj. kr. undir áætlun, miðað við benzíntekjurnar. Bruttósala á bensíni var 1966 68.3 millj. lítra, 1967 72.2 millj. lítra, 1968 71.5 millj. lítra, 1969 69.3 millj. og 1970 69.7 millj. lítra. Að raunveruleg aukning á bruttósölu á benzíni hefur aðeins orðið um 0.6% á árinu, þrátt fyrir verulegan innflutning bifreiða, má m. a. rekja til þess, að mikill hluti hinna nýju bifreiða kom fyrst í notkun á síðari hluta ársins, svo og þess, að vegna verkfallsins í júnímánuði var benzínsala í þeim eina mánuði 1.2 millj. lítra minni en í júní árið á undan. Þá hefur það án efa mikil áhrif á hlutfallslega minnkandi benzínsölu miðað við fjölgun bifreiða, að nýjar fólksbifreiðar, sem fluttar eru inn nú, eru yfirleitt minni og því sparneytnari heldur en gömu bifreiðarnar, sem voru með eyðslufrekum og stórum vélum.

Með heimild í lögum nr. 67/1968 um breyt. á vegalögum nr. 71/1963 var hinn 30. apríl gefin úr reglugerð nr. 74/1970 um innheimtu þungaskatts samkv. ökumælum af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín og eru 5 tonn eða meira að eigin þyngd. Nánari ákvæði um fyrirkomulag þessarar nýju innheimtuaðferðar voru sett með reglugerð fjmrn. nr. 94/1970 um innheimtu bifreiðagjalda o. fl., en ákvæði um upphæð gjaldsins voru birt með auglýsingu nr. 100/1970 hinn 11. júní.

Sökum þess að verulegar tafir urðu á ísetningu ökumæla í dísilbifreiðar af völdum verkfallsins í júnímánuði varð að fresta gildistöku reglugerðar nr. 74/1970 til 1. ágúst. Samkv. ákvæðum reglugerðar nr. 94/1970 á þungaskattur samkv. kílómetragjaldi að greiðast ársfjórðungslega eftir á, en af þeim sökum kemur greiðsla fyrir síðasta ársfjórðung ekki til innheimtumanna ríkissjóðs fyrr en í lok janúar 1971.

Áætlaðar bruttótekjur af þungaskatti voru 138.8 millj. kr., en endurgreiðslur 8 millj. kr. Samkv. yfirliti ríkisbókhaldsins voru innheimtar tekjur 31. des. 1970 af þungaskatti alls 107.2 millj. kr. Endurgreiðslur á þungaskatti voru 7 millj. kr. og nettótekjur því aðeins 100.2 millj. kr. Er það 30.6 millj. kr. lægri upphæð en gert var ráð fyrir í vegáætlun, eins og að framan greinir.

Áætlað var, að þungaskattur af dísilbifreiðum yfir 5 tonn að eigin þunga næmi alls um 60% af öllum innheimtum þungaskatti. Því er gert ráð fyrir, að um 20 millj. kr. bætist við það, sem inn var komið um áramót. Niðurstöðutölur liggja ekki enn fyrir, en talið er víst, að upphæðin verði sem næst 20 millj. kr.

Tekjur af gúmmígjaldi voru áætlaðar 47.6 millj. kr., en urðu 43.4 millj. kr., 4.2 millj. kr. undir áætlun. Samkv. því hefur raunveruleg sala á hjólbörðum árið 1970, að meðtöldum hjólbörðum á innfluttum bifreiðum, numið alls 1200 tonnum. Samsvarandi tala frá árinu 1966 var 1320 tonn og frá árinu 1969 825 tonn. Þyngd á gúmmíi fer vitanlega lækkandi, ef vagnarnir, sem inn eru fluttir, eru léttir og hefur það áhrif á heildarinnflutninginn.

Launagreiðslur urðu 15.3 millj., en voru í vegáætlun 12.1 millj. Eftirlaunagreiðslur urðu 1.8 millj., en voru í áætlun 1.3 millj., og er breytingin í samræmi við aðrar hækkanir. Skrifstofukostnaður varð 5.8 millj., en hafði verið áætlaður 5 millj. kr.

Verkfræðilegur undirbúningur framkvæmda í landsbrautum og þjóðbrautum hefur verið meiri en undanfarin ár, og kemur þar sérstaklega til undirbúningur að samgönguáætlun samkv. ákvörðun samgmrn. Hraða varð mjög undirbúningi hraðbrautaframkvæmda og einnig rannsóknum sérstakra verkefna samkv. þáltill., sem samþykktar hafa verið og Vegagerðin hefur tekið að sér að framkvæma. Samgönguáætlunin er allvíðtæk og miðar að því að gera heildaráætlun um vegakerfið í landinu á sem stytztum tíma.

Umferðartalning var aukin að mun á árinu. Í því tilefni voru keyptir 25 nýir teljarar og 7 fengnir að láni hjá Reykjavíkurborg. Umferðartalningarnar sýna, að nokkur aukning er á sumarumferð frá fyrra ári, og einna mest á Suðurlandi. Á Suðurlandsvegi við Rauðavatn var tæplega 10% aukning, en yfir 20% aukning við Selfoss. Umferð um Reykjanesbraut hjá gjaldstöðinni við Straum var 8.5% meiri en árið áður. Á vegum í Borgarfirði var 5—10% umferðaraukning miðað við árið áður, en á vegum í nágrenni Akureyrar varð aukningin nokkru minni. Þá var haft eftirlit með öxulþunga ökutækja í náinni samvinnu við lögregluyfirvöld með sama hætti og s. l. ár. Sérstök áherzla var lögð á eftirlit

með öxulþunga, meðan klaki var að fara úr vegum s. l. vor og þeir viðkvæmir fyrir skemmdum. Kostnaður við umferðartalningu og eftirlit varð því nokkru meiri heldur en áætlað var eða sem nam 300 þús. kr.

Kostnaðaráætlanir í vegáætlun fyrir árið 1970 voru miðaðar við verðlag og kaupgjald í febrúar 1969, og er því ekki nema eðlilegt, að kostnaður fari fram úr áætlun, þegar miðað er við þær kaup-hækkanir, sem orðið hafa frá þeim tíma. En framkvæmdakostnaðurinn hefur þó orðið minni heldur en ætla mætti, því að stöðugt er unnið að aukinni hagræðingu við framkvæmdir með því að bæta vélakost og skipulag. T. d. má nefna, að ef slíkar ráðstafanir hefðu ekki komið til á árinu 1969 og 1970, hefði vísitala vegagerðarviðhalds 1. ágúst 1970 orðið mun hærri heldur en hún nú raunverulega er og reiknað var eftir. Þegar haft er í huga, að 1% hækkun á viðhaldskostnaði þýðir 2 millj. kr. aukin útgjöld, er ljóst, að fé, sem varið er til aukinnar hagræðingar, ber ríkulegan ávöxt, og áfram ber að halda á þeirri braut að auka hagræðingu í vegagerð eins og reyndar öðrum framkvæmdum. Þannig verður unnt að fá mest fyrir það fé, sem til framkvæmdanna er ætlað.

Kostnaður við vetrarviðhald varð rúmlega 40 millj. kr., enda voru snjóþyngsli meiri víða um land, og þá einkum á Suðurlandi, en oft áður. Tjón af völdum náttúruhamfara varð allmikið. Í byrjun ársins urðu mikil flóð og skemmdir á Austurlandi, og varð kostnaður við viðgerðir af þeim skemmdum 2.3 millj. kr. Þá urðu einnig miklar skemmdir á Suður- og Vesturlandi vegna flóða. Mestar skemmdir urðu þó í Borgarfirði, en þar flæddi Norðurá yfir veginn á stóru svæði. Einnig flæddu Héraðsvötn upp og ollu skemmdum á vegum. Kostnaður við viðgerðir nam 2.7 millj. kr. En fyrir þessum lið er venjulega ekkert ætlað í vegáætlun, eins og nauðsyn ber þó til, því að það má alltaf reikna með, að 5—10 millj. kr. fari árlega til viðgerða á skemmdum vegna náttúruhamfara.

Til þess að auka hagræðingu í vegaviðhaldinu hafa vegaverkstjórar á hverju ári verið kvaddir til funda og hafa verkfræðingar Vegagerðarinnar komið til þessara funda og flutt fyrirlestra um hagræðingu í vegagerð. Hefur Vegagerðin stuðzt að nokkru leyti við reynslu Norðmanna og Svía, sem enn hafa mikið af malarvegum og eiga að ýmsu leyti við sömu erfiðleika að stríða í vegaviðhaldi eins og við með okkar malarvegi. Unnið hefur verið að vegmerkingum. Fjárveiting var á árinu 1.5 millj. kr., og hefur skipulega verið unnið að því að koma upp vegmerkingum, þar sem talið er, að umferðarhættur séu mestar, t. d. á blindbeygjum og blindhæðum. Lokið er við að setja umferðarmerki upp við allar hraðbrautir, mestan hluta þjóðbrauta og um helming af landsbrautum. Á árinu 1970 var einkum unnið að því að setja upp vegmerki á Vestur- og Norðurlandi, og undirbúið er nú að setja upp merki á Norðausturlandi og Suðurlandi, eftir því sem mögulegt er.

Til vegaframkvæmda hafa verið tekin ýmis lán. Á árinu 1970 voru tekin lán að upphæð 160.6 millj. kr. til hraðbrauta, 5.1 millj. til þjóðbrauta og 6.7 millj. til landsbrauta. Afborganir af lánum voru 28.7 millj. kr. Lán til vegaframkvæmda í árslok 1970 námu 721 millj. kr. Ríkissjóður greiðir vexti af meginhluta þessara lána eða af 541.3 millj. kr. Bráðabirgðalán hafa verið tekin til ýmiss konar vegaframkvæmda. Bráðabirgðalán námu í árslok 1969 25 millj. 440 þús. kr., en í árslok 1970 25 millj. kr. Hafa bráðabirgðalánin því lækkað nokkuð. Bráðabirgðalánin eru venjulega tekin eftir óskum þm. úr ýmsum kjördæmum eða hreppsnefnda til að flýta fyrir framkvæmdum, ef fjárveiting er á vegáætlun næsta ár á eftir. Hefur þetta oft flýtt fyrir nauðsynlegum framkvæmdum og komið sér vel.

Nettótekjur af umferðargjaldi á Reykjanesbraut voru 14.7 millj. kr., en fjárveiting á vegáætlun til Reykjanesbrautar 6.8 millj. kr. Umferð um gjaldstöðina hjá Straumi jókst um 8.5% á árinu miðað við fyrra ár. Hraðbrautarframkvæmdir, sem nú standa yfir, koma til með að kosta rúmlega 800 millj. kr. Miðar þeim vel áfram, og er ákveðið að ljúka veginum austur að Selfossi og upp í Kollafjörð á árinu 1972. Á árinu 1971 og 1972 verða framkvæmdirnar greiddar að hálfu úr vegasjóði og að hálfu með láni Alþjóðabankans. Til hraðbrauta var varið á árinu 1970 243.7 millj. kr. Áætlað er að verja til þeirra á árinu 1971 272.7 millj. kr. og 1972 286.8 millj. kr. Verkin hafa verið boðin út, og sumt af því hefur verið lægra en áætlað var og aðrar framkvæmdir aðeins hærri, þannig að tilboðin í framkvæmdirnar munu láta nokkuð nærri því, sem áætlaður kostnaður var. Með þeim hraðbrautaframkvæmdum, sem nú er unnið að, er mikilvægum áfanga náð á fjölförnustu vegunum. Þegar slitlagið er komið á umferðarmestu vegina, sparast mikið viðhaldsfé, sem nota má til viðhalds annars staðar, eða til nýbyggingar eftir ástæðum.

Unnið var á þjóðbrautum samkv. vegáætlun og verkefnum lokið eins og áætlað var. Sama máli gegnir um landsbrautir og aðrar framkvæmdir í vegáætluninni. Til girðinga og uppgræðslu var fjárveiting 4 millj. kr., og var henni skipt til helminga, þannig að 2 millj. kr. voru ætlaðar til uppgræðslu og 2 millj. til girðinga. Uppgræðslan fór fram með svipuðum hætti og að undanförnu. Var sáð í ný og gömul flög með vegum og auk þess borið á svæði, sem sáð hafði verið í árið áður. Ber þetta mjög góðan árangur, og á þessu ári verður tekin upp sú nýjung, að landverndarfólk, ungmennafélög og klúbbar, munu taka þátt í þessu uppgræðslustarfi Vegagerðarinnar, og verður það til þess, að unnt verður að gera meira í þessu efni heldur en annars hefði verið mögulegt. Fjárveitingar til girðinga eru aðeins til þess að mæta kröfum girðingarlaganna um girðingar meðfram vegum og ristarhlið. Þá er haldið áfram rannsóknum á Skeiðarársandi. Fjárveiting var 1.8 millj. kr. Lokið var kortagerð af svæðum umhverfis Súlu og Sandgígjukvísl. Fyrstu botnrannsóknir voru

einnig framkvæmdar á sömu svæðum. Haldið var áfram rennslismælingum í ánum á Skeiðarársandi og í nærliggjandi ám. Mælingar voru einnig framkvæmdar á fremur litlu jökulhlaupi úr Grænalóni, sem kom fram í Súlu. Fjárveiting fyrir árið 1970 var við það miðuð, að Grímsvatnahlaup kæmi á árinu. Var í því sambandi farinn mælingaleiðangur í Grímsvötn og nokkrar undirbúningsmælingar framkvæmdar við Skeiðará. Hlaup kom hins vegar ekki, og var hluti fjárveitingarinnar því geymdur, en haldið var áfram með mælingar og rannsóknir og það verður einnig gert á þessu ári. Niðurstöður mælinga í Grímsvötnum, svo og aðrar athuganir, benda til þess, að vænta megi hlaups fyrri hluta þessa árs, en hvort sem það verður nú eða ekki, má reikna með því, að meginhluta rannsóknanna verði lokið á þessu ári.

Nýlega hafa verið samþykkt lög á Alþ. um sérstaka fjáröflun til vegagerðar og brúagerðar á Skeiðarársandi. Ég held, að allir hv. þm. hafi greitt atkv. með þessari lagasetningu. Það sýnir hinn almenna áhuga á því að koma hringvegi á. Engin vissa er fyrir því, að þessi nýsamþykktu lög nægi til tekjuöflunar til þess að gera veg og brýr á þessu svæði. En vonir standa til, að lögin geti orðið það hjálparmeðal, sem nægi til þess að flýta framkvæmdum og uppfylla þær vonir og óskir fjölda manna víðs vegar um land að gera þessa leið færa bifreiðum allt árið.

Unnið var að brúargerð samkv. áætlun og allar þær brýr gerðar, sem ætlazt var til að byggðar væru á árinu, bæði hinar stærri brýr og eins hinar smærri. Gerðar voru 18 brýr 10 m eða lengri, samtals 423 m að lengd, og 21 smábrú, samtals 127 m að lengd. Fjárveiting til sýsluvegasjóða í vegáætlun 1970 var 18.5 millj. kr. og skiptist á milli sýslna eins og sjá má á töflu, sem prentuð var í skýrslu þeirri, sem útbýtt hefur verið. Tekjur sýsluvegasjóða hafa aukizt talsvert, og ástand sýsluvega hefur því stórum batnað frá því, sem áður var. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum var til skipta 53 millj. 974 þús. kr. samkv. 32. gr. og 5 millj. 997 þús. samkv. 34. gr. vegalaga. Enginn vafi er á því, að þetta framlag til kaupstaða og kauptúna hefur átt stóran þátt í því að bæta gatnagerð í þéttbýlinu og orðið beinlínis til þess að gera mörgum kauptúnum mögulegt að leggja í dýra gatnagerð. Skipting á framlagi samkv. 34. gr. vegalaga, svokallaður 10% sjóður, var þannig, að til Hafnarfjarðarvegar í Kópavogi fóru 4.7 millj. kr., til Suðurlandsvegar um Selfoss 1.1 millj. kr. og til Reykjavegar í Hveragerði 197 þús. 148 kr. Fjárveiting til vélakaupa var 14 millj. kr., og var þeirri upphæð varið til þess að kaupa nauðsynlegustu vélar. Þá var haldið áfram byggingu áhaldahúss á Akureyri, hafin bygging áhaldaskemmu vestan Lagarfljótsbrúar, og einnig var keypt hús á Blönduósi, sem verður notað fyrir áhaldahús.

Til tilrauna í vegagerð var veitt 2.7 millj. kr., og var tilraunum haldið áfram til þess að reyna ýmis ný efni og burðarþol vega og til nýjunga í vegagerð með það fyrir augum að gera framkvæmdir ódýrari og hagkvæmari heldur en hingað til hefur verið unnt að gera.

Greiðsluhalli reyndist vera verulegur á vegaætlun 1970. Tekjurnar voru áætlaðar 583.6 millj. kr., en urðu 546.1 millj. kr. og halli því á tekjuáætluninni 37.5 millj. kr. Útgjöld á ýmsum liðum í vegáætluninni urðu 36.3 millj. hærri heldur en áætlað var. Halli verður því 73.8 millj. kr. á árinu 1970 og er miklu hærri en búizt var við á s. l. hausti. Halli á vegáætlun 1969 var 25.2 millj. kr., en hann hefur verið greiddur. Þá er gert ráð fyrir því, að hallinn frá árinu 1970 verði að nokkru leyti greiddur 1971 eða rúmlega helmingur hallans. Að lokum skal þess getið, að endanleg reikningsskil vegasjóðs liggja ekki enn fyrir, og geta því framangreindar tölur breytzt eitthvað, en þó ekki nema lítið í einstökum atriðum.

V. Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir o. fl.

Á 5. fundi í Nd., 26. okt., utan dagskrár, mælti

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs hér utan dagskrár af gildri ástæðu. Það er út af máli, sem þolir að mínum dómi enga bið, máli, sem stjórnarvöld verða að láta til sín taka án nokkurrar tafar. Ég hefði að vísu kosið að geta beint máli mínu til hæstv. sjútvrh., en ég fékk því miður þær fréttir í stjórnarráðinu í morgun, að hann lægi rúmfastur, og það er ekki að vita, hvað hann kann að liggja lengi, en ég vildi hins vegar ekki láta dragast að vekja opinberlega umr. um þetta mál. Að vísu er komin fram þáltill. á þskj. 45, sem beinist að lausn þessa máls. Flm. eru hv. 4. þm. Vesturl. og tveir aðrir hv. þm. Sjálfstfl. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á sjútvrh. að beita sér fyrir því, að settar verði nú þegar reglur um skelfiskveiðar á Breiðafirði. Jafnframt verði áherzla lögð á aukna leit að rækju, skelfiski og öðrum slíkum verðmætum á þessum slóðum með skynsamlega hagnýtingu fyrir augum."

Í grg. með till. eru birtar till., önnur, sem samþ. var í maímánuði s. l. á aðalfundi sýslunefndar Snæfellinga um þetta efni, og svo önnur till., sem samþ. var á fundi í hreppsnefnd Stykkishólms þann 25. sept. s. l. Því miður horfir nú svo um þessi mál, að að því er varðar skelfiskveiðarnar í námunda við Stykkishólm þá er hætt við, að þessi till. reynist gagnslítil eða gagnslaus með öllu, eins og reynslan er af því, hversu seint gengur að fá afgreidd mál hér á hv. Alþ., að maður nú ekki tali um framkvæmd þeirra. Nú sem stendur stunda 13 bátar hörpudisksveiðar í námunda við Stykkishólm. Stykkishólmsbúar sjá þá daglega út um stofugluggana hjá sér. Bátarnir stunda að langmestu leyti veiðarnar á

svæði, sem telst hafnarsvæði Stykkishólms, þ. e. a. s. á ytri höfninni, þeir hafa nú ekki enn þá farið inn á innri höfnina. Þó sagði mér gegn maður í Stykkishólmi, sem ég ræddi við í morgun, að þá stundina sæi hann tvo þessara báta alveg í hafnarmynninu. Þetta var kl. hálf tíu. Hann treysti sér ekki til þess að fullyrða, hvort þeir mundu næst kippa inn eða út. Hver þessara báta skilar daglega á land um 4 tonnum, þ. e. a. s. þetta eru daglega um 50 tonn, sem þessir bátar skila samtals á land. Í Stykkishólmi er ekki verkað nema 10% af þessu, 90% er ekið hingað suður til verkunar. En sjómenn segja, að öðru eins magni af hörpudiskinum sé alltaf mokað í sjóinn aftur, vegna þess að skelin sé mölvuð. Þetta gerir sem sé 100 tonn á dag. Og þá er ótalið ómælanlegt magn, sem ekki fer í veiðarfærin, heldur lendir undir þeim og mölvast, liggur eftir mölvað á botninum. Og það eru alltaf að bætast bátar á þessar veiðar. Þessir 13, sem stunda þær í dag, eru frá 30 og, held ég, upp í 70 tonn þeir stærstu, en þessi maður, sem ég ræddi við í morgun, sagði, að frétzt hefði um bát núna, sem væri að búast á þessar veiðar hér að sunnan, sem væri hvorki meira né minna en 250 tonn. Það er því engin furða, þó að menn gerist ærið áhyggjufullir út af þessu og spyrji, hvort ekki sé hætt við, að till. á þskj. 45, sem á að vernda hörpudiskinn á miðunum þarna í námunda við Stykkishólm, að þegar hún gæti loks komizt til framkvæmda, yrði ekki lengur eftir neinn hörpudiskur að vernda.

Í fáum orðum sagt, það eru, að ég held, eindregin tilmæli fólks þar vestur í Stykkishólmi, að hæstv. sjútvrh., — ég vænti þess, að aðrir hæstv. ráðh. beini þessu til hans, — það eru áreiðanlega tilmæli þessa fólks, að hann noti heimild, sem hann hefur ótvírætt í lögum, til þess að stöðva þessar skelfiskveiðar, þar sem greinilega er um mjög hastarlega ofveiði að ræða, að maður nú ekki tali um þjösnaskapinn. Það hefur engin athugun farið fram á því, hvaða veiðarfæri væru heppilegust til þessara veiða. Bátarnir nota svokallaða plóga, þetta eru miklar skúffur og þungar og lemja auðvitað og berja allt á botninum. Það eru sem sé tilmæli þessa fólks, að ráðh. noti þessa heimild og stöðvi nú þegar þessar veiðar með öllu og láti fara fram könnun á hörpudisksmagninu og veiti síðan leyfi til veiðanna samkv. því, sem telja má, að miðin þoli, en ekkert umfram það.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Allt það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði um þetta mál, er að mínum dómi rétt nema það, að till. á þskj. 45 sé gagnslaus. Ég álít, að hún horfi til þess að kippa þessum málum í lag í framtíðinni, til frambúðar. Ég er hins vegar sammála honum um það, að ekki má líða langur tími, áður en hafizt er handa í þessum efnum. Skal ég skýra frá í örfáum orðum, hvað gert hefur verið.

Það hefur að sjálfsögðu verið leitað í sjútvrn. og þar eru svör frá hæstv. ráðh. og ráðuneytissjóra þau, að ekki sé unnt að láta til skarar skríða í þessum efnum fyrr en umsögn er fengin frá Fiskifélagi Íslands og Hafrannsóknastofnuninni. Þeir telja sig m. ö. o. ekki hafa nógu sterka heimild í landgrunnslögunum til þess að setja um þetta reglur nú þegar.

Þá hefur verið reynd sú leið að leita til samgmrn., ef vera mætti, að hægt væri að setja ákvæði um þetta efni í hafnarreglugerð. En þá hefur það komið í ljós við eftirgrennslan, — þó að merkilegt megi virðast, — að ákvæði í hafnalögum virðast ekki vera það skýr, — þó að lögin séu ekki eldri en frá 1967, — að það muni ekki vera hægt að setja ákvæði í hafnarreglugerð um þessi efni, þ. e. a. s. veiðar á hafnarsvæðunum. Þetta er harla undarlegt, og virðist vera ástæða til þess að athuga ákvæði hinna tiltölulega nýju hafnalaga nánar. Á hinn bóginn vil ég skýra frá því, að til eru lög nr. 6 frá 1888 um bátfiski á fjörðum. Samkv. þeim, og jafnframt með heimild í lögum nr. 86 frá 1917, er sýslunefndum og hreppsnefndum heimilt að setja svokallaðar fiskveiðisamþykktir, og við lestur þeirra laga virðist mér, að ákvæði þeirra megi nota í þessu tilviki, þ. e. a. s. þau henti þarna mjög vel. Þetta eru að vísu hvort tveggja lög, sem lengi hafa verið í lagasafni lítt notuð, að ég ætla. Á þau hefur ekki reynt líklega í nokkra áratugi, en ég hef borið mig saman við sjútvrn. og reyndustu menn þar í þessum efnum. Telja þeir, að ákvæði þessara gömlu laga geti hentað til þess að stöðva þessar veiðar. Þetta hefur þegar verið tilkynnt ráðamönnum í hreppsnefnd Stykkishólmshrepps, þannig að ég ætla og vona, að hreppsnefndin geti hið fyrsta boðað til fundar samkv. ákvæðum nefndra laga, gert fiskveiðisamþykkt, fengið hana samþykkta með ⅔ hlutum atkv., síðan staðfesta af rn. Ætti þá að vera hægt að láta reyna á þetta allra næstu daga.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Eins og þegar hefur komið fram, er hæstv. sjútvrh. lasinn í dag, en ég skal gera ráðstafanir til þess, að hann fái vitneskju um þessar umr. Ef hann verður fjarverandi fleiri en örfáa daga, þá skal ég sjá til þess, að málið verði tekið upp í sjútvrn. og umsögnum þeim, sem beðið er eftir frá Fiskifélagi og Hafrannsóknastofnun, hraðað eftir því sem fyllst eru tök á og síðan ákvörðun tekin í málinu.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég hef heitið því að verða ekki langorður eða tefja fundinn með þessu máli um of, en ég vildi aðeins í fyrsta lagi þakka hæstv. menntmrh. fyrir undirtektir hans hér áðan og það fyrirheit, sem hann gefur um það að beita sér fyrir þessu máli.

Út af því, sem hv. 4. þm. Vesturl. sagði, vil ég benda á það, að í reglugerð um fiskveiðilandhelgi Íslands frá 1958 segir í 5. gr.:

„Nú telur sjútvmrn., að um ofveiði verði að ræða, og getur það þá takmarkað fjölda veiðiskipa og hámarksafla hvers einstaks skips". Leyfi til þess að takmarka fjölda veiðiskipa nær auðvitað það langt, að það er hægt að stöðva veiðarnar með öllu. Þess

vegna sé ég nú ekki ástæðu til að fara alla leið aftur til 1888 til að leita heimilda, en ef þau lög geta líka komið að gagni til að stöðva þessar veiðar, þá er það frekar fagnaðarefni heldur en hitt, að það sé sem víðast hægt að fá rökstuðning fyrir því.

Það var talað um það, að Fiskifélagið þyrfti að skila umsögn sem ráðunautur í þessu sambandi. Ég vil þá upplýsa það hér, að mér er kunnugt um það, að þegar hreppsnefnd Stykkishólms sendi till. þá, sem ég gat um áðan og samþ. var 23. sept., þá fylgdi þessari tillögu til Fiskifélagsins, rn. og annarra aðila, sem hafa með mál þessi að gera, rækileg grg. um málið, og þetta mun hafa verið fljótlega eftir 23. sept., svo að líklega er mánuður, síðan þessi grg. barst Fiskifélaginu og öðrum viðkomandi aðilum, svo að þeir ættu að vera búnir að mynda sér einhverjar skoðanir, og þess vegna er sjálfsagt að reka á eftir áliti þeirra, þannig að engin slík formsatriði geti þá hindrað ráðh. í því að framfylgja þessu ákvæði, sem ég las upp hér áðan.

Á 13. fundi í Ed., 9. nóv., utan dagskrár mælti

Jón Árnason: Herra forseti. Á aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna, sem haldinn var í Vestmannaeyjum dagana 4.—8. þessa mánaðar, kom til umræðu og ályktunar hið alvarlega mál, sem nú er talið, að eigi sér stað við Ísafjarðardjúp og e. t. v. víðar á Vestfjörðum í sambandi við rækjuveiðarnar. Það er hömlulaus rányrkja með gegndarlausu drápi ýsu- og þorkseiða. Á þessum aðalfundi útvegsmanna voru mættir fulltrúar víðs vegar að af landinu, bæði skipstjórar og útgerðarmenn. Það fór ekki fram hjá þeim, sem þennan fund sátu, að mál þetta var litið mjög alvarlegum augum og því samþykkti fundurinn að senda svofellt hraðsímskeyti til forstöðumanns Hafrannsóknastofnunarinnar, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalfundur LÍÚ krefst þess, að tafarlaust verði gripið til róttækra aðgerða vegna gegndarlauss dráps á þorsk- og ýsuseiðum í Ísafjarðardjúpi.“

Samkv. þeim upplýsingum, sem fulltrúar á Vestfjörðum skýrðu frá á fundinum, er hér um að ræða, að allt að 40% af afla rækjubátanna hafi verið þorsk- og ýsuseiði. Til þess að gera sér örlitla grein fyrir, hve hér er um stórt og alvarlegt mál að ræða, má geta þess, að í ár hafa alls 58 bátar fengið leyfi til rækjuveiða í Ísafjarðardjúpi, sem er stærsti floti, sem þessar veiðar hefur stundað nokkru sinni fyrr í Ísafjarðardjúpi, en þegar hafa 40 þessara báta hafið veiðarnar. Reiknað er með, að þessi bátafloti muni afla um 4000 tonn af rækju á vertíðinni. Færi nú svo, að þessi hlutföll yrðu í aflanum, sem nú eru talin vera fyrir hendi, þ. e. að 40% séu ýsu- og þorkseiði, og veiðarnar látnar halda áfram afskiptalaust, mætti gera ráð fyrir, að seiðamagnið mundi nema yfir 2500 smálestum. Nú er það hins vegar svo, að um þetta verður ekkert fullyrt á þessu stigi málsins. Það veit enginn í dag, hve lengi vertíðar þessi hlutföll munu haldast í veiðunum. Það getur hvort tveggja átt sér stað, að seiðamagnið minnki, og einnig getur svo farið, að það aukist. En allt fyrir það er málið í augnablikinu það alvarlegt, að róttækra aðgerða er þörf og það þegar í stað. Fyrir því vil ég að lokum beina orðum mínum til hæstv. sjútvrh. og spyrjast fyrir um það í fyrsta lagi: Hafa nokkrar ákveðnar ráðstafanir verið gerðar til þess að stöðva nú þegar þessa umræddu rányrkju? Og ef svo er ekki, er þess þá ekki að vænta, að nú þegar verði gerðar þær ráðstafanir af hálfu þess opinbera, sem hér megi að gagni koma og forða frá dyrum þeim voða, sem hér blasir við?

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég átti þess kost að mæta á nýafstöðnum aðalfundi Sambands ísl. útvegsmanna, en hv. 2. þm. Vesturl. vitnaði til þeirra samþykktar varðandi þau mál, er hann ræddi, þ. e. a. s. rányrkju á ýmsum fiskitegundum í Ísafjarðardjúpi í sambandi við rækjuveiðar þar. Ég átti þess kost á þessum fundi að ræða við tillögumann, sem skýrði mér að meginefni til frá því sama, sem hv. þm. gerði hér í sinni ræðu, og voru þá þegar gerðar ráðstafanir til þess, að skip frá Hafrannsóknastofnuninni færi þarna á staðinn og prófaði sjálft af eigin raun, hver sannindi þessa máls væru. Ég veit ekki betur en þeim leiðangri sé nú að ljúka, og vinnsla þeirra gagna, sem út úr þeirri rannsókn koma, er þegar hafin, og ég vænti þess, að sannleikurinn verði leiddur þar í ljós, hvort og þá hverra aðgerða er þörf. Það er tvímælalaust rétt, að ef þarna er nokkur alvarleg hætta á ferðum umfram það, sem áður hefur tíðkazt við þessar veiðar, þá verður umsvifalaust að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra alla áníðslu á þessu fiskungviði.

Í hádegisútvarpinu í dag var hins vegar birt yfirlýsing frá forustumönnum smábátafélagsins Hugins á Ísafirði, þar sem þeir fullyrða þvert ofan í samþykkt landssambandsfundar LÍÚ, að ekki sé um neina frábrugðna veiði að ræða umfram það, sem áður hafi skeð, að smávegis hafi slæðzt með af seiðum eins og alltaf hafi gerzt, en sé algerlega hættulaust og skaðlaust. Á þessari stundu skal ég ekkert um þetta fullyrða, en ég tek það skýrt fram hér, að ef sú rannsókn, sem Hafrannsóknastofnunin hefur nú gengizt fyrir, leiðir í ljós, að þarna sé hætta á ferðum, þá verða umsvifalaust gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra þar alla áníðslu og ofveiði á þessu ungviði.

Bjarni Guðbjörnsson: Herra forseti. Hann hefur vakið nokkra athygli, sá tillöguflutningur, sem átti sér stað á fundi Landssambands ísl. útvegsmanna, og ég stend hér ekki upp til þess að andmæla þeim tillöguflutningi út af fyrir sig. En það er vel, að það hefur verið vakin athygli á rækjuveiðunum í Ísafjarðardjúpi, því að sannleikurinn er sá, að þær hafa um mörg ár verið í ófremdarástandi, og þetta er í rauninni ekkert nýtt fyrirbæri, sem hér er að

eiga sér stað. Skal ég drepa með örfáum orðum á nokkrar staðreyndir í því sambandi.

Á árinu 1969 voru 34 bátar, sem höfðu leyfi til að veiða rækju í Ísafjarðardjúpi, en á árinu 1970 er 52 bátum leyft að veiða á þessum sömu slóðum. Á árinu 1969 var talið, að mánaðarskammturinn væri um 90 tonn, en nú á árinu 1970 er ekkert talið því til fyrirstöðu að skófla upp úr Djúpinu 160 tonnum á mánuði. Slík þróun sem þessi í þessum veiðum þarna á grunnslóð, sem er víðast hvar þarna, — rækjan veiðist yfirleitt þarna inni í fjörðum og á grunnsævi, þó að það komi fyrir á dýpri svæðum líka, — þetta hlýtur að valda því, að ef þarna er á ferð sterk ganga, eins og nú er talið að sé, af þorsk- og ýsuseiðum, þá hlýtur að veiðast mikið af þessum ungfiski jafnframt því, sem rækjan er veidd svona gegndarlaust. Það hefur verið í langan tíma mikil óánægja með það, hvernig þessum leyfaúthlutunum í Ísafjarðardjúpi hefur verið ráðstafað, en út í það viðkvæma mál skal ég ekki fara hér. Það er sjálfsagt hægara um að tala en í að komast. En það sjá allir, að slík aukning á þessum veiðum hlýtur að hafa í för með sér, ja, mér liggur við að segja rányrkju, því að það er ekkert, sem ég hef séð, sem liggur því til grundvallar, að óhætt sé að nærri því tvöfalda það veiðimagn, sem hægt er að taka upp úr Djúpinu á árinu 1970 umfram það, sem var á árinu 1969.

Ég skal ekki leggja neinn dóm á þær deilur, sem kunna að vera milli þeirra manna, sem fluttu þessa till. á LÍÚ-fundinum, og hinna, sem heima eru og stunda þessar veiðar. En ég vil þó aðeins benda á, að hinn 20. okt. s. l. rannsakaði Hafþór eftir ákveðinni beiðni seiðamagn í skammti, sem hann fiskaði upp úr Djúpinu, og eftir því, sem ég veit bezt, — það verður þá leiðrétt, ef ég fer þar með rangt mál, — þá fékk hann 10.5 kg af ýsu- og þorskseiðum á móti 126 kg af rækju, svoleiðis að það kemur ekki alveg heim við þetta, en ég skal ekki leggja neinn dóm á þetta að öðru leyti. En ég vil undirstrika það, að það er mjög kærkomið einmitt, að þessi veiðiskapur þarna í Ísafjarðardjúpi verði rannsakaður mjög nákvæmlega og verðskuldaður gaumur verði gefinn því, sem þarna er að eiga sér stað, því að rækjuveiðarnar í Ísafjarðardjúpi eru mjög þýðingarmikill atvinnuvegur fyrir öll sjávarplássin við Djúp. En eins og nú horfir, ef svona fer fram, þá sé ég ekki annað en þetta verði til mjög skamms tíma og þarna verði veiðisvæðin svo rányrkt, að það sé ekki aflavon þar innan nokkurra ára.

Hv. 2. þm. Vesturl. minntist á það hér, að það væri víða við Vestfirði, sem rækjan veiddist svona, en mér er nú ekki kunnugt um það sérstaklega. Hins vegar veiðist rækja á Húnaflóa. Aðallega er það í Ísafjarðardjúpi og í Arnarfirði, en þar hefur ekki borið svo á þessu mikla magni af ýsu- og þorskseiðum eins og getið er um í Ísafjarðardjúpi, eftir því, sem ég bezt veit. Þó kann það að vera eitthvað meira heldur en hefur verið áður, en sjómenn telja, að þetta stafi m. a. af því, að þarna sé um óvenjusterkar göngur af þorsk- og ýsuseiðum að ræða. En það er jafnframt bent á það og því var haldið fram í sambandi við landhelgismálin, þegar þau voru til umr. hér, að hætta væri á því, að þarna yrði um ofveiði að ræða á smáfiski á Vestfjarðamiðum. Ég er hræddur um, að sú skoðun, sem þá var látin í ljós um, að þetta mundi hafa skaðvænleg áhrif, sé nú m. a. að koma í ljós, og það væri vel, ef Hafrannsóknastofnunin eða þeir aðilar, sem um þetta mál eiga að fjalla, sýndu þessu tilhlýðilega athygli. Ég get ekki látið hjá líða, án þess þó að verða orðmargur, að minna á, að við höfum flutt hér tveir þm. Framsfl. þáltill. um heildarendurskoðun á fyrirkomulagi stjórnkerfis sjávarútvegsins. Einmitt þar kemur fram, hve sjútvrn. er fámennt og lítt megnugt að sinna þeim störfum, sem þar þarf að inna af hendi. Það er lífsspursmál að gera þessar stofnanir þannig úr garði, að þær geti sinnt þeim verkefnum, sem þær þurfa að framkvæma. Þá ætti sennilega ekki að þurfa að koma til slíkra atburða, sem hér eiga sér stað.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Hér er sannarlega hreyft við alvarlegu máli, sem er raunar það víðtækt, að þetta er aðeins einn þáttur þess. En ég vil aðeins minna á annan þátt, vegna þess að hv. 3. þm. Vestf. kom inn á hann áðan. En við samþykktum hér í hv. Alþ. nokkra rýmkun á togveiðiheimildum í ákveðinn tíma, sem rennur nú út á næsta ári. Því miður hef ég öruggar sannanir fyrir því og vildi vekja athygli hæstv. dómsmrh. á þeirri staðreynd, að um vaxandi landhelgisbrot er að ræða. Það hafa skipstjórar tjáð mér. Þeir urðu varir við það, og nú hvet ég og skora á Landhelgisgæzluna og bið hæstv. ráðh. að koma því áleiðis, að það sé vel fylgzt með því, að í skjóli náttmyrkurs sé ekki farið inn fyrir settar línur, því að Alþ. varð sammála um það að hafa viss svæði fullfriðuð til öryggis fyrir smáfisk, og það er mjög alvarlegt brot, ef menn fara út í þann bás aftur að misnota það traust, sem þeim var sýnt, og fara að brjóta í vaxandi mæli og veiða þá í auknum mæli smáfisk. Það nær ekki nokkurri átt. Það er almennur rómur sjósóknarmanna, að víða við landið verði vart við vaxandi stofn af ýsu og þorski, og við megum ekki ráðast á þennan stofn of snemma. Það nær ekki nokkurri átt. Svo alvarleg afföll urðu hér á árunum, að við verðum að gefa þessum stofni grið til að vaxa upp í eðlilega stærð til skynsamlegrar nýtingar. Og það er ekkert síður alvarlegur þáttur, ef hann er á rökum reistur, að vaxandi landhelgisbrot eigi sér stað. Ég stóð hér upp til að vekja athygli á því. Ábyrgir skipstjórar hafa komið til mín og sagt, að þeir yrðu þess varir, að bátar sæktu æ meira inn fyrir landhelgismörkin. Sem betur fer eru það fáir skipstjórar, en ef ekki verður staðið vel á verðinum, þá getum við lent í sama bás og áður var, og það er ógæfa, ef slíkt hendir okkur aftur.

Dómsmrh. (Auður Auðuns): Herra forseti. Vegna ummæla hv. 5. landsk. þm. vil ég taka það fram, að ég hef ekki sjálf í rn. orðið vör við það mál,

sem hann hér hreyfði, að það mundi vera um að ræða aukinn fjölda landhelgisbrota. Nú skal ég viðurkenna það, að að sjálfsögðu mun ekki berast til rn. tilkynning um hvert einstakt brot, sem á sér stað. Ég veit ekki, hvort aðeins bar að skilja hv. þm. þannig, að menn teldu, að það væri um aukinn fjölda brota að ræða, en að sjálfsögðu mun ég, eftir að þetta hefur komið hér fram í þessum umr., kynna mér, hvað það kann að hafa við að styðjast, og að sjálfsögðu mun rn. — og hefur að sjálfsögðu alltaf gert það, — leggja áherzlu á það, að landhelginnar sé svo vel gætt sem frekast er kostur. Ég get sem sé á þessu stigi ekki fleira um þetta sagt.

Jón Árnason: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég vil þakka hæstv. sjútvrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf hér um það, að rannsókn af hendi Hafrannsóknastofnunarinnar sé nú þegar hafin í þessu máli og muni hún leiða til þess þá að leiða sannleikann í ljós. Eins og hér hefur komið fram í þessum umr., eru ekki allir sammála um, í hversu stórum stíl þessi rányrkja eigi sér stað, en ég held samt, að það fari ekki hjá því, að svo almennt sem um þetta er rætt manna á milli á þessum stöðum, þar sem talið er, að þetta eigi sér stað, þá hafi menn eitthvað verulegt fyrir sér í þessum efnum.

Ég gat um það áðan, að það væri e. t. v. víða á Vestfjörðum, sem þetta þyrfti að athugast, og það var að gefnu tilefni. Og það er ekki óeðlilegt, ef þessi klakstofn er sterkur, sem hér er um að ræða, og mér skilst, að fiskifræðingarnir haldi, að það sé raunveruleiki, að þessi klakstofn sé sterkur, þá er einmitt ekki óeðlilegt, að hann leiti að vetrinum í var inn á hina ýmsu firði, sem eru í námunda við Ísafjarðardjúp. Og það var eitt, sem kom fram í þessum umr., sem gefur líka nokkuð til kynna, hvað a. m. k. sumir Ísfirðingar líta þetta alvarlegum augum. Guðmundur Guðmundsson, sem var flm. þessarar till. og leiddi málið inn á fundinn, skýrði frá því, að hann hefði átt samræður við menn, sem stunduðu þessar veiðar á Ísafirði, og þar hefði einn maður, sérstakur veiðimaður, haldið því fram, að hann teldi rétt, að það hefði átt að stöðva þessar veiðar a. m. k. um tveggja mánaða skeið á þeim forsendum, að hlutföllin í aflanum mundu geta batnað eftir það, og þegar slíkt álit kemur frá manni, sem hefur allt að 30 þús. kr. kaup á viku við þessar veiðar í dag, þá má það augljóst vera, að að hans áliti er hér mikill voði fyrir dyrum, ef ekkert er að gert. Og ég segi: það er vel, að rannsókn er hafin í þessum málum, og ef það kemur í ljós, sem haldið hefur verið fram, að hér sé um verulega rányrkju að ræða, þá vænti ég þess, að það verði gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að tekið verði fyrir, að slíkt geti haldið áfram.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Aðeins í framhaldi þessara fáu orða minna, sem ég sagði hér áðan, þá vildi ég af sérstöku tilefni bæta því við, að um fjölgun bátanna og aukningu veiðimagnsins hefur það verið gert á undanförnum árum eins og skylda er samkv. lögum, að það hefur verið stuðzt við álit fiskifræðinga á aðstöðunni hverju sinni, en þessi rækjumál í heild má segja, að hafi verið eitt af erfiðari vandamálum sjútvrn. til úrlausnar, því að það verður að segjast hér, úr því að málið er komið inn á þessar brautir og opinbert á Alþ., að ósamkomulag er afar mikið milli hinna einstöku hagsmunahópa og þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir rn. ár eftir ár til að ná um þetta samstöðu meðal heimamanna, hefur það ekki tekizt til neinnar verulegrar hlítar.

Raunar er rétt að bæta því þarna við, að þau veiðileyfi, sem nú eru í gildi, renna út þann 15. des. þannig að þá gefst a. m. k., ef ekki fyrr, tækifæri til þess að endurskoða aðstöðuna með hliðsjón af þeim rannsóknum, sem þarna hefðu þá farið fram.

Í öðru lagi gat hv. 3. þm. Vestf. þess, sem rétt er, að þrír hv. þm. Framsfl. hafi flutt till. til þál. í Sþ. um nauðsyn endurskipulagningar sjútvrn., eins og hann orðaði það hér, og mér skildist fyrst og fremst til eflingar þess. Það er vel, að slík till. er komin fram og í tilefni af henni er rétt að upplýsa það nú þegar, að eins og þm. er kunnugt var breytt allverulega verkaskiptingu milli ráðuneyta með lögum, sem tóku gildi um s. l. áramót og þá í fyrsta sinn varð sjútvrn. sjálfstætt rn., sem það hefur verið síðan. En um almenna endurskoðun á hlutverki þess er það að segja, að á s. l. vori var slík endurskoðun, sem till. þeirra framsóknarmanna gerir ráð fyrir, falin þremur mönnum, sem síðan hafa að því unnið og vonandi skila áliti, áður en langur tími líður. Þessir menn eru Jón Arnalds, ráðuneytisstjóri í sjútvrn., Már Elísson fiskimálastjóri og Eggert Jónsson, sem er fulltrúi fiskimálaráðs í þessari endurskoðun. Þetta taldi ég nauðsynlegt að upplýsa og sjálfsagt gefst mér tækifæri til þess að gera nánari grein fyrir þessu máli, þegar umrædd þáltill. verður tekin til umr.

Á 17. fundi í Ed., 18. nóv., utan dagskrár, mælti

sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég tel ástæðu til þess vegna fréttar í einu dagblaða okkar í morgun að gefa eftirfarandi upplýsingar:

Svo sem kunnugt er, hefur verið mikið af smáfiski á fyrsta ári í rækjuafla Ísafjarðarbáta að undanförnu. Hefur verið um það fjallað í umræðum blaða og annarra og á öðrum samkomum undanfarnar vikur. Af þeim sökum lét Hafrannsóknastofnunin fara fram athugun á þessu, og voru tveir starfsmenn hennar með rækjubát daglega síðari hluta fyrra mánaðar eða nánara tiltekið frá 20. okt. Auk þess var rannsóknarskipið Hafþór við athuganir á þessu í Ísafjarðardjúpi um líkt leyti. Enn fremur hafa tveir starfsmenn Hafrannsóknastofnunarinnar verið vestra í þessum mánuði og eru nú þar með rækjubátum til þess að kanna samsetningu aflans. Mælingar í bátunum hafa sýnt, að um mikið smáseiðadráp hefur verið að ræða og hefur það stundum orðið allt að 40% af aflanum. Meðalstærð

þorsksins hefur verið um 10 cm, en ýsunnar tæpir 13 cm, og er þetta fiskur, sem fæddur er í ár. Samkv. mælingum starfsmanna Hafrannsóknastofnunarinnar voru af þorskinum um 95 í hverju kg, en 60 af ýsunni. Þetta samsvarar því, að á klukkutíma hafi veiðzt rúm 8 kg af þroski og 2½ kg af ýsu og á hinn bóginn var meðalafli af rækju 126 kg. Auk þorsks og ýsu fengust ýmsar aðrar tegundir fisks á fyrsta ári, svo sem lýsa, spærlingur, loðna, síld, karfi o. fl. Talsverðar sveiflur voru í magni af þorskseiðum frá einum tíma til annars og eins eftir dýpi og virðist mest grynnst.

Hafrannsóknastofnunin taldi, að héldi veiðin áfram á líkan hátt, mundi það geta haft neikvæð áhrif á framtíð þessa þorskárgangs í Ísafjarðardjúpi og af þeim sökum lagði hún til, að rækjuveiði yrði bönnuð í Seyðisfirði, Hestfirði og Skötufirði við Ísafjarðardjúp, þ. e. a. s. innan línu frá Kambsnesi um nyrzta enda Vigur og þaðan í Ögurnes. Fiskifélag Íslands mælti einnig eindregið með því, að þessar ráðstafanir yrðu gerðar. Enn fremur barst áskorun sama efnis frá aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna, sem haldinn var 5.—7. nóv. eða hálfum mánuði eftir að fyrstu rannsóknir hófust á þessum miðum. Þessar ráðstafanir voru gerðar eftir að ítarlegar athuganir höfðu verið framkvæmdar og leiddu í ljós, að seiðadrápið hélt áfram, þ. e. a. s. það var ekki, að því er virtist, skammtímafyrirbrigði, en að því lutu rannsóknirnar, að komast að því, hvort hér væri um skammtímafyrirbrigði að ræða, en svo reyndist ekki. Var einnig kannað rækilega, hvaða ráðstafanir væru heppilegastar, og varð niðurstaðan sú, sem áður greinir.

Þetta taldi ég nauðsynlegt, vegna umræddrar fréttar, að upplýst yrði á hv. Alþ. nú þegar.

Á 30. fundi í Nd., 14. des., utan dagskrár, mælti

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég hef leyft mér að kveðja mér hljóðs hér utan dagskrár vegna þess, að það mál, sem ég ætla að gera hér að umtalsefni, þolir ekki þann biðtíma, sem óvefengjanlega mundi verða, ef það væri flutt í formi þáltill. Það mál, sem ég ætla að nefna hér með örfáum orðum, er óvenjuvondar samgöngur við Vestfirði, einkum nú síðasta mánuð. Vöruflutningar á landi, og þá einnig til Vestfjarða, hafa aukizt mjög á síðustu árum, en vandræði af þessum sökum hafa ekki skapazt fyrr en nú síðasta mánuð, vegna þess að samgöngur á landi hafa haldizt fram eftir öllu hausti, vegna þess að það hefur verið óvenjusnjólétt haust, en eftir að vegir lokuðust má segja, að miklir erfiðleikar séu með allan flutning til Vestfjarða héðan frá Reykjavík, því að sjóflutningar hafa ekki aukizt að sama skapi, heldur jafnvel minnkað.

Skipaútgerð ríkisins, sem á að halda uppi flutningum á hafnir úti um land, hefur engan veginn haldið uppi þeirri þjónustu, sem til er ætlazt. Ég skal játa það, að Skipaútgerðin hefur ekki nema tvö skip til umráða, en mér finnst undarleg áætlun þessara skipa, að stærra skipið, sem flytur miklu meira af vörum, er sent allar ferðir austur um land og hringinn í kringum land á ca. 10—12 daga fresti héðan úr Reykjavík, og það siglir tómt svo að segja frá Akureyri og til Reykjavíkur, en hins vegar er litla skipið, Herðubreið, látið fara frá Reykjavík og norður og austur um land, og það á að fragta á Vestfirði, tekur engan veginn upp þær vörur, sem bjóðast, og þær ferðir eru einnig á 10—12 daga fresti. Mér finnst rétt, að það komi hér fram, að þegar þessi mál voru í athugun, var það samhljóða álit skipaútgerðarnefndar, að hringferðir ríkisskipanna væru óhagkvæmar og það bæri að hverfa frá þeim nema rétt yfir hásumarið, á meðan gömlu skipin voru, sem önnuðust farþegaflutninga. En við það að forstjóri Skipaútgerðarinnar hefur fengið stjórnarnefnd með sér, þá hafa þeir einnig tekið undir þessa hringavitleysu með hringferðirnar, eftir að þeir urðu þrír um þessa ákvörðun.

Eimskipafélag Íslands hefur að verulegu leyti hætt siglingum með vörur á ströndina, og það telst orðið til tíðinda, þegar Eimskipafélagið tekur vörur til hafna úti á landi. Hins vegar sækir Eimskipafélagið mikið af vörum til útflutningshafnanna, en þær ferðir koma ekki að gagni fyrir vöruflutninga frá Reykjavík. Minni hafnir eru alveg afskiptar frá Eimskipafélaginu með alla flutninga, eftir að það tók upp örfáar hafnir úti um land, og kostnaður þeirra hafna er orðinn stórkostlegur og óþolandi, en það er kapítuli út af fyrir sig, sem ég ætla ekki að koma inn á hér í þessum fáu orðum. Allir farþegaflutningar eiga sér stað í lofti til þessara staða, og það hefur verið sérstaklega vond tíð á þessu hausti, og því hefur oft komið fyrir, að íbúar þessara staða hafa ekki fengið póst og dagblöð í 3—4 daga í einu og komið hefur það fyrir, að dagblöð hafa ekki komið í 8 daga vegna þess, hve veðrátta hefur verið umhleypingasöm. Við það ræður enginn. En hitt er aftur öllu lakara, að þegar kemur gott veður og hægt er að fljúga eins og í gær, þá flýgur Flugfélagið, sem hafði ekki flutt vörur á aðra viku og farþega síðan á þriðjudag, þá flýgur það eina ferð til Ísafjarðar aðeins með farþega og ábyrgðarpóst. Allur annar póstur er eftir og engar vörur eru fluttar og var þó mjög ákjósanlegur dagur hvað veður snerti til að halda uppi flugsamgöngum til Ísafjarðar.

Það er beiðni mín, að hæstv. samgmrh. kynni sér nú þegar þessi samgönguvandræði við Vestfirði með það fyrir augum, að úr þessu verði bætt þegar í stað. Við það verður ekki unað, að vörur komist ekki á milli staða nema á 12—14 daga fresti og vika eða á aðra viku líði á milli þess, sem póstur er fluttur. Á öld hraðans og skipulagningarinnar verður að segja, að hér sé um bágbornar samgöngur að ræða, og þær eru jafnvel lakari í þessum mánuði en þær voru við þennan landshluta fyrir um það bil 40 árum.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Hv. 2. þm. Vestf. hefur hafið hér umr. utan dagskrár um samgönguerfiðleika á Vestfjörðum, og dreg ég ekki í

efa, að hann hafi þar rök fyrir sínu máli, enda minnist ég þess, að hér á Alþ., meira að segja nú á þessu þingi, er nú situr, hafa verið uppi tillögur um úrbætur í strandferðamálum Vestfirðinga, tillögur um sérstakt Vestfjarðaskip, ef ég man rétt. Ég hygg, að það hafi verið til umr. fyrir fáum dögum. En mig langar til þess að nota tækifærið til þess að taka undir það, sem hv. þm. sagði, að það skipulag, sem nú er á strandferðunum, að gera ráð fyrir hringferðum skipanna kringum landið, sem allar hefjast í Reykjavík, þarf áreiðanlega endurskoðunar við. Og ekki þætti mér ótrúlegt, að í framtíðinni væri það heppilegasta fyrirkomulagið, að þau strandferðaskip, sem eiga að þjóna einstökum landshlutum, væru staðsett hvert um sig í þeim landshluta, sem þau eiga að þjóna, en þessum skipakosti sé ekki saman safnað hér í höfuðborginni. Ég vil í þessu sambandi leyfa mér að minna á það, að fyrir nokkrum árum fluttum við þm. úr Norðurl. e. till. til þál. þess efnis, að athugaðir yrðu möguleikar á því, að gert væri út sérstakt Norðurlandsskip til strandferða og að það væri gert út frá Akureyri. Þessi till. var samþ. Nú á þessu þingi gerði ég fsp. um þetta mál til hæstv. samgmrh., hvað því liði og fékk að vísu nokkur svör, en svör, sem sýndu það eigi að síður, að þetta mál hafði lítið verið athugað, lítil rannsókn verið gerð og sú rannsókn var engan veginn miðuð við þá möguleika, sem gera má ráð fyrir að yrðu fyrir hendi í sambandi við slíkt skip með breyttu skipulagi. Þær fáu upplýsingar, sem fyrir lágu, miðuðu aðeins við það skipulag, sem nú er, en ekki það, sem við gerðum ráð fyrir.

En úr því að farið er að tala um samgöngumál hér utan dagskrár, þá vil ég leyfa mér að minna á það, að á ofanverðu síðasta Alþ. var kvartað yfir því hér á þingfundi við hæstv. samgmrh., að snjómokstur á vegum á Norðausturlandi væri algerlega ófullnægjandi. Og það var sérstaklega bent á það í því sambandi, að á Norðausturlandi væri svo ástatt, að fleiri en eitt læknishérað væri læknislaust og fólki væri ætlað að leita læknisþjónustu í önnur héruð, en oft væri þannig ástatt, að ekki væri fært á landi milli þessara staða, sökum þess að vegir tepptust af snjó. Og það var vakin athygli hæstv. ráðh. á því í þessum umr., að snjómokstur á vegum á Norðausturlandi mundi alls ekki vera með eðlilegum hætti miðað við það, sem tíðkast annars staðar á landinu. Hæstv. ráðh. tók þessu eiginlega vel, þó að hann gæfi ekki ákveðin svör, en upplýsti þá, að reglur um snjómokstur, sem munu vera til hjá vegamálastjórninni, en hafa ekki verið birtar hér á Alþ., væru í endurskoðun. Það er ekki sanngjarnt að fara að bera fram fsp. hér til hæstv. ráðh., þar sem hann hefur engan undirbúningstíma til þess að svara, en ég vil láta í ljós þá von mína, að þessari endurskoðun á snjómokstursreglunum fari nú að verða lokið eða sé e. t. v. lokið og að þá megi menn á Norðausturlandi vænta úrbóta í þessu efni og einhverra reglna um snjómokstur, sem teljast megi sambærilegar við það, sem tíðkast annars staðar á landinu á langleiðum og þjóðbrautum.

Birgir Kjaran: Herra forseti. Aðeins örfá orð út af þeim ummælum, sem hv. 2. þm. Vestf. mælti hér í sambandi við flugsamgöngur við sinn landsfjórðung. Það er vitað mál, að það er ákaflega erfitt að halda uppi innanlandsflugi á Íslandi. Dreifbýlið er það mikið og aðstæður svo erfiðar, að það hefur verið þannig að undanförnu, að innanlandsflugið hefur jafnan verið rekið með verulegum halla. Á s. l. ári mun sá halli hafa numið hjá Flugfélaginu hátt á 6. millj. kr. Engu að síður hefur Flugfélag Íslands talið það skyldu sína við þjóðina alla að reyna að halda þessum samgöngum í sem beztu horfi. Vandkvæði eru þó mikil á þessu og einkum og sér í lagi í svartasta skammdeginu og þegar dimmviðri er, sökum þess að flugvellirnir eru mjög margir, ef ekki flestir, illa lýstir og öryggis þarf þó fyrst og fremst að gæta í fluginu. Þessari stefnu hefur Flugfélag Íslands reynt að fylgja eftir getu og mætti.

Varðandi flugsamgöngur frá síðustu vikum og þetta einstaka tilfelli, sem nefnt var í gær, vildi ég þetta sagt hafa. Þar eð ótíð hefur verið með afbrigðum mikil víðast um land, hefur ekki verið hægt að halda uppi þeim flugsamgöngum, sem ráðgerðar eru á hverjum tíma. Þetta hefur valdið því, að safnazt hafa fyrir bæði flutningar og fólk, sem beðið hefur ferða. Þá hefur það og komið til sögunnar, að farkostur Flugfélagsins hefur svo sem kunnugt er orðið fyrir áfalli, ekki fyrir alllöngu síðan. Allt hefur þetta stuðlað að því, að þó að einn dagur kæmi, sem flugfært væri um landið, hefur ekki verið hægt að sinna nema mjög takmörkuðum verkefnum.

Í gær var það þannig, að Fokkerflugvélin, sem við höfum til ráðstöfunar, fór eina ferð til Ísafjarðar og aðra til Vestmannaeyja. Öðru gat hún ekki annað eins og veðri og birtu var háttað. Tilætlunin var hins vegar að reyna að gera Ísfirðingum einhverja frekari úrlausn með því að senda þangað Dakotavél, sem var norður á Akureyri, en það kom í ljós, að flugmenn óttuðust, að um einhverja bilun gæti þar verið að ræða og var því ekki að óröggsökuðu máli talið þorandi öryggis vegna að senda þessa vél. Þessar eru ástæðurnar fyrir því, hvernig til tókst í gær. En vitaskuld verður það ábyggilega lengi svo, að erfitt verður að halda uppi á Íslandi mjög reglulegu innanlandsflugi í svartasta skammdegi, meðan ekki hefur verið ráðin stórbót bæði á flugvöllum og einkum og sér í lagi á lýsingu þeirra. Flugfélagið mun fagna því, ef meiri fjármunir verða frá Alþ. lagðir í þessar framkvæmdir, og sjálft hefur það í undirbúningi ýmsar aðgerðir til þess að auka sinn flugvélakost, eftir því sem efni standa til, og vonlaus er ég ekki um, að einhver úrbót fáist, en þó er þetta ekki eins auðvelt verk og margur hyggur, því að t. d. Fokkervélarnar, sem taldar eru sérstaklega heppilegar fyrir innanlandsflug á Íslandi, eru nú svo eftirsóttar, að þær fást ekki afgreiddar nema með afgreiðslutíma, sem nemur hátt á annað ár. Fjárreiður Flugfélagsins hafa því miður ekki verið með þeim hætti, að það hafi getað ráðizt í stórátök. Þó hafa þeir hlutir mjög færzt til

betra horfs, þannig að Flugfélagið hefur getað staðið í skilum við ríkisábyrgðasjóð, og Flugfélagið hefur í athugun öflun nýrra tækja, ef kostur verður á, t. d. þotu í viðbót, og vissulega þyrfti það einnig að eignast nýjan Fokker.

Ég skil vel, að það komi illa við fólk í dreifbýlinu, ekki sízt núna rétt fyrir jólin, þegar mikið er um sendingar og margir þurfa að ferðast milli staða, ef ekki er hægt að halda uppi nægilegu flugi. En þessi eru okkar rök. Þetta er ekki viljaverk, þetta er hlutur, sem við ekki fengum ráðið við, og ég vona, að þingheimur skilji það.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég skil það, að hæstv. forseti vilji reyna að koma dagskrármálum að og fari því fram á að stytta þessar umr., en það er nú svo, að það er erfitt að neita sér um það að taka þátt hér í umr. um jafnknýjandi mál eins og hér er til umr. nú. Hv. 2. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, vakti hér athygli á því, að samgöngur við Vestfirði væru sérlega bágbornar eins og nú stæði og sagði, að samgöngum á sjó, a. m. k. við Vestfirði, hefði jafnvel hrakað nú á undanförnum árum. Í þessum efnum þykir mér full ástæða til þess að minna á það ástand, sem er ríkjandi í þessum málum við Austfirði. Það leikur enginn vafi á því, að samgöngum við Austfirði hefur hrakað stórkostlega á undanförnum árum og þó einkum og sérstaklega sjósamgöngum, og það má segja, að þar ríkir hreint öngþveitisástand í flutningamálum á vissum tímum árs. En þannig er háttað víða á Austurlandi eins og flestir hv. alþm. þekkja, að þegar kemur fram á vetur eru aðalbyggðarlögin þar einangruð frá aðalflugvellinum, sem notaður er, og það líða margar vikur og jafnvel mánuðir stundum þannig, að vegir geta ekki talizt færir á milli byggðarlaga. En nú er ástandið hins vegar orðið þannig, að um skipasamgöngur er ekki að ræða, nema með mjög löngu millibili. Þetta er vitanlega alveg óviðunandi ástand, eins og búið er að benda hér á þing eftir þing, og ég álít, að það sé full ástæða til þess að ítreka það enn einu sinni við hæstv. samgmrh., að þegar svona stendur á, verður að skerast í leikinn á þann hátt, að Skipaútgerð ríkisins taki sér leiguskip á þeim tímum árs, þegar greinilega er um skipaskort að ræða og flutningaþörfin kallar á. Þetta ástand er í rauninni alveg óviðunandi.

Ég nefni það sem dæmi, að í stærsta byggðarlaginu á Austurlandi, í Neskaupstað, þar er þessum málum þannig háttað, að flug á að heita þangað einu sinni í viku yfir veturinn og það vill auðvitað falla niður stundum þessa flugdaga og er þá strax komið upp í hálfan mánuð. En það eina vegasamband, sem er til staðarins, er lokað um alllangan tíma á hverjum vetri og þá geta menn séð, hvernig vera muni að standa þar í framkvæmdum og athöfnum ýmsum á þessum stað, þegar svona er búið að samgöngumálum. Ég vil einnig taka undir það, sem hér kom fram, að það er full ástæða til þess að fara fram á það við hæstv. samgmrh., að hann beiti sér fyrir því við stærsta skipafélag landsins, Eimskipafélagið, að það breyti á nýjan leik þeim reglum, sem það hefur tekið upp nú, þar sem félagið er hætt með öllu að annast vöruflutninga með framhaldsfarmgjöldum eða fragt frá Reykjavík og út á land. Þetta veldur mönnum úti á landi, t. d. á Austurlandi, gífurlegum aukakostnaði við að koma þeim vörum heim til sín, sem fluttar eru til landsins með skipum Eimskipafélagsins. Þetta hefur gengið svo langt, að í ýmsum tilfellum hafa menn á Austurlandi þurft að grípa til þess að nota fiskiskip sín, sem hafa verið að störfum annars staðar, til þess að flytja frekar vörur til landsins beint en þurfa að hlíta því að fá vörurnar fluttar til Reykjavíkur og bíða þar tímunum saman og verða síðan að taka á sig nýjan fragtkostnað frá Reykjavík og út á land, af því að um framhaldsfragt á vegum þessa stóra flutningafélags er ekki að ræða til Austurlandsins. Ég álít, að það væri full ástæða til þess, að hæstv. samgmrh. beitti sér fyrir því, að þessum nýju reglum Eimskipafélagsins yrði breytt aftur í fyrra horf og það tæki að sér a. m. k. að annast framhaldsfragt á vörum til a. m. k. einnar hafnar á Austurlandi á svipaðan hátt eins og er enn þá gert til Norðurlandsins.

Ég vil svo aðeins taka undir það, sem hér hefur komið fram hjá öðrum hv. þm., að ástæða sé til þess, að samgmrh. beiti sér fyrir því að bæta úr samgöngunum við bæði Vestfirði og Austfirði á þeim tímum ársins, þegar samgöngurnar eru lélegastar.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég dreg ekki á nokkurn hátt í efa frásögn hv. 2. þm. Vestf. af ástandinu þessa dagana og síðustu vikurnar. Hins vegar kemur mér þetta ekkert á óvart. Við höfum horft upp á það á undanförnum árum, hvernig starfsemi Skipaútgerðar ríkisins hefur svo að segja verið brotin niður með því að selja skipin fyrir fram, áður en önnur ný komu í staðinn, með því að gera ekkert til þess að auðvelda að meðhöndla og afgreiða vörur hér í Reykjavík og á margan hátt með því að vanrækja að byggja fyrirtækið upp. Ástandið nú þarf engum að koma á óvart. Ég er ekki alveg viss um, að það sé rétt að fordæma hringferðafyrirkomulagið. En ég skil það vel, að það geti verið óhentugt Vestfjörðum, að stóra skipið hefur nú í haust farið allar ferðir úr Reykjavík austur um land. Hef ég ekki fremur en hann skilið, hvers vegna það fyrirkomulag er upp tekið. En það kemur raunar fleira til, sem torveldar vöruflutninga, eins og hér hefur raunar verið minnzt á, fleira heldur en vanbúnaður Skipaútgerðarinnar til þess að sinna sínu hlutverki og það er breytt tilhögun bæði hjá Eimskipafélaginu og hjá Skipadeild Sambandsins. Ég vil alveg fyllilega taka undir þær áskoranir, sem hér hafa komið fram til hæstv. samgmrh. um að beita sér fyrir úrbótum á þeim vettvangi, beita áhrifum sínum í þá átt, að skipafélögin bæti ráð sitt að því er varðar framflutning innfluttrar vöru.

Ég vil einnig leyfa mér að taka undir það, sem

hér hefur sagt verið um vanbúnað íslenzkra flugvalla. Okkur er það vel kunnugt, þm., sem höfum öðru hverju farið til flugmálastjórnarinnar að ræða um aðgerðir á vissum flugvöllum, að það hafa verið ákaflega takmörkuð fjárráð til þessara hluta. Það er vafalaust rétt, sem hér hefur komið fram um ljósaútbúnað á ýmsum flugvöllum. Ég veit um suma persónulega. Og hitt hefur maður horft upp á líka, að jafnvel allra frumstæðustu hreinlætiskröfum er ekki fullnægt og það á flugvöllum eins og á Hornafirði, þar sem ekki aðeins fer í gegn mikill fjöldi heimafólks, því að sjálfsagt er þetta nú aðalfólksflutningaleiðin út úr Skaftafellssýslum, heldur einnig mikill fjöldi erlendra ferðamanna, og það er engin hreinlætisaðstaða inni á þessum flugvelli, engin. Þetta er nánast furðulegt.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð öllu fleiri, en ég vil þó aðeins nota þetta tækifæri til þess að árétta það, sem ég hef áður sagt hér, og leggja áherzlu á það við flutning tveggja þingmála, — annað er um skipulag vöruflutninga, en hitt um strandferðaskip til farþegaflutninga — árétta það, að það verður að skipuleggja betur en nú er vöruflutningana. Það verður að efla sjóflutningana, beina til þeirra meira flutningamagni en nú er gert, ekki einasta á þeim tímum, þegar ómögulegt er að brjótast um heilt vegakerfi með vörurnar, heldur verður að reyna að beina flutningum að þessum leiðum miklu meira heldur en nú hefur verið gert. Og ég vil einnig árétta það, að það er ómetanlegt öryggi og ómetanleg þjónusta fyrir strjálbýlið, fyrir fjarðabyggðirnar, alveg sérstaklega á Austfjörðum og Vestfjörðum, að haldið sé uppi ferðum með góðu farþegaskipi og alveg sérstaklega á þeim tíma, þegar ótryggastar og erfiðastar eru ferðirnar á landi og í lofti.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér aftur hljóðs eiginlega vegna þess, að hér tók til máls hv. 5. þm. Reykv., sem er stjórnarformaður Flugfélags Íslands, og hann ræddi sérstaklega um starfsemi Flugfélagsins innanlands, þ. e. a. s. innanlandsflugið. Og þegar ég heyrði hann flytja þá ræðu, fékk ég ekki orða bundizt. Í því sambandi langar mig til að segja hér frá þróun í innanlandsflugmálum, sem átt hefur sér stað í þeim landshluta, sem ég nefndi áðan og hefur orðið út undan með snjómokstur á vetrum, þ. e. a. s. á Norðausturlandi. Fyrir nokkrum árum var skipulagi flugferða frá Flugfélagi Íslands komið í það horf, að flugvélar höfðu viðkomu tvisvar í viku á flugvöllunum á Kópaskeri, Raufarhöfn og Þórshöfn og eitt sumarið var þetta komið það vel á veg, að ferðirnar voru þrjár vikulega, a. m. k. að sumrinu. Hér hefur smátt og smátt orðið mjög dapurleg breyting á og vildi ég gjarnan, að formaður Flugfélagsins tæki það til athugunar, af því að við erum svo heppnir, að hann á hér sæti og tekur þátt í þessum umr.

Fyrsta breytingin var sú, að lagðar voru með öllu niður viðkomur á Kópaskeri, en þar er nú allgóður flugvöllur. Næst kemur svo það, að ferðunum til Raufarhafnar og Þórshafnar var fækkað úr þremur niður í tvær á viku og var ekki mikið yfir því kvartað. En síðar kom að því, að þessum tveim ferðum á viku var fækkað niður í eina. Flugvélarnar komu aðeins við einu sinni í viku á flugvöllunum á Raufarhöfn og Þórshöfn. Og nú bætist það ofan á, að það er breytt áætlunardegi fyrir þessa flugvelli, þannig að flugdagurinn er sunnudagur. En á sunnudögum stendur þannig á, a. m. k. á öðrum þessum stað, að landssímastöðin er ekki opin á þeim tíma, sem flugvélarnar eru að fljúga frá Akureyri austur, og á þeim tíma, sem þær hafa viðdvöl á flugvellinum, þannig að það er ekki hægt að ná sambandi milli þeirra, sem nota flugvöllinn, á þessum tíma. Þetta er alveg furðuleg ráðstöfun. Ég hef nú þrásinnis og við reyndar fleiri þm. úr Norðurl. e. snúið okkur til Flugfélags Íslands, ekki til formannsins, heldur til framkvæmdastjórnarinnar, með beiðni um úrbætur í þessum málum. Enn hefur það ekki borið neinn árangur og því nota ég nú tækifærið, þegar samgöngumálin eru hér til meðferðar utan dagskrár, til þess að minna á þetta mál og í áheyrn formanns Flugfélagsins, sem sæti á hér í hv. d.

Það er áreiðanlega rétt, sem hv. 5. þm. Austf. sagði hér áðan, að það þarf að endurskipuleggja flutningana um landið. En þá held ég, að eitt af því, sem mundi koma í ljós við endurskoðun á þessu kerfi og endurskipulagningu, væri það, að þetta fyrirkomulag með hringferðirnar sé úrelt og held ég, að þessi hv. þm. hafi ekki skoðað það mál nægilega nákvæmlega, — það sé úrelt og hitt sanni nær, að í hverjum landshluta, t. d. á Vestfjörðum, á Norðurlandi og á Austfjörðum væru skip, sem sérstaklega sinntu þörfum þessara landshluta, flyttu vörur þangað, sem þeir landshlutar þurfa að koma þeim og sæktu vörur á þá markaði, sem þessir landshlutar vilja skipta við, og að þessi skip væru staðsett í hlutaðeigandi landshlutum, sem þau eiga að þjóna. Þetta held ég, að kæmi mjög til athugunar. Hins vegar kunna að vera á þessu ýmsir erfiðleikar, sem kunna að koma í ljós, þegar farið verður að endurskoða þessi mál. Ég er algerlega samþykkur hv. 5. þm. Austf. um það, að það þurfi að endurskoða og endurskipuleggja flutningakerfið í heild. En varðandi Norðurland höfum við þm. úr Norðurl. e., eins og ég sagði áðan, þegar fyrir löngu flutt till. til þál. varðandi endurskipulagningu að því er Norðurland varðar og fengið hana samþykkta á Alþ. fyrir nokkrum árum, þó að árangurinn hafi orðið lítill hingað til, því miður.

Steingrímur Pálsson: Herra forseti. Hér er til umr. mikið vandamál Vestfirðinga, en það eru samgöngumálin að vetri til. Reynslan hefur sýnt, að það er ekki nóg að hafa vel byggða og góða vegi eins og er víða á Vestfjörðum, því að á veturna strax í fyrstu snjóum lokast þessir fjallvegir. Vestfirðingar geta heldur ekki treyst á flugferðir. Þær eru til Patreksfjarðar og Ísafjarðar, en við vitum, að yfir vetrarmánuðina geta liðið margir dagar, þegar ekki

er flogið. Það eina, sem dugar fyrir Vestfirðinga, er að hafa reglulegar skipsferðir, reglulegar strandferðir yfir vetrarmánuðina.

Ég hef flutt hér á þingi núna frv. til l. um sérstakt Vestfjarðaskip, og er þetta frv. nú í n. Hv. 2. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, staðfesti hér það, sem áður var vitað, að við verðum að vinna fljótt og vel að því að fá öruggar og traustar strandferðir. Ég vil því taka undir orð hans og skora á hæstv. samgmrh. að kynna sér þetta mál mjög ítarlega og sem allra fyrst.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Í sambandi við þau tilmæli og áskoranir, sem beint hefur verið til mín um að kynna mér þessi mál, þá vil ég segja það, að ég mun gera það. Ég mun leitast við að kynna mér þessi mál og reyna að vinna að þeim úrbótum, sem mögulegar eru, því að vitanlega er hér um vandamál að ræða. En samgöngur um Ísland hljóta alltaf að verða nokkrum erfiðleikum bundnar, sérstaklega á þeim árstíma, sem nú er. Við horfum stundum á kvöldin á veðurspárnar og veðurkortin og það er oft, sem er stormur út af Vestfjörðum. Og þess vegna er það rétt, að það verður erfitt að treysta á flugið, þannig að það verði alltaf hægt að halda þar áætlun. Það eru þrír sæmilegir flugvellir á Vestfjörðum, á Ísafirði, Patreksfirði og Þingeyri. Þingeyrarflugvöllinn er búið að lengja núna, þannig að hann á að verða mjög sæmilegur og Ísafjarðarflugvöllur út af fyrir sig góður. En sá galli er á þessum flugvöllum í fjörðunum, að það er ekki hægt að koma við þverbrautum og það er þröngt og vont að komast niður, ef dimmviðri er eða stormasamt. Og því er það, að menn þurfa ekki að láta sér bregða, þótt ekki verði unnt að halda áætlun. Flugvellina þarf náttúrlega að bæta, sums staðar vantar ljós, en það er unnið árlega eftir því, sem fé er til, til þess að bæta þá. En ég skal viðurkenna, að það væri æskilegt að fá meira fjármagn í flugvelli heldur en við höfum fengið. En menn eru sammála um það, að þótt flugið leysi mikinn vanda og bæti mjög úr samgöngum hér á landi, þá sé ekki unnt að treysta á það eitt og það þurfi þess vegna fleira að koma til. Við vitum, að vegirnir teppast stundum fljótt á haustin, fjallvegirnir, og þetta á ekki við bara um Vestfirði, þetta á við um Austurland, Norðurland og jafnvel allt landið, og þess vegna er þetta erfiðleikum bundið að halda uppi stöðugum samgöngum.

Hér var áðan minnzt á snjómokstur og kvartað undan því, að það væri ekki mokað reglulega eða nógu oft. En það þarf líka fjármagn til þess, og það er rétt, sem hér var sagt, að snjómokstursreglurnar, sem nú eru í gildi, hafa verið í athugun og endurskoðun hjá vegamálastjóra og um leið og gerðar eru tillögur um það að breyta snjómokstursreglunum, þá er einnig með því reiknað, hvað það kostar að framfylgja breyttum og nýjum reglum. Það dugar ekki að setja þær reglur, sem ekki er svo hægt að fylgja. Og sannleikurinn er náttúrlega sá, að það er raunalegt, þegar búið er að moka langan veg gegnum þykka fönn, að kannske á sama deginum fyllist þetta aftur og verður ófært á ný, en ærna fjármuni hefur það kostað að komast í gegnum fönnina. Það er ekkert undarlegt, þótt menn beri fram óskir um úrbætur í þessum efnum, því að það að vera lokaður inni og vera samgöngulaus og einangraður er náttúrlega mjög slæmt og dugar ekki í nútímaþjóðfélagi. Þess vegna eru menn sammála um að bæta úr þessu. Það hefur verið talað hér um strandferðirnar og samgöngur á sjó, og einn hv. þm. sagði, að það væri ekki von á góðu, vegna þess að Skipaútgerð ríkisins hafi verið brotin niður, ekki hugsað um að byggja fyrirtækið upp. Þetta er nú, held ég, of stórt til orða tekið, og sannleikurinn er nú sá, að það er verið að byggja þetta fyrirtæki upp með því, að það fær nú á einu ári eða rúmlega það tvö ný og myndarleg strandferðaskip. Og þegar nýja Esja kemur í gagnið, væntanlega í febrúarmánuði, verður vitanlega miklu auðveldara að bæta úr strandferðunum. Og nú upp úr áramótunum verður gerð ný áætlun, þar sem nýja Esja verður sett inn, og ég er alveg sannfærður um það, að það verða mikil viðbrigði, þegar farið verður að fylgja þeirri nýju áætlun. Það verður mikil bót á ráðin frá því, sem verið hefur, þegar það skip kemur líka í gagnið. Það má segja, að það hefði e. t. v. átt að taka leiguskip, þangað til nýja Esja kemur. Það var nú ekki gert. Ég hef ekki heyrt háværar raddir um þörfina á því.

Um það hvernig þessir flutningar eru skipulagðir, — hringferðirnar eru fordæmdar — þá vil ég kynna mér það og hafa hönd í bagga með, þegar nýja áætlunin verður samin og hlusta vandlega á þá, sem reynsluna hafa í þessum efnum, og þá verður reynt að taka þann kostinn, sem beztur er, til þess að veita sem bezta þjónustu þeim, sem þjónustunnar eiga að njóta.

Ég held, að það sé nú ástæðulaust að hafa öllu fleiri orð um þetta. Ég skil, að menn verða leiðir, þegar samgöngurnar lokast. Það er skiljanlegt, að þegar ferðir falla niður svona rétt fyrir jólin og fólk og póstur bíður og kemst ekki í áfangastað, þá er alveg eðlilegt, að menn kvarti og kveini, og við skulum ætla og vona, að einmitt það, að menn láta í sér heyra og gera aths., verði til þess að flýta fyrir úrbótum og farið verði að hugsa um þessi mál, kannski meira heldur en annars hefði verið, ef allir hefðu þagað. Og þess vegna er það, að ég skrifa á bak við eyrað, eins og þar stendur, það, sem hér hefur verið sagt, og vil hugsa um það, hvernig úr því megi bæta. Ég get engu lofað um það, að reglum Eimskipafélags Íslands eða Sambands ísl. samvinnufélaga verði breytt aftur í það horf, sem áður var, fólkinu á ströndinni til þæginda. Hitt er annað mál, að það er sjálfsagt að athuga það mál, tala við forstöðumenn þessara skipafélaga og vita, hvort þeir væru fáanlegir til þess að veita á ný svipaða þjónustu og þeir áður gerðu. Og það verður að viðurkenna, að skipafélögin hafa þannig gengið til baka í góðri þjónustu frá því, sem var áður, en þetta eru ekki ríkisfyrirtæki og því tæplega á valdi

stjórnarvaldanna að fyrirskipa þeim, hvernig þau haga sínum flutningum.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég þakka hæstv. samgmrh. fyrir ágætar undirtektir við það mál, sem ég hreyfði hér í upphafi, og ég treysti því, að hann geri sitt til þess að kippa þessum málum í liðinn, þannig að vel megi við una. Efnislega ætla ég ekki að fara að ræða þetta, enda ekki tími til þess, en ég vil aðeins út af því, sem hv. 5. þm. Reykv. sagði, út af Flugfélagi Íslands endurtaka það, að ég var ekki að ásaka Flugfélag Íslands fyrir að fljúga ekki, þegar ekki er hægt að fljúga, ekki er veður til þess að halda uppi flugferðum. Ásakanir mínar á hendur Flugfélaginu voru þær að hugsa ekki fyrir nægilegum flugflota til þess að halda uppi auglýstu áætlunarflugi. Það hefur Flugfélagið ekki gert og það kom ekki fram í hans skýringum, að það væri neitt á leiðinni að gera það. Flugfélagið missti eina vél og tók aðra úr innanlandsfluginu í stað þeirrar, sem það missti, og það er ekki vitað til, að það hafi verið neitt gert til þess að halda þessu uppi.

Ég segi fyrir mitt leyti, ég vil sem þm. stuðla að því, að ríkissjóður greiði á allan hátt fyrir Flugfélagi Íslands vegna kaupa á vél eða leigu á vél. Flugfélagið er alls góðs maklegt í þeim efnum. En við erum að hugsa um það, að þessari þjónustu verður að halda uppi. Flugfélagið hefur gert það á margan hátt vel, en núna að undanförnu hefur þetta komið fyrir, sem hefur verið gert hér að umræðuefni.

Að lokum vil ég einnig geta þess í sambandi við völuflutningana út á land frá stærri skipafélögum, sem flytja völuna til landsins, og út af orðum samgmrh., að mér er það ljóst, að hér er um einkafyrirtæki að ræða. En þjóðfélagið hefur nú oft hlaupið undir bagga fyrir þessi fyrirtæki á ýmsan veg og greitt fyrir þeim. Þjóðfélagið hefur líka og verðlagsyfirvöldin í hendi sér að samþykkja taxta fyrir þessi félög, og þessir taxtar, sem áður giltu, voru settir á þeim forsendum, að þessi félög önnuðust framhaldsflutninga á vörum út um land. Það hygg ég, að ríkisstj. ætti að taka til vandlegrar og alvarlegrar íhugunar, ef ekki fæst neitt jákvætt svar frá þessum aðilum hvað þetta snertir.

Á 21. fundi í Sþ., 25. jan., utan dagskrár, mælti

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Eins og fram hefur komið í fréttum, er nú svo komið, að því sem næst allur togarafloti landsmanna hefur stöðvazt í verkfalli. Það fer ekki á milli mála, að veruleg ástæða fyrir þessu verkfalli er lagasetning héðan frá Alþ., sem sett var árið 1968, þar sem launakjörum sjómanna var raskað í grundvallaratriðum. Það liggur einnig fyrir, að deilur eru enn um launakjör sjómanna á bátaflotanum, og það er vitað, að sá ágreiningur, sem þar er uppi, er einnig vegna ákvæðanna í þessari löggjöf frá 1968. Á bátaflotanum hefur ekki verið lýst yfir verkfalli enn þá, en það er veruleg hætta á því, að til þess geti komið hvenær sem er. Eins og allir hv. alþm. muna, voru allmiklar deilur hér á Alþ. um þessa lagasetningu á sínum tíma. Við Alþb.-menn m. a. vöruðum við þessari lagasetningu, og síðan höfum við flutt till. hér á Alþ. um það, að þessi löggjöf yrði tekin til endurskoðunar með það fyrir augum að rétta nokkuð hlut sjómanna og til þess að koma í veg fyrir meiri háttar árekstra á vinnumarkaði vegna þessarar lagasetningar. Nú vildi ég spyrja hæstv. forsrh. um það, hvort hann teldi ekki ástæðu til þess, að þessi löggjöf yrði nú tekin til endurskoðunar hið skjótasta með það fyrir augum að aðstoða á þann hátt við það að leysa þá deilu, sem upp er komin, og til þess að koma í veg fyrir enn frekari deilur á okkar fiskiskipaflota. Ég tel nauðsynlegt að þetta verði gert sem allra fyrst og með sem mestum hraða, eftir því sem unnt er hér á Alþ., og álít, að það hafi þegar skapazt svo alvarlegt ástand í þessum efnum, að það sé ekki fært fyrir Alþ. að sitja hér og bíða, vegna þess að það er alveg vitað, að deilurnar snúast um ákveðna löggjöf að verulegu leyti og það er vitanlega hægt að breyta þeirri löggjöf á stuttum tíma. Það er öllum kunnugt, að allar aðstæður eru nú gerbreyttar frá því, sem var, þegar þessi lög voru sett, og þau rök, sem þá voru flutt fyrir þeirri lagasetningu, geta ekki gilt eins og nú orðið háttar.

Ég vil óska þess, að hæstv. forsrh. svari spurningu minni um það, hvort hann telji ekki ástæðu til að endurskoða þessa löggjöf til að reyna að greiða úr þeim vandamálum, sem hafa upp komið vegna þessarar lagasetningar.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Mér er það að sjálfsögðu áhyggjuefni eins og hv. þm., að togarafloti landsmanna skuli vera bundinn við festar. Hitt er annað mál, að ég held, að það sé mikill grundvallarmisskilningur, að það sé vegna löggjafarinnar frá 1968. Ekki skal ég hefja deilur um það, en ég hef allt aðra skoðun á því heldur en hv. þm. Þeir, sem hér eiga hlut að máli, verða og eru að reyna að jafna þessa deilu. Mér finnst auðvitað rétt, að bæði þingið og þm. og ríkisstj. leggi sinn hlut að máli, ef þess er talin þörf til þess að leysa deiluna, en hins vegar hefur það ekki verið venjulega kappkostað af ýmsum að óska eftir því, að Alþ. grípi þar inn í, en þó má vera, að það sé rétta leiðin. Við höfum þar með mismunandi skoðun á orsökum þessarar deilu, hvort það séu þessi lög frá 1968 eða ekki. Mín skoðun er sú, að ef þau lög hefðu ekki verið sett, hefði ekki verið nein togaraútgerð og ekki nein önnur útgerð á Íslandi á þessu tímabili. Svo mikill grundvallarmisskilningur er okkar á milli. Ég er þó reiðubúinn að taka þátt í því með honum og öðrum mönnum að reyna að jafna þessi deilumál.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki taka upp neinar deilur við hæstv. forsrh. um það, hversu nauðsynlegt það muni hafa verið, að umrædd löggjöf var sett árið 1968. Það er málefni

út af fyrir sig. Sú deila, sem nú er háð, er að verulegu leyti bundin við þá lagasetningu, sem hér er um að ræða. Ég vitna til þess, að við í þingflokki Alþb. fengum bréf frá samtökum þeirra aðila, sem nú standa í verkfalli, og ég ætla, að aðrir þingflokkar hafi fengið sams konar bréf, þar sem beinlínis var farið fram á það — það var áður en til verkfallsins kom — að þessum lögum yrði breytt, svo að grundvöllur gæti skapazt til eðlilegra samninga um þessi mál. Og eins og ég sagði áður, það, sem skiptir hér aðalmáli, eru þær kringumstæður, sem eru nú, hvort það er réttmætt að halda ákvæðum þessara laga eins og nú er komið. En hitt getur svo áfram verið deilumál aðila á milli, hvort það hafi verið rétt að setja þessi lög á sínum tíma. En aðalatriðið er auðvitað það að gera sér grein fyrir því, um hvað er deilt í dag og hvernig er hægt að leysa það. Ég vænti þess, að hæstv. forsrh. kynni sér það sérstaklega, hvort hér er ekki rétt með farið af minni hálfu, að það séu fyrst og fremst ákvæði þessara laga, sem deilunni valda.

Á 27. fundi í Sþ., 23. febr., utan dagskrár, mælti

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það mun hafa verið í desembermánuði, sem hæstv. fjmrh. svaraði fsp. frá hv. 1. þm. Norðurl. v. um það, hvenær fasteignamatið nýja tæki gildi. Ég ætla, að hæstv. ráðh. hafi svarað eitthvað á þá leið, að hann byggist við, að fasteignamatið tæki gildi 1. marz. Nú eru fimm dagar þangað til, og þess vegna leyfi ég mér að spyrja hæstv. ráðh., hvenær það verði, sem nýja fasteignamatið taki gildi, og hvenær muni verða lokið endurskoðun þeirra laga, sem fasteignamatið hefur áhrif á.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Þó að fsp. þessi sé flutt utan dagskrár hér, þá hef ég ekkert á móti því að svara hv. þm. Það er alveg rétt, sem hann sagði, að ég skýrði hér frá því fyrr í vetur, að stefnt væri að því, að nýja fasteignamatið gæti tekið gildi 1. marz. Það byggðist á því, að gert var ráð fyrir, að lokið yrði þá úrskurði á öllum kærum og landsnefndin hefði þá einnig lokið sínu starfi. En nú standa sakir þannig, að þetta mun ekki reynast auðið, þannig að það mun taka a. m. k. einn mánuð og jafnvel tvo mánuði að þessu verði lokið til fulls, þannig að nýja fasteignamatið mun ekki taka gildi fyrr en í fyrsta lagi 1. apríl, en mér þykir þó sennilegra 1. maí, til þess að öruggt sé, að frá öllum þeim formsatriðum hafi verið gengið, sem æskilegt er að ganga frá, áður en gildistakan kemur til.

Þá spurði hv. þm. að því, hvað liði endurskoðun ýmissa ákvæða, sem snerta fasteignamatið. Um það er það að segja, að í undirbúningi eru nú viss frv., sem skipta máli í því sambandi, en þetta heyrir undir ýmis rn. Í fyrsta lagi hefur nú verið lagt fyrir Alþ. frv. til l. um breyt. á l. um tekju- og eignarskatt, þar sem gert er ráð fyrir breytingum á eignarskatti miðað við nýja fasteignamatið, og er þess vænzt, að það frv. verði samþ. hér endanlega á þessu þingi. Í öðru lagi mun nú næstu daga verða lagt fyrir Alþ. frv. um endurskoðun á lögum um stimpilgjöld og þinglýsingargjöld. Í þriðja lagi má gera ráð fyrir því, að lagt verði fyrir Alþ. líka innan skamms tíma — þó að það sé ekki á vegum fjmrn. — frv., sem felur í sér almenn ákvæði um það, að fyrst um sinn skuli viðmiðunargjöld, sem ákveðin eru sérstök prósenta af fasteignamati, breytast til samræmis við hið nýja mat, þannig að hækkun verði ekki á þeim fyrr en eftir að þau lög hafa verið ákveðin eða endurskoðuð. Hér er um að ræða ýmiss konar gjöld til sveitarsjóða, en svo sem kunnugt er, hefur nýja fasteignamatið hvorki áhrif á fasteignagjöld né ýmsa aðra skatta til sveitarfélaga á þessu ári, vegna þess að þeir voru á lagðir um síðustu áramót miðað við þágildandi fasteignamat og koma ekki til aftur fyrr en um næstu áramót, en þá þarf að sjálfsögðu að vera búið að endurskoða öll þessi gjöld. Það er þó hugsanlegt, að það séu einstök gjöld, sem breytist á öðrum tímum árs eða heimilt sé að breyta á öðrum tímum árs, og þess vegna hefur þótt æskilegt, að sett yrði til öryggis almennt bráðabirgðaákvæði, eins og ég gat um, ef um slík gjöld væri að ræða. Lög um erfðafjárskatt munu einnig vera til athugunar í því rn., sem með þau mál hefur að gera. Þetta hygg ég vera þau helztu gjöld, sem eru beinlínis bundin við fasteignamat, þannig að það hefur verið höfð fullkomin hliðsjón af nauðsynlegum breytingum í því efni, enda ljóst mál, að um svo mikla hækkun fasteignamatsins sjálfs er að ræða, að það verður að gera breytingar á viðkomandi gjöldum. En þetta vona ég, að sé nægilegt svar við fsp. hv. þm.

Á 29. fundi í Sþ., 2. marz, utan dagskrár, mælti

Jón Skaftason: Herra forseti. Í hádegisútvarpinu í dag var frá því greint, að landburður væri nú af loðnu til Vestmannaeyja og þessi landburður væri svo stórfenglegur, að verksmiðjurnar væru hættar að geta tekið á móti afla annarra báta en heimabáta. Að sjálfsögðu eru þetta mikil gleðitíðindi fyrir Íslendinga, en það vekur þó í huganum minningar frá s. l. ári einmitt í sambandi við mikinn loðnuafla, er honum var landað í svo stórum stíl til einstakra verksmiðja, að þær höfðu ekki þróarrými til að veita aflanum móttöku og geyma hann á hagkvæman hátt og létu aka honum út um allar grundir, á nærliggjandi tún og upp í dali með þeim afleiðingum, að aflinn beið þarna svo að vikum skipti sums staðar og skemmdist að meira eða minna leyti. Úr þessu hráefni var unnið skemmt lýsi, sem mér er tjáð að hafi orðið að fleygja á einstaka stað, og gæði loðnumjölsins, sem unnið var úr þessu hráefni, urðu miklu minni heldur en verið hefði, ef aflinn hefði verið tiltölulega nýr, þegar hann fór til vinnslunnar og því í betra ásigkomulagi

og gefið betri afurðir. Ekki einasta þjóðin sem heild tapar á slíkri meðferð verðmæta, heldur sumar stéttir sérstaklega, og hún er þeim mun óskiljanlegri, þar sem það er staðreynd, að á sama tíma og sumar fiskimjölsverksmiðjur yfirfylla sín geymslurými og þurfa að nota nálægt land til þess að geyma hráefnið, standa verksmiðjur við hliðina á þeim ónýttar, eins og gerðist í fyrra, frekar en í hittiðfyrra, að tvær síldarverksmiðjur ríkisins fengu engan loðnuafla á sama tíma og honum var landað í stríðum straumi til einkaverksmiðja á Austfjörðum og víðar. Svona fyrirkomulag hlýtur að skaða þjóðina um ómældar fjárfúlgur, og manni virðist, að hér hljóti að vera hægt að stemma á að ósi, bjarga verðmætum fyrir þjóðarbúið og koma í veg fyrir það skipulagsleysi, sem slík vinnubrögð sem þessi bera vott um. Ástæðan til þess, að ég nota þetta tækifæri til þess að vekja athygli á þessu, er ekki einasta sú frétt, sem barst í hádegisútvarpinu, heldur og bréf, sem okkur þm. Reykn. barst frá fyrirtæki í Hafnarfirði, sem heitir Lýsi og mjöl, og er dagsett 15. febr. s. l. Á stjórnarfundi í þessu fyrirtæki, sem haldinn var 12. febr. s. l., var m. a. gerð svofelld samþykkt, sem ég vil leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta, til þess að vekja eftirtekt hv. Alþ. og þá ekki síst hæstv. sjútvrh., — sem ég hygg, að þessi málefni heyri undir, — á málefninu. En þar segir svo:

„Með tilliti til þess, að mikil misskipting hefur verið á löndun og vinnslu á loðnu á undanförnum vertíðum og þá sérstaklega á vertíðinni 1970, viljum við benda hv. þm. Reykn. á eftirfarandi:

Verksmiðjurnar á Austurlandi og í Vestmannaeyjum tóku á móti meira magni af loðnu en þær gátu með góðu móti afkastað eða geymt með eðlilegum hætti. Var þá loðnunni landað úti á víðavangi. Þetta veldur að sjálfsögðu mikilli rýrnun á hráefni, enn fremur verður lýsið súrt, þegar loðnan er unnin mjög gömul, og hætt er við, að mjölið innihaldi ammoníak og fari því í lélegan gæðaflokk og geti hæglega orðið illseljanlegt, þegar eftirspurn eftir mjöli er lítil. Á sama tíma og þetta átti sér stað stóðu síldar- og fiskimjölsverksmiðjurnar hér við Faxaflóa með 2000—2500 tonna afkastagetu á sólarhring svo til ónotaðar. Með því að skipuleggja flutninga á loðnunni hefðu verksmiðjurnar við Faxaflóa getað unnið fyrsta flokks mjöl og lýsi úr öllu þessu hráefni.

Með hliðsjón af framangreindu vill stjórnin vekja athygli á eftirfarandi: Hvort ekki væri hægt að koma skipulagi á þessi mál, t. d. í samráði við Landssamband ísl. útvegsmanna, þannig að þegar verksmiðja hefur tekið á móti hæfilega miklu magni í þrær, t. d. þriggja vikna vinnslu, væri henni óheimilt að birgja sig af hráefni til langs tíma, en veiðiskipum skylt að landa hráefninu til annarra verksmiðja, sem hefðu nægjanlegt geymslurými og afkastagetu til þess að vinna efnið í sómasamlegu ástandi. Með þessu mundi tvennt vinnast. Í fyrsta lagi: Úr góðu hráefni fæst góð vara og þar af leiðandi hæsta mögulegt verð. Enn fremur er nýting verksmiðjanna miklu betri úr góðu hráefni og þar af leiðandi mundu verksmiðjurnar skila auknu framleiðslumagni og verðmeira. Rétt er enn fremur að benda á, að Norðmenn hafa komið skipulagi á þessi mál hjá sér fyrir nokkru og hefur það gefizt vel. Norðmenn hafa einnig annan hátt á verðlagningu loðnunnar. Þeir verðleggja hana eftir fituinnihaldi, þannig að hún er greidd á föstu verði miðað við ákveðið fitulágmark, t. d. 3%, og síðan er fituprósentan greidd upp. Þar af leiðir, að norsku verksmiðjurnar geta ekki sankað að sér svo miklu hráefni, að þær eigi á hættu að skemma lýsið og mjölið.

Við viljum eindregið beina þeim tilmælum til alþm. Reykn., að þeir athugi þessi mál gaumgæfilega og þá jafnframt hvort ekki megi finna viðhlítandi lausn á þessu máli hið bráðasta."

Eins og ég sagði áðan, þá er hér um stórt þjóðhagslegt hagsmunamál að ræða, og ég mundi segja, að ef nokkur einstök stétt í þessu landi tapaði sérstaklega á vinnubrögðum sem þeim, sem ég var hér að lýsa, þá væri það sjómannastéttin og útgerðarmenn þeirra skipa, sem loðnuveiðar stunda. Svo hlálegt sem það nú kann að virðast, þá eru einmitt þær verksmiðjur, sem kaupa í ofurkappi miklu meira loðnumagn til vinnslu en þær geta ráðið við með góðu móti, sá aðilinn, sem minnstu tapar, vegna þess að við verðlagningu í verðlagsráði á loðnunni á hverri vertíð liggja fyrir reikningar verksmiðjanna, og hráefnisverðið til útgerðarinnar og til fiskimannanna, sem loðnuna veiða, er m. a. ákvarðað af greiðslugetu verksmiðjanna. Þess vegna hygg ég, að það sé ekki úr vegi að vekja hér á hv. Alþ. athygli hæstv. sjútvrh. á þessu vandamáli með beiðni um það, að hann íhugi, hvort hér sé ekki auðvelt að grípa til einhverra úrræða, er geti betrumbætt þetta ástand, og dettur mér þá í hug, að vel kæmi til greina, að Seðlabankinn breyti sínum endurkaupareglum á víxlum frá viðskiptabönkunum m. a. með hliðsjón af því, að óeðlilegt sé að endurkaupa viðskiptavíxla af viðskiptabönkunum út á hráefni, sem sett er á „guð og gaddinn" og enginn veit, hvort verður nokkurn tíma að verðmæti. Og þá kemur líka til greina, þó að mér sé það ekki alveg ljóst af lestri á lögum um fiskmatið, en mér sýnist, að þar muni vera að finna heimildir til þess, að starfsmenn fiskmatsins hafi þau afskipti af þessum málum, er geti leitt þau til betri vegar.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. 2. þm. Reykn. fyrir að vekja máls á þessu vandamáli, og það er alls ekki af því, að þetta vandamál hafi ekki verið til umr. í rn. og meðal þeirra manna, sem mestra hagsmuna eiga að gæta í sambandi við þessar veiðar, sem eru tiltölulega ungar í því formi, sem þær eru nú. Áður fyrr var loðna eingöngu hugsuð sem beita fyrir línubáta, en hefur nú í stórauknum stíl verið brædd til lýsis og úr henni unnið mjöl með góðum árangri og gefið mikið í aðra hönd, sérstaklega síðan hinar svonefndu síldar- eða loftdælur — þrýstidælur — hafa

verið teknar til notkunar bæði við veiðina og löndunina. Það, sem í fyrsta lagi hefur komið upp í huga manna, er spurningin um möguleika til flutninga á landi, enn fremur flutninga á sjó og aukið þróarrými í landi, þar sem betur væri að hráefninu búið og því bjargað frá skemmdum. Við þessar hugleiðingar vakna þá aftur spurningar eins og sú, sem gildir að sjálfsögðu um allan fisk: Hve árvissar eru þessar loðnugöngur, hve lengi standa þær og hve mikið magn berst á hverri vertíð? Og svo sú, sem er undirstaða þessara hugleiðinga: Hvað þolir sjálft afurðaverðið mikla fjárfestingu, nýja fjárfestingu til betri dreifingar á þessu hráefni? Þetta er ákaflega sveiflukennt. Þessar afurðir eru seldar á ákaflega sveiflukenndu verði, þó að það hafi stigið allmikið tvö s. l. ár vegna þess fyrst og fremst, hversu lítil síldveiði hefur verið. En við rekum okkur á þá staðreynd, að þær verksmiðjur, sem brætt hafa þennan afla á undanförnum árum, eru staðsettar með allt annað í huga, með síldveiðar gömlu áranna í huga og þeim dreift um landið, og þótti mörgum nóg að gert í þeim efnum, þegar síld fór að tregast, og jafnvel of mikið um ónotað verksmiðjuafl í landi, sem aðeins, þegar bezt gegndi, var notað um 2—3 mánaða skeið á árinu, en stóð ónotað þess á milli.

Allt þetta hlýtur að rifjast upp í sambandi við hugleiðingar um úrbætur í þessum efnum, sem ég tek undir með hv. þm. að eru fyllilega þess virði að ræddar séu á Alþ. og teknar til gaumgæfilegrar athugunar. Hann gat þess einnig hér inn í milli, sem er umhugsunarefni fyrir alþm. alla, að svo hefði á staðið, að einkaverksmiðjur á Austurlandi hefðu nánast getað valið úr bátaflotanum og fengið nægjanlegt hráefni á meðan aflinn var í námunda við þær stöðvar, á sama tíma sem opinberu verksmiðjurnar, sem gjarnan vildu fá sér slíkt hráefni einnig, fengu ekkert. Ég skal ekki í þessu sambandi vera með neinar getsakir hér, en þær sögur eru þrálátar, að einkaverksmiðjunum hafi tekizt að bjóða betur eða einhver fríðindi, sem gerðu það að verkum, að bátarnir vildu heldur landa hjá þeim heldur en hjá ríkinu, sem að sjálfsögðu gat ekki verið þekkt fyrir annað en að greiða hið opinbera auglýsta verð. Þetta gefur eðlilega útgerðarmönnum og sjómönnum tilefni til þess að efast um, að verðlagningin sé rétt, og telja ástæðu til þess að athuga þá hluti nánar. En þessar staðreyndir lágu fyrir. Einkaverksmiðjurnar sátu fyrir þeim afla, sem á Austfirði barst, fyrir utan þær verksmiðjur, sem áttu sjálfar sína eigin báta þar, eins og á Norðfirði. En hitt hlýtur að vekja grun allra hugsandi manna um, hvers vegna mátti ekki eins landa hjá þeim, sem vildu greiða hið opinbera og auglýsta verð, samkomulagsverð í verðlagsráði, og það hlýtur nánast að liggja í því, að einhverra annarra fríðinda hafi þau skip notið hjá einkaverksmiðjunum.

Það er talað um að reyna að skikka — með samkomulagi að vísu við Landssamband ísl. útvegsmanna — skipin til að landa hér og þar eftir fyrir fram ákveðnum reglum til þess að dreifa aflanum betur á verksmiðjurnar og nýta verksmiðjukraftinn betur. Og í því sambandi er vitnað til Norðmanna. Mér er kunnugt um, að í sambandi við síldina, — ég skal ekki segja um, hvernig þetta skipulag er í sambandi við loðnuafurðirnar, — en mér er kunnugt um, að í sambandi við síldina fengu norskir sjómenn og útgerðarmenn misjafnt verð fyrir síldina eftir því, hvar þeir lönduðu henni. Það var nánast þannig, að því norðar sem bátarnir lögðu á sig að fara með síldina til atvinnuleysissvæðanna, þeim mun hærra verð fengu þeir fyrir síldina. Þetta var hreint atvinnuspursmál og Norðmenn höfðu efni á því að yfirfæra fjármuni frá sínum verzlunarflota yfir til sjávarútvegsins, en sjávarútvegur er hjá þeim, þótt oft sé okkur líkt saman, ekki nema 7—8% af þeirra gjaldeyristekjum á meðan hann er 90—95% hjá okkur. Ég verð samt sem áður — þó að við höfum ekki neina slíka sjóði til að hlaupa í — að viðurkenna, að hér er hreyft máli, sem þarf nánari endurskoðunar við. En við skulum hafa það í huga, að þetta er ekki eins auðvelt og manni kynni að virðast, að segja bátnum, sem heitir þetta og er númer þetta, að landa loðnu á þessum stað, því að þarna sé rúm og þarna vanti hráefni, því að til þessa dags hafa skipstjórarnir sjálfir viljað fá að ráða því, hvar þeir lönduðu hverju sinni. Og þeir með sinni kappsemi í veiðimennsku eru eðlilega að hugsa um að ná upp sem mestum afla og sigla sem skemmsta leið til lands. Ef þeim er boðið þar sama verð og þeir geta fengið kannske með sólarhrings siglingu til viðbótar, eins og fyrir Reykjanes og hér inn í Faxaflóa allt austan af Hornafjarðarmiðum, þá þarf náttúrlega engan að undra, þó að skipstjórarnir velji heldur bæði sjálfs sín vegna, skipshafnarinnar og útgerðarinnar höfnina, sem nær liggur. En þetta mál er sjálfsagt að fái frekari athugun, og ég er reiðubúinn til þess að koma henni á, þannig að málið geti fengið sem eðlilegasta afgreiðslu. Það er á sinn hátt sárgrætilegt, að hér við Faxaflóa eru verksmiðjur, sem ekkert hráefni hafa og liggja mánuðum saman aðgerðarlausar á sama tíma sem yfirfyllist á öðrum stöðum. Ég hygg, að flutningar með einhverjum hætti hljóti að verða lausnin á þessu. Við fáum ekki, a. m. k. ekki í neinu snarhasti, fiskiskipaflotann sjálfan til að afsala sér andvirði eins til tveggja fullferma, skulum við segja, fyrir það eitt að sigla fyrir Reykjanes með aflann, auk þeirrar hættu, sem það er á þessum tíma árs að leggja fullhlaðin skip svo langa leið. Og enginn okkar óskar eftir því, að það verði lögð mannslíf í hættu til lausnar þessum vanda.

Ég sem sagt met það við hv. þm. að minna á þetta hér, því að þó að þetta sé mál, sem öllum hefur verið ljóst, þá er það þessum annmörkum háð, sem ég hef hér drepið á, en hins vegar sjálfsagt að leita allra þeirra úrræða, sem kostur er, ef það er í mannlegu valdi að leysa hann.

Á 90. fundi í Nd., 6. apríl, utan dagskrár, mælti

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég heiti því að tefja ekki að ráði þennan fund, en ástæðan til þess, að ég kveð mér hljóðs utan dagskrár, er sú, að nú í síðustu viku var á ferðinni maður um Snæfellsnes til þess að afla sér upplýsinga frá skólanemendum, börnum og unglingum. Hann lagði fyrir börn þessi og unglinga hátt á þriðja hundrað spurningar, mjög nærgöngular sumar. Þessi athugun, þessi rannsókn, er skipulögð af dr. Braga Jósefssyni, en með honum starfar Bandaríkjamaður, sem heitir Thomas Dunn, og þeir hafa styrk, segja þeir, til þessarar rannsóknar frá vísindastofnun Bandaríkjanna, og mun þessi styrkur nema 5—6 millj. kr. Á það blað, sem nemendurnir skila sínum spurningum á, eru þeir látnir skrifa nöfn sín, þannig að hér er ekki um að ræða ópersónulega könnun, heldur liggur það fyrir, hver svarar á hverju blaði. Það yrði of langt að rekja hér allar þessar spurningar, en sem dæmi um það, hve nærgöngular þær eru, er t. d., að þarna er spurt: „Er fjölskylda þín áskrifandi að nokkru dagblaði og ef svo er, þá hvaða dagblaði?“ Hérna er greinilega um að ræða athugun á pólitískum skoðunum foreldranna. Margar, margar fleiri slíkar spurningar eru þarna mjög nærgöngular. Það liggur í augum uppi, að hér er um mjög grunsamlega starfsemi að ræða. Að vísu mun látið heita, að þetta sé til þess að kanna, að mér skilst, áhrif sjónvarps á afbrotahneigð unglinga. En það er greinilegt, að þarna er maðkur í mysunni. Það er allt annað, sem vakir fyrir þessum könnuðum. Eins og ég segi, það er margt, sem sætir furðu í þessari athugun, og þó sætir það kannske einna mestri furðu, að Bragi þessi Jósefsson segir, að könnun þessi fari fram með leyfi menntmrn., og þess vegna leyfi ég mér að beina þeirri fsp. til hæstv. menntmrh., hvort það sé satt, að menntmrn. hafi leyft þessa ósvinnu.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Á s. l. hausti mun dr. Bragi Jósefsson hafa snúið sér frá Bandaríkjunum til utanrrn. í sambandi við umsókn, sem hann hafði þá sent til bandarískra aðila um styrk til handa honum og öðrum bandarískum aðilum til rannsókna á áhrifum sjónvarps og annarra fjölmiðlunartækja á Íslandi á afbrot unglinga. Utanrrn. leitaði umsagnar menntmrn. um þetta bréf dr. Braga Jósefssonar, og svaraði menntmrn. utanrrn. 19. nóv. 1969 á þá leið, að það væri því mjög hlynnt, að slík rannsókn færi fram, en benti jafnframt á, að fyrir milligöngu íslenzku UNESCO-nefndarinnar hafi Þorbjörn Broddason félagsfræðinemi á árinu 1967—1968 fengið styrk til þess að rannsaka áhrif sjónvarps á skólabörn hér á landi. Í framhaldi af því skýrði menntmrn. utanrrn. frá því, að enn fremur hafði fengizt styrkur frá sömu stofnun, UNESCO, til þess að rannsaka áhrif sjónvarps á fullorðna. Væri væntanlega æskilegt, að rannsóknir dr. Braga verði, eftir því sem unnt er, samræmdar framangreindum rannsóknum eða samráð haft við stjórnendur þeirra. Síðan var utanrrn. gefið upp heimilisfang Þorbjarnar Broddasonar, sem þá var við nám í Svíþjóð. Hinn 28. nóv. skrifaði dr. Bragi Jósefsson frá Western Kentucky University í Bandaríkjunum menntmrn. svo hljóðandi bréf, með leyfi hæstv. forseta:

„Herra ráðuneytisstjóri.

Með tilvísun til meðfylgjandi afrits til utanrrn. vil ég láta í ljós þakklæti fyrir afstöðu menntmrn. til fyrirhugaðra rannsókna minna á áhrifum sjónvarps og annarra fjölmiðlunartækja á afbrot unglinga á Íslandi. Með mér við undirbúning þessara rannsókna er dr. Thomas P. Dunn, prófessor í þjóðfélagsfræði og massmedía, sem einnig starfar við þennan háskóla. Eins og tekið er fram í bréfi mínu til utanrrn., hef ég einnig haft samband við Þorbjörn Broddason, prófessor Símon Jóh. Ágústsson og rektor Háskóla Íslands, prófessor Magnús Má Lárusson. Þá hef ég haft samband við forstjóra Norræna hússins, Ivar Eskeland, sem hefur allmikla reynslu af sjónvarpsmálum í Noregi. Við undirbúning að heimildasöfnun um sögu sjónvarpsins á Íslandi vænti ég þess að mega njóta góðrar fyrirgreiðslu hjá stjórn útvarpsins, sérstaklega að því er varðar skýrslur um efni, val á efni, fjölda sjónvarpsnotenda og fjölgun, kostnað við sjónvarp og þess háttar. Einnig tel ég mikilsvert að mega vænta ábendinga og tillagna frá rn., ekki síst varðandi góða starfskrafta. Endanleg styrkumsókn okkar verður lögð fram í marz og munum við senda rn. eintak, svo fljótt sem hægt er.

Til viðbótar bréfi utanrrn. vildi ég mega fara þess á leit við menntmrn. að mega tilgreina stuðning rn. við væntanlega rannsókn, svo og aðstöðu til rannsóknarstarfa í samvinnu við skrifstofu útvarpsins og aðrar stofnanir, er hér koma til greina og heyra undir Stjórnarráð Íslands. Vegna fyrri reynslu af árekstri við orðalag vil ég fullvissa rn. um, að við munum ekki láta frá okkur opinberlega neinar staðhæfingar varðandi rn. án þess að bera það fyrst undir viðkomandi rn. Frekari upplýsingar og ábendingar frá rn. yrðu vel þegnar. Að öðru leyti munum við skýra yður nánar frá gangi þessa máls.

Ég tel hér um mjög athyglisvert verkefni að ræða, og ef úr framkvæmdum verður, ætti að vera gullið tækifæri að nýta góða starfskrafta meðal stúdenta háskólans, en rannsóknir af þessu tagi eru mannfrekar og tímafrekar. Einnig er ekki úr vegi, að nýta megi fyrirhugaðar rannsóknir í kennslu á rannsóknartækni í félagsvísindum, en slíkar rannsóknir eru nauðsynlegar til að kynna og útfæra teoríu fyrirlesarans. Að svo mæltu mun ég ekki hafa þetta lengra að sinni.

Virðingarfyllst,
Bragi Jósefsson.“

Þetta bréf er skrifað 28. nóv. 1969. Rn. svarar þessu bréfi dr. Braga 20. jan. 1970 með þessu stutta bréfi:

„Rn. hefur borizt bréf yðar dags. 28. nóv. s. l., varðandi fyrirhugaðar rannsóknir yðar á áhrifum sjónvarps og annarra fjölmiðlunartækja á afbrot

unglinga á Íslandi. Rn. er að sjálfsögðu reiðubúið að veita yður alla þá eðlilegu fyrirgreiðslu við þessar rannsóknir, sem í þess valdi stendur, en eins og þér hafið tekið fram, kemur allur fjárhagslegur stuðningur við rannsóknir yðar frá öðrum aðilum."

Þetta eru einu bréfaskiptin, sem milli menntmrn. og Braga Jósefssonar hafa farið, og eru orðin meira en ársgömul. Eftir að þetta bréf Braga var skrifað til rn. og rn. skrifaði honum aftur, hefur hann ekkert samband haft við rn. Við höfum engar upplýsingar um, hvaða styrkfjárhæð hér er um að ræða, né heldur hver veitir þennan styrk. Þær eru ekki fyrir hendi hjá rn. og sem sagt, rannsóknarmaðurinn hefur ekkert samband haft við rn. um þessar rannsóknir sínar. Við höfum frétt af þeim, heimsókn hans, eins og hv. þm. tók fram í fsp. sinni, en það er augljóst af þessum samskiptum dr. Braga Jósefssonar og menntmrn., að menntmrn. ber enga ábyrgð á athöfnum hans við þessar rannsóknir, hvað þá á rannsóknunum sjálfum, og hefur ekkert leyfi til slíkra rannsókna veitt eða til þeirra heimsókna í skóla, hvað þá á heimili, sem þarna kann að vera um að ræða. Og rn. hefur raunar aðeins haft óljósar fregnir af hálfu nokkurra skólastjóra. Þeir skólastjórar, sem hafa snúið sér til menntmrn. með fsp. um það, hvort þessi rannsóknarmaður heimsæki skólana í umboði rn., hafa að sjálfsögðu fengið þær upplýsingar, að svo sé ekki.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svör hans. Þau eru ánægjuleg, a. m. k. að því er varðar rn. hans. Hann lýsir því hér yfir, að það beri enga ábyrgð á þessari könnun, á starfsemi þeirra manna, sem nefndir hafa verið, Braga Jósefssonar og þessa Bandaríkjamanns, Thomas Dunn.

Þá er spurningin. Hver ber ábyrgðina? Eitthvert rn. hlýtur að bera ábyrgðina, virðist manni, því að það er augljóst af þeim spurningum, sem lagðar eru fyrir börnin, að hér hlýtur að vera um lögbrot að ræða. Ef þetta er ekki brot á íslenzkum lögum, þá vantar eitthvað í íslenzk lög, að því er varðar mannréttindi og friðhelgi einstaklinga. Það er sannarlega alvarlegt mál, að útlendir aðilar geti efnt til slíkrar könnunar hér og flutt til útlanda, í þessu tilfelli til Bandaríkjanna, upplýsingar um einkahagi fólks og skoðanir, svo að skiptir hundruðum og jafnvel þúsundum. Og það verður að sjálfsögðu að stöðva þessa starfsemi, alveg skilyrðislaust að stöðva hana. En þetta er ekki nóg. Það er krafa þess fólks vestur á Snæfellsnesi, sem á börn í þeim skólum, þar sem þessi könnun fór fram, — margt af þessu fólki hefur haft samband við mig, — það er krafa þess, að þessum gögnum verði skilað aftur til foreldranna og minna dugir ekki. Og mér virðist, að hér komi til kasta dómsmrn. að beita sér fyrir þessu. Ég trúi því ekki, að í þessu tilfelli þurfi að leita álits annarra en okkar sjálfra. Ég trúi því ekki, að í þessu tilfelli þurfi að spyrja þá í Washington, hvað leyfilegt sé.

Á 44. fundi í Sþ., 7. apríl, utan dagskrár, mælti

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Það er ekki venja mín að kveðja mér hljóðs utan dagskrár, en ástæðan til þess, að ég hef gert það núna, er tilefni, sem kom fram í orðsendingu, sem birtist frá hæstv. fjmrh. í dagblaðinu Tímanum í gær. Út af þeim umr., sem þar hafa farið fram á milli hæstv. fjmrh. og eins af ritstjórum blaðsins, og því, sem kom fram í þessari orðsendingu, þá leyfi ég mér að spyrjast fyrir um þessi atriði hjá hæstv. fjmrh.:

1. Var tekið tillit til þeirra kjara, er embættismenn ríkisins hafa nú um bifreiðanotkun, er kjarasamningar opinberra starfsmanna voru gerðir í desember s. l.? Hefur ráðh. hugsað sér að birta þær reglur, sem gilda nú þar um?

2. Er gert ráð fyrir því, að opinberir starfsmenn fái eftirleiðis sérstakar greiðslur fyrir einstök verk, sem þeir vinna vegna starfs síns, svo sem nefndarstörf, er unnin eru í venjulegum vinnutíma, eins og áður var, meðan laun fyrir embætti voru lægri en nú er.

3. Voru ekki laun innheimtumanna ríkissjóðs í nýgerðum kjarasamningum miðuð við það, að laun þeirra vegna innheimtu féllu niður? Hefur ráðherra gert ráðstafanir til þess, að það komist í framkvæmd, eða hvenær má gera ráð fyrir því, að svo verði gert?

4. Kemur ekki til framkvæmda við skattálagningu á þessu ári, að niður falli þau hlunnindi innheimtumanna ríkisins, að 25% innheimtulaun séu skattfrjáls.

5. Á það sér stað enn þá, að starfsmenn séu ráðnir í þjónustu ríkisins og launakjör þeirra séu ákveðin án samþykkis launamáladeildar fjmrn.?

6. Hefur tilhögun um launakjör sölustjórans í Fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli verið breytt? Mun fjmrh. beita sér fyrir því, að þeirri tilhögun verði breytt, ef það hefur ekki verið gert enn þá?

Ég hafði áður afhent hæstv. fjmrh. þessar spurningar og vonast til, að hann geti svarað þeim.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Þessar fsp. hér ber nú að með nokkuð sérstæðum hætti, sem ég er ekkert út á að setja. Ég benti á í grein, sem ég skrifaði í dagblaðið Tímann í tilefni af margítrekuðum fsp. þar og greinum, sem fram hafa komið, að það væri gengið út frá því, bæði í stjórnarskrá og þingsköpum, að það væri hægt að koma á framfæri eða fá fram upplýsingar um hvað eina, sem menn óskuðu eftir af hálfu þingsins, bæði með fsp. á Alþ. og einnig í gegnum yfirskoðunarmenn ríkisreiknings, auk þess sem starfandi væri sérstök undirnefnd í fjvn., sem ég hlutaðist til um fyrir tveimur árum að væri sett á laggirnar, með fulltrúum allra flokka, sem ætlunin væri að væri haft samráð við stöðugt, en ekki aðeins á þingtíma eins og áður hefur verið, þar sem fjvn. hefur ekki starfað áður á öðrum tíma.

Þessar fsp., sem hér eru bornar fram, eru að sjálfsögðu þess eðlis, að það er sjálfsagt að svara

þeim. En því miður er það gallinn við þær, að þær eru nokkuð viðamiklar — þó að þær líti ekki þannig út á blaðinu, — til þess, að það sé hægt að fá nokkra yfirsýn yfir það, sem hér er spurt um. En ég skal leitast við að svara þeim án þess að vera með of miklar málalengingar í því sambandi. En áður en þeim er svarað, er samt óumflýjanlegt að gera grein fyrir því með örfáum orðum, hvert er meginsjónarmiðið, sem núverandi kjarasamningar ríkisstarfsmanna, sem nýlega voru gerðir, grundvallast á.

Ég hef, frá því að ég tók við embætti fjmrh., alltaf verið þeirrar skoðunar, að það væri mjög óheppilegt, að launum ríkisstarfsmanna væri hagað með þeim hætti, að það væri byggt á alls konar fríðindum, sem oft og tíðum kæmu þá misjafnlega niður, eins og t. d. átti sér stað með bifreiðar þær, sem margir forstjórar hafa haft á undanförnum árum til afnota, þar sem ríkið hefur átt bæði bifreiðina og borgað allan tilkostnað hennar, sem er áætlað að muni vera hlunnindi, sem nemi með núgildandi verðlagi a. m. k. 150 þús. kr. á ári eða jafnvel meira, og ýmis önnur atriði hafa þar verið, svo sem embættisbústaðir o. fl., sem vegna þróunar tímanna hefur valdið því, að það hefur skapazt margs konar misrétti í þessu sambandi. Einn hefur þessi hlunnindi og annar ekki.

Þeir samningar, sem nú hafa verið gerðir, eru fyrstu kjarasamningarnir, sem gerðir hafa verið með það í huga, að þetta væri tekið og einnig höfð hliðsjón af þessum aðstæðum, en nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir, að samningarnir sjálfir eru ekki miðaðir við það, að mismunað sé eftir því, hvort um hlunnindi er að ræða, heldur að hlunnindin sjálf verði tekin til athugunar. Samningarnir sjálfir eru, eins og hv. þm. vita, miðaðir við starfsmat. Og þar er einfaldlega metið það starf, sem hver og einn ríkisstarfsmaður hefur, eftir föstum reglum, sem ég skal ekki hér út í fara, en hv. þm. er meira og minna kunnugt um. Í sambandi við það mat er ekki tekið tillit til neinna annarra hluta heldur en þess eins, hvers eðlis starfið er og hvar sé eðlilegt, að því sé skipað í hið fasta launakerfi. Þetta er í rauninni svipað og gert hefur verið við alla kjarasamninga til þessa. En í þessum kjarasamningi er þetta miklum mun fastmótaðra, og það er auðvitað eðlilegt miðað við það, að nú hafa orðið verulegar launabreytingar, að spurningar vakni þá um þessi sérstöku hlunnindi, sem verið hafa. En það er eitt ákvæði í samningunum, sem gerir ráð fyrir því, sem ekki hefur heldur áður verið í kjarasamningum, að það sé heimilt, ef menn hafi einhver sérstök fríðindi, og það á fyrst og fremst við innheimtumenn ríkissjóðs, sem eru launaðir með sérstökum innheimtuþóknunum, að hækka ekki launin eftir kjarasamningunum, nema þessar innheimtuþóknanir séu færðar niður til samræmis við, að þær verði eðlilegar miðað við þann launaflokk, sem starfið er í. Með hliðsjón af þessari forsendu fyrir samningunum má segja, að ekki sé beinlínis tekið tillit til þess, hvort embættismaður hefur haft bifreið eða hefur ekki haft bifreið, þ. e. a. s. laun mannanna, sem lenda í sama launaflokki, eru metin með hliðsjón af þeirri ábyrgð og menntun, sem störfunum fylgja, án hliðsjónar af því, hvaða hlunnindi maðurinn hefur áður haft. Og þetta skiptir máli í sambandi við bifreiðamálin. Það var hópur ríkisforstjóra og annarra embættismanna, sem hafði bifreiðar. Þessar bifreiðar hafa verið seldar og það var auðvitað ætlazt til þess af þessum mönnum, að þeir fengju það að einhverju leyti uppi borið eða jafnvel að öllu leyti í hinum nýju kjarasamningum, en það er mjög mikið álitamál og raunar mjög ósennilegt, að þeir hafi fengið það. A. m. k. er ekki tekið tillit til þess á þann veg, að sá embættismaður, sem hafði bifreið, fái hærri laun nú heldur en annar embættismaður, sem ekki hafði bifreið.

Spurt er hér að því í þessari fsp., hvort tekið sé tillit til þeirra kjara, er embættismenn ríkisins hafa nú um bifreiðanotkun. Mér er ekki alveg fullljóst, hvað við er átt með þessu. Bifreiðarnar höfðu verið teknar af embættismönnunum áður heldur en þessir kjarasamningar tóku gildi. En ég geri ráð fyrir, að við það sé þó átt, hvort tekið hafi verið tillit til þess hjá þeim embættismönnum, sem bifreiðar höfðu, þegar starf þeirra nú var metið. Ég tel, að þetta hafi ekki verið gert, þannig að embættismennirnir, sem bifreiðarnar höfðu og þessi miklu hlunnindi, það sé alveg undir hælinn lagt, hvort þeir hafa fengið þetta uppi borið eða ekki. Þeir hafa auðvitað fengið það að vissu leyti í hærri launum, en eins og ég sagði áðan fá aðrir hliðstæðir embættismenn, sem nú lenda eftir starfsmati í sama launaflokki, í rauninni hærri kjör en þeir höfðu áður miðað við þá, sem bifreiðanna nutu. Ég tel því í rauninni, að það verði að svara þessari spurningu neitandi, þannig að það sé undir hælinn lagt, hvort þessir embættismenn allir og ríkisforstjórar hafi fengið þetta bætt nema að litlu leyti. Hitt er annað mál, að það voru ýmsir, sem ekki höfðu bifreiðar, heldur bifreiðastyrki. Og í ýmsum tilfellum voru þessir styrkir hærri en sem svaraði raunverulegri akstursþörf. Það hefur verið ákveðið nú í sambandi við kjarasamningana og með hliðsjón af því ákvæði þeirra, að rétt sé að taka tillit til sérstakra hlunninda, eftir að þessir kjarasamningar hafa verið gerðir, að þessir sérstöku samningar um afnot bifreiða, sem eru umfram eðlilega akstursþörf í þágu embættisins, verði endurskoðaðir með þeim hætti, að það falli niður í áföngum, það falli niður í sömu áföngum og í sömu hlutföllum og gildisákvæði samningsins segja til um, að launin skuli hækka, þannig að þau lækka á þremur árum í það, sem talið er vera vafalaus akstursþörf í þágu starfs. Þetta hefur bíla- og vélanefndinni verið falið að meta, og það mat hefur þegar farið fram. Og fyrsta lækkunin af þessu, miðað við hækkunina, sem varð 1. júlí s. l., hefur þegar komið til framkvæmda. Það eru auðvitað engin hlunnindi, þó að manni sé svo aftur greiddur eðlilegur bifreiðastyrkur í stað þess, að hann kaupi leigubifreið til afnota, þegar það er talið óumflýjanlegt, að maðurinn hafi bifreið í

þágu síns starfs. Þarna verða menn að gera greinarmun á. Það er rétt, að til þess að einfalda þessa lausn mála, sem tvisvar sinnum áður hefur verið reynt að koma á, að losna við þessar forstjórabifreiðar, en án árangurs, þá varð að gera ýmsar ráðstafanir. Og það voru settar ákveðnar reglur um þetta mál, sem ég skal ekki rekja hér, en þar sem m. a. var gert ráð fyrir að lána þessum embættismönnum með vissulega góðum kjörum, en í eitt skipti fyrir öll, lán til þess annaðhvort að kaupa þá bifreið, sem þeir höfðu með höndum til afnota, eða nýja bifreið. Og það var ekki talið neitt álitamál, að það væri skynsamlegt til þess að komast út úr þessu vandræðakerfi. Þessar reglur voru settar í samráði við undirnefnd fjvn. Alþ., sem ég veit, að hv. fyrirspyrjandi man gerla eftir, og voru þær einróma samþykktar, að því er ég bezt veit, af þeirri hv. n. og tóku gildi miðað við 1. júlí, þegar nýju kjarasamningarnir skyldu taka gildi samkv. samkomulaginu við BSRB.

Varðandi það atriði, hvort ég hafi hugsað mér að birta þessar reglur, sem gilda nú, þá furðar mig nokkuð á þeirri fsp., vegna þess að þessar reglur hafa verið birtar fyrir löngu, og til nánari upplýsinga fyrir hv. fyrirspyrjanda vil ég geta þess, að reglur þessar um bifreiðaafnot, sem eins og ég segi voru settar af rn. í fullu samráði við og með samþykki fjvn. eða undirnefndar hennar, voru birtar annars vegar í Stjórnartíðindum, B-deild, nr. 6/1970, og einnig í Lögbirtingablaði, nr. 10/1970, og tilkynnt öllum rn. og stofnunum með sérstöku umburðarbréfi frá fjárlaga- og hagsýslustofnuninni. Og á grundvelli þessara reglna er nú þegar búið að selja allar forstjórabifreiðar og aðrar bifreiðar til einkaafnota, 94 að tölu, og allar aðrar ríkisbifreiðar, sem eru í eigu ríkisins og eru sem sérstakar vinnubifreiðar, sem auðvitað hljóta alltaf að vera til staðar, þær hafa verið merktar og bönnuð afnot þeirra utan reglulegs vinnutíma.

Það vill nú svo vel til, að hér á hinu háa Alþ. eru ríkisforstjórar, sem hafa notið þeirra hlunninda að hafa bifreið áður að fullu á kostnað ríkisins, og þeir þekkja það betur en ég, hvort það muni ekki hafa verið ærið mikil hlunnindaskerðing, sem var í því fólgin að taka af þeim þessar bifreiðar, jafnvel þó að þeir hafi fengið nokkurn bílastyrk á móti og fengið lán, sem hér um ræðir. Og ég skal ekki meta það, hvort þeir telji, að launahækkunin, sem þeir fengu nú, vegi upp á móti þessum hlunnindaskerðingum. En hvað sem því líður, þá tel ég, að hér hafi ekki verið um annað að ræða, og þetta er mál, sem hefur verið reynt að koma í framkvæmd, eins og ég segi, um áratugabil, og ég tel, að það hafi vel tekizt til um það, að þetta lánaðist með þessum hætti.

Þá er spurt, hvort gert sé ráð fyrir því, að opinberir starfsmenn fái eftirleiðis sérstaka greiðslu fyrir einstök störf, sem þeir vinna vegna starfa síns, svo sem nefndarstörf, og unnin eru í venjulegum vinnutíma, eins og áður var, meðan laun þeirra embætta voru lægri en nú er. Í kjarasamningunum, sem nú hafa verið gerðir, er gengið út frá því sem skilyrðislausu, að hver ríkisstarfsmaður skuli skila 40 stunda vinnuviku. Þetta hefur valdið því, að hjá sumum lengdist vinnuvikan, hjá öðrum styttist hún, en samtals nemur þetta fyrir ríkið mjög svipaðri tölu vinnustunda og áður, meðan vinnutíminn var frá 36 og upp í 44 stundir. Öll störf, sem unnin eru innan þessa reglulega vinnustundafjölda, sem ríkisstarfsmaðurinn á að skila, verða að sjálfsögðu ekki greidd. Þessum vinnustundum er skylt að skila. Hitt held ég að liggi nokkuð í augum uppi, enda hefur aldrei neinum dottið það í hug í sambandi við neina samninga, að það væri ekki hægt að banna ríkisstarfsmönnum að taka að sér fremur en öðrum mönnum einhver nefndarstörf eða önnur störf, ef þeir skila þessari vinnuskyldu sinni. Það er gert ráð fyrir því í samningunum, að opinberir starfsmenn almennt, ef þeir vinna umfram þessar 40 stundir, þá eigi þeir rétt á eftirvinnugreiðslu, og gildir að sjálfsögðu það sama, hvort sem þessir menn taka laun sín hjá ríkinu eða ekki. Hitt er annað mál, að samkv. lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna er það matsatriði, hvort þessi aukastörf samrýmast aðalstarfinu. Það er atriði, sem hvert rn. verður að meta fyrir sig. En sé það talið óumflýjanlegt og æskilegt, að opinberir starfsmenn séu tilnefndir í nefndir, og sums staðar er beinlínis gert ráð fyrir því, að þeir séu í vissum nefndum, þá er ekki gert ráð fyrir, að það sé afnumið. Krafan er aðeins þessi, að þeir skili refjalaust þeim 40 stundum, sem þeim er ætlað að skila. Ég skal að vísu taka það fram, að það er ekki alltaf miðað við það, að þeir vinni raunverulega þessar stundir á sínum vinnustað. Ég tek sem dæmi kennara. Margir þeirra, m. a. prófessorar og fleiri, kenna í rauninni miklu færri stundir en þetta. En það er talið að þeir skili því, sem upp á vantar, í vísindastörfum og undirbúningi til kennslu með ýmsum hætti. M. a. er gert ráð fyrir því, að innan þessa tíma falli aukagreiðslur til kennara vegna stílaleiðréttinga og annars, sem borgað hefur verið sérstaklega og var gert, meðan launin voru lægri, allt slíkt verði afnumið og falli niður.

Það hafa þegar verið gerðar ráðstafanir til þess, að aukavinnugreiðslur, sem höfðu verið viðurkenndar í ýmsum stofnunum, m. a. rannsóknastofnunum atvinnuveganna, til þess að bæta kjör vísindamanna, — það voru raunverulega kjarabætur, þótt þær væru unnar, — það verði niður fellt, og það munu verða gerðar ráðstafanir til þess, að allri aukavinnu eða yfirvinnu, þó að hún formlega megi greiðast, verði hætt, þar sem ekki er brýn nauðsyn fyrir stofnanirnar, að aukavinnan sé unnin. Til þess að samræma greiðslur fyrir nefndarstörf, þá vil ég aðeins skýra frá því í þessu sambandi, að þetta skiptir máli, að fyrir 2—3 árum varð um það samkomulag milli allra rn., að settir yrðu tveir sérstakir trúnaðarmenn á vegum fjmrn. til þess að samræma greiðslur fyrir þessi störf og sjá um, að þær væru innan hæfilegra marka.

Þá er talað í 3. fsp. um laun innheimtumanna ríkissjóðs, hvort ekki hafi verið gert ráð fyrir, að

þessi innheimtulaun féllu niður. Það var ekki beinlínis gert ráð fyrir því, að þessi innheimtulaun öll féllu niður. En það var gert ráð fyrir, að það væri heimilt að taka tillit til þessara innheimtulauna, sem hvorki var gert, þegar bæjarfógetar og innheimtumenn ríkissjóðs voru flokkaðir samkv. launalögum 1955 né samkv. kjaradómi 1963 eða kjaradómi 1967. Það er í fyrsta sinn við þennan starfsmatssamning núna, sem gert er ráð fyrir, að megi taka tillit til þessa. Það er hins vegar mikið starf að gera sér grein fyrir þessu og með hverjum hætti þetta skuli gert, vegna þess að innheimtumenn ríkissjóðs hafa margvísleg innheimtulaun. Þeir hafa innheimtulaun fyrir að innheimta skatta ríkissjóðs. Þeir hafa auðvitað samningsbundin innheimtulaun við Tryggingastofnun ríkisins, þar sem er þeirra sérstaki samningur við Tryggingastofnunina og fjmrn. hefur ekkert með að gera. Og þeir hafa lögum samkv. t. d. sérstaka prósentu, 6%, fyrir að innheimta sóknargjöld. Þetta er allt flókið mál, en það er ætlunin, að þetta verði skoðað niður í kjölinn með hliðsjón af þessari heimild kjarasamningsins eins og hann er. Hins vegar er því ekki að leyna, að héraðsdómurum finnst, að þetta hafi gengið nokkuð treglega, og nú fyrir tveimur dögum fékk ég heimsókn frá stjórn þess félags undir forustu formanns þess, sem á nú sæti hér á hinu háa Alþ., þar sem kvartað var yfir því, að rn. borgaði enn þá gömlu launin þessum innheimtumönnum, sem ég tjáði þeim, að yrði gert, þangað til komið hefði verið eðlilegum hætti á þessi innheimtulaun. En hvort þau verða felld niður eða ekki, þori ég ekki á þessu stigi að segja. Ég tel hins vegar, að þau séu í ýmsum tilfellum óhæfileg. Þau eru ákaflega mismunandi eftir embættum, þó að í sannleika sagt skeri sig þar úr vissir embættismenn, sem ég skal ekki nafngreina hér, en hv. þm. er vafalaust kunnugt um. Annar þeirra embættismanna, sem langhæst laun hefur á þessum sviðum, tekur þessar þóknanir alls ekki frá ríkissjóði, heldur eru það greiðslur fyrir uppboðsgerðir og ýmsar fógetagerðir, sem eru greiddar samkv. sérstökum töxtum, sem fjmrn. hefur sem slíkt ekkert með að gera. En ég tel það mikilvægt og sjálfsagt, að þessu ákvæði samningsins, sem sett var inn í hann eftir ósk samninganefndar ríkisins, að taka mætti tillit til þessara aukastarfa, því verði framfylgt. Þetta á einnig við um héraðslækna og héraðsdýralækna, sem hafa aukagreiðslur, sem ríkið greiðir þeim að vísu ekki, en þeir hafa aukatekjur samkv. taxta. Sömuleiðis hafa prestar aukatekjur, en það skal tekið fram, að það er ekki ætlunin að breyta þeim aukatekjum, heldur voru þeir strax í upphafi flokkaðir í launaflokk, sem að vísu þeir telja nú allt of lágan, og ég hef fengið heimsókn frá þeim. Þó að ýmsum finnist, að laun þessi séu nú há, þá vantar ekki heimsóknirnar frá ýmsum, sem telja þó sinn hlut ekki sérlega bærilegan. En þeir voru flokkaðir það lágt í launakerfinu með hliðsjón af því, að þeir hefðu þessar aukatekjur, og því ekki ætlunin að taka neitt tillit til þeirra. En það er bæði þetta og margt annað í sambandi við þessa samninga, sem eru mjög flóknir og flokkaröðunin geysilega umfangsmikil, sem hefur valdið miklum árekstrum víða, sem hefur leitt til þess, að þetta hefur ekki allt getað gerzt í einu. En þar sem, eins og ég segi, ekki er búið að taka þetta til meðferðar og fá endanlega niðurstöðu, þá verða þessir aðilar að búa við þau laun, sem þeir höfðu, áður en kjarasamningarnir gengu í gildi.

Þá komum við að hlunnindunum, sem voru undanþegin skattaálagningu, og lýst var furðu yfir því hér í gærkvöld, án þess að ég ætli nú að fara að efna til umr. hér, að það hefði ekki verið kunnugt fjmrn., að ríkisskattanefnd hefði heimilað þessum innheimtumönnum ríkissjóðs til að mæta afföllum að draga 25% frá innheimtulaunum sínum, sem ekki kæmu til skatts. Ég legg á það ríka áherzlu, sem ég hygg þó, að allir hv. þm. viti mætavel, að ríkisskattanefnd ber ekki sína úrskurði undir fjmrh. og er ekkert honum háð. Þó að skattalögin sem slík heyri undir hann, þá er þetta sjálfstæður dómstóll, sem á að úrskurða um það, hvað sé skattskylt og ekki skattskylt, en ekki fjmrn. Það getur vel verið, að það sýni lítinn áhuga frá minni hendi eða rn. að hafa ekki vitað um þetta fyrr en á s. l. ári, að ríkisskattanefnd hafði heimilað þetta. En það vill bara svo til, að ríkisskattanefnd sendir ekki rn. sína úrskurði, og sannast sagna hafði mér ekki hugkvæmzt, að þessi frádráttur væri leyfður. En þá þegar er rn. vissi um þetta, var ríkisskattanefnd skrifað, ekki til að fyrirskipa henni að breyta þessu, vegna þess að til þess höfum við ekkert vald, heldur til að láta í ljós þá skoðun, að þessu ætti að breyta. Og ríkisskattstjóri hefur tjáð mér, að þetta mál verði tekið nú til meðferðar aftur, ekki sízt með hliðsjón af hinum nýju kjarasamningum, og þess sé að vænta, að úrskurður um það efni verði kveðinn upp af ríkisskattanefnd nú innan skamms. En eins og ég segi, ég get ekki svarað því, hvernig sá úrskurður verður, og hef ekkert vald til að breyta honum, ef ríkisskattanefnd að einhverju leyti lætur þessi hlunnindi standa. En mín persónulega skoðun er sú, að þessi hlunnindi eigi að falla niður.

Þá er spurt um það í fimmta lagi, hvort starfsmenn séu ráðnir í þjónustu ríkisins enn þá og launakjör þeirra ákveðin án samþykkis launamáladeildar fjmrn. Síðan launamáladeildin var sett á laggirnar, sem ekki er langt síðan, og þar áður hafði enginn sérstakur aðili fylgzt með launagreiðslum ríkisins, sem auðvitað var hin brýnasta nauðsyn miðað við það, hversu geysilegar fjárhæðir er þar um að ræða, þá hefur verið reynt að koma kerfisbundnu skipulagi á allar launagreiðslur, þær fari sem flestar fram í gegnum embætti ríkisféhirðis, og fylgzt sé sem nákvæmast með því, að greitt sé eftir þeim töxtum, sem gilda. Launadeildin hefur síðan reynt að hafa afskipti af ákvörðun launakjara hjá öllum starfsmönnum ríkisins, er laun sín fá samkv. aðalskrá deildarinnar. Þar eru hins vegar ýmsir, sem taka laun og eru á lausavinnutöxtum hjá stofnunum, eins og hv. fyrirspyrjandi veit manna bezt um, en það hefur verið reynt að koma í

veg fyrir það svo sem kostur hefur verið. Og það er mjög vaxandi, að laun séu greidd fremur frá ríkisféhirði heldur en úr sjóði stofnananna, og að því er stefnt að afnema það með öllu. Umfram þetta er það svo hlutverk deildarinnar að fylgjast með framkvæmd kjarasamninganna, þeirra sem ríkið ræður starfsfólk eftir. Það á ekki að gerast nú, að starfsmenn séu ráðnir í störf, sem falla undir lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, á öðrum kjörum en þeim, sem launadeild samþykkir. Og launadeild er ekki kunnugt um, að neinar slíkar ráðningar eigi sér stað eins og nú standa sakir. Hitt er rétt, að ef sérstakar fjárveitingar eru til ákveðinna verkefna og það eru ráðnir menn, lausráðnir, samkv. töxtum eftir atvikum þá hverju sinni, til þess að vinna slík verk, þá hefur fjmrn. ekki ákveðið slík laun, þegar um slík tímabundin verkefni er að ræða, heldur það einstaka rn., sem hefur fengið fjárveitinguna til verkefnisins. Það er á þess valdi að gera það.

Varðandi síðustu spurninguna er því til að svara, að það hafa orðið nokkrir árekstrar milli fjmrn. og utanrrn. um samning, sem gerður var við fríhafnarstjórann á Keflavíkurflugvelli um sérstaka brúttóþóknun af sölu fríhafnarinnar. Ríkisendurskoðunin komst að raun um þetta og vakti athygli rn. á þessu og 10. júní í fyrra var utanrrn. ritað um það og bent á, að þessar greiðslur væru inntar af hendi án allrar heimildar og án samráðs við fjmrn. og það teldi mjög óheppilegt og skapa hættulegt fordæmi, að slíkar greiðslur ættu sér stað, þar sem þær ættu sér ekki fordæmi annars staðar. Var þess vegna óskað eftir því, að þessum samningi yrði sagt upp, a. m. k. þannig, að eðlilegar launagreiðslur gætu átt sér stað frá því að nýju kjarasamningarnir tækju gildi 1. júlí. Ríkisendurskoðandi ítrekaði svo þetta bréf til fríhafnarstjórans, sem svaraði því til, að aths. ríkisendurskoðunar væri marklaus, þar sem hann tæki fyrirmæli sín frá utanrrh. Ég hef hins vegar rætt þetta mál einnig persónulega við utanrrh. og hann hefur tjáð mér, að hann muni taka málið til sérstakrar meðferðar, og vænti ég, að það leysist á þann jákvæða hátt, að þessar þóknanir falli niður frá þeim tíma, sem fríhafnarstjórinn tekur að taka laun samkv. hinum nýju kjarasamningum a. m. k.

Þessi orð mín hafa kannske orðið nokkru lengri en ég hefði viljað. En ég tel þetta þó nauðsynlegt, til þess að menn fái svipmynd af þessu. Af því að þetta er nokkuð sitt úr hverri áttinni, fyrirspurnirnar, þá vona ég, að hv. fyrirspyrjandi sé ásáttur með þau svör eins og þau hafa verið gefin, og þar sem hér er ekki tími til frekari umr. um það, þá mun ég ekki orðlengja frekar um það, en mun að sjálfsögðu vera reiðubúinn, eins og ég sagði í umræddri grg. minni, að gefa honum og öðrum þeim, sem til þess hafa verið settir að fylgjast með fjárreiðum ríkisins, allar þær upplýsingar, sem óskað er eftir.

VI. Starfshættir Alþingis.

Á 6. fundi í Sþ., 28. okt., utan dagskrár, mælti

forseti (BF): Áður en gengið er til dagskrár vill forseti geta þess, að samkomulag hefur orðið um það milli þingforseta að hafa reglulega fundi í sameinuðu Alþingi framvegis á þriðjudögum, og hefst sú tilhögun í næstu viku. Er þetta gert til þess, að sameinað Alþingi hafi rýmri fundartíma til umráða en verið hefur, þar eð þingflokksfundir á miðvikudögum valda því, að fundartími er naumur þá daga. Þessi breyting á fundartíma Sþ. hefur það í för með sér, að nú þurfa hv. alþm. að skila fsp. til skrifstofunnar í síðasta lagi á laugardögum í stað mánudaga áður. Forseti vonar fyrir sitt leyti, að þessi breytta tilhögun geti orðið til þess að greiða fyrir afgreiðslu mála í Sþ., enda þótt hann geri sér ljóst, að lenging fundartíma er ekki einhlít í því efni. Þar þarf einnig til að koma meiri hófsemi í ræðutíma hv. alþm. og að þeir taki tillit til málefna hver annars, þannig að unnt sé að koma að sem flestum málum á dagskrá hvers fundar til umr. og afgreiðslu. Forseti vill, að því er varðar fsp., beina þeim tilmælum til hv. alþm. og hæstv. ráðh., að þeir séu minnugir þeirra fyrirmæla 31. gr. þingskapa, að fsp. skuli vera skýrar, um afmörkuð atriði og mál, og við það miðaðar, að hægt sé að svara þeim í stuttu máli. Sjái hæstv. ráðh. sér ekki fært að svara fsp. í stuttu máli, vill forseti beina þeim tilmælum til þeirra, að þeir leggi fram skriflegar skýrslur, svo sem ráð er fyrir gert í því frv. til breyttra þingskapa, sem þrívegis hefur legið fyrir hv. Alþ. og verður nú lagt fram í fjórða sinn. Nokkur fordæmi eru fyrir þessari tilhögun, og telur forseti, að á þennan hátt komi svör hæstv. ráðh. hv. alþingismönnum að meira gagni heldur en með upplestri langra skýrslna í takmörkuðum fyrirspurnatíma sameinaðs Alþingis.

Forseti vonar, að þessi tilmæli hljóti góðar undirtektir þingheims, en fari það hins vegar svo, gegn von forseta, að reynslan sýni, að allur eða mestallur fundartími Sþ. fari eftir sem áður í umr. um fsp., mun forseti taka það til athugunar að ætla fsp. svo sem eins og klukkustund af fundartíma hvers reglulegs fundar, eins og gert er í neðri málstofu brezka þingsins, sem þó kemst yfir að afgreiða 30—40 fsp. á þeim tíma.

Á 45. fundi í Ed., 4. febr., utan dagskrár, mælti

Einar Ágústsson: Herra forseti. Mig langar til þess í upphafi þessa fundar að fá að segja örfá orð um vinnutilhögun hér á hv. Alþ. í vetur. Við höfum líka til þess góðan tíma. Allir fundir, sem hér hafa verið haldnir í þessari hv. d. síðan framhaldsþingið hófst, hafa ekki staðið nema í nokkrar mínútur og það er ekkert útlit fyrir það, að í dag verði heldur lengri fundur. Það er því aðgerðarleysið, sem setur

svipmót sitt á störf okkar hér í hv. Ed. nú um þessar mundir.

Verkefni þd. virðast mér ákvarðast af þrennu: Í fyrsta lagi dugnaði og áhuga einstakra þm. við að flytja þingmál. Þm. þessarar hv. d. hafa það sem af er þessu þingi flutt 25 frv. Sum þeirra eru veigamikil, þannig að afgreiðsla þeirra ætti að geta haldið okkur að vinnu þó nokkuð lengi, ef við sinntum því. Þau eru fallin til þess að veita okkur viðfangsefni, mörg þeirra. Í öðru lagi finnst mér vinnan ákvarðast af því, hvað hæstv. ríkisstj. og ráðh. leggja mikið af málum fyrir þd. Í því efni hefur verið geysilegt ósamræmi milli þd. á þessu þingi og líklega meira en oftast nær áður. Hæstv. ríkisstj. hefur lagt fyrir Alþ. á þessum vetri nokkur, allmörg viðamikil mál. Ég get nefnt lagabálka um menntamál, sem að ýmsu leyti fela í sér byltingu í þeim málum á mörgum sviðum, vegamál, verðstöðvunarmál, það er mál, sem vekur athygli a. m. k., hversu veigamikið sem það kann að verða, þegar til kastanna kemur, og virkjanamál, svo að ég nefni eitthvað. Ég geri ekki tæmandi upptalningu á þessu, en ég segi það, að ekkert af þessum stórmálum hæstv. ríkisstj. hefur verið lagt fram í Ed., ef undan er skilið frv. um Landsvirkjun, sem verður að flokkast undir stórmál, þar sem verulegar fjárhæðir er þar um að tefla. Mér finnst, að hér séu ekki notaðir kostir deildaskiptingarinnar.

Það er mikið talað um að gera Alþ. að einni málstofu, og kannske verður það gert, ég veit það ekki. En alla vega er ekki búið að því, og meðan deildaskiptingin er fyrir hendi eru það sjálfsögð vinnubrögð að mínum dómi að notfæra sér kosti hennar. En kostir deildaskiptingar eru augljóslega aðallega tveir. Það er í fyrsta lagi það, að mál fá vandaðri athugun, og oft hefur það nú komið að góðu haldi, held ég, að til var önnur deild, þegar búið var að afgreiða mál í annarri d., og svo þá hitt að jafna vinnuna, að mál geta fengið þinglega athugun í n. víðar en á einum stað. Þessa kosti finnst mér, að hæstv. ráðh. beri að nota. Ráðh. hafa málfrelsi og tillögurétt í báðum þd. jafnt, þótt þeir greiði ekki atkv. nema í annarri. Og það er ekki nein algild regla, á ekki að vera það a. m. k., að ráðh. kynni þau mál, sem undir þá heyra, einungis í þeirri d., þar sem þeir hafa atkvæðisrétt. Ég vil þess vegna skora á hæstv. ráðh. að jafna þessari vinnu milli deildanna.

Í þriðja lagi ákvarðast svo vinnan í þd. af vinnutilhöguninni í n. og í þd. að öðru leyti. Það hefur áhrif á verkefnin og afköstin. Og mig langar til þess í örstuttu máli að athuga það, hvernig þessi 25 frv., sem flutt hafa verið í Ed. á þessu þingi, eru á vegi stödd. Það þarf ekki að taka langan tíma, herra forseti, því að málin eru ekki ýkja mörg. En af þessum 25 málum hefur eitt hlotið fullnaðarafgreiðslu í hv. Ed. Það er frv. um aðstoð Íslands við vanþróuðu þjóðirnar eða þróunarlöndin, eins og mig minnir, að það sé orðað, flutt af þm. úr öllum flokkum, hálfgildings stjórnarfrv. og hefur þá fengið forgang með hliðsjón af því væntanlega. Svo hefur einu nál. verið útbýtt í dag. Það er um frv. um eftirlaun aldraðra í stéttarfélögum. En 23 af þessum frv. eru enn þá til athugunar í nefndum. Í október fóru til n. þrjú mál: meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, ráðgjafar- og rannsóknarstofnun skólamála og orkulög. Í nóvember fóru til n. 13 mál. Ég ætla ekki að telja þau upp, ég veit, að þm. kannast við þessi mál, og í desember fóru til n. 5 mál. Sum af þessum málum eru mikilsverð, a. m. k. að dómi þeirra, sem flytja þau, og ýmissa fleiri raunar. Svo er skylt að geta þess, að af þessum 25 málum eru tvö mál svo nýlega komin til nefnda, að ekki er með neinni sanngirni hægt að gera kröfur til þess, að nál. eða athugun þeirra liggi fyrir. Það er annars vegar frv. um breytingu á lausaskuldum bænda, sem sent var til n. í fyrradag, og svo er að lokum rétt að geta þeirrar skemmtilegu og lofsverðu undantekningar, sem fólgin er í því, að frv. um sölu eyðijarðarinnar Holts í Dyrhólahreppi, sem fór til n. 27. janúar, er komið þaðan. Það kann að helgast af því, að hv. landbn. sé orðin svo vön að fást við málið, að það taki hana ekki ýkjalangan tíma að gera sér grein fyrir því.

Ég vil þess vegna leyfa mér, herra forseti, að beina þeim tilmælum til hæstv. forseta og formanna í viðkomandi nefndum, — ég er ekkert að gera þar upp á milli nefnda, mér sýnist þær flestar eiga nokkur mál óafgreidd, misjafnlega mörg að vísu, — að tíminn verði nú notaður betur en gert hefur verið og skriður settur á það að afgreiða þessi mál. Í þremur af þessum málum er ég 1. flm. Ég mætti kannske leyfa mér að geta sérstaklega um þau.

Ef hv. þingdeildarmeirihluta sýnist, að það sé óþarfi að tryggja gæzluvistarsjóði raunhæfar tekjur, þannig að hann geti mætt viðfangsefnum sínum án tillits til verðbólgu og annarra búsifja, þá eiga hv. þdm. að segja það og fella það frv., sem ég hef lagt fram um hið gagnstæða. Ef hv. meiri hluta þd., — og fer ég þar ekkert eftir flokkum, það þarf ekki að vera endilega, — sýnist það óþarfi að setja upp ráðgjafar- og rannsóknarstofnun í skólum til þess m. a. að taka upp meiri sálfræðiþjónustu og rannsaka og endurskoða námsefnið, þá leyfi ég mér að fara fram á það vinsamlega við ykkur, að þið segið það, teljið það óþarfa. Ef þið hv. meirihlutaþingmenn teljið, að það sé langbezt að hafa leiklistarskólafyrirkomulagið eins og það nú er, þannig að nánast engri kennslu sé haldið uppi, þá bið ég ykkur allra vinsamlegast að segja það, fella það frv., sem hér er flutt, til þess að það fáist þá niðurstaða um þetta mál.

Nú hefur hæstv. forsrh. tilkynnt okkur og þjóðinni, að stefnt sé að því að ljúka þinghaldi fyrir páska. Það telst mér til að þýði, að nákvæmlega 2 mánuðir af starfstíma Alþingis séu óliðnir að þessu sinni. Það er búið að boða okkur hlé á þingstörfum vegna funda Norðurlandaráðs, stutt að vísu, en lítið verður þó engu að síður gert á meðan það stendur yfir. Þess vegna sýnist mér, að það sé ekki ráð nema í tíma sé tekið að afgreiða þau mál, sem fyrir d.

liggja, og ég leyfi mér að síðustu að beina þeirri áskorun til viðkomandi aðila, að það verði gert.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa hér langt mál í framhaldi af því, sem hv. 11. þm. Reykv. ræddi hér um, en ég vil aðeins lýsa því yfir, að ég álít, að það, sem hann sagði um afgreiðslu mála hér í hv. þd., og einnig a. m. k. að verulegu leyti það, sem hann sagði um skiptingu verkefna milli deilda, sé þess eðlis, að ég sé ástæðu til þess að undirstrika það alveg sérstaklega. Mér sýnist sú skýrsla, sem hann gaf hér um meðferð þmfrv., að aðeins eitt frv. af 25 hefur hlotið fullnaðarafgreiðslu á þingtímanum, gefi ekki góða mynd af vinnubrögðum nefnda hv. d. og sé full ástæða til fyrir hæstv. forseta d. að skerast í þann leik og hvetja nefndarformenn til þess að gegna skyldu sinni og afgreiða mál. Við stjórnarandstæðingar erum að sjálfsögðu ekki að fara fram á það, að okkar frv. verði samþ., það væri sjálfsagt til of mikils mælzt, og sjálfsagt er þess ekki að vænta, að mörg okkar mál nái fram að ganga, en hinu eigum við þó skýlausan rétt á, eins og hv. þm. sagði, að mál okkar fái þinglega meðferð og hv. stjórnarþm. þori þá að láta þá afstöðu sína til þeirra mála koma fram í atkvgr. Ég verð að segja það, að þegar maður lítur til þess annars vegar, að 4% af þmfrv. hafa hlotið afgreiðslu, og hins vegar til afgreiðslu hv. d. á stjfrv., þá er ólíku saman að jafna. Að vísu get ég talið það eðlilegt, að undir vissum kringumstæðum, þegar miklar annir kalla að og stórmál eru á ferðinni, sem ríkisstj. flytur, að þau sæti forgangi um, að starfskraftar þingsins og nefnda beinist að því að afgreiða þau. En því hefur ekki verið til að dreifa, eins og hér var skilmerkilega skýrt. Það hefur verið nægur tími til þess að afgreiða meginhlutann af þessum málum, sem hér er um að ræða, og til þess að athuga þau hefur gefizt margfalt tóm við það, sem hv. þdm. gefst venjulega til athugunar á stórum málum, sem hæstv. ríkisstj. flytur og oft er ætlazt til að hér séu afgreidd á 1—2 dögum. Hér er ekki hægt að bera því við, að svo miklar annir hafi verið í hv. þd., að athugun mála hafi ekki getað farið fram með eðlilegum hætti, heldur er hér um, ég vil segja: óviðurkvæmilega aðferð að ræða til þess að svæfa mál og hlíðra sér hjá því að taka afstöðu til mála. Ég veit, að hér eiga hv. stjórnarþm. og nefndaformenn engan veginn allir jafnan hlut að. Sumir hafa fullkominn kjark til þess að leggja það til, að mál séu felld, sem öðrum finnst aftur, að bezt séu komin í skúffunni, þannig að menn þurfi ekki opinberlega að taka afstöðu til þeirra.

Um einstakar n. ætla ég ekki að fara sérstökum orðum eða gera upp á milli þeirra. Þó þykir mér sýnilegt, að t. d. hv. landbn. afgreiðir ákaflega fljótt og vel frv. um sölu eyðijarða, en þegar því sleppir, held ég, að það sé mikil tregða á, að mál séu þar afgreidd. Ég á t. d. hjá hv. landbn. frv., sem ég lagði fram, ef ég man rétt, í októbermánuði. Það var mjög einfalt í sniðum og auðveldur leikur að fá allar upplýsingar, sem málið varða, og það er engin afsökun fyrir því, að hv. n. hafi ekki skilað áliti um það frv. Um hv. sjútvn. er það að segja, að við erum orðnir vanir því í hv. þd., að störfum þar er yfirleitt ekki sinnt fyrr en fjárlög hafa verið afgreidd, og sjálfsagt verður að vinna að því eins og verið hefur undanfarin ár, en sú n. er undir forustu form. fjvn., sem þá gefur sér ekki tíma til að sinna formannsstörfum í sjútvn. En nú er nokkuð síðan fjárlög voru afgreidd, þannig að sú afsökun er ekki lengur fyrir hendi, og vildi ég þess vegna fara t. d. að vænta þess, að frv. mitt um aukna vöruvöndun útflutningsafurða fengi eðlilega afgreiðslu hjá n. Og þannig mætti sjálfsagt lengi telja. En sem sagt, ég vil taka undir flest eða allt, sem hv. 11. þm. Reykv. sagði hér um þetta mál, og vænti þess, að hæstv. deildarforseti beiti áhrifum sínum til þess, að mál þm. nái hér fram að ganga á eðlilegan hátt.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég stend nú eiginlega ekki upp til þess að mótmæla aths. hv. 11. þm. Reykv., en ég er nú formaður einnar n., heilbr.- og félmn., sem hefur fengið allmörg mál til meðferðar. Þrjú þmfrv. þar eru óafgreidd. En þó vil ég segja, að eitt þeirra hefur þó haft þau áhrif, að tillit til þess var tekið við afgreiðslu fjárlaga. Hins vegar höfum við ekki formlega skilað frá okkur nál. varðandi prósentu í því frv., en 1. flm. þess frv. er einmitt hv. 11. þm. Reykv. En hitt vildi ég undirstrika og vekja athygli hv. þings á því, að við erum beðnir um eða það er venja, að við sendum umsagnir, og það er athyglisvert, hversu margar opinberar stofnanir á vegum ríkisins virða okkar beiðni um umsagnir á frv. ekki meira en það, að þær svara ekki, og væri vel til athugunar að hætta að eyða tíma í það að skrifa bréf og senda frv. opinberum stofnunum til umsagnar og bíða og reka á eftir umsögnum æ ofan í æ og tefja þar með afgreiðslu mála á hv. Alþ. Þetta er einu sinni staðreynd, sem ég hef orðið átakanlega var við núna undanfarið. Og þetta er alvarlegt mál. Það er jafnvel verst að bíða eftir umsögnum frá opinberum aðilum. Það væri athugandi fyrir hæstv. ríkisstj. að beina þeim tilmælum til ríkisstofnana, að þær svöruðu nefndarformönnum, þegar umsagnar er leitað um ákveðin frv., því að ella sýnist það ekki hafa neinn tilgang. (**BJ:** Það er engin afsökun.) Það er ekki afsökun kannske út af fyrir sig, en við bíðum og rekum eftir umsögnum og þess vegna er það ákveðinn þáttur í drætti mála. Það getur vel verið, að við eigum alls ekki að bíða neitt, eftir að við gefum þeim ákveðið tímamark. En sú venja hefur þó skapazt, og það er þá til athugunar að afnema hana. En þessi dráttur á svörum við beiðni okkar formanna í nefndum á sinn þátt í því, að afgreiðsla mála gengur tregar.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki blanda mér neitt í þær umr., sem hér hafa farið fram varðandi afgreiðslu mála. Ég get almennt efnislega undir það tekið, að það ber að sjálfsögðu að stefna að því í deildum þingsins og

raunar sameinuðu þingi einnig að afgreiða sem allra flest af þeim málum, sem fram eru lögð, hvort sem það er neikvæð eða jákvæð afgreiðsla, það er annað mál, sem ég skal ekki út í fara. En ástæðan til að ég stend hér upp er fyrst og fremst sú, að það var vikið að því, að það væri nauðsynlegt, að ríkisstj. sæi til þess að skipta eðlilega verkefnum milli deilda, og því var haldið fram af hv. 11. þm. Reykv., að þetta hefði mjög verið vanrækt á þessu þingi. Ég vil leyfa mér að draga mjög í efa, að þetta sé rétt. Ég hef ekki að vísu nema mjög fljótlega litið yfir þau stjórnarfrv., sem flutt hafa verið, en gerði það svona rétt undir ræðu hans í bunka þeirra, sem lá fyrir framan mig, sem er orðinn æði þykkur, þegar allt kemur til alls. Það er satt, að það hefur ekki vantað mál hér á Alþ., en það hefur verið reynt að skipta málum á milli deilda einmitt með það sjónarmið í huga, sem hann lýsti og er alveg hárrétt, að það eigi að reyna að hagnýta sem bezt starfskrafta deildanna. Það er að vísu svo með sum mál, og ég á þar t. d. við þau mál, sem nú hafa verið flutt nýlega varðandi menntamálin, að það þykir mjög æskilegt, að þau séu samhliða til meðferðar í sömu d. í senn, og það er ástæðan til að þau eru flutt öll í Nd. Að vísu hefði eins mátt flytja þau í Ed., ég er ekki að segja það, ef þau eru flutt öll í sömu d. Ég hef flutt flest þau mál, sem hafa verið á mínum vegum, hér í Ed., og ég held, að þegar þetta er skoðað niður í kjölinn, sé ekki hægt að segja, að það sé mjög mikið ósamræmi á milli starfsemi deildanna að þessu leyti, enda eru það ekki stjfrv. sem slík, sem hafa valdið mismunandi starfsemi d. Þeir eru kannske mælskari líka í Nd., ég skal ekki segja um það, það kann að vera. Þeir eru líka fleiri og fleiri ræður fluttar þar og kann af þeim sökum að vera, að fundir séu þar lengri. En varðandi stjfrv. þá vil ég í fyrsta lagi taka undir það, að ég er hv. þm. sammála, að það á að skipta þeim á milli deilda, en í öðru lagi benda á, að ég held, að það sé ekki alveg rétt mat hjá honum, að það hafi verið vanrækt sérstaklega á þessu þingi að fylgja þeirri reglu.

Varðandi svo það atriði, sem hv. 5. landsk. þm. vék hér að, að það ylli miklum seinagangi í starfi n., að ýmsar stofnanir og þá fyrst og fremst opinberar stofnanir svöruðu seint erindum, sem til þeirra væru send til umsagnar, þá vil ég segja það sem mína skoðun, að ég er í mjög miklum vafa um, að það eigi að fylgja þeirri reglu almennt að senda mál til umsagnar alls konar aðila eins og gert er. Ég álít fyrir mitt leyti, — ég tek það fram, að það er aðeins mín persónulega skoðun, en ég hef lengi haft hana, — að það eigi að gera miklu meira að því að kalla á fulltrúa frá stofnunum eða embættismenn til viðræðna við þn., vegna þess að það kemur í rauninni miklu meira út úr slíkum viðtölum heldur en því að vera að fá bréflega einhverjar umsagnir, sem oft og tíðum upplýsa ekki þau atriði, sem einstakir nm. jafnvel óska eftir að fá upplýsingar um. Held ég að það mundi flýta mjög starfsemi nefnda í deildum, væri þessi háttur upp tekinn. Ég er hér ekki að gefa neina forskrift um það, hvernig n. eigi að starfa, þær ráða því sjálfar, en ég aðeins segi þetta í tilefni af þessum orðum hv. þm.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég skal ekki bæta miklu við það, sem hér hefur verið sagt um þessi mál, en get þó tekið undir það, sem fram hefur komið hjá hv. 11. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Norðurl. e. En það var viðvíkjandi þessu atriði, sem minnzt var á, að umsagnir bærust nokkuð seint frá opinberum aðilum, sem ég vildi aðeins segja nokkur orð.

Ég held nú, að í fyrsta lagi sé nokkur munur á því, hver frv. eru send til umsagnar. Ég held, að það sé, án þess að ég hafi nú tölur við höndina eða hafi rannsakað það sérstaklega, heldur fátítt, að stjórnarfrv. séu send til umsagnar. Þó er það í einstaka tilfellum. En langoftast hygg ég, að stjfrv. séu afgreidd án þess að vera send nokkrum opinberum aðilum til umsagnar. Það er að sjálfsögðu á valdi n., en oft óska hæstv. ráðh. eftir því, að sínum málum sé sérstaklega hraðað, og stundum gefst þar af leiðandi ekki mikið tóm til þess að senda slík mál til umsagnar. En í öðru lagi er auðvitað sú afsökun oftar fyrir hendi, að þar hafa þeir opinberu aðilar, sem helzt mundi vera til að dreifa, fjallað um málið. Það eru því þmfrv., sem einkum eru send til umsagnar, og þá kem ég að merg málsins. Hinar opinberu stofnanir, sem fá þessi frv. til umsagnar, virðast af einhverjum ástæðum og ekki reyndar mjög óskiljanlegum, ef maður athugar það, hafa komizt á þá skoðun, að það lægi ekki neitt sérstaklega á að láta í té umsögn um þau mál. Þær opinberu stofnanir hafa sjálfsagt haft í huga þá venju, sem hér hefur gilt ár eftir ár, að frv. þm. hafa verið söltuð og ekki afgreidd. Og þetta er auðvitað farið að verka þannig hjá opinberum stofnunum, að þær virða slík tilmæli ekki mjög mikils, líta helzt á þetta sem einhvern hégóma. Ég held þess vegna, að það þurfi að skoða þetta mál enn dýpra, ef á að ráða bót á þessu og taka upp breytta starfshætti að ýmsu leyti.

Ég hef oft talað áður um þá furðulegu starfshætti, sem hér hafa tíðkazt, að stjfrv. hefur verið stórkostlega misjafnlega skipt á milli deilda. Ég vil alls ekki segja, að það sé verra nú en áður, og það má vel vera, að það sé rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði, að það væri ekki svo mikill munur á þessu nú að tölunni til, en ég vil bara benda á það, að talan segir ákaflega lítið í þessu sambandi. Það er nokkur munur á þeim stjfrv., sem á að afgreiða hér í dag, þremur stjfrv., sem er þó dálítið að tölunni til, en eru náttúrlega allt smámál þannig skoðað, og á stórum lagabálkum eins og t. d. menntamálafrv., sem nú hafa verið lögð fyrir Nd. Ég held, að það þurfi að verða breyting á í þessu efni. Það situr allt of fast í ráðh. af einhverjum ástæðum, að þeir eigi að leggja fram sín mál í þeirri d., sem þeir eiga sæti. Eins og margoft hefur verið bent á, er þetta auðvitað alger misskilningur. Og auðvitað þarf að vera einhver yfirstjórn í þessu èfni, sem hefur tök á því að skipta málum nokkuð jafnt á milli deilda. Það virðist ekki takast fullkomlega hjá hæstv. ráðh. og

ríkisstj. og er það kannske afsakanlegt, að þeir hafa ekki þetta mjög í huga.

Þá kem ég að því, sem ég held, að sé eiginlega alveg óhjákvæmilegt að taka til nánari athugunar en hingað til hefur verið gert, og það er starfssvið forseta þingsins. Ég held, að forsetar þingsins, sem eiga að stjórna hér störfum og eiga að vera starfsnefnd fyrir þingið, þurfi að láta þessi mál miklu meira til sín taka en mér virðist þeir hafa gert til þessa. Og það er alveg spurning um það, hvort þeir ættu ekki að geta sagt til um það, hvernig stjfrv. væri skipt á milli deilda, þannig að það væru eðlileg hlutföll í því, úr því að verið er að halda í deildaskiptingu. Það má vel vera, að það sé nokkuð til í þeirri röksemd, sem hæstv. fjmrh. benti á, að það þætti eðlilegt, að þegar lögð væru fram frv. til heyrandi sömu stjórnsýslugrein, eins og þessi menntamálafrv. nú eru, þá fengju þau samtímis athugun í sömu d. Þó verð ég að segja það, að ég efast mjög um, að þessi rök eigi að öllu leyti rétt á sér. Ég gæti freistazt til að halda, að þegar ein n. fær 3 eða 4 jafnviðamikil frv. eins og þar er um að ræða, þá gæti það stundum í reyndinni farið svo, að hún athugaði fyrsta frv. hvað ítarlegast, en léti svo e. t. v. hin sitja meira á hakanum. Ég efast um, að það yrðu nokkuð óskynsamlegri vinnubrögð, að slíkum frv., þó að stundum geti þau verið skyld, væri í frumathugun skipt á milli deilda og á milli nefnda.

Ég vil svo að lokum benda á það, sem ég hef oft bent á áður og ég tel eina af meinsemdunum, sem hér eru ríkjandi í starfsháttum Alþ., en hún er sú, að stjórn þingsins er mjög misskipt. Með stjórn þingsins fer að öllu leyti, bæði að því er varðar forsetastjórn í deildum, formennsku og jafnvel ritarastörf í n., stjórnarmeirihluti eingöngu. En ýmsir mundu telja, að það væri ekki óeðlilegt, að eitthvert hlutfallssjónarmið kæmi þar til álita. Og í þeim þingum, þar sem ég þekki til bezt, eru það alveg viðtekin vinnubrögð, að stjórnarandstæðingar eigi aðild að forsetastjórn þingsins, eigi þar t. d. varaforseta og þessu sé skipt þannig á milli. Og auðvitað er engin ástæða til þess, að það sé alveg sjálfgefið, að formenn í öllum n. þingsins séu úr hópi stjórnarflokksmanna. Þar með er þeim gefin aðstaða til þess að ráða afgreiðslu mála. Ætli það gæti ekki orðið einhver annar svipur á störfum þingsins, ef stjórnarandstæðingar fengju að einhverju leyti aðild þarna að? Það gæti þá a. m. k. hugsanlega komið til greina einhver samanburður á milli nefnda. En aðalatriðið er það, að þessir starfshættir, að naumur stjórnarflokkameirihluti einoki stjórnaraðstöðu í þinginu, eru orðnir algerlega úreltir og frá þeim starfsháttum á auðvitað að hverfa sem allra fyrst.

Forseti (JR): Það mun nú vera stefnt að því að ljúka störfum Alþ. fyrir páska, og ég vil því mælast til þess við hv. formenn þn., að þeir hraði störfum í n. eftir því, sem frekast er hægt.

Í tilefni af orðum hv. 11. þm. Reykv. um frestun á fundum, meðan á fundum Norðurlandaráðs stæði, þá get ég upplýst, að um þetta atriði hefur enn ekki verið tekin ákvörðun, þannig að svo kann að fara, að við munum reyna að halda hér áfram fundum, jafnvel þó að nokkrir þm. þurfi að hverfa til Kaupmannahafnar í nokkra daga.

VII. Úrsögn úr þingflokki.

Á 6. fundi í Sþ., 28. okt., utan dagskrár, mælti

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Í gær skrifaði ég þingflokki Alþb. svo hljóðandi bréf:

„Alþingi, 27. okt. 1970.

Til ítrekunar og skriflegrar staðfestingar á því, sem ég tjáði formanni þingflokks Alþb. í gærmorgun og þingflokksfundi síðdegis í gær, dreg ég hér saman þessi meginatriði:

Til Alþb. var upphaflega stofnað til að vinna að aukinni og bættri samstöðu hinnar verkalýðssinnuðu hreyfingar á Íslandi. Þetta hlutverk Alþb. hefur mér alltaf verið hugstætt, og þegar augljóst varð á síðustu árum, að til forráða í því voru komin öfl, sem greinilega unnu gegn þessum markmiðum, var það mér ekki að skapi. Gerði ég þó ýmsar tilraunir til að fá Alþb. til að taka forustu um að efla jákvæða samstöðu vinstri manna í landinu, en þær urðu allar að lúta í lægra haldi fyrir valdi þeirra sundrungarmanna, sem m. a. höfðu uppi opinberar kröfur um það í Þjóðviljanum 1967, að af Alþb. yrðu höfð 40% löglegra atkv. þess í Reykjavík, af því að þann hóp töldu þeir vont Alþb.-fólk. Ekki tel ég ástæðu til að rekja allar tilraunir, sem í þessa átt fóru, en ég minni á síðustu till. mína og minna samherja í framkvæmdastjórn Alþb. til þess að freista þess að gera Alþb. trútt stefnuhlutverki sínu. Sú till. var þannig:

„Fundur í framkvæmdastjórn Alþb., haldinn 27. sept. 1968, samþykkir að gera alvarlega könnun á því, hverjir möguleikar kunna að vera á bættri samstöðu verkalýðssinna og vinstri manna í landinu, bæði á sviði hinnar almennu kjarabaráttu verkalýðsstéttanna og á vettvangi stjórnmálanna. Til þess að framkvæma þessa könnun kýs framkvæmdastjórnin nefnd, er taki þegar til starfa. Í þessu augnamiði verði leitað eftir samvinnu og/eða skipulagslegri einingu við Alþfl. og aðrar hreyfingar vinstri manna, sem til slíkra viðræðna væru fúsar. N. miði störf sín við það, að málið eða veigamiklir þættir þess verði tilbúnir til ákvörðunar á landsfundi þeim, sem ákveðinn hefur verið hinn 1. nóv. n. k., ella verði landsfundinum frestað.

Karl Guðjónsson. Magnús T. Ólafsson.
Guðjón Jónsson. Sigurður Guðgeirsson."

Ekki var till. þessari sinnt í einu eða neinu, enda yfirráð Alþb. þá þegar komin í hendur þeirra afla, sem snúizt höfðu gegn upphaflega áformuðu hlutverki þess.

Nú fyrir fáum dögum sendir svo Alþfl. þingflokki

Alþb. bréf, þar sem hann býður viðræður um stöðu vinstri hreyfingar á Íslandi. Bréf þetta las formaður þingflokks Alþb. mér í síma s. l. föstudagskvöld ásamt drögum að svarbréfi, sem hann hafði gert, og spurðist fyrir um samþykki mitt við svarið. Ég kvaðst vera því mótfallinn og taldi, að svara ætti jákvætt og gera allt, sem unnt væri, til að umr. þessar yrðu uppbyggilegar og efldu samstöðu vinstri manna. En fyrst og fremst taldi ég þó, að bréfið ætti að taka fyrir til umr. og afgreiðslu á þingflokksfundi. Bauðst formaður þá til að halda þingflokksfund kl. 11 á laugardagsmorgun. Tjáði ég honum, að ég gæti ekki komið til fundar á þeim tíma, þar eð ég hefði heitið mínum stéttarsamtökum, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, því að vinna fyrir þau um helgina og væru fundir, sem ég yrði á, þegar boðaðir á Siglufirði laugardaginn 24. okt. og á Blönduósi sunnudaginn 25. okt., en strax eftir helgina væri ég reiðubúinn til þingflokksfunda. Lauk þar tali okkar. En þegar ég kom til Reykjavíkur að nýju, sé ég, að svarið hefur verið sent og birt í blaði þeirra ráðamanna Alþb. Átaldi ég formanninn fyrir þessi vinnubrögð og kvað það lágmarksrétt þm., að ekki yrði gengið fram hjá eindreginni ósk hans um þingflokksfund um stórmál, sem ekkert lá á að afgreiða með svona skjótum hætti. Tel ég, að þm., sem svo er lítilsvirtur í þingflokki sínum, að slíkri ósk hans er ekki anzað, hafi heldur ekki skyldur til að fara eftir samþykktum þess sama þingflokks og jafngildi þessi vinnubrögð því brottvísun þm. úr þingflokknum. Mun ég því ekki telja mig í þingflokki Alþb. hér eftir, en líta á mig sem þm. utan flokka. Kjósendum mínum, sem og öllum íbúum Suðurlandskjördæmis, mun ég eftir sem áður vinna allt það gagn, sem ég má, enda ber sundurþykkja mín og þingflokks Alþb. engan skugga á milli mín og þeirra. Ekki breytir hún heldur stjórnmálalegum hugmyndum mínum, utan hvað hún er að sjálfsögðu þáttur í lífsreynslu minni, og lífsreynslu skyldi enginn vanmeta.

Með kveðju,
Karl Guðjónsson.

Til þingflokks Alþýðubandalagsins."

Herra forseti. Þetta er að vísu bréf til þingflokks Alþb., en eftir atvikum tel ég rétt og mér skylt að birta það á þingi.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Hv. 6. þm. Sunnl., Karl Guðjónsson, hefur sent þingflokki Alþb. það bréf, sem hann hefur hér lesið. Það barst mér reyndar í hendur nú fyrir nokkrum mínútum eða í upphafi þessa þingfundar, en það breytir engu fyrir mig. Bréfið kemur mér í rauninni ekkert á óvart, nema helzt það úr efni þess, þar sem hv. þm. fer óumdeilanlega með rangt mál. Það hélt ég, að hefði verið búið að leiðrétta þannig við þm., að hann sæi ekki ástæðu til að endurtaka þær fullyrðingar hér á þennan hátt.

Það hefur legið ljóst fyrir, að Karl Guðjónsson hefur verið með nokkrum hætti sérstæður í okkar þingflokki nú um skeið. Hann hefur ekki viljað telja sig til okkar stjórnmálaflokks, Alþb., og staðið utan þess og verið opinberlega með ádeilur á flokkinn. Hann hefur neitað að vera í framboði áfram á vegum flokksins, og í mínum augum er því það, sem hér hefur gerzt, ekki annað en tylliástæða fyrir því, að hann segir sig nú hér formlega úr þingflokknum. En það kalla ég tylliástæðu að reyna að halda því fram, að við, sem með honum höfum verið í þingflokki, höfum vísað honum á brott úr þingflokknum með okkar starfsháttum.

Það rétta um það tilvik, sem hann hér minnist á, bréfið frá Alþfl., er, að það bréf, sem nú hefur verið birt í blöðum opinberlega og þingflokkur okkar fékk frá Alþfl., barst mér í hendur seint á fimmtudag. Við bárum okkur allir saman í þingflokki Alþb. um svar við þessu bréfi á föstudag, en allan föstudaginn reyndist ómögulegt að ná í Karl Guðjónsson, og það var ekki fyrr en þá um kvöldið, að tókst að ná tali af honum. Svarbréf okkar var lesið yfir honum eins og öðrum úr þingflokknum og honum tjáð, að við vildum svara bréfinu á þessa leið, sem einnig hefur komið fram opinberlega í blöðum. Viðbrögð hans voru þau, að hann sagðist vilja svara bréfinu á jákvæðari hátt en þar væri gert og hann hefði gjarnan viljað, að þingflokksfundur yrði haldinn um málið. Þá bauð ég honum strax upp á þingflokksfund, sem t. d. yrði haldinn kl. 11 á laugardagsmorgun, og eins og kemur fram í bréfi hans, sagði hann, að hann gæti ekki mætt þá á þingflokksfundi, vegna þess að á föstudagskvöld væri hann að fara norður í land og mundi ekki koma fyrr en eftir helgi. Ég gerði honum þá það alveg ljóst, að við teldum nauðsynlegt að svara bréfi Alþfl. strax, þar sem Alþfl. hefði birt bréf sitt til okkar opinberlega í Alþýðublaðinu á föstudag. Það fór því ekkert á milli mála hjá okkur, að Karl Guðjónsson skildi það, að við mundum svara bréfinu á þessa leið, og það var skýrt tekið fram við hann, að afstaða hans, sem var önnur en okkar, skyldi koma fram, ef hann óskaði eftir. Hann óskaði ekki eftir því, og á það legg ég áherzlu, — hann óskaði ekki eftir því, að það yrði beðið með að svara bréfinu til Alþfl., þar til þingflokksfundur yrði haldinn. En hitt gaf auðvitað auga leið, að þar sem við tókum fram, að við værum reiðubúnir til þess að mæta Alþfl. til viðræðna um það mál, sem hann óskaði eftir, en gætum hins vegar ekki mætt á þeim degi, sem Alþfl. hafði stungið upp á, þá þurfti að svara bréfinu tímanlega.

En hv. 6. þm. Sunnl., Karl Guðjónsson, hefur kosið að nota þetta tækifæri til þess að segja sig úr þingflokki Alþb., og við því er ekkert að segja. Það er algerlega hans mál. En það skal liggja ljóst fyrir, að það er hann, sem segir sig úr þingflokknum. Honum hefur ekki verið vikið, honum hefur ekki verið sýnd þar nein lítilsvirðing, honum hefur ekki verið neitað um neinn þingflokksfund og hann fer ekki úr flokknum af þeim ástæðum. En hitt er kannske öllum skiljanlegt, að maður, sem neitar að

vera í ákveðnum stjórnmálasamtökum, neitar að bjóða sig fram á þeirra vegum og hefur uppi opinberar deilur gegn þeim stjórnmálasamtökum, kunni að hafa leitað eftir tækifæri til þess að segja sig úr þingflokki slíkra samtaka. Það hefur hv. þm. gert. Mér þykir leitt, að það skuli vera með þessum hætti, en við því er hins vegar ekkert að segja.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég stend ekki upp hér til þess að lengja þessar umr. um innanflokksmál okkar Alþb.-manna, heldur til þess að láta í ljós harm minn vegna þess, að jafnágætur maður og Karl Guðjónsson skuli nú hafa sagt skilið við okkur. Um leið læt ég í ljós furðu mína yfir því, og munu eflaust fleiri gera, að hann skuli grípa hér til þess ráðs að efla samstarf vinstri manna með því að gera nú úr sjálfum sér enn einn þingflokkinn. En enn fremur vil ég láta þess getið, að mér var algerlega ókunnugt um það, hvað hér stæði til, þangað til Karl Guðjónsson kvaddi sér hljóðs. Það bréf, sem hann las hér upp, barst í hendur formanni þingflokks okkar núna rétt fyrir fundarbyrjun. Aftur á móti er svo að sjá sem aðrir aðilar hafi haft um þetta nokkurt hugboð, því að strax og fundur hefst stendur hér í dyrunum ljósmyndari Morgunblaðsins til þess að taka mynd af Karli Guðjónssyni undir þessum kringumstæðum. Og ég vil að síðustu óska honum til hamingju með þennan heiður, sem honum hefur nú hlotnazt, að verða sérstakt myndskreytingarefni fyrir málgagn Sjálfstfl.

VIII. Hæstaréttardómur í handritamálinu.

Á 64. fundi í Nd., 18. marz, utan dagskrár, mælti

menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mér þykir rétt að skýra frá því, að fyrir andartaki var mér að berast skeyti frá Danmörku um það, að fyrir hálfri klukkustund hafi hæstiréttur kveðið upp dóm í handritamálinu. Hljóðar dómurinn á þá lund, að danska ríkið sé ekki skaðabótaskylt gagnvart stofnun Árna Magnússonar og þess vegna geti undirbúningur að afhendingu handritanna hafizt og málinu sé nú lögfræðilega og pólitískt lokið. Þetta eru mikil ánægjutíðindi fyrir okkur Íslendinga. Mig langar að nota tækifærið um leið og þessi vitneskja berst, til að láta í ljós sérstakar þakkir til þjóðþings Dana, til dönsku ríkisstjórnarinnar og dönsku þjóðarinnar fyrir þann einstaka höfðingsskap, sem hún hefur sýnt Íslendingum í þessu máli og mun verða til þess að treysta vináttu Íslendinga og Dana meira en nokkuð annað, sem gerzt hefur í samskiptum þeirra um langan aldur. Enginn vafi er á því, að þessi fregn mun vekja þjóðarfögnuð á Íslandi, og ég vona, að þessi orð, sem ég hef nú mælt, hafi ég mælt fyrir munn allra Íslendinga. Þegar handritin koma til Íslands munu íslenzk stjórnarvöld að sjálfsögðu gera ráðstafanir til þess, að þau verði rannsökuð eins og efni standa til, og mér þykir rétt að endurtaka þá yfirlýsingu, sem áður hefur verið gefin af hálfu íslenzkra stjórnvalda, að þau telja sér það ljúfa skyldu að sjá til þess, að erlendir fræðimenn, og þá einkum og sér í lagi danskir, fái ákjósanlega aðstöðu til þess að stunda rannsóknir á handritunum áfram í Handritastofnun Íslands.

Ég endurtek síðan þau orð mín, að Íslendingar þakka danska þjóðþinginu, dönsku stjórninni og dönsku þjóðinni allri afstöðu hennar og aðgerðir í þessu máli.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta er það fyrsta, sem ég heyri um niðurstöður dóms hæstaréttar í Danmörku í handritamálinu, en þegar við vorum á ríkisstjórnarfundi í morgun, var ekki gert ráð fyrir, að niðurstöður dómsins kæmu fyrr en síðar í vikunni og e. t. v. ekki fyrr en eftir helgina. Ég fagna að sjálfsögðu þessari niðurstöðu, en ég vek athygli á því, að þetta var ekki mál á milli Dana og Íslendinga, heldur aldanskt mál á milli handritastofnunarinnar og dönsku ríkisstj., hvort hún væri skaðabótaskyld gagnvart stofnuninni. Málið var því alla vega ráðið um afhendingu handritanna, hvernig sem þessi dómur hefði farið og því verða menn að gera sér grein fyrir. En hitt er rétt, að við stöndum í þakkarskuld við marga góða Dani, bæði fyrir góðvild og skilning í okkar garð í sambandi við meðferð þessa máls og þá sér í lagi við þjóðþingið og dönsku ríkisstj.

Ég vil minna á það, að fyrirrennari minn í starfi, forsrh. Bjarni Benediktsson heitinn, var einn af þeim mönnum, sem ég hygg að segja megi um með sanni, að hvað mest hafi lagt af mörkum til heillavænlegrar niðurstöðu þessa máls. Það var honum hugleikið áhugamál frá öndverðu, enda hafði hann mjög glöggan skilning og góða þekkingu á þeim sögulegu og vísindalegu verðmætum, sem hér var um að ræða.

Meðferð málsins milli danskra aðila fyrir dómi hefur tafið afhendingu handritanna. Stundum hef ég verið spurður að því í Danmörku á þessu tímabili, hvort Íslendingar væru ekki orðnir óþolinmóðir. Ég sagði, að svo væri ekki, við værum búnir að vera lengi án handritanna og gætum vel beðið nokkurn tíma enn, enda væri það almennur skilningur hjá Íslendingum, almenningi á Íslandi, að við létum okkur engu skipta þessa bið í málinu, við mætum meira þær ákvarðanir, sem gerðar hefðu verið af þjóðþinginu, og framkomu dönsku ríkisstjórnarinnar.

Ég sé ástæðu til þess að láta í ljós þakklæti fyrir það til almennings og blaða og annarra fjölmiðla hér á landi, að það hefur aldrei borið á því, að Íslendingar væru að láta í ljós neina óánægju yfir þessari töf. Hitt er svo eðlilegt, að nú fögnum við allir þeirri jákvæðu niðurstöðu, sem orðið hefur í þessu máli, sem er vissulega í samræmi við það, sem við vildum, að orðið hefði.

Forseti (BGr): Það er óvenjulegt, að tíðindi sem þessi séu flutt svo fersk á þingfundi, og ég vænti, að ég megi mæla það fyrir munn allra hv. alþm., að þeir taki undir þau orð, sem hæstv. ráðherrar hafa látið falla um ánægju Íslendinga yfir endanlegri lausn þessa máls og yfir þeim mikla viðburði, sem gerzt hefur í menningar- og þjóðarsögu okkar.

IX. Minning Halldórs Stefánssonar.

Á 40. fundi í Sþ., 2. apríl, mælti

forseti (BF): Halldór Stefánsson fyrrv. alþm. og forstjóri Brunabótafélags Íslands lézt að heimili sínu hér í borg í gærmorgun, 93 ára að aldri.

Halldór Stefánsson var fæddur að Desjamýri í Norður-Múlasýslu 26. maí 1877. Foreldrar hans voru Stefán prestur þar Pétursson prests á Valþjófsstað Jónssonar og kona hans, Ragnhildur Metúsalemsdóttir bónda í Möðrudal Jónssonar. Hann stundaði nám í Möðruvallaskóla 1895—1897. Næstu ár var hann verkstjóri og heimiliskennari á Egilsstöðum á Völlum og Skriðuklaustri í Fljótsdal. Hann var forstöðumaður söludeildar Pöntunarfélags Fljótsdalshéraðs á Seyðisfirði 1903—1909, bóndi í Hamborg í Fljótsdal var hann 1909—1921 og á Torfastöðum í Vopnafirði 1921—1928. Á árinu 1928 var hann skipaður forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins, þ. e. Brunabótafélags Íslands og Slysatrygginga ríkisins, og gegndi því starfi til 1936, en var síðan á árunum 1936—1945 forstjóri Brunabótafélags Íslands.

Halldór Stefánsson gegndi ýmsum störfum í þágu sveitar sinnar og héraðs, meðan hann var búsettur á Austurlandi. Alþm. var hann 1924—1933, sat á 12 þingum alls. Hann var formaður mþn. í skattamálum 1928—1932, átti sæti í Landsbankanefnd 1928—1935 og var formaður hennar 1934—1935, og hann var formaður í stjórn Tryggingasjóðs sparisjóða 1944—1961.

Halldór Stefánsson náði háum aldri og hélt góðri heilsu og starfskröftum fram á elliár. Hann aflaði sér góðrar menntunar, þótt námstími í skóla væri skammur, gerðist ungur ráðsmaður á stórbúi, fékkst við verzlunarstörf nokkur ár, var bóndi um skeið og loks forstöðumaður opinberrar stofnunar. Fóru honum öll þessi störf vel úr hendi. Hann átti sæti á Alþ. einn áratug ævi sinnar, var enginn málskrafsmaður, en glöggsýnn og rökfastur. Hann hætti að mestu afskiptum af stjórnmálum á góðum aldri, gegndi forstjóraembætti þar til aldur tók að færast yfir hann, en fór jafnframt að sinna austfirzkum fræðum. Rannsakaði hann margt og ritaði um sögu og ættir Austurlands, auk nokkurra ritstarfa á öðrum sviðum. Honum entust lengi starfskraftar til að sinna þessum hugðarefnum sínum, og mun þeirra verka hans lengi sjá stað.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Halldórs Stefánssonar með því að rísa úr sætum. [Þingmenn risu úr sætum.]

X. Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa.

Á 3. fundi í Ed., 19. okt., mælti

forseti (JR): Eftirtalin tvö bréf hafa borizt til forseta frá Birni Fr. Björnssyni og Gils Guðmundssyni. Bréfið frá Birni Fr. Björnssyni hljóðar svo:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstu vikum, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, Helgi Bergs verkfræðingur, taki sæti mitt á Alþingi í fjarveru minni.

Björn Fr. Björnsson,
4. þm. Sunnl.

Til forseta efri deildar."

Bréfið frá Gils Guðmundssyni, 5. þm. Reykn., hljóðar svo:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Reykjaneskjördæmi, Karl Sigurbergsson skipstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Ég vil leyfa mér að bjóða þá Helga Bergs verkfræðing og Karl Sigurbergsson skipstjóra velkomna til starfa hér í hv. þingdeild.

Á 3. fundi í Nd., 19. okt., mælti

forseti (MÁM): Borizt hefur svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 15. okt. 1970.

Þar sem ég vegna sérstakra anna heima fyrir mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Norðurl. v., Magnús H. Gíslason bóndi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

3. þm. Norðurl. v.,
Björn Pálsson.

Til forseta neðri deildar."

Kjörbréf Magnúsar H. Gíslasonar hefur áður verið skoðað og er hann boðinn velkominn til starfa.

Á 5. fundi í Sþ., 21. okt., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 20. okt. 1970.

Jónas G. Rafnar, 2. þm. Norðurl. e., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varaþm. Sjálfstfl. í Norðurl. e., Gísli Jónsson menntaskólakennari, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jón Þorsteinsson,
forseti Ed.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Fyrir liggur kjörbréf Gísla Jónssonar menntaskólakennara og vil ég biðja kjörbréfanefnd að taka það til rannsóknar. Á meðan verður gert fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf Gísla Jónssonar menntaskólakennara, sem er 1. varamaður Sjálfstfl. í Norðurl. e., en eins og lesið var upp hér áðan hefur Jónas G. Rafnar, 2. þm. Norðurl. e., óskað eftir fjarvistarleyfi og að varamaður taki sæti í stað hans. Kjörbréfanefndin mælir með, að kosning varaþm. verði tekin gild og kjörbréfið verði samþykkt.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 41 shlj. atkv.

Á 5. fundi í Nd., 26. okt., mælti

forseti (MÁM): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 23. okt. 1970.

Þar sem ég vegna sérstakra anna heima fyrir mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Tómas Árnason hrl., taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Vilhjálmur Hjálmarsson,
5. þm. Austf.

Til forseta neðri deildar."

Kjörbréf Tómasar Árnasonar hefur áður verið skoðað og er hann boðinn velkominn til starfa.

Á 7. fundi í Sþ., 3. nóv., mælti

forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 2. nóv. 1970.

Axel Jónsson, 4. þm. Reykn., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi, Oddur Andrésson bóndi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Jón Þorsteinsson,
forseti Ed.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Oddur Andrésson hefur áður tekið sæti sem varamaður á Alþingi í forföllum aðalmanns og kjörbréf hans þá verið rannsakað. Ég býð hann velkominn á ný til þingstarfa.

Á 12. fundi í Nd., 4. nóv., mælti

forseti (MÁM): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 3. nóv. 1970.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Vesturlandskjördæmi, Ásgeir Pétursson sýslumaður, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Friðjón Þórðarson,
4. þm. Vesturl."

Kjörbréf Ásgeirs Péturssonar sýslumanns hefur áður verið skoðað og tekur hann því sæti á Alþingi sem 4. þm. Vesturl. í fjarveru aðalmanns.

Á 13. fundi í Nd., 5. nóv., mælti

forseti (MÁM): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþfl. í Vesturlandskjördæmi, Pétur Pétursson forstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Benedikt Gröndal,
5. þm. Vesturl."

Kjörbréf Péturs Péturssonar hefur áður verið skoðað og tekur hann sæti sem 5. þm. Vesturl. og er boðinn velkominn.

Á 14. fundi í Nd., 9. nóv., mælti

forseti (MÁM): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 4. nóv. 1970.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til

Alþingis að óska þess, að 1. varaþingmaður Framsfl. í Norðurlandskjördæmi eystra, Jónas Jónsson ráðunautur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Ingvar Gíslason,
3. þm. Norðurl. e."

Kjörbréf Jónasar Jónssonar hefur áður verið skoðað og er hann boðinn velkominn til starfa.

Á 16. fundi í Nd., 11. nóv., mælti

forseti (GunnG): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður landsk. þm. Alþfl., Unnar Stefánsson viðskiptafræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Sigurður Ingimundarson,
1. landsk. þm.

Til forseta neðri deildar."

Kjörbréf Unnars Stefánssonar hefur áður verið rannsakað og tekur hann sæti á þingi sem 1. landsk. þm. og býð ég hann velkominn til starfa.

Á 12. fundi í Sþ., 26. nóv., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 25. nóv. 1970.

Bjarni Guðbjörnsson, 3. þm. Vestf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég mun ekki geta sótt fundi Alþingis næstu tvær vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi. Með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis leyfi ég mér að óska þess, að varamaður taki sæti í fjarveru minni. 1. varamaður í Vestfjarðakjördæmi, Steingrímur Hermannsson verkfræðingur, er nú erlendis og getur því eigi tekið sæti á Alþingi. Þess vegna leyfi ég mér að óska þess, að 2. varamaður Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Halldór Kristjánsson bóndi á Kirkjubóli, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamannsins."

Fyrir liggur kjörbréf Halldórs Kristjánssonar, útgefið af kjörstjórn Vestfjarðakjördæmis, og vil ég leyfa mér að biðja hv. kjörbréfanefnd að taka það til rannsóknar. Á meðan verður gert fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman á fund og athugað það kjörbréf, sem til hennar var vísað hér áðan, þ. e. a. s. kjörbréf Halldórs Kristjánssonar bónda á Kirkjubóli, 2. varaþm. Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi.

Kjörbréfanefnd hefur ekki fundið neitt athugavert við þetta kjörbréf og leggur til, að það sé samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 38 shlj. atkv.

Forseti (BF): Halldór Kristjánsson hefur áður átt sæti á Alþ. og þarf því ekki að undirrita eiðstaf. Ég leyfi mér að bjóða hann velkominn til þingstarfa á ný.

Á 25. fundi Nd., 30. nóv., mælti

forseti (MÁM): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 27. nóv. 1970.

Þar sem ég að læknisráði mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður landsk. þm. Sjálfstfl., Eyjólfur Konráð Jónsson ritstjóri, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum.

Bjartmar Guðmundsson,
11. landsk. þm.

Til forseta neðri deildar."

Kjörbréf Eyjólfs Konráðs Jónssonar ritstjóra hefur áður verið skoðað og tekur hann sæti í hv. þd. sem 11. landsk. þm. og er boðinn velkominn til starfa.

Á 26. fundi í Nd., 2. des., mælti

forseti (MÁM): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 30. nóv. 1970.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Þorsteinn Gíslason skipstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Pétur Sigurðsson,
7. þm. Reykv.

Til forseta neðri deildar."

Kjörbréf Þorsteins Gíslasonar skipstjóra hefur áður verið skoðað og tekur hann sæti sem 7. þm. Reykv. og er boðinn velkominn til starfa.

Á 27. fundi í Ed., 7. des., mælti

forseti (JR): Eftirfarandi bréf hefur borizt til forseta Ed.:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 2. varamaður Sjálfstfl. í

Reykjavík, Guðmundur H. Garðarsson viðskiptafræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Ólafur Björnsson,
10. þm. Reykv."

Ég leyfi mér að bjóða Guðmund H. Garðarsson velkominn til starfa hér í hv. þd.

Á 28. fundi í Nd., 7. des., mælti

forseti (MÁM): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 3. des. 1970.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Tómas Árnason hrl., taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Eysteinn Jónsson,
1. þm. Austf.

Til forseta neðri deildar."

Kjörbréf Tómasar Árnasonar hrl. hefur áður verið skoðað og tekur hann sæti sem 1. þm. Austf. og er boðinn velkominn.

Á 40. fundi í Nd., 28. jan., mælti

forseti (MÁM): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 26. jan. 1971.

Þar sem ég að læknisráði mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Þorsteinn Gíslason skipstjóri, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum.

Birgir Kjaran,
5. þm. Reykv.

Til forseta neðri deildar."

Kjörbréf Þorsteins Gíslasonar hefur áður verið skoðað. Er hann boðinn velkominn til starfa, en hann tekur sæti sem 5. þm. Reykv.

Á 45. fundi í Nd., 10. febr., mælti

forseti (BGr): Borizt hefur eftirfarandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Tómas Árnason hrl., taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Eysteinn Jónsson,
1. þm. Austf."

Tómas Árnason hefur átt sæti á þessu þingi áður og býð ég hann velkominn til starfa.

Á 49. fundi í Ed., 17. febr., mælti

forseti (JR): Mér hefur borizt eftirfarandi bréf frá Bjarna Guðbjörnssyni, 3. þm. Vestf.:

„Þar sem ég er nú í sjúkrahúsi og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Steingrímur Hermannsson framkvæmdastjóri, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Ég leyfi mér að bjóða Steingrím Hermannsson velkominn til starfa hér í hv. þd.

Á 47. fundi í Nd., 17. febr., mælti

forseti (BGr): Borizt hefur svofellt bréf:

„Þar eð ég vegna persónulegra ástæðna get ekki gegnt þingmannsstörfum, þá er það ósk mín, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að 1. varamaður landsk. þm. Sjálfstfl., Eyjólfur K. Jónsson ritstjóri, taki sæti mitt á Alþingi.

Sverrir Júlíusson,
10. landsk. þm."

Eyjólfur K. Jónsson hefur áður setið á þessu þingi og býð ég hann velkominn til þingstarfa að nýju.

Á 26. fundi í Sþ., 22. febr., mælti

forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 21. febr. 1971.

Matthías Bjarnason, 2. þm. Vestf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég að læknisráði mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, Ásmundur B. Ólsen kaupmaður, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Matthías Á. Mathiesen,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Ásmundur B. Ólsen kaupmaður hefur áður á þessu kjörtímabili tekið sæti á Alþingi sem varamaður Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi og fór þá fram rannsókn á kjörbréfi hans. Ég leyfi mér að bjóða hann velkominn til þingstarfa á ný.

Á 26. fundi í Sþ., 22. febr., var tekin á dagskrá rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 18. febr. 1971.

Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna heima fyrir mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Vesturlandskjördæmi, Daníel Ágústínusson aðalbókari, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Benedikt Gröndal,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Fyrir liggur kjörbréf til handa Daníel Ágústínussyni, útgefið af yfirkjörstjórn Vesturlandskjördæmis. Leyfi ég mér að biðja hv. kjörbréfanefnd að taka kjörbréfið til rannsóknar. Á meðan verður gert fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Kjörbréfanefnd hefur komið saman á fund og athugað kjörbréf fyrir Daníel Ágústínusson, sem til hennar var vísað. Nefndin hefur ekkert fundið athugavert við þetta kjörbréf, og leggur hún til, að kosningin sé tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 48 shlj. atkv.

Forseti (BF): Daníel Ágústínusson hefur áður átt sæti á Alþingi og þarf því ekki að undirrita eiðstaf. Ég leyfi mér að bjóða hann velkominn til þingstarfa á ný.

Á 29. fundi í Sþ., 2. marz, mælti

forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 1. marz 1971.

Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl., hefur hinn 26. febr. s. l. ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna embættisanna mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að í forföllum 1. varamanns taki 2. varamaður Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, Sigurgeir Kristjánsson forstjóri, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Jónas G. Rafnar,
forseti Ed.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Einnig liggur hér fyrir svo hljóðandi bréf frá Helga Bergs:

„Reykjavík, 27. febr. 1971.

Hér með tilkynnist, að vegna annarra starfa get ég ekki tekið sæti á Alþingi nú á næstunni í forföllum Björns Fr. Björnssonar, 4. þm. Sunnl.

Virðingarfyllst,
Helgi Bergs."

Sigurgeir Kristjánsson hefur áður tekið sæti á Alþingi sem varamaður á þessu kjörtímabili og þarf því ekki að fara fram rannsókn á kjörbréfi hans. Hann tekur nú sæti á þinginu sem 4. þm. Sunnl. og leyfi ég mér að bjóða hann velkominn til þingstarfa.

Á 32. fundi í Sþ., 8. marz, mælti

forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 8. marz 1971.

Páll Þorsteinsson, 2. þm. Austf., hefur hinn 26. febr. s. l. ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna sérstakra starfa heima fyrir mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að í forföllum 1. varamanns taki 2. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Kristján Ingólfsson kennari, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Jónas G. Rafnar,
forseti Ed.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Svo hljóðandi bréf liggur fyrir frá 1. varamanni Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Tómasi Árnasyni:

„Reykjavík, 5. marz 1971.

Hér með leyfi ég mér að tilkynna yður, að vegna anna mun ég ekki geta tekið sæti á Alþingi á næstunni í forföllum Páls Þorsteinssonar alþingismanns.

Virðingarfyllst,
Tómas Árnason."

2. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Kristján Ingólfsson kennari, hefur áður tekið sæti á Alþingi sem varaþm. og kjörbréf hans þá verið rannsakað. Þarf því ekki að fara fram rannsókn á því nú og leyfi ég mér að bjóða hann velkominn til þingstarfa.

Á 63. fundi í Ed., 15. marz, mælti

forseti (JR): Mér hefur borizt eftirfarandi bréf frá Axel Jónssyni, 4. þm. Reykn.:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi, Oddur Andrésson bóndi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Ég leyfi mér að bjóða Odd Andrésson bónda velkominn til starfa í hv. Ed.

Á 61. fundi í Nd., 15. marz, mælti

forseti (MÁM): Mér hefur borizt eftirfarandi bréf:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að í forföllum 1. varamanns taki 2. varamaður Y-listans í Reykjavík, Haraldur Henrýsson lögfræðingur, sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Hannibal Valdimarsson,
9. þm. Reykv.

Til forseta neðri deildar."

Kjörbréf Haralds Henrýssonar lögfræðings hefur verið skoðað, en vitað er, að 1. varaþm. Hannibals Valdimarssonar er búsettur erlendis. Það þarf því ekki að skoða kjörbréf Haralds Henrýssonar og tekur hann sæti hér sem 9. þm. Reykv. og er boðinn velkominn.

XI. Kosningar.

1. Fulltrúar í Norðurlandaráð.

Á 18. fundi í Sþ., 17. des., var tekin á dagskrá

kosning sex fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. þingsályktun frá 15. des. 1961, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð, sbr. þingsályktun frá 3. des. 1969, um samþykkt á starfsreglum Norðurlandaráðs. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Sþ., 18. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram fjórir listar. Á A-lista voru Matthías Á. Mathiesen, Birgir Kjaran, Sigurður Ingimundarson; á B-lista Eysteinn Jónsson, Jón Skaftason; á C-lista Magnús Kjartansson; á D-lista Karl Guðjónsson. — A-listi hlaut 32 atkv., B-listi 18 atkv., C-listi 7 atkv., D-listi 3 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Matthías Á. Mathiesen alþm.,
Eysteinn Jónsson fyrrv. ráðherra,
Birgir Kjaran alþm.,
Sigurður Ingimundarson alþm.,
Jón Skaftason alþm.,
Magnús Kjartansson alþm.

Við kosningu varamanna komu fram þrír listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Ólafur Björnsson alþm. (A),
Einar Ágústsson alþm. (B),
Geir Hallgrímsson alþm. (A),
Birgir Finnsson alþm. (A),
Ásgeir Bjarnason alþm. (B),
Gils Guðmundsson alþm. (C).

2. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga.

Á 18. fundi í Sþ., 17. des., var tekin á dagskrá

kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1970, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Sþ., 18. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar, sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Pétur Sigurðsson alþm. (A),
Halldór E. Sigurðsson alþm. (B),
Haraldur Pétursson safnhúsvörður (A).

3. Nýbýlastjórn.

Á 18. fundi í Sþ., 17. des., var tekin á dagskrá

kosning nýbýlastjórnar, fimm manna og jafnmargra varamanna, allra til fjögurra ára, frá 1. jan. 1971 til 31. des. 1974, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 24. gr. l. nr. 75 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Sþ., 18. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Pálmi Jónsson alþm. (A),
Jónas Jónsson ráðunautur (B),
Jónas Pétursson alþm. (A),
Benedikt Gröndal alþm. (A),
Ásmundur Sigurðsson fyrrv. alþm. (C).

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Steinþór Gestsson alþm. (A),
Haukur Jörundsson kennari (B),
Gunnar Gíslason alþm. (A),
Pétur Pétursson forstjóri (A),
Stefán Sigfússon landbúnaðarkandidat (C).

4. Endurskoðendur Búnaðarbankans.

Á 18. fundi í Sþ., 17. des., var tekin á dagskrá

kosning tveggja endurskoðenda Búnaðarbanka Íslands til tveggja ára, frá 1. jan. 1971 til 31. des. 1972, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 3. gr. l. nr. 48/1960, um breyt. á l. nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Sþ., 18. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar með einu nafni á hvorum. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Einar Gestsson bóndi (A),
Guðmundur Tryggvason fasteignasali (B).

5. Endurskoðendur Landsbankans.

Á 18. fundi í Sþ., 17. des., var tekin á dagskrá

kosning tveggja endurskoðenda reikninga Landsbanka Íslands til tveggja ára, frá 29. marz 1971 til jafnlengdar 1973, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 15. gr. l. nr. 11 29. marz 1961, um Landsbanka Íslands.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Sþ., 18. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar með einu nafni á hvorum. Samkv. því, lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Ragnar Jónsson skrifstofustjóri (A),
Baldur Óskarsson skrifstofumaður (B).

6. Endurskoðendur Útvegsbankans.

Á 18. fundi í Sþ., 17. des., var tekin á dagskrá

kosning tveggja endurskoðenda reikninga Útvegsbanka Íslands til tveggja ára, frá 29. marz 1971 til jafnlengdar 1973, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 15. gr. l. nr. 12 1961.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Sþ., 18. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar með einu nafni á hvorum. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Björn Steffensen endurskoðandi (A),
Jón Kjartansson alþm. (B).

7. Framkvæmdastjóri Söfnunarsjóðs Íslands.

Á 18. fundi í Sþ., 17. des., var tekin á dagskrá

kosning framkvæmdastjóra Söfnunarsjóðs Íslands til 31. des. 1973 í stað frú Gunnlaugar Briem, sem andaðist 19. júní 1970.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Sþ., 18. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram kom einn listi, sem á var Bjarni Guðmundsson, Suðurgötu 16. Þar sem ekki voru fleiri menn tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kjörinn væri án atkvgr.:

Bjarni Guðmundsson blaðafulltrúi.

8. Orkuráð.

Á 18. fundi í Sþ., 17. des., var tekin á dagskrá

kosning fimm manna í orkuráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, til fjögurra ára, frá 1. júlí 1971 til jafnlengdar 1975, samkvæmt 69. gr. orkulaga, nr. 58 29. apríl 1967.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Sþ., 18. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu þrír listar, sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Ingólfur Jónsson ráðherra (A),
Daníel Ágústínusson fyrrv. bæjarstjóri (B),
Magnús Jónsson ráðherra (A),
Bragi Sigurjónsson alþm. (A),
Einar Olgeirsson fyrrv. alþm. (C).

9. Síldarútvegsnefnd.

Á 18. fundi í Sþ., 17. des., var tekin á dagskrá

kosning þriggja manna í síldarútvegsnefnd og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. jan. 1971 til 31. des. 1973, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. l. nr. 54 2. maí 1968, um breyt. á l. nr. 62 21. apríl 1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Sþ., 18. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Jón L. Þórðarson framkvæmdastjóri (A),
Jón Skaftason alþm. (B),
Birgir Finnsson alþm. (A).

Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Guðfinnur Einarsson útgerðarmaður (A),
Eysteinn Jónsson fyrrv. ráðherra (B),
Jón Árm. Héðinsson alþm. (A).

10. Stjórn Kísiliðjunnar.

Á 18. fundi í Sþ., 17. des., var tekin á dagskrá

kosning þriggja fulltrúa ríkisins og jafnmargra varamanna í stjórn Kísiliðjunnar h. f. til fjögurra ára frá 20. apríl 1971 til jafnlengdar 1975, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 4. gr. l. nr. 80 15. ágúst 1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Sþ., 18. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Magnús Jónsson ráðherra (A),
Karl Kristjánsson fyrrv. alþm. (B),
Pétur Pétursson forstjóri (A).

Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Ingvar Þórarinsson bóksali (A),
Stefán Sörensson lögfræðingur (B),
Einar Fr. Jóhannesson verksmiðjustjóri (A).

11. Stjórn Síldarverksmiðja ríkisins.

Á 18. fundi í Sþ., 17. des., var tekin á dagskrá

kosning fimm manna í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. jan. 1971 til 31. des. 1973, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. l. nr. 37 1967, um breyt. á l. nr. 1 5. jan. 1938, um Síldarverksmiðjur ríkisins.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Sþ., 18. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram fjórir listar. Á A-lista voru Sveinn Benediktsson, Þorsteinn Gíslason, Jóhann Möller; á B-lista Eysteinn Jónsson; á C-lista Hannes Baldvinsson; á D-lista Tryggvi Helgason. — A-listi hlaut 32 atkv., B-listi 17 atkv., C-listi 7 atkv., D-listi 3 atkv. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Sveinn Benediktsson framkvæmdastjóri,
Eysteinn Jónsson fyrrv. ráðherra,
Þorsteinn Gíslason skipstjóri,
Jóhann Möller verkamaður,
Hannes Baldvinsson síldarmatsmaður.

Við kosningu varamanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Sverrir Hermannsson viðskiptafræðingur (A),
Jón Kjartansson alþm. (B),
Eyþór Hallsson skipstjóri (A),
Kristján Sigurðsson verkstjóri (A),
Angantýr Einarsson skólastjóri (C).

12. Stjórn Sementsverksmiðjunnar.

Á 24. fundi í Sþ., 2. febr., var tekin á dagskrá

kosning eins manns í stjórn Sementsverksmiðju ríkisins til 6. febr. 1973 í stað Guðmundar Sveinbjörnssonar deildarstjóra, er andaðist hinn 9. f. m.

Aðeins einn maður var tilnefndur, og lýsti forseti yfir, að kosinn væri án atkvgr.:

dr. Sigmundur Guðbjarnason prófessor.

13. Nefnd til athugunar á framkvæmd skoðanakannana.

Á 41. og 42. fundi í Sþ., 5. og 6. apríl, var tekin á dagskrá

kosning fimm manna nefndar, að viðhafðri hlutfallskosningu, til athugunar á framkvæmd skoðanakannana samkv. þál. um það efni frá 24. nóv. 1970.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Sþ., 7. apríl, var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Ólafur Björnsson alþm. (A),
Jónatan Þórmundsson prófessor (B),
Friðrik Sophusson stud. jur. (A),
Sighvatur Björgvinsson ritstjóri (A),
Hjalti Kristgeirsson hagfræðingur (C).

14. Stjórn stofnunarinnar Aðstoð Íslands við þróunarlöndin.

Á 41. og 42. fundi í Sþ., 5. og 6. apríl, var tekin á dagskrá

kosning fimm manna í stjórn stofnunarinnar Aðstoð Íslands við þróunarlöndin, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. nýafgreiddra laga frá Alþingi um aðstoð Íslands við þróunarlöndin, allra til fjögurra ára frá gildistöku nefndra laga.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Sþ., 7. apríl, var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Ólafur Björnsson alþm. (A),
Jón Kjartansson alþm. (B),
Gunnar G. Schram lögfræðingur (A),
Örlygur Geirsson fulltrúi (A),
Ólafur Einarsson kennari (C).

15. Stjórn Landsvirkjunar.

Á 41. og 42. fundi í Sþ., 5. og 6. apríl, var tekin á dagskrá

kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í stjórn Landsvirkjunar, allra til 6 ára, frá 1. júlí 1971 til 1. júlí 1977, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 8. og 20. gr. l. nr. 59 1965, um Landsvirkjun.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Sþ., 7. apríl, var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Árni Grétar Finnsson bæjarfulltrúi (A),
Einar Ágústsson alþm. (B),
Baldvin Jónsson hrl. (A).

Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar með þremur nöfnum samtals. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Steinþór Gestsson alþm. (A),
Þorkell Bjarnason ráðunautur (B),
Emanúel Morthens forstjóri (A).

16. Milliþinganefnd um verknáms- og þjónustuskyldu ungmenna.

Á 42. fundi í Sþ., 6. apríl, var tekin á dagskrá

kosning fimm manna milliþinganefndar, að viðhafðri hlutfallskosningu, um verknáms- og þjónustuskyldu ungmenna samkv. þál. um það efni frá 5. apríl 1971.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Sþ., 7. apríl, var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Jónas Pétursson alþm. (A),
Hafsteinn Þorvaldsson sjúkrahúsráðsmaður (B),
Skúli Möller kennari (A),
Guðmundur Magnússon skólastjóri (A),
Sigurður Magnússon rafvirki (C).

17. Bankaráð Útvegsbankans.

Á 44. fundi í Sþ., 7. apríl, var tekin til meðferðar

kosning eins varamanns í bankaráð Útvegsbanka Íslands til ársloka 1972 vegna fráfalls Hálfdáns Sveinssonar.

Aðeins einn maður var tilnefndur, og lýsti forseti yfir, að kjörinn væri án atkvgr.:

Skúli Þórðarson verkamaður.

18. Nefnd til að semja frv. um rétt Íslendinga til landgrunnsins o. fl.

Á sama fundi var tekin til meðferðar

kosning fimm manna nefndar samkv. nýafgreiddri þál. um réttindi Íslendinga á hafinu umhverfis landið.

Samkvæmt ákvörðun þál. tilnefndu þingflokkar hver einn mann í nefndina. Samkvæmt tilnefningu þeirra lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Jóhann Hafstein forsrh. (Sjálfstfl.),
Þórarinn Þórarinsson alþm. (Framsfl.),
Lúðvík Jósefsson alþm. (Alþb.),
Benedikt Gröndal alþm. (Alþfl.),
Hannibal Valdimarsson (SF).

XII. Starfsmenn þingsins.

Þessir voru ráðnir til starfa á þinginu af forsetum öllum í sameiningu:

Skrifstofan og prófarkalestur:
Unnur Bjarklind, Jón G. Friðjónsson, Pétur Rafnsson.

Skjalavarzla og afgreiðsla:
Þorvaldur Guðmundsson, Þorkell Kristjánsson.

Lestrarsalsgæzla:
Ingunn Jónsdóttir, Svanbjörg Einarsdóttir, Jóna Sigurðardóttir, Sesselja Sigurðardóttir, Guðmunda Þorgeirsdóttir.

Vélræn upptaka á þingræðum:
Magnús Jóhannsson.

Ræðuritun:
Fastavinna um þingtímann: Fríða Proppé.
Tímavinna: Rannveig G. Ágústsdóttir, Þóra Benediktsson, Ragnhildur Smith, Camilla Ragnars, Jóhanna Sigurðardóttir.

Dyra- og pallavarzla:
Jakob Jónsson (yfirvörður), Albert Guðmannsson, Stefán Ólafsson, Baldur Guðmundsson, Bjarni Einarsson, Jens Eyjólfsson, Ármann Kr. Eyjólfsson, Hannes Friðsteinsson, Þórður Auðunsson, Gísli Bjarnason, Ásgeir Jónsson, Lýður Jónsson.

Stæðisvarzla:
Gunnar Aðalsteinsson.

Næturvarzla:
Gunnlaugur Jóhannesson, Grímur Grímsson.

Þingsveinsstörf:
Einar Gunnar Einarsson, Hilmar Einarsson, Sigurður Guðmundsson, Kolbeinn R. Kristjánsson, Aðalsteinn Magnússon, Árni Haukur Björnsson, Jón Ágúst Ragnarsson (okt.), Ragnar Hallgrímsson (til 1. marz), Valdimar Eiríksson, Sólveig Kjartansdóttir, Ottó Karl Eldar, Arnþór Heimir Bjarnason.

Símavarzla:
Jóhanna Þorsteinsdóttir, Guðrún Erla Ásgrímsdóttir, Steinunn Geirsdóttir.

Fatagæzla:
Margrét Þórðardóttir, Margrét Benediktsdóttir, Þorgerður Þorgilsdóttir.

Þingfréttamaður í útvarpi:
Bragi Steinarsson.

XIII. Þingfrestun og setning þings að nýju.

Á 40. fundi í Ed., 18. des., mælti

forseti (JR): Þar sem þetta er væntanlega síðasti fundur hv. þd. fyrir jólaleyfi, leyfi ég mér að óska hv. þdm. öllum og vandamönnum þeirra gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Utanbæjarmönnum óska ég góðrar ferðar og heimkomu og vonast til þess að sjá þá hér alla við góða heilsu, þegar Alþ. kemur saman að nýju. Öllu starfsfólki Alþingis óska ég gleðilegra jóla, gæfu og gengis á komandi ári.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér fyrir hönd þdm. að þakka hæstv. forseta fyrir hans vinsamlegu orð og góðu óskir í garð okkar þdm. Ég vil einnig tjá honum sérstakar þakkir fyrir forsetastörf hans, sem að okkar dómi hafa verið unnin með ágætum og réttlæti. Ég vil, og ég veit að ég mæli þar fyrir munn okkar allra, óska hæstv. forseta og fjölskyldu hans gleðilegrar jólahátíðar og allrar farsældar á komandi ári og að við megum hitta hann heilan á húfi, er þingstörf hefjast aftur að loknu jólaleyfi. Ég vil biðja hv. þdm. að taka undir orð mín með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (JR): Ég vil þakka hv. 4. þm. Norðurl. e. fyrir hlýleg orð og árnaðaróskir í minn garð og fjölskyldu minnar og endurtek árnaðaróskir mínar til ykkar hv. þdm.

Á 38. fundi í Nd., 18. des., mælti

forseti (MÁM): Þar sem þetta verður væntanlega síðasti þingfundur hv. þd. fyrir jólahátíðina, leyfi ég mér að þakka öllum hv. þdm. ánægjulega og góða samvinnu við mig sem forseta, það sem af er þessu þingi. Ég leyfi mér jafnframt að óska hv. þdm. og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og nýárs. Utanbæjarmönnum árna ég góðrar heimferðar og heimkomu og læt að lokum þá ósk í ljós, að við megum hittast allir heilir á þingi á nýju ári.

Lúðvík Jósefsson: Ég vil fyrir hönd okkar þdm. þakka hæstv. forseta fyrir hlý orð og góðar óskir í okkar garð. Ég þakka hæstv. forseta fyrir gott samstarf við okkur þm. og góða og lipra fundarstjórn. Ég óska hæstv. forseta og fjölskyldu hans gleðilegrar jólahátíðar og góðs og farsæls komandi árs. Ég bið hv. alþm. að taka undir þessar óskir mínar til forseta með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (MÁM): Ég vil þakka hv. 4. þm. Austf. fyrir orð hans og óskir mér til handa og minnar fjölskyldu. Ég vil jafnframt þakka hv. þdm. þeirra undirtektir og endurtek óskir mínar til hv. þdm. — Fundinum er slitið.

Á 20. fundi í Sþ., 18. des., mælti

forseti (BF): Komið er að því, að störfum Alþingis verði frestað um sinn vegna jólahátíðarinnar og áramótanna. Ég óska öllum hv. alþm. og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og velfarnaðar á nýja árinu. Ég þakka hv. alþm. samveruna og góða samvinnu á árinu, sem er senn á enda. Utanbæjarþm. óska ég góðrar heimferðar og heimkomu, og ég óska þess, að við megum öll hittast hér heil, þegar þing verður kvatt saman til funda á ný. Skrifstofustjóra og starfsfólki Alþingis óska ég einnig gleðilegra jóla og farsæls nýárs og þakka þeim jafnframt vel unnin störf og ánægjulega samvinnu.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil í nafni okkar þm. þakka hæstv. forseta fyrir hlý orð og árnaðaróskir í okkar garð. Ég vil um leið þakka honum fyrir góða samvinnu við okkur alþm. og fyrir réttláta og sanngjarna fundarstjórn. Ég vil svo leyfa mér að óska honum og hans fjölskyldu gleðilegra jóla og góðs og farsæls nýs árs og alls góðs nú og síðar. Og ég vil biðja hv. alþm. að taka undir þessi orð mín með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (BF): Ég þakka hv. 1. þm. Norðurl. v. fyrir vingjarnleg orð og hlýjar óskir í minn garð og minnar fjölskyldu. Hv. alþm. öllum þakka ég fyrir undirtektir þeirra. Svo endurtek ég óskir mínar til þingheims um gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Forseti Íslands hefur gefið út svo hljóðandi bréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsrh. umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 91. löggjafarþings, frá 19. des. 1970 eða síðar, ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 25. jan. 1971.

Gjört í Reykjavík, 16. desember 1970.
Kristján Eldjárn.

Jóhann Hafstein.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis.“

Samkv. þessu umboði og með tilvísun til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því, að fundum þessa Alþingis, 91. löggjafarþings, er frestað frá 19. des., og verður þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 25. jan. 1971. Leyfi ég mér að árna hv. alþm. og starfsmönnum þingsins, svo og landslýð öllum, gleðilegra jóla og farsæls nýárs.

Forseti (BF): Ég leyfi mér fyrir hönd þingheims að þakka hæstv. forsrh. hlýjar óskir hans í garð okkar allra.

Á 21. fundi í Sþ., 25. jan., mælti

forsrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Hinn 11. janúar 1971 var gefið út svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkv. till. forsrh., að Alþ. skuli koma saman til framhaldsfunda mánudaginn 25. janúar 1971, kl. 14.00.

Gert í Reykjavík, 11. janúar 1971.

Kristján Eldjárn.

Jóhann Hafstein.“

Samkvæmt þessu hefjast nú framhaldsfundir Alþingis. Ég leyfi mér að óska hæstv. forseta og hv. alþm. og starfsfólki þingsins gleðilegs árs og þakka þeim fyrir liðin ár, um leið og ég býð þau velkomin til þingstarfa á ný og læt í ljós þá ósk og von, að störf okkar megi verða landi og lýð til blessunar.

Forseti (BF): Samkvæmt forsetabréfi því, sem hæstv. forsrh. hefur nú kunngert, hefjast fundir Alþingis að nýju. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forsrh. fyrir góðar óskir í minn garð og hv. alþm. og ég óska honum og þingheimi öllum velfarnaðar á nýbyrjuðu ári.

XIV. Starfslok deilda.

a. Í efri deild.

Á 97. fundi í Ed., 7. apríl, mælti

forseti (JR): Þetta verður síðasti fundur hér í hv. Ed. núna á yfirstandandi kjörtímabili. Ég vil leyfa mér að þakka öllum hv. þdm. fyrir alveg frábærlega gott samstarf undanfarandi 4 ár, og ég vil óska þeim og öllum venzlamönnum þeirra gæfu og gengis á komandi árum. Ég vil einnig þakka skrifstofustjóra Alþingis og öllu starfsfólki Alþingis fyrir gott samstarf og alveg sérstaklega mikinn velvilja í minn garð á þeim tíma, sem ég hef stýrt fundum hér í hv. Ed. Ég vil svo óska öllum utanbæjarmönnum góðrar heimferðar og góðrar heimkomu.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég leyfi mér fyrir hönd okkar þdm. að þakka hæstv. forseta fyrir hans vinsamlegu orð og hlýju óskir í okkar garð. Um leið vil ég tjá honum þakkir okkar fyrir forsetastörf hans bæði á þessu þingi, sem nú er að ljúka, og öllum þeim árum, sem hann hefur gegnt þessari virðingarstöðu með alkunnum sóma, þar sem saman hefur farið einstök ljúfmennska, réttsýni og virðuleiki. Ég vil, og ég veit að ég mæli þar fyrir munn okkar allra, óska hæstv. forseta og fjölskyldu hans allrar farsældar og hamingju í framtíðinni og sé ástæðu til að leggja á þær óskir sérstaka áherzlu nú, þar sem svo stendur á, að hæstv. forseti hverfur að loknu þessu kjörtímabili af þingi í bili, þar sem hann hefur átt lengi sæti við góðan orðstír. Ég vil biðja hv. þdm. að rísa úr sætum og taka þannig undir orð mín. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (JR): Ég vil þakka hv. 4. þm. Norðurl. e. fyrir hlýleg orð í minn garð og fjölskyldu minnar. Og þá er dagskrá þessa fundar tæmd, fundinum er slitið.

b. Í neðri deild.

Á 91. fundi í Nd., s. d., mælti

forseti (MÁM): Nú þegar fundum deildarinnar lýkur, vil ég nota tækifærið til að þakka ykkur hv. alþm. svo og hæstv. ríkisstj. fyrir samveruna á þessu þingi, sem nú er að ljúka, og ánægjulega samvinnu. Ég vil þakka varaforsetum og skrifurum fyrir þá aðstoð, sem þeir hafa veitt mér sem forseta, og skrifstofustjóra Alþingis og starfsliði öllu færi ég mínar beztu þakkir fyrir ágæta samvinnu.

Nú þegar leiðir skiljast og við hverfum héðan, fer svo af eðlilegum ástæðum, þar sem fyrir dyrum standa alþingiskosningar, að hingað sækja ekki allir eftir endurkomu. Úr hópi okkar hverfa ýmsir hv. alþm., sem hér hafa átt langa og góða setu, sumir hverjir um nærri fjóra áratugi. Ég veit, að ég mæli fyrir hönd okkar hinna, sem treystum endurkomu hér til Alþ., þegar ég þakka þeim fyrir ánægjulegt samstarf og óska þeim allra heilla um ókomna tíma.

Ég vil svo að lokum óska öllum utanbæjarþm. góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu, ykkar fjölskyldum öllum óska ég gleðilegs og ánægjuríks sumars og þakka samveruna á þessu þingi.

Lúðvík Jósefsson: Ég vil fyrir hönd okkar þdm. þakka hæstv. forseta fyrir hlý orð og góðar óskir í okkar garð. Ég þakka hæstv. forseta fyrir gott samstarf við okkur þdm. og góða og réttláta fundarstjórn. Ég óska honum og fjölskyldu hans gleðilegs og góðs sumars og bið hv. alþm. að taka undir óskir mínar til forseta með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

XV. Þinglausnir.

Á 45. fundi í Sþ., 7. apríl, las forseti svofellt yfirlit um störf þingsins:

Þingið hefur staðið frá 10. okt. til 18. des. 1970 og frá 25. jan. til 7. apríl 1971, alls 143 daga.

Þingfundir hafa verið haldnir sem hér segir:

Í neðri deild	91
Í efri deild	97
Í sameinuðu þingi	45
Alls	233

Þingmál og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

1. Stjórnarfrumvörp:		
a. Lögð fyrir neðri deild	25	
b. Lögð fyrir efri deild	53	
c. Lögð fyrir sameinað þing	1	
		79
2. Þingmannafrumvörp:		
a. Borin fram í neðri deild	72	
b. Borin fram í efri deild	33	
	105	
		184

Úrslit lagafrumvarpa urðu þessi:

a. Afgreidd sem lög:		
Stjórnarfrumvörp	61	
Þingmannafrumvörp	16	
		77
b. Felld:		
Þingmannafrumvörp		2
c. Vísað til ríkisstjórnarinnar:		
Þingmannafrumvörpum		9
d. Ekki útrædd:		
Stjórnarfrumvörp	18	
Þingmannafrumvörp	78	
		96
		184

II. Þingsályktunartillögur:

a. Bornar fram í sameinuðu þingi		95
b. Bornar fram í neðri deild		10
c. Bornar fram í efri deild		3
		108
Þar af:		
a. Ályktanir Alþingis		29
b. Ályktun efri deildar		1
c. Ályktanir neðri deildar		2
d. Afgreidd með rökst. dagskrá í Sþ.		1
e. Vísað til ríkisstj. í Nd.		1
f. Ekki útræddar:		
Í sameinuðu þingi	65	
Í neðri deild	7	
Í efri deild	2	
	74	
		108

III. Fyrirspurnir:

Allar bornar fram í sameinuðu þingi, 76, en sumar eru fleiri saman á þingskjali, svo að málatala þeirra er ekki nema	17
Allar voru þessar fyrirspurnir ræddar nema 5.	
Mál til meðferðar í þinginu alls	309
Tala prentaðra þingskjala	901

Síðan mælti

forseti (BF): Þetta yfirlit sýnir, að samanborið við þingið 1969—1970 er þinghaldið 15 dögum skemmra nú en þá. Fundir eru nokkru færri, og munar þar 9 fundum. Málafjöldi er allmiklu meiri eða 309 mál nú á móti 237 málum á síðasta þingi. Munar þar 72 málum. Tekizt hefur að afgreiða nokkru fleiri lög, þáltill. og fsp. á þessu þingi en gert var á þinginu 1969—1970. Er af þessu ljóst, að þingið hefur verið athafnasamt, og er það að þakka góðri samvinnu allra þingflokka, að unnt er að ljúka störfum þingsins í dag. Þá samvinnu vil ég þakka fyrir mitt leyti.

Varðandi einstök mál hefur að venju ríkt verulegur skoðanamunur. Þrátt fyrir þann ágreining veit ég, að allir hv. alþm. eru mér sammála um að óska þess, að þau störf, sem Alþingi hefur nú af hendi leyst, megi í hvívetna verða þjóðinni og Íslandi til heilla og farsældar.

Við lok þessa kjörtímabils er þess að minnast, að fjórir þm., sem hér áttu sæti í upphafi þess, hafa horfið úr hópi þm. Eru það þessir:

Bjarni Benediktsson forsætisráðherra, 1. þm. Reykv., sem lézt 10. júlí s. l. Sæti hans tók Geir Hallgrímsson borgarstjóri.

Pétur Benediktsson bankastjóri, 4. þm. Reykn., sem lézt 29. júní 1969. Sæti hans tók Axel Jónsson fulltrúi.

Skúli Guðmundsson, fyrrv. kaupfélagsstjóri og ráðherra, 1. þm. Norðurl. v., sem andaðist 5. október 1969. Sæti hans tók Jón Kjartansson forstjóri.

Sigurður Bjarnason, 2. þm. Vestf., sem tók við stöðu sendiherra í Danmörku á s. l. ári og afsalaði sér þingmennsku þann 28. febrúar 1970. Sæti hans tók Ásberg Sigurðsson borgarfógeti.

Hefur þannig komið maður manns í stað, en mikil eftirsjá var að þeim fjórum mönnum, sem ég nefndi, úr hópi alþm.

Nú standa kosningar fyrir dyrum og að þeim afstöðnum munu einnig verða veruleg mannaskipti

á þinginu. Meðal þeirra, sem þá hverfa héðan, eru margir þjóðkunnir menn, sem um lengri eða skemmri tíma hafa haft forustu í stjórnmálabaráttunni og á fleiri sviðum þjóðlífsins. Sumir þeirra hafa um langt árabil sett sterkan svip á störf Alþingis, og verður þeirra ávallt minnzt sem merkra manna og mikilhæfra. Veit ég, að ég mæli fyrir munn allra, sem enn hyggjast halda áfram þingmennsku, er ég óska hinum, sem nú draga sig í hlé, alls góðs í framtíðinni og votta þeim þakkir fyrir samveruna og samstarf hér á Alþingi.

Síðustu vikurnar hefur verið mikið annríki í þinginu eins og oft vill verða í þinglok. Leyfi ég mér fyrir hönd þingforsetanna að endurtaka þakkir til hv. alþm. fyrir hið ágæta samstarf, sem hefur leitt til þess, að unnt er að ljúka þinginu í dag. Einnig þakka ég hæstv. ríkisstj. og öllum hv. alþm. ágætt samstarf í hvívetna á þingtímanum og kjörtímabilinu. Ég þakka það traust, sem mér var sýnt með því að trúa mér fyrir forsetastörfum. Einnig þakka ég þingheimi fyrir það umburðarlyndi og hjálpsemi, sem ég hef orðið aðnjótandi við störf mín í þessu sæti. Sérstakar þakkir færi ég varaforsetum, sem jafnan hafa fúslega veitt mér hina ágætustu aðstoð. Ég þakka skrifurum þingsins eljusemi og kostgæfni í störfum, og skrifstofustjóra og öllu starfsfólki Alþingis þakka ég fyrir mikið og gott starf og ánægjulega samvinnu. Öllum hv. þm. óska ég góðrar heimferðar og heimkomu. Megi þeim og fjölskyldum þeirra vel farnast. Skrifstofustjóra og starfsfólki Alþingis færi ég sömu óskir. Fyrir hönd Alþingis óska ég öllum Íslendingum heilla og farsældar og vona, að komandi sumar verði þjóðinni gleðilegt og hagstætt.

Ólafur Jóhannesson: Ég vil í nafni okkar þm. flytja forseta þakkir fyrir hlý orð og árnaðaróskir í okkar garð. Ég vil nú í þinglokin þakka hæstv. forseta fyrir góða og réttláta fundarstjórn á þessu þingi, sem nú er að ljúka. Og ég vil reyndar þakka honum fyrir fundarstjórn á því kjörtímabili, sem nú er að ljúka, og fyrir gott samstarf við okkur alþm.

Ég vil óska honum og fjölskyldu hans alls góðs á sumri komanda og í framtíðinni. Ég veit, að ég hef mælt þessi orð fyrir munn allra þm. og ég vil biðja hv. alþm. að staðfesta þau með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (BF): Ég þakka hv. 1. þm. Norðurl. v. fyrir hlý orð og vinsamleg í minn garð og minnar fjölskyldu og ég þakka hv. alþm. öllum fyrir undirtektir þeirra.

Ég endurtek óskir mínar til þingheims um gæfu og gengi á komandi sumri og um alla framtíð.

Forseti Íslands (Kristján Eldjárn): Ég hef í dag gefið út svofellt forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Alþingi, 91. löggjafarþing, hefur lokið störfum. Mun ég því slíta Alþingi í dag, miðvikudaginn 7. apríl 1971.

Gert í Reykjavík, 7. apríl 1971.

Kristján Eldjárn.

Jóhann Hafstein.

Forsetabréf um þinglausir."

Samkv. þessu bréfi, sem ég hef nú lesið, lýsi ég yfir því, að þessu þingi, sem nú hefur lokið störfum, er slitið.

Ég þakka alþm. störf þeirra og óska þeim velfarnaðar. Þjóðinni allri óska ég heilla og blessunar og bið þm. að minnast fósturjarðarinnar, Íslands, með því að rísa úr sætum.

Þingheimur stóð upp og **forsrh., Jóhann Hafstein,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi." Tók þingheimur undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.